

Jaðarkvennasaga

Förukonur og einsetukonur á Íslandi



Dalrún J. Eygerðardóttir

Höfundur hlaut styrk úr Samfélagssjóði Landsbankans til útgáfu bókarinnar. Sá styrkur rann að hluta til Konukots, neyðarathvarfs fyrir heimilislausar konur. Tilgangurinn með því að gefa þessa bók út í opnum rafrænum aðgangi er að tryggja að saga umræddra jaðarkvenna bændasamfélagsins sé aðgengileg öllum.

Jaðarkvennasaga
Förúkonur og einsetukonur á Íslandi

Texti © Dalrún J. Eygerðardóttir 2020

Hönnun bókarkápu: Eygerður Guðbrandsdóttir

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Bókin er gefin út af höfundi.
Mosfellsdalur, júní 2020.
ISBN 978-9935-24-731-5

dalrun.net

Um höfund bókarinnar.

Dalrún J. Eygerðardóttir er femínískur sagnfræðingur. Dalrún lauk MA-prófi í sagnfræði vorið 2017. Því til viðbótar er hún með BA-gráður bæði í kvikmyndafræði og sagnfræði. Dalrún stundar nú doktorsnám í sagnfræði við Háskóla Íslands þar sem hún rannsakar sögu ráðskvenna í sveit.



Þakkir fær faðir minn Jóhannes Sturlaugsson, fyrir góða aðstoð og yfirlestur.

Þakkir fær Marínó minn Guðmundsson fyrir yfirlestur.

Þakkir fær móðir mín Eygerður Guðbrandsdóttir, fyrir hönnun bókarkápunnar.

Bókin er tileinkuð konum Konukots.

Upphafsorð	1
Heimildir	3
Staða þekkingar	4

Förukonur

Fágætir fuglar; síðustu förukonurnar	7
Vigdís Ingvadóttir	10
Kristín Petrína Jónsdóttir	35
Jófríður Þorkeldsdóttir	53
Margrét Sigurðardóttir	74
Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir	92
Þjóðhildur Þorvarðardóttir	107
Margrét Gísladóttir	127
Lífssögusérkenni förukvenna á Íslandi	140
Rót kvennaflakks	144
Ófrjálsir fuglar; kvenheimur förukvenna	155
<i>Flakkandi fyrrum vinnukonur</i>	156
<i>Menntun og menntunarleysi förukvenna</i>	161
Erindrekar munnlegrar hefðar	166
Réttindabaráttan förukvenna í þágu dýra	176
Einkenni förukvennasagna	
Megin sjónarhorn förukvennasagna	188
Heimsóknarsögur af förukonum	191
Ímyndir förukvenna	200
Hulduförukonan	202
Úrhraxskonan og kynbundið ofbeldi	205
<i>Fantasiubletti fyrir jaðarkonum</i>	214
Förumóðir/ómóðir	220
<i>Göfuga förumóðirin</i>	222
<i>Ógöfuga förumóðirin</i>	226
<i>Synir förukvenna</i>	229
<i>Óbyrjan</i>	231
Sjálfsmynd förukvenna	233
Vistarverur förukvenna; á jaðri tveggja heima	241

Einsetukonur

Sjaldgæfir fuglar; einsetukonur á fyrri hluta 20. aldar	244
Ingunn Sveinsdóttir	246
Guðlaug Runólfsdóttir	277
Lífssögusérkenni einsetukvenna	296
Fuglar í hreiðri; einsetulíf kvenna	297
Einsetukonur sem lifðu bænalífi	298
Einsetukonur sem ástunduðu sjálfsþurftarbúskap og tómthúslíf	304
Einsetukonur sem fóru mjög sjaldan úr húsi	309
Einsetukvennasagnahefð	320
Sögusvið einsetukvenna	328
Við þorpsjaðarinn	330
Ímyndir einsetukvenna	336
Einsetudýrlingur	337
Karlgerviskona	341
<i>Hvers vegna einsetukonur klæddust karlmannsklæðum</i>	345
<i>Af karlgerviskonum er bjuggu með börnum sínum</i>	347
Vífatjáning; tjáningarvegir jaðarkvenna	352
Viðtalstjáning kvenna í viðtölum um föru- og einsetukonur	370
Tíbrá tíma og rýmis; endalok einsetukvenna og förukvenna	376
Jaðarkonur samtímans	377
Lokaorð	389
Heimildaskrá	391

Upphafsorð

Hvernig líður þeim, sem vaknar af værum blundi og sér ekkert umhverfis sig annað en eld og reyk. Hvernig líður þeim, sem gengur í náttmyrkri öruggur um rétta leið, en fellur andvaralaus fram af björgum ósýndur í ískaldan sjó. Ég veit það ekki, en ég hygg að mér hafi liðið líkt, þegar ég áttaði mig á orðum unnusta míns. Maðurinn sem ég elskaði og dáði, ætlaði að kvænast annarri konu vegna auðsins, og ég – ég átti að vera hjákona hans. Ég sem var alin upp í trú á heiðarleika og réttlæti, átti að verða auðvirðileg hóra. Ég stóð upp og mælti ekki orð. Ég var andlega stirðnuð. Ég grét ekki, ég gat það ekki. Aðeins ein hugsun komst að. Ég varð að fara frá öllu því sem ég ætlaði að lifa fyrir. Ég tók saman fötin mín, setti þau í poka og lagði af stað eitthvað í átt til æskustöðva minna. Hvenær ég komst í þessa sveit, man ég ekki.

Orð þessi lét *förukonan* Jófríður Þorkeldsdóttir (1865-1953) falla einn mildan sumardag. Hún sat á þúfu og mælti lífssögu sína. Í bakgrunni stóð bærinn sem hún stefndi að. Andspænis henni sat stúlka, sem lagði við hlustir.

Ég hef oft átt góðu að mæta hjá foreldrum þínum, og þú gast látið það ógert að fylgja mér þessa leið orðalaust og það á afmælisdaginn þinn. Gaman hefði mér þótt að gefa þér einhverja afmælisgjöf, en ég get sagt eins og postulinn: Gull og silfur á ég ekki, en ég á annað, sem er ef til vill æðra gulli og silfri, ég á lífsreynslu.

Orð Jófríðar varðveitti stúlkan í minni sér. Hlúði að þeim sem lifandi væru, uns dag einn, mörgum áratugum síðar, að hún ritaði þau niður á blað, og þau birtust í bók hennar *Öll erum við menn*.¹ Ritun útgáfa af orðum Jófríðar fann sér síðan farveg inn í líf mitt, lesandans. Og orð sem hljómuðu sumarið forðum urðu uppspretta þessarar bókar minnar. Bókar sem leitast við að nálgast reynsluheim einlegðarkvenna sem voru á jaðri bændasamfélagsins vegna lífshátta sinna; reynsluheim förukvenna og einsetukvenna.²

Allt frá upphafi Íslandsbyggðar og fram eftir 20. öld voru til konur sem flökkuðu á milli bæja og konur sem lifðu í einsetu. Þessir einlegðar lífshættir kvennanna voru frávik frá almennu líferni sem fróðlegt er að skoða, sem og orsakatengslin er liggja að baki lífsháttum þeirra. Hvað er það sem fékk konur til að hefja flakk, hvað skýrir að konur lokuðu sig af frá öðru fólki með einsetulíferni - og hvernig var líf þeirra kvenna? Lífsmáti einlegðarkvennanna var mismunandi líkt og liggur í orðanna hljóðan; *förukona*; *einsetukona*. Frásagnir og lýsingar á þeim konum sýna þó skýrt og skorinort að lífsferlar þeirra höfðu forvitnilega sameiginlega snertifleti, öld fram af öld. Skörun í lífsháttum einsetukvenna og förukvenna er fyrst og fremst að finna í útleið/einlegð kvennanna frá samfélaginu, sem var ástunduð með flökkulífi eða með einsetulífi. Af öðru sammerktu hjá föru- og einsetukonum var sérstæður persónuleiki þeirra þar sem ýmislegt kom við sögu; andleg veikindi og/eða þroskafrávik voru stundum til staðar; útlit þeirra eða klæðaburður sem stakk í stúf; forneskjulegt fas; fátæklegt líferni; hjúskaparstaða; sérstæðar matarvenjur; stórir skapsmunir; sérlyndi; rík umhyggja fyrir dýrum; heit guðstrú; ásamt því að þær konur höfðu sérstöðu í kynjakerfi gamla bændasamfélagsins. Þessi sameiginlegu einkenni föru- og einsetukvenna sem og fjarlægðin sem skapaðist vegna samskiptalegrar einangrunar þeirra, gerði þær dulúðlegar og framandlegar í augum almennings. Framandleiki kvennanna kallaði síðan fram sterka tilhneigingu hjá almenningi til að tileinka þeim ýmis einkenni yfirnáttúrulegra kvenvera, svo sem framandlega eiginleika tröllskessa, huldukvenna, kvendýrlinga, norna og beinakerlinga. Birtingarmynd föru- og einsetukvenna í sögunni og í samtíma þeirra, byggir að miklu leyti á ásýnd þeirra en einnig sögunum sem af þeim fara. Lífssögulegar heimildir um föru- og einsetukonur koma fyrir

sjónir sem tregróf einlegðarkvenna. Saga föru- og einsetukvenna var tíðast sögð harmsaga, saga sem átti að skýra hví kona lifði í einsetu, hví kona flakkaði. Konunum var gjarnan lýst sem fögrum og efnilegum konum á fyrra æviskeiði sínu, er nutu hamingju og blómstruðu sem *konur*. En eftir að hafa mætt harmþrunginni kúvendingu lífs síns þá visnuðu þær og urðu að *kerlingum*; urðu að förukonum og einsetukonum. Sögur þessara kvenna hverfast iðulega um örfá augnablik í lífi þeirra, en persónusköpun kvennanna spannar mun lengri feril, sem er tíðast hulin saga.

Anna sál. var einsetukerling. Dó í nóvember 1910. Var hún vel viti borin og hagorð, einræn í skapi, trúkona mikil, ógift alla ævi. Sagt var að hún hefði orðið fyrir vonbrigðum í æsku, er sett munu hafa þennan einræningsblá á líf hennar líkt og Sæfinns vatnskarls.³

Helga hét ein förukona. Hún mun hafa verið ættuð einhvers staðar úr Fljótum, að minnsta kosti ráfaði hún um Fljótin og fór lítið víðar. Sagt var, að hún hefði verið manni heitin, en hann hefði brugðizt henni og hún þá orðið undarleg. Eftir það fór hún að flakka.⁴

Þrátt fyrir að tilvist förukvenna og einsetukvenna sé samofin sögu íslensku þjóðarinnar allt frá upphafi byggðar, þá hefur saga þeirra kvenna lítt verið rannsökuð. Lítið sem ekkert hefur verið fjallað um einsetukonur á Íslandi, að frátöldum einsetukonum sem lifðu bænalífi á þjóðveldisöldinni. Og mun minna hefur verið fjallað um förukonur þessa lands heldur en förumenn. Í þessari bók minni fer ég í gegnum ýmsa grunnþætti sem helst marka líf og umhverfi einlegðarkvennanna sem skrifað snúast um. Skrifin eru ekki fastbundin ákveðnu tímabili Íslandssögunnar, enda hefur saga förukvenna og einsetukvenna einkenni sem viðhaldast í kyrrstæðu bændasamfélagi Íslands í gegnum aldirnar. Ekki síst þær stöðluðu hugmyndir um föru- og einsetukonur sem mótuðu að stórum hluta veruleika kvennanna í aldirum. Það er því eðlilegt að sá hluti skrifanna sem tekur til almennra þátta er lúta að lífi föru- og einsetukvenna liðist eftir þeim tveimur farvegum lífshátta frá upphafi Íslandsbyggðar til okkar daga. Föru- og einsetukonur sem voru uppi á 19. og 20. öld eru í forgrunni bókarinnar, enda ítarlegustu tiltæku gögnin frá því tímabili; ekki síst sögur *síðustu* kvennanna sem tileinkuðu sér umrædda einlegðarlífsmáta í bændasamfélaginu. Bókin hvílir að miklu leyti á talsöguviðtölum (*e. oral history interviews*) sem ég tók við einstaklinga sem mundu eftir föru- og einsetukonum á 20. öldinni.

Heimildir

Hver einstaklingur í þeirri fjölmennu sveit manna og kvenna, sem flakkaði um landið þvert og endilangt til síðustu aldamóta, var eins og lítill heimur út af fyrir sig, ótæmandi rannsóknarefni fyrir þá, sem ekki gengu blindandi fram hjá þeim. Fáein andlit förumanna og kvenna sá ég og man allvel. Þau svífa mér fyrir innri augum skýrari og gleggri en flest önnur andlit, sem ég geymi í minni, vegna sérkenna þeirra, sem hvert og eitt þeirra bar svo glöggt með sér. Mér fannst alltaf eins og ævisaga hvers förumanns væri greypt í andlitið með sérkennilegu rúnalettri, sem tilheyrði þeim einum, rúnalettri, sem mér væri minnkun að geta ekki lesið. Það vakti alltaf gremju að sjá útlenda bók, sem ég gat ekki lesið og skildi ekkert í. Samt var eitthvað ögrandi við allar þær bækur, eitthvað, sem eggjaði mig til að blaða í þeim samt sem áður og lesa þær, jafnvel aftur og aftur, eða þangað til ég sigraði þær og gat komizt að efni þeirra. Líkt var mér farið gagnvart andlitum förufólksins. – Þau voru öll rúnum rist, feiknstöfum erfiðra örlaga, sem ögruðu athygli minni og vöktu upp í mér einhvern snefil af rannsóknarhneigð.⁵

Skrif sem hverfast um föru- og einsetukonur bændasamfélagsins, eru einskonar „fræðiskrif alþýðufólks“. Rithefð sem gaf almúganum svigrúm og leyfi til þess að greina viðfangsefni sitt; fólkið sem var skörinni eða skörunum lægra en það sjálf í samfélaginu. Ákveðnar hefðir mynduðust í skrifum um það fólk, ekki síst förufólk, svo sem áherslur og greiningaratriði er menn innleiddu í þau skrif sín vitna um. Þær hefðir setja sannarlega sitt mark á þessi skrif mín um jaðarkonur.

Heimildir eru fremur fáar til um líf einsetukvenna enda voru konurnar í litlu og jafnvel nálega engu samneyti við fólk, öfugt við förukonur sem föru víða og skildu eftir töluvert af sögnum um sína lífshætti. Þrátt fyrir að heimildir séu til í minna mæli um líf einsetukvenna en förukvenna, þá er engu að síður hægt að forma sögu einsetukvenna með hliðsjón af þeim gögnum. Af heimildum sem stuðst er við í bókinni um föru- og einsetukonur, eru helstar sagnir af þeim konum sem runnar eru frá endurminningaskrifum, sérstaklega á 19. og 20. öld. Af öðrum heimildaflokkum sem taka til lífshátta föru- og einsetukvenna, má sérstaklega nefna þjóðsögur, ævintýri, fornbókmenntir, ljóð og aðrar skáldaðar heimildir, auk tímaritsgreina, hljóðrita frá Árnastofnun og svara við spurningarskrám þjóðháttaeildar Þjóðminjasafnsins. En einnig má finna heimildir í dómsskjölum og lagagerðum, en þessar tvær síðastnefndu uppsprettur heimilda nýtti ég mér mjög lítið, enda aðrir sem hafa kafað vel í það hvað þar finnst um förufólk.

Bók mín grundvallast einnig á aðurnefndum munnlegum heimildum, sem ég aflaði sjálf. Ég tók talsöguviðtöl við 25 einstaklinga sem mundu eftir kynnum sínum við förukonur og einsetukonur; 14 konur og 11 karla.⁶ Elsti viðmælandi rannsóknarinnar var 104 ára gömul þegar viðtalið var tekið. Frásagnir viðmælendanna af konunum byggðu nánast undantekningarlaust á barnæskuminningum þeirra. Öll viðtölin voru hljóðrituð og kvikmynduð. Í þeirri gagnaöflun og tilheyrandi greiningu var stuðst við aðferðir munnlegrar sögu (*e. oral history*), skapaði ýmiskonar innsýn sem ekki hefði fengist með öðrum aðferðum. Í einfaldleik sínum þá byggir munnleg saga á heimildaöflun með viðtölum sem síðan eru greind. Aðferðafræði er heyrir undir munnlega sögu reyndist afar nýtsamleg í rannsókn minni á förukonum og einsetukonum Íslands. Enda þótt saga föru- og einsetukvenna spanni margar aldir, þá eru heimildir um líf þeirra kvenna fáar í samanburði við heimildir um karla sem flökkudu eða stunduðu einsetu. Með því að afla heimilda með viðtölum við fólk sem hafði kynni af síðustu föru- og einsetukonum Íslands þá náðist það markmið mitt að sækja nýjan fróðleik um þessi efni. Aðferðafræðin sem sú gagnaöflun grundvallaðist á skapaði jafnframt færi á að nálgast viðfangsefnið með nýjum hætti. Í rituðum heimildum, svo sem endurminningum og skáldskap, vill nefnilega svo til að gjarnan er verið að segja endurtekið frá sömu grunnþáttunum í þeim efnum er varða einlegðarkonur jaðarsins, í reynd öldum saman. Vissulega endurspegluðu munnlegar frásagnir fólks í viðtölum við mig samskonar frásagnarmáta og er að finna í umræddum rituðum

heimildum. En með spurningum var þó eftir því sem mögulegt var hægt að fá aðra sýn á líf föru- og einsetukvenna. Hér er við hæfi að ég þakki dr. Þorsteini Helgasyni fyrir að leiða mig inn á braut munnlegrar sögu á þeim tíma þegar ég vann að BA-ritgerð minni í sagnfræði um förukönur undir leiðsögn hans árið 2015.

Staða þekkingar

Það virðist vera orðin tízka hér á landi að skrifa um förumenn og „göngukönur“, þessa rótlausu kalkvisti í mannfélagsskóginum, sem áttu hvergi samastað, en gengu sífellt á milli góðbúanna, ánægðir með að „sofna alltaf næturgestir“ og hafa ekki annað fyrir lífinu, en að bera sig um.⁷

Í grunninn byggir þessi bók á femínískum sagnfræðilegum rannsóknum mínum á förukönnum á Íslandi. Fyrst má nefna BA-ritgerð mína í sagnfræði sem fjallaði um samfélagsleg viðhorf til förukvenna með hliðsjón af ævi förukönunnar Vigdísar Ingvadóttur (2015). Megin heimildir þeirrar ritgerðar eru viðtöl sem ég tók við einstaklinga sem mundu eftir förukönunni Vigdísar Ingvadóttur frá því að þau voru börn. Síðan má nefna heimildarmynd mína *Andstreymi* (2017) sem byggir á viðtölum sem ég tók við einstaklinga sem mundu eftir síðustu förukönnum Íslands. Myndina vann ég sem einstaklingsverkefni í sagnfræðinámi mínu, undir leiðsögn kvikmyndagerðarkönunnar Höllu Kristínar Einarsdóttur. Bók þessi hvílir einnig á stöðum fræðigreinar minnar „Drifting: Feminist oral history and the study of the last female drifters“ (ísl. Flakk: Femínísk munnleg saga og rannsókn á síðustu förukönnum Íslands), sem birtist í fræðitímaritinu *Feminist Research* sumarið 2018.⁸ Eitt megin markmið greinarinnar var að greina frásagnarhefðir förukvennasagna og ímyndir förukvenna út frá viðtalsfræðum, minningafræðum og íslenskum þjóðsögum. Í þeim tilgangi að nálgast reynsluheim förukvennanna, þá studdist ég þar fyrst og fremst við viðtöl mín við konur sem mundu eftir förukönnum úr hópi síðustu förukvenna landsins. Kvenkyns viðmælendurnir höfðu reynslu og þekkingu á þeirri kvennamenningu sem förukönurnar voru hluti af, menningu sem markaðist af tíðaranda og landsvæðum, menningu sem hafði bein áhrif á minni, svör, og sögutúlkun kvennanna á förukönusögunni.

Saga förufólks á Íslandi hefur lítið verið rannsökuð. Jafnvel þó svo að mikið hafi verið fjallað um þann hóp fólks, sem áður segir, til dæmis í alþýðuskrifum. Það var ekki fyrr en á öðrum áratug 21. aldar að það fer að bera á eiginlegum rannsóknum á förufólki. Hér ber sérstaklega að nefna einkum fróðlega og skemmtilega bók þjóðfræðingsins Jóns Jónssonar um förufólk á Íslandi, bókina *Á mörkum mennskunnar: Viðhorf til förufólks í sögnum og samfélagi* sem kom út árið 2018.⁹ Bókin *Á mörkum mennskunnar* gerir grein fyrir sögu förumennskunnar á Íslandi, með hliðsjón af lagabreytingum og samfélagslegum viðhorfum til förufólks, sérstaklega á 19. öldinni. Sá þekkingargrunnur sem Jón hefur tekið saman í bók sinni nýttist vel í umfjöllun minni um förukönur í þessari bók. Af öðrum ritum þar sem förukönur koma við sögu, má nefna áhugaverða bók Yngva Leifssonar sagnfræðings, *Með Álfum: Ævisaga Ingiríðar Eiríksdóttur frá Haga í Þingeyjarsýslu* (2015). Þar segir Yngvi frá merkilegu lífshlaupi förukönunnar Ingiríðar Eiríksdóttur. Saga Ingiríðar er faglega unnin og afbragðsvel skrifuð, svo úr verður frásögn sem lýsir vel lífshlaupi förukönu í lok átjándu aldar og í upphafi þeirrar nítjándu.¹⁰ Því næst ber að geta nytsamlegra skrifa Sigríðar Hjördisar Jörundsdóttur sagnfræðings og Halldóru Kristinsdóttur íslenskufraedings um utangarðsfólk í bændasamfélaginu, bókina *Utangarðs? Ferðalag til fortíðar* (2015). Umfjöllun þeirra gefur góða innsýn í líf einstaklinga sem voru utangarðs á grunni frásagna af slíkum einstaklingum sem höfundar setja fram í bókinni.

Saga einsetukvenna hefur lítið verið rannsökuð á Íslandi. Að undanskildum rannsóknum á sögu einsetukvenna sem helguðu sig alfarið bænalfi, en saga þeirra kvenna hefur verið rannsökuð töluvert af fræðimönnum. Anna Sigurðardóttir skrifaði um það efni í bók sinni *Allt hafði annan róm áður í þáfadóm* (1988). Ásdís

Egilsdóttir fjallaði um það efni í greinum sínum „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi“ sem birtist í *Konur og kristmenn: Þættir úr kristinsögu Íslands* (1996) og í „Skjaldmær drottins: Frásögnin af Hildi einsetukonu í Jóns sögu helga“ (2010). Af öðrum slíkum fræðiskrifum má nefna bók Guðrúnar P. Helgadóttur *Skáldkonur fyrri alda* (1995), bók Janusar Jónssonar *Um klaustrin á Íslandi* (1887), og verkefnið *Einsetulífnaður á Íslandi: Rannsókn á nafngreindum einstaklingum eða hópum sem sest hafa í trúarlega einsetu á Íslandi* (2014), eftir Hrafnhildi Helgu Halldórsdóttur.¹¹

Í þessari rannsókn minni á sögu föru- og einsetukvenna var ég undir miklum áhrifum af verkum bókmenntafræðingsins og brautryðjandans Helgu Kress, eins og tíðar tilvitnanir í verk hennar bera með sér.

Förukonur



Fágætir fuglar; síðustu förukonurnar

Það hafa verið til undarlegir menn og konur, sem fáir eða enginn reyndi til að skilja. Fólk þetta var einu nafni nefnt flakkarar, af því að það átti hvergi heima, og var algerlega háð miskunn og gjafmildi meðbræðranna. Margt af fólki þessu var afbragðs gáfum gætt, minnugt, frótt og skáldmælt. Það fór ekki alfaravegin, en gekk sínar eigin krókabrautir, hugsaði og talaði á sinn hátt, klæddist fáránlegustu töttrum og varð því fyrir spotti og aðhlátri annara manna. Það var eins og í þessu fólki byggi bundin orka, sem berðist af öllu afli við að losna, eins og áttavilltur, vængbrotinn fugl, sem reynir að lyfta sér til flugs, en fellur jafnóðum til jarðar, vegna sára sinna.¹²

Þau orð skrifaði ljóðskáldið Ólína Andrésdóttir (1858-1935) um förufólk Íslands; áttavillta, vængbrotna, fugla á fróni. Förukonur, flökkukonur, umferðakonur, göngukonur beiningakonur og farandkonur eru heiti yfir konur sem voru í þeim hópi - heimilislausar konur sem flökkðu á milli sveitabæja og báðu sér húsaskjól og fæðis. Sá lífsmáti förukvenna var allar götur frá landnámi og fram eftir 20. öldinni skilgreindur sem flakk; ról; ráf; fótavist; auðnuleysisferðir; betliferðir; stefnulítið ferðalag; sníkjuferðir og farandbetl. Viðvera förukvenna á bæjum landsins flokkaðist hvorki undir heimsókn né matvinnungsvist, og konurnar voru hvorki gestir né hjú, þær voru flakkarar.¹³ Misjafnt var hvort förukonur flökkðu allt árið um kring eða einungis á vissum tímabilum ársins. Farandkonur sem flökkðu einungis hluta af árinu höfðu fasta búsetu og þaðan gerðu þær út á flakk sitt, einskonar hlutaflakkarar sem flökkðu með hliðsjón af árstíðunum, líkt og farfuglarnir.

Hún var venjulega þrjónandi hvort sem hún sat eða gekk um bæinn í þessu eirðarleysi sínu. En þegar hún var heima hjá sér vann hún úr ull sinni sem hún fékk af kindum sínum. Hún heyjaði fyrir þeim á sumrin. En er hún fór í þessar ferðir sínar í skammdeginu tóku þeir sem hún var til húsa hjá þær til hirðingar.¹⁴

Förukonur flökkðu oftast í eigin heimasveit og/eða í nágrennasveitum sínum, ólíkt förumönnunum sem ferðuðust oftast lengri vegalengdir.¹⁵ Telja má að mikilvæg ástæða þess að förukonur hafi að jafnaði flakkað um minni svæði en förumenn, hafi falist í því að þær vildu forðast að náttu óvarðar á ferðum sínum.¹⁶ Heimildir sýna einnig að förukonur upplifðu aukið öryggi í því að gista hjá fólki sem þær þekktu til á flakki sínu; konur sem gistu margar hverjar á sömu bæjunum, hjá sama fólkinu - ekki síst aldnar förukonur. Með því að takmarka flakkið við landsvæði sem var heppilega stórt, þá gátu konurnar viðhaldið slíkum tengslum við gestgjafana. Þær förukonur sem takmörkuðu flakk sitt við ákveðna bæi, sköpuðu sér heimili á þeim bæjum sem þær gistu á; einskonar farandheimili, sem voru eins misjöfn og heimilin voru mörg: „Fylgdi aftur fyrri háttum, / fór á sama rólið. / Flutt var burtu förukonubólið“.¹⁷ Í slíkum tilfellum, þá má segja að förukonurnar hafi að ákveðnu leyti verið hluti af heimilishaldi fólks - voru „konan sem kom og fór“, án þess þó að vera eiginlegur partur af heimilislífinu. Konan á jaðrinum.

En í upphafi skal endinn skoða.



Mér þykir ofboðslega vænt um Grétu og ég grét við kistuna hennar.¹⁸

Endalok förukvennasögunnar er sérkapítuli út af fyrir sig, sem markar upphaf þessarar bókar um einlegðarkonur bændasamfélagsins; kapítuli sem samanstendur af sögum sjö heimilisláusra kvenna sem þræddu krákustíga náttúrunnar á leið sinni á milli sveitabýla. Þeir stígar greru upp þegar kom fram yfir miðja 20. öldina og um leið lauk sögu íslenskra förukvenna, á sama sögusviði og hún hófst.

Hún flakkaði bara um sveitina. Komst út undan Eyjafjöll. Síðan fór hún það allengsta eftir að bílar komu. Þá fór hún út á Hvolsvöll.¹⁹

Minningar sem hafa varðveist um æviskeið síðustu förukvenna Íslands, gefa einstaka sýn á líf förukvenna. Saga síðustu förukvennanna hverfist um konur sem háðu baráttu við náttúruna og örlög sín á flakki sínu um sveitirnar, og á sama tíma upplifðu þær stærstu og hröðustu breytingar sem hafa átt sér stað í Íslandssögunni.²⁰ Förukonur sem urðu að víkja fyrir bílum, því nú gengu þær í alfaraleið. Förukonur sem þáðu far með bílum sem keyrðu hjá, sátu jafnvel í rútu - einskonar nútímafylgd á milli bæja. Konur sem voru farnar að gista í steinhúsum á ferðum sínum. Konur sem menn lögðu ekki aðeins á minnið, heldur ljósmynduðu einnig, líkt og til að skrásetja í myndformi síðustu konuna sem hafði til að bera svip liðinna alda. Konur sem sumar hverjar kynntust því að dvelja á opinberum stofnunum, og sumar enduðu ævi sína þar. En þrátt fyrir þessa nýju umgjörð, þá endurspeglar líf síðustu förukvennanna líf fyrri alda förukvenna, sem hafa í besta falli varðveist í strjálum minningabrotum á víðavangi sögunnar. Hér segir af síðustu konunum úr þessari fornu stétt kvenna, konunum sem eirðu hvergi.

Jón Sigurðsson: Ég gerði mér náttúrulega enga grein fyrir því þá, að hún væri síðasta förukonan.²¹

¹ Helga Halldórsdóttir frá Dagverðará (1903-1991) skrifaði kafla um Jófríði Þorkeldsdóttur í bók sinni *Öll erum við menn* sem gefin var út árið 1986.

² Ritinu er ekki ætlað að vera tæmandi upptalning á jaðarsettum kvennahópum á Íslandi, en er hinsvegar ætlað að gefa gagnlega sýn á þá tvo hópa kvenna sem hér eru til umræðu. Sem dæmi um þá jaðarsettu hópa kvenna sem ekki er fjallað um hér sérstaklega sem slíka, eru hópar kvenna sem eru jaðarsettir vegna fötlunar á geði og líkama, vegna þroskafrávika sinna eða kynhneigðar og í seinni tíð í vaxandi mæli konur sem gjalda fyrir þjóðernisuppruna sinn. Fyrirnefndar konur koma þó sannarlega við sögu hér, því nefnd sérkenni áttu gjarnan sinn þátt í því að þær konur sem hér eru til umfjöllunar tóku upp lífsmáta á jaðrinum eða voru dæmdar til þess að þreyja líf sitt á jaðri samfélagsins.

³ Benedikt Guðmundsson, „Anna Svanborg“, bls. 45. Ljóð um Önnu Svanborg, einsetukonu í Fljótum.

⁴ Elínborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar*, bls. 89.

⁵ Guðfinna Þorsteinsdóttir, *Völuskjóða*, bls. 34-35.

⁶ Tekin voru samtals 25 viðtöl við einstaklinga sem mundu eftir föru- og einsetukonum úr eigin lífi. Af þeim aðilum mundu 5 aðilar eftir bæði föru- og einsetukonum. Auk þess var tekið viðtal við Agnesi abbadóis í Karmelklausstrinu í Hafnarfirði vegna þessarar rannsóknar.

⁷ Guðfinna Þorsteinsdóttir, *Völuskjóða*, bls. 34.

⁸ Því til viðbótar má benda á grein mína vef. „Kvennaflakk og kvennatjáning“ sem birtist í *Hugrás, vefstímariti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands* 2018. Aukinheldur heimildarmyndina *Síðasta förukonan í Mýrdalnum* (2015) sem fjallar um förukonuna Vigdís Ingvadóttur. Kvikmyndina gerði ég sem einstaklingsverkefni í BA-námi mínu, undir leiðsögn Þorsteins Helgasonar.

⁹ Bókin *Á mörkum mennskunnar* byggir á fyrri rannsóknum Jóns. Sjá MA-ritgerðina *Förumenn í íslenska bændasamfélaginu*, og fræðigreinarinnar „Komdu aftur ef þú villist“: Förumenn og gestrisni í gamla sveitasamfélaginu“ og á greininni „Förumenn og leiklist undir lok 19. aldar“.

¹⁰ Af öðrum rannsóknum Yngva Leifssonar má nefna MA-ritgerð hans Flökkufólk: Líf og ferðir flökkufólks á Norðurlandi 1783-1816 (2011), sem gerir grein fyrir lífshlaupi níu förumanna og tveggja förukvenna út frá yfirheyrslugögnum sem finnast í dóma- og þingbókum.

¹¹ Af öðrum heimildum sem taka til einsetukvenna sem lifðu bænalífi, má nefna *Leitin að klaustrunum: Klausturhald á Íslandi í fimm aldir* eftir Steinunni Kristjánsdóttur. Einnig má nefna MA-ritgerð Meritxell Risco de la Torre, *The Emotional life of Guðrún Ósvífrsdóttir: Narrative development through emotions in Laxdæla saga* og grein Elsu E. Guðjónsson, „Með silfurbjarta nál. Um kirkjuleg útsaumsverk íslenskra kvenna í kaþólskum og lútherskum sið“.

¹² Ólína Andrésdóttir, „Áttavilltir fuglar“, bls. 246.

¹³ Þórður Tómasson, *Gestir og grónar götur*, bls. 58-59. Þórður skilgreinir þar sníkjunótt með hliðsjón af flakki.

¹⁴ ÞP 11203. Heimildarmaður: Ingunn Loftsdóttir f. 1866. Jökuldalur.

¹⁵ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 4. Ólafur Þorvaldsson, „Kristfjárjarðir-Sælubú“, bls. 4.

¹⁶ Sjá t.d. SÁM 90/209 EF. Um förukonu sem „lagði sig út undir barði“.

¹⁷ Hugrún, *Fuglar á flugi*, bls. 16.

¹⁸ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

¹⁹ Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.

²⁰ Á fyrstu áratugum 20. aldar hafði fækkað verulega í hópi förumanna. Stórstígar samfélagsbreytingar höfðu átt sér stað frá því að vistarbandið leið undir lok. Ný samfélagsgerð tók við með tilkomu þéttbýlis, og nýjir bjargræðisvegir mörkuðu um leið endalok hefðbundins kvennaflakks. Um fækkun í hópi förufólks, sjá: Sigurður Gylfi Magnússon, „Sögur af fátæku fólki“, bls. 143-145. Þar segir að lítið hafi verið um förufólk á fyrstu áratugum 20. aldar og vísar hann þar til skýrslu sem skrifuð var í tengslum við starfssemi millipinganeftarinnar árið 1902. Í umræddri skýrslu voru 17 förumenn nefndir. Skýrslan gefur mynd af þeirri fækkun sem hafði orðið í hópi förumanna enda þótt ljóst þætti að fjöldi þeirra hefði verið vantalinn. Sjá einnig: *Á mörkum mennskunnar*, bls. 221.

²¹ Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2017. Um förukonuna Vigdís Ingvadóttur.

Vigdís Ingvadóttir (1864-1957)
Vigga



Þáttur þessi um ævi Vigdísar Ingvadóttur, síðustu förukonu Mýrdalssveitarinnar, grundvallast á viðtölum sem ég tók við níu einstaklinga sem mundu eftir Vigdísi úr eigin barnæsku. Einnig er stuðst við tvær greinar sem ritaðar hafa verið um ævi Vigdísar: „Síðasta förukonan“ (1952) eftir Magnús J. Jóhannsson og greinina „Vigdís Ingvadóttir: Síðasta förukona í Mýrdal“ (1982) eftir Sigþór Sigurðsson. Auk þess er stuðst við ýmis skrif sagnaritarans Eyjólfis Guðmundssonar frá Hvoli, sem gefa innsýn í fjölskyldusögu Vigdísar í Mýrdalnum.

Viðmælendur mínir voru þau Guðrún Möller frá Sólheimakoti; Sigþór Sigurðsson og Sólveig Guðmundsdóttir á Litla-Hvammi; hjónin Eyrún Sæmundsdóttir og Einar Þorsteinsson í Sólheimahjáleigu; Eyjólfur Sigurjónsson í Eystri-Pétursey; Elínborg Kristjánsdóttir frá Hvoli; Sólveig Magnúsdóttir; Þórður Tómasson á Skógum; Sigrún Sesselja Bárðardóttir frá Hjörleifshöfða er starfaði í kaupfélaginu í Vík; Jón Sigurðsson sem var á sumrin á Hvoli.

Ómur af röddum úr fjarska barst inn í bæinn, í gegnum lifandi veggina; barst milli steinhleðslanna; barst um jarðveg og rætur torfsins - til hennar sem var bundin við rúmstólpa í baðstofunni. Til hennar sem hlustaði á mjóróma raddir bræðra sinna, á háar raddir systra sinna og móður, og á glymjandi rödd pápa; heyrði á raddirnar sem fossuðu um alla veggi bæjarins eins og vatnið - sem frosið klauf svörðinn.

Guðrún Möller: Hún var kannski skilin eftir þegar hún var smábarn, heilu dagana, meðan fólkið var við heyskap. Sumir sögðu að hún hefði verið bundin við rúmstólpa. Ætli það væri ekki nóg til þess að gera geðröskun hjá barni. ¹

Vigdís Ingvadóttir fæddist 6. nóvember árið 1864 á bænum Norður-Hvammi í Mýrdal. Hún var dóttir Ingveldar Jónsdóttur (1826-1888) húsfreyju, og Ingva Runólfssonar (1831-1911) bónda.² Vigdís fæddist í koti foreldra sinna, varð hluti af einkalífi þeirra kotbænda. Líf flestra Íslendinga á fyrri öldum var líkt og líf biðukollunnar. Fíflarnir sem enginn fléttaði í sveig ritaðra heimilda, fíflarnir er fuku á brott úr sögunni. Líf annarra voru útvalin, þau mótuðu Íslandssöguna samkvæmt því vali sem oftast byggði á kynferði, stéttarstöðu, en var stundum háð tilviljun einni. Heimildir um móður Vigdísar, Ingveldi, eru rýrar; líf *hennar* náði ekki að söguborðinu. En faðir hennar Ingvi var *sonur* hreppstjóra, sonur hins umdeilda og ágangssama Runólfs Sigurðssonar í Mýrdal, sem talinn var áhrifaskáld.³ Töluvert er til af heimildum um Runólf, ekki síst vegna stöðu hans í samfélaginu. Má sérstaklega nefna bókina *Merkir Mýrdælingar* eftir fyrrnefndan Eyjólf frá Hvoli. Lítið er fjallað um Ingva í þeim skrifum, en hins vegar gefa þau til kynna að hann hafi átt erfitt uppvaxtar og verið mismunað á heimilinu af Runólfi föður sínum.

Þá lét hann Ingva son sinn oftast hlaupa með sér til snúninganna og lét hestinn fara skjökt, þar sem hægt var. Spurðu menn, hvort drengurinn mæddist ekki að hlaupa við fót, en Runólfur svaraði stutt: „Mátulegur er sauður til að hlaupa“.⁴

Í skrifum Eyjólf er líkast sem að faðir Ingva, hann Runólfur, hafi búið yfir tveimur hliðum sem faðir. Önnur hliðin sýnir föðurinn Runólf sem tregaði tvo syni sem hann missti og samdi til þeirra saknaðarljóð.⁵ Hlið sem sýnir föður sem samdi fagurt ljóð til dóttur sinnar: „Velkomin í veröld, litla dóttir“.⁶ Hin hliðin sýnir föður sem sýndi syni sínum Ingva lítilsvirðingu, og gekkst ekki við börnum sem hann eignaðist utan hjónabands „og féll sá orðrómur á hann, að hann væri furðu ókærinn til fjár og kvenna“.⁷ Uppeldið mótaði drenginn Ingva og hann fetaði síðar í fótspor föður síns Runólfs þegar kom að sjálfu föðurhlutverkinu, og þar með viðhélst ættarfylgjan: „Séra Sigurður var talinn vinnuharður og óhlífinn, og eru allar líkur til, að Runólfur sonur hans hafi fengið á því að kenna“.⁸ Ingvi var faðir löstum hlaðinn og þá sérstaklega í garð Vigdísar, sem umfram systkini sín ólst upp við slæm kjör frá hendi eigin föður.

Guðrún Möller: Það var umtalað í sveitinni, að hún hefði átt voðalega erfiða barnæsku. Verið illa farið með hana. Hún talaði aldrei um hana.⁹

Ingveldur og Ingvi voru alla sína nútíð bláfátækt bændafólk. Ætterni Ingva var ekki í askana látið.¹⁰ Hann var sagður vera litlum gáfum gæddur, stór vexti, sterkur mjög, en fremur illa vaxinn sökum gigtar sem hrjáði hann líkt og föður hans.¹¹ Án þess að um það verði fullyrt hér, þá gefa heimildir til kynna að Ingvi hafi verið þroskaskertur. Eyjólfur Guðmundsson sagnaritari lýsti fátæktinni í Mýrdalnum á þeim tíma svo: „Fjölskyldur fátækra voru kallaðar hyski. Vinnubrögðum var hátt að svo, að flestir þrælkuðu alla daga árs og urðu lúalegri strax á ungunum

aldri, undirlagðir lúagigt og kölduflogum... Eldhússvæla og baðstofukuldi lögðu marga húsmóður í rúmið, og kuldabólga, kláði og lús sótti á unglingana“.¹² Ingveldur og Ingvi eignuðust saman níu börn - en fjögur af þeim börnum létust í æsku sinni. Af þeim fimm börnum sem komust á legg var Vigdís fjórða í systkinaröðinni. Systkinin uxu úr grasi og urðu vinnumaður, vinnukona, bústýra, verkamaður og förukona.¹³ Fáum sögum fer af systkinum Vigdísar. Að undanskilinni frásögn Eyjólf frá Hvoli af kynnum sínum af bróður Vigdísar, hinum hagamæla Jóni, í bókinni *Langi man til lítilla stunda*. Þar segir frá því þegar Eyjólfur var lítill drengur á ferð með foreldrum sínum í Heiðardalnum, og kynnist þar unglingspiltinum Jóni, sem þar var vinnumaður. Jón tók hinn smáa Eyjólf út á bát að veiða í Heiðarvatni og sýndi honum hella þar sem risinn Loddi bjó, hollvættur Mýrdælinga. Lýsingin á Jóni gefur innsýn í karakter og bakgrunn hins dreymsna bróður Vigdísar, sem flúði erfið kjör á náðir náttúrunnar, líkt og Vigdís gerði síðar á flakki sínu: „Kvæði hans voru bljúg og full lotningar hins skapandi máttar guðs í náttúrunni. Þetta man ég, að hann kvað: Uni ég mér við afla stjá / út á vatnið flýtur gnoðin. / Hækka tekur hvolfi á / hvítasunnu morgunroðinn“.¹⁴

Jón Ingvason, vinnumaður Stórheiðarhjonanna, tók við hestum okkar og flutti þá með mér út fyrir bæjarlækinn. Oftast var hann nefndur Ingva-Jón, og það í hótfyndni, þar eð Ingvi var álitinn grannvitur. Og milli hagarðinga í Mýrdal fóru skætingsvísur, sem Jón Ingvason átti í ýmist sókn eða vörn. Hann var vel hagamæltur. Flestum ungum piltum var Jón Ingvason ólíkur í sjón. Hann var grannur í andliti með skalla, bleikur á hörundslit, með hvasst nef og þunnar varir. Augun voru djúpt sett og dreymandi, en augnabrýr ljósar og ávalar. Hann var sífellt kveðandi vísur úr Njólu eða eftir sjálfan sig. Hann var orðlagður veiðimaður. Fátæklega búinn unglundur lá hann á ísnum dag eftir dag, svo margan furðaði, að hann fraus ekki í hel. Ég varð strax fylgispakur þessum manni; þó hann væri eintrjáningslegur að sjá, fylgdi honum einhver áhrifamáttur, sem lét manni líða vel í návist hans... Á heimleiðinni sagði hann mér af tveim bræðrum, sem voru samtímis afa hans á Heiðarvatni og veiddu á lausajökum. Þeir drukkuðu báðir og fundust í faðmlögum, þar sem net þeirra lágu. Þegar Jón Ingvason hafði sýnt mér Lodda, settist hann í hellismunann og kvað við raust, svo bergmálaði í steinhvelfingunni. Nauðaljótt var berskallað höfuð hans, þar sem það bar við dagsbirtuna úti fyrir, og nefið líktist helzt steinnefinu á Háasetu í Péturseyjarhömrum. En samt fannst mér hann spekingulegur og hugnæmur og gott að vera vinur hans.¹⁵

Systkinin Vigdís og Jón ólust upp undir sama þaktorfinu, í sömu fátæktinni. Lýsing Eyjólf frá „nauðaljóta og berskallaða höfðinu hans Jóns“, gefur til kynna að Jón hafi verið með geitur og misst allt hárið - en slík voru einnig örlög Vigdísar, og er til marks um þá fátækt og vanrækslu sem einkenndi heimilishaldið í föðurhúsum þeirra. En þrátt fyrir erfið kjör systkinana, þá nutu þau ekki sama uppeldisins, því Vigdís „þurfti að þola slyddu og erfiði umfram systkini sín“, sem áður segir.¹⁶

Sigþór: Þetta var bara almennt talað; að hún hefði borið skarðan hlut. Það að bera skarðan hlut, það er náttúrulega að vera ekki til jafns við aðra sem eru í fjölskyldunni. Og sá sem er í slyddunni, hann er oft látinn vinna verstu verkin.¹⁷

Einar: Hún var afskaplega rúnum rist í útli. Hún hefur átt afskaplega erfiða æsku og uppeldi. Og til marks um það, þá var haft eftir föður hennar Ingva á Rofum, að ef það var einhver matur sem var ókræsilegur, þá sagði hann: „Tíkin át það ekki og Vigga át það ekki - hvað þá aðrir“. Það sýnir nú að hún hefur ekki fengið bestu bitana á ævinni. Hún var afskaplega rúnum rist. Ég hef aldrei séð svona andlit sem bar með sér þjáníngu og örbirgð, og erfiðleika lífsins.¹⁸



Tala Runólfsdóttir,
föðursystir Vigdísar

Árið 1879 flutti fjölskyldan frá Norður-Hvammi að bænum Stóru-Heiði í Mýrdal. Ingveldur og Ingvi höfðu búsforráð á Stóru-Heiði í tvö ár.¹⁹ Árið 1882 flytur síðan fjölskyldan að bænum Rofum í Mýrdal sem var; „lítið rýrðarkot, sem nú er fyrir löngu komið í eyði“.²⁰ Stofn búans var í heildina 20-30 kindur og 2 kýr.²¹ Heimili Vigdísar, hvort sem það var á Norður-Hvoli, Stóru-Heiði eða að Rofum, var *heimurinn* hennar. Heimur sem mótaðist af fjölskyldu hennar, vinnu og heimilisháttum, á flækingi þeirra á milli bæja. Margt er á huldu um æsku og uppeldi Vigdísar, líkt og í tilfelli margra förukvenna. Samt verður það að segjast að nokkuð af upplýsingum af uppvaxtarárum hennar hafa skilað sér áfram til sögunnar - sem eitt og sér er merkilegt: „Hún mun fljótt hafa verið einna minnst metin á heimilinu“.²² Ljóst er að örlög einstaklinga í sögunni, gátu ráðist af því, hvort að sagnaritari mætti þeim á förunum vegi og/eða bjó í sömu sveit. Ekki síst ef sá hinn sami lagði sig eftir því að skrá þætti er vörðuðu mannlega hegðun, líkt og sagnaritun Eyjólfis Guðmundssonar er dæmi um. Heimildir sem gáfu innsýn í barnæsku Vigdísar eru lýsingar sem varpa ljósi á heimilisorðstírinn, ekki síst grínsagnir sem taka til Ingva.



(Eyjólfur frá Hvoli) Skringilegar sögu komu á góma og hafðar eftir honum og þessum karli eða konu. Allt þetta léku þeir gárungarnir, og vegna þess barst samkvæmið út úr baðstofunni og niður í stofuna. Var þar sýnd eftirstæling húsvitjunar að Rofunum þegar presturinn húsvitjaði þar. Hjónin þar voru roskin og fátæklegt hjá þeim. Ingvi hét bóndinn og heldur einkennilegur í málrómi og látæði. Margir sögðu eftir honum mismæli og hjákátlegar sagnir, og allir stældu orðfar hans. Á Rofunum var fjósbaðstofa, og var enginn stigi upp á fjóspallinn, þar sem fólkið sat. Vanalega tyllti fólkið tánum í veggjarholur og hóf sig upp á pallstokkinn með handaflí. Þegar kýrnar lágu inni, var stigi á bakið kýrinnar, sem lá í innsta bás. Presturinn bograðist inn flórin, og þegar hann rekur höfðið upp úr fjóspallsopinum, hleypur tíkin, sem þar lá á hvolpum, urrandi að honum og glefsar hann í nefið. Presturinn sendi henni kaldar kveðjur, en gat ekki varizt, vegna þess að hann varð að njóta afsl beggja handa að komast upp í fjóspallinn. En þar uppi var lágt til rjáfurs, og mátti enginn ganga um baðstofuloftið uppréttur. Þegar Ingvi heyrir kveðjur þær, er presturinn sendir tókinni, bróltir hann upp að fleti sínu og bograst út að pallsopinum. En þá varð að klofa yfir skambbita, sem var nær miðs vegar, og réttir Ingvi sig yfir bitann og bar óðan á: „Ja, er þetta þá ekki défull – – blessaður, défuls blessuð tíkin að hlaupa og ætla að drepa fyrir mér greyið, – prestinn – af fjórum hvolpum. Hún ætti skilið, hann væri hengdur fyrir uppátækið. Já, meiri er það nú djöfuls ofsinn í þessum blessuðum hrækvikindum“ Heldur var finkulykt í fjósloftinu, og þoldi presturinn ekki að sitja þar lengi.

Ingva, föður Viggú, er lýst þannig að hann hafi verið með hæstu mönnum og karlmenni að burðum. Einhvern tímann eftir að fjölskyldan var sest að á Rofunum kom þar bóksali er var að selja einhver trúarrit. Var hann mjög ákafur að koma út sinni vöru en varð lítið ágengt því Ingvi þvertók fyrir að kaupa neitt af slíku og hafði stór orð þar um. Bóksalinn hypjaði sig fljótlega burt og hafði um orð er hann gekk úr hlaði að réttast væri að skera hausinn af öllu þessu hyski. Vigga var þá nærri og svaraði um leið: „Þú gerir ekki annað, sko, meðan þú tekur hnappinn af honum pápa“.²³

Telja má að lýsingar á erfiðri æsku Vigdísar hafi náð eyrum Mýrdælinga, ekki síst vegna þeirrar flökkulífsbrautar sem Vigdís átti svo síðar eftir að feta. En barnæska Vigdísar var af mörgum talin vera rót flakksins: „Hún mun hafa verið látin vinna óþrifalegustu verkin, sem til féllu á heimilinu, vera í fjósinu, bera vatn o.s.frv“.²⁴

Eyjólfur: Mér finnst ég hafi nú heyrt, að það hafi verið mjög erfitt, uppeldið - hennar barnæska.²⁵

Jón: Mér var sagt að hún hefði ekki alltaf haft það jafn gott, og að við krakkarnir ættum að skilja það. Vð ættum ekki að vera að setja okkur á háan hest við hana, því hún hefði sína sögu. Ég man vel eftir þessu. Okkur var sagt að við ættum að bera virðingu fyrir því. Þetta var sagt við okkur krakkana sem vorum þarna í sveit.²⁶

Sighór: Það var svo sem ekki yfir neinu að vera hjá henni heima, á sínu heimili, þó hún væri skrifuð þar. Það var ekkert óeðlilegt á þeim tíma þó hún legðist í flakk. Þetta fólk hafði oft á tíðum ekki nærri nóg að borða einu sinni. Það er ekki spurning. Neinei.²⁷



Jón Sigurðsson

Heimildir benda til þess að Vigdís hafi átti við einhverskonar þroskahömlun og/eða einhverfu að etja, án þess að um það verði fullyrt hér. En víst er að Vigdís var einkar berskjölduð á sinni ævigöngu, því hún stríddi við hömlun af einhverju tagi.

Jón: Í mörgum viðbrögðum var hún eins og stórt barn, í raun og veru. Ég vissi það ekki þá, ég hafði ekki vit á því þá, hvort hún væri þroskaheft eða einhverf eða eitthvað slíkt. Ég hafði ekkert vit á því og hafði ekkert um það að segja. En hún var hjálparvana, að sumu leyti. Það verður til einhverskonar mynstur, einhverskonar hegðunarmynstur, sem eru líka viðbrögð við athöfnum annarra. Ég man eftir því að hún kærði sig ekkert um það að ég eða einhverjir aðrir væru að rétta henni eitthvað, það varð að vera húsmóðirin eða Elín vinnukona. Hún var svo viðkvæm, gat verið hvumpin. Ég tók eftir því að húsbóndinn, sem var mikill ágætismaður, hann mátti ekki rétta henni neitt. Það var húsmóðirin sem gerði það, og þetta varð að fara eftir réttum hætti; þá kannaðist hún við það og breytti á móti samkvæmt einhvers konar mynstri sem hún hafði vanist á. Ég man eftir því að þær sögðu, Kristín húsfreyja og Elín: „Látið hana í friði krakkar, leyfið henni það sem hún vill. Hún er von þessu. Hún skilur þetta, hún skilur hitt, en hún áttar sig ekkert á því ef þið komið öðruvísi fram við hana“.²⁸

Framan af ævi afmarkaðist líf Vigdísar við hennar uppvaxtarheimili. Þegar Vigdís loks hleypti heimdraganum til þess að fara að starfa sem vinnukona í sveitinni, þá kom í ljós hvað uppeldi hennar og hvernig viðhorf föðurs hennar gagnvart henni hafði markað hana mjög: „Hún var eiginlega mótuð alveg, hún var svona alla tíð“.²⁹ Vitnisburðir um uppeldi Vigdísar eru t.d. neysluvenjur hennar; „þá settist hún stundum bara á gólf“.³⁰

Jón: Það kom aldrei til greina að hún fengist til að setjast til borðs með öðrum. Hún sat alltaf við lítið borð til hliðar. Og það var ómögulegt að fá hana til að þiggja mat, það varð að vera á eftir öðrum.

Eitthvað það besta sem hún fékk voru skófirnar úr pottunum. Þetta var einfaldlega það sem hún hafði vanist við sem barn eða unglingur þegar hún fékk ekki að vera með öðru fólki. Hún var mjög föst í þessu.³¹



Eystri-Pétursey, gamli bærinn þar sem Vigdís gisti á flakkinu

Fram eftir ævi sinni var Vigdís föst í hlutverki óæðri veru, bæði í eigin hugarheimi sem og í augum sumra sveitunga hennar: „Hélt svo þetta við eftir að hún var komin til vandalausra. Hún mun ekki hafa verið heppin með að komast í góða staði, eftir að hún fór frá foreldrum sínum“.³² Bæði útlit hennar og atferli vitnuðu um erfið kjör hennar; sérstætt útlit og óheflaður karakter. Gervi sem kallaði fram samúð og góðmennsku hjá sumum sem hlúðu að henni, og illkvitni og vonsku hjá öðrum sem hæddu hana og spottuðu.³³

Guðrún Möller: Einhvern veginn var maður á því að hún sæi eitthvað með fólki, suma þoldi hún ekki nálægt sér... Annað hvort var það afskiptalaust við hana, en flestallir hafi vitjað henni góðu.³⁴

Þóroddur: Þannig var það, hún var einn af smælingjunum í þjóðfélaginu. Það vildu henni allir vel og voru henni velviljaðir.³⁵

Vigdís hélst ekki lengi í sömu vist í senn, og fór að lokum að flakka. Á ferðum hennar sem förukona, vakti óvenjulegt útlit hennar og persónuleiki athygli, ekki síst smárra Mýrdælinga sem fylgdust með Vigdís á ferðum hennar - og *mundu hana*.

Elínborg: Hún var með staf. Hún gekk alltaf með staf - bara prik, langt prik.³⁶

Sigrún Sesselja: Ég fór náttúrulega svo lítið út með bæjum, en ég man samt eftir henni. En einhvern tímann var ég í bíl og þá var hún á gangi eftir veginum. Mig minnir að hún hafi verið með eitthvað á bakinu, og haldið á einhverjum poka. Hún var kannski ekki beint með herðakistil, en hún gekk svona dálítið álút hún Vigga. Frekar lágvaxin.³⁷

Eyjólfur: Ég man eftir því þegar hún sat við borðið og mamma gaf henni graut. Það helltist utan við mjólk. Þá hafði Vigga orð á því: „Andskotans göslagangur“. Hún beygði sig niður og hún saup allt af borðinu. Lét mjólkina ekki fara til spillis. Þetta er mér minnstætt.³⁸



Sigþór Sigurðsson

Sigþór: Jah manni fannst nú útlitið vera svona afskaplega sérstakt. Enda hafði hún lifað við afskaplega hörð kjör ábyggilega í uppvexti. Það mynduðust sögur um að hún hefði sennilega fengið geitur. Hún missti hárið, hún var sköllótt, sem var mjög óvenjulegt þá - að sjá kvenmann sköllóttan.³⁹

Elnborg: Hún var náttúrulega ekki eins og fólk var flest. Skilurðu. En hún var óskaplega orðhvöt, svaraði vel fyrir sig.⁴⁰

Sólveig: Ég veit ekki hvort hún sá orðið.

Sigþór: Ég held hún hafi ekki séð með öðru auganu. Hún gekk alltaf svona, gekk ekki beint áfram. Hún gekk alltaf svona.

Sólveig: Já á ská.⁴¹



Einar Þorsteinsson og Eyrún Sæmundsdóttir

Eyrún: Það hefur myndast skorpur í hársverðinum á henni.

Einar: Já ég hugsa það. Það voru óhreinindi þarna og hirðuleysi.

Eyrún: Ég hugsa - ætli Vigga hafi nokkurn tímann þvegið sér?

Einar: Ég veit það ekki. Ég er ekki viss um það. Enda var mjög vond lykt af henni.⁴²

Sigrún Sesselja: Okkur fannst hún voðalega dugleg að ganga. Það var nefnilega ekki svo mikið um það að fólk væri á ferðinni. Manni fannst þessi kona dugleg.⁴³

En flakk var ekki ávísun á frelsi, ekki síst þegar flakkað var um byggðir þar sem fortíðin fylgdi konu hvert fótmaál: „Og ég vissi aldrei til að hún færi austur yfir Mýrdalssand, heldur verið bara í Mýrdalnum“.⁴⁴

Jón: Ég hafði það á tilfinningunni að hún lægi úti á leiðinni á einhverjum stöðum. Auðvitað eftir veðri. Þetta fólk var búið að læra á einhvern óræðan hátt að taka illum veðrum. Við hristum okkur og skjálfum við tilhugsunina um það. Okkur hryllir við að þurfa að liggja einhvers staðar úti.⁴⁵

Heimur Vigdísar, sem eitt sinn var bundinn við æskuheimilið og vinnkonuvistir, tók á sig nýja mynd með flakkinu. Með flakkinu formaðist stærri heimur er bauð upp á lengri og skemmri bæjarleiðir; kot og stórbýli; húsmæður, bændur og vinnuhjú; andans stórmenni eða vitgranna menn; jökullinn og kaupstaðinn; heimur sem var Mýrdalurinn - allar götur síðan. Og í þeim heimi tók Vigdís á sig nýtt gervi í formi skrautlegs klæðnaðar. Því jafnvel þó svo að Vigdís bæri enn menjar uppeldisins á ferðum sínum, þá veitti flakkið henni frelsi til að tjá sig með klæðum sínum. Klæði sem þjónuðu fagurfræðilegum tilgangi í hennar augum, en einnig gátu þau lagt henni lið í að afla sér viðurværis á flakkinu.



Guðrún Möller: Hún var afskaplega skrautlega klædd. Hún saumaði allskonar tuskur utan á fötin sín. Setti gjarnan rauðan vasa á græna úlpu eða á kápudruslu sem hún var í. Og svona allt eftir því.⁴⁶



Guðrún Möller

Sólveig: Svo þessar pottlur sem hún var alltaf með. Þær voru með svona bótum líka. Hún hefur ábyggilega saumað þessar pottlur.

Sigþór: Já og manstu ekki, það voru oft perlur eða eitthvað í pottlunum.

Sólveig: Jájá. Perlur eða tölur, skrautlegar á litinn.⁴⁷

Jón: Ég man eftir því að hún var alltaf með húfu, sérstaka húfu, sem var eiginlega eins og ungbarnahúfa - því hún var með mjög rytjulegt hár.⁴⁸



Sigrún Sesselja

Sigrún Sesselja: Hún kom í kaupfélagið hún Vigdís. Hún var svolítið sérkennilega klædd, okkur fannst það. Hún gekk í svona prjónaklukkku. Hún gekk í henni, ekki næst sér, heldur var prjónaklukkan yst. Maður sá mest í hana, sem manni fannst að ætti ekki að sjást í. Svo kannski var hún í pilsu eða kjól og prjónaklukkan kom niður fyrir.⁴⁹

Elínborg: Það var saumað á hana heima. Það voru saumaðir á hana kjólar. Hún var í síðum kjólum; vítt pils, langar ermar, svo var hneppt að framan til þess að það yrði þægilegt fyrir hana að komast í þetta. Í hvert sinn sem hún fékk nýja flík þá fór hún aldrei í nýju flíkinni á bæina, á flakkið. Ekki fyrr en hún var búin að setja batur á hana.⁵⁰ Ég held þetta hafi verið klókindi í henni til þess að láta gefa sér eitthvað, líta illa út sem ræfill; vera illa til fara. Þetta var svolítið nasty. Hún var svolítið nasty í sér með það - að líta ekki vel út þegar hún fór að heiman. Þú veist. Já, ég held maður geti ekki lagt aðra meiningu í það en það. Hún passaði sig alltaf á að fara í einhverjar druslur.⁵¹

Sigrún Sesselja: Það var mikið talað um það að ef einhver væri sérkennilega klædd, þá væri hún svo Vigguleg. Það er kannski ljótt að segja þetta. Ég sagði stundum við stelpurnar mínar, ef þær voru að klæða sig í druslur, þá sagði ég: Oh þið eruð svo Viggulegar núna.⁵²

Eyjólfur: Ekki þori ég að segja hvað þau voru mörg pilsin. Ég man eftir að hún þurfti að pissa hér undir bakkanum einhvern tímann. Og þau voru mörg pilsin. Þetta var mér minnisstætt. Ég var þá á leiðinni á móti henni.⁵³



Vigdís er einskonar tákngervingur öskubusku sagnanna í íslenska bændasamfélaginu.⁵⁴ Stúlkubarn, kona, sem ólst upp við mikið harðræði á heimili sínu, þar sem henni var mismunað. Þegar hún loks yfirgefur föðurlandin og heldur út í heim sveitar sinnar, þá klæðist hún fatnaði sem aðskilur hana frá heimilisfólki sínu og öðrum í samfélaginu - líkt og glerskórinn í öskubusku ævintýrinu vitnar um. Og Vigdís rétt eins og kvenpersónan Öskubuska, var bundin við óþrifalegustu verkni á sínu heimili. Önnur þeirra kvenna átti þó eftir að verða prinsessa, en hin sat eftir í öskunni í skrautlegum búningi sínum. En forvitnilegt er að benda á það, að orðið *buska* þýðir meðal annars *lauslát flökkukona*.⁵⁵

Eyjólfur: Það var þannig að mamma sagði mér, einhvern tímann, ef ég man þetta rétt eftir henni; að þá hafði Vigga komið að Suður-Hvoli, en þeir bræður hennar mömmu voru búnir að kaupa ljósamótor til þess að hafa ljós. Það var púströr út úr húsinu þar sem mótorinn var inni, og náttúrulega hávaði í þessum mótor. Vigga var nú svolítið forvitin og hún fer að púströrinu og kíkir í rörið. Og fær þá náttúrulega allt frá mótornum, pústið, sótið, í augun, og fer náttúrulega að hágráta því hún fyllist af tárur. Segir svo þegar hún svona áttar sig: „Allan andskotann kaupa þeir“.⁵⁶



Eyjólfur Sigurjónsson



Hljóðfæraleikur Eyjólfss í gamla bænum, Eystri-Pétursey

Rétt eins og í tilviki kvenpersónunnar Öskubusku, þá átti Vigdís í samskiptum við efri stétt þjóðfélagsins. Vegir Vigdísar og fólks úr efri lögum samfélagsins lágu saman oftast en einu sinni á hennar löngu lífsgöngu. Lýsingar á fundum hástéttarfólks og förukvenna er ákveðið minni í frásögnum af þeim konum, s.s. í formi gamansagna af förukonum.⁵⁷ Einnig má finna slíkar sagnir í skálduðum heimildum, s.s. af fundum förukvenna og konungsfólks í ævintýrunum, sem svipar um margt til funda tröllkvenna við konungsfólk í ævintýrunum: „Það var einn dag, að förukona nokkur kom til hallarinnar. Hún var fróð mjög um marga hluti og kunni frá mörgu að segja. Henti kóngur mikið gaman að sögum hennar, og kom hún sér mjög í mjúkinn hjá honum“.⁵⁸

Guðrún Möller: Ég veit nú ekki hvernig hún var til yfirvalda. En einhvern tímann kom hún inn í rútu, og þá sá hún staf standa uppi við sæti - tekur hann svona og segir: „Ætli þetta sé stafur sýslumannsins?“ Og þá var hann snöggur að taka hann af henni. Ég veit ekki, það var sagt að það hefði verið svona háðsglott á henni. Og ég gæti vel trúað því.⁵⁹

(Þjóðsaga) Og því næst kemur upp á skipið ógurleg tröllkona og illúðleg. Drottningin varð hræddari en frá megi segja, en kemur ekki upp neinu orði né heldur gat hún hreyft sig úr stað til að vekja kóng eða skipverja. Tröllkonan gengur þá að drottningu og tekur af henni sveininn og setur hann á þilfarið; síðan tekur hún drottninguna og færir hana úr öllum skrúðklæðum hennar, svo hún stendur eftir í línklaðum einum.⁶⁰

Þórður: Hún var á rangli eftir þjóðbraut hér undir Eyjafjöllum og í Mýrdal. Hún heyrði mjög illa. Hún var kannski á miðjum vegi og bílar voru að flauta og hún heyrði ekki neitt. Einu sinni var Björn Bjarnason sýslumaður Rangæinga á ferð hérna undir Eyjafjöllum, og Pálmi Eyjólfsson sýsluskrifari, hann keyrði bílinn. Vigga var á miðjum vegi hér út við Drangshlíð og Pálmi flautaði og flautaði og Vigga heyrði ekki

neitt. Þá stoppaði Pálmi bílinn og fór á veginn og tók í handlegginn á Viggju og ætlaði að beina henni út af veginum. En þá snaraði Viggja sér upp í bílinn hjá sýslumanni, og þeir urðu að keyra hana þá einhvern spöl.⁶¹



Þórður Tómasson

Fyrir í bókinni er þess getið að förukonur áttu sjaldan í nánnum samböndum við annað fólk, og dvöldu sjaldan eða aldrei hjá ættmönnum sínum á flakkinu, líkt og líf Viggjár er til marks um. Viggja var einræn og átti að öllum líkindum enga sérstaka trúnaðarvini í sveitinni. Þó ber að geta þess að hún átti sínar kunningjakonur í sveitinni sem hún gat sett traust sitt á: „Það sem mér er minnstæðast af Viggju var að hún hélt mikið upp á mömmu.“⁶² Miklar líkur eru á því að samband Viggjár við kunningjakonur hennar, hafi grundvallast á góðvild og umhyggju kvennanna í garð Viggjár, fremur en um hafi verið að ræða venskap sem byggði öðru fremur á gagnkvæmum félagsskap.⁶³

Þórður: Eina besta vinkona hennar undir Eyjafjöllum var Ingibjörg Bjarnadóttir í Varmahlíð, mikil öndvegiskona. Tók öllum vel og gerði sér engan mannamun. Hún gaf jafnvel fólki fót af sjálfri sér.⁶⁴

Jón: Virðing er kannski dálítið upp á móti. En þetta var svona umhyggja, skilurðu. Það var viðhorfið til hennar, að hún þyrfti umhyggju, hún þyrfti þess konar viðmót.⁶⁵



Sólveig Guðmundsdóttir, höfundur og Sigbór Sigurðsson

Flakk Vigdísar á hennar efri árum má líkja við útsaum; þræðirnir og sporin voru ferðir Vigdísar, en sjálft mynstrið vitnaði um húsmæðurnar í sveitinni. Vigdís var einkar vanaföst, og vildi ætíð fara á sömu bæina og vitja sömu húsmæðrana: „Þetta voru tilteknir bæir og þetta voru tilteknar konur“.⁶⁶ Til að koma til móts við lifnaðarhætti Vigdísar, þá komu húsmæðurnar í sveitinni sér upp kerfi sem ætlað var að þjóna sem verndarskjöldur Vigdísar á ferðum hennar á milli bæjanna. Hring kvenna; „Ég tók því sem svo sem þar birtust varnarviðbrögð hennar til handa, að hún skyldi geta fengið að halda sig innan þessa kvennahrings, hóps sem hún kunní við“.⁶⁷

Jón: Síðan gerðist það alltaf snemma á hverju sumri, að þá hvarf hún. Þá allt í einu hvarf hún. Þegar það gerðist í fyrsta sinn, að hún var horfin, þá varð ég svolítið hræddur og fór að spyrja: „Hvar er Vigga? Þarf ekki að gera eitthvað í þessu?“. Þá var mér sagt: „Nei. Þetta gerir hún á hverju sumri, því hún vill halda sínum gömlu háttum“. Þá fór húsfreyjan í síma og hringdi á ákveðna bæi þar sem voru konur sem Vigga kunní við. Þær höfðu sem sagt símasamband; það var einhverskonar hringur sem hún fór um á ferð sinni um sveitina. Ég man eftir því að Kristín fór í símann og sagði eitthvað á þessa leið: „Nú er Vigga lögð af stað“. Þá vissi konan sem hringt var í - jájá, þá kemur hún hingað á þessum og þessum tíma. Þá var hún á þeim bæ í nokkra daga, hélt síðan áfram, síðan var hringt áfram. Eftir þrjár vikur þá var hún allt í einu komin aftur. Þetta mátti hún gera því þetta taldi hún sig þurfa að gera. En hún var þannig, að hún fór bara á ákveðna bæi þar sem hún þekkti húsmóðurina og kunní vel við húsmóðurina. Aðra bæi vildi hún ekki sjá. Þetta fékk hún að gera. Það var vakað yfir henni með þessum símhringingum. Ég vissi það að þær vissu alveg hvaða leið hún fór, ef eitthvað hafði komið fyrir hana. Þá vissu þær nákvæmlega hvar átti að ganga til að finna hana. En þó hún væri orðin þetta fullorðin þá gat hún þetta.⁶⁸

Vigdís gekk aldrei í hjónaband og eignaðist aldrei börn. Þó var talað um að hún hafi átt í sambandi við mann einn að nafni Guðfriður, sem var töluvert eldri og starfaði sem vinnumaður um tíma á bæ einum í Mýrdalnum. Hún var ung kona þegar sambandið átti sér stað, en hvort um var að ræða ástarsamband eða ofbeldissamband er ekki auðsvarað, þar sem heimildirnar stangast á. Í fyrsta lagi má geta skrifa Sigþórs Sigurðarsonar um Vigdís, þar sem segir að Guðfriður og Vigdís hafi átt í ástarsambandi: „Hún átti sínar unaðsstundir. Hún lenti í ástarævintýri meira að segja“.⁶⁹ Lítið er vitað um Guðfrið: „Svo fór hann bara í burtu. Þeirra samband var mjög náíð þegar þau voru saman á sama bænum“.⁷⁰ Í öðru lagi eru það lýsingar Vigdísar sjálfar af sambandinu, í formi kynlíflýsinga: „Hún talaði um að þau höfðu verið saman í moðbásnum, ef ég man rétt“.⁷¹ Og í þriðja lagi er það vitnisburður eins heimildarmanns rannsóknarinnar, er fullyrti um það að Guðfriður hefði nauðgað Vigdís - að það væri vitað. En samkvæmt fleiri heimildarmönnum þessarar rannsóknar, var það á vitorði margra sveitunga, að Vigdís hefði verið nauðgað.

Elínborg: Friði. Hún kallaði hann alltaf Friða. En hún lýsti þeirra samförum og svona, þú veist. Eitthvað í þá áttina. Þetta var alltaf ofarlega í henni; samband milli karls og konu. Það er eflaust mjög trúlega afleiðing af

Dalrún: Af misnotkun?

Elínborg: Já. Mér finnst það mjög sennilegt.⁷²



Elínborg Kristjánsdóttir

Fyrirliggjandi heimildir um bakgrunn Vigdísar benda sumar til þess að hún hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þær vísbendingar varpa sannarlega ljósi á óhefðbundna tjáningu Vigdísar í tengslum við nán samskipti á milli kynjanna, s.s. ítarlegar og opinskáar lýsingar hennar á kynlífi. Viðhorf sem vitna um hispursleysi hennar í tengslum við það efni - sem var vissulega á skjön við það sem þótti eðlilegt á þeim tíma: „Svo eru margir sem höfðu gaman af henni líka, en það var aðallega út af kláminu“.⁷³ Heimildir herma að Vigdís hafi verið klámfengin í orði: „Klæmin, hún var orðljót og klæmin líka“.⁷⁴ Og að sumir í sveitinni hafi verið að klæmast við hana.

Elínborg: Hún var leiðinleg við hana, og hún var það ansi oft. Mamma átti átta börn. Vigga var klæmin.
Dalrún: Því hún hefur séð tenginguna á milli óléttu og kynlífs?
Elínborg Kristjánsdóttir: Jájá, hún var óvitlaus þannig.

Guðrún: Það voru sumir kannski að klæmast eitthvað við hana og tala mikið niður til hennar.

Dalrún: Þú hefur séð það?

Guðrún: Já, ég var var við það. Eða vissi það. Það var umtalað, ég heyrði það ekki. Enda kannski hefði ég ekki skilið það einu sinni sem barn.⁷⁵

Sem ung kona varð Vigdís þunguð af barni. Vigdís missti fóstrið og talið er að það hafi haft djúpstæð áhrif á hennar sálarlíf. Sumir sögðu að fóstrið hefði þornað upp í kviðnum á henni og hún hefði borið það alla sína tíð: „Mamma talaði um að það hafi þornað upp, fóstrið í maganum á henni“.⁷⁶ Einnig var talað um það að barnið hennar Vigdísar hefði komið undir við nauðgun:⁷⁷ „Það var talað um þetta döldið mikið. Hún var dálítið sver“.⁷⁸

Eyrún: Mér var sagt að það hafi einhver hafi verið að nota sér hennar volæðisskap og hún orðið ófrísk og misst fóstur. Hún hefur breyst afskaplega mikið við það. En hvort að þetta er rétt það hef ég ekki hugmynd um. Mér var bara sagt þetta. Ömmubróðir minn sagði mér þetta, sem var á svipuðum aldri og hún.

Dalrún: Ég hef aldrei heyrt þetta.

Eyrún: Ég hef heldur ekki heyrt þetta nema frá þessum manni, sem þekkti hana alla tíð.⁷⁹

Elínborg: Þetta hefur alltaf verið. Þó þetta sé meira í hávegum haft í dag. Þetta var hlutur sem aldrei var talað um einu sinni, þó eitthvað kæmi fyrir. Þú getur ímyndað þér hvort að það hafi ekki verið áður fyrir líka.⁸⁰



Eyrún horfir í áttina að gamla bænum, Sólheimahjáleigu, þar sem Vigdís dvaldi á flakki sínu

Síðustu tuttugu ár ævi sinnar var Vigdís heimilisföst á Norður-Hvoli í Mýrdalnum, hjá hjónunum Kristínu Friðriksdóttur og Kristjáni Bjarnasyni og börnum þeirra: „Hún var frjál til að fara þegar hún vildi og koma þegar hún vildi. Hún var á afskaplega góðu heimili“.⁸¹ Norður-Hvolur var heimili Vigdísar - rými þar sem hún dvaldi, og þaðan sem hún hélt áfram að flakka um sveitina. Viðmælandi minn Elínborg Kristjánsdóttir var dóttir þeirra hjóna á Hvoli, og viðmælandi minn Jón Sigurðsson dvaldi þrjú sumur á Hvoli sem drengur. Fróðlegar eru lýsingar þeirra af viðdvöl Vigdísar á Hvoli; lýsingar á förukonu sem var hluti af heimilislífi þessa fólks.

Jón: Við vöndumst því að líta á hana sem hluta af heimilinu og bera virðingu fyrir henni og hennar stöðu, í þeim skilningi. Þó það væri frekar umhyggja heldur en það sem þú kallar virðingu - þegar þú horfir upp til einhvers. Það er viss munur á því, þó það komi eins út.⁸²

Elínborg: Hún raulaði. Jájá hún raulaði. Kunni dálítið af vísunum og svona. Hún raulaði. ⁸³

Jón: Hún var nú dálítið hvumpin og sérvitur. Það voru bara tvær konur sem sáu um hana - önnuðust hana. Það var húsfreyjan Kristín Friðriksdóttir og vinnukona sem var á bænum sem hét Elín Gottsveinsdóttir. Báðar alveg yndislegar manneskjur. Þær önnuðust hana mjög vel. Ég man að þær þurftu stundum að tala hana til ef hún þurfti að fara í bað, því hún var svolítið eins og barn. En auðvitað var hún komin um nírætt þegar þetta er.⁸⁴



Elínborg: Hún var náttúrulega alveg frjáls manneskja heima hjá mér. Hún hafði sitt herbergi og hafði það eins og hún vildi.

Dalrún: Hvernig var inn í herberginu hennar?

Elínborg: Það var nú ósköp lítið, ef ég man rétt. Það var rúm undir súð. Þetta var uppi á lofti, þar sem voru fleiri herbergi. Ég man svo lítið hvernig þetta var. Það var eitt sem hún gerði. Hún bjó til litlar bækur, klippti og saumaði saman, eins og að hefta saman. Hún hafði gaman að því að búa til, að dunda sér. Og hún hafði gaman að því að bæta fötin sín, án þess að þurfa að gera það. Hún var glisgjörn. Það gerði hún bara í sínu herbergi, að föndra. Hún var í friði þar.⁸⁵

Jón: Ég man að það var algert bann við því að vera að hrekkja eða snúa út úr fyrir henni, eða bregða fyrir hana einhverjum gildrum. Það var hugsað mjög vel um hana og þetta var myndar- og ágætisfólk, sem hugsaði vel um hana á allan hátt. Hún hafði sitt skot og sitt rúm, og fékk að hafa það alveg.⁸⁶



Förumaðurinn Árni í Múla sem fór um sveitina á sama tíma og Vigdís. Þau voru litlir vinir og Vigdís kallaði hann iðulega Lødda, eftir risa í Mýrdalnum. Á myndinni er Árni er með skóflu sem hann var gjarnan með við hendina - hans takmark var að moka í burtu Péturseyinni, svo hún stæði ekki í vegi sólargeislanna

Elínborg: Ég ólst upp við þetta. Þetta var allt í lagi. Eins og ég segi, ég veit ekki um til þess að nokkur hafi verið vondur við hana. Ég man aldrei eftir því að ég hafi verið reið við hana eða vildi gera henni neitt til miska. En hún var afskiptalaus við mann svona yfirleitt, en stundum átti hún það til að hreyta í mann og svolciðis. Hún náttúrulega var ekki eins og fólk var flest.⁸⁷

Dalrún: Var hún í miklu samneyti við ykkur í fjölskyldunni?

Elínborg: Jújújújú. Hún náttúrulega fékk sér mat og allt það. Og borðaði á sama tíma og aðrir. Ekki það að henni væri skammtað. Þetta var bara vaninn. Það var bara skammtað á disk eða skál.

Dalrún: Hvað meinar þú með því að þetta hafi verið vaninn?

Elínborg: Ég meina hún sat ekki til borðs með manni. Það efast ég um að hún hafi nokkurn tímann gert.

Dalrún: Hvers vegna?

Elínborg: Bara af því að hún hefur ekki kært sig um það.

Dalrún: Hvar sat hún á meðan hún borðaði?

Elínborg: Þá sat hún bara einhvers staðar þar sem henni hentaði.

Dalrún: Ef hún hefði viljað fá annan skammt af mat hefði hún þá mátt það?

Elínborg: Hún hefði fengið það. Það er ekki spursmál. Hún fékk alltaf nóg að borða.

Dalrún: Var hinum ekki skammtað, var bara henni skammtað?

Elínborg: Já, bara henni.

Dalrún: En ég skil ekki af hverju.

Elínborg: Þetta var bara sá tími, með þetta fólk sem var svona, því var skammtað. Og það hentaði því miklu betur á allan hátt. Það naut sín betur að borða. Þú hefur heyrt af óskunum - þetta hefur verið í líkingu við það. Þú veist, gamaldags.⁸⁸

Jón: „Ég þarf að fá að fara minn hring um sveitina og hitta konur sem ég kann vel við“, hefur Vigga einhvern veginn hugsað. Það var hluti af hennar frelsi, að fá að gera þetta. Hún var ekki bundin. Hún var ekki læst inni. Henni var fjálst að fara. Maður ber þetta saman við þroskahefta fram á minn tíma sem voru geymdir í kassa undir stiga. Ég hafði það svona á tilfinningunni, að það væri beinlínis mikið gert til þess að henni liði vel. Eftir því sem þessi lífsmynstur hennar leyfðu. Þessi rammi sem hún vildi hafa á sínu lífi.⁸⁹

Elínborg: Ég veit ekki hvort þú hefur heyrt það. Þegar hún var á flakkinu, það var um vetur þegar hún fór af stað, ég man vel eftir því, það var svo furðulegt - í kulda. Hún þurfti að fara yfir árfarveg, það var skal ég segja þér, svell í kring, bara rennsli á milli. Það var eins og maður kallar skör, og hún braut það með berum fótunum. Hún fór úr skónum og sokkunum, og braut klakann. Hann var náttúrulega ekki það stífur, hún braut hann niður með fótunum og svo óð hún yfir. Þetta er að ég held alveg einstakt.⁹⁰



Árið 2017 söfnuðu konur fyrir legsteini á leiði Vigdísar

Sem áður segir voru viðtölin sem stuðst var við í þessum sagnabætti um Vigdís Ingvadóttur, tekin við einstaklinga sem mundu eftir henni úr eigin barnæsku.⁹¹ En líkt og áður hefur komið fram þá eru flestar frásagnir af förukonum sóttar í barnæskuminningar heimildarmanna. Því er við hæfi, í lok þessa sagnabálks um Vigdís, Viggu, að miðla upplýsingum um samband hennar við þá heimildarmenn sem sköpuðu henni vettvang í sögunni; börnin í Mýrdalnum. Minningar af sambandi viðmælenda minna við förukonuna Vigdís, birtast hér í formi samfellds sagnaflaums.

Ég hitti hana nokkrum sinnum þegar ég var lítil, ég veit ekki hversu oft. Hún kom alltaf öðru hverju til Víkur. Það var venja hjá okkur krökkunum þegar við sáum hana, þá fóru allir heim til sín að sækja einhverja smáaura til að gefa henni. Hún gat verið svolítið svona tyrtuleg, það var eitthvað svona; „*fussumfuss*“. Við vorum öll hálf smeyk við hana, þannig að hún rétti fram hendina og maður setti peninginn í hendina á henni, og þá sagði hún held ég: „*Takk lúkan mín*“. Hún sagði alltaf það sama; „lúkan mín“.⁹² ----- Ég man eftir því þegar það var gott veður og sólskin og við vorum að leika okkur úti krakkarnir, og kannski við strákarnir orðnir berir að ofan. Þá kom Viggja stundum og horfði á okkur krakkanna og hló við, hálf sönglaði og hló við. Svo ef við settumst niður, þá kom hún stundum að okkur og potaði í magana á okkur og sagði: „Sko litla lífið, sko litla lífið“. Og hló síðan við, svona kjögurhló, kjögurhló. Hláturinn var eins og hálfgerð kjögur, en hún var óskaplega glöð þá.⁹³ ----- Hún var aldrei blíð fannst mér. Hún átti til að kasta til manns orðum, án þess að hún meinti eitthvað illt með því, það var ekkert svoleiðis. Þetta hefur bara verið vani hennar frá uppeldinu.⁹⁴ ----- Hún gat verið ansi snögg, og mislíkaði ef þannig bar undir. Maður var ekkert hræddur við hana sem krakki. En ég veit að börn voru hrædd við hana, af því að það var ekkert álitlegt að sjá hana, þannig. En ég held hún hafi ekkert verið slæm.⁹⁵ ----- Ég man aldrei sérstaklega eftir því að Viggja hafi verið eitthvað sérstaklega hlý við krakka þegar hún kom í skólann. Ég man mikið vel þegar hún var að koma í skólann til afa, afi var minn skólastjóri. Þá bara stóð hún svona við hliðin á kennararpúltinu og reri svona fram í gráðið, tautandi við sjálfa sig. Svo lyfti hún höndinni og blessaði barnahópinn þegar hún fór út.⁹⁶ --- -- Ég samt minnst þess ekki að hún hafi verið vond við mann. En ég veit ekki, maður var bara vanur henni og maður átti ekki að rekkja aumingja, þetta var bara stimplað inn í mann.⁹⁷ ----- Ég man bara eftir því að hún var ráfandi hér um. Gekk með kollótt prik. Það fylgdi henni stór loðinn móflekktottur hundur. Það er mín fyrsta minning af Viggju.⁹⁸ ----- Það sem mér hefur verið sagt, sem ég man ekki. Ég hef ekki verið nema tveggja eða þriggja ára. Viggja, hún var með hesputré. Það var einhvern tímann að hún var að setja í tréð, og ég tók einn teinin sem var stungið ofan í hesputréð. Og hún vildi fá hann. En ég hef víst verið eitthvað hrekkjóttur og ég fór að ýta teininum eitthvað að henni. Þegar hún ætlaði að taka hann þá kippti ég alltaf til baka. Það endaði víst þannig að það fauk í gömlu konuna og hún nær teininum. Það er það mikill krafturinn að hún sveiflar mér og yfir

rúmið, ég kom með hausinn yfir hinumegin. Ég var víst eitthvað hálf vankaður á eftir.⁹⁹ ----- Það voru engin hlýlegheit skilurðu, ég man ekki eftir því. Hún var afskiptalaus við mann svona yfirleitt en stundum átti hún til að hreyta í mann og svoleiðis, hún náttúrulega var ekki eins og fólk er flest.¹⁰⁰ ----- Við settum peninginn í lófann og svo hljóp maður bara í burtu. Þú veist, af því maður var eiginlega hálfhræddur við hana. Og krakkarnir sögðu að það þýddi ekkert að gefa henni pappírspeninga, því hún rífi þá bara. Henni fannst það ekki vera nein verðmæti.¹⁰¹ ----- Þetta fólk, því fannst seðlar einskis virði. Þetta var bara blað, bara pappír.¹⁰² ----- Hún átti ekki mikið samtöl við okkur krakkana. Ég held að það hafi verið afskaplega slitrótt, hafi það verið eitthvað.¹⁰³ ----- Okkur var sagt krökkunum að láta hana í friði. Að vera ekki að atast í henni eða neitt slíkt. Við vorum þarna hópur af krökkum og það hefði svo auðveldlega getað orðið eitthvað þess háttar. En það kom ekki til greina.¹⁰⁴ ----- Ég man eftir Viggum sem ungur drengur. Mér er minnisstætt þegar Vigga kom labbandi frá Hvoli, þá kom hún hérna frá brúnni og stefndi hingað beint heim, og ég labbaði stundum á móti henni. Hundunum var mjög illa við hana og henni illa við þá. Þeim samdi svo illa.¹⁰⁵ ----- Þú verður að gera þér grein fyrir því að maður elst upp við þetta. Hún var bara svona. Hún var bara ein af þeim sem bjó á heimili mínu, þar sem allir voru ólíkir. Ég held að börn sem alast upp við svona, þau eru ekki svo kritísk á þetta. Þetta var bara svona. Hún var svona. Hún gat ekkert að því gert. Við vorum náttúrulega í snertingu við hana, þannig séð. Þó hún var mikið í burtu þá var hún mikið inn á heimilinu, hún átti heima þarna.¹⁰⁶ ----- Ég man ákaflega vel eftir því þegar hún var að koma hér í jarðaförum. Hún kom alltaf heim á meðan jarðarförinni stóð yfir. Hún kom heim til okkar krakkanna hérna, þegar það var jarðað hérna í garðinum. Og átti mikið bág og segir: „Það verður ekki svona margt þegar stúlkan verður jörðuð, þetta verða bara svarta líkmennirnir og sjö með presti, sex líkmenn og sjö með presti“. En það passaði nú ekki, því þegar að Vigga er jörðuð, hún deyr milli 1950 og 60, þá var margt fólk sem fylgdi henni til grafar.¹⁰⁷ ----- Ég man eftir því að hún sagði alltaf: „Kom sæl lúka mín“, þegar hún heilsaði, „Kom sæl lúka mín“.¹⁰⁸

¹ Guðrún Möller, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.

² Samkvæmt Íslendingabók var Ingveldur Jónsdóttir frá Hraunsbæ. Hún var húsfreyja í Innri-Hvammi, Reynissókn í Vestur-Skaftafellssýslu. 1870, og í Norður-Hvammi, Stóru-Heiði og Rofunum í Mýrdal. Ingvi Runólfsson var bóndi í Norður-Hvammi, á Stóru-Heiði og á Rofunum í Mýrdal. Aukinheldur var hann á Skagnesi II, Reynissókn 1845 og 1910. Í greininni „Síðasta förukonan“ segir að Ingvi hafi byrjað sinn búskap á Skammadal. Geta má þess að Ingvi er að öllum líkindum fyrsti maðurinn til að heita þessu skirnarnafni. (Sjá. Gíslí Jónsson. „Íslenskt mál“. *Morgunblaðið*)

³ Um Runólf Sigurðsson skrifaði Eyjólfur Guðmundsson rithöfundur í bók sinni *Merkir Mýrdælingar*. Sjá einnig: Magnús Finnbogason, „Síðasta förukonan“, bls. 19.

⁴ Eyjólfur Guðmundsson, *Merkir Mýrdælingar*, bls. 259.

⁵ Fyrsta son sinn missir Runólfur þegar sá hinn sami var aðeins árgamall. Síðar drukknað sonur hans Heiðmundur.

⁶ Eyjólfur Guðmundsson, *Merkir Mýrdælingar*, bls. 242.

⁷ Eyjólfur Guðmundsson, *Merkir Mýrdælingar*, bls. 239.

⁸ Eyjólfur Guðmundsson, *Merkir Mýrdælingar*, bls. 235.

⁹ Guðrún Möller, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.

¹⁰ Magnús Finnbogason, „Síðasta förukonan“, bls. 20: „Ingvi var alltaf bláfátækur“.

¹¹ Magnús Finnbogason, „Síðasta förukonan“, bls. 19. Í *Merkir Mýrdælingar* segir að faðir Ingva, Runólfur Sigurðsson, hafi líka þjáðst af gigt: „Þegar á þritugsaldri er Runólfur haldinn þungri lúagigt og sinadráttum, sem ollu andvökunóttum“.

¹² Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til lítilla stunda*, bls. 6.

¹³ Sigþór Sigurðsson, „Vigdís Ingvadóttir: Síðasta förukona í Mýrdal“.

¹⁴ Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til lítilla stunda*, bls. 79.

¹⁵ Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til lítilla stunda*, bls. 77-80. Í sögunni af bræðrunum sem drukknuðu í Heiðarvatni, segir einnig: „Einn son áttu foreldrar þessra drengja eftir, og sem næst ári síðar hvolfði bát hans á vatninu og drukknaði hann þar“, bls. 78. Drengirnir voru vinir Runólfs afa Jóns. Eyjólfur fjallar líka um drukkun þeirra í *Merkir Mýrdælingar*, bls. 235.

- ¹⁶ Sigþór Sigurðsson, „Vigdís Ingvadóttir: Síðasta förukona í Mýrdal“, bls. 179.
- ¹⁷ Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015. Sigþór útskýrir eftirfarandi setningu sem kemur fyrir í grein hans „Vigdís Ingvadóttir: Síðasta förukona í Mýrdal“, og barst í tal í viðalinu: „Einvern veginn lék það orð á er talað var um Viggju að hún hafi snemma borið heldur skarðan hlut í sínum uppvesti, mátt þola slyddu og erfiði umfram systkini sín“.
- ¹⁸ Einar Þorsteinsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ¹⁹ Ingveldur og Ingvi höfðu búsför ráð á Stóru-Heiði uns sr. Brynjólfur Jónsson kom og settist þar að. Í kjölfarið gerðist Ingvi vinnumaður á Stóru-Heiði.
- ²⁰ Magnús Finnbogason, „Síðasta förukonan“, bls. 20.
- ²¹ Magnús Finnbogason, „Síðasta förukonan“, bls. 20.
- ²² Magnús Finnbogason, „Síðasta förukonan“, bls. 19.
- ²³ Sigþór Sigurðsson, „Vigdís Ingvadóttir: „Síðasta förukona í Mýrdal“. Hnappur þýðir hér haus. Vigdís vísar í hve stórvaxinn faðir hennar er.
- ²⁴ Magnús Finnbogason, „Síðasta förukonan“, bls. 19.
- ²⁵ Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015. Eyjólfur Sigurjónsson er barnabarn Eyjólfss Guðmundssonar sagnaritara sem vitnað var í í þessum kafla um Vigdís, sem og oftár í bókinni.
- ²⁶ Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2017.
- ²⁷ Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ²⁸ Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- ²⁹ Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ³⁰ Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ³¹ Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- ³² Magnús Finnbogason, „Síðasta förukonan“, bls. 19.
- ³³ Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ³⁴ Guðrún Möller, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.
- ³⁵ Þórður Tómasson, viðtal við höfund, Skógar, 2015.
- ³⁶ Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2017.
- ³⁷ Sigrún Sesselja Bárðardóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2017.
- ³⁸ Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ³⁹ Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015. Sigþór telur að skýringin á bak við hármisss Vigdísar hafi verið geitur í höfði. Í tengslum við geitur, má nefna lýsingu á slíku í þjóðsögunni um Dagverðargerðis-Imbu sem var bæjarfylgja í Dagverðargerði í Hróarstungu. Imba var niðursetningur: „og dó af lækningatílaunum með stækri keytu. Þótti hún meinlaus slæðingur“. *Íslenskt vettatal*, bls. 30.
- ⁴⁰ Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- ⁴¹ Hjónin Sólveig Guðmundsdóttir og Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ⁴² Hjónin Eyrún Sæmundsdóttir og Einar Þorsteinsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ⁴³ Sigrún Sesselja Bárðardóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2017.
- ⁴⁴ Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ⁴⁵ Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- ⁴⁶ Guðrún Möller, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.
- ⁴⁷ Hjónin Sólveig Guðmundsdóttir og Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ⁴⁸ Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- ⁴⁹ Sigrún Sesselja Bárðardóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2017.
- ⁵⁰ Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.
- ⁵¹ Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁵² Sigrún Sesselja Bárðardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2017.
- ⁵³ Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ⁵⁴ Fyrsta útgáfa af Öskubusku sögu er frá 7. f.kr. og fjallar um gríska þrælastúlku sem er neydd til þess að giftast Egypta. Af öðrum útgáfum má nefna útgáfu Grímsbræðranna frá árinu 1812.
- ⁵⁵ *Árbók Háskóla Íslands*, 1940-1941, bls. 58.
- ⁵⁶ Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ⁵⁷ Sjá til dæmis frásögn Ómars Ragnarssonar af mögulegum fundi Margrétar Sigurðardóttur förukonu og forsetans Ásgeirs Ásgeirssonar: „Enn eftirminnilegri varð sá árekstur tveggja heima, sem heimsókn forsetans hafði í för með sér, hvað snerti Möngu“, bls. 83-93. Jón Jónsson hefur bent á að í sögum af förufólki sé ákveðin hneigð til að fjalla um samskipti förufólks og yfirvalda. *A mörkum mennskunnar*, bls. 138.
- ⁵⁸ *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* „Sagan af þrem kóngssonum“, bls. 57-58.
- ⁵⁹ Guðrún Möller, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.

- 60 *Íslenskar hjóðsögur og ævintýri*, sagan „Skessan á steinnökkvanum“, bls. 448-453.
- 61 Þórður Tómasson, viðtal við höfund, Skógar, 2015.
- 62 Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 63 Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, t.d. bls. 20.
- 64 Þórður Tómasson, viðtal við höfund, Skógar, 2015.
- 65 Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- 66 Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- 67 Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- 68 Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- 69 Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 70 Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 71 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 72 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 73 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2017.
- 74 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 75 Guðrún Möller, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.
- 76 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 77 Ber að geta þess að einn af heimildarmönnum þessarar rannsóknar, sagði það hafa verið vitað í sveitinni, að það var Guðfríður sem nauðgaði Vigdís. Það verður ekki fullyrt um það hér, en þó verður það að teljast þöggun af hálfu höfundar, ef þær upplýsingar kæmu ekki fram í þessari umfjöllun.
- 78 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 79 Eyrún Sæmundsdóttir, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 80 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 81 Guðrún Möller, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.
- 82 Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- 83 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 84 Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- 85 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 86 Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- 87 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 88 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2017.
- 89 Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- 90 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 91 Langflestir viðmælendur mínir mundu eftir Vigdís úr eigin barnæsku, að undanskilinni Sigrúnu Sesselju Bárðardóttur, sem var á unglingsaldri og starfaði í kaupfélaginu þegar hún kynntist Vigdís.
- 92 Sólveig Magnúsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.
- 93 Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- 94 Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 95 Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 96 Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 97 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 98 Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 99 Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 100 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 101 Sólveig Magnúsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.
- 102 Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 103 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 104 Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.
- 105 Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 106 Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.
- 107 Um endalok Vigdísar. Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- 108 Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.

Kristín Petrína Jónsdóttir (1879-1969)
Stutta-Stína



Kristín Petrína Jónsdóttir (1879-1969) var önnur af tveimur síðustu förukonum Norðurlands, og jafnframt síðasta förukona Íslands. Umfjöllun þessi um ævi Kristínar nýtur þess að mögulegt er að vitna í eigin orð Kristínar, frásögn hennar um eigin ævi. Ástæðan fyrir því er sú að á meðal heimildanna sem kaflinn byggir á er viðtalsgreinin „Síðasta förukonan“ (1964), sem miðlar viðtali sem tekið var við Kristínu árið 1964 af Hirti E. Þórarinssyni frá Tjörn í Svarfaðardal. Öðru fremur byggir kaflinn á viðtali sem ég tók við Ingibjörgu Hjartardóttur (1952), dóttur áðurnefnds Hjartar E. Þórarinssonar. Þau feðginin bjuggu á bænum Tjörn í Svarfaðardal sem Kristín sótti heim á ferðum sínum svo áratugum skipti. Í skrifum þessum um Kristínu verður einnig stuðst við viðtal sem ég tók við Salbjörgu G. Norðdal (1928), sem mundi lítillga eftir Kristínu úr eigin barnæsku.

Ljúfi ljúfi ilmur. Kollurinn hans er angandi berjalyng og nefið mitt er fugl, sem lendir mjúklega á svörtum berjabreiðum þess. Ljúfi sæti sæti ilmur, sonurinn. Enni hans strýkst upp við andlit mitt um nætur, eins og ungi undir væng móður. Í vöku. Í draumi. Ilmur af syni.

Kristín Petrína Jónsdóttir fæddist á Neðra-Ási í Hjaltadal í Skagafirði. Sjálf vissi Kristín aldrei hvert fæðingarár sitt var, eða fæðingardagur. Fæðingardagur hennar var 6. júlí og fæðingarárið reyndist vera 1879.

Ingibjörg: Ég man ekkert hvenær hún átti afmæli, hún vissi sjálf eiginlega ekki hvað hún væri gömul, það man ég. Hún taldi sig vera nokkrum árum yngri en hún var. Ég man ekki eftir neinni afmælisveislu eða afmæli sem hún hélt upp á.¹

Kristín förukona: Hálfu níundu viku af sumri árið 1881 að ég held, svo þá getið þið sjálf reiknað út, hvað ég er gömul núna. Annars hef ég aldrei vitað með vissu um afmælisdaginn né heldur fæðingarárið.²



Jón sælor, faðir Kristínar

Barnæska Kristínar hafði samsvörun við æsku margra Íslendinga í gegnum aldirnar; æsku þess sem getinn er í lausaleik; æsku þess sem fæddist inn í vinnuhjúastétt; æsku þess sem ólst upp fjarri foreldrum sínum og var gjarnan sendur ítrekað á milli heimila í uppvexti sínum; æsku rótlausa barnsins í bændasamfélaginu.

Kristín förukona: Þau voru ekki gift mamma og pabbi, áttu mig bara svona hinsegin eins og gengur.³

Faðir Kristínar var einskonar rósemis farandlistamaður: „Pabbi minn var hann Jón Jónsson hagrýðingur“.⁴ Jón var gjarnan kenndur við bæinn Sælu í Skíðadal, og kallaður Jón sælor „en hann var aldrei hrifinn af því auknefni, blessunin“.⁵ Jón kvæntist aldrei og átti ekki fleiri börn en hana Kristínu. Honum var lýst sem hæglátum og góðum manni sem hafði sitt hökuskegg sem hann strauk títt og „lét það líða hægt úr lófa sér“.⁶

Ingibjörg: Pabbi hennar var kallaður Jón sælor, hann var skáld og hann orti. Það eru margar vísur til eftir þennan Jón sælor.⁷

Kristín förukona; en ég gat ekki fengið neitt af gáfunum hans, bannsettur ættlerinn.⁸

Salbjörg: Hann átti eitt barn og hann var svolítið skríttinn. Hann var kannski ekki öryrki hann var bara orðinn gamall maður. Ég sá hann einu sinni. Hann var svona á labbi líka. Hann átti eina dóttur og hún hét Kristín. Hún var afskaplega lítil, sennilega hefur vantað í heiladingulinn hennar - líkt og þegar fólk verður dvergar. Hún var mjög stutt. Þá var hún uppnefnd og kölluð Stutta-Stína.⁹



Ingibjörg Hjartardóttir

Móðir Kristínar hét Guðbjörg María Tómasdóttir (1854-1888)¹⁰ og var kölluð María. Í kjölfar þess að Guðbjörg eignast Kristínu, gengur hún í hjónaband með Svarfdælingnum Jóni Ólafssyni frá Gljúfrárkoti.¹¹

Kristín förukona: Þau bjuggu saman um tíma á Ásgerðarstöðum og ég var hjá þeim. Þar fæddust tveir hálfbræður mínir, Jóhann, sem dó úr barnaveiki, og Jón, sem fór til Ameríku og drukknaði í Winnipegvatni, beinin hans liggja þar á botninum. Svo dó mamma þegar ég var á níunda árinu, og þá byrjaði hrakningasaga mín.¹²

Dalrún: Manstu hvort Kristín hafi talað um barnæsku sína?

Ingibjörg: Jú, ég man eftir því að hún talaði um að hún hafi verið lamin og barin og ekki fengið mat á einhverjum ákveðnum bæ. Hún hefur verið niðursetningur, það var mjög oft farið illa með niðursetninga. Ég man aðeins eftir þessu - maður reyndi að sjá fyrir sér, endurlífa þessa mynd, þegar hún var lamin sem barn.¹³

Kristín förukona: Fyrst var ég drifin yfir í Gloppu í Öxnadal, sem Svarfaðardalshreppur átti að nokkru. Þaðan strauk ég til afa í Gerði og kom þangað á blæðandi fótunum, það eitt man ég frá því ferðalagi. Eftir það var ég svo send út í Sælu í Skíðadal, því pabbi var þá Svarfdælingur, en hann gat ekki forsorgað mig með neinu móti. Hann var skáld og vel gefinn og mikill til sálarinnar, en ekki að sama skapi duglegur að bjarga sér. Í Sælu leið mér ekki vel, guð minn góður, þar var ég stundum svöng og á þessum flækingi hljóp í mig einhver kergja svo ég óx ekki neitt og hef eins og allir sjá, aldrei náð því að standa aftur eða fram úr mannhnefa. Á Sökku leið mér vel, þar lærði ég að draga til stafs og reikna obbolítið og þaðan fermdist ég í Vallakirkju hjá séra Tómasi heitnum. En hjá ömmu minni í Saurbæjargerði lærði ég að lesa og gekk það vel og hef alltaf haft yndi af bókum.¹⁴

Kristín kom víða við á Norðurlandinu í vinnumennsku; „ég hélt áfram að ferðast svona á milli sem vinnukona og kaupakona“.¹⁵ Hún var oft í kaupavinnu á bæjum í Hörgársveit, en sneri aftur út í Svarfaðardalinn þegar hausta tók.¹⁶ Lengsti tíminn sem Kristín var í vist, var á bænum Böggvisstöðum skammt frá Dalvík. Þar var hún í vist í fjögur ár hjá hjónunum Þóru og Baldvini. Hún var þá á tvítugsaldri.¹⁷

Kristín förukona: Baldvin reyndist mér vel, þó að hann gæti verið hrottalegur stundum. Einu sinni braut ég lampakúpul, sem hjónin áttu. Ég var voða eyðilögð og sagði við Baldvin að hann drægi þetta bara frá kaupinu mínu. Þá sagði karl: „Ætli ég láti þig ekki hafa það fyrir að sem ég skammi þig“.¹⁸

Kristín var alltaf kölluð Stutta-Stína, en auknefnið má rekja til þess að Kristín var venju fremur smávaxin kona: „Stína var, hvað ætli hún hafi verið, 1.50 á hæð“.¹⁹ Í viðtali Hjartar E. Þórarinssonar við Kristínu má auðveldlega greina þá miklu áherslu sem Kristín lagði á varðandi það að hún hefði ekki verið efturbátur annarra til vinnu, þó hún væri smá.

Ingibjörg: Hún var lítill og þykk. Hún var eins og lítill kassi. Svo man ég að það vantaði á hana fingur, hvort það vantaði á hana tvo fingur. Það vantaði á hana vísifingur, ég man ekki á hvorri höndinni það var og ég veit ekkert hvernig stóð á því.²⁰



Böggvisstaðir við Dalvík og heimilisfólkið árið 1886. Kristín er í aftari röð f. vinstri

Smæð Kristínar markaði alla hennar fullorðinsævi. Hún stakk í stúf í samfélaginu, ekki aðeins vegna þess hve lágvaxin hún var, heldur líka vegna óhefðbundinna karaktereinkenna sinna. Þessir einkennandi þættir í fari og útliti Kristínar hafa ugglaut haft áhrif á félagslíf og hjúskaparstöðu Kristínar, en Kristín var alla tíð einhleyp og að öllum líkindum átti hún enga nána vini. Upphaf einstæðingslífs Kristínar má rekja allt aftur til fráfalls móður hennar, þegar Kristín var níu ára gömul.

Dalrún: Átti hún einhverja trúnaðarvinkonu?

Ingibjörg: Það held ég ekki. Ég held hún hafi verið það sérstök.

Kristín hélt að einhverju leyti sambandi við föður sinn Jón. En það samband feðginanna var slitrótt: „Af þabba hafði ég lítið að segja á þeim árum, hann var oft til sjós, stundum fyrir sunnan“.²¹ Kristín virðist hafa haft föður sinn í hávegum, hann var faðir hennar, skáldið. Sýn hennar á föður sinn kemur ágætlega fram í viðtalinu sem tekið var við hana, þar sem hún miðlaði tveimur minningum af föður sínum. Minningarnar hverfðust um það þegar Jón orti af munni fram vísur, þegar hann mætti á götum úti þeim Matthíasi Jochumssyni og Hannesi Hafsteinssyni: „En Matthías varð hrifinn og bauð okkur heim til sín upp í Sigurhæðir og gaf okkur kaffi“.²² Umhyggja Kristínar gagnvart föður sínum kemur ekki síst fram í litlu greinarkorni sem skrifað var um föður hennar Jón. Þar er að finna lýsingu af því þegar Kristín sýndi umhyggju sína í verki, með veisluhöldum. En veisluhöld eru mjög algeng birtingarmynd umhyggju og virðingu af hálfu kvenna, í sögunni og í samtímanum.

Af litlum efnum vildi hún gera vel fyrir föður sinn og á afmælisdegi hans eða næsta sunnudegi bauð hún vinum og kunningjum til veislu heima í Syðra-Holti. Margar konur komu með kökubita með sér til að

létta á mömmu við undirbúning. Á þessum kvöldum ríkti mikil kátína og var fullt hús af fólki, sem undi sér vel við kaffi, spil og dans við harmonikkuspil fram eftir nóttu. Stína hafði mikið gaman af dansi og voru sumir dansherrar efirsóttari en aðrir eins og gengur og þeim mun betri ef þeir fóru dálítið greitt um gólfíð.²³

Þegar Kristín var komin undir þrítugsaldurinn réði hún sig í vist að Þóroddsstöðum í Ólafsfirði. Vistin olli vatnaskilum í tilveru Kristínar.

Kristín förukona: Ég var þá komin undir þrítugt. Þar lenti ég í kasti við ungan mann eins og gengur. Við vorum nú ekki beinlínis lík og höfum sjálfsgagt ekki átt vel saman, hann var nú t.d. kornungur, um tvítugt, en hann var ógurlega stór og langur, eins langur og ég auminginn var stutt. En samt tókst okkur að eiga saman lítinn dreng, en svo varð það nú heldur ekki meira. Og ég ásaka hann ekki fyrir eitt né neitt, við vorum bæði breisk, ég held nú það. Og sjálf þarf ég ekki að biðja neinn fyrirgefningar á mínum gerðum, þetta var allt frjálst, og ég tók ekki neitt frá neinum. Og drengurinn, hann Ragnar minn, fylgdi mér og ólst upp á minn kostnað að mestu. En ekki vil ég segja, að það væri alltaf malað undir mig næstu árin og fyrir kom að mér var þungt um hjartarætur. Reyndar átti ég nú drenginn hér á Böggvistöðum. Ég heyrði það svona útundan mér, að fólk talaði um, að það væri býsna lagleg kaupakona, eða hitt þá heldur, sem tæki upp á því að eiga barn á miðjum heyskap. Þá reif ég mig á fætur, þetta var á þriðja degi frá því ég fæddi og arkaði með hrífuna mína út á tún. Ég hef nefnilega alltaf verið talsvert stór í stykkjunum, þó lág sé í loftinu og ekki kært mig um að láta troða á mér.²⁴

Salbjörg: Þá sagði faðir hennar, hann var voða upp með sér kallinn: „Það gleður mig að þessi eina dóttir sem ég á, hún er orðin til uppbyggingar í mannfélaginu“. Hann var svolítið hreykinn af henni.

Dalrún: Því hún átti barn?

Salbjörg: Já hann meinti það; „þessi eina dóttir sem ég á“, hann meinti það. Hún var ekki gift blessunin en hún átti eitt barn.²⁵

Samantekið þá var ævi Kristínar, allt frá barnæsku til vinnumennskáranna og til flakks hennar undir það síðasta, eitt samfellt ferðalag á milli bæja á Norðurlandi. Barnæska hennar var tími ófrelsis, þar sem hún fékk engu ráðið um það hvar hún var niðurkomin á hverjum tíma. Vinnumennskan bauð henni upp á aukið frelsi innan ákveðins ramma, en flakkið fól hins vegar í sér mesta svigrúmið, í senn frelsi til ferðalaga og til staðarvals hvað búsetu varðaði.

Kristín förukona: Svona baslaðist ég nú áfram næstu áratugina hér og þar á bæjum um allan Fjörð og austur í Kinn. Þetta var allt að renna saman í minni mínu, en ég kynntist mörgu fólki á þessum árum. Flestir hafa gömlu húsbændurnir mínir reynzt mér vel. Ég man líka miklu betur það góða, sem að mér hefur snúið, heldur en hitt. Maður á að reyna að gleyma mótgerðum manna. Það er verst fyrir þá sjálfa, sem illa koma fram, en guð borgar fyrir hrafinn eins og þar stendur, hann er svo ríkur blessaður. Mér hefur oft liðið vel, og ég hef átt mínar sólskinsstundir eins og aðrir.²⁶

Ingibjörg: Hún talaði mjög vel um fólk sem reyndist henni vel, svo talaði hún mjög illa um annað fólk. Ég myndi segja að hún hafi frekar verið á neikvæðu nótunum, dómhörð. Ég hef bara ekki velt þessu fyrir mér. Hún talaði um vondar húsmæður, freyjur. Mig minnir það, að þegar hún talaði neikvætt um fólk þá var það eitthvað sem hún upplifði þarna á árum áður. Hún talaði gjarnan langt aftur í tímann, en

Þessir bæir sem hún var á, sem hún flakkaði á milli, það voru bæir sem hún kvartaði ekki undan. Hún fór þangað sem hana langaði að fara.²⁷



Erfitt er að segja til um það hvenær förlíf Kristínar hófst og lausamennskulífinu lauk. Máske hefur förukvennaferill hennar hafist þegar sonurinn hvarf á brott: „Drengurinn minn fór nú fljótt frá mér. Hann er fyrir sunnan, giftur þar ágætri konu“.²⁸

Ingibjörg: Þá spyr maður; hvenær verður hún flakkari, og hvenær var hún í lausamennsku? Hún bara fór á milli bæja og vann. Hvort þetta hafi verið á tímum vistarbandsins? Hvar eru þessi mörk; að manneskjan er flakkari, að hún eigi ekkert heimili, þó hún eigi lögheimili?²⁹

Dalrún: Flakkaði hún með barnið?

Salbjörg: Nei ekki beint. Hún hefur sennilega verið í einhverri vist með það. Ég vissi það að hún var einhverntímamann í vist hjá afa mínum á Böggvistöðum, og það var eitthvað rætt að hún væri fákunnandi - kynni ekki að fara með barn.³⁰

Fyrir tíma bílaaldarinnar, urðu förukonur að hætta að flakka þegar heilsan leyfði það ekki lengur og setjast að á einum stað. Slík voru ekki örlög Kristínar sem var í hópi síðustu förukvenna landsins, kvenna sem flökkkuðu á milli bæja fram á gamals aldur. Á síðustu æviárum Kristínar var heilsa hennar orðin talsvert léleg, en hún flakkaði samt. Ástæða þess að þær ferðir gengu upp var einfaldlega sú að hún var keyrð á milli bæja.

Ingibjörg: Hún kom alltaf í byrjun desember. Það var aldrei hringt neitt til að spyrja: „Passar það fyrir fjölskylduna að fá Stínu?“... Bóndinn á bænum sem hún var síðast hjá, hann keyrði hana á næsta bæ. Eftir því sem hún eltist meira þá fækkaði bæjunum sem hún flakkaði á milli, þannig að hringurinn var alltaf minni og minni. Að lokum voru þetta bara þrír, fjórir bæir sem hún dvaldi á þangað til hún var send á elliheimili.³¹

Kristín förukona: Ég er nefnilega talsvert mikið á faraldsfæti, þótt gömul sé og ekki orðin mikil til gangsins nú orðið. En blessaðir karlmennirnir eru alveg ólátir að skutla mér milli bæja í jeppunum sínum. Ég fer á sumrin inn eftir öllu, inn í Uppsali og alveg fram í Æsustaði og austur í Yzta-Fell til Marteins míns og Köru, og á haustin fer ég út í Hörgárdal, á Myrká og fleiri bæi, og svo er ég hér í Svarfaðardal á mörgum bæjum á veturna.³²

Heimsóknir Kristínar á bæina í Eyjafirði og næsta nágrenni tóku enda fyrir hartnær 50 árum síðan. Sögupersónan Kristín Jónsdóttir er horfin af sinni ferðabraut og sögusviðið hefur breytt um ásýnd því flestir bæirnir eru horfnir. Heimsóknir Kristínar eru hins vegar ekki horfnar með öllu, því lifandi minningar Ingibjargar Hjartardóttur, sem ólst upp á bænum Tjörn hafa gefið sögunni færi á að fara í heimsóknir að Tjörn með Kristínu og heyra af dvöl hennar á öðrum bæjum. Sagan og sögusviðið fær líf að nýju í menjum á grunni munnlegrar sögu. Þær minningar Ingibjargar gefa mynd af því hvernig Kristín eyddi dögum sínum á bæjunum þar sem hún dvaldi á flakki sínu. Segja sögu af konu sem var vanaföst, jafnvel úr hófi fram. Sem gerir það að verkum að eðlilegt er að áætla að Kristín hafi eytt dögum sínum á svipaðan máta, óháð því á hvaða bæ hún var stödd hverju sinni. Kristín ferðaðist um með mikinn farangur, sem segja má að hafi verið lúxus förukvenna 20. aldarinnar, sem sumum hverjum var skutlað á milli bæja. Munirnir segja sína sögu um Kristínu, þó þeir séu nú allir tapaðir; en minningar Ingibjargar af mununum eru skýrar. Minningar af giftingahringnum sem Kristín bar, þó ókvænt væri. Og af karlmannsúri Kristínar með leðurólinni, sem gekk rétt enda stillt daglega af Kristínu. Þær menjar og aðrar er varða förukonuna Kristínu lifa enn í huga Ingibjargar, og nú á þessum blaðsíðum sem hverfast um hennar líf.



Ingibjörg: Ég man mjög vel eftir Stuttu-Stínu; frumminningar mínar, hún var einhvern veginn þar inn á milli. Alltaf þegar fór að hausta - hún var hálfgerður haustboði, þá kom hún. Það var gjarnan að mamma leit út um eldhúsgluggann og sagði: „Æji er Stutta-Stína að koma“. Svo auðvitað bauð hún henni hjartanlega velkomna þegar hún kom. Hún kom gjarnan með Sigga í Holti, og að minnsta kosti tíu poka, hvíta lérefuspoka, hveitípoka eða sykarpoka. Aldrei var maður var við það að hún opnaði þessa poka, en þetta var öll hennar búslóð. Það voru klukkurnar hennar, það voru fötin hennar, það voru bækur. Ég man bara eftir því að hún hafi lesið Ingibjörgu Sigurðardóttur, þá var hún að skrifa bækur. Það komu held ég bækur á hverju ári eftir hana, það var stóra stundin í lífi Stínu, að fá nýju bókina hennar Ingibjargar. Þær voru allar bækurnar sem hún hafði skrifað, í þessum poka. Það voru stígvél og sennilega koppurinn hennar, og allar klukkurnar; þær eru sérstaklega eftirminnilegar. Hún var með hárnét. Hún fléttaði sennilega hárið. Hún sá nú alveg um sig sjálf, það var enginn sem greiddi henni, en hún var með hárnét, og það var eina manneskjan sem ég man eftir sem var með svona net. Hún var mjög ófríð, hún var ekki smáfríð hún Stína. Hún var með falskar tennur, og hún var gjarnan í peysu, gulri peysu sem var hneppt að framan. Hún var alltaf með svuntu framan á sér, og í svuntuvasanum geymdi hún tennurnar á meðan hún borðaði. Svo geymdi hún þar súkkulaðið og brjóstsykurinn sem hún gaf okkur, sem hún vildi stinga upp í okkur, og við höfðum lært að við skyldum ekki þiggja. Ég man eftir því að yngri systkini manns stungu þessu upp í sig, og þá sögðum við: „Nei þetta er frá Stínu, þetta má ekki“. Hún tók alltaf bréfið utan af og var alltaf með brjóstsykurinn bréflausan í vasanum innan um tennurnar... Hún var alltaf á flókainniskóm, það man ég, og í ullarsokkum. Svo var hún í þykkum brúnum sokkum, heilsokkum. Hún var í magabelti, bara eins og konur voru þá klæddar. Það var svona sokkaband; því ég sá hana, hún var oft að laga sokkabandið, hún bretti upp kjólnum þegar hún sat og var að spenna kannski annað sokkabandið betur við sokkinn, þetta er svona nærflík.

Dalrún: Gerði hún það í kringum aðra?

Ingibjörg: Hún gerði það kannski áður en hún fór að borða eða þegar hún beið eftir að klukkan færi að slá í útvarpinu. Svo var hún í kjól og svo var hún í svuntu, og hnepptri peysu yfir kjólnum - svuntan var bara mittissvunta. Það var nú bara af því að það voru vasar á svuntunni, ég ímynda mér það. Svo þegar hún fór þá fór hún í kápu og var með svona skýlúklút eins og rússneskar konur, hún var í mörgum litum og ekki með ósvipuð munstur og ef þú sæir fyrir þér gamla konu frá Rússlandi. Þær eru með þessar sterku litríku slæður sem þær hnýta vel undir hökuna. Þannig var Stína, eins og konur voru með á þessum tíma.

Dalrún: Manstu hvernig undirfötum hún var í, eða konur á þessum tíma?

Ingibjörg: Hún átti svona nærbuxur, við kölluðum þetta Stínubuxur. Þetta voru þykkar brækur, ekkert kvenlegar nærbuxur, ætli þetta hafi ekki verið úr lérefti, hún var í ullarbol, svona prjónabol næst sér, og hún var ekki í neinum brjóstahaldara.

Dalrún: Náðu þær alla leið niður?

Ingibjörg: Nei þetta voru svona boxerbuxur. Sennilega hafa þetta verið venjulegar týpískar nærbuxur fyrir konur í gamla daga. Engin svona blúndunærföt. Hún hefur sennilega getað keypt sér fót, það var ekki þannig að hún var í stagbættum fötum. En ég man að mamma vildi gjarnan þvo fötin hennar þegar hún kom. Því við fundum það alltaf að það var vond lykt af henni, sem við síðan vöndumst þegar hún var búin að vera á heimilinu í tíu daga og upp í þrjár vikur. En það var alltaf þessi Stínulykt. Ég man eftir því að við héldum fyrir nefið þegar hún var búin að vera í eldhúsinu. Þá vildi mamma fá fötin að kvöldi, og þau voru kannski tilbúin fyrir hana daginn eftir. Þannig að hún var í hreinum fötum. Þegar það er vond lykt af fólki, þá er það gjarnan af því að það eru fötin sem lykta. Ef þú ert í skítugum fötum þá finnst frekar lyktin af þeim en manneskjunni sjálfri... Það voru til dæmis rúmfötin. Hún var með sængina sína í einum pokanum. Sín eigin rúmföt. Konurnar á öðrum bæjum þvoðu af henni fötin líka, það var ekki bara mamma, þær hafa allar gert þetta - séð til þess að hún yrði í hreinum fötum. Þetta var ægilega krumpað, þegar hún var að hafa kjólaskipti. Þá átti hún kannski tvo, þrjá kjóla. Þeir voru alltaf í kuðli í þessum pokum. Þetta var svolítið spennandi - að sjá hvað var í þeim. Hún opnaði þá ekki, hún hafði þá bara í herberginu. Eins og pokinn sem jólasveinninn er með sem er fullur af pökkum. En við vorum ekkert að hnýsast í þetta, sem var skrýtið því það hefði verið hægt að laumast inn til hennar þegar hún var að bíða eftir því að klukkan slæi sex niðri í stofu. En okkur datt það ekki í hug, að hnýsast í pokana.

Dalrún: Manstu hvernig rúmfötin hennar litu út?

Ingibjörg: Mig minnir að þau hafi verið köflótt, og sængin var dúnsæng. Dúnninn fór út í annan endann.³³

Kristín naut þess að láta stjána við sig þar sem hún dvaldi hverju sinni. Til dæmis kunni hún vel að meta það að láta færa sér kaffið upp í rúm á morgnana.³⁴ Þegar Kristín dvaldi á Tjörn þá gisti hún á efri hæð hússins: „Hún gisti gjarnan upp í kvistinum sem var ágætis herbergi, eitt stærsta herbergið á loftinu. Hún gat alltaf gengið að því“.³⁵ Og þar eyddi Kristín stærsta hluta dagsins, inn í herbergi sínu umkringd föggum sínum: „Ég held hún hafi aldrei raulað neitt fyrir munni sér. En hún réri fram í gráðið þegar hún prjónaði“.³⁶ Kristín prjónaði vettlinga og sokka handa börnunum á bænum, en þeir voru afskaplega lausprjónaðir og runnu oftast nær af smáum löppunum. Ingibjörg sagði að Kristín hafi verið góð við þau börnin, þó svo að hún skipti sér lítið af þeim.³⁷ Hins vegar var hún mikið á móti því að börn af næsta bæ kæmu á Tjörn til að leika, sérstaklega börn sem ætluðu að gista. Viðmóti Kristínar gagnvart aðkomubörnum á bænum rímar við frásagnir af förufólki sem hafði óbeit á því ef einhver annar gisti á þeim bæ þar sem þau gistu, ekki síst ef um annað förufólk var að ræða. Þekktar eru sögur af því að förufólki lynti ekki hvert við annað, og mynduðust margar gamansögur út frá samskiptum förufólks. Eðlilegt er að ætla að samskiptamálin hafi í grunninn stafað af samkeppni sem í raun var til staðar á vissan máta á milli þessa fólks.³⁸

Ingibjörg: Hún spurði alltaf þegar að vinkonur okkar af næstu bæ komu, þá spurði hún þær alltaf: „Etlíð þið að gista?“ Henni virtist vera illa við ókunnuga krakka, og sérstaklega ef þeir ætluðu að gista. Hún fór í taugarnar á okkur, sérstaklega þegar að vinkonur okkar af næsta bæ voru í heimsókn. Þeim fannst hún ægilega myndin. Þegar þær komu í heimsókn þá fórum við gjarnan og lékum leikrit. Hún var alltaf á efri hæðinni, hún var upp á lofti þar sem afi bjó. Amma var þá dáið og því hafði hún þennan kvist út af fyrir sig. Svo vorum við með stórt norðurherbergi sem við lékum okkur gjarnan í þegar stelpurnar komu - og bjuggum til svona leiksýningu. Og hún var alltaf svona að gægjast, að fylgjast með okkur. Gægðist út þar sem hún var á kvistinum. Horfði á okkur. Hún gat séð okkur, það var spegill fram á gangi, þannig að hún gat horft á spegilinn og sá þá það sem fór fram á sviðinu í hinu herberginu. Stelpurnar, sem við köllum Helgafellsstelpurnar, þær tóku eftir því að hún var að horfa á okkur og fannst þetta svo myndið. Meira að segja kom hún fram á ganginn og hermdi eftir okkur. Svona glennti sig og hoppaði eins og við - ég man þetta vegna þess að þær hlógu svo mikið að henni og ég hélt að Stína væri orðin brjáluð, þegar hún kom fram og fór að geifla sig og herma eftir okkur. Það lýsir henni dálítið. Kannski hafa þær sem gestir ógnað henni. Henni hefur fundist þær ógna sér, og hún spurði þær alltaf hvort þær ætluðu að gista.

Dalrún: Var hún að grínast í ykkur, eða að sýna ykkur ógnandi tilburði?

Ingibjörg: Hún var ekki að taka þátt í leiknum, heldur var hún sýna að fyrirleitningu sína á því sem við vorum að gera.³⁹

Kristín borðaði alltaf á undan heimilisfólkinu. Það var ekki óvanalegt að förukonur borðuðu á öðrum tíma og í öðru rými en annað fólk á heimilunum. Hluti förukvenna hafði sérstæðar neysluvenjur, með hliðsjón af borðsiðum og fleiru en auk þess mataðist hluti þeirra í einrúmi. Erfitt er að segja til um það hvort að konurnar hafi kosið það sjálfar að matast í einrúmi, eða hvort þeim hafi verið settar þær reglur sökum óhefðbundinnar hegðunar förukvenna í tengslum við mat. Eða þá einfaldlega vegna þess að þær þóttu ekki þess verðugar að sitja við sama borð og heimilisfólkið.

Ingibjörg: Hún var látin borða á undan fjölskyldunni, á undan okkur. Hún var mjög sátt með það enda vildi hún helst ekki borða með öðrum. Hún hélt bara á hnífnum, var með hendurnar. Hún náði í smjórið og fiskinn og stakk upp í sig. Tók gjarnan úr sér tennurnar áður en hún fór að borða, stakk þeim í vasann á svuntunni sinni. Hún spýtti út úr sér beinunum. Það var ekki hægt að hafa hana til borðs hjá okkur. Núna á síðari tímum hefur maður verið að pæla í því; af hverju varð hún svona?⁴⁰

En áður en Kristín tók til matar síns, þá fór fram heilög stund inn í stofu. Í einum pokanum hennar geymdi hún fjórar klukkur sem hún ferðaðist með á milli bæja. Á hverjum degi, rétt fyrir klukann sex, var sá poki dreginn fram og opnaður.

Ingibjörg: Það var eitt af því merkilegasta sem maður man svo vel eftir. Hún borðaði sem sagt á undan okkur, en áður en að hún settist við borðið þá fór hún inn í stofu og var með fjórar vekjaraklukkur. Svo var hún með úr, karlmansúr á handleggnum, úlnliðinum. Hún settist fyrir framan útvarpið í stofunni, stillti klukkunum upp á sófaborðið, svo beið hún eftir að útvarpsklukkan slægi sex. Hún gerði þetta klukkan sex í eftirmiðdaginn. Svo beið hún bara, svo fór klukkan að slá: dung, dung, sex slög. Og Stína tók upp allar klukkurnar og gáði hvort þær væru ekki allar rétt stilltar, og aðeins hreyfði vísinn til þess að finnstilla allar klukkurnar fjórar og armbandsúrið. Svo tók hún þetta allt saman, hún var með þetta í einhverju neti, netpoka, og kom svo inn í eldhús og sagði: „Hún var að slá“. Sagði þetta alltaf, klukkan var að slá - svo fékk hún sér kvöldmat og svo hvarf hún upp. Hún var ægilega mikið í herberginu sínu,

var að lesa, og var að þrjóna, en hún hlustaði ekkert á útvarp. Hún var ekki með útvarp sjálf, hún kom niður bara til þess að heyra klukkuna slá, til að stilla allar klukkurnar sínar. Hvers vegna hún átti svona margar klukkur, það veit ég ekki.⁴¹

Mesta ástríðan í lífi Kristínar var að lesa rómantískar skáldsögur. Það má segja að lestur Kristínar hafi einkennt af mikilli innlifun. Hún upplifði hreinilega rómantíkuna sem var að finna í textum slíkra bóka, og stundum sterka þrá til að breyta því sem misfórst í sögum þeim.



Ingibjörg: Hún sagði alltaf mömmu frá söguþræðinum í bókunum hennar Ingibjargar og hafði mikla skoðun á efninu: „Mér finnst að höfundurinn hefði ekki átt að láta bókina enda svona - hún hefði endað miklu betur“, svo kom hún með sína útgáfu af endinum. Það var inn í eldhúsi alltaf. Mamma var yfirleitt að klára kvöldmatinn eða hádegismatinn fyrir heimilisfólkið - hún borðaði sem sagt á undan. Hún sat, og var yfirleitt að segja henni frá einhverju sem hún hafði verið að lesa. Hún las smásögur eða framhaldssögur í *Tímanum* man ég, en hún hafði gaman að tala um bókmenntir við mömmu.

Dalrún: Var hún rómantísk í sér?

Ingibjörg: Ég held hún hafi verið óskaplega rómantísk, sérstaklega varðandi þessar bækur hennar Ingibjargar, þetta eru svona ástarsögur. Ég man að mamma flokkaði þær þannig að þetta væru ástarsögur fyrir börn, eða fyrir unglinga. Þannig að hún hefði sennilega verið mjög rómantísk, hún ímyndaði sér að líf þessara sögupersóna í bókinni og hvernig hefði getað farið betur ef að hún hefði fengið að ráða hvernig bókina endaði: „Hún átti ekki að giftast sýslumannssyninum, hún átti að giftast bóndasyninum“.⁴²

Kristín hafði sannarlega áhuga á hinu kyninu, allt fram eftir aldri. Þann áhuga má sem dæmi greina í áherslum hennar í viðtalinu sem Hjörtur tók við hana. Um það vitnaði líka raddblær hennar, sem miðlaði hrifningu hennar á karlmönnum.

Ingibjörg: Hún leit miklu meira upp til þeirra. Þegar hún var til dæmis að tala við afa eða pabba. Hún varð að smjöri. Maður man það. Hún leyndi því ekkert að hún væri hrifin af þeim. Þá var hún alltaf svona glöð. Þá breyttist röddin og varð einhvern veginn mýkri. En hún var ekkert ónotaleg við móður mína.⁴³

Það er sem Kristín speglaði eigið ágæti í hrifningu karlanna gagnvart henni. Hún hafði mikinn áhuga fyrir því að ræða karlmenn almennt og löngun til þess að giftast.⁴⁴ Henni helsta yndi var að lesa rómantískar sögur þar sem aðalkvenpersónurnar voru alla jafnan öllum kostum búna. Það hefur verið erfið staða fyrir Kristínu, að búa yfir svo rómantísku hjarta en geta ekki skipað hlutverk leiðandi kvenpersónu á rómantíska sviði raunheima. Óhefðbundna kvenhlutverkið varð hennar hlutskipti og því fékk hún ekki þá athygli sem hún virðist hafa þráð frá karlmönnum.

Kristín förukona: Ég hef alltaf haft gaman af að skemmta mér og aldrei haft neitt á móti því að vera nálægt karlmönnum, ó nei, ekki aldeilis. Það er ekki langt síðan ég var á böllum og skorti ekki herrana. Það get ég sagt ykkur, svo þær máttu passa sig sumar sem yngri voru. En nú er þetta allt að vera búið, ég er orðin svo gömul og löngu hætt að vera í kaupavinnu.⁴⁵

Ingibjörg: Ég held hún hljóti að hafa verið skotin í honum afa. Hún bar mjög mikla virðingu fyrir honum. Hvort hún hafi verið eftirsótt af karlmönnum, ég held að það sé frekar í hennar huga. En ég veit ekkert um þennan barnsföður hennar, hvort að það hafi verið eitthvað samband... Það var greinilegt að hún hafði gaman að því að umgangast karlmenn en hún bara hafði ekki þann status gagnvart þeim að hafa nokkurn séns í þá, ímynda ég mér, þá er ég að meina karlmenn almennt.⁴⁶

Það gat reynst erfitt hlutskipti að vera förukona í íslenska landbúnaðarsamfélaginu, þar sem skylda kvenna var að þjónusta aðra og sinna innanhússtörfum. Sem segir þá unnu förukona yfir höfuð lítið sem ekkert á þeim bæjum þar sem þær dvöldu og þá síst innanhússtörf. Móðir Ingibjargar, Sigríður M. Hafstað, átti fullt í fangi með heimilið og börn sín sjö. Því gat reynst erfitt að fá einstakling inn á heimilið sem þjónusta þurfti án þess að hann legði húsmóðurinni lið við heimilisstörfin.⁴⁷ Þegar að slíka dvalargesti bar að garði sem lögðu heimilinu ekkert til, þá gat skipt sköpum varðandi viðhorf heimilisfólksins hvernig ástætt var fyrir gestinum heilsufarslega bæði andlega og líkamlega. Samtíða Kristínu var förukonan Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (1877-1950) sem kölluð var Begga. En hún er til umfjöllunar síðar í bókinni. Begga var vinsælli gestur en Kristín: „Stutta Stína var förukona, eins og Begga en var ellefu árum yngri og var ekki eins velkomin á bæi og Begga eftir því sem manni skilst“.⁴⁸ Kristín og Sigurbjörg unnu báðar lítið sem ekkert á bæjunum þar sem þær dvöldu. Sigurbjörg átti við þroskaskerðingu að stríða. Kristínu var ekki lýst sem þroskaskertri konu en þroski hennar var samkvæmt lýsingum takmarkaður: „Hún var ekki geðveik eða þroskaskert, hún var til dæmis læs“.⁴⁹ Kristín var ólík flestum öðrum, bæði að líkamlegu og andlegu atgervi. En hún hefur að öllum líkindum ekki mætt sama skilningi og Sigurbjörg, því vitsmunir voru meiri. Ekki er hægt að þræta fyrir það að Kristín var um margt sérstök og gat reynt á þolinmæði fólks með óhefðbundinni hegðun sinni - eins og í tilfellum svo margra förukvenna: „Maður pældi ekkert í því hvort að hún væri barnleg eða þroskaheft, því í okkar augum var hún fullorðin kona hún var ekki barn“.⁵⁰

Ingibjörg: Það fór ýmislegt í taugarnar á okkur, þegar ég segi „okkur“ þá á ég við krakkana, við vorum ansi mörg. Henni var svo illa við hundinn, hann fékk aldrei að vera í eldhúsinu. Alltaf þegar að hundurinn kom upp í eldhús, þá rak Stína hann niður og sagði: „Það á aldrei að koma nálægt hundum því hann andar úr sér bandormum“. Svo opnaði hún alltaf niður í kjallara og rak Smala greyið niður. Svo var henni ofboðslega illa við gamlárskvöld, sérstaklega þegar pabbi var að skjóta upp rakettum, hún eiginlega trylltist, þoldi ekki þetta sprengihljóð.⁵¹

Kristín var alltaf á Tjörn um jólin: „Hún bar mikla virðingu fyrir honum afa. Kannski þess vegna vildi hún vera þar á jólonum. Hann skrifaði fyrir hana öll jólakortin“.⁵² Á jólonum sat hún til borðs með fjölskyldunni og fór í messu í kirkjunni: „Þá held ég hún hafi borðað með okkur, á jóladag. En hún var aldrei neitt þaulsetin, hún vildi gjarnan fara snemma upp til sín, hún sat ekkert með okkur á kvöldin og hlustaði með okkur á útvarpið, á útvarpsleikritin, nei hún var farin upp“.⁵³ Kristín fékk ætíð pakka frá heimilisfólkinu á Tjörn; konfekt og nýju bókina hennar Ingibjargar Sigurðardóttur. En allra mikilvægasti pakkinn var frá syni hennar Ragnari. Pakkinn var í reynd eini votturinn um einhverskonar samskipti þeirra á milli: „Hún átti einn son, sem hét Ragnar, og hún var mjög upptekin af honum“.⁵⁴

Ingibjörg: Þegar ég man eftir henni þá var Ragnar giftur í annað sinn, og henni leist svo vel á síðari konuna hans. Hún talaði illa um fyrri konuna hans, því hún hafði aldrei nein afskipti af henni. Þegar hann eignaðist nýja konu, þá fór alltaf að koma pakki frá honum til hennar um jólin. Þetta voru margar jólagjafir, hún fékk alltaf pappakassa og hann var fullur af litlum pökkum. Hún þakkaði alltaf konunni hans Ragnars, tengdadótturinni, þessa hugulsemi. Og þegar það fór að nálgast jól þá var aldrei friður því hún var alltaf að spyrja hvort að pakkinn væri kominn: „Er pakkinn kominn?“ Hún var ægilega stolt af þessum strák og sagði alltaf að honum hefði gengið vel í skóla: „Hann fékk 12,12,24 í aðaleinkunn“, það endurtók hún mjög oft. Síðan hef ég lesið það að hún ól upp þennan dreng, hann fór með henni á bæina sem hún var að vinna á. Hann kom þegar hún dó. Hún er jörðuð sem sagt í kirkjugarðinum á Tjörn, og þá sá maður í fyrsta skipti Ragnar son hennar. Mjög ólíkur henni. Hann var mjög hár.⁵⁵

Salbjörg: Ég veit að hún var með þetta barn sem hún átti. Ég man nú ekki hvað barnið hét. Þetta var strákur og hún var að tala um tengdadóttur sína, að hún væri blóðrauður bolsi. Bolsévikar, þetta var svona eitthvað skammaryrði. Svo voru allir kallaðir kommúnistar. Stutta-Stína hafði verið hjá afafróður mínum niðri í sveit. Hún var eitthvað skritin. Hún var með þetta blessaða barn sem hún átti.⁵⁶

Pakkinn árlegi frá Ragnari syni hennar er tákngervingur fyrir samband þeirra mæðgina. Það var líkt og sá pakki geymdi sonarástina, umlukin gjafapappír, ef marka mátti svipbrigði Kristínar þegar hann barst. Eða var það kannski einfaldlega bara gleði yfir því að Ragnar hefði ekki gleymt henni. Pakkinn gefur líka mynd af sambandi mæðgina, þar sem móðirin hagar sér líkt og barnið, og er vísbending um það hvernig sambandi þeirra mæðgina var háttað. Kristín skorti ákveðna hæfni til að bjarga sér á hefðbundinn máta sem hún bætti upp með annarskonar hæfileikum til að lifa af. Ekki er hægt að dæma um hæfni Kristínar í móðurhlutverkinu, en áður nefnd ummæli Salbjargar gefa innsýn í það hve krefjandi móðurhlutverkið hefur verið fyrir Kristínu: „Ég vissi það að hún var einhverntímann í vist hjá þessum afa mínum á Böggvistöðum, og það var eitthvað rætt að hún væri fákunnandi - kynni ekki að fara með barn“.⁵⁷ Umönnun barnsins hefur því að öllum líkindum ekki leikið í höndum Kristínar en ástin sem hún bar til sonar síns var fólkskvalaus móðurást. Þó svo að sonurinn væri fjarri henni þá miðlaði hún

ást sinni á honum í fögrum orðum sem hún viðhafði um hann, í tali við þá sem heyra vildu. Þau orð eru sannarlega vitnisburður um góða móður.

Ingibjörg: Hún var líka einu sinni mjög reið, var vonsvikin. Hún var búin að spyrja hvort að pakkinn væri ekki örugglega kominn: „Er pakkinn ekki kominn?“ Hún beið alltaf, hún meira að segja horfði út um gluggann í stofunni eða í eldhúsinu upp á veg til þess að fylgjast með bílaferðum. Hvort að mjólkurbíllinn væri ekki að koma, því hann kom gjarnan með póstin um leið. Það var alltaf spurningin: „Er pakkinn ekki kominn?“ En þá fékk hún umslag, það var bara eitt bréf. Og hún var fyrir svo miklum vonbrigðum að það skyldi bara vera eitt bréf að hún tók það og grýtti því út um gluggann í eldhúsinu. Þá var þetta kort frá Ragnari syni hennar, en pakkinn átti eftir að koma - kortið hafði komið á undan. Hún hélt að hann sendi henni þessi jólin bara þetta eina kort. Hún var ekkert að leyna vonbrigðum sínum. En svo kom pakkinn, og þá fannst mér hún gráta af gleði. Þegar hún fékk loksins pakkann og opnaði hann með öllum þessum smápökkum inn í pappakassanum, þá svona strauk hún, ég man hún strauk tár af hvarmi.⁵⁸

Kristín var móðir sem var í engum tengslum við son sinn, kona sem átti ei ástmann, kona sem átti ei vinkonur. En hún bjó að því í ellinni, alveg fram á síðustu stundu, við það að njóta umönnunar kvenna. Umönnun er annars konar nánd en sú sem fæst í hópi vina og fjölskyldu; nálægð sem engu að síður veitir þeim öryggi, sem mest þurfa á því að halda.

Ingibjörg: Ég man bara það að mamma var mjög góð við hana, þótt hún segði þetta; „Oh, er Stutta-Stína að koma“. En henni var aldrei neitað, það var aldrei sagt; það passar ekki fyrir þig að koma núna. Bæirnir stóðu opnir fyrir henni. Ég man eftir því að hún veiktist einu sinni og fór inn á klósett, og gubbaði. Mamma fór upp og ég man að hún tók Stínu í fang sér: „Ertu lasin Stína mín, æjæj“, tók hana og leiddi hana inn í rúm og þreif hana. Þessu man ég eftir.⁵⁹

Hugsýn Kristínar var að enda ævina sína hjá þeim sem hún hafði reitt sig á í gegnum árin; enda ævina á bæjunum sínum. Hún vildi ekki fyrir nokkurn mun fara inn á elliheimili, stöðvast í sporum sínum á einum og sama staðnum - inn á stofnun: „Ég get ekki hugsað mér að fara á gamalmannahæli og setjast þar í helgan stein, ég held það mundi ekki eiga við hana Stínu litlu“.⁶⁰ Svo Kristín hélt áfram. En stundum er förukona á förum afvegaleidd.

Ingibjörg: Svo var það, sem er mjög minnstætt, það var þegar hún endaði sinn feril sem förukona. Hún var orðin veik. Hún var magaveik, hún lá oft í rúminu. Hún var bara gömul veik kona. Það var ákveðið, ég man að afi stóð fyrir því, hann var nú hreppstjóri og gott ef pabbi hafði ekki verið oddviti þá. Allavega þá var sú ákvörðun tekin, að plata hana inn á elliheimili. Henni var ekkert sagt frá því. Hún bað um að hún yrði keyrð inn á einhvern bæ inn í Eyjafirði, þetta var að vori man ég. Það var hringt í leigubíl. Það var nú ekki mikið um leigubíla en það var einn leigubílstjóri á Dalvík, sem hét Kató. Hann kemur og hún verður ægilega glöð að fara upp í svona flottan fólksbíl. En hann fer ekkert með hana á bæinn, hann fer með hana á Kristnes. Síðan var hún send á Skjaldavík sem var elliheimili og þar dó hún. Þegar hún fer svo á Skjaldavík þá sættist hún alveg við tilveru sína. Ég man að við heimsóttum hana, foreldrar mínir, og ég var allavega með í þessari ferð. Þá var hún hin sællegasta. En hún lifði ekki í mörg ár. Hún dó kannski 2-3 árum seinna. Jaðarförin var á Tjörn, þar er lítill sveitakirkja. Hún er grafin í Tjarnarkirkjugarði.

Dalrún: Mættu margir í jarðaförina?

Ingibjörg: Það voru... ég þyrfti að spyrja móður mína að því. Það var töluvert; það voru sveitungarnir, sérstaklega frá bæjunum sem hún var vön að heimsækja. Það var Syðra-Holt, það var Tjörn, það voru Urðir, það var Sakka, það voru Vellir, það hafa verið svona fimm bæjir sem hún fór á milli. En hún fór eitthvert á sumrin. Þegar Stína fór að flakka á milli bæja þá var komið haust. Hún fór sennilega í fæðingarsveit sín, hún fór líka austur í Þingeyjarsýslu, í Kinnina, jafnvel í Mývatnssveit, þar getur maður séð að hún skildi eftir sig einhver spor á gamals aldri.

Dalrún: Var að sjá að sonurinn væri með samviskubit í jarðarförinni, því hann heimsótti hana aldrei?

Ingibjörg: Ekki svo ég viti til. Hann heimsótti hana aldrei. Okkur fannst svo fyndið að sjá hann, að þetta væri sonur hennar. Hann var svo miklu stærri. Hann var hár og langur, enda var barnsfaðir hennar langur og hafði eitthvað dulnefni, hvort það var Stutta-Stína og Langites. En ég man bara að hann sonurinn virtist vera voðalega drjúgur. Hann var dálítið svona grobbinn. Hann var greinilega að leika aðalhlutverkið í jarðarförinni, fannst mér sem barn. Hann sennilega þekkti ekkert af þessu fólki sem var við jarðaförina, en hann var sonurinn. Hvort hann hafi staðið fyrir jarðarförinni, eða bara mætt þangað? Það veit ég ekki. Það var oft að kvenfélögin sæju um kaffið fyrir erfidrykkjur. Minningin mín var akkúrat sú að hann svona speglaði sig í jarðarförinni, hann var svona aðalpersónan. Ég man að hann heilsaði, gekk til fólksins og heilsaði eins og hann væri hálfgerður þjóðhöfðingi.⁶¹

Skrif þessi um Kristínu Jónsdóttur lýkur á þakkarorðum hennar, förukonunnar, til fólksins sem hlúði að henni á ferðalögum hennar.

Nú eru jólin að koma enn einu sinni. Alltaf hlakka ég til þeirra eins og börnin. Þá fæ ég sendingu frá Ragnari mínum og margir fleiri huga að mér einhverju, ef að vanda lætur. Ég bið góðan guð að launa öllum þeim, lífs og liðnum, sem hafa reynzt mér vel um dagana og óski þeim öllum gleðilegra jóla!⁶²

-
- ¹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ² Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 22.
- ³ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 22.
- ⁴ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls.4.
- ⁵ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 22.
- ⁶ Sveinn B. Ólafsson, „Jón sælor og Sigurður á Krosshóli“, bls 5. Þar segir að auki að Jón hafi fæðst 17. janúar 1885 á Upsum við Dalvík og dáíð 11. febrúar 1943. Lýsingar á Jóni svipa um margt til lýsinga á förumönnum. Jón hefur máské lífað um margt líkt og förumenn, en þó unnið sér til viðurværis. Sjá einng: Gísli Jónsson, „Jóni Skrikk“, bls. 2.
- ⁷ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁸ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 22.
- ⁹ Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ¹⁰ Samkvæmt Íslendingabók þá var Guðbjörg María Tómasdóttir (1854-1888) á Ásgerðarstöðum í Myrkársókn, Eyjafirði árið 1860. Guðbjörg var í Saurbæjargerði, í Myrkársókn, Eyjarfirði árið 1870. Síðan var hún vinnukona á Hofi í Vallasókn, Eyjafirði árið 1880. Hún flutti frá Neðra Asi í Hjaltadal í Skagafirði að Hofi árið 1880. Hún var dóttir Filippíu Kristínu Guðmundsdóttur (1827-1900). Í greininni „Síðasta förukonan“ segir Kristín um afa sinn Tómas, að hann hafi verið kallaður Gómas maur og hafi verið Hörgdælingur, bls. 22.
- ¹¹ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 11.
- ¹² Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 22.
- ¹³ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ¹⁴ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls.22.
- ¹⁵ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls.22.
- ¹⁶ Sveinn B. Ólafsson. „Jón sælor og Sigurður á Krosshóli“, bls 5.
- ¹⁷ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls.22.
- ¹⁸ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 22. Í kjölfar tilvitnarinnar í orð bóndans: „Ætli ég láti þig ekki hafa það fyrir að sem ég skammi þig“, þá bætti Hjörtur við innan sviga: „Þannig beygir sumt gamalt fólk í útsveitum Eyjafjarðar ennþá sagnir sem enda í 1. persónu eintölu á a“.
- ¹⁹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ²⁰ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ²¹ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 11.
- ²² Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 22.
- ²³ Sveinn B. Ólafsson. „Jón sælor og Sigurður á Krosshóli“, bls 5.
- ²⁴ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 23.
- ²⁵ Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ²⁶ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 23.
- ²⁷ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ²⁸ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 23.
- ²⁹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ³⁰ Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ³¹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ³² Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 23.
- ³³ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ³⁴ ÞÞ 7845.
- ³⁵ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ³⁶ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ³⁷ Kristín vildi ekki heldur að krakkarnir á bæjunum þar sem hún dvaldi væru nærri léreftspokunum sem hún ferðaðist með og hafði þar sem hún svaf. Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019. Sjá einnig: ÞÞ 7845.
- ³⁸ Í þessu sambandi má nefna göngukonuna Vigdís Ingvadóttur var einstaklega illa við förumanninn Árna frá Múla sem flakkaði um Mýrdalinn samtíða henni. Hún þoldi ekki við að vera á sama bæ og Árni. Samskipti þeirra Vigdísar og Árna er meðal þess sem fjallað er um í heimildarmynd minn *Síðasta förukonan í Mýrdalnum*.
- ³⁹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁴⁰ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁴¹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁴² Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁴³ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁴⁴ ÞÞ 7845.

- ⁴⁵ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 23.
- ⁴⁶ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁴⁷ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁴⁸ Gunnlagur V. Snævarr, „Begga gamla“, bls. 9.
- ⁴⁹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁵⁰ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁵¹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁵² Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁵³ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁵⁴ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁵⁵ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁵⁶ Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁵⁷ Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁵⁸ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁵⁹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁶⁰ Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 23.
- ⁶¹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁶² Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, bls. 23.

Jófríður Þorkelsdóttir (1865-1953)

Fríða



Teikning af Jófríði. (Guðbrandur Ásmundsson)

Jófríður Þorkelsdóttir var síðasta konan sem flakkaði á milli bæja á Snæfellsnesinu. Skrif þessi um Jófríði byggja annars vegar á munnlegum heimildum í formi viðtala sem ég tók við bræðurna Jón og Svein Guðjónssyni frá Gaul í Staðarsveit. Hins vegar byggja skrif kaflans á einstökum skrifum Helgu Halldórsdóttur frá Dagverðará um Jófríði í bók hennar *Öll erum við menn*. Þau skrif miðla ævi Jófríðar á fallegan og innilegan máta. Texti sem hefur að geyma sjónarhorn Helgu, viðhorf fjölskyldu hennar og sveitunga, og það sem einstætt er; sjónarhorn Jófríðar sjálfar sem kom fram í samtölum sem Helga lagði á minnið. Sá texti er helsti grundvöllur þess sem hér er ritað um Jófríði. Í skrifum mínum styðst ég einnig við túlkun Magnúsar J. Jóhannssonar á lífi Jófríðar, í greinastúfi hans og ljóðinu *Síðasta förukonan*. Bókin *Öll erum við menn* og ljóðið *Síðasta förukonan* eru ritheimildir, skrásettar af aðilum sem gæddir voru góðum rithæfileikum. Hvorutveggja eru góð dæmi um þá staðreynd að gæði í framsetningu minninga framkalla sterkari upplifun hjá lesandanum gagnvart þeim sem fjallað er um, heldur en er til að dreifa þegar textaframsetningin er ekki af miklum gæðum. Allir umræddir heimildarmenn, viðmælendur og höfundar, kynntust Jófríði á barnsaldri þegar hún kom á heimili þeirra á flakki sínu.¹ Allt aðilar sem fylgdu henni á milli bæja.²

Raunsanna snertingu vindsins þekkjja einungis þeir sem legið hafa úti ótal nætur; hann fylgir þeim hvert spor; ferðafélagi sem er órótt, líkt og þeim; þarf að fara á milli staða. Unga konan fékk ekki bara vindinn í fangið, nöpur snerting vetrarvindsins smaug í gegnum hana. Gerði að engu vonir um endurfundi við sumarvindinn sem ávallt hafði vakið með henni vonir með velgju sinni. Blíða sumarsins var horfin líkt og snerting ástvinar og horfinnar móður. Hún hafði upplifað raunsanna snertingu vindsins og ólgu hans sem leiddi milli skinns og hörunds á ferðum hennar, um vegleysur á milli fjalla, hreppa, bæja, milli alls sem hún þekkti og þekkti ekki. Heimilislaus kona sem fóstrar vindinn og veitir auðninni skjól.

Jófríður Þorkeldsdóttir var fædd árið 1865 að Árnesi, hjáleigu frá Staðarstað á Snæfellsnesi.³ Hún var dóttir Þorkels Jósefssonar (1830-1880), bónda í Árnesi og Halldóru Magnúsdóttur (1836-1922), húsfreyju í Árnesi.⁴

Halldóra varð háöldruð. Hún var orðlögð fyrir dagnað á meðan heilsa leyfði.⁵

Jófríður átti tvær systur, Ragnhildi og Sigríði: „Þær giftust báðar og áttu börn“.⁶ Jófríður átti líka einn bróður að nafni Maríus, hann drukknaði sem ungur maður.

Lítið talaði Fríða um æskuár sín, en þegar hún minntist þeirra, þá var auðheyrð að henni hefur þótt mjög vænt um foreldra sína og systkini, og kallaði sig þá ættarskömm og sagðist ekki vilja nota sér góðvild systra sinna vegna þess ástands sem hún væri í.⁷

Hvernig uppvaxtarsaga Jófríðar hljómaði, vissu fáir samsveitungar hennar. Sjálf sagðist Jófríður hafa hleypt heimdraganum á tvítugsaldri. Hulin bernskuár eru ákveðið minni í frásögnum af förukunum, líkt og komið var inn á fyrr í bókinni. Það frásagnareinkenni förukvennasagna er merkilegt, því bernskan er gjarnan það tímabil sem einstaklingar leggja mesta áherslu á þegar þeir segja sögu sína, líkt og sagnfræðingurinn Sigurður Gylfi Magnússon hefur bent á.⁸ En slíkt var ekki tilfellið í sögum margra förukvenna, þar á meðal sögu Jófríðar. Upphaf sögu Jófríðar er þegar hún hverfur frá æskustöðvunum. Að því leyttinu til svipar saga hennar til ævintýranna, þar sem lítil eða engin áhersla er lögð á bakgrunnssögu sögupersónanna. Í ævintýrum er mun fremur lögð áhersla á einstaka atburðarás. Í tilfelli ævisögu Jófríðar þá var áherslan lögð á flakkið og rót flakksins. Þó að hugleiðingar um horfna barnæsku förukonunnar hafi ekki verið langt undan í frásögninni.

Það klappar ei neinn þó krakki fæðist
í koti. Milli bæja læðist
hnúta um að í hjáleigunni
hafi þau fjölgað einum munni.
Signir króann sárum höndum
soltið fólk á útnesströndum.
Um hver verði ævislóðin
ósköp fátt sér lætur þjóðin.⁹

Það sem einkennir sögu Jófríðar er ein einstök heimild. Lífssaga Jófríðar, miðluð af Jófríði sjálfri.¹⁰ Lífssaga sem hún mælti af munni fram undir berum himni, einn sumardag 18. júní árið 1920 í áheyrn Helgu Halldórsdóttur frá Dagverðará. Tilefnið var 17 ára afmælisdagur Helgu. Hún var að fylgja Jófríði á milli bæja, líkt og oft áður.

Ég hef oft átt góðu að mæta hjá foreldrum þínum, og þú gast látið það ógert að fylgja mér þessa leið orðalaust og það á afmælisdaginn þinn.¹¹

Veðrið var ljúft, milt. „Stöðvaðu hestinn, farðu af baki og láttu blessaðar skepnurnar bíta“ - skipaði Jófríður. Hún fór af baki og settist á þúfu. Helga settist líka á þúfu. Þær sátu hvor á móti annarri.

Nú átt þú að þegja, og ég ætla að tala, og gríptu ekki fram í fyrir mér, þó ég verði langorð.¹²



Helga Halldórsdóttir

Söguflutningur Jófríðar var samfelldur, stýrðist ekki af spurningum og inngrípum líkt og einkennir munnlegar sögur sem formast í samræðum og viðtölum. Frásögn Jófríðar var ein heild, með upphaf, miðju og endi. Frásögn sem var ekki ætlað að skemmta heldur fræða; sagan af því hvernig kona verður förukona. Hér er um að ræða lífssögu förukonu, sagða af förukonu, og er því afar fágætt heimild. Saga sem var fest í kvennaminni þennan sumardag, og rituð niður rúmlega sextíu árum síðar af þeirri sem mundi, henni Helgu.

Ég hef oft átt góðu að mæta hjá foreldrum þínum, og þú gast látið það ógert að fylgja mér þessa leið orðalaust og það á afmælisdaginn þinn. Gaman hefði mér þótt að gefa þér einhverja afmælisgjöf, en ég get sagt eins og postulinn: Gull og silfur á ég ekki, en ég á annað, sem er ef til vill æðra gulli og silfri, ég á lífsreynslu. Ég var einu sinni ung að árum og æskuglöð eins og þú. Þegar ég fór frá móður minni, lenti ég á fyrirmyndar heimili. Húsmóðirin var mín önnur móðir. Þegar ég hafði dvalist þar í þrjú ár, kom þangað ungur maður úr öðru héraði. Faðir hans hafði verið mikill vinur húsbónda míns, og nú gisti þessi maður tvær nætur á heimilinu. Þegar hann var farinn, var ég kölluð inn í hjónahús, en svo var svefnherbergi húsbændanna kallað. Húsmóðirin bauð mér sæti hjá sér á rúminu, og húsbóndinn tók til máls. „Fríða mín, unga manninn, sem fór héðan í dag, vantar ráðskonu. Móðir hans, sem hann bjó með, er látin, og hann á stórt bú. Honum þykir erfitt að stjórna bæði úti og inni, því að vinnukonurnar eru

engar atkvæðamanneskjur. Mér þykir vænt um þetta fólk, því spyr ég þig, viltu fara ráðskona til þessa manns. Ég treysti þér best til að taka þetta starf að þér af öllum þeim ungu stúlkum, sem ég þekki. Þú þarft ekki að svara strax. Þú skalt hugsa málið og láta mig vita að viku liðinni, hvaða ákvörðun þú tekur, en ekki langar okkur hjónin til þess að missa þig héðan“. Ég varð alveg undrandi og lofaði að hugsa málið. Endirinn var sá, að ég fór til unga mannsins frá öllu og öllum, sem ég þekkti. Mér leiddist ekkert. Nóg var að starfa, og bráðlega tókust ástir með okkur. Við ákváðum að giftast næsta haust. Tíminn leið óðfluga eins og alltaf, þegar hamingjan er með á lífsleiðinni. Vorið nálgadist og veturinn var að kveðja. Unnusti minn var oft að heiman. Hann átti sæti í hreppsnefnd og gegndi fleiri trúnaðarstörfum fyrir sveit sína. Því fannst mér ekki við það að athuga, þótt hann væri síðustu vetrarmánuðina oft náttlangt að heiman. Í fyrstu viku sumars hafði hann verið fjarverandi í tvo sólarhringa. Ég kynntist fáum og spurði aldrei um ferðir hans, hvorki hann né aðra. Þegar hann kom heim, var hann fár og þögull. Ég spurði, hvort hann væri veikur, en hann neitaði því. Eftir morgunmjaltir tók hann mig á einmæli. Ég held ég muni ennþá hvert orð hans. Þau eru skráð með logaletri í sál mína, logum, sem slokna ekki, og þess vegna getur sárið ekki gróið. Unnusti minn settist á búrkistuna, og ég settist hjá honum. Hann tók til máls: „Foreldrar mínir vonuðu, að ég giftist dóttur hreppstjórans, og sá ráðahagur var ákveðinn af foreldrum okkar beggja, þegar við vorum um fermingu. Ef þessi ráðahagur tækist, sameinaðist talsverður auður. Um ást var aldrei talað, enda hef ég aldrei fellt ástarhug til stúlkunnar. Ég elska þig og enga aðra. Ég á ekki létt með að segja þér ákvörðun mína. Ég hef ákveðið að giftast hreppstjóradótturinni í vor af fjárhagsástæðum, en ég vona að samband okkar verði það sama, og að þú verðir kyrr hjá mér eftir sem áður“. Hvernig líður þeim, sem vaknar af værum blundi og sér ekkert umhverfis sig annað en eld og reyk. Hvernig líður þeim, sem gengur í náttmyrkri öruggur um rétta leið, en fellur andvaralaus fram af björgum ósýndur í ískaldan sjó. Ég veit það ekki, en ég hygg að mér hafi liðið líkt, þegar ég áttaði mig á orðum unnusta míns. Maðurinn sem ég elskaði og dáði, ætlaði að kvænast annarri konu vegna auðsins, og ég – ég átti að vera hjákona hans. Ég sem var alin upp í trú á heiðarleik og réttlæti, átti að verða auðvirðileg hóra. Ég stóð upp og mælti ekki orð. Ég var andlega stirðnuð. Ég grét ekki, ég gat það ekki. Aðeins ein hugsun komst að. Ég varð að fara frá öllu því, sem ég ætlaði að lifa fyrir. Ég tók saman fötin mín, setti þau í poka og lagði af stað eitthvað í átt til æskustöðva minna. Hvenær ég komst í þessa sveit, man ég ekki. Ég hef verið særð, og ég hef sært aðra. Dýrin hafa verið mínir einu sönnu vinir. Hundarnir og kettirnir fagna mér, hvar sem ég kem, en mennirnir fagna aðeins, þegar ég fer frá þeim. Ósjálfrátt sýni ég dýrunum það besta, sem ég á til, en mennirnir verða allir að gjalda eins manns. Ég skil ekki sjálfa mig, og því er ekki von að aðrir skilji mig. Þetta er saga mín. Þú mátt eiga hana í afmælisgjöf og njóttu hennar sem þú hefur vit til.¹³

Með því að segja sögu sína, þá var Jófríður ekki einvörðungu að miðla minningum af liðnum atburðum, heldur minningum af tilfinningum, minningum af andlegum veikindum, minningum af viðhorfum, minningum af tengslum sem voru horfin. Og það sem mestu skiptir, hún var að miðla sjónarhorni sínu á liðinni tíð, og um leið að forma nýtt sjónarhorn á ævi sína - væntanlega í þeirri von að fólk fengi þannig rétta mynd af hennar ævi og sýn. Til varð ímynd af konunni fyrir flakkið, ímynd sem Helga eygði við lok söguflutningsins.

Ég lét hestana rölta heim og reyndi að sjá Fríðu í nýju ljósi. Ég sá hana grannvaxna, háa, unga, bjarta og sviphreina. Síðar kynntist ég tveimur konum, sem voru henni samtíða í æsku. Báðum bar saman um, að Fríða hefði borið af flestum stúlkum bæði að viti og fegurð.¹⁴

Fræðikonan Elaine J. Lawless fjallar um tilgang frásagna kvenna við það að móta *sjálfið*, í bók hennar *Women Escaping Violence: Empowerment through narrative*. Hún segir að sögurnar sem konur segja móti sjálfið, allt frá fyrstu minningum þeirra til núlíðandi stundar, „rödd hennar, tekur á sig form sjálfins hennar“.¹⁵ Lawless telur það vera mikilvægt fyrir konur að miðla sjálfinu með röddinni, svo að þær geti sameinað þá ótal parta af sjálfinu sem þær bera innra með sér - með röddinni. Sagnir af förukönnum miðla oftast þögulli mynd af konu sem ber brotakennda mynd af sjálfinu innra með sér, á ferðum sínum; mynd sem áhorfendur rýna í og reyna sjálfir að miðla með eigin innri rödd. En saga Jófríðar er tilvik um sögu þar sem kona miðlar sjálfinu með eigin rödd. Síðan sameinast sú saga ótal minningabrotum þeirra sem mundu hana, á ferðum hennar um sögusviðið og heimili hennar, Staðarsveitina.

Skrif Helgu: Í sumum sveitum landsins voru farandmenn innan hreppa. Þeir voru ákveðinn tíma á hverjum bæ, og var það fólk, sem var þannig sálsjúkt að það gat ekki blandað geði við aðra menn til lengdar. Í minni sveit var kona ein, sem gekk á milli manna. Hún var fædd og uppalin í sveitinni.¹⁶

Skrif Magnúsar: Jófríður hafði þann hátt á, að hún ferðaðist milli bæja og dvaldi misjafnlega lengi hverju sinni. Stundum aðeins næturlangt, en stundum svo vikum skipti, allt eftir því hvernig á henni lá hverju sinni, og hvað henni þótti henta.¹⁷



Sveinn: Ég átti heima á Gaul. Þetta heitir Gaul hérna niður frá.

Dalrún: Hún kom þangað?

Sveinn: Já hún kom oftast á hverju sumri, einu sinni, ekki oftar. Hún kom hérna ofan að því það var svo erfitt að fara um niður við sjóinn, þar voru bara forarflóar. Hún stoppaði ekki lengi þarna heima. Það var svo þröngt, það voru margir á heimilinu. Hún kom og fór svo aftur.

Dalrún: Hvað varstu gamall þegar þú hittir hana fyrst?

Sveinn: Ég hef verið svona fimm, sex ára. En svo bara upp úr því þá hverfur hún. Þá er umhverfið mikið að breytast, þá fara byggingar að batna, íbúðarhús og svona. Eins og á Gaul. Þar var byggt steinhús

1944. En áður var torfbær, en það var náttúrulega þröngt þar með alla þessa krakka. Eftir það þá man ég ekki eftir henni.¹⁸



Jón Guðjónsson

Jón: Allt gangandi. Það var allt farið gangandi. Ég man ekki eftir því að hún færi nokkuð á hestbak. Hún gekk alveg sveitina á enda... Það var einhvern tímann á þessum árum, 1935-40, sem hún var á þessu ferðalagi. Þetta var þannig að hún var á sveitinni, og þessu var skipt niður á bæi, hvar hún átti að vera. Hjá okkur á Gaul, það voru svo mörg börn, að hún var voðalega lítið þar. Kom rétt svona kannski eina nótt eða svo. En hún fór alltaf gangandi um sveitina, bar sínar föggur á bakinu.

Dalrún: Þú segir að hún var alltaf hjá ykkur eina nótt?

Jón: Ekki meira hjá okkur, það var ekki pláss... Það var lítið rætt um það. Hún var bara svona. Var heimilislaus og flakkaði um. Sveitin átti að sjá um hana. Henni var skipt niður á bæi. Hún réði þessu ekkert sjálf.

Dalrún: Þannig að hún valdi ekki bæina sjálf?

Jón: Nei. Það átti ekki að vera, en hún gerði það að miklu leyti. Það voru aðstæður þar sem ekki var hægt að hafa hana. Þar sem mörg börn voru.¹⁹

Jófríður vann lítið sem ekkert á bæjunum þar sem hún hafði viðdvöl á flakki sínu um Staðarsveitina. Höfuðorsakirnar fyrir því voru eirðarleysi, andleg veikindi og erfiðir skapsmunir hennar. Hindranir sem hún náði aldrei að yfirvinna á lífsleiðinni. Heimildir eru þó fyrir því að hún þjónaði á bæjunum og á ferðum sínum á milli bæja. Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða ummæli hennar sem sýna annars vegar viðhorf Jófríðar til handavinnu kvenna sem vinnu. Hins vegar sýna þau afstöðu hennar gagnvart fólki sem vann ekki, heldur þáði fé sér til lífsviðurværis, þ.e. viðhorf Jófríðar til konungsfólks: „Aldrei hef ég heyrt talað um að kóngar, drottningar og krakkar

þeirra vinni heiðarleg handverk. Samt eru víst þessar svonefndu prinsessur, þeirra dætur, að sauma rósafflúr í silki“.²⁰



Sveinn Guðjónsson

Dalrún: Þegar hún var hjá ykkur, var hún ekkert að vinna?

Sveinn: Nei, ég man ekki eftir því.

Dalrún: Hvað var hún að gera?

Sveinn: Hún þrjónaði voðalega mikið. Var alltaf að þrjóna.

Dalrún: Sat hún inn í húsi að þrjóna?

Sveinn: Jájá... Hún er manni minnisstæðust af því að þegar hún kom, þá var hún labbandi náttúrulega, og í svona svartri, einhverri kápu - og hún var alltaf þrjónandi. Gekk með þrjóna, þrjónaði. Manni fannst það svolítið skrítið. En hún var alltaf með þrjóna.²¹

Jón: Hún þrjónaði svolítið. En það var nú ekki mikið. Ég held hún hafi ekki tollað við það almennilega... Það var ekki neitt sem hún var að gera, sat bara, talaði, hugsaði um hundana sem voru að fylgja henni.

Dalrún: Voru þetta hundarnir hennar?

Jón: Neinei, þetta voru bara hundarnir af bæjunum. Þeir komu með henni og svo voru þeir farnir þegar hún fór til baka.²²

Skrif Helgu: Alltaf var henni fylgt á milli bæja, nema ef hún stökk af bæ í reiðiskasti, þá þáði hún enga fylgd“.²³

Jón: Jájá. Ég fylgdi henni á milli bæja.²⁴



Sagnir af konum sem þrjóna á meðan þær ganga á milli staða, vitna ætíð um þessa vinnusemi þeirra kvenna, bæði í hérlendum sem og erlendum heimildum.²⁵ Lýsingar á þrjónamennsku kvenna á ferðalögum hefur þó líka aðra birtingarmynd í hérlendum þjóðsögum, n.t.t. í lýsingum á kvendraugum sem umkomulausar og án áfangastaðar fóru um þrjónandi í gríð og erg. Sögur þær fjalla um eirðarlausan kvendraug sem er þjakaður af harmi, er hún miðlar með ákafri þrjónamennsku - eða hálfkláruðum þrjónverkum.²⁶ Förukönur voru sumar hverjar einkar lagnar í höndunum og afkastamiklar hannyrðakönur, en þrátt fyrir það þá voru förukönur sjaldnast kunnar fyrir vinnusemi. Þar af leiðandi koma síþrjónandi förukönur á borð við Jófríði, fremur fyrir sjónir líkt og síþrjónandi kvendraugarnir; eirðarlausar konur sem eru sígangandi og síþrjónandi á jaðri samfélagsins.²⁷

Í föggum sínum geymdi Jófríður vetrarvistarbréf, sem bóndinn, oddvitinn og skáldið Jón Gunnlaugur Sigurðarson (1864-1950) í Hofgörðum skrifaði fyrir farandkonuna, „handa heiðursmey Jófríði Þorkelsdóttur í Staðarsveit veturinn 1907-1908“.²⁸ Vetrarvistarbréfið var óformleg leið oddvitans til að reyna að hafa stjórn á flakki Jófríðar í Staðarsveitinni. Bréfið fjallar um það hvernig koma skal fram við Jófríði, og hvernig Jófríði ber að hegða sér á bæjunum. Höfundur leggur áherslu á að Jófríður tileinki sér kvenlega framkomu og dyggðir sem séu í samræmi við kynferði hennar. Aukinheldur tekur bréfið til vinnuframlags Jófríðar á bæjunum. Að því leytinu til minnir vetrarvistarbréfið eilítið á vinnuhjálögin og húsagatilskipunina. Jófríður var ánægð með bréfið, að undanskildu einu orði sem kom þar fyrir, orðið *hveppsprýði*: „Þetta orð er það eina í kvæðinu sem reitir mig til reiði, enda ætla ég að láta Jón heyra það, þegar ég finn hann næst“,²⁹ sagði Jófríður sár. Bréfið var skrifað í kómískum stíl, jafnvel þó svo að innihald bréfsins væri ætlað að vera leiðbeinandi bæði fyrir Jófríði og fólkið sem hýsti hana á ferðum hennar. Jón Gunnlaugur Sigurðarson sem samdi vetrarvistarbréfið handa Jófríði förukönu, samdi líka til dæmis kvæði um rauðsokkurnar. Yrkisefni Gunnlaugs vitnar um þær miklu samfélagslegu breytingar sem áttu sér stað fram eftir 20. öldinni.

Veturviðfarabréf

handa heidursmey Jöfnu þorbildu dóttur í Stárasveit vefurinn
1907-1908.

Eftir lögum og landsveingja skal hvers máttur vera heimilis-
farður og húsangangur þvarefna þras sem mennskir menn bál
byggja og birstað eiga. Gildir þetta jafnt um konur sem karla líka
í sveitum, sem sjávarbyggðum, eftir hit fjalla og á andnesjum.

Þú er svo ástátt í orri sveit að heidursmeis ein, er hvers máttur
er þekktur Jöfnu að nafni, er hjá Jóni belgu aðreks hafði
örskubtan líma, hefir ársheimili og aðreks í öllum þeim
þeir umna sveitar. Er þerri af þreppsnefnd og höfðingjum
öllum veitt velturvit hit vordaga í sveit þessari og sama
stáras. Skal þerri heimilt í þreppi þinnum að dvelja jafnt
daga sem netur, í þreppum þeim sem und badi þinns, þreppsnefndar
meis í Huga og Götum, eftir umlati allrar þreppsnefndar í kvætum
þerri hjá Stalsbundum, klerki og kaupmanni kotungum og eldyri,
smalathismönnum og útum þreppsfolkis. Skal þú þras mat og þir-
veiti þafa, hita og ljús og loft og lífs skilgáti öll þú sömu sem
önnur meis. Skal þú gínd þafa og gátan þú á heimili þveingja

ífi og inni í vöku og svefni, seint og snemma svo og
 leiðbeining skipa í hjóttum sem hægurinn og höskufroðum,
 beja milli og býla allra. Þú hefur hrisbunur á hverjum
 þve götu í atlotum og eins hrisfregjum, böm og birstijum
 quðkur, hriskarlar og gamalmenni.

Aftur á móti er yngjörmey Jöfins Þorkelisdóttur á þessum stöðum
 skylt að auðryna öllum mönnum, hlyftri og hollustu og hægðan
 götu, idni og ástundum allra starfa, ástund og ynnileik og
 alla kurtsepti, dætrika dyggð og kállaura byggð. Þú hefur
 að ganga fram, sem göfugri jungfrú í götu ríðferti og glátri
 lund, í ortum og eði og allri bregfri, jafnub um daga sem dimma
 nætur, hugljúf vera hvejum manni, svo sem yngjörmey ógífti
 semis, þeim er í veit vorri ríðferti kallast. En ef út af þess ein-
 hvergi þessu, eða Jöfins illurðum hvefji, skulu gætt þessu in gildi
 nemmin og hris vera rek in ranni hvejum og hvergi hvef manna á
 milli, en hveingja hvefja á höttustu lögum, þeim er gildasta Guds-
 eigna. Skal mi þess á eftir selt skía yfir veltumist Jöfins til vordaga.
 En velur vistarstæðis þessnar 26, sambals 26 í sveitinni og
 skal þú dvelja frá 1/2 viku uppí 2 ortum á hvejum stöð.
 Náfn þessinna né ábúnda en eðli þalín þess.

Veðunistaarbref þetta ber að líða fylgja fjörfirðri og framangveindri jungfrú Jöfndu, gáfuð og fjétt, ávætt og alltaf ríða bei.

Skal þú ávarði hvers það lesa og eftir því bregða í öllum greinum. Skal Jöfndu það jafnan geyma, vandaða stöngu og vandalega gata þess, að ei gleymist né glatast má, skaddist né skemmtist svo að skift þess mást, svo ei last væri líkam öllum, þeim er skjót skrifst skemmt gata eða að líti orðið til leubingar og eftirbregða í kvæðum, svo langt sem má bínda byggja í framfarluweit framangveindar mezza, ungra og óþilltar, sem engum er heita né við karlmann þend svo kvísað þafi. Skal þú og einn rita orði, "Stofuð" affar við bejarnafnið þá er þú þessi lotuð veru sinni í þeim stór. Eftir þessum framangveindum skal jungfrú Jöfndu gáfuð sem þú bunduð nétt og ríðilega þessá ríð jafnan í einu og öllu.

Þannig útbúið og undirbúið með okkar beggja eiginhöndum þeim í Hofgöndum þinum forma, þinn ríðanda dag desembermánaðar að aldastali eftir þessu fætingu á ríðjan þundrust og ávætt ríð.

Þú og Sigurðsson Þú Sigurðsson.

Skrifst upp eftir þessu orði oddvita Stataweitar í
Svefellsnassjula árið 1907-1908

Jófríður var ætíð kölluð Fríða af Staðsveitungum. Stundum var líka notast við viðurnefni, sem ætlað var að þjóna sem áminning um hver staða göngukonunnar var í samfélaginu. Auknefni sem voru valin henni af öðrum. En líkt og þekkt er, þá eru það valdhafar sem velja nöfnin, hvort sem um ræðir foreldra, kirkjuna, eða aðila sem taka sér vald með því að uppnefna aðra.³⁰

Skrif Helgu: Þegar ég man fyrst eftir Fríðu, en svo var hún alltaf kölluð, og sumir bættu orðinu flökkuframan við nafnið...³¹

Jón: Hún var oft kölluð Fríða stóra eða Fríða vitlausa. Þetta var svona ýmist. Svo var hún líka kölluð Fríða gamla.

Dalrún: Af hverju var hún kölluð Fríða vitlausa?

Jón: Því hún var hálf rugluð. Hún var ábyggilega ekkert heimsk manneskja, hún var sjúklingur. Það var ekkert annað. Þetta var bara sjúkdómur, sem væri sjálfsagt hægt að lækna í dag. Það voru engin meðöl þá. Ég man ekki eftir því að hún tæki meðöl.³²

Skrif Magnúsar:

Jófríður var hennar heiti,
hreppti smán að föruneyti.
„Vitlausa“ að viðurnefni
í vöku jafnt og fasta svefni
mátti af vörum heimskra heyra.
Hrópið glymur sárt í eyra.
Sumir vilja öllu eyða
annara gleði til að deyða.³³

Bæði útlit og persónuleiki Jófríðar voru á skjön við ráðandi hugmyndir í samfélaginu um kvenleika. Hún var kona sem tók rými. Jófríður var sögð vera stór kona; stórgreind; með stóra skapsmuni. Ásýnd hennar var eftirtektarverð og stóð í minni þeirra sem börðu hana augum. En engar heimildir er að finna um það að Jófríður hafi orð á eigin útliti.

Sveinn: Hún var svolítið stór, hún var með stærri kvenmönnum sem maður sá.³⁴

Skrif Helgu: Hún var há vexti og beinvaxin og mjög holdug, en andlit hennar og fætur voru með blárauðum hörundslit. Hárið var ljóst og liðað, en dálítið hæruskotið. Ennið var hátt og slétt, augnabrúnirnar voru fallega bogadregnar og heldur dekkri en hárið. Augun voru vatnsblá og lágu dúpt. Stundum voru þau hlæjandi og glettnisleg, en stundum svo köld, að það var eins og úr þeim flygju ísnálar, enda fylgdu slíkum augnaköstum sjaldan fögur orð. Nefið var beint, en þó ekki hvasst, munnurinn var lítill og vel lagaður, hakan nokkuð breið, enda kinnar hvapmiklar sökum óvenjulegs holdafars.³⁵

Jón: Þetta var stór og myndarleg manneskja. En það var ekki að marka því hún var alltaf klædd í svo miklum fötum utan um sig, í allskonar fötum. Hún bar allar sínar föggur á bakinu í poka. Það var ekkert annað sem hún átti. Hún var alltaf ógurlega mikið klædd, allskonar föt, kannski mörg lög af fötum. Neinei. Hún gat verið eins og venjuleg manneskja svo var hún stundum reið, og stundum lá vel á henni.

Dalrún: Af hverju heldur þú að hún hafi klætt sig svona sérkennilega?

Jón: Ég veit það ekki. Bara til þess að klæða af sér kuldann. Svo var verið að gefa henni föt sem ekki pössuðu og allavega. Hún var stór, en ekkert ófrið. Frekar frið manneskja. En stór.³⁶

Skrif Magnúsar:

Löngum dúðuð lörfum var hún,
lítinn poka á herðum bar hún.
Elg og krapa upp í læri
óð, þá vetrar spillist færi.
Bólgur færur báru merki' um
að bjargast hefði' ún oft með herkjum.
Líkams bæði og sálarsviðinn
sífellt ráku burtu friðinn.³⁷

Skrif Helgu: Þrátt fyrir auðnuleysið hvíldi alltaf yfir henni einhver reisn, sem fáum konum er gefin.³⁸

Jófríður var stór kona í samfélagi sem gerði kröfur um smáar konur, helst lítið greindar, með blítt skap. Hún var svanur í þratarhreidri. Hið innra ólgaði kvöl. Hún komst aldrei á flug. En fagar voru skrautfjaðrir hennar, persónuleiki Jófríðar.

Skrif Magnúsar: Í mínum huga er hún einhver eftirminnilegasti persónuleiki, sem ég hef kynnst.³⁹

Sveinn: Henni var tekið ágætlega, að minnsta kosti þarna heima. Hún var ekki með neinn kjaftagang; hún var ekki að að bera út eða finna að. Hún bara kom og spjallaði og svo fór hún aftur. Ákaflega alþýðuleg. Það voru náttúrulega fáir sem komu, manni fannst það svolítið sérstakt þegar hún kom, birtist, þegar maður sá til hennar niður holtið. En hún stoppaði ekki lengi. Það hefur sjálfsagt verið vegna þess að það voru þröng húsakynni, krakkarnir margir. Og þá hefur hún bara farið aftur.⁴⁰

Jófríður var talin vera gáfuð kona, sem naut sín ekki sem skyldi: „Veik á geði en þekkt fyrir greind og atorku, ein síðasta förukonan á Íslandi“.⁴¹ Andleg mein hennar báru hana oft ofurliði, og komu í veg fyrir að hún gæti dafnað í takti við eigið gáfnafar: „Gneistandi var gáfnafarið. / Gleymdist fáum beitta svarið“.⁴²

Jón: Hún gat sagt sögur þegar vel lá á henni. Borið fréttir á milli bæja. Það var enginn sími þá. En svo var það stundum að henni leið eitthvað illa. Það var svo misjafnt.

Dalrún: Hverskonar sögur sagði hún?

Jón: Það var nú bara svona hitt og annað, um fólk og svoleiðis. Sagði frá því.

Dalrún: Var hún ekki að skálda?

Jón: Það held ég ekki. Ég held hún hafi ekki sagt neinar skáldsögur, bara svona um ættir. Hún var dálítið fróð um ættir fólks.⁴³

Hún þótti ekki eftirsóknarverður gestur, þó gat hún verið kát og minnug og sagði sögur, og einstöku sinnum rösk við vinnu. En oftar var hún í vondu skapi og þreytandi í umgengni og börn stundum hrædd við hana. Ég ætla þó að hún hafi í eðli sínu verið barngóð.⁴⁴

Skrif Helgu: Fríða hafði ánægju af sögum og ljóðum, og oft hafði hún einhverja ljóðabók í poka sínum, sem einhver hafði gefið henni, eða hún hafði fengið að láni hjá öðrum. Fengi hún bók að láni, fór hún vel með hana og skilaði henni alltaf og lét um leið falla ítarlegan dóm um kosti hennar og galla.⁴⁵

Dalrún: Fékk Jófríður bækur af heimili þínu að láni?

Jón: Nei það held ég ekki. Það tíðkaðist ekki þá, svoleiðis gjafir.⁴⁶



Persónuleiki Jófríðar markaðist af gáfum hennar og mikilli réttlætiskennnd. Jófríður hafði upplifað óréttlæti manna á eigin skinni, það að vera undirskipaður þjóðfélagsþegn; kona, andlega veik kona, sérstæð kona, göngukona, stórgerð kona, gáfuð kona. Reynsla Jófríðar, gáfur hennar og góðmennska, var að segja má lindin sem nærði samkennd hennar og skilning gagnvart þeim sem minnst máttu sín í bændasamfélaginu, dýrunum. Segja má að barátta fyrir bættum hag dýra í sveitinni hafi verið ævistarf Jófríðar. Hún annaðist dýr og beitti sér fyrir málefnum dýra. Í stöðnuðu afturhaldi bændasamfélagsins stakk þessi forveri dýraverndunarsinna í stúf. Baráttukona dýra, sem gerði ekki greinarmun á því hvort hún barðist við bónda, húsfreyju eða prest í þágu málleysingjanna. Mennirnir og dýrin skyldu standa jöfn.⁴⁷

Skrif Helgu: (Jófríður mælti) „Ég spurði prestinn, hver ætti þetta verkfæri. Hann sagðist eiga það. Þá útlagði ég fyrir honum, hve ósamboðið hans embætti væri að eiga drápsvopn, og seinast sagði ég honum, að hann væri helvítis tarfur.“⁴⁸ „Hvað sagði presturinn?“ spurði mamma. „Hvað ætli hann gæti sagt. Hann hlustaði á mig. Svo sagði hann bara: „Jæja,“ glotti og gekk út, en ég hefði átt að segja mannýgur tarfur. Þeir sækjast eftir lífi eins og þessir svonefndu veiðimenn“.⁴⁹

Jón: Við sáum alltaf til hennar. Það var þannig, að það fylgdu henni alltaf einhverjir hundar, hún safnaði þeim í kringum sig. Hún kom eftir veginum. Svo kom hún bara og var. Það var vandamál með hana, hún vildi fara í grautarpottana og ná í handa hundunum mat sem hún fann. Þetta voru ýmis vandamál.

Skrif Helgu: Fríða var svo mikill dýravínur að úr hófi gekk, að mörgum húsfreyjum þótti nóg um, þegar skálarnar handa einu hundkvikindi voru orðnar þrjár til fjórar auk hinnar venjulegu hundaskálar, og sama máli gegndi um kettina. Ef fundið var að þessu háttalagi hjá Fríðu, þá varð hún stórreið, og orðsnilldin var oft mikil, þegar hún hellti úr skálum reiði sinnar.⁵⁰

Skrif Magnúsar:

Málleysingja, hunda og hesta
hún sem vini taldi besta.
Gamall jálkur kátur kumrar
kerling meðan við hann stumrar.
Þáði mola' úr hrjúfri hendi,
hrakið dýrið skyldleiks kenndi.
Oft hún rétti' af eigin fæði
ýmsum skepnum nokkur gæði.

Milli bæja í hópum hundar
henni fylgja, hvar hún skundar.
Ergi og grimmd hún í þeim lægði,
orð í fullri meining nægði.

„Skrítið“, sagði kerla, „að kunna
kvikindum ei góðs að unna.
Ýmsir mættu eflaust þakka
ef þeir líktust meira rakka.
Hundur engan heldur svíkur,
hann er ekki mönnum líkur.
Aldrei hef ég hlotið hrekki
af hundi sem ég eitthvað þekki.
Mörgum eru þeir mönnum skárri,
mæli ég það af reynslu sárri“.⁵¹

Af heimildum að dæma var Jófríður óhamingjusöm kona, eins og eftirfarandi orð hennar sýna: „Ég hef nú sjaldan verið við jarðarför til þess að samhryggjast syrgjendum, heldur finnst mér hver góð manneskja sé sæl að hverfa frá þessum heimi“.⁵² Hún var einræn í háttum, og átti ekki í nánnum samböndum við aðra einstaklinga á flakki sínu. Að undanskildum þeim samböndum sem hún átti við konur í sveitinni, sem hlúðu að henni á ferðum hennar. Snemma á ævinni hafði Jófríður einangrað sig frá fjölskyldu sinni, því hún taldi sig ekki vera samboðna fólki sínu. Taldi sig kalla yfir fjölskyldu sína og ættmenni skömm: „Best væri, að ég gleymdist öllum ættingjum mínum“.⁵³ En þrátt fyrir að vera einræn kona, þá mætti Jófríður í allar jarðarfarir á Staðarstað. Það gerði hún að vísu einvörðungu til þess að heyra sérann syngja lagið *Allt eins og blómstrið eina*, en hún sagði sönginn færa sig nær guði: „Þegar ég

hlusta á þann söng, vikna ég alltaf, ekki af sorg heldur af einhverju, sem nálgast gleði“.⁵⁴ Því má álíta sem svo að Jónfríður hafi haft getu til þess að gleðjast, þó ekki væri nema stutta söngstund.

Allt í lífi Jónfríðar var ýkt; ástarsamband hennar; ástarsorg; sambandsleysi hennar við fjölskyldu sína; erfið samskipti; útlit; barátta hennar fyrir réttindum dýra; óhamingja; og skapsmunir. Hegðun hennar var ýkt, ekki síst með hliðsjón af ráðandi formgerð samfélagsins á þeim tíma. Jónfríður minnir þannig að mörgu leyti á tröllkonurnar, stórgerðu, skapstóru, sem höfðust við á jaðri mannabyggða, í villtri náttúrunni. Konur sem voru of stórar fyrir mannfélagið. Ýkjurnar í lífi Jónfríðar má rekja til ýmissa þátta, en þó máske fyrst og fremst til andlegra veikinda sem hún þurfti að kljást við til æviloka. Veikindi sem mörkuðu líf hennar á stórfelldan hátt. Ýmsar kenningar voru settar fram í tengslum við hver rót veikinda Jónfríðar væru. Í fyrsta lagi var talið að veikindi hennar væru beintengd ástarharmi sem hún upplifði. Jónfríður taldi sjálf þann harm vera kveikjuna að andlegum erfiðleikum sínum, líkt og kom fram hér á undan í sögu hennar. Í öðru lagi var talið að hún hefði orðið veik eftir að hafa legið úti í nokkra daga, í kjölfar ástarsorgarinnar. Í þriðja lagi voru andlegir kvillar Jónfríðar tengdir við það að hún hætti á blæðingum á þrítugsaldrinum. Sú skýring sýnir að sumt fólk tengdi andleg mein Jónfríðar beint við ókvenleika hennar.⁵⁵

Skrif Magnúsar: Hún sagði frá því, að frá þessum bæ hafði hún farið síðla sumars, fótgangandi áleiðis til æskustöðvanna. Legið úti margar nætur, en komist að lokum til byggða vestur á Skógarströnd eftir mikla hrakninga. Eftir þetta ferðalag varð hún mikið sjúk, andlega og líkamlega. Afleiðingar þeirra veikinda fylgdu henni til æviloka. Upp úr þessu fór hún að flakka, einkum í fæðingarsveit sinni, Staðarsveit.⁵⁶

Jón: Hún varð fyrir ástarsorg þegar hún var ung kona. Var haldið að hún hefði geðbilast þá. Hún taldi sig vera trúlofaða manni sem sveik hana svo.

Dalrún: Finnst þér það vera sennileg skýring?

Jón: Já mér finnst það ákaflega sennilegt.⁵⁷

Jón: Það var stundum sem hún var reið, þá fór hún bara. Það var svo misjafnt hvernig lá á henni. Henni leið ábyggilega illa stundum, svona sálarlega... Það var talað um það, að það hafi verið þannig. Þetta hefur bara verið geðveila. Sjálf sagt verið hægt að lækna þetta í dag. En úrræðin voru ekki önnur en þetta. Fólki var bara raðað niður á bæina. Hún var mest út í sveitinni, Hólkoti og Barðarstöðum.

Dalrún: Heyrðir þú einhvern tímum fólk að heimilinu tala um að hún væri veik á geði?

Jón: Það álitu það allir, að hún væri það. Hún var ekki heilbrigð. Þetta var misjafnt hvernig hún var. Stundum var hún dálldið viðskotail. Svo gat legið vel á henni og allt í finu lagi. Það var eins og þessi sjúkdómur er.

Dalrún: Var spennan inn á heimilinu þegar hún var viðskotail?

Jón: Já við krakkarnir, við vorum bara hrædd við hana. Ég held að við höfum yfirleitt bara forðast hana sem mest, ekki viljað hafa nein samskipti við hana.

Dalrún: Var hún ekki barngóð?

Jón: Hún var afskiptalaus við börn. Skipti sér lítið af þeim. Ég man eftir því þegar hún var að koma, maður sá til hennar. Þá fóru allir í svona varnarstöðu.

Dalrún: Þegar hún var að koma?

Jón: Jájá.

Dalrún: Hvernig þá?

Jón: Jah svona viðbúin að taka á móti henni. Menn vissu aldrei í hvaða ástandi hún var.

Dalrún: Var hún einhvern tímum í þannig ástandi að hún virtist vera út úr heiminum?

Jón: Neinei, hún var bara eins og hún væri reið. Neinei, hún var með á hlutunum.⁵⁸



Á einum tímapunkti var Jónfríður lögð inn á Kleppsspítalann af sveitungum sínum:⁵⁹ „Send var kerling suður að Kleppi / sínum burt frá skylduhreppi. / Á doktorinn hún eyddi orðum, / allt var það í felldum skorðum.⁶⁰ Ekki er hægt að segja fyrir víst hvenær hún var lögð inn, eða hve lengi hún dvaldi, þó hægt sé að fullyrða um að hún hafi verið lögð inn á þeim tíma sem Þórður Sveinsson starfaði sem yfirlæknir á Kleppi (1907-1940).⁶¹ Spítalinn var rekinn sem heilbrigðisstofnun og sveitabær - þar sem í senn var lögð stund á lækningar, dýrahald, landræktun og innistörf.⁶² Í bók sinni Öll erum við menn miðlar Helga Halldórsdóttir reynslu Jónfríðar af dvöl sinni á geðspítalanum, með hennar eigin orðum.

Skrif Helgu: Nýkomin var ég kölluð til viðtals við yfirlækni. Hann heilsaði mér alúðlega og bauð mig velkomna. Síðan spurði hann um ætt mína og uppeldi og mína verustaði, sem ég nefndi með nafni nema þann stað þar sem ógæfan dundi yfir mig, og sagði honum eins og satt var, að öll Staðarsveit væri minn síðasti samastaður. Svo spurði hann: „Hvað eru margar stjórnur í himingeimnum?“ „Stjórnur í himingeimnum,“ át ég upp eftir honum. Það getur engin mannskepna vitað. Það veit enginn utan sá, sem þær skapaði og þeim stjórnar“. Síðan spurði hann: „Hvað eru mörg hár á mannshöfði“ Ég svaraði: „Því er nú fljótsvarað. Sköllóttur maður hefur ekki eitt einasta hár á hausnum, en vinnandi fólk hefur annað að gera en telja hárin á hvers annars höfði og í Ritningunni stendur eitthvað á þá leið, að Guð fylgist með hverri manneskju, og orðrétt stendur: „Og jafnvel yðar höfuðhár eru talin“. Ef þér komist svo hátt eftir dauðann að ná tali af Skaparanum, skuluð þér spyrja hann að því hvað margar stjórnur himins eru og hve mörg hár séu á hvers manns höfði“. Svo bætti ég við: „Satt er það, sem skrifað stendur: „Svo getur einn heimskingi spurt, að tú vitringar geti ekki svarað“. Læknirinn brosti og kallaði á stúlku, sem átti að fylgja mér til míns herbergis.⁶³

Skrif Helgu um Jofríði, gefa raunsanna mynd af ríkjandi viðhorfum til fólks sem áttu við geðræn vandamál að stríða í samfélagi þessa tíma. Viðhorf annars vegar á umönnun geðsjúkra inn á heimilum, og hins vegar umönnun geðsjúkra á geðsjúkrahúsinu Kleppi: „Fríða sagðist hafa lært það á Kleppi að þakka Guði fyrir að hafa þá heilsu að geta gengið um á milli manna, því aumingjunum á Kleppi gleymdi hún aldrei“.⁶⁴ Slíkur samanburður á umönnun geðsjúkra út frá sjónarhorni einstaklings með geðræna kvilla á grunni eigin reynslu af þeim málum, verður að teljast mikilvægur í sögunni. Dæmi um slíkan samanburð frá hendi Jofríðar, var þegar hún gerði greinamun á aðferðafræði Klepps og sveitunga sinna, svo sem kemur fram í skrifum Helgu. Þar lýsir Jofríður því þegar hún var sett á föstukúr, aðferðafræði sem yfirlæknirinn Þórður Sveinsson studdist títt við í sínum geðlækningum.⁶⁵

Skrif Helgu: (Jofríður mælti) Það fyrsta er, að ég er látin liggja í rúminu eins og ég væri karlæg, og það þriðja er að rúmið er alltof stutt til þess að ég geti rétt úr mér“. „Þetta er nú ekki gott ástand“ sagði mannauminginn, „og ég skal tala um þetta við yfirlækni“. Svo sagði ég: „Þakka þér fyrir og segðu yfirlækni, að aldrei hafi neinn í Staðarsveit sparað mat við mig né talið hann eftir og varla er hægt að skilja að sultur og hreyfingarleysi hafi bætandi áhrif á sálina, þó sumir hefðu gott af því að svelta einn dag í viku, eins og einhver sagði mér að Gyðingar gerðu“.⁶⁶

Þegar ævilok Jofríðar nálgudust, var hún á ný send inn á stofnun af sveitungum sínum. Í það skiptið er Jofríður sátt með tilhögunina, hún skyldi send „til nunnanna í Stykkishólmi til langdvalar“.⁶⁷ Og Jofríður taldi sig eiga margt sameiginlegt með þeim konum krists.

Jón: Svo var hún orðin það léleg að þetta var ekki hægt, og þá fór hún bara inn í Stykkishólmi á sjúkrahús. Hún endaði ævina þar, í Stykkishólmi.

Dalrún: Þegar hún var send til nunnanna í Stykkishólmi, var það af því að hún var orðin svo líkamlega veik eða andlega veik?

Jón: Hún var orðin líkamlega léleg. Hún var orðin það gömul.⁶⁸

Áður en Jofríður á gamals aldri fer á til langdvalar í Stykkishólmi þá gekk hún um sveitina og kvaddi konurnar sem voru henni samferða um miðbik æviferðar hennar. Hún vissi það jú fyrir víst, að endastöðin væri Stykkishólmur. Hún myndi ei enda ævina heima.

Skrif Helgu: Ég gat ekki farið úr þessu byggðarlagi án þess að kveðja þær konur, sem ég held að aldrei hafi talað til mín styggðaryrði, hvernig sem ég rausaði um eitt og annað í reiðiköstum mínum.⁶⁹

Þessum sagnaþætti úr lífi Jofríðar Þorkelsdóttur, einnar af síðustu förukonum Íslands, lýkur á kveðjuorðum hennar til unglingsstúlkunnar sem fylgdi henni einn mildan sumardag á milli bæja - til hennar Helgu Halldórsdóttur á Dagverðará.

Fríða stóð upp, og ég gekk til hennar og þakkaði henni fyrir söguna og spurði síðan með hálfum huga: „Hefur þú ekkert frétt af þessu heimili, sem þú yfirgafst?“ „Jú, ójú, þau giftu sig og lifa saman í auði og virðingu, en sagt er að þau eigi ekkert lífs-afkvæmi. Meðan ég flækist um með minn poka og veld öðrum andlegum sársauka, gera þau ef til vill góðverk af sínum mikla auði, en þegar lífsgöngunni lýkur, býst ég við, að allt, sem ég geri öðrum til ills, verði skrifað á reikning stórbóndans og heiðursmannsins, sem eitt sinn fetaði í fótspor Júdasar þess, sem kristnir menn

kannast allir við, en ég veit að þá hvílist ég í friði, og ég fel því réttlæti Drottins alla dóma, sem mér viðkoma. Það er stutt heim að bænum. Leystu pokann frá hnakknum og fáðu mér hann. Þú fylgir mér ekki lengra, og hafðu þökk fyrir fylgdina.“⁷⁰



¹ Eins og gjarnt er í minningaskrifum um förfólk, þá miðlar Helga minningum sínum af Jófríði úr barnæsku sinni og frá sínum unglingsárum. Þó svo að Jófríður var að flakka um sveitina á fullorðinsárum Helgu. Í lok skrifanna lýsir Helga því þó þegar að Jófríður kemur að kveðja hana, þegar hún var orðin fullorðin kona.

² Til viðbótar er lítillaga stuðst við svör spurningaskrár Þjóðháttaafnunar Þjóðminjasafns. ÞP 7804. Heimildarmaðurinn er fæddur 1917.

³ Fjölskylda Jófríðar bjó á Árnosi í þá tíð er frændi hennar séra Sveinn Niússon (1801-1881) var prestur þar. Í tengslum við söguvettvanginn, þá má geta þess að mikið var um þurrbúðarfólk, lausamenn og flakkara á Snæfellsnesi á 19. öld. Sjá Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 13.

⁴ Þorkell Jósefsson var fæddur að Stóra-Kambi í Breiðuvíkurbreppi. Samkvæmt Íslendingabók var Þorkell á Stórakambi í Knarrarsókn, Snæfellsnesi, 1845. Hann var bóndi á Hóli í Staðarsókn, 1860. Og bóndi í Árnosi, 1870. Halldóra fæddist að Lýsuhóli í Staðarsveit. Samkvæmt Íslendingabók þá var Halldóra húsfreyja í Árnosi, 1870. Vinnukona á Borg í Miklaholtssókn, 1890. Og þurfalingur í Gröf í Miklaholtssókn, 1920.

⁵ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 243

⁶ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 243

⁷ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 232

⁸ Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, bls. 70: „Langflestir höfundar sjálfsævisagna ræða ítarlega um bernsku sína. Þetta er sá tími í lífi fólks sem flestir höfundar finna sig knúna til að ræða af ótrúlegri nákvæmni, oft svo mikilli nákvæmni að lesandanum finnst nóg um“.

⁹ Magnús J. Jóhannsson, *Síðasta förukonan*.

¹⁰ Til er önnur löng og samfelld frásögn þar sem förukona segir frá ævi sinni, sem er viðtal Hjartar E. Þórarinssonar við förukonuna Kristínu Jónsdóttur. En formgerðarmunurinn á frásögnum þeirra Kristínar og Jófríðar á ævi sinni er sá að Jófríður sagði sögu sína án nokkurra inngrípa frá hendi hlustandans, á meðan Kristín miðlaði sögu sinni í viðtalsfrásögn.

¹¹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 240.

¹² Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 240.

¹³ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 240-242.

¹⁴ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 243.

¹⁵ Elaine J. Lawless. *Women Escaping Violence*, bls. 6. Þýðing höfundar á textanum.

¹⁶ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 238-239.

¹⁷ Magnús J. Jóhannsson, *Síðasta förukonan*, bls. 99.

¹⁸ Sveinn Guðjónsson, viðtal við höfund, Staðarsveit. 2017.

¹⁹ Jón Guðjónsson, viðtal við höfund, Akranes. 2017.

²⁰ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 250.

²¹ Sveinn Guðjónsson, viðtal við höfund, Staðarsveit. 2017.

²² Jón Guðjónsson, viðtal við höfund, Akranes. 2017.

²³ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 239.

²⁴ Jón Guðjónsson, viðtal við höfund, Akranes. 2017.

²⁵ Hjaltlandseyjakonur á 19. og 20. öld eru til marks um það. Í bók Lynn Abrams um konur á Hjaltlandseyjum er ímynd þeirra kvenna m.a. af gangandi þrjónandi konu/konu sem féll aldrei verk úr hendi. Sjá *Myth and materiality in a woman's world: Shetland 1800-2000*. Anna Sigurðardóttir segir að margar heimildir séu til af konum og reyndar líka körlum, sem hafi þrjónað á ferðalögum sínum, t.d. þegar gengið var á milli bæja. *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 349.

²⁶ Dæmi um það eru sagnir af kvendrauginum Möngu sem Möngugil í Borgarfirði eystra er kennt við.

²⁷ Sjá t.d. Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördis Jörundsóttir, *Utangarðs?*, bls. 108. Frásögn af Guðrúnu Ólafsdóttur: „Það einkenni hana að hún var alltaf þrjónandi; hún kom þrjónandi að bæ, rétt gaf sér tíma til að sleppa þrjónunum á meðan hún naut góðgerða en var síðan aftur tekin til við þrjónastykkið sitt um leið og síðasti bitinn var kominn í munn“.

²⁸ Lbs 4594 8vo.

²⁹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 248.

³⁰ Dæmi um nafnaval kirkjunnar er val á nöfnum kvenna sem ganga í þjónustu kirkjunnar, þ.e. val á nöfnum nunna.

³¹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 239.

³² Jón Guðjónsson, viðtal við höfund, Akranes. 2017.

³³ Magnús J. Jóhannsson, *Síðasta förukonan*, bls. 103.

³⁴ Sveinn Guðjónsson, viðtal við höfund, Staðarsveit. 2017.

³⁵ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 239.

³⁶ Jón Guðjónsson, viðtal við höfund, Akranes. 2017.

³⁷ Magnús J. Jóhannsson, *Síðasta förukonan*, bls. 103.

³⁸ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 242.

- ³⁹ Magnús J. Jóhannsson, *Síðasta förukonan*, bls. 99.
- ⁴⁰ Sveinn Guðjónsson, viðtal við höfund, Staðarsveit. 2017.
- ⁴¹ Svo segir í Hjarðarfellsætt.
- ⁴² Magnús J. Jóhannsson, *Síðasta förukonan*, bls. 103.
- ⁴³ Jón Guðjónsson, viðtal við höfund, Akranes. 2017.
- ⁴⁴ ÞP 7804.
- ⁴⁵ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 239.
- ⁴⁶ Jón Guðjónsson, viðtal við höfund, Akranes. 2017.
- ⁴⁷ Sjá einnig grein sem birtist í Dýraverndaranum árið 1920, þar sem höfundur minnst þess þegar Jófríður áminnti hann fyrir dýraníð. Fjallað er um þá grein fyrr í bókinni í kaflabrotinu „Dýravinkonan“.
- ⁴⁸ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 245.
- ⁴⁹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 245.
- ⁵⁰ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 239. Sjá einnig sömu heimild, bls. 239: „Þegar Fríða var reið, þótti henni aldrei nógu hægt farið, og ef hestinn langaði til að fara að bíta fallega þúfu við götuna, var sjálfsagt að leyfa honum það“.
- ⁵¹ Magnús J. Jóhannsson, *Síðasta förukonan*.
- ⁵² Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 244-245.
- ⁵³ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 243.
- ⁵⁴ Hún mætti einungis í þær jarðarfarir sem sr. Jón Norðfjörð Jóhannesson sá um því hann hafði svo fagra söngródd. En eftir að hann lét af störfum þá hætti hún að mæta í jarðarfarir. *Öll erum við menn*, bls. 244-245.
- ⁵⁵ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 239.
- ⁵⁶ Magnús J. Jóhannsson frá, „Seinasta förukonan“, bls. 100.
- ⁵⁷ Jón Guðjónsson, viðtal við höfund, Akranes. 2017.
- ⁵⁸ Jón Guðjónsson, viðtal við höfund, Akranes. 2017.
- ⁵⁹ Kleppspítalinn var tekinn í notkun árið 1907.
- ⁶⁰ Magnús J. Jóhannsson, *Síðasta förukonan*, 106.
- ⁶¹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 246.
- ⁶² vef. „Um Þórð Sveinsson og upphaf Kleppspítala“.
- ⁶³ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 246.
- ⁶⁴ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 247.
- ⁶⁵ Ásamt föstukúrunum studdist Þórður við vatnskúrana. Vatnskúrarnir fólu í sér löng heit eða köld böð fyrir sjúklinga, en sú aðferðafræði kom til í byrjun 20. aldar og var notuð víða erlendis í lækningarskyni. Báðar aðferðirnar áttu eftir að verða mjög umdeildar.
- ⁶⁶ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 247.
- ⁶⁷ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 249.
- ⁶⁸ Jón Guðjónsson, viðtal við höfund, Akranes. 2017.
- ⁶⁹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 249.
- ⁷⁰ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 242.


Margrét Sigurðardóttir (1869-1962)
Manga



Margrét Sigurðardóttir var síðasta förukonan í Austur - Húnavatnssýslu.¹ Hér verður skyggst inn í ævi Margrétar með aðstoð fimm einstaklinga sem miðluðu minningum sínum af henni í viðtölum við mig. Auk viðtalanna þá er vísað til upplýsinga úr bókinni *Manga með svartan vanga. Sagan öll. Sagan um Möngu með svarta vanga, Ásdísi skáldkonu frá Rugludal, systurnar í Baslhaga og aðrar hvunndagshetjur fyrri alda* eftir fjölmiðla- og fréttamanninn Ómar Ragnarsson (f. 1940), sem jafnframt er einn viðmælenda minna.² Bókin grundvallast á barnæskuminningum Ómars af Margrėti frá þeim tíma er hann dvaldi hjá ömmusystur sinni Björgu Rannveigu Runólfsdóttur (1892-1977) í Hvammi.³



Ómar Ragnarsson sem drengur í Hvammi



Ómar: Þegar ég var þarna, þá var ég svolítill nörd, lá í bókum. Fyrstu árin sem ég var þarna þá vildi ég helst ekki fara út, ég vildi vera inni að lesa. Þá var Manga þarna, niðursteningur, í einu herberginu. Mjög heyrnalítill og tannlaus, forljót fannst mér sem barni - enda var hún komin á níraðisaldur. En hún fer að tala við þennan dreng sem er alltaf að lesa bækurnar. Hún var alveg ofboðslega leiðinleg fannst mér oft.⁴

Það var eitthvað í fari Ómars sem vakti þörf hjá Margréti til að tjá sig. Hún mælti af munni fram ljóð stórskálda, eigin endurminningar, hugarsýn, - eina samfellda sögu sem náði smáum eyrum Ómars.

Ómar: Hún var fluggáfuð, vel lesin. Hún þekkti öll norrænu skáldin út og inn, þýddar bókmenntir á íslensku. Henni fannst Knut Hamson vera bestur, *Victoria* eftir Knut Hamson. Og þegar maður les þá bók þá sér maður af hverju. Hún fjallar um það sem Manga var að upplifa. Þetta var hún að lesa á prestssetrunum þar sem hún hafði verið. Hún gat lesið allar fegurstu bókmenntir heims, lesið um alla dýrð hinna landanna, á meðan hún var læst sem vinnukona á bæ - gjörsamlega ófíjál því hún gat ekki eignast mann og barn.⁵

Viðmælendur: Ómar Ragnarsson. Valgarður Hilmarsson ólst upp og bjó lengst af á bænum Fremsta-Gili í Langadal. Systkinin Valdimar Steingrímsson og Guðlaug Sigurbjörg Steingrímsdóttir ólust upp hjá föðursystkinum sínum á næsta bæ við Hvamm, Móbergi. Og Valgerður Ágústsdóttir sem bjó sem barn í Vatnsdalnum en flutti sem ung kona frá Hofi í Vatnsdal á Geitaskarð í Langadal og gerðist þar bóndi. Þeir einstaklingar sem rætt var við í tengslum við þessa rannsókn voru allir börn að aldri þegar Margrét flakkaði í Langadalnum, að undanskildinni Valgerði Ágústsdóttur.

Ylurinn undir vængjunum, ylurinn undir vængjunum. Sóleyjargulur goggurinn opnast og lokast, opnast, og hvítur fingur stúlkunnar stingst inn, þrýstir á, nuddar, gráa tungu, sem hefur viðkomu skeljasands. Með hverri stroku núast, skella saman, þúsundir fjaðra; og tugir þeirra hvítu fjaðra losna og svífa upp í nístingskalt morgunloftið. Stúlkan dregur að sér fingurinn, votan, volgan, úr gogginum - á hann fellur svífandi fjöður, og varmi svanatungunnar hverfur á augabragði.

Ómar: Ég upplifi annan harmleik í lífi hennar. Það er þegar hún vingaðist við álf þegar hún var barn, og gaf henni af sínum mat. Það fylgdi henni alla ævi síðan, að gefa dýrunum eitthvað. Hún sem sagt upplifði svaninn sem prins í álögum og sig sem prinsessu í álögum. Þetta er svo sterkt.⁶



Margrét Sigurðardóttir (1869-1962) sem kölluð var Manga, var síðasta konan sem flakkaði á milli bæja í Langadal. Vettvangur lífssögu förukonunnar Margrétar Sigurðardóttur var tvískiptur í grunninn, því líf sitt dró hún að mestu fram í tveimur nálægum dölum í Húnavatnssýslunni; Vatnsdalnum og Langadalnum. Saga Margéтар hófst í Vatnsdalnum, þar sem hún dvaldi í upphafi ævi sinnar. Afskaplega lítið er vitað um uppeldisár hennar í Vatnsdalnum en orð lék á að hún hefði átt erfiða barnæsku og verið „olnbogabarn“.⁷ Samskonar skortur er á upplýsingum um ævi hennar framan af. Sagnabrot sem varðveist hafa um fortíð Margrétar, byggja einna helst á munnmælum Langdælinga; vangaveltum um ævi Margrétar: „Frásagnarbrot hennar af illri æsku, hungri, ómegð, hallæri, tvístruðu heimili og vergangi mynduðu smám saman heild“.⁸ En þó svo að fortíð Margrétar sé um margt hulin þá gefa manntölin 1870-1920 og aðrar heimildir nokkra innsýn í það tímabil ævi hennar. Heimildir um ætterni Margrétar segja að hún hafi verið fædd 19. ágúst árið 1869 á bænum Bakka í Vatnsdal: „Hún er á sínum bestu árum, þegar köldustu vetur sem komið hafa á síðustu öldum voru, í kringum 1880“.⁹ Hún var dóttir hjónanna Unu Bjarnadóttur (1831-1906) og Sigurðar Sigurðssonar (1832-1912) sem sagður var „sívinnandi dugnaðarmaður við vefnað, smíðar og heyskap“.¹⁰ Foreldrar Margrétar, Sigurður og Una, eignuðust níu börn. Einungis fimm þeirra náðu fullorðinsaldri. Hér að neðan má sjá yfirlit sem gefur upplýsingar um systkini Margrétar.¹¹

1. Gunnlaugur, d. 1862, tveggja ára gamall.
2. Benedikt, f. 1862. Benedikt starfaði sem sjómaður í Vörum í Garði. Hann eignaðist dóttur með Pálinu Jósefsdóttur, Bjarnþóru Jónínu, ljósmóður í Reykjavík. Hann druknaði árið 1920.
3. Sigurður Sigurðsson, f. 1864 - d. 1942, sem starfaði sem sjómaður og síðar sem steinsmiður, í Reykjavík. Hann eignaðist sex börn með eiginkonu sinni Sigríði Guðmundsdóttur, þeirra á meðal var forsætisráðherrafrúin Theodóra Sigurðardóttir (1899-1988), eiginkona Steingríms Steinþórssonar.
4. Gunnlaugur f. 1865 - d. 1944. Starfaði sem bóndi og skipasmiður á Eyrarbakka og Svalbarðsströnd. Eignaðist átta börn með eiginkonu sinni Þuríði Bjarnadóttur.
5. Páll f. 1866. Hann druknaði árið 1878 í Vatnsdalsá, þá tólf ára gamall.
6. Margrét d. 10. júní 1869 á 2 aldursári.
7. Margrét f. 19. ágúst 1869 - d. 1962. Hún starfaði lengi sem vinnukona í Langadal, ógift og barnlaus.
8. Steinunn f. 1870 - d. 1947. Starfaði sem saumakona í Vatnsdal. Var lengst heimilisföst á Undirfelli: „Hún lá úti í byl árið 1902 og var fötluð upp frá því“.¹² Hún eignaðist tvö börn.¹³ Steinunn fékk viðurnefnið fótalaus. Steinunn var saumakona og að segja má förukona: „Hún var í Vatnsdalnum alltaf“.¹⁴ Steinunn var sannarlega á meðal síðustu förukvenna þessa lands, þó hún sé máské ekki á meðal allra síðustu förukvennanna. En víst er, að systurnar tvær flökkðu á milli bæja í sitthvorum dalnum og voru því einskonar förusystur í sýslunni: „Steinunn fótalaus mátti sæta því að barn hennar væri tekið af henni og komið fyrir á bæ í næstu sveit. Hvenær sem hún gat því við komið reyndi hún að heimsækja barn sitt og vefja það örmum“.¹⁵
9. Guðrún d. 1874 á öðru aldursári.



Í manntalinu 1870 er Margrét skráð hjá fjölskyldu sinni á Bakka, eins árs gömul.¹⁶ Hún er að öllum líkindum skírð í höfuðið á systur sinni Margréti, sem lést tæplega tveimur mánuðum áður en Margrét fæddist. Tíu árum síðar er Margrét skráð sem tókubarn á Svertingsstöðum í Melstaðarsókn, Húnavatnssýlu. Þá var hún 11 ára gömul. Engar beinar heimildir eru til um þann tíma í ævi Margrétar, sem geta varpað ljósi á hagi hennar á því æviskeiði. Manntalsgögnin sýna að húsfreyjan á bænum var Anna Jósafatsdóttir, ekkja, þá 46 ára gömul. Ráðsmaður hjá henni var sonur hennar Jósafat Ásgeir Pétursson sem síðar átti eftir að flytjast til Vesturheims. Sagan býr ekki yfir upplýsingum um innræti, fas, glaðværð, eða skap heimilisfólksins á Svertingsstöðum. Í andlátsfregni um Jósafat frá árinu 1946 kemur fram að hann var einstaklega trúður maður.¹⁷ Það má gera sér í hugarlund að trúarhiti Jósafats hafi mótað heimilislífið á Svertingsstöðum, en það eru vangaveltur einar. Árið 1890 er Margrét skráð vinnukona á bænum Marðarnúpi í Undirfellssókn, þá 21 árs gömul.¹⁸ Næst fer sögum af henni í manntalsupplýsingum eftir að hún er flutt að Holtastöðum í Holtastaðasókn, sem var kirkjustaður og gamalt höfuðból í Langadal, en þar er hún skráð sem vinnukona árin 1901-1910.¹⁹ Margrét er síðan skráð húskona í Holtastaðakoti í manntalinu 1920, þá 51 árs gömul.

Ár Margrétar í vinnumennsku og húsmennsku í Langadalnum, fyrir flakkið, eru sveipuð huliðshjúp í rituðum heimildum sem og í hugum viðmælenda minna. Hvað skyldi útskýra það að lítið sem ekkert sé vitað um það tímabil í ævi hennar: „Ég veit ekki hvað hún er gömul þegar hún kom, en hún er orðin fullorðin þegar hún kemur í Langadal“.²⁰ Ungur aldur viðmælenda minna þegar þeir kynna Margréti og sögu hennar, hefur haft áhrif á vitneskju þeirra um fortíð hennar í dalnum. Af öðru sem nefna má í þessu sambandi er einangrun fólks sem takmarkaði aðgengi að upplýsingum. Sú einangrun gat verið töluverð ekki síst þegar byggðir sveitanna spönnuðu töluverð landflæmi líkt og í tilfelli Langadals. Einnig verður að muna að umtal um fólk ræðst að hluta til af stétt þeirra og stöðu, en Margrét líkt og allur þorri fólks sem var hluti af hjúastéttinni, hefur líklegast lítt verið sýnileg í sögum fólks í byggðarlaginu. Að síðustu má nefna í þessu sambandi að það var ekki óalgengt að fortíð förufólks væri hulin að mestu eða með öllu ásjaendum. Förufólki svipar til kúrekans sem í bókmenntagreininni Vestranum ferðast gjarnan einsamall (e. *the lone ranger*); ókunnug aðalpersóna sem í þeim sögum stígur inn í samfélag án þess þó að tilheyra því. Einfarinn (*the lone ranger*) er dæmdur af samfélaginu á forsendum þess, því sá óþekkti hefur annað yfirbragð, aðra lífshætti og dulda fortíð sem illmögulegt er að ráða í. Íslenska förufólkið, einfarar liðinna alda, voru kúrekar gamla bændasamfélagsins. Dulúð slíkra persóna veitir þeim ákveðin völd, ekki síst vegna þess að slíkir ferðalangar hafa vissa stjórn á upplýsingum um eigin hagi. Það að leyna fortíð sinni, var ekki endilega erfitt viðfangs í tilfelli Margrétar. Hver sveit var afmarkað samfélag, og hver bær var að vissu leyti eyland; eyja í hafi eyja sem geymdu leyndarmál. Sögusvið einstaklinga var þröngt í þá tíð svo vitnað sé í orð Langdælings: „Sjónarhringurinn var ekki stór, mislangt út að túngarðinum hjá sumum - sumir komust aldrei út fyrir túngarðinn sinn“.²¹ Líf Margrétar fyrir flakkið var leyndardómsfullt. Sveitungar hennar þóttust vissir um að hún hefði orðið ólétt og vissu að hún hataði presta. Þar af leiðandi var róleysi Margrétar rakið til barnsmíssis hennar líkt og í tilfelli systur hennar Steinunnar (fótalausu). Þessi vitneskja um þungun Margrétar og viðhorf hennar til presta, varð að segja má bakgrunnssaga Margrétar í sögunni.

Ómar: Sem sagt, Manga hataði presta. Hún gerðist kvevari. Hún gekk í kvekarasöfnuð sem var þarna fyrir norðan. Eina kvekarasöfnuðinn sem var til á Íslandi. Hún var varaformaður. Henni líkaði vel við kvekarana því þar er enginn prestur. Þegar það voru hátíðisdagar í Hvammi þá læsti hún sig inn í herberginu og var bara ein. Hún hlustaði ekki á messu, hlustaði ekki á bévítans prestana. Ég veit að hún hataði presta, þá hlýtur það að vera af því að örlög hennar réðust á prestssetri. Kannski vegna þess að það var ekki vel séð að hún væri að gefa prestssyninum auga. Og vinnuharkan var svo mikil, sagði hún síðar, að hún missti barnið í fæðingu. Þá fer draumurinn. Hennar vinnumennska fór einnig. Hún varð lítilsmetin, kölluð Manga með svartan vanga, Bláa-Manga. Einnig Gelda-Manga eftir að hún missti

barnið, sem vitnar auðvitað um óheyrilega grimmd - að nefna manneskju með orði sem einungis var notað í tali um dýr.²²

Valgarður H.: Hún var náttúrulega fram í Vatnsdal til að byrja með. Hún kemur úr Vatnsdalnum yfir í Langadalinn. Maður heyrði af því að hún hefði verið í sambandi við einhvern kall. Hún var ófrísk ábyggilega. En hvort að barnið dó, ég er ekki klár á því. En hún varð fyrir einhverjum verulegum sálrænum erfiðleikum þar og ég held hún hafi aldrei viljað tala um sína fortíð þar. Það var eitthvað basl.²³



Valgarður Hilmarsson

Sagan af Margrétu sem stúlkubarni; unglingsstúlku; vinnukonu; móður; er lítið kunn. En sagan af Margrétu sem förukonu, varð þjóðkunn árið 1993 þegar áður nefnd bók Ómars Ragnarssonar kom út, bókin *Manga með svartan vanga*. Margrétu hitti Ómar á bænum Hvammi, þar sem hún var heimilisföst, þaðan sem hún flakkaði um Langadalinn. Sá sveitabær verður að teljast einn af merkari sögustöðum í íslensku kvennasögu. Hvammur var í eigu einstæðu móðurinnar Bjargar, sem hýsti förukonuna Margrétu. Björg bar nafn með rentu og leyfði einsetumæðgum að dvelja í gamla torfbænum á landareigninni, þeim Ásdísi Jónsdóttur 1873-1953) og dóttur hennar Ingunni Sveinsdóttur (1906-1993). Auk þess dvaldi önnur dóttir Ásdísar, Stefanía (1902-1988), þar tíma og tíma: „Þær fengu að vera í gamla bænum, í torfbænum sem var að hruni kominn. Stóð aðeins fyrir ofan húsið í Hvammi sem var reist á kreppuárunum“.²⁴ Fjallað er ítarlega um þær mægður í síðari hluta bókarinnar, sem er tileinkaður einsetukonum á Íslandi.

Ómar: Þegar Björg kemur út á vinnuarkaðinn á þeim tíma, þá var hún bara vinnukona. Athugaðu að þetta var ófjárlst fólk, þó búið væri að taka í burtu vistabandið. Þetta vinnufólk var algjörlega neglt niður. Hún er komin á fimmtugsaldur þegar hún kynnist manni og eignast börn. Ef ekki þá hefði hún verið

vinnukona til æviloka. Þegar ég hugsa til þess hve mikla hæfileika Björg hafði og hve mikill persónuleiki þetta var, þá er ljóst að vinnukonustaðan hefði verið sóun á miklum hæfileikum. Síðan gerist það að maðurinn hennar eignast barn með vinnukonu sem var þar eitt sumarið, og þá skildu þau. Björg ákveður að halda áfram búskap. Hann er búinn að selja jörðina ríkinu, þannig að hún tekur við jörðinni. Hún er með þessi tvö börn og einsetur sér að eignast jörðina ef hún fái það lífað. Þegar ég kem þangað þá eru það síðustu árin sem hún er að berjast fyrir því að eignast jörðina sína aftur og koma börnunum sínum á legg.²⁵



Björg Rannveig Runólfsdóttir

Valgarður H.: Ég veit ekki hvers vegna Manga kom í Hvamm. Ég man ekki eftir að hafa heyrt að hún hafi verið á öðrum stað í Langadalnum áður en hún kom að Hvammi. Hún bjó inn í húsinu hjá Björgu og þeim. Var þar með herbergi.²⁶

Valdimar S.: Á þessum bæjum var henni vel tekið. Til dæmis heima hjá mér á Móbergi, sem var næsti bær við Hvamm. Hún var þar tíma og tíma stundum. Ég held að heimsóknin hafi stundum varað meira en nokkra daga. Tímabil alveg. En lengst af var hún í Hvammi. Þar hafði hún alltaf gríðastað og herbergi.²⁷

Ómar: Það var lítið herbergi. Það var minnsta herbergið í húsinu. Það var alveg nóg á þeim tíma, bara pínulítill skonsa.

Dalrún: Manstu eftir einverjum hlutum inn í herberginu hennar?

Ómar: Nei, því miður. Jú, það voru bækur! En hún hafði ekkert svo sem við þær að gera. Því ég held hún hafi ekki séð neitt. Hún hafði engin gleraugu. Ég held hún hafi þusað svona mikið yfir mér þennan skáldskap, svo ég myndi muna þetta. Hún gat ekki lengur lesið. Hún sá mjög illa.²⁸



Gamli torfbærinn í Hvammi

Flakk Margrétar miðaðist við ákveðna fasta punkta í Langadalnum, þ.e.a.s. við bóndabæi og ábúendur þeirra. Slík festa í ferðatilhögun var algeng á meðal förukvenna þessa lands. Segja má að þjóðvegurinn og slóðar á milli bæja í Langadal sé megin söguvettvangur Margrétar í hugum viðmælenda. Um það vitna sagnir þeirra af Margrėti sem hverfast mikið um flakk hennar á milli bæjanna og lýsingar á útiklæðnaði hennar. Viðmælendur bjuggu hins vegar yfir færri minningum af dvöl hennar á bæjunum. Telja má að viðmælendur búi yfir fleiri minningum af Margrėti í ferðaklæðum á ferðinni á milli bæja, vegna þess hve förukvennaímyndin var stór hluti af ímynd hennar í sveitinni. Hún var aðkomukona, umfram allt annað.

Valdimar S.: Ég veit ekki hvort það voru gúmmískór eða hvað það var. Svo var hún í sokkum utan yfir, og hún var yfirleitt þykk klædd. Hún var í síðri kápu, sem sést á myndunum sem Ómar tók. Hún var með um höfuðið alveg. Það var alveg sama hvort það væri að sumri eða vetri, hún var alltaf kappklædd. Hún passaði sig á því að henni yrði aldrei kalt.²⁹

Ómar: Hún fór venjulega út til Björnólfsstaða, það var hennar aðalleið. En hún flakkaði eftir öllum þessum dal sem heitir Langidalur og er 27 km. Og úr því hún var í kvekarastandinu, þá hefur hún örugglega farið út í Bólstaðarhlíð, því þar bjó Klemens sem var frumkvöðull í kvekarasöfnuðinum á Íslandi; Klemens stórbóndi í Bólstaðarhlíð. Þannig að hún flakkaði inn í mynni Svartárdals, mynni Blöndudals, en hún flakkaði örugglega ekki í Blöndudal eða Svartárdal. Ég get varla ímyndað mér það. Enda er það alveg nóg fyrir hægfara gamalmenni að fara 27 km og koma við á bæjunum. Ég fór voða lítið af bænum, þannig ég man aldrei eftir því að hafa komið að þar sem hún sat og var að snæða úr skjóðunni sinni. Þessi smáatriði veit ég ekki um eða er búinn að gleyma. En spurðu samt! - En ef ég hefði vitað að ég ætlaði að skrifa bók um þetta þá hefði ég kannski reynt að leggja þetta betur á minnið.³⁰

Guðlaug: Ég held að allir hafi verið sérstaklega góðir við hana alls staðar þar sem hún kom. Það var gert vel við hana. Það var gott fólk á bæjunum.³¹

Valdimar S.: Hún var náttúrulega ákaflega ófríð kona. Andlitið var rautt - hún var stundum kölluð Blá-Manga, því litur andlitsins var svolítið sérstakur. Hún var alltaf mjög svartklædd. Hún var frekar lágvaxin. Hún var engin glæsikona hún Manga. Alltaf svartklædd, allavega í minningunni hjá mér.³²

Valgerður: Hún hefur sjálfsagt ekki átt mikið til skiptanna. En hún var ekkert áberandi illa klædd, ekkert áberandi.³³



Ómar Ragnarsson

Ómar: Hún hélt sér gangandi fram á tíræðisaldur með því að ganga dalinn - helst á hverjum degi. Eitt gerði hún sem ég vissi ekki fyrr en ég skrifaði seinni bókina; hún baðaði sig í köldu vatni alla daga ársins, ef á annað borð það var hægt að brjóta ís til þess að komast í það. Sagði að það herti sig og sagði að Fjalla-Eyvindur hefði gert það, þess vegna hefði hann þraukað. Manga hún var óhemjusterk. Hún var kraftakona, hún hefði verið í kraftlyftingum núna og verið sú besta. Svo sagði mér frændi minn sem lenti í átökum við hana og hét því að reyna slíkt aldrei aftur. Hann sagði: „Þetta mun ég aldrei reyna aftur, hún er ofboðslega sterk - þetta er ægileg kraftakona“. Hún var búin að vera að herða sig í læknum. Hún var svo skapmikil, svo skapmikil. Ofboðslega skapmikil... Hún var í þessum stóra serk. Ég sá hana aldrei öðruvísi. Ég man ekki hvernig hún var klædd inn í bænum, þegar hún var ekki á ferðalaginu. En hún var í þessum serk alltaf þegar hún var á göngunni, og það sést á myndinni. Hún var í síðum serk og klædd náttúrulega í ullarpeysu og ullarfatnaði innst. Þannig að henni var ekki kalt. Það sést hvernig hún var klædd til fótanna, hún er vafin í ullarsokkum - þykkum ullarsokkum; hún ætlaði sér ekki að verða

Manga fótalaus. Nei. Hún var með vasa. Hún var með skjóðuna. Hún lumaði á ýmsu í vösunum. Ég get vel ímyndað mér að Manga hafi sjálf þrjónað þennan serk, ef ekki þá væri alveg trúanlegt að hinar konurnar, mæðgurnar í gamla bænum, sem voru snillingar í höndunum, að þær hafi þrjónað fyrir hana þennan serk.

Dalrún: En veistu hvað hún geymdi í vösunum?

Ómar: Ég veit ekkert annað en þetta, að hún var alltaf með steinolúbrúsa með sér. Hún var með nóg mat til þess að borða sjálf, hún þurfti næringu á þessum göngum sínum. En það var náttúrulega svo mikil gestrisni á hverjum bæ að hún þurfti svo sem ekki að hafa neinar áhyggjur af því.³⁴

Margrét gekk aðalveginn á flakki sínu; fetaði alfaraleið. Þar af leiðandi varð hún á vegi margra dalsmanna og utanaðkomandi aðila sem keyrðu í gegnum dalinn. Aðilar sem hefðu sumir hverjir aldrei hitt Margréti förukonu ef það hefði ekki verið fyrir veginn. En það er annað að mæta förukonu á heiði en að mæta henni á vegi. Því förukonan víkur ekki úr vegi fyrir öllum; vegurinn er hennar rými.

Valgerður: Mér er hún minnisstæð labbandi á miðjum veginum, alltaf á miðjum veginum.³⁵

Valgarður H.: Hún fór mjög mikið á milli bæja og var oft heima hjá okkur. Þá kom hún bara labbandi. Ég man einu sinni eftir að hún var að koma framan af dal, og það kom veghefill á eftir henni. Hún gerði svolítið af það bauðst. Hún labbaði bara rólega á veginum. Sá sem var á vegheflinum, flautaði og djöflaðist, til að reyna að fá hana til að fara af miðjum veginum. Hann leiddi hana síðan út að girðingu og fór svo aftur í hefilinn. En hún var sneggri en hann og var aftur komin út á miðjan veginn. Og hún labbaði á undan honum upp afleggjarann heima. Hún glotti yfir þessu, að hún hafi aðeins böggad karlinn. Það var aðeins húmor í henni.³⁶

Úr viðtali mínu við Pétur Stefánsson: Ég man einu sinni eftir Möngu gömlu í Langadalnum. Það var vorið 1957. Ég var að fara austur á land með nýjan vörubíl fyrir karl föður minn í voðalega góðu veðri. Í Langadalnum var Manga á gangi á miðjum þjóðveginum, og sennilega hefur hún verið orðin heyrnalaus því hún heyrði ekkert í bílnum. Ég í mínum strákskap, sautján ára, keyrði alveg upp að kerlingunni þangað til hún tók eftir stuðaranum á bílnum - kannski metra fyrir aftan sig. Þá tók hún undir sig ægilegt stökk út af veginum og staðnæmdist þar á meðan við höldum áfram, strákpollarnir. Þetta er í eina skiptið sem ég hef séð Möngu.³⁷

Valdimar S.: Hún fór alltaf veginn, gekk alltaf á miðjum veginum. Enda þurftu ökumenn, eins og til dæmis bílstjóri Norðurleiðarrútunnar að passa sig á því að ef henni var hverft við þá gat hún tekið strikið þvert yfir veginn. Það var algengt. Maður sá það. Þeir þekktu svo vel á hana. Það var búið að ganga mann fram af manni að hún væri þarna á veginum og það þyrfti að passa sig á henni. Því hún heyrði ekkert í bílnum aftan við sig. Þetta var alveg ótrúlegt.³⁸

Guðlaug: Bílstjórnarnir sem voru að keyra dalinn, þeir voru afskaplega góðir við hana þó hún gengi heyrnalaus um miðjan veginn. Þá stukku þeir úr bílnum og leiddu hana af veginum. Stundum fann hún titring bílanna í veginum og fór sjálf út í kant.³⁹

Margrét var einræn kona, sem má meðal annars rekja til sjón- og heyrnaleyfis hennar: „Hún heyrði ekki nema með hægra eyranu og ég varð að kalla upp í eyrað á henni. Þannig að það voru aldrei neinar samræður beint“.⁴⁰

Aukinheldur má rekja félagslega einangrun hennar til erfids skaps hennar sem hafði mikil áhrif á samskipti hennar við fólk. Skap hennar svipaði til einhverju leyti til náttúrunnar sem hún ferðaðist um. Það var ófyrirsjáanlegt, kröftugt, og fól í sér eyðingarmátt. Flesta daga lá skap hennar í vari að baki einmanaleika og depurðar, sem einkendi líf hennar. En þegar að skapið braust út, þá fylgdi því reiði sem átti sér engin fordæmi í sveitinni. Auk þess sem Margrét var að kljást við erfitt skapið á flakki sínu um sveitina, þá barðist hún aukinheldur gegn sjálfsprottnum ranghugmyndum sem hverfðust um það að henni væru hættur búnar í daglegu lífi, svo sem að eituru gæti leynst í matvælum.⁴¹

Valgarður H.: Ef hún væri uppi núna, þá held ég að hún hafi verið skilgreind eitthvað „geð“. Það hafa verið einhver geðvandamál hjá henni. Hún var líka sérlunduð. Ég held hún hafi verið eitthvað mörkuð af fortíðinni, hún hafi lent í hremmingum sem hafi orðið henni mikið vandamál. Ég þekki það ekki. En hún var alveg þrælgreind kerling. Hún vissi sínu viti og fylgdist mjög vel með.⁴²

Ómar: Ég man ekki eftir að hafa heyrt hana nokkurn tíma hlæja. Neinei. Hún talaði svo lítið. Hún stoppaði ekkert hjá okkur. Hún settist ekkert inn til okkar, aldrei. Hún vildi bara vera ein.⁴³

Valdimar S.: Hún var góð við alla í kringum sig. En hún var rosalega skapmikil samt ef eitthvað var. Hún var rosalega skapmikil en hún var óheimsk. Hún vissi alveg hvað hún var að segja og gera. Hún var mjög sérstök samt. Hún var búin að þola erfða ævi, mjög erfða ævi.⁴⁴

Ómar: Ég þekki það ekki nógu vel þetta mikla skap, hvað það var. Ég sá þetta bara einu sinni og frændi minn sagði að hún hefði alltaf verið mjög skapmikil, að það hefði háð henni alla tíð. Það er svo erfitt að draga þessa línu. Margir af framamönnum Íslendinga eru skapmiklir menn. Það talar enginn um að það séu geðrænir kvillar hjá þeim. Það er til þetta fyrirbæri, að rjúka upp en vera jafn fljótur að fara niður aftur og biðjast afsökunar. Ég sá það alltaf í sambandi Möngu og Bjargar. Þær erfðu ekkert hvor við aðra. Það þótti öllum vænt um Möngu og þessa miklu persónu sem hún var.⁴⁵

Guðlaug: Þetta var ágætis kerling bara stór í skapinu. Það var illa farið með hana sem barn og fram á fullorðinsárin. Ég hef alltaf síðan dáðst af Möngu hvað hún var sterkur persónuleiki.⁴⁶

Ómar: Hún var bara svo skapmikil að það var betra að láta hana eiga sig. Skapið var kannski hluti af því að hún missti þetta eina barn sitt, vegna vinnuþrælkunar.⁴⁷

Margrét fór á milli heimila, fjölskyldna, einstaklinga, en hún var alltaf ein. Einangrun Margrétar frá samfélaginu var sprottin upp úr jarðvegi sem markaði stóru drættina í lífi margra förukvenna, jarðvegi útskúfunarinnar. Annars vegar útskúfun slíkra kvenna úr samfélaginu og hins vegar fyrir tilstilli sjálfskipaðrar útleðar kvennanna. Ætla verður að sjálfskipuð útleð förukvenna frá hefðbundnum samskiptum við annað fólk hafi að hluta verið varnarviðbragð þeirra við útskúfun þeirri sem þær sættu frá hendi fólks.

Ómar: Hún var skráð til heimilis. Hún mátti alveg sitja hjá okkur, en hún vildi það ekki. Hún vildi kannski ekki abbast upp á neinn. Niðursetningur. Þetta var náttúrulega förukona; hvað vilt þú upp á dekk kona?⁴⁸

Guðlaug: Hún borðaði ekki til borðs svo ég muni. Hún fékk kaffi, já og meðlæti. Henni var svo oft gefið meðlæti í töskuna, þessa brúnu. Þetta var svona leðurtaska sem hún gekk alltaf með, og var gefið eitthvað í töskuna.⁴⁹

Valgarður H.: Það var nú þannig að hún hafði sérstakan stól út í horni í eldhúsinu, þar var smá borð og hún borðaði alltaf þar, sér. Hún vildi aldrei borða við borðið með fólkinu. Mamma bara lét hana hafa mat þar. Í minningunni sat hún mjög mikið út í þessu horni. Og svo var hún mikið að spjalla við mömmu þegar þær voru þarna í eldhúsinu.⁵⁰

Líkt og í tilviki svo margra förukvenna, þá voru það húsmæðurnar sem voru hornsteinn í lífi Margrétar - húsmæður Langadalsins. Konur sem hlúðu að henni á ferðum hennar á milli bæjanna; mættu henni; önnuðust; nutu félagsskapar hennar; og vernduðu. Í návist þeirra kvenna fékk Margrét tækifæri á að rjúfa einveruna og tjá sig. Tjáning sú fór iðulega fram í eldhúsum dalsins.

Valgarður H.: Á þessum bæjum sem hún var að koma á, þá var hún í vinskap við konurnar. Mamma hafði mjög gaman af því að spjalla við hana. Það var eins á fleiri bæjum. Hún var ekkert illa séð á bæjum, þegar hún var að koma. En hún vildi ekkert vera að gefa sig á tal við fólk sem var að koma, gesti eða eitthvað svoleiðis. Það besta fyrir hana var þegar hún var bara ein með þessum húsmæðrum og var að spjalla.⁵¹



Valgerður Ágústsdóttir

Valgerður: Hún kom oft í Geitarskarð, þær spjölluðu saman tengdamamma og hún. Hún gisti aldrei hjá okkur. En þær sátu á spjalli, það er minnisstætt. Þær töluðu þá um skáldskap, tengdamamma og hún.

Dalrún: Manstu eftir samtalinu?

Valgerður: Nei það man ég ekki. Ég var bara að húsmæðrast. Þær sátu við eldhúsbordið. Ég sé það fyrir mér.⁵²

Valgarður H.: Föðursystir mín, sem var jafnframt fósturmóðir mín, og Helga kona föðurbróður míns - þær voru voðalega góðar við hana alla tíð. Hún hefur sjálf sagt trúað þeim fyrir ýmsu. Björg í Hvammi var líka náttúrulega sérlega góð við hana. Hún lofaði henni alltaf að vera þegar hún vildi vera. Hún var alveg einstök manneskja.⁵³

Erfitt skap Margrétar markaði þó líka samskipti hennar við konurnar í dalnum. Skap sem bitnaði ætíð verst á henni sjálfri - var sem refsivöndur í farteski förukonunnar á flakkinu.

Guðlaug: Það varð að sýna henni strangt. Hvernig ég get sagt þetta án þess að það misskiljist. Hún var verri við þær konur sem voru virkilega góðar við hana. Ég held það sé vegna þess hve hún mætti erfiðu fyrir um ævina.⁵⁴

Ómar: Ég get alveg sagt þér það. Það var aðeins einu sinni sem alvarlega kastaðist í kekki með þeim. En það var aldrei þannig að Björg ætlaði sér að losa sig við hana eða neitt svoléiðis. Ég veit að það voru mjög sterkar taugar á milli þeirra, þær skildu hvor aðra fullkomlega. Björg og Manga. Þetta var mjög djúp og nán vinátta á milli þessara kvenna. Annars hefði hún aldrei verið með hana inn á gaffli allan þennan tíma. Björg talaði svo vel um hana alla tíð. Einu sinni þegar verið var að hallmæla henni, þá var minni að mæta, takk fyrir! „Nú er nóg komið, svona talar enginn um Möngu í mín eyru, aldrei!“⁵⁵

Margrét átti í samskiptaörðugleikum við sína samferðamenn, alla sína ævi. Hins vegar átti hún ávallt í djúpstæðum og meiningarfullum samskiptum við dýrin í kringum sig. Hún var talskona fyrir réttindum dýra í mannfélaginu - var vinkona dýranna á ferðum sínum um Langadalinn. Það var sem hún skildi, umfram aðra menn, líðan dýra. Og dýrin heilluðust af henni og fylgdu henni jafnvel á ferðum hennar: „Þegar hún fer að heiman frá Hvammi, þá fylgir henni þessi hópur; hundar og kettir, og kannski hænur“.⁵⁶ Margrét barðist fyrir því að dýr fengju viðeigandi meðferð, ef þess þurfti. Kröftugt skap Margrétar gat reynst gott vopn í þeirri baráttu hennar: „Það hljóp svona ofsi í skapið ef henni fannst illa farið með dýr - eða eitthvað illa vikið að dýrum, þá varð hún alveg brjáluð. Hún var óskaplega góð og natin við öll dýr í kringum sig“.⁵⁷ Margrét vissi hvað það var að vera undir mönnum komin, að vera háð öðrum hvað varðar skjól og mat; að vera valdalaus, líkt og húsdýrin. Viðhorf hennar til dýra var einstakt á þeim tíma, og er enn í dag. Viðhorf sem vitnar um þá tilfinningagreind og skynsemi sem Margrét bjó yfir. Konan sem leit á dýrin sem jafningja mannanna. Þau viðhorf þróaði Margrét með sér strax sem stúlkubarn. Allt frá þeirri stundu er hún hitt svaninn sinn í Vatnsdalnum, prinsinn með hvíta vænghafið í grámósku bernsku hennar.⁵⁸

Guðlaug: Hún var ofsalegur dýravinur. Það var ótrúlegt hvað hún nálgadist dýrin, meira að segja hænurnar sem hafa nú ekki mikinn persónuleika. Hún var ákaflega sterkur perónuleiki.⁵⁹



Valdimar Steingrímsson

Valdimar S.: Hún var óskaplega mikill dýravínur. Ég man sérstaklega eftir því, það voru kálfar einhvers staðar í geymslu, litlir kálfar. Við krakkarnir vorum að opna inn til þeirra. Þetta var um hávetur og mikill kuldi úti. Hún var alveg brjáluð, að við værum að hleypa kuldanum inn til kálfanna. Hún var alveg brjáluð yfir því. Svo þegar hún sá að við höfðum erindi inn, þar sem þeir voru, þá breyttist það nú - hún skildi það nú alveg. Þetta situr svolítið í mér, hvað hún varð snælduvitlaus. En hún var annars mjög góð við börn, og að ég tali nú ekki um við öll dýr. Hún var afskaplega mikill dýravínur.⁶⁰

Ómar: Hún var alltaf með dýrin á eftir sér. Í skjóðu sem hún bar var hún alltaf með smáræði handa dýrunum til að gefa þeim. Þau voru oft í halarófu á eftir henni.⁶¹

Valgarður H.: Það var einhver hundur sem mér finnst að hafi stundum komið með henni.⁶²

Ómar: Síðan kemur annar prins inn í hennar líf, það var hundurinn á bænum þegar ég var þarna, var kallaður Sesar. Hann þótti með eindæmum vitur hundur. Það var hægt að tala við hann eins og mann. Sesar var orðinn gamall. Manga dýrkaði þennan hund. Hann var hennar svanur, þegar hún er að syngja sinn svanasöng. Hann var orðinn svo hændur að henni að hann fór að vera lítið á bænum, var orðinn að svo litlu gagni. Björg átalði Möngu eitthvað fyrir þetta, og Manga reiddist óskaplega mikið. Ég var vitni af því tvisvar, þegar hún er eitthvað að minnast á þetta. Hún fór nú fint í þetta fyrst: „Manga mín, við þurfum svolítið á hundinum að halda, það var vondur tími að missa hann núna“. - „Huh“ hnussaði í Möngu - fauk eitthvað í hana, en sagði ekki neitt. En seinna skiptið þá segir Björg: „Nú er hundurinn orðinn alveg gagnslaus, hann er orðinn gamall, þá er bara eins gott að skjóta hundinn - enda er hann aldrei neitt heima“. - „Jahá“ segir Manga. Svo fer hún næsta ferðalag. Svo kemur hún til baka hundlaus. Þá segir Björg: „Hvar er Sesar?“ - „Nú, þú sagðir að það væri eins gott að skjóta hann. Ég lét skjóta hann“. - „Léstu skjóta hann?“ - „Jájá, ég bað bara bóndann á Móbergi að skjóta hann, og hann gerði

það fyrir mig. Hann veit að hundurinn er orðinn gamall“. Það var sama eins og að skjóta ástmann, að skjóta þennan hund. Allt var farið. Þetta er ekki í bókinni. Ég man eftir



Bókin um Möngu í gluggakistu heima hjá Valdimari Steingrímssyni í Ólafsfirði

Margrét miðlaði ást sinni og velvild til málleysisja sveitarinnar. Náttúrunni sem förukona þessi bar svo mikla lotningu fyrir. Margrét var hreinlega hugfangin af fegurð hennar, bæði í lifandi veruleika hennar og því hvernig hún birtist í náttúruljóðum: „Hún var svona næm fyrir náttúrunni. Dáði mest náttúruskáldin íslensku“. ⁶³ Á flakki sínu á milli bæja var Margrét þegn í eigin ríki, ríki náttúrunnar. Enginn vafi er á því að viðhorf Margrétar til náttúru dalsins, hafi ýtt undir flakk hennar.

Úr bók Ómars: Nú man ég hvernig hún bentu með bognum vísifingrinum upp í fjallið og fór með hann Steingrím sinn. Ég sé hana í anda hjá mér eins og þetta sé allt að gerast aftur: Hátt yfir hamrakór / himininn blár og stór / lyftist með ljóshvolfið skæra: „Sjáðu Móbergsnybbuna og Stofurnar í dag, síbreytilegt ljósbrotið og skuggana í þeim, hvernig snjórinn, skuggarnir af skýjunum og skuggarnir af hömrnunum búa í sameiningu til hamraborgir sem eru öðruvísi núna en nokkurn tíma áður og eiga aldrei eftir að verða eins aftur, því að skaparinn hefur efni á að búa endalaust til ný og ný listaverk um leið og hann eyðir þeim fyrri“. ⁶⁴

Margrét flakkaði fram í endalokin: „Hún sagði að hún ætlaði ekki að fara í sláturhús þar sem væri verið að slátra fólki. Tortryggin“. ⁶⁵ Flakkinu lauk, lífsgöngunni lauk, en um þrjátíu árum síðar hófst ný ganga Margrétar - í sögunni; *Manga með svartan vanga. Sagan öll.*

Ómar: Bíddu við, hvern fjandann ætlaði ég að segja. Jújú, ég segi þetta bara aftur. ⁶⁶



¹ Nú kallast það Húnaþing eystra.

² Árið 2013 er bókin endurútfærð í annarri mynd: *Manga með svartan vanga. Sagan öll. Sagan um Möngu með svartan vanga, Ásdís skáldkonu frá Rugludal, systurnar í Baslhaga og aðrar hvunnudagshetjur fyrri alda.*

³ Samkvæmt Íslendingabók þá var Björg Rannveig Runólfsdóttir (1892-1977) vinnustúlka á Hnausum, Langholtssókn í Skaftafellssýslu, 1910. Og lausakona í Víðikeri í Lundarbrenkusókn í Suður-Þingeyjarsýslu, 1930. Síðan var hún í Hvammi í Engihlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu, 1957.

⁴ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

⁵ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

⁶ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

⁷ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 84.

⁸ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 84.

⁹ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

¹⁰ Yfirlitið samanstendur annars vegar af upplýsingum úr viðtölum mínum þar sem komið var inn á ævi Steinunnar, systur Margrétar. Hins vegar byggir yfirlitið á upplýsingum úr minningagrein um bróðurdóttur Margrétar, Theodóru Sigurðardóttur, forsætisráðherrafrúar. Sjá: Bjarni Magnússon, „Theodóra Sigurðardóttir fv. forsætisráðherrafrú - Minning“, bls. 38.

¹¹ Bjarni Magnússon, „Theodóra Sigurðardóttir fv. forsætisráðherrafrú - Minning“, bls. 38.

¹² Bjarni Magnússon, „Theodóra Sigurðardóttir fv. forsætisráðherrafrú - Minning“, bls. 38.

¹³ Börnin voru þau Una Sigurrós og Haraldur Hjálmarsson.

¹⁴ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.

¹⁵ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 228. Eini viðmælandi minn sem ólst upp í Vatnsdalnum, Valgerður Ágústsdóttir, man ekki eftir að hafa hitt Margréti fyrr en hún sjálf flytur í Langadalinn. Hins vegar man Valgerður mæta vel eftir systur hennar Steinunni.

¹⁶ Þá voru 13 manns á heimili í Bakka, þ.m.t. móðuramma hennar Anna Loptsdóttir sem þá var ekkja. Þar segir að Una móðir Margrétar var 39 ára gömul og faðir hennar Sigurður var 37 ára.

¹⁷ G.P.J. „Andlátsfregn“, bls. 7. Einnig má nefna að í manntalinu kemur fram að á bænum var skráð 13 ára dóttir vinnuhjúa. Margréti hafði kannski félagsskap af henni.

¹⁸ Húsbændur Margrétar á Marðarnúpi var Björn L. Guðmundsson sem var 56 ára þegar manntalið var tekið 1890. Og Þorbjörg Helgadóttir 51 árs. Á heimilinu voru skráð 13 manns.

¹⁹ Í manntalinu 1901 eru húsbændur hennar á Holtastöðum hjónin Jósafat Jónatansson, óðalsbóndi, hreppstjóri og alþingismaður (57 ára), og Kristín Jónsdóttir, kona hans, sem er skráð þar bústýra (53 ára). Húsbændur Margrétar á Holtastöðum árið 1910 eru Jónatan J. Línal (31 árs) og Kristín G. Jónsson (63 ára), sem þá var ekkja.

²⁰ Valgarður Hilmarrson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.

²¹ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.

²² Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018, „Hún fékk sérstök verðlaun Búnaðarsambands Austur-Húnavetninga, fyrir afburða velunnin störf í þjónustu húsbænda sinna, allan sinn feril“.

²³ Valgarður Hilmarrson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.

²⁴ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

²⁵ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

²⁶ Valgarður Hilmarrson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.

²⁷ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.

²⁸ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

²⁹ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.

³⁰ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

³¹ Guðlaug Sigurbjörg Steingrímisdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.

³² Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.

³³ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.

³⁴ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

³⁵ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.

³⁶ Valgarður Hilmarrson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018. Svipuð saga er til af förukonunni Vigdís Ingvadóttur sem fjallað var um fyrr í bókinni.

³⁷ Pétur Stefánsson, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018. Tekið var viðtal við Pétur í tengslum við förukonuna Margréti Gísladóttur. Pétur miðlaði í því viðtali minningu sinni af Margréti Sigurðardóttur förukonu.

³⁸ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.

³⁹ Guðlaug Sigurbjörg Steingrímisdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.

- ⁴⁰ Guðlaug Sigurbjörg Steingrimsdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.
- ⁴¹ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁴² Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁴³ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁴⁴ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
- ⁴⁵ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁴⁶ Guðlaug Sigurbjörg Steingrimsdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.
- ⁴⁷ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁴⁸ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁴⁹ Guðlaug Sigurbjörg Steingrimsdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.
- ⁵⁰ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁵¹ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁵² Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁵³ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁵⁴ Guðlaug Sigurbjörg Steingrimsdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.
- ⁵⁵ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁵⁶ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
- ⁵⁷ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
- ⁵⁸ Það virðist vera að svanir hafa sótt að barnæskuheimili Margrétar, Bakka í Vatnsdal. Sjá t.d. greinina „Saga bæjarsvananna á Bakka öll“ frá 1993, sem segir frá álftapari sem lagði alltaf leið sína að bænum.
- ⁵⁹ Guðlaug Sigurbjörg Steingrimsdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.
- ⁶⁰ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
- ⁶¹ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁶² Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁶³ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018. „Hún var svona næm fyrir náttúrunni. Dáði mest náttúruskáldin íslensku. Náttúruljóð Steingrims J. Þorsteinssonar, Jónasar Hallgrímssonar. Það þurfti ekki að tala um það“.
- ⁶⁴ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*.
- ⁶⁵ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁶⁶ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (1870-1950)
Begga



Skrif mín um ævigöngu Svarfdælingsins Sigurbjargar Rögnvaldsdóttur, eina af síðustu förukönunum Norðurlands, samanstendur af minningum, orðum, myndum og þagnaráherslum einstaklinga sem miðlað hafa sögu hennar. Annars vegar styðst ég við greinaskrif einstaklinga um ævi Sigurbjargar. Hins vegar við viðtal sem ég tók við samsveitungu Sigurbjargar, Salbjörgu G. Norðdahl (f. 1928), sem þekkti Sigurbjörgu á sínum ungdómsárum. Af þeim greinum sem hér er stuðst við þá var helstu heimildirnar að finna í greinunum „Hún Begga gamla: Svipmynd úr Svarfaðardal“ eftir Bryndísi Björnsdóttur og minningargreininni „Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga)“ eftir Alexander Jóhannsson sem þekkti Sigurbjörgu allt frá því hann var smádrengur. Þau skrif draga upp góða mynd af ævi og persónu Sigurbjargar, og án þeirra skrifa hefði æri margt tapast er varðar æviferil þessarar stakstæðu sögupersónu Svarfaðardalsins. Hér er einnig stuðst við minningargrein nefndrar Salbjargar G. Norðdahl, „Í minningu Beggu (Sigurbjargar Rögnvaldsdóttur)“ og grein Gunnlaugar V. Snævarrs, „Begga gamla“, sem gerir meðal annars vel grein fyrir fjölskyldusögu Sigurbjargar.

Ljóð eftir skáldkonuna Hugrúnu um Sigurbjörgu Rögnvaldsdóttur, förukönun.

Fátt er hægt að segja, þegar förukona deyr.
Hún fengið hefur hvorki orður eða krossa.
Samt er nokkur vafi, hvort sælli eru þeir,
er sýnast eitthvað meira og veröld kann að hossa.

Begga var hún kölluð, það nafn hún átti ein
og annað fannst ei heldur, sem krýndi hana betur.
Á ferðum milli bæjanna, hún var ei svifasein
og setti ekki fyrir sig, þótt kæmi harður vetur.

Og sveitanna á milli hún böggla sína bar,
og búa vildi framtíðina ætíð vel í haginn.
Ef pokinn hennar fylltist, hún sæl á svipinn var,
að safna að sér föngum var hún einstaklega lagin.

Margir vildu gleðja hana, og velkomin hún var,
hún vakti stundum kátínu með skringilegum svörum,
því græskulausar fréttir hún bæja milli bar,
og brandararnir hennar voru á margra vörum.

Gott var hennar hjarta og tállaus hennar tryggð,
hún treysti af öllum huga, en styggzt hún gat í sinni.
Hvert mannsbarn hana þekkti í hennar bernskubyggð.
Ég býzt ei við hún gleymist í næstu framtíðinni.

Ég get ei sagt um, hvort hún var gömul eða ung,
en gömul þó í andliti virtist hún mér löngum.
Hún gat verið sviphrein bæði, og brúnaþung,
hún bar svo margt í rúnunum á enni sínu og vöngum.

Ég sakna hennar Beggu, ég get ei að því gert,
en gleðst þó af að vita, að laus er hún úr dróma.
Þótt lífsstarf hennar sé ekki alþjóð opinbert,
hún varð til byrði, en lifði og dó með sóma.

Ég hefi stundum ætlað að leggja lítið blað
á leiðið hennar Beggu, í minninganna sveiginn.
Ég veit af okkar kynnum, að þegið hefði hún það.
Mér þykir gott að vita, við sjáumst hinumegin.¹

¹ Hugrún (Filippía Kristjánsdóttir), *Fuglar á flugi*. Ljóðið *Begga*.

Hún lá á rúmpletinu, lokaði augunum og mælti allt það sem hún sá, með sinni hugarsýn. Hún mælti og um leið urðu orðin að bleki; þéttskrifuð; rituð með skýrri rithönd. Hún opnaði augun. Fylgdist með liprum handahreyfingum bréfitarans, sem skrifaði orð hennar; orð eftir orð eftir orð. Ímyndaði sér tilhlökkun þess sem beið bréfsins, áfergu póstmannsins sem flutti orð hennar öll á bæinn. Heyrði óminn af umslaginu þegar það var rífið upp af lesandanum, bréfið dregið upp, og orð hennar í blekformi, lesin upp; og þá stundina, birtist hún í bænnum.

Salbjörg: Þessi kona, hún var náttúrulega ekki fædd heilbrigð. Hún hafði mál og heyrn en hún vissi ekki nákvæmlega hvað hún var gömul. En hún miðaði við - ég átti afasystur sem hún þekkti, og hún sagðist alltaf vera jafngömul henni.³²⁹

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir fæddist 4. janúar árið 1870, í Dæli í Skíðadal. Móðir hennar Sigurbjörg Sigurðardóttir (1843-1922), var ung ekkja sem vann þar fyrir sér og syni sínum Gunnlaugi Pálssyni (f. 1867).³³⁰ Faðir Sigurbjargar var Rögnvaldur Jónasson (f. 1845),³³¹ vinnumaður á bænum. Rögnvaldur var aukinheldur vefari og sagður vera listhneigður að upplagi. Ein vísa hefur varðveist eftir Rögnvald, hin vel kunna vísa: „Komdu kisa mín / kló er falleg þín / og grátt þitt gamla trýn. / Mikið malar þú / mér það líkar nú, / víst ertu vænsta hjú, o.s.frv. Í skagfirskum æviskrám eru eftirfarandi orð höfð um Rögnvald: „Hneigður til heimspekilegra og dulfræðilegra heilabrota. Fróður um margt. Unni sönglist. Var á rangri hillu“.³³² Samkvæmt manntölum þá var Rögnvaldur fósturbarn þegar hann var eins árs gamall en er svo aftur tekinn í foreldrahús, þar sem hann elst upp áður en hann gengur í vistir. Ástarsamband Sigurbjargar og Rögnvalds rataði á skjól sögunnar, líkt og mörg ástarsambönd, einfaldlega af þeirri ástæðu að þau eignuðust saman barn í lausaleik, hana Sigurbjörgu.³³³ Annars fer ekki fleiri sögum af því sambandi, annað en að Sigurbjörg og Rögnvaldur fóru sitt í hvora áttina í lífinu, sem varð til þess að litla Sigurbjörg neyddist til að fara sína leið en „þá var nánast ómögulegt fyrir vinnuhjú að ala upp lausaleiksbarn“.³³⁴ Talið er að Begga hafi dvalið fyrsta æviárið hjá móður sinni. Á fyrsta aldursárinu var hún síðan tókubarn á bænum Tungufelli í eitt ár, en engar heimildir gera grein fyrir næstu fjórum árum ævi hennar. Um árin sem fylgdu í kjölfarið skrifar Gunnlaugur V. Snævarr í grein sinni „Begga gamla“:

Þegar Begga var orðin fimm ára dvaldi hún um hríð hjá móður sinni sem var þá bústýra á Sveinsstöðum. Það ár eignaðist Begga annað hálf systkini sitt og þar sem Sveinsstaðir var engin kostajörð reyndist móður hennar ekki unnt að hafa Beggu hjá sér og er talið að hún hafi farið til föður síns sem þá var fluttur vestur í Skagafjörð og verið þar næstu fjögur árin. Eftir þann tíma kom faðir hennar með hana aftur til Sigurbjargar og skildi hana þar eftir með þeim orðum að nú væri hans hluta í uppeldinu lokið.³³⁵

Í manntalinu 1880 er Sigurbjörg litla skráð á Sveinsstöðum hjá móður sinni og stjúpföður, Þorsteini Vigfússyni. Ásamt þeim eru á heimilinu fjögur ung börn móður hennar og Þorsteins. Auk þess er eldri bróðir Sigurbjargar, Gunnlaugur á bænum, sem þá var 13 ára gamall - og vinnukona. Síðan verða hvörf í lífi Sigurbjargar og hún verður hrakningsbarn sem var send í fóstur á bæi í sveitinni uns hún var orðin tólf ára gömul. Þá eignaðist Sigurbjörg heimili hjá vinafólki föðurs síns, þeim Sigríði Sigurðardóttur og Þorkeli Þorsteinssyni á Syðri-Másstöðum, síðar á Hofsá.³³⁶ Sigurbjörg var í 9 ár á heimili þeirra hjóna þar sem hún naut umönnunar Sigríðar, sem hún kallaði föstru sína.³³⁷ Sigurbjörg hafði líka uppeldisbróður sinn Zophonías Þorkelsson í hávegum, en Zophonías reyndist henni sem sannur bróðir allt fram eftir ævi hennar, þó að á milli þeirra væru lönd og höf.

Salbjörg: Eitt uppeldissystkinið hennar flutti til Kanada. Hann varð þar ríkur maður; Þorkelsson. Fólk var nú alltaf að nefna sig upp á enska vísu. Hann skal ég segja þér sendi henni 100 dollara á hverju ári. Sonur prestsins á Völlum, Sæmundur, var skrifstofustjóri í Reykjavík og fjárhaldsmaður hennar. Þorkelsson hafði samband við hann og sendi honum þetta inn í banka. Þegar hún er látin gamla konan, þá kostaði Sæmundur minningarstein á leiðið hennar. Fyrir þessa peninga sem Þorkelsson sendi henni á hverju ári.³³⁸



Salbjörg G. Norðdahl

Barnæska Sigurbjargar er horfin saga að mestu, að undanskildum sagnabrotum sem gefa sýn á barnæsku hennar og þroska - en þó ekki söguna alla. Fóstura hennar Sigríður er sögð hafa hugsað vel um hana og sá til þess að hún fengi kennslu fyrir fermingu. En sökum þess að Sigurbjörg stríddi við vissa þroskaskerðingu, þá átti hún erfitt með nám. Hún gat lesið eitthvað en hún gat ekki skrifað; „hún fékk mjög litla kennslu vegna lítils skilnings á því að hún þurfti ef til vill meiri örvun en mörg önnur börn“, skrifaði Bryndís.³³⁹

Dalrún: Átti hún erfitt uppdráttar?

Salbjörg: Nei ég mundi segja að hún hafi ekki átt það. Hún var ekki hjónabandsbarn. Hún var tekin í fóstur, það var fram í Skíðadal. Ég man að amma mín og einhverjar konur, sögðu það að þær hefðu spurt Sigríði fósturu hennar hvernig það gengi með fósturdótturina. Þá hefði Sigríður sagt: „Heldur vildi ég eiga kött“. Á þessum tíma voru ekki konnir sérkennarar eins og núna til þess að fræða svona börn sem eru öryrkjar.³⁴⁰

Samkvæmt manntalinu 1890 er Sigurbjörg vinnukona á Hofsá en fer þaðan árið 1901 í kjölfar andláts fósturu sinnar. Þá gerðist hún vinnukona í Helgafelli og í Syðra-Holti, og síðan vinnukona í tvö ár á bænum Halldórsgerði.³⁴¹ Næst er Sigurbjörg skráð sem húskona á Velli 1909 þar sem hún dvelst í 3 ár: „Um tímabilið frá 1912 fram til 1920 er fátt vitað annað en hún héldi uppteknum hætti og færi á milli bæja og settist upp þar um

lengri eða skemmri tíma en því fór fjarri að hún heimsækti alla bæi³⁴². Árið 1927 er Sigurbjörg með aðsetur hjá presthjónum á Völlum, en þó kann að vera að hún hafi dvalið þar um tíma í millitíðinni.³⁴³ Sigurbjörg hafði aðsetur í gamla bænum í Völlum. Gamli bærinn var að segja má einskona sambýli þess tíma fyrir þá einstaklinga sem þurftu á athvarfi að halda í sveitinni. Hér er vitnað í viðtal mitt við Salbjörgu og í grein Bryndísar Björnsdóttur „Hún Begga gamla“, þar sem fjallað er um dvöl Sigurbjargar á Völlum.



Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir

Salbjörg: Það var gamall bær á Völlum en þau byggðu timburhús, nýtt hús. Þá leyfðu þau gamla bænum að standa. Ég veit að þau leyfðu fleiri en henni að búa í bænum. En hún hafði ýmislegt að segja um þá sem voru í bænum. Það var einhver karl. Hún sagði að hann hefði verið svo leiðinlegur. Það hefði þurft að hafa einhvern verkstjóra til að halda frið á heimilinu. Hún var að lýsa því, það var eitthvað furðulegt, hún var að lýsa því hvernig karlinn hefði verið. Ég man hún klykkti út með því að segja að það lét í honum eins og í dauðri rottu. Það var eitthvað gamalt fólk, fleiri en Begga, sem fengu að vera þarna í gamla bænum.³⁴⁴

Á Völlum hafði Begga aðsetur sitt í gamla bænum, þar sem hún var alveg út af fyrir sig. Inni hjá sér hafði hún bekk og á honum stóð olíueldavél, þar sem hún hitaði sér alltaf kaffi. Við einn vegginn stóð rúmið hennar og þilið þar fyrir ofan var þakið myndum af vinum og ættingjum, sem henni höfðu verið gefnar. T.d. voru þar myndir af Zophoníasi Þorkelssyni, syni Sigríðar á Hofsa og systkinum hans, en Zophonías reyndist Beggu mjög vel og sendi henni alltaf peninga fyrir jólin. Einnig voru innanum ýmsar fallegar myndir úr dagblöðum sem Begga hafði sjálf klippt út. Í þessu húsi var hennar athvarf og heimili og þar dvaldi hún þegar hún var heima. Hún eldaði þar ofan í sig og var sjálfri sér nóg um mat og annað, því á ferðum sínum um sveitina var henni gefinn alls konar matur, svo sem tólg, smjör og kjöt. Og ef hún fór til Dalvíkur kom hún með fisk til baka sem henni var gefinn þar.³⁴⁵

Sigurbjörg er í flokki síðustu förukvenna Íslands, og líkt og flestar af konunum í þeim hópi, þá hafði hún fast aðsetur þaðan sem hún flakkaði á sínum efri árum, alltaf fótgangandi. Sigurbjörg hafði sterka löngun til þess að ferðast á milli bæja og heimsækja fólk og varð eirðarlaus ef hún komst ekki af bæ vegna veðurs.³⁴⁶ Í greininni „Hún Begga gamla“ segir að Sigurbjörg hafi að hausti farið fótgangandi til Akureyrar og lagt leið sína í Öxnadalinn á bakaleiðinni, með gjafir í farteskinu handa vinum sínum „eða með burð eins og hún kallaði það. Eftir eina slíka ferð hafði Begga komið heim með alls konar varning og segir þegar hún er spurð fréttu úr ferðinni. „Ja ekki eru allar ferðir til fjár“.³⁴⁷

Salbjörg: Hún fór allt fótgangandi, hún vildi ekki sitja á hesti og ekki fara í bíl. Hún var nú víst búin að fá að reyna hvernig það var í bíl. Hún fór alltaf á sumrin labbandi, hún gisti náttúrulega þar sem hún þekkti til, og hún fór til Akureyrar. Þegar ég var 16 ára þá labbaði ég með henni alla leið niður á Tjörn. Það er kirkjustaður. Það hafa líklegast verið 7 kílómetrar. Hún labbaði alltaf með einhver fót með sér, bar einhverja pinkla. Eftir að breski herinn hertók Ísland þá var heilmikill her staðsettur við Akureyri. Begga sagði einhvern tímann frá því að hún hefði komið upp í lúxusbíl úr striga. Það voru einhverjir á Ströndinni sem voru vitni að því að einhverjir hermenn hefðu boðið henni í bíltúr þar sem hún var á ferð. Svo hafði það víst farið þannig, að þeir höfðu skilað henni aftur á sama stað því þeir skildu ekki hvað hún var að segja. Hún kunni náttúrulega ekkert nema íslensku.³⁴⁸

Þegar Sigurbjörg flytur frá Völlum þá býr hún í nokkur ár í Hrísey. Eyja er aftur á móti ekki kjörinn vettvangur fyrir förukonu, líkt og viðhorf Sigurbjargar eru til marks um:³⁴⁹ „Henni fannst ekki þægilegt að búa þar því hún þurfti alltaf að fá einhvern til að fara með sig á báti á milli Hríseyjar og Dalvíkur“.³⁵⁰ Sigurbjörg fluttist næst að Tungufelli til hjónanna Þóru Þorvaldsdóttur og Guðmanns Þorgrímssonar, foreldra Salbjargar sem veitti mér viðtal í tengslum við þessi skrif mín um Sigurbjörgu. Fjölskyldan var flutt í nýtt hús að Tungufelli árið 1939, og Sigurbjörg vildi fá herbergi þar því „það væri svo vel ferkantað“.³⁵¹ Á Tungufelli, líkt og á Völlum, kom Sigurbjörg sér upp litlu heimili í eigin vistarverum, þaðan sem hún flakkaði. Og í því rými stundaði hún sínar helstu nautnir; pípureykingar og kaffidrykkju. Í minningargrein sinni um Sigurbjörgu lýsti Salbjörg íveruherbergi hennar á þennan veg: „Svo kom gamla konan með þjónkur sínar og sagðist búa í sjálfsmennsku... Þegar sett var upp vindrafstöð þá var hún óhress með þessa miklu ofbirtu í augun, vildi heldur fá kerti eða olíulampa“.³⁵²

Dalrún: Gerði hún sér eitthvað til skemmtunar, var hún með einhver áhugamál?

Salbjörg: Það var nú ekki mikið. Hún reykti og svo vildi hún hita sér kaffi, var með litla olíuvél. Vélin hefur náttúrulega verið orðin léleg eða hún ekki kunnað á hana. Ég man að hún reykti svo mikið vélin, og kerlingin reykti líka. Hún var með stóra pípu.³⁵³



Foreldrar Salbjargar

Í grein sinni „Hún Begga gamla“ fjallar Bryndís um slæma meðferð á Sigurbjörgu á Tungufelli. Þeim ummælum svaraði Salbjörg, dóttir Tungufellshjónanna, í áðurnefndri minningargrein sinni um Sigurbjörgu.

(Úr greinaskrifum Bryndísar) Hún valdi sjálf þennan samastað þegar hún fór frá Völlum, líklega því að henni þótti mjög vænt um börnin þar. Á Tungufelli bjó hún í óupphituðu herbergi og voru rúmfötin hennar oft rök þegar kaldast var í veðri. Síðustu æviárin var Begga oft mjög lasburða og slæm fyrir brjósti, og við þennan ömurlega aðbúnað dó þessi aldna förukona 23. júlí 1950. Eins snauð og hún kom í þennan heim.³⁵⁴

(Salbjörg) Undirrituð vildi aðeins leggja orð í belg og hér á eftir leiðréttu nokkrar missagnir þó um síðir sé. Begga fór frá Völlum út í Hrísey og var þar í nokkur ár. Kom svo í Tungufell og var þar í 4-5 ár samfleytt, fór svo niður í sveit um tíma (m.a. í Steindyr), kemur svo í Hreiðarsstaðakot líklega 1949 og svo í Tungufell á vordögum 1950. Þar deyr hún 23. júlí sama ár. Begga þrabað Þóru um að taka sig um veturinn en þá var hún orðin alveg rúmföst og er í apríl sótt, búið um hana á sleða því enn voru snjóar og ekki vildi hún ferðast í bíl. Það eru rangfærslur að ekki hafi verið hitun í herberginu hennar. Það var yfir kyndiklefanum svo gólfíð var sérlega hlýtt en hún var orðin mjög hrum og allt riðaði í höndum hennar. Vildi hún ekki nema lítið nærast, svo skvettist allur vökvi niður hjá henni.³⁵⁵



Sé lítið til sjálfsmyndar Sigurbjargar, þá er ljóst að hún leit ekki á sjálfa sig sem förukonu. En líkt og förukvennasagan sýnir okkur, þá litu förukonur alls ekki alltaf á sig sem förukonur. Sigurbjörg leit á ferðir sínar sem orlofsferðir en ekki flakk, eins og sumar förukonur gerðu. Hún sá sig sem gest sem kom færandi hendi með gjafir sem henni höfðu áskotnast á þeim bæjum sem hún sótti heim. Sem dæmi þá bað Sigurbjörg gjarnan aðra að þrjóna fyrir sig vettlinga til að gefa, enda var hún víst lítil þrjónakona. Með slíkum gjafagjörningi upplifði Sigurbjörg sig sem gefanda en ekki þiggjanda, og um leið varð förukonan að höfðingja í eigin augum. Af heimildum að dæma þá leit hún á sig sem sjálfstæða konu sem stundaði sjálfsmennsku á þeim bæjum þar sem hún hafði fast aðsetur, og óttaðist það helst að lenda á hreppnum: „Begga vildi ekki heyra að sveitin gefi með henni eða vera á hreppnum eins og hún kallaði það“.³⁵⁶ Í ellinni naut Sigurbjörg þó aðstoðar frá hinu opinbera, en líkaði það víst illa.³⁵⁷

Salbjörg: Haustið 1941 var enski herinn með æfingar á Tungunum, þ.e. ytri Hólmum í landi Tungufells. Að kveldi knýja tveir hermenn dyra á Tungufelli og biðja um kaffi og koma inn í eldhús á meðan þeir eru að drekka það og borða egg. Kemur Begga niður, ávarpar Bretana og spyr hvað stríðið muni standa lengi. Annar þeirra sem kvaðst heita John svarar: „Enskir menn taka Þýskaland í mars“. Að svo búnu bregður sú gamla sér frá, kemur aftur að vörmu spori með sokka og vettlinga og gefur báðum og þeir stinga gjöfunum inn á sig brosandir með miklu þakklæti.³⁵⁸

Sigurbjörg vann lítið alla ævi, enda benda heimildir til þess að hún hafði takmarkaða vinnugetu, en skert starfsgeta var algeng á meðal förufólks. Í anda margra förukvenna, þá tók hún aldrei þátt í almennum heimilisstörfum. En það starf sem hún tók hvað mest þátt í á þeim bæjum þar sem hún var hverju sinni, voru heyskaparverkin.

Salbjörg: Þegar hún var ung kerlingin, þá var hún eitt sumar kaupakona hjá henni ömmu minni. Það var í sömu sveit. En hún náttúrulega eins og fólk sem er svona fatlað, hún gerði engin inniverk. Hún var bara að raka. Það lá illa á henni þegar það var óþurrkur og hún gat ekki rakað.

Dalrún: Vann hún einhverja handavinnu?

Nei. Hún var að biðja strákana, bræður mína, ég átti svo marga bræður - hún var að biðja þá að þrjóna fyrir sig sjóvettlinga. „Svo ætla ég líka að biðja þig“ sagði hún „að þrjóna fyrir mig handvettlinga“. Svona voru orðatiltækin hjá henni.³⁵⁹

Almennt séð virðist fólk hafa tekið Sigurbjörgu vel þar sem hún fór. Til samanburðar má geta þess að hún var mun betur séð en förukonan og samsveitungi hennar Kristín Petrína Jónsdóttir (1879-1969) sem kölluð var Stutta-Stína, fjallað var um fyrir í bókinni. En Kristín þótti erfiðari viðureignar á ferðalögum sínum á milli bæja.³⁶⁰ Þeim Sigurbjörgu og Kristínu kom ekki vel saman, en eins og bent hefur verið á var þekkt að förufólki kom gjarnan illa saman og forðuðust jafnvel að gista samtímis á sömu bæjunum. Til fróðleiks má geta þess að þegar forsagan í lífi förukvennanna Kristínar og Sigurbjargar er skoðuð þá koma í ljós ýmis líkindi. Báðar voru þær lausaleiksbörn sem ólust upp í fóstri, og báðar áttu þær feður sem voru mjög listhneigðir sem þær umgengust í æsku sinni.³⁶¹

Salbjörg: Ég held að það hafi allir verið velviljaðir. Því að hún var þannig, hún var eins og barn. Hún var öryrki. Hún var búin að heyra það í gegnum sitt líf að fólk var á sveitinni á hreppnum. Henni var meinilla við það, hún sagðist aldrei ætla að fara á hreppinn. Já, fólk var sífellt að flytja fyrir hana þessa pinkla og böggla. Ég held að öllum hafi verið vel við hana. Hún var sjálfsagt eins og ég segi; hún var eins og barn.

³⁶²

Förukönur voru gjarnan klæddar tötralegum klæðum og lögðu ekki alltaf mikið upp úr þrifnaði, en sagan sýnir okkur að jafnframt voru til förukönur sem voru algerlega á öndverðu meiði; konur sem lögðu mjög mikið upp úr þrifnaði, jafnvel svo að það þótti úr hófi ganga. Sigurbjörg var í hópi síðarnefndu förukvennanna. Hún var sögð hafa klætt sig snyrtilega og „hafði unun af því að þvo sér og vera hrein“.³⁶³ Hún lagði líka upp úr fagurfræði í klæðnaði sínum, s.s. litrík og rósótt klæði hennar vitna um: „Hún hafði svo gaman af öllu sem að var áberandi á litinn“.³⁶⁴ Sigurbjörg var þó fastheldin á gamlar venjur hvað viðkom skóbúnaði, líkt og aðrar förukönur sem lifðu á tímum þegar gúmmístígvélin komu fram á sjónarsviðið. Sigurbjörgu er lýst þannig að hún hafi verið meðalkona á hæð, heldur andlitsófríð, með stórt nef og sljó augu.³⁶⁵

Salbjörg: Hún gekk aldrei á neinum skóm nema íslenskum sauðskinnsskóm. Henni var nú ekki vel við að fara ef það var einhver bleyta, ef það var einhver væta. Ég man að hún sagði við móður mína, þegar það var kominn ferðahugur í kerlingu, þá sagði hún við hana: „Ég ætla nú að biðja þig að stinga út fyrir mig veðrið“. Því hún var á íslenskum skóm, og þeir eru ekki mjög vatnsheldir. En hún gekk í þessu alltaf, hún fékkst ekki til að vera í öðru en íslenskum skóm. Hún var náttúrulega alin upp í íslenskum skóm og hún breytti því ekki neitt, það voru alltaf einhverjir sem útbjuggu fyrir hana skó. Ég segi fyrir mig að ég kann ekki að búa til íslenska skó. Ég vissi að móðir mín kunnir það, hún var fædd 1902. Fólk gat á þessum tíma keypt sér skó, bæði gúmmískó og stígvél og allt mögulegt. En gamla konan vildi ekkert nema íslenska sauðskinnsskó.³⁶⁶

Það er vandasamt að ætla að gera grein fyrir persónuleika einstaklings sem er löngu látinn út frá samtíningi sagnabrota, ekki síst þegar kemur að sérstæðum karakter á borð við Sigurbjörgu. Þau atriði sem einkenna persónuleika hennar öðru fremur, með hliðsjón af vitnisburðum samsveitunga hennar, er blíðleiki hennar, einfaldir

vitsmunir og ferðaþrá. Annað sem einkenndi frásagnir og um leið persónusköpun Sigurbjargar í sögunni eru gamansögur sem sagðar voru af tilsvörum hennar, sem þóttu sérstök. Kímnisögur eru algeng sagnahefð í tengslum við förufólk á Íslandi. Sigurbjörg var ekki allra, líkt og gjarnt var með förukonur. Hún kunni vel að meta félagsskap sumra, en hafði hreinlega óbeit á félagsskapi annarra. Það var líka gjarnan nefnt að skapgerð Sigurbjargar væri öfgakennd, þ.e.a.s. hún gat verið einkum blíð á manninn en ef hún upplifði óréttlæti gagnvart sér þá gat hún orðið ofsareið og notaði kjaftinn óspart.³⁶⁷ Af heimildum að dæma var Sigurbjörg einkar næm á áhrif fegurðar og góðmennsku í nærumhverfi sínu, sem og næm á áhrif hins slæma: „Begga var einstaklega tilfinninganæm og viðkvæm og ef að henni var gefið eitthvað að borða sem henni fannst gott, runnu tárin niður kinnar hennar af gleði og þakklæti“, skrifaði Bryndís.³⁶⁸

Salbjörg: Það var eitthvað barnalegt við það sem hún sagði, en hún sýndi umhverfi sínu athygli. Og ef einhver gerði henni eitthvað sem henni mislíkaði, þá var henni ekki vel við þá manneskju. Hún var bara eins og barn, myndi ég segja. Þó að ég sé enginn sálfræðingur, þá sá ég að hún var barnaleg í sér.³⁶⁹

Eitt var það þó sem hún hafði mjög gaman af, en það var garðrækt. Á Völlum hafði Begga litla garðholu, þar sem hún ræktaði m.a. kartöflur og sumarblóm. Í þennan garð lagði hún mikla vinnu og hirti hann svo vel að aldrei sást ein einasta arfaplanta í beðunum. Í garðinum gat Begga dundað sér heilu tímana og raulaði þá oft fyrir munni sér þennan frumsamda vísuþátt: „Það verður góð uppskeran / hjá mér í sumar, já, hún / verður góð, já hún verður / góð“. Einu sinni þegar Begga var spurð að því hvað hún ræktaði í garðinum sagði hún: „Það eru bæði Sóleyjar og Fjólseyjar“.³⁷⁰

Það sem einkenndi Sigurbjörgu kannski umfram flest annað var hve barnelsk og barngóð hún var. Sigurbjörg hafði haft sterka löngun til að umgangast börn og veita þeim hlýju í formi orða og gjafa. Salbjörg sagði mér að Sigurbjörg hafi haft unun af því að gleðja börn og gaf þeim til dæmis marglitar pjötlur og dönsk myndablöð.³⁷¹ „Hún var að gefa mér þetta til þess að búa til fót á brúðurnar mínar. Henni var náttúrulega gefið margt“.³⁷² Til að gefa myndræna sýn á samskipti Sigurbjargar við börn þá er hér vitnað í minningu Alexanders Jóhannssonar af Sigurbjörgu - minningu af því þegar að ungur eygði gamlan vin. Frásögn sú lýsir vel sjónarhorni barns á aldinni förukonu.

Þegar ég var lítill drengur þá átti ég heima á Þorleifsstöðum í Svarfaðardal. Margar bernskuminningar á ég tengdar við þann stað. Ég man vel hólinn fyrir utan bæinn, en þar lék ég mér oft, ásamt bróður mínum. Eitt sinn að hausti til vorum við bræðurnir þar í glöðum leik. Þá man ég það, að mér varð lítið út og niður að litla melnum, en við þann mel á ég einnig margar hugþekkar bernskuminningar. Ég sé þá hvar kemur að mér fannst skítin kona. Hún gekk hægt en sigandi, var nokkuð álút með stóran klút á höfði og það, sem mér þótti einkennilegast var það að hún var með poka á baki. Ég hleyp inn til móður minnar og segi henni frá þessum einkennilega gesti og var ekki laust við að í mér væri einhver beigur. Móðir mín kemur með mér út í dyrnar og er hún leit gestinn, sem nú nálgadist óðum þá brá fyrir brosi á andliti hennar og hún klappaði á kollinn á mér og sagði, „þetta er hún Begga“. Innan stundar var gesturinn kominn heim á hlaðið og heilsaði móður minni innilega. Ég virti gestinn fyrir mér og brátt hvarf mér öll hræðsla, en samt þótti mér gesturinn skítinn. Er inn var komið þá tók konan poka sinn og opnaði hann. Hvað hafði pokinn að geyma? Forvitni barnssálar minnar var vakinn. Begga sat á rúmi í sunnanverðri baðstofunni en ég stóð frammi við dyr hjá móður minni, er var við eldavélina og lagaði kaffi handa gestinum. Þá kallar Begga í mig og segir. „Komdu hingað angakúturinn“. Ég man að mér fannst málrómurinn dálítið hrjúfur og einkennilegur. Ég þokaði mér hikandi í áttina til Beggu og loks

hafði ég einurð til að standa við kné hennar. Hún tók upp úr pöknum böggul, sem vafinn var innan í rauðan klút. Alltaf var Begga að tala við mig og ég var farinn að verða óþolinmóður að fá að vita hvað rauði klúturinn hafði að geyma. Stundum hló Begga og þá horfði ég á andlit hennar, sem mér fannst vera mjög einkennilegt, sérstaklega þó er hún hló. Margir bögglar voru í pöknum og var vandlega vafið utan um þá alla. Loks tók hún böggulinn með rauða klútnum og leysti hann í sundur. – Hvað hafði hann að geyma? Þetta: Fallegar dósir, litla fallega kassa, bauka og margt fleira smádót og glingur. Gleðin ljómaði af hrjúfu og hrukkóttu andliti hennar og hún hló sínum hrjúfa einkennilega hlátri, er hún afhenti mér þessa gjöf. Mér fannst konan, sem sat fyrir framan mig breytast. Gleðitilfinning barnshjartans við þessum óvæntu gjöfum varð þess valdandi að í brjósti mínu vaknaði sterk samúð og hlýja til þessarar konu. Hrjúfi málrómurinn hennar og hláturinn, sem áður olli hálfgerðum beig í barnshjarta mínu, urðu nú að sterkum en skærum hlátri... oft hafði ég heyrt Beggu getið og í huga mínum var hún hulin einhverjum töfraljóma er ber keim af sögum úr þjóðsögum og ævintýrum, er mér höfðu verið sögð – en þarna var Begga komin sjálf. Ævintýra heimurinn var ekki lengur til.³⁷³



Salbjörg G. Norðdahl

Eitt var það sem Sigurbjörg bað börn, og einnig fullorðna, um að liðsinna sér við. Það voru bréfaskriftir. Sigurbjörg var óskrifandi en hún hafði samt sem áður mikla löngun til að tjá sig með bréfaskriftum.³⁷⁴ Máske voru bréfin í huga hennar, einskonar staðgenglar hennar á bæjunum sem hún flakkaði á/sendi bréf til. Bréfin miðluðu fréttum líkt og hún gerði sjálf í heimsóknum sínum. Auk þess fylgdu stundum gjafir með bréfunum, gjafir á borð við þær sem hún gaf á flakki sínu: „Hún vildi alltaf vera að senda honum vettlinga og einhverja lundabagga, einhverjar landbúnaðarvörur. Henni var gefið eitthvað og svo átti ég að skrifa“.³⁷⁵ Segja má að Sigurbjörg hafi því líka flakkað á milli bæja í bréfaformi.

Dalrún: Þegar þú varst að skrifa bréfin fyrir hana, manstu hvernig hún miðlaði frá sér?

Salbjörg: Ég man að það var ungur maður, hún hafði beðið hann að skrifa bréf fyrir sig, þá sagði hún: „Nú hef ég ekki meira þúður til að henda á ykkur“. Henni fannst hún hafa verið að segja svo miklar fréttir. Maður var nú að laga bréfin til eitthvað svona.

Dalrún: Vildi hún láta lesa fyrir sig úr bók?

Salbjörg: Nei, það var nú mest að skrifa bréfin, hún kundi ekki að skrifa. Það getur vel verið að það hafi verið reynt að kenna henni að lesa, það hefur bara ekki tekist kannski. Ég held hún hafi verið ólæs.³⁷⁶

Árið 1950 var komið að leiðarlokum hjá Sigurbjörgu. Það fór lítið fyrir kveðjustundinni sem fór fram að Urðum í Svarfaðardal: „Aðeins ein tilkynning mun hafa verið birt í útvarpi um það hvenær hún yrði jarðsett, en fáir munu hafa heyrt hana“.³⁷⁷ En lokakveðjur eru ekki bundnar við jarðarfari. Sumar kveðjur eiga sér stað yfir löng tímabil á meðan aðrar eiga sér stað í einni sviphendingu. Um það vitna kveðjur húsfreyja sem voru hluti af ævilokum Sigurbjargar. Það er hlutverk kvenna að fæða börn inn í þennan heim, og það hefur löngum verið hlutverk kvenna að annast þá sem kveðja heiminn. Aðdragandinn að láti Sigurbjargar gefur mynd af berskjaldaðri konu sem reiddi sig á góðmennsku og hlýju kvenna í sveitinni. Ljóst er að húsfreyjur sveitarinnar vildu fylgja cilfðarbarni Svarfaðardalsins úr hlaði undir lokin.

Þannig batt hún órjúfandi tryggðarbönd við móður mína allt frá því, er þær voru samtíða að Völlum í Svarfaðardal fyrir rúmum 30 árum og til hinstu stundar. Oft mun hún hafa óskað þess að eiga fast heimili hjá móður minni, en því miður voru aðstæður aldrei þannig að slíkt væri hægt. Ég man ætíð seinustu kveðju Beggu og móður minnar, en það var s.l. vetur, er hrjúfaði þessi aldna sérkennilega kona hjúfraði sig sér við brjóst móður minnar og grét. Mér fannst það svo átakanlega sárt að geta ekki lofað þessu blaktandi skari að dvelja á heimili mínu, það sem hún átti eftir ólifað. Að lokum herti Begga sig upp og kvaddi móður mína og það var hinsta kveðjan hennar því þær sáust ekki aftur. Síðan rölti Begga af stað og ég var fylgdarmaður hennar til næsta bæjar. Skrefin hennar voru ekki löng. Nei, hvert fót mál var hikandi eins og í leit að festu.³⁷⁸

Salbjörg: Móður mína dreymdi gömlu konuna, að hún myndi deyja hjá henni. Hana dreymdi að hún sat í hlaðvarpanum og gamla konan hjá henni. Það var ekkert nema stórkostleg blómabreiða í kringum þær - og það gekk eftir.³⁷⁹





Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga). Myndin er tekin 1928-9 í kartöflugarðinum á Völlum

-
- 329 Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- 330 Samkvæmt Íslendingabók þá var Sigurbjörg Sigurðardóttir húsfreyja á Sveinsstöðum í Skíðadal í Eyjafirði. Hún var á Viðivöllum, Miklabæjarsókn, í Skagafirði 1845 og húsfreyja á Sveinsstöðum 1880. Sigurbjörg var fædd á bænum Hamri á Þelamörk. Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 331 Í Íslendingabók segir að Rögnvaldur Jónasson hafi verið bóndi í Jaðri og á Þröm á Langholti í Skagafirði. Hann var fósturbarn á Hvarfi Syðra, Vallasókn í Eyjafirði. 1860 var hann á Uppsölum í Vallasókn, Eyjafirði. Vinnumaður í Dæli í Urðasókn, Eyjafirði 1871, og vinnumaður á Ytri-Brekkum Hofstaðasókn, Skagafirði 1880.
- 332 Sjá Gunnlaugur V. Snævarr, „Begga gamla“, bls. 8.
- 333 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 334 Gunnlaugur V. Snævarr, „Begga gamla“, bls. 8. Sjá einnig: Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 6. Sex árum eftir að Sigurbjörg fæddist giftist móðir hennar bóndanum Þorsteini Vigfússyni á Sveinsstöðum í Skíðadal. Þau hjónin eignuðust saman átta börn og lifðu í fátækt. Hjónabandið tók enda árið 1890, og þá fór móðir hennar í húsmennsku víðsvegar um Eyjafjörðinn. Ævina endaði hún síðan í Glerárþorpi hjá dóttur sinni sem búsett var þar. Faðir Sigurbjargar, Rögnvaldur, starfaði sem vinnumaður í Skagafirði, þar sem hann gerðist síðar bóndi í Jaðri og á Þröm á Langholti.
- 335 Gunnlaugur V. Snævarr, „Begga gamla“, bls. 8.
- 336 Gunnlaugur V. Snævarr, „Begga gamla“, bls. 8.
- 337 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 338 Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- 339 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 340 Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- 341 Gunnlaugur V. Snævarr, „Begga gamla“, bls. 8.
- 342 Gunnlaugur V. Snævarr, „Begga gamla“, bls. 8.
- 343 Gunnlaugur V. Snævarr, „Begga gamla“, bls. 8.
- 344 Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019. Eldri maðurinn sem um ræðir hét Þorsteinn Hallgrímsson. Bryndís fjallar um samskipti þeirra Beggu í grein sinni, og þar segir m.a.: „Um hann var Beggu lítið gefið enda setti hann sig ekki úr færi að stríða henni í hvert sinn sem hann sá hana“, bls. 16.
- 345 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 346 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 347 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 348 Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- 349 Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- 350 Salbjörg G. Norðdahl, „Í minningu Beggu“, bls. 2. Einnig: Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16. Eftir jólin ferðaðist Sigurbjörg iðulega til Hríseyjar og gisti hjá uppeldisbróður sínum Áskeli Sigríðar- og Þorkelssyni.
- 351 Salbjörg G. Norðdahl, „Í minningu Beggu“, bls. 2.
- 352 Salbjörg G. Norðdahl, „Í minningu Beggu“, bls. 2. Einnig: Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16. Eftir jólin ferðaðist Sigurbjörg iðulega til Hríseyjar og gisti hjá uppeldisbróður sínum Áskeli Sigríðar- og Þorkelssyni.
- 353 Salbjörg G. Norðdahl, „Í minningu Beggu“, bls. 2.
- 354 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 355 Salbjörg G. Norðdahl, „Í minningu Beggu“, bls. 2.
- 356 Salbjörg G. Norðdahl, „Í minningu Beggu“, bls. 2.
- 357 Alexander Jóhannsson, „Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga)“, bls. 3.
- 358 Salbjörg G. Norðdahl, „Í minningu Beggu“, bls. 2.
- 359 Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- 360 Gunnlaugur V. Snævarr, „Begga gamla“, bls. 8.
- 361 Sjá umfjöllun bókarinnar um förkonuna Kristínu Petrínu Jónsdóttur.
- 362 Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- 363 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 364 Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- 365 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 366 Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- 367 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 368 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 16.
- 369 Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- 370 Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla“, bls. 17.
- 371 Salbjörg G. Norðdahl, „Í minningu Beggu“, bls. 2.

- ³⁷² Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ³⁷³ Alexander Jóhannsson, „Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga)“, bls. 3.
- ³⁷⁴ Hún skrifaði t.d. til Sæmundar Stefánssonar frá Völlum, fóstursystkina sinna frá Hofsá, og til dóttur Áskels Þorkelssonar, fósturbroðurs hennar, sem búsett var í Hrísey. Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ³⁷⁵ Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019. Hér á Salbjörg við prestsoninn frá Völlum sem búsettur var í Reykjavík.
- ³⁷⁶ Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019. Í greininni „Hún Begga gamla“ segir hins vegar að Sigurbjörg hafi verið læs og hafi lesið sér til skemmtunar, sjá bls. 16.
- ³⁷⁷ Alexander Jóhannsson, „Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga)“, bls. 7.
- ³⁷⁸ Alexander Jóhannsson, „Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga)“, bls. 7.
- ³⁷⁹ Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.

Þjóðhildur Þorvarðardóttir (1868-1953) **Þjóða**



Skrif þessi um Þjóðhildi Þorvarðardóttur, síðustu förukonu Dalasýslunnar, grundvallast að mestu á viðtali sem ég tók við bróðurdóttur hennar Kristínu Kristvarðsdóttur (1914-2018). Þegar viðtalið var tekið í árslok 2016, þá var Kristín eini eftirlifandi einstaklingurinn sem bjó yfir minningum um Þjóðhildi sem hafði hitt hana í eigin persónu. Viðtal mitt við Kristínu hefur ákveðna sérstöðu innan rannsóknar minnar á förukonum, því um er að ræða frásögn ættmennis förukonunnar sem í hlut á. Ég vil líka þakka frænda Þjóðhildar, Ólafi Erlingssyni, sem gaf mér færi á að skoða bækur, bréfasafn, opinbera pappíra, ljósmyndir og smámuni sem Þjóðhildur ferðaðist með í fórum sínum, og eftirlét frænku sinni og móður Ólafs, áður nefndri Kristínu Kristvarðsdóttur. Samhliða viðtalinu er stuðst við greinina „Göngukona á grýttri slóð“ eftir Jón Marinó Samsonarson, sem gerir þar ítarlega og vel grein fyrir lífshlaupi Þjóðhildar. Viðtal mitt við Kristínu og grein Jóns, fléttast saman í þessum kafla, og mynda einskonar textasamtal um þessa göngukonu Dalanna.

Himneskt; hugsuðu kirkjugestirnir; himneskur blámi frá Ameríku. Engin augu, engin alda, svo blá. Í samanburði við ameríska bláman, voru öll blá augu grá, og allar öldur sægrænar. Þennan bláa lit hafði enginn undir grábláu kirkjuloftinu séð; blámann var aðeins að finna í silkiþráðum kjólsins frá Ameríku. Kjóleigandinn sat á aftasta kirkjubekknunum, hógvær er hún slétti úr hvítum kraganum. Hún vissi sem var; að blái kjóllinn átti engan samjöfnuð að finna á íslenskum kirkjubekkjum.



Póstkort úr fórum Þjóðhildar

Þjóðhildur Þorvarðardóttir, ein af síðustu förukönunum þessara lands, fæddist á Leikskálum í Haukadal í Dalasýslu, þann 5. maí 1868. Förukona sem hefur þá sérstöðu á meðal íslenskra kvenna þess tíma, að hafa lagt leið sína alla leið til Ameríku og aftur heim til Íslands. Hún var dóttir hjónanna Kristínar Jónasdóttur (1835-1916) húsfreyju og eiginmanns hennar Þorvarðs Bergþórssonar (1836-1920), hreppstjóra, bónda og meðhjálpara, sem var sagður vera;¹ „gildur bóndi þrátt fyrir mikla ómegð, enda hagsýnn og sýnt um fjárgæzlu“.² Kristín og Þorvarður eignuðust saman tíu börn, fimm dætur og fimm syni.³ Leikskálar voru heimili Þjóðhildar í 21 ár, en nafn bæjarins er dregið af því að hann var upprunlega byggður við leikvöll þings á söguöld: „Það var tímurbær eins og var kallað þá. Tímur að innan og hlaðið að utan. Þetta var fallegur bær, hann afi var búinn að endurbyggja hann einu sinni“.⁴ Frá þeim fallega bæ horfði Þjóðhildur á eftir systkinum sínum út í heiminn. Þrír bræður hennar lögðu leið sína til Vesturheims. Systur hennar tvær, Guðbjörg og Björg, giftust efnilegum mönnum út í Miðdal og Hörðudal, en þeir voru „búhöldar hvor í sinni sveit“.⁵ Lítið er vitað af uppvaxtarárum Þjóðhildar í Haukadalnum, á Leikskálum. Sagan nær ekki inn fyrir ljórann á bænum fyrstu tvo áratuginum í lífi hennar. Síðan gerist það árið 1886 að faðir Þjóðhildar, Þorvarður, skilur við eiginkonu sína Kristínu og giftist Höllu Jóhannesdóttur, sem þá tók við bústjórninni á Leikskálum.⁶ Með hjónaskilnaðinum urðu skyndileg hvörf í lífi Þjóðhildar og hún flyst ásamt móður sinni á brott frá Leikskálum. Húsfreyjan Kristín verður húsconan Kristín fram eftir ævi á heimilum dætra sinna Bjargar og Guðbjargar.



Þorvarður og Halla

Kristín: Hann afi var tvígiftur, átti mörg börn með fyrri konunni.

Dalrún: Með Kristínu?

Kristín: Það var Kristín. Svo giftist hann Höllu og ég man ekki hvað hann átti mörg börn með henni. En Kristín er amma mín.⁷

Dalrún: Varst þú í einhverju sambandi við Þorvarð afa þinn og Höllu?

Kristín: Nei aldrei. Jújú, ég hitti þau. Sérstaklega Höllu, hún lifði lengur, ég hitti hana oft. En afa hitti ég voða sjaldan. Ég var ekkert hrifin af því að hitta hann. Mér langaði ekki til þess. Einhvern veginn fann ég það á mér að þetta var ekki réttlátt, Þetta var ekki réttlátt, hvernig hann hagaði sér. Ég drakk það einhvern veginn í mig, og ég hafði ekkert samband við hann. Myndi ekki gera enn. Nei þetta er alveg

magnað, að haga sér svona. Taka aðra konu, og eiga konu og mörg börn. Það er eðlilegt að Þjóðhildur tæki sér það nærri. Hún vildi aldrei tala um þetta. En þetta fólk var voða gott fólk.⁸



Kristín Kristvarðsdóttir, bróðurdóttir Þjóðhildar

Í kjölfar hjónaskilnaðar foreldra hennar, hófst starfsferill Þjóðhildar, fyrst sem vinnukona og síðar lausamanneskja, ráðskona, og um stund saumakona.⁹

Kristín: Það var kallað lausafólk sem vildi vera sjálfstætt og vinna það sem því bauðst. Það var kallað lausafólk. Það varð að kaupa hjá kónginum lausamannsbréf.¹⁰

Hér að aftan má sjá yfirlit yfir starfsferil Þjóðhildar og tilheyrandi ferðir og dvalarstaði sem að langmestu byggir á skrifum Jóns Marinós Samsonarsonar.¹¹

1887; vinnukona á Dunki og í Blönduhlíð, hjá systur sinni Björgu.

1888-1891; vinnukona í Blönduhlíð, hjá systur sinni Björgu.

1891-1893; vinnukona í Breiðabólstað í Miðdölum.

1893-1895; vinnukona í Blönduhlíð.

1895; Þjóðhildur aflaði sér lausamennskubréfs sem leysti hana undan vistarskyldunni. Slík bréf voru gefin út með konunglegri tilskipun og gátu kostað allt upp í árskaup vinnumanns

1895-1896; skráð til heimilis á Hóli í Hörðudal, er skráð lausakona.

1896; Þjóðhildur er skráð lausakona í Blönduhlíð.

1897-1898; Þjóðhildur er skráð á Leikskálum, hjá föður sínum Þorvaldi og seinni eiginkonu hans, Höllu Jóhannesdóttur: „Eftir það hverfur Þjóðhildur úr kirkjubókum Suðurdalamanna“.¹²



Baðstofan á Leikskálum sem varðveitt er í Byggðasafni Dalamanna og Kristín Jónasdóttir, móðir Þjóðhildar

1905-1907; lausakona í Stóra-Skógi, hjá systur sinni Guðbjörgu.

1907-1908; skráð lausakona á Skarfsstöðum í Hvammssveit: „Ekki er vitað með vissu hvað leiddi hana þangað“.¹³

1908-1909; skráð lausakona á Leikskálum, hjá bróður sínum Kristvarði og konu hans Vilhjálminu Ragnheiði.


1908-1909; skráð lausakona í Stóra-Skógi, hjá Guðbjörgu.

1910; skráð saumakona á Syðri-Reykjum í Lágafellssókn í Kjósarsýslu;¹⁴ „og er kynlegt þar sem ekki fara sögur af því að Þjóðhildur legði fyrir sig sauma á heimaslóðum sínum vestur í Dölum“.¹⁵

Um tíma sinni Þjóðhildur ráðskonustarfi á heimili bróður síns Kristvarðs. Eiginkona Kristvarðs var veik af berklum og þörf var á kvenmannshjálpi til að hugsa um heimilið og annast lítið stúlkubarn, dóttur þeirra, Kristínu, viðmælanda minn. Þjóðhildur var *frænka* í augum Kristínar, ekki förukona; „hún var frjáls“. Þegar Kristín miðlaði minningum sínum af Þjóðhildi til mín í viðtalinu, þá komu fyrir augnablik þar sem konan Kristín vék fyrir barninu Kristínu í frásögninni; talaði um „mömmu og pabba“, stóru frænku sína Þjóðhildi með barnslegt bros á vörum.¹⁶

Hér segir Kristín frá ráðskonuvist Þjóðhildar á æskuheimili sínu, en eflaust hefur frjálsu frænkunni sem var sífellt á förum hugnast að vistin var tímabundin.

Kristín: Ég hef ekki verið meira en þriggja ára. Hún kom á heimili hjá mömmu og pabba. Mamma veiktist eftir að ég fæddist, hún veiktist svo mikið að Þjóðhildur tók eiginlega við uppeldi mínu, í bili. Mamma veiktist og var alveg frá vinnu. Hún tók svo miklu ástfóstri við mig, að hún var hjá mömmu og pabba í heilt ár og hugsaði algjörlega um mig. Hún var heilt ár, heilt ár þar sem hún hugsaði um heimilið. En hún vildi ekki vera áfram, hún vildi ekki binda sig, hún vildi vera frjáls. Hún var ein af þeim sem vildi vera frjáls. Geta notið þess að ferðast, notið lífsins eins og maður segir¹⁷.



Lausamennskubréf Þjóðhildar frá 1895

Til ársins 1946 er Þjóðhildur oftast skráð í Blönduhlíð í kirkjubókum Suðurdalamanna.

1947-1951; hafði heimili í Hlíð í Hörðudal.

1951-1953; hafði heimili í Vífilsdal.

1953; Þjóðhildur lést í Hlíð í Hörðudal 5. júní.¹⁸

Á þann veg hljómar ævi Þjóðhildar í sóknarmannatölum, manntölum, kirkjubókum Dalamanna og út frá sjónarhorni Kristínar. En nú skal sjónum beint að árunum sem þær skrár fjölluðu ekkert um, að árunum 1899-1905. Árin sem Þjóðhildur dvaldi í Ameríku.¹⁹ Ástæðan fyrir Vesturheimsför Þjóðhildar liggur ekki fyrir, en ýmsar tilgátur eru til henni tengdar. Fyrsta tilgátan tengist hjónaskilnaði foreldra hennar. En Þjóðhildur er skráð á heimili föður síns og nýju eiginkonu hans, á Leikskálum, áður en hún hverfur frá Íslandi til Ameríku.

Kristín: En það var sagt að þetta hefði verið það sem Þjóðhildi hefði fallið svo illa, að þess vegna hefði hún slitið sig að heiman og farið til Ameríku. Henni hefði fallið það svo þungt, þegar þau skildu. Henni þótti svo vænt um mömmu sína.²⁰



Þjóðhildur og móðir hennar Kristín

Önnur tilgátan segir að Þjóðhildur hafi farið til Vesturheims til að sameinast þremur bræðrum sínum, sem flust höfðu vestur um haf.²¹

Kristín: Hún fór út þess vegna, hún vildi vera með þeim. En það gengur svona allavegana.²²

Þriðja tilgátan hverfist um ferðalag Þjóðhildar frá Haukadál til Kyrrahafsstrandarinnar, í leit að manni sem hún var talin vera ástfangin af, þ.e. af Jónasi Jónassyni frá Skógskoti í Miðdölum. Jónas frá Skógskoti var vinur og skólabróðir yngri bróður Þjóðhildar, Kristvarðar.

Kristín: Já hann var vinur pabba míns, þeir voru búinir að vera í Hjarðarholti, það var kominn unglingaskóli þar - í Laxárdal. Pabbi og Jónas, þeir voru frændur, og þeir bundust svo föstum böndum að þeir voru búinir að heita því að fara til Ameríku þegar þeir hefðu ráð á. En svo varð aldrei af því. Systir hans pabba vildi ekki sleppa honum. Hún sagði að það væru nógu margir búinir að fara þangað. Hann ætlaði að fara til Ameríku; þá væri ég ekki hérna.²³

Skrif Jóns Marinós: Það var altalað, þótt hvergi sé skjalfest, að Þjóðhildur frá Leikskálum færi til Ameríku í leit að kunningja sínum sem þangað var farinn, og er Jónas Jónasson frá Skógskoti nefndur til sögunnar.²⁴

Jónas frá Skógskoti fór til Vesturheims árið 1899: „Hann lagði leið sína um álfuna þvera yfir fjöllin illkleif, vestur að Kyrrahafi“.²⁵ Jónas aðlagði sig að hinu nýja umhverfi; tók upp nafnið Jónas J. Middal; gekk að eiga Mildríði Sigfúsdóttur sem eiginkonu sína - og settist að í Seattle.

Skrif Jóns Marinós: Um Ameríkudvöl Þjóðhildar er flest á huldu sem fyrr sagði en svo mikið er víst að ekki hefur orðið úr ævikynnum við Jónas frá Skógskoti í fyrirheitna landinu hafi Þjóðhildur vænst þess... Sú sögn er uppi að Þjóðhildur hafi hitt kunningja sinn og konu hans fyrir vestan og hafi Þjóðhildur sætt sig við það sem orðið var og þau skilið sem vinir hún og Jónas. ²⁶

Kristín: Neineineinei. Það var ekki neitt. Þau voru eins og systkini, þau voru svo mikið saman. Neineineinei það var ekki, það er alveg hreint og klárt að það var ekki.²⁷





Ferðakoffort Þjóðhildar frá för hennar til Kanada

Fjórða tilgátan um tildrög þess að Þjóðhildur fór til Ameríku, er einfallega reist á vitneskju um slæma landshagi á Íslandi á þessum tíma og hversu algengt það var vegna þess ástands að Íslendingar flyttu búferlum til Vesturheims.

Kristín: Íslendingar fóru svo mikið út til Vesturheims, það voru flutningar, heilu skipin. Það fóru allir til Ameríku þá því það var ekkert búpláss fyrir þau hérna á Íslandi, það var ekki jarðnæði.²⁸

Ástæðan fyrir Vesturheimsför Þjóðhildur er á huldu. Einnig liggur ekki nákvæmlega fyrir á hvaða tímabili hún dvaldi í Ameríku þó svo fjarvera hennar um nokkurra ára bil úr opinberum plöggum yfir Dalamenn vitni um þann tímaramma sem afmarkaði dvöl hennar í Vesturheimi. Aukinheldur er á huldu ástæðan fyrir því að hún kemur aftur heim, til Íslands.

Kristín: Ég held það hafi verið það sem hafi dregið hana heim, að henni hafi ekki fallið þar. Hún sagði það.²⁹

Það er áreiðanlegt að henni leiddist þegar hún fór til Ameríku, henni leiddist þar. Þess vegna kom hún heim. Þó voru systkini hennar þrjú, þrír bræður, enþá lifandi í Ameríku.

Skrif Jóns Marinós: Í bréfi frá vinkonu Þjóðu í Ameríku skrifað 10. jan. 1910 kemur fram, að Þjóða hafi farið heim vegna óyndis vestan hafs. Heimþráin hefur verið afar sterk.³⁰

En jafnvel þó svo að Þjóðhildur hafi sjaldan sem aldrei talað um hagi sína í Ameríku, þá flutti hún brot af sögunni heim með sér í formi bóka; klæða; skarts; og kistils sem hún flakkaði með á milli bæja eftir að hún kom heim.

Ríkulegar menjar sem vörpuðu ljósi á tíma hennar í Ameríku og skutu stoðum undir sögusagnir af ráðskonutíð Þjóðhildar úti í Ameríku, hjá ríkum hefðarmanni.

Skrif Jóns Marinós: Það varð ekki hlutskipti Þjóðhildar í lífinu að hafa búsför ráð, nema þá hugsanlega í stuttan tíma í Ameríku, sé það rétt hermt sem virðist líklegt að hún væri um tíma ráðskona hjá ónafngreindum, velstæðum enskum manni í Vesturheimi sem leitaði ráðahags við hana, en hún hafnaði.³¹

Kristín: Hún var þarna ráðskona hjá honum. Það getur vel verið að það hafi verið samband, henni hafi ekki fallið það. Maður veit ekkert um það, hún talaði ekkert um það; hún vildi aldrei tala um það. En ég geri ráð fyrir að hún hafi sagt vinkonu sinni það, áður en hún dó. En ég hef aldrei beðið hana um að segja mér það. Og það fáum við aldrei að vita. Það fór með henni í gröfina.³²

Þegar kom að Ameríkuförinni þá reiddi Þjóðhildur sig um fram allt annað, á þögnina.

Kristín: Hún sagði engar sögur. Nei, hún bara sagði frá fólkinu þar.³³

En gullið á fingri Þjóðhildar rauf þögnina í augum ásjáenda, er sáu fyrir sér sögu af ríkidæmi og brostnum tækifærum handan hafs.³⁴

Kristín: Hún til dæmis átti óskaplega fallegan hring. Ég vissi aldrei hver gaf henni hann. Hún var búin að ættleiða mig af honum, sagði að ég ætti að eiga þennan hring, með stórrí plötu. Hann var amerískur. Hvaðan sem hann kom, það veit ég ekki. Maður bara lagði saman tvo og tvo, eins og gengur. Við vorum að giska á það heima, að henni hefði ekki fallið að vera þarna hjá þessum manni. Eitthvað svoléiðis. Ég held það. Annars hefði hún orðið áfram úti.³⁵



Kistan hennar Þjóðhildar miðlaði líka upplýsingum til heimamanna af ferðinni, í formi silkiklæðningar, málmklæðningar og þrykkum messingsþynnum.³⁶

Skrif Jóns Marinós: Í Blönduhlíð átti Þjóða kistu sem hún kom með frá Ameríku. Hún geymdi jarðneskar eigur gömlu konunnar sem hún klæddist ekki daglega eða bar milli bæja.³⁷

Og fagursumaðir bróderaðir kjólarnir hennar, sem voru líkt og erlendir skrautfuglar á meðal fugla Íslands, sungu töfrandi en lágstemmda söngva um Ameríkuferðina.

Kristín: Það kom frá Ameríku. Hún vandist svo sérkennilegum fötum þar. Tók það upp. Fór að vera í þeim þar. Líkaði það vel. Svo kom hún með fulla kistu af amerískum fötum, og það eru til myndir af henni í þeim fötum. Alveg sérkennilega fallegir búningar, allir útsumaðir - þessir amerísku búningar, hún hélt upp á þá alltaf. Þeir voru brúnir, móbrúnir. Svo var þetta allt bróderað, sumaðir kantar; þetta var líkt og íslensku búningarnir okkar, þetta var mjög líkt. Peysur, allar bróderaðar að framan, og svuntarnar allar bróderaðar, það var mikið apað eftir því þegar farið var að búa til þjóðbúningana.³⁸

Skrif Jóns Marinós: Í kistunni átti Þjóða fagurskorinn kjól er mér sagt, bláan að lit með hvítan kraga, framandi í byggðarlaginu. Í kjólinn fór Þjóða einu sinni á ári, þegar hún var til altaris í Snóksdalskirkju á vorin, og fór hún þá um í Blönduhlíð... skar Þjóða sig ævintýrlega úr hópi húsmæðra í sókninni sem voru uppabúnar á sína vísu; en Þjóðhildi brá um sinn í huldufólkskynið í framandleika sínum.³⁹

Vesturheimsförin var talin hafa haft djúpstæð áhrif á sálarlíf Þjóðhildar. Þegar hún snýr aftur heim til Íslands, þá er hún sögð vera orðin *önnur kona*. Þjóðhildur þótti ærið sérstök á flakki sínu á milli bæja með þjónkur sínar. Hún dvaldi í stutta stund á hverjum bæ. En þær stuttu viðvalir og eilíf ferðalög hennar sveipuðu hana dulúðarhjúp og vöktu um leið ugg hjá unga fólkinu varðandi áhrif Ameríkuferða; „var ekki laust við að kæmist inn hjá okkur unglíngunum eða vaknaði sú hugmynd að þessu líkt yrði þeim sem færu til Ameríku, að þeir kæmu heim undarlegir á einhvern hátt og sérsinna.⁴⁰ Þjóðhildur var ekki eini Dalamaðurinn sem hlaut slík örlög í kjölfar þess að hafa lagst í Vesturheimsferð. Göngumaðurinn Einar Ásmundsson sem ættaður var úr Dölunum deildi svipuðum örlögum og Þjóðhildur. Hann þótti bera af öðrum mönnum í sínum ungdómi, var mikill íþróttamaður. Einar lagði leið sína til Vesturheims en var síðan sendur til baka sökum þess hve langt hann var leiddur í veikindum sínum á geði. Sagt var að líf hans hefði verið stöðugur flótti.⁴¹

Saga Þjóðhildar er tvíþætt, líkt og títt er um förukonusögur. Annars vegar er um að ræða söguna fyrir flakkið, sem hverfist um unga, hrausta og efnilega hreppstjóradóttur sem lagði leið sína til Ameríku, þar sem hún varð fyrir sorg. Þá urðu hvörf í lífi hennar og sagan af förukonunni hefst. Upphafsreit þeirrar sögu má rekja til upphafs heimferðar ungu konunnar frá Ameríku. Hin vel þokkaða unga kona, sem eitt sinn skartaði amerískum kjólum á erlendri grundu, umbreytist í eldri konu, í slitróttum klæðum á íslenski grundu; kona sem flakkaði um með kjólana sína í pinklum á milli bæja.⁴²

Skrif Jóns Marinós: Eirðarleysi einkenndi Þjóðu og kæruleysi í klæðaburði, svo mikið, að ekki þýddi að gefa henni góða flík, og ekkert fékk hún sér... Á sjálfa sig eyddi Þjóða engu. Ekki þýddi að gefa Þjóðu nýtileg föt. Við þau losaði hún sig þegar í stað og klæddist görmunum áfram. Annað mátti hún ekki heyra.⁴³



Haukadalsá

Lýsingar á Þjóðhildi í kjölfar heimkomunnar svipa sannarlega til staðlaðra lýsinga af förukönnum, s.s. lýsingar á útliti hennar og persónuleika. Klæðavenjur Þjóðhildar voru einkennandi fyrir förukönur, klæði sem sköpuðu eins konar *úrhrakskvenleika*. Færa má rök fyrir því að Þjóðhildur hafi skapað sér þennan sérstaka klæðaburð á flakkinu sem vörn gegn kynferðislegu ofbeldi. Þjóðhildur var kunn fyrir óbeit sína á karlmönnum, hún hreinlega óttaðist karlmenn og forðaðist með öllu samvistir við þá. Þjóðhildur leit á karlmenn sem vá á ferðum sínum, en ekki náttúruna - hún tókst fremur á við náttúruöflin, heldur en að njóta samfylgdar karla á ferðum sínum.

Kristín: Hún neitaði allri karlmannsfylgd. Hún óð heldur yfir árnar heldur en að láta bera sig yfir. Það vissi ég um, því að hún fór einu sinni yfir Hörðudalsá, það var mikil á. Hún óð yfir hana heldur en að láta karlinn bera sig yfir. Þetta er satt.⁴⁴

Skrif Jóns Marinós: Þá var áberandi ótti hennar við karlmenn sem þótti varla einleikið enda var Þjóða ekki líkleg til að vekja upp girndir eða líkamslostu karlmanna. Fór ekki hjá því að lítið yrði á karlmannsfælni Þjóðhildar sem sjúklega meinloku. Hún þáði samfylgd unglunga og kvenna sem hún lét bera pinklana spöl og spöl, en varla voru veður svo hörð að hún gengi ekki ein fremur en slást í för með karlmanni, og ekki fór hún eitt einasta fet með ógiftum manni. Þeim kom hún hvergi nærri. Það er mér sagt til marks um andúð Þjóðu eða viðbjóð á karlmönnum að leið hennar lá einu sinni sem oftast yfir óbrúaða á. Áin var í vexti, og lá nærri að árstraumurinn hrifi þessa lágvöxnu og margdúðuðu konu með sér og færði í kaf. Þá vildi svo til að piltur stóð á bakkanum andspænis. Hann sá hvað vera vildi og hafði engin umsvif, skelli sér þegar í stað í ána og bar Þjóðu í land. Gamla konan gekk leiðar sinnar í átt til næsta bæjar. Ekki fylgir það sögunni að Þjóða legði hatur á piltinn, en þakkir fékk hann ekki.⁴⁵

Og rétt eins og í tilvikum margra förukvenna, þá lagði Þjóðhildur traust sitt á konur á ferðum sínum - konur sem hún tengdist sterkum böndum: „Hún átti margar vinkonur, hún heimsótti þær. Var hjá þeim kannski, tíma og

tíma“.⁴⁶ En ólíkt meginþorri förukvenna, þá var Þjóðhildur í stöðugum félagslegum samskiptum s.s. bréfasamkipti hennar við aðrar konur, fjölskyldu sína og Vestur-Íslendinga vitna um.⁴⁷

Kristín: Hún hafði mikið samband við Íslendinga (í Vesturheimi). Það var Íslendingafélag. Hún hafði samband við það, og hafði samband við fjölskyldu sína, mikið.⁴⁸

Þjóðhildur flakkaði alltaf á ákveðna bæi, svo sem þekkt er á meðal förukvenna, ekki síst eldri förukvenna. Bæina valdi Þjóðhildur annars vegar út frá húsakostinum, og hins vegar út frá því hvort einhverja tóvinnu væri að hafa: „Hún var ógift og frjáls, sem kallað var lausamanneskja“.⁴⁹ Þjóðhildur veigraði sér ekki við að vinna létt störf á flakki sínu á milli bæja. Jón Marinó segir í grein sinni að Þjóðhildur spann á rokk fyrir móður sína; „þá hún var hér“.⁵⁰ Í reynd var það svo að Þjóðhildur starfaði sem kaupakona á sumrin, og sinnti tóvinnu að vetri til. Auk þess sem hún réð sig inn á milli í vist. Þessi lífsmáti Þjóðhildar svipar til þeirra kvenna sem fóru á milli bæja og áttu við tóvinnu: „Til voru konur, sem fóru um með rokk sinn og spunnu á bæjum. Voru það lausakonur eða hálfgerðar förukonur“.⁵¹

Skrif Jóns Marinós: Stundum var hún viku og viku um kyrrt við tóvinnu eða létt utanbæjarstörf, og gat hent að hún væri hálfán mánuð eða jafnvel þrjár vikur á sama bæ, en ekki öllu lengur. Þá gerðist hún óþreyjufull og rölti af stað.⁵²

Einhver laun hafði Þjóðhildur að öllum líkindum fyrir vinnu sína. Um það vitna ferðir hennar í Sparisjóð Dalamanna í Ásgarði í Hvammssveit, sem hún fór í þeim tilgangi að leggja inn á sparisjóðsbókina sína sem hún hafði alltaf í sínum förum, „vafin blöðum, síðan léreftsdulu, síðan var hún sett í skinnpoka, að síðustu var hún í þrjónastokk“.⁵³ Þjóðhildur tók ævinlega rútuna í þeim erindagjörðum, að hætti nútímaförkonu: „Þangað fór hún einu sinni á ári, ef hún átti einhverja aura afgang, og lét í bókina“.⁵⁴ Þó svo að vinnusemi og langar vistir séu ekki sérkenni förukvenna, þá virðist Þjóðhildur hafa unnið verk sín vel og lagt stolt sitt í þau. Það sýnir bréf sem skrifað var að ósk Þjóðhildar til Búnaðarfélags Íslands, þar sem mælt er með að Þjóðhildur hljóti vinnuhjúaverðlaunin, og hljómar svo:

Reykjavík 30. okt. 1945.

Samkvæmt ósk Þjóðhildar Þorvarðardóttur að Blönduhlíð í Hörðudalshreppi í Dalasýslu, leyfi eg mér hér með vinsamlegast að fara þess á leit við Búnaðarfélag Íslands, að það við næstu úthlutun vinnuhjúaverðlauna sjái sér fært að veita henni viðurkenningu (verðlaun) fyrir langa og dygga þjónustu sem hjú annarra alla sína starfsæfi eins og meðfylgjandi vottorð sóknarprests Suður-Dalþingsprestakalls staðfestir. Eg vil geta þess að Þjóðhildi mundi vera það mjög kærkomið að fá hina nýju sálmabók.

Virðingarfyllt Magnús Guðmundsson.⁵⁵

Viðurkenningu og verðlaun fyrir vel unnin störf hlaut síðan förukonan frá Búnaðarfélagi Íslands árið 1946. Í þessu sambandi má geta þess að önnur kona í hópi síðustu förukvenna Íslands, Margrét Sigurðardóttir (1869-1962), vann einnig verðlaun fyrir vel unnin störf, en hún hlaut verðlaun frá Búnaðarsambandi Austur-Húnavetninga.⁵⁶ Það er áhugavert að tvær af síðustu göngukonum landsins hafi hlotið verðlaun fyrir vinnu sína, enda voru förukonur lítt þekktar fyrir mikilvægt vinnuframlag sitt.

Kristín: Hún fékk sálmabók - ég á sálmabókina hennar sem hún fékk frá Búnaðarfélaginu. Ég á hana, hún er þarna í skápnum. Hún var búin að gefa mér hana. Þarna er hún. Jájá.⁵⁷



Hvað varðar menntun Þjóðhildur, þá má sjá að hún var læs og skrifandi, auk þess sem hún talaði ensku eftir að hafa dvalið í Ameríku. Með hliðsjón af því má segja að hún hafi verið *upplýst kona* á þeirra tíma mælikvarða. Eitt helsta persónueinkenni Þjóðhildar var lestrarþörf og lærdómsfýsn, þörf sem fann sér farveg í lestri guðsorðabóka.

Kristín: Hún var voðalega guðhrædd, las mikið, voðalega mikið í svona guðsorðabókum. Ég held hún hafi byrjað á því þegar hún fer til Ameríku.⁵⁸



Póstkort til Þjóðhildar

Þjóðhildur var kunn fyrir að vera mjög trúuð kona, svo sem lýsingar á einkatrúarathöfnum og ákøfum lestri hennar á trúarritum vitna um: „Má marka af þessu guðrækni Þjóðhildar, að hún hefur haft gamlan sið, að krossa dyr áður en gengið var til náða“.⁵⁹ Fróðleikur tengdur huliðsheimum, svo sem fróðleikur tengdur þjóðsagnaheiminum eða kristnisögu, voru fræði sem almenningur hafði tök á að tileinka sér. Ekki síst í ljósi þess að upplýsingar þessu tengdu voru aðgengilegri en margt annað. Sumir einstaklingar námu meira en aðrir í þeim fræðum, og öðluðust þá jafnvel ákveðna sérstöðu í sínu nærsamfélagi, s.s. sagnakonur. Heimildir gefa hins vegar til kynna að Þjóðhildur hafi að öllum líkindum ekki miðlað því sem hún las, enda var hún einræn í háttum. Fólkið á bæjunum fylgdist með Þjóðhildi meðhöndla bækur sínar, taka þær upp úr töskum sínum og þjökum, lesa þær, ganga frá þeim aftur - án þess þó að gera sér fyllilega grein fyrir því hvaða bækur það voru sem hún var að lesa.⁶⁰ Gera má sér í hugarlund að bækurnar hafi verið henni einskonar *heimili*, fastur punktur í tilveru hennar; bókmenntaheimur sem fylgdi henni hvert fótímal. Þær voru alltént stór hluti af lífi hennar, eigur sem hún kaus að hafa með sér á ferðum sínum og „voru vel frá gengnar, þvengir vafðir um og brugðið um hnappa“.⁶¹ Það liggur í augum uppi, að það hefur ekki verið auðvelt viðfangs, að ferðast fótgangandi á milli bæja með mikinn bókakost. En Þjóðhildur bar víst bækurnar í tösku innanklæða. Því má fullyrða um mikilvægi bókana í augum Þjóðhildar, með hliðsjón af bæði bókaburðinum og frágangi hennar á bókum sínum.



Kristín: Hún passaði bækurnar voða vel, hafði þær í skjóðu; skinnskjóðu sem kallað var, skinnpoki. Passaði þær voða vel, bækurnar. Ég fékk nú eitthvað af þeim. Hún var búin að segja að ég ætti að fá þessar bækur.⁶²

Skrif Jóns Marínós: gamla konan lagði tóvinnuna frá sér endrum og sinnum, tók fram bók, og sagði við sjálfa sig: „Nú ætla ég að taka mér grein“ eða „Nú ætla ég að fá mér grein“.⁶³

Bækurnar sem Þjóðhildur hafði hugsað svo vel um í gegnum árin sín, verndað frá foráttuveðrum; rigningu; snjó; og árvatni. Rötuðu síðan flestar í rangar hendur að henni látinni, einkum þær verðmætustu. Því er ekki vítað fyrir vísit, hvernig bókakostur Þjóðhildar var í heildina.

Kristín: Svo átti ég líka að fá hringinn, en sýslumaðurinn tók hann.

Dalrún: Tók sýslumaðurinn hringinn?

Kristín: Já og allar bækurnar. Eða mest af bókunum sem eitthvað var varið í, merkar bækur. Ég átti þær líka. Ég átti að fá þær. En ég gat ómögulega verið að rífast, ég nennti ekki að eiga við það. Hún átti margar merkilegar bækur, líka amerískar. En kallinn hirti alltaf allar bækur úr dánarbúum. Karlinn kom bara heim og hirti allt það besta. Svona var það. Svona menn voru til þá. Hann hirti allar bækurnar. Enda átti hann, ég held hann hafi átt stærsta bókasafn á landinu um tíma. Þorsteinn sýslumaður, hann var ættaður úr Borgarfirði. Hann var lengi sýslumaður í Búðardal. Það þorði nú aldrei neinn að segja neitt. Maður þorði aldrei að segja neitt. Nei þetta var voðalega leiðinlegt. En ekkert leiðinlegra fyrir mig, en aðra í Dölnum. Þeir voru voða sárir margir. Enda átti hann stærsta bókasafn á landinu.⁶⁴



Þjóðhildur dó 5. júní árið 1953 að Hlíð í Hörðudal, og hlaut virðulega jarðarför.

Kristín: Það var virðuleg jarðarförin hennar, afskaplega virðuleg. Ég fór og var við jarðarförina hennar. Ég var gift, já ég fór vestur ein, með fleira skyldfólki hennar. Það var afskaplega virðulegt allt og fallett sem presturinn sagði.⁶⁵

Í kjölfar andláts Þjóðhildar kemur í ljós, eitthvað sem verður að teljast einsdæmi í förukvennasögunni. Þjóðhildur hafði stofnað sjóð sem nota átti í þágu fátækra sjúklinga í Dalasýslunni, „þeirra er þyrftu að leita sér lækninga á

spítulum eða sérlægningastofnunum“.⁶⁶ Sjóðurinn var kenndur við hana, Þjóðhildarsjóðurinn; „hafi öllum eignum dánarbúsins verið komið í peninga er séu við árslok 1954 kr. 1158.12 sem ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu“.⁶⁷

Þessum þætti lýkur á stöku minningarbroti um Þjóðhildi. Minning sem lítil stúlka festi sér í minni á fyrri hluta 20. aldar, og miðlaði til mín á sínu 104 aldursári; minning um samskipti Þjóðhildar og föðurdóttur hennar og heimildarkonu, Kristínar Kristavardsdóttur sem lést árið 2018.



Kristín: Ég man ekki fyrr en ég var orðin dálítið stálpuð, sex ára. Þá var ég farin að lesa og hún var svo mikið með mig. Hún lét mig sitja hjá sér og lesa fyrir sig. Ég man eftir henni þá, þegar hún var að vinna handavinnu. Svo var hún búin að segja að hún ætlaði að vera hjá mér í ellinni. Henni þótti ógurlega vænt um mig sem barn, sem lítið barn. Svoleiðis var það. Þannig tengdumst við.⁶⁸



¹ Samkvæmt Íslendingabók þá var Kristín á Innra-Leiti á Skógarströnd, Breiðabólstaðarsókn, árið 1845. Hún var húsfreyja á Leikskálum í Haukadal 1870. Þorvarður Bergþórsson var bóndi og hreppstjóri á Leikskálum í Haukadal í Dalasýslu 1857-1915. Í *Íslenzkar æviskrár* kemur fram að foreldrar Þorvarðs voru Bergþór Þorvarðsson á Leikskálum og Björg Hallsdóttir í Villingadal.

² *Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940*, bls. 516.

³ Börn Kristínar og Þorvarðs voru Björg; Guðbjörg; Bergþór; Jónas; Hallur; Þjóðhildur; Ásgerður; Þorsteinn; Kristvarður; Kristín: „og fleiri, sem dóu ung“. Sjá *Íslenzkar æviskrár* bls. 516.

⁴ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017. Ath. Bæjarnafnið Leikskálar má rekja til húsa sem byggð voru við leikvelli á þingum á söguöldinni.

⁵ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 8. Björg Þorvarðardóttir giftist út í Hörðudal Einari Guðmundssyni sem var bóndi á Dunk. Guðbjörg Þorvarðardóttir giftist Ólafi Jóhannessyni í Stóra-Skógi.

⁶ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“. Sjá einnig viðtalið við Kristínu: „Mamma, hún var hjá Guðbjörgu föðursystur minni í Stóra-Skógi. Hún tók hana til sín og pabba. Hann var yngstur og Guðbjörg gat ekki hugsað sér að láta hann vera eftir hjá hinni konunni. Það var ekkert öðruvísi. Hún tók hann og hann var þar, þar til hann fór að vinna sjálfstætt“.

⁷ Samkvæmt ritinu *Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940*, þá eignuðust Þorvarður og Halla Jóhannesdóttir (1855-1939) á Vatni börnin: Kristján; Jóhönnu Kristínu sem fór síðar til Vesturheims; Sigríði; Þorberg Arinbjörn og Þórarinn sem báðir fóru til Vesturheims; Ásgerði Jósefinu; Sigurð Skjaldberg; Björgu Sesselju Skjaldberg. Sjá einnig: „Börn Þorvarðs milli kvenna: 1. með Lilju Ólafsdóttur á Vatni, Jón Óla Árnason í Köldukinn, 2. með Guðrúnu Guðmundsdóttur, Hjört á Litla-Fjalli í Mýrasýslu. (Br. T.; Dalamenn I og III)“, bls. 516.

⁸ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

⁹ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 10. Þar vitnar Jón m.a. í manntalsfróðleik sem Eggert Th. Kjartansson hafði sent honum úr sóknarmannatölum.

¹⁰ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

¹¹ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“.

¹² Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 10.

¹³ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 10. Jón vitnar einnig í skriflega ábendingu sem hann fékk frá Eggerti. Th. Kjartanssyni, sem telur að þarna hafi verið um kunningsskap að ræða, þ.e. að fólkið á Skarfsstaðaheimilinu hafi verið ættað úr Suðurdölunum.

¹⁴ Þjóðhildur var á heimili Stefáns B. Jónssonar og Guðnýjar Jóhönnu Sigfúsdóttur á Syðri-Reykjum í Lágafellssókn í Kjósarsýslu. Þetta kemur fram í landsmanntali frá árin 1910. Sjá Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 10.

¹⁵ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 11.

¹⁶ Sjá umfjöllun mína um það þegar að fullstálpaðir viðmælendur fara í hlutverk barnsins í viðtölum í Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 17.

¹⁷ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

¹⁸ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 12. Þjóðhildur lést í Hlíð í Hörðudal hjá hjónunum Ólafu Jónsdóttur og Gestu Jósefssyni.

¹⁹ Það er ekki vitað fyrir vist hvað Þjóðhildur var lengi í Ameríku, en talið er að hún hafi verið frá 1899 til 1905.

²⁰ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

²¹ Til er minningargrein um bróður Þjóðhildar, Bergþór S. Þorvarðsson (1863-1947) sem flutti til Vesturheims ásamt bróður sínum Jónasi árið 1887. Í minningargreininni segir: „Menntunar lítill kom Beggi að heiman eins og margir aðrir á þeim tíma og mállaus á enska tungu, en hann komst fljótt niður í málinu og eins vinnubrögðum hér, því hann var athugull og laghentur að eðlisfari“. Sjá „Æfinning“, bls. 5.

²² Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

²³ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

²⁴ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 12.

²⁵ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 12.

²⁶ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 14. Höfundur vitnar í Jóhönnu Einarsdóttur frá Dunki.

²⁷ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

²⁸ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

²⁹ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

³⁰ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“.

³¹ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 9-10.

³² Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

³³ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

- ³⁴ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ³⁵ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ³⁶ Hvað varðar fögur og rikimannleg klæðin sem Þjóðhildur skartar á ljósmyndunum frá Ameríku, þá verður að gæta að því að ljósmyndarar áttu gjarnan fót fyrir fólk til skiptanna á ljósmyndastofunum. Því var algengt að fólk sendi margar myndir af sér frá Vesturheimi til dæmis með fjaðrahatta.
- ³⁷ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“.
- ³⁸ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ³⁹ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 17 og 28. Vísun í Erlu Hjartardóttur frá Álfatröðum og Helgu Hansdóttur frá Ketilsstöðum.
- ⁴⁰ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 16 og 23.
- ⁴¹ Helga Jónasardóttir frá Hólabaki fjallar um Einar í endurminningum sínum, *Par sem háir Hólar: Fáeinarn bernesku minningar*, bls. 96-7.
- ⁴² Þjóðhildur var talin vera sérkennileg af öðrum, var vanaföst og hafði sína eigin siði. Í grein sinni segir Jón Marinó frá því hve Þjóðhildi var meinilla við hrossakjötsát, sem gat verið til trafala á þeim bæjum þar sem hún gisti. Víða má finna lýsingar á þeirri óbeit sem eldra fólk hafði á hrossakjötsáti. En sumir líkt og Þjóðhildur horfðu að segja má í hina áttina, þegar þeim var skammtað hrossakjöt. Sjá til dæmis: Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 113-114. Einnig: ÞÐ 12407. Þar segir af göngukonu sem vildi ekki borða hrossakjöt. Eitt sinn gisti hún í Flugmýrarhvatni í Skagafirði. Þá skrökvuðu vinnumennirnir að henni að hrossakjöt sem borið var á borð, væri í reynd kýrkjöt. Þegar þeir loks létu í ljós að hún væri að borða hrossakjöt, þá sagðist hún finna af því óbragð og spýtti því út úr sér.
- ⁴³ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 22. Vitnar í Erlu Hjartardóttur frá Álfatröðum.
- ⁴⁴ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ⁴⁵ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 16.
- ⁴⁶ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ⁴⁷ Til dæmis sagði Kristín í viðtalinu að Þjóðhildur flutti í einhvern tíma til Reykjavíkur með vinkonu sinni undir lokin. Og var þá í tíðum bréfasamskiptum við vinkonur sínar í sveitinni. Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ⁴⁸ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ⁴⁹ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ⁵⁰ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 21. Vitnað beint í bréf frá Kristmundi Jóhannessyni.
- ⁵¹ ÞÐ 1116.
- ⁵² Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“.
- ⁵³ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 23.
- ⁵⁴ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ⁵⁵ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 25.
- ⁵⁶ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁵⁷ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ⁵⁸ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ⁵⁹ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 20.
- ⁶⁰ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 21-22.
- ⁶¹ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 21. Heimildarkona: Erla Hjartardóttir frá Álfatröðum.
- ⁶² Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ⁶³ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“.
- ⁶⁴ Hér er rétt um sýslumanninn Þorstein Þorsteinsson.
- ⁶⁵ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ⁶⁶ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 27. Í greininni fjallar höfundur um reglur sjóðsins í greininni. Þar segir að sjóðurinn sé sérstaklega ætlaður sjúklingum úr Suðurdölunum.
- ⁶⁷ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 27.
- ⁶⁸ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

Margrét Gísladóttir (1866-1953)
Gréta Gísla



Hún Gréta mín hefði verið ánægð að það væri verið að sýna henni þessa athygli.⁴⁴⁸

Sagnaþáttur þessi um ævi Margrétar Gísladóttur, síðustu förukonu Fljótsdalshéraðs, byggir á viðtölum sem ég tók við systkinin Birnu Stefánsdóttur og Pétur Stefánsson frá bænum Bót í Hróarstungu, þar sem Margrét dvaldi á sínum efri árum. Umfjöllunin byggir þar að auki að miklu leyti á yfirgrípsmikilli grein Þórhildar Richter um Margrétu, „Átján fjöllin yfir fó“ (2004), einkum úttekt Þórhildar á forsögu Margrétar áður en hún gerðist förukona.

Blóm úr bómull döfnuðu í svuntuvasanum hennar. Blómstrandi bómullarblóm, uxu þar í breiðum þar sem ægði saman blaðgrænu og indigólítum. Laufblöðin teygðu sig upp úr vasanum til að njóta snertingar sólargeislanna og blómstrandi bómullarblómin, drupu krónublöðum sínum. Þau nutu líkamsyljar konunnar er seytleði yfir trosnað svuntuefnið. Stundum stakk konan fingrum sínum djúpt ofan í vasann, strauk stiklunum, blómunum öllum. Stundum reif hún þau upp með rótum, og lagði þau í lófann sinn; blómaklútinn sinn. Tók klútinn í sundur, og mitt í blómaskrúðanum eygði hún ljósmynd af manni, konu og dreng. Horfði. Lokaði blómaklútinum, svo að blómin gætu umvafið hvert annað með stilkum sínum á ný, varið myndina dýrmætu. Hún setti svo myndina sveipaða blómum aftur í svuntuvasann, í móðurhlýjuna. Og lokaði vasanum.

Margrét Gísladóttir, sem kölluð var Gréta, fæddist árið 1866 á Hafursá á Völlum í Suður-Múlasýslu. Hún var dóttir Sigríðar Árnadóttur (1834-1882) frá Ekkjufellsseli og Gísla Jónssonar (1840-1901). Sigríður var ekkja áður en hún og Gísli tóku saman, en hún erfði hluta af búinu eftir látinn mann sinn.⁴⁴⁹ Sigríður og Gísli eignuðust saman tíu börn, og var Margrét þriðja í röðinni. Búskapurinn gekk ekki vel hjá þeim hjónum sökum harðinda, og þau síðar fluttist fjölskyldan að Stefánsstöðum í Skriðdal: „Þarna á Stefánsstöðum var túnið svo lítið, að illa náðist eitt kýrfóður, af því og stundum ekki nema hálf“, skrifar Þórhildur í grein sinni „Átján fjöllin yfir fór“.⁴⁵⁰ Þegar Margrét var tólf ára fluttist hún með fjölskyldu sinni á Stefánsstaði. Tveimur árum síðar eru átta manns skráð á heimilinu í manntalinu 1880; húsbóndinn Gísli sem var 40 ára og Sigríður sem var 47 ára, ásamt sex af börnum þeirra.⁴⁵¹

Birna: Mamma hélt það. Það voru einhverjar hörmungar sem ég veit ekki um, þarna upp í Hafursá sem er nálægt Hallormsstað. Þar sem hún átti heima. Svo fór hún í einhverjum flutningum yfir í Skriðdal. Þetta var bara líf sem var ótrúlegt, fólk flæktist á milli bæja og ekkert spekulerað í því hvernig því líði. Þarna snerist allt, fyrst og síðast, um það að lifa af.⁴⁵²

Árið 1882 lést Sigríður, móðir Margrétar. Þá hófst tími mikillar upplausnar í lífi Margrétar. Bærinn Stefánsstaðir voru án húsfreyju, og í slíkum tilfellum tíðkaðist gjarnan að ráða ráðskonu inn á heimilið. Guðrún Sveinsdóttir frá Mjóanesi var ráðin sem ráðskona að Stefánsstöðum. Síðan gerist það árið 1884, að Gísli faðir Margrétar réð sig í vinnumennsku ásamt ráðskonunni Guðrúnu, á næsta bæ við Stefánsstaði. Búskap þeirra á Stefánsstöðum var þar með lokið. Þegar hér er komið við sögu var Margrét sautján ára gömul. Engar frekari skráðar heimildir eru til um Margrétu fyrr en hún er orðin 22 ára. Þórhildur skrifar að Margrét komi aftur fram á skrá í Vallanessókn, þá sem vinnukona í Flögu í Skriðdal.⁴⁵³ Í manntalinu 1890 er hún skráð vinnukona á Flögu 23 ára að aldri. Húsbændur hennar voru þau Guðrún Rasmusdóttir 84 ára og Guðmundur Einarson 82 ára.⁴⁵⁴ Þá hófst annar kapítulinn í lífssögu Margrétar Gísladóttur; tími þegar hún kynnist bóndasyninum, og verðandi barnsföður sínum Rasmusi Lynge Guðmundssyni. Saman yfirgefa þau Flögu. Hann var 44 ára og Margrét 29 ára gömul. Þau giftast árið 1898, og eignuðust saman fjögur börn (Gunnar Hjálmar f. 1894, d. 1896; Gunnar Halldór f. 1896; Jónína Kristín f. 1902, d. 1902; Gísli Lynge f. 1905). Tvö barnanna urðu fullvaxta, en tvö létust á barnsaldri. Samvistartími Margrétar, Rasmusar og barnanna, markaðist af hús- og/eða vinnumennskuárum þeirra hjóna, í Skriðdal, Vatnsskógum og síðan á Borg. Þar er Rasmus skráður húsmáður og söðlasmiður, 51 árs í manntalinu 1901. Margrét er skráð kona hans, 34 ára. Með þeim er sonur þeirra Gunnar Halldór Rasmusson, 4 ára. Árið 1902 eru þau búsett á Geirólfsstöðum, árið sem þau eignuðust og misstu dóttur.⁴⁵⁵

Birna: Þau bjuggu, Rasmus og hún - þau bjuggu fyrst austur á Fljótsdalshéraði. Þau eignuðust fjögur börn man ég eftir, og tvö dóu ung. Þessir tveir synir hennar, Gísli og Gunnar komust til manns. Hún er á flækingi með börnin tvö. Út á hvað gengur lífið hjá henni, annað en að hafa mat daginn út? Við hvað bjó hún með börnin og manninn? Ég hef ekki hugmynd um það en ég er alveg klár að það var harðæri. Og úr hverju börnin dóu, það veit ég ekki. Hvernig og á hverju gátu þau lifað? Urðu þau veik? Hvar var læknirinn? Mamma mín hafði eitthvað hugboð um þetta, en ég veit engar staðreyndir.⁴⁵⁶

Sama árið og síðasta barn þeirra hjóna fæðist, Gísla Lynge f. 1906, þá er Rasmusar getið í skrá yfir burtvikna og dauða í Vopnafirði.⁴⁵⁷ Á svipstundu er Margrét orðin ekkja; einstæð móðir með tvö börn. Þá hefst nýr og átakanlegur kapituli í lífi Margrétar og sona hennar.

Birna: Þau fluttu til Vopnafjarðar. Það veit enginn þá sögu. En trúlega hafa synirnir verið teknir af henni þegar Rasmus deyr. Það voru getgátur um það hvernig líf Rasmusar hafi endað. Eins og ég segi, þá man ég mest eftir að hafa heyrt talað um að hann hafi verið á hestbaki að fara yfir einhverja á, eitthvað fljót, og ísinn hafi brotnað. Sumir sögðu að hann muni hafa farið með skipi, það voru náttúrulega skipakomur til Vopnafjarðar - hann muni hafa farið í skip eins og sagt var um suma.⁴⁵⁸

Í kjölfar andláts Rasmusar fer Margrét á milli bæja sem vinnukona. Oftast er yngsti sonur hennar með í för en það hefur ekki verið gerlegt fyrir hana að hafa einnig elsta strákinn sinn hjá sér. Margrét þurfti því að upplifa sorgina sem felst í því að þurfa að skilja við barnið sitt. Það var ekki vel séð að barn eða börn fylgdu vinnukonum sem ráðnar voru og vanfærar vinnukonur voru að sama skapi í erfiðum málum.⁴⁵⁹ Margrét dvaldi á ýmsum bæjum ýmist með eða án yngsta sonar síns næstu árin. Líf hennar einkenndist af ólíkum vistum. Í bakgrunni sögunnar vex eldri strákurinn úr grasi. Engar heimildir vitna um fundi þeirra mæðgina; hvort þeir fundir hafi átt sér stað, og þá hvort þeir voru hugljúfir eða sárir. Yngri sonurinn vex í skjóli móður sinnar hluta æsku sinnar, en hann þarf líka að upplifa þann sársauka sem fylgir því að vera tekinn í burtu frá mömmu.⁴⁶⁰ Margt er á huldu um þennan langa kafla í lífssögu Margrétar sem einkennist af fjarlægð hennar við börnin sín. En víst er að þessi tími var umbreytingarskeið móður og vinnukonu í förukonu. Svíplegt andlát Rasmusar var talið hafa verið henni mikill harmur. Síðan missti hún drengina sína tvo frá sér. Sá aðskilnaður hefur verið mjög átakanlegur, ekki síst í ljósi þess að Margrét var þá þegar búin að missa tvö börn - frumburðinn sinn litlu dóttur sína: „Hún hafði misst tvö ung börn, og einhverjar hörmungar dundu yfir í sambandi við þau, hélt móðir mín“.⁴⁶¹ Harmganga lífs hennar náði síðan hámarki í hrakningaferð á Smjörvatnsheiðinni. Margrét var þá á leiðinni frá Vopnafirði og austur á Fljótsdalshérað. Á leið sinni yfir heiðina var hún nálægt því að verða úti á Dimmufjallgördum, og hlaut skaða af: „Upp frá því hafi hún farið að flakka milli bæja og jafnvel byggða“.⁴⁶²

Pétur: Já það voru ýmsar kenningar um það. Hún er náttúrulega fædd og alin upp í Skriðdal, og giftist þar og átti fjögur börn að ég best veit. Svo fluttu þau til Vopnafjarðar hjónin og þar missti hún manninn sinn svona vofveiflega að talið er. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig það skeði. Við það truflaðist hún eitthvað á geði og fór einsömul austur yfir Smjörvatnsheiði. Mér var sagt að hún hafi legið úti á Smjörvatnsheiði á leiðinni austur á Hérað. Eftir þetta var hún aldrei heil á geði. Hún missti eiginmanninn og lenti í hrakningum á Smjörvatnsheiðinni. Það var talið orsökina fyrir hennar geðtruflun. En hún var óskaplega vandræðalaus, þægileg í umgengni og hljóðlát.⁴⁶³

Birna: Eftir dauða Rasmusar þá hefur Gréta flosnað upp með tvo syni. Hvað gerðist? Allavega kemur hún yfir Smjörvatnsheiði og verður nær úti, í fjallgarðinum á milli Vopnafjarðar og Fjótsdalshéraðs. Þá

hefur sjálfsagt eitthvað laskast hennar skynjun sem ekki er ólíklegt. Kannski rót þeirra skynvilla hafi verið sú að hún var búin að missa Rasmus og búið að taka drengina. Ég hef ekki hugmynd um þetta. Hvert er hennar sálarástand þegar hún leggur af stað á fjallgarð austur á Fljótsdalshérað frá Vopnafirði. Þá kannski finnst henni hún ekki lengur geta verið á Vopnafirði, og leitar á nýja staði. Það var betra að komast austur á Fljótsdalshérað heldur en að fara norðurleiðina, öræfin. Þetta er nokkuð sem enginn veit og hún talaði aldrei um. Ég man aldrei eftir að pabbi eða mamma töluðu um að hún hefði nefnt hvað hefði orðið um Rasmus. Þau hafa áreiðanlega ekki spurt, ég er alveg klár á því, þau voru ekki týpunar til að grefast fyrir um.⁴⁶⁴

Lokakaflinn í ævi Margrétar er jafnframt förukvennasaga hennar. Saga sem teygir anga sína til ólíkra sveita og bæja - en meginsöguvettvangurinn var án efa Hróarstunga í Fljótsdalshéraði. Þar dvaldi Margrét gjarnan árin 1935-1947 á bænum Bót, hjá hjónunum Laufeyju Valdimarsdóttur og Stefáni Péturssyni, foreldrum þeirra Birnu og Péturs sem ljá sögu Margrétar rödd í þessum kafla.



Birna Stefánsdóttir

Birna: Þetta var tvíbýli heima í Bót. Feikilega mikill gestagangur, það var náttúrulega byggt um þjóðbraut þvera. Það voru bókstaflega alltaf gestir þarna. Allt sumarið fullt af gestum og fullt af börnum. Ég man að einu sinni vorum við ellefu undir fermingu á báðum heimilum. Það var á stríðsárunum, þegar verið var að koma börnunum upp úr fjörðunum og upp í sveitina. Ég er alveg klár á því að foreldrar mínir kvörtuðu aldrei undan því að hafa hana Grétu. Það er ég alveg viss um. Hún svaf lengi vel í sama herbergi og amma mín sem var mikill skörungur, og vel virt í sinni sveit og víðar. Aldrei man ég eftir að hafa heyrt nokkur hnjóðsyrði þeirra á milli.⁴⁶⁵



Pétur Stefánsson

Pétur: Hún svaf í herbergi með ömmu minni.

Dalrún: Voru þær vinkonur?

Pétur: Ég bara get ekkert um það sagt. En amma mín var mjög góð við hana, enda var það sjálsagt meginástæðan fyrir því að hún vildi vera hjá okkur. Það voru sjálsagt tvær meginástæður, það var alltaf til nógur matur í Bót, og fólkið var gott við hana. Það dugði til þess.⁴⁶⁶

Þrátt fyrir að Margrét dveldi löngum í Hróarstungu, þá átti hún sveitarfesti í Skriðdal. Það skipti hana litlu sem engu máli - hún vildi dvelja í Hróarstungu og engin framfærslumál fengu því breytt.

Pétur: Viðhorfið það var jákvætt, að öðru leyti en því að hreppurinn amaðist við henni, vegna þess að hann þurfti að borga með henni. Hún átti sveitarfesti upp í Skriðdal en Bót er í Hróarstungunni og Hróarstunga þurfti að borga með henni. Oddvitinn gerði tilraun til þess að flytja hana hreppaflutningi á sinn fæðingarhrepp, og fór einu sinni með hana upp í Skriðdal og gisti þar. En gamla konan hún fór til baka um nóttina og hún var komin til baka í Bót um morguninn, þegar að oddvitinn vaknaði upp í Skriðdal. Hún var mjög létt á sér, alveg ótrúlega létt á sér. Ég veit ekki hvað hún var þung. Ég gæti trúað að hún hafi verið í kringum 50 kíló eða eitthvað svoliðis.⁴⁶⁷



Málverk af Bót

Frá Bót flakkaði Margrét um sveitina, og líka stundum út fyrir sveitarmörkin: „Ég er alveg klár á því, á Seyðisfirði þá var fólk sem hún átti möguleika á að dvelja hjá í einhverja daga sem var gott við Grétu“.⁴⁶⁸ Ekki er vitað af hverju Margrét flakkaði á milli bæja. Pétur Stefánsson, sonur hjónanna á Bót, taldi sjálfur að flakk hennar hafi verið tilbreyting frá hversdagsleikanum:⁴⁶⁹ „Það er eina ástæðan sem ég sé fyrir því“.⁴⁷⁰

Pétur: Það voru í rauninni tveir bæir sem hún vildi vera á. Það var annars vegar í Bót hjá okkur þar sem hún var langmest, og síðan næsti bær sem var Rangá og þar leið henni líka vel. Þess fyrir utan fór hún á bæi og stoppaði stutt. Gekk á milli með hvítan poka á bakinu sem ég veit ekkert hvað var í en sennilega hafa það verið skjólföt, þó ég muni nú ekki hvað hún hafi átt af þeim, kerlingin. Ég held hún hafi verið með aleiguna í þessum hvíta poka.⁴⁷¹

Birna: Þegar ég lít til baka til heimilishaldsins, þá voru þetta afskaplega góðir tímar. Gott að alast upp þarna. Sérstaklega því að Bót lá við þjóðbraut þvera, þannig að það var mikið flæði af fólki. Maður kynntist mörgum. Það var glatt á hjalla. Maður frétti kannski meira en bara nokkrum bærjarleiðum lengra út í sveitinni.

Dalrún: Það hefur kannski hentað Margrétu vel því hún var förukona, að það hafi verið mikil umferð af fólki í Bót?

Birna: Já alveg klárlega. Bót og Rangá voru þeir bæir þar sem var mest flæði af fólki utan heimilisins, þar voru mestar gestakomur. Það voru þessi tvö heimili.⁴⁷²

Margréti var iðulega lýst sem *fyrirferðarlítilli* konu: „Hún var ekki fyrirferðarmikil á heimili“. ⁴⁷³ Hún var sögð vera smá, pen, og hljóðlát. En slíkar lýsingar á förukonu eru á andstæðum meiði við ýkja margar lýsingar á öðrum förukonum.

Pétur: Hún var það lágvaxin að hún var jafnhá Birnu systur minni sem þá var átta ára. Ég man eftir mynd af okkur saman þar sem ég er fjögurra ára, Birna átta ára og Gréta Gísla á milli okkar. Þar er hún er jafnhá Birnu. En Birna systir mín var að vísu hávaxinn krakki. ⁴⁷⁴



Margrét ásamt Birnu og Pétri þegar þau voru börn

Ólíkt flestöllum förukonum, klæddi Margrét sig á hefðbundinn máta: „Hún fékk allt heima. Hún fékk náttúrulega allt eins og allir á heimilinu“. ⁴⁷⁵ Eitt var það þó sem einkenndi útlit hennar, ekki aðeins í samanburði við aðrar förukonur heldur líka þegar litið var til fólks almennt á þeim tíma. Sú sérstaða hennar fólst í því hve einstaklega þrífín hún var. Hún var sögð vera kattþrífín. Margrét fór reglulega niður að bæjarlæknum og baðaði fætur sínar og þreif á sér andlitið, með „hreina vatninu tæra“ líkt og hún orðaði það sjálf.

Pétur: Hún var kattþrífín, var alltaf að þvo sér, jafn oft og kötturinn á bænum. Afar hreinleg. En ég man aldrei eftir að hún þvæði sér inn í húsi. Hún fór alltaf í kalda lækinn. ⁴⁷⁶

Margrét átti afar fáar eigur í sínum fótum. En það litla sem hún átti geymdi hún í kistlinum sínum: „Það var svona handraði í kistlinum og ég átti lengi vel einhverja svona saumnálapúða sem Gréta átti, nálahús, það heitir nálahús, sem er gert úr legg“. ⁴⁷⁷ Í kistlinum geymdi Margrét líka flíkurnar sínar, sem hún braut saman og setti í léreftspoka þegar hún fór að flakka: „Ég saumaði á hana svuntu. Hún fékk föt eins og aðrir“. ⁴⁷⁸

Pétur: Ég hef heyrt að fyrir mitt minni; þá á hún að hafa gengið á milli bæja í svuntu. Það var vasi á svuntunni, og konurnar á bæjunum settu hnikil í svuntuvasann - og hún þrjónaði fyrir þær á milli bæjanna. Þessu var hún hætt þegar ég man eftir mér 1942 eða 1943, þá gerði hún í rauninni ekkert. Í mesta lagi að hún passaði okkur krakkana.⁴⁷⁹

Birna: Klæðnaðurinn hennar var eins og var í gamla daga. Það voru einhverjir kjólar sem voru saumaðir heima úr efnum. Það var siffonefni og það voru einhver aðeins þykkari efni. Það var ekkert úr vaðmáli eða neitt svoliðis á konurnar. Jú þær áttu jú einhverja svona jakka. Svo var mikið um að það voru þrjónaðar hyrnur. Ég man eftir að amma og Gréta voru með hyrnur, og svo var bundið fyrir aftan. Það var til hlýinda. Svo var síður að vera með svuntur. Það var miklu minna mál að þvo svunturnar heldur en kjólana, en þá þurfti að bera allt vatn.

Dalrún: En í hverju var Gréta þegar hún klæddi sig upp um hátúðirnar?

Birna: Ég bara man ekki hvað það var. Auðvitað áttu allir betri fót. Eitthvað betra. En það var ekki mikil fatageymsla.⁴⁸⁰



Barnæskuminningar Birnu og Péturs, sem ólust upp í samvistum með Margrétu, gefa innsýn í daglegar venjur Margrétar í Bót: „Dagurinn gekk svona bara út á rölt. Þegar allir voru að vinna. Alltaf fullt að gera hjá öllum, þá rölti hún bara um - stundum út á hlaði“.⁴⁸¹ Margrét, líkt og förufólk almennt, var ekki þekkt fyrir mikið vinnuframlag: „Ég held hún hafi þurrkað upp í eldhúsi eitthvað. En ég man aldrei eftir henni í heyskap“.⁴⁸² Dagur hennar Margrétar hverfðust ekki um vinnu, heldur liðu þeir áfram, hvort sem það var í Bót eða á ferðalögum hennar á milli bæja og staða. Eins og Birna orðaði það: „Hún lét fótinn fæða sig“.⁴⁸³ En Margrét hafði þó hlutverki að gegna á Bót, því hennar helsta vinnuframlag var barnapössun. Hún hafði yndi af því að gæta barnanna, það muna þau Pétur og Birna sem nutu hlýju hennar í hvívetna: „Hún var mjög barngóð“.⁴⁸⁴

Pétur: Hún var langmest inni. Hún var náttúrulega að passa okkur krakkana, það var kannski það eina sem hún gerði virkilega, það var að passa okkur krakkana. Sérstaklega mig. Því ég var fjögurra, fimm, sex ára þegar hún var mest hjá okkur. Hún var mjög barngóð.⁴⁸⁵

Birna: Hún svona rólaði bara á milli. Hún var fyrirferðarlítill. Hún var ekki fyrir neinum í verkum. Þurrkaði stundum pínulítið upp. Eitthvað pínulítið þrjónaði hún. En hún var fyrirferðarleysið uppmálað, hún var svo nett og pen, það fór eiginlega ekkert fyrir henni.⁴⁸⁶

Pétur: Ég man eftir því þegar hún var að koma, það kom fyrir að hún færi á Seyðisfjörð. Hún fór allt sitt gangandi, hún fór gangandi yfir Fjarðarheiði og var afskaplega létt á sér. Ég man eftir því þegar hún var að koma frá Seyðisfirði, þá fórum við krakkarnir á móti henni þegar við sáum hana koma tilsýndar. Þá hafði hún eitthvað til að gefa okkur, hvort það var kandís eða eitthvað.⁴⁸⁷

Minningabrot Birnu úr greininni „Átján fjöllin yfir fó“: Hún hélt mikið upp á mig, og auðvitað átti það við mig eins og jafnan, „að sjaldan launa kálfar ofeldið“. Ég var henni stundum ódæl og minnst þess afar vel, að eitt sinn í reidíkasti, (við vorum úti á hlaði að vorlagi), að ég skipaði henni að ná í fugl handa mér, úr hópi fugla sem flugu þá yfir. Eitthvert hik kom á hana. „Þú getur víst sett þá í svuntuna þína,“ gargaði ég. Gréta svaraði, ósköp leið yfir að geta ekki orðið við þessari bón minni: „Elsku barn, það getur Gréta ekki gert, Gréta getur ekki handsamað fugla himinsins og sett þá í svuntuna sína“. En Gréta talaði mikið um sig í 3. persónu.⁴⁸⁸



Margrét hafði sérstakt dálæti á Birnu; stúlkubarninu sem fæddist árið sem hún flutti í Bót. Geta má sér til um það að Birna hafi verið dótturígildi í huga Margrétar, sem var búin að upplífa dótturmissir. Andlát dóttur hennar var

henni mikið áfall, svo vitnað sé í orð konu einnar sem mundi eftir Margréti úr barnæsku sinni: „Hún varð þó stundum döpur, sérstaklega, þegar hún hugsaði til baka. Telpumissirinn var henni sennilega afar þungbær“.⁴⁸⁹

Birna: Ég man bara eftir því að hafa skammað hana fyrir að hafa ekki náð í fuglana handa mér. Ég man ekki nákvæmlega eftir samtalinu. Gréta hélt óskaplega mikið upp á mig, henni fannst allt gott sem ég gerði, hversu vitlaust sem það var. Ég áreiðanlega notfærði mér svolítið þessa mildi hennar og væntumþykju, þegar ég var eitthvað pirruð á henni þá gat ég verið höst við hana. Eins og þegar ég segi við hana: „Þú getur vel náð í fugla handa mér“. Þannig að ég var áreiðanlega dálítið leiðinleg við hana. Undirrotin hefur verið sú að ég hef verið eitthvað pirruð á henni. Það hefur eitthvað pirrað mig. En ég man ekki hvað. Mér þykir ofboðslega vænt um Grétu og ég grét við kistuna hennar. Þetta var svona á yngri árum þegar maður var að gassast út á hlaði. Auðvitað var maður eitthvað pirraður við Grétu, auðvitað hafði hún sína galla, eins og allir - hún hafði öðruvísi galla en margir aðrir, skilurðu. Ég held ég hafi verið mest pirruð við Grétu vegna þess hve ég var óskaplega starfsöm. Ég var elsta barnið, þannig að ég tók snemma þátt í verkunum. Ég held að ég hafi kannski verið pirruð út í Grétu að hún skildi ekki flekka, að snúa í þegar mikið var að gera - að það skyldi ekkert ganga undan henni.⁴⁹⁰

Birna taldi að Margrét hafi verið illa læs og Pétur taldi að hún væri ólæs. Léleg lestrarkunnátta hennar á síðari árum er forvitnileg með hliðsjón af vitnisburði prestsins þegar hún fermdist árið 1882: „Les vel, kann lærdómsbók vel“.

Birna: Ég man ekki eftir henni að lesa. Hún var áreiðanlega eitthvað svolítið læs, en ég man ekki eftir Grétu með bók. Það getur verið misminni. Bækur lágu heldur ekkert á hverju borði í gamla daga, í kringum 1940. Ég er fædd 1935. Ég er að tala um tíma eftir 1940 sem ég man eftir Grétu, því ég man eftir henni svo ung. Bækur voru ekkert á heimilum. Það var bara lestrarfélag þá fékk fólk bækurnar, *Gone with the wind* eða *Anna Karenína*, eða guð veit hvað þetta var. Stórir doðrantar og það var þetta sem fólkið las, bara upp til agna. Þannig að það hefur áreiðanlega ekki verið neitt af handhægum bókum handa henni Grétu. Ég er alveg klár á því. Auðvitað barnabækurnar okkar, við fengum alltaf bækur frá afa og ömmu. Afi var skólastjóri á Norðfirði, Valdimar Snævarr. Hann sendi okkur bækur, eins símsstöðvarstjórinn á Egilsstöðum, Sigríður Jónsdóttir. Hún gaf okkur alltaf sumargjafir, þær bækur lágu náttúrulega á borðum. Ég er alveg klár á því að Gréta var ekki að lesa einhverjar stórar bækur.⁴⁹¹

Margrét var mjög vel á sig komin líkamlega, konan sem sagðist hafa gengið yfir átján fjöll. Um Margréti var ort eflurfarandi vísa: „Átján fjöllin yfir fór, / oft í ferðum brýnum, / lítill kerling, líka stór, / á litlu skeklunum sínum“.⁴⁹² Hins vegar er erfiðara að henda reiður á andlegt líf og þroska Margrétar. Tilgátur voru um það að hún hafi hlotið varanlegan skaða þegar hún lá úti á Smjörvatnsheiðinni og „jafnvel aldrei borið sitt barr eftir það“.⁴⁹³ Það var ekki óalgengt að menn útskýrðu undirrot sérkenna förukvenna með því að þær konur hefðu legið úti.

Birna: Þegar hann er dáinn og hún stendur ein eftir, í léreftskjólnum sínum. Þá veit ég ekki hvað gerist með synina, en hún áreiðanlega leggur á heiðina, Smjörvatnsheiði, í þeirri von um að eignast betra líf. Hvers vegna var hún svona? Varð hún svona? Eða var hún ekki svona? Ég hef ekki hugmynd um það. Þetta eru bara getgátur sem fólk hafði uppi um andlega heilsu Grétu. Að hún hefði orðið fyrir áfalli við það að liggja úti við erfið skilyrði. Hún lá úti á Smjörvatnsheiði, það er vitað. Og þú getur ímyndað þér klæðnaðinn. Þetta er löngu fyrir Hekluúlþurnar. Ég veit ekkert hversu lengi, en það þarf áreiðanlega ekki

nema eina nótt í frosti fyrir svona lítinn líkama til þess að eitthvað gerist. Hvernig var búið um höfuðið? Á hverju lá hún? Allt spurningarmerki.

.....

Dalrún: Átti hún við einhver andleg veikindi að stríða, eða þroskaskerðingu?

Birna: Í mínum huga gæti það hafa verið hvoru tveggja. Því að Gréta var náttúrulega ekki eins og fólk er flest. Hún var kannski ekki beint þroskaskert, en hún hafði ekki vinnugetu. Hún hafði ekki starfsgetu á við aðra. Hvað heitir það? Það er einhvers konar skortur á einhverju. Það voru engar skapsveiflur í Grétu sem ég man eftir. Hvort hún hafi verið þroskaheft; hún hefur bara ekki haft tækifæri til þess að þroskast í baslinu þarna á Hafurá austur í Fljótsdalshéraði og síðan þarna norður á Vopnafirði. Þannig ég veit ekki hvernig Gréta gat haft einhvern bakgrunn í lærdómi. Eins og ég sagði þá las hún áreiðanlega lítið. Hún var að minnsta kosti lítið læs. En hún var ekki með geðsveiflur. Hún leið svona áfram.⁴⁹⁴



Margrét Gísladóttir

Margrét var ekki einræn kona. Hún forðaðist ekki samneyti við aðra, heldur þvert á móti kunni hún að meta samskipti við fólk. Ánægja sem kemur bersýnilega fram í miklum spilaáhuga hennar: „Henni fannst óskaplega

gaman að spila á spil og spilaði vist, alveg þindarlaust ef hún gat fengið einhvern til að spila við sig. Hún sagði hálf sól, heilsóló - hafði mjög gaman að. Hún var þínulitill spilafíkill⁴⁹⁵ sagði Birna um hana „Grétu sína“. Af vitnisburði Birnu og Péturs að dæma þá var Margrétu mjög vel tekið inn á heimilinu: „Hún bara var þarna og var hluti af heimilinu“⁴⁹⁶ Henni samdi vel við alla, að undanskildum vinnumanninum Stefáni Gíslasyni sem hún kundi illa við án þess að nokkur gæti gert grein fyrir því hvers vegna: „Hún setti alltaf hendina fyrir ef Stefán var þar - sem var ekkert nema lítillætið. Hann Stefán, hann sagði aldrei orð“⁴⁹⁷ Hins vegar þurfti Margrét að þola stríðni strákanna á bænum: „Strákarnir voru að stríða“ sagði Birna og var þá að vísa í það þegar að gárungar á bænum espuðu Margrétu í að standa upp á eldiviðarkassanum í eldhúsinu og syngja þar til hún sprakk: „Þetta er í sama dúr og að notfæra sér lítilmagnann“⁴⁹⁸ sagði Birna.

Pétur: Já hún hafði mjög háa og hvella rödd, og vinnumennirnir, vinnufólkið, hafði gaman að því að spana hana upp í að syngja. Og þá fór hún alltaf upp á eldiviðarkassann sem var í eldhúsinu, vegna þess að hún var mjög lágvaxin, og þar söng hún alltaf sama lagið: Lýsti sól / stjörnstól / stirndi á rárnarklæði, og söng það eins hátt og hún gat við mikinn fögnuð viðstaddra yfirleitt, en auðvitað var svona verið að spila með kerlinguna.

Förúkvennalífarnið var einmanalegur vegslóði að þræða, þó svo að konurnar hafi yfirleitt verið umkringdar fólki. Margrét bjó við ákveðna einangrun. Sú einangrun fólst annars vegar í því að hún tjáði sig aldrei um fortíð sína „Nei. aldrei við mig. Og ég hefði áreiðanlega heyrt það ef hún hefði talað við pabba eða mömmu“⁴⁹⁹ Hins vegar má greina ákveðinn einstæðingshátt í daglegri iðju Margrétar, þó svo að hún hafi búið á mannmörgu heimili.

Birna: Hún var nú ekki hláturmild en hún var ekki heldu fylutýpan, hún Gréta. Hún var einhvern veginn sjálfri sér nóg - svo skritið að segja það. Hún var sjálfri sér nóg.

Pétur: Já í góðu veðri þá fór hún alltaf niður á tún, niður fyrir hóla á túninu. Þar var stór steinn, og hún lagði sig undir steininn og breiddi vasaklút yfir andlitið og steinsofnaði. Svaf þar kannski klukkutíma. Þetta var hennar fasta rútína. Svo fór hún í bæjarlækinn og þvoði sér.⁵⁰⁰

Birna: Ef það var möguleiki þá sofnaði hún niður á hól. Annars lagði hún sig bara út af upp í sitt rúm. Að minnsta kosti á veturnar, þá var setið mikið við tóvinnu og þrjónaskap. Eitthvað var hún lítillaga með þrjónana, leistar og sokkar og vettlingar. En það voru engin afköst hjá Grétu að neinu lagi. Það að þurrka af diskum, það kallaði hún uppvaskið, að þurrka af diskum. Svona leið tíminn einhvern veginn svona. Hún fór ekki mikið út en hún fór á milli bæja, þegar það var komið vor, gott veður. Með léreftspoka á bakinu.⁵⁰¹

Pétur: Ég man ekki eftir að hún hafi setið við borðið hjá okkur. Það sátu ekki allir við borðið. Til dæmis amma mín, hún sat aldrei við matarborðið, hún sat við eldhúsbekkinn eins og heitir á Austurlandi - þar hafði hún sérstakan stól og borðaði þar. Ég man ekki eftir að Gréta hafi setið við borðið. Ég held hún hafi nú reyndar verið afskaplega neyslurönn.⁵⁰²

Birna: Já hvað gerði Gréta. Hún teygði að sér hreina loftið og sólina á morgnana. Og fékk sér hræruna, skyrið og slátrið og kaffið um ellefuleytið og svo var borðað um eittleytið. Einhvern veginn leið svona dagurinn hjá henni. Svo lagði hún sig náttúrulega alltaf eftir hádegið, og sofnaði - bara steinsofnaði úti.⁵⁰³

Bakgrunnur Margrétar gefur henni ákveðna sérstöðu í hópi förukvenna. Því Margrét hafði verið gift og eignast fjögur börn. Hún hafði sinnt hlutverki eiginkonu, ekkju, móður og jafnvel ömmu: „Já hún átti í kistunni sinni, mynd af Gunnari syni sínum - sem að hún fékk. Mjög glæsileg hjón með son sinn“.⁵⁰⁴ En þó svo að Margrét hafi sinnt áðurnefndum hlutverkum á fyrri hluta ævi sinnar, þá var staða hennar og ímynd í samfélaginu ekki bendluð við þau kvenhlutverk. Hún var umfram allt annað förukona. Hún ræddi aldrei fortíð sína, sem meðal annars má rekja til þess að synir hennar Gunnar og Gísli voru í engu sambandi við móður sína að undanskildu einu bréfi sem Margrét fékk sent frá Gunnari syni sínum: „Þá grét gamla konan. Einu tengslin sem ég man eftir milli hennar og sona hennar“⁵⁰⁵ sagði Birna.

Birna: Gísli sonur hennar flytur til Þýskalands með konunni sinni, hann bara hverfur - ég veit ekkert meira um hann en þetta eina bréf sem hann sendir Grétu. Einhvern veginn hefur hann fundið út hvar hún átti heima. Gísli bróðir hans var hérna á Íslandi. Einhvers staðar norður í landi. Það var ekkert meira en þessi hundrað krónu seðill og þessi mynd, og eitthvert bréf sem pabbi las fyrir hana. Hún grætur þegar hann les bréfið. Tilfinningarnar um liðna tíð hafa borið hana ofurlíði. Þetta var glæsilegur maður, og hún hafði ekki séð hann frá því hann var nokkurra ára gamall. Svo allt í einu þá bara fréttir hún af honum og með þessari mynd af honum með konu sinni og syni. Þetta var ekki lítið fyrir konu sem hefur ekki heyrt af syninum í tugi ára. Ég hefði grátið líka, fögrum tárur. Ef maður bara setur sig inn í þessar aðstæður.

Dalrún: Grét hún við önnur tilefni?

Birna: Nei aldrei. Bara í þetta eina skipti. Bara í þetta eina skipti.

Pétur: Ég held að annar sonur hennar hafi því miður ekkert sinnt um hana, en hinn þessi sem sendi henni peningana, hann var eitthvað í sambandi við hana. En hann kom aldrei, hann kom aldrei í Bót. Hvorugur þeirra.

Margrét geymdi myndina af syninum, eiginkonu hans og barnabarninu í rósóttum vasaklút. Hún skoðaði oft myndina. Peningana sem hún fékk senda frá syninum með bréfinu, lagði hún inn á bók í banka í Seyðisfirði. Síðar gaf Margrét henni Birnu smá upphæð af peningnum og hún keypti sér „lampafót úr tré, með málaðri blómamynd á“.⁵⁰⁶

Árið 1947 flytur fjölskyldan í Bót á Egilsstaði. Þá flyst Margrét að Rangá, næsta bæ við Bót.

Birna: Þar fær hún að vera mestmegnis, hún kom náttúrulega oft heim austur á Egilsstaði þangað til hún deyr. En þar er hennar heimilisfesti, það er á Rangá hjá elskulegu fólki. Það var mikið myndarinnar heimili.

Dalrún: Var hún sátt með það að fara á Rangá?

Birna: Hvaða val hafði hún? Pabbi var að byggja austur á Egilsstöðum í þorpinu. Hún var oft á Rangá í einhverja daga á sínu flakki. Þannig að það var enginn bær í Hróarstungunni þar sem hún var búin að vera meira á en Rangá. Við erum bara nokkur ár á Egilsstöðum og svo byggir pabbi nýbýli í Bót.

Margrét lést sumarið 1953. Systkinin í Bót klæddu hana í hvítan náttkjól sem þau höfðu gefið henni, en hún notaði aldrei því, hún sagðist ætla að sofa í honum svefninum langa.⁵⁰⁷

Birna: Nei, það komu ekki margir. Það komu einhverjir, séra Sigurjón. Það var kaffi náttúrulega heima þegar búið var að jarða út í Bót.

Dalrún: Manstu hvað var boðið upp á?

Birna: Hjá mömmu?

Dalrún: Já.

Birna: Bara kaffi og kleinur og kökur, eins og tíðkaðist við jarðarfarir í sveitinni.

Dalrún: Hvað varstu gömul þegar hún var jörðuð?

Birna: Ég var sautján ára. Hún var búin að segja svo oft að við værum börnin hennar. Gréta sagði svo oft við okkur: „Þið eruð nú börnin mín og þið verðið að sitja í kringum kistuna hennar Grétu“. Og auðvitað sátum við í kringum kistuna hennar Grétu. Það var stund sem að snart okkur öll djúpt; Gréta var dái. Við sungum, pabbi var vanur að spila við allar jarðarfarir. Við sungum grátklökkum rómi þegar Gréta dó. Þegar hún var jörðuð. Þaðan fórum við með kistuna út í Bót, það var búið að taka gröfina hennar Grétu þar.

Margrét Gísladóttir hvílir í hvíta náttkjólnum sínum á bæjarhólum í Bót, þar sem hún lagði sig forðum sumardaga.



-
- ⁴⁴⁸ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁴⁹ Sigríður Árnadóttir, móðir Margrétar, var skráð skráð sem vinnukona á Hafursá árið 1855 undir stjórn þáverandi eiginkonu Einars, Sigríðar Ólafsdóttur. Sigríður er síðan skráð húskona þar þegar hún fæðir fyrsta barn sitt árið 1857 eftir bóndann þar, Einar Einarsson. Sigríður átti með Einari fjögur börn. Síðan er Sigríður skráð bústýra á Hafursá. En í manntalinu 1860 er Sigríður Árnadóttir skráð sem húsmóðirin á bænum. Sjá manntöl fyrir umræddan tíma og einnig „Átján fjöllin yfir fór“.
- ⁴⁵⁰ Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fór“, bls. 335.
- ⁴⁵¹ Yngsta barnið var eins árs og elsta afkvæmið á Stefánsstöðum var 20 ára þegar manntalið 1880 var tekið. Margrét var þá 13 ára gömul.
- ⁴⁵² Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁵³ Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fór“, bls. 336.
- ⁴⁵⁴ Sjá manntalið 1890.
- ⁴⁵⁵ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁵⁶ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁵⁷ Sjá Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fór“.
- ⁴⁵⁸ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁵⁹ Um slæm kjör vinnukvenna með hliðsjón af barneignum þeirra fjallar sagnfræðingurinn Sigríður Hjördís Jörundsdóttir í grein sinni „Fáar voru frelsisstundirnar“, bls. 17-18. Sjá einnig: Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fór“.
- ⁴⁶⁰ Sjá upptalningu Þórhildar Richter á þeim bæjum og stöðum þar sem Margrét dvaldi næstu árin, með eða án yngsta sonar síns Gísa í greininni, „Átján fjöllin yfir fór“, bls. 337-338.
- ⁴⁶¹ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018. Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fór“, bls. 338.
- ⁴⁶² Hér vísar Þórhildur Richter í minningaskrif Birnu Stefánsdóttur, sem birt voru í grein Þórhildar, sjá bls. 338.
- ⁴⁶³ Pétur Stefánsson, , viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁶⁴ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁶⁵ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁶⁶ Pétur Stefánsson, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁶⁷ Pétur Stefánsson, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁶⁸ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁶⁹ Pétur Stefánsson, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁷⁰ Pétur Stefánsson, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁷¹ Pétur Stefánsson, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁷² Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁷³ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁷⁴ Pétur Stefánsson, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁷⁵ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁷⁶ Pétur Stefánsson, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018. Förukonan Margrét Sigurðardóttir (1869-1962), ein af síðustu förukonum landsins, lagði líka mikið upp úr þrifnaði. Á sínum yngri árum baðaði hún sig í köldum læk sem þótti óvenjulegt í þá daga, samkvæmt heimildarmanninum Ómari Ragnarssyni. Einnig má nefna Sigurbjörgu Rögnvaldsdóttur sem einnig er fjallað um í bókinni, sem var líka einstaklega þrifin.
- ⁴⁷⁷ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁷⁸ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁷⁹ Eiginkona Péturs, Hlíf Samúelsdóttir, sagði mér í viðtalsheimsókn minni heim til þeirra hjóna, að Birna, systir hans Péturs, myndi meira eftir Margrétu, því hún var inni að hjálpa til við húsverkin á meðan Pétur var úti að leika sér..
- ⁴⁸⁰ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁸¹ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁸² Pétur Stefánsson, , viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁸³ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁸⁴ Pétur Stefánsson, , viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁸⁵ Eiginkona Péturs, Hlíf Samúelsdóttir, benti á það að Birna systir hans Péturs mundi meira af því hún var inni að hjálpa til en Pétur var að leika sér úti.
- ⁴⁸⁶ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁸⁷ Eiginkona Péturs, Hlíf Samúelsdóttir, benti á það að Birna systir hans Péturs mundi meira af því hún var inni að hjálpa til en Pétur var að leika sér úti.
- ⁴⁸⁸ Þórhildur Richter, 339, skrif birnu

- ⁴⁸⁹ Hér er vitnað í orð Hólmsfríðar Björnsdóttur á Rangá Hróarstungu, sem þekkti Margréti sem ung stúlka. Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fórn“, bls. 340.
- ⁴⁹⁰ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁹¹ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁹² Vísa eftir Svein á Heykollsstöðum. Margrét talaði um sig sem litlu skenkla. Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fórn“, bls. 338.
- ⁴⁹³ Vísað í minningarskrif Birnu Stefánsdóttur. Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fórn“, bls.339.
- ⁴⁹⁴ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁹⁵ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁹⁶ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁹⁷ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁹⁸ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁴⁹⁹ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁵⁰⁰ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁵⁰¹ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁵⁰² Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018. Birna segir að hún hafi átt sitt sæti við eldhúsborðið, en svo er annað mál hvort að Margrét hafi setið í sínu sæti.
- ⁵⁰³ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁵⁰⁴ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁵⁰⁵ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ⁵⁰⁶ Vísað í minningaskrif Birnu Stefánsdóttur. Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fórn“, bls.339.
- ⁵⁰⁷ Vísað í minningaskrif Birnu Stefánsdóttur. Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fórn“, bls.339.

Lífssögusérkenni förukvenna á Íslandi



Sihreyfing. Skúlpúr eftir Gerði Helgadóttur, sem stendur hér fyrir síhreyfingu förukvenna

Rót kvennaflakks

Ingibjörg Hjartardóttir: Þannig að hún hlýtur að hafa verið óvenjuleg, skritin í hugsunarhætti. En ég myndi ekki segja að hún hafi verið þroskaheft eða átt við einhver geðræn vandamál að stríða, eins og kannski var í mörgum tilfellum með flökkufólk hér áður fyrr. Ekki var hún nein listakona. Hún var enginn bóhem eða þannig flakkari, að vilja lifa öðruvísi lífi en þessir stöðnuðu bændur. Hún var ekki þannig.¹

Heimildir sem koma inn á ástæður þess af hverju konur lögðust í flakk byggja undantekningarlaust á álitum samferðamanna förukvenna. Mun sjaldgæfara er að finna heimild sem miðlar ástæðu þess að kona flakkar út frá orðum sjálfrar förukunnar. Skilningur kvenna sem lögðust í flakk á rót flakksins, er því að mestu tapaður. Algengustu ástæðurnar sem nefndar voru í aldaradír fyrir því að kona flakkaði var fátækt, geðveila, erfið barnæska, ástarsorg eða yfirnáttúrulegar orsakir.² Hér reifa ég þær helstu orsakir, út frá sjónarhorni þeirra sem urðu á vegi förukvenna á flakki þeirra.³

Harmleikur barnæsku förukvenna er þrástef í frásögnum af þeim konum. Þeim barnæskusögum förukvenna var ætlað að útskýra það af hverju konurnar hófu að flakka; sagan fyrir flakkið. Hluti förukvenna var sagður hafa byrjað að flakka sökum krappra kjara í barnæsku þeirra:⁴ Engar þekkti hún ástir móður, / ekki föður, systur, bróður. / Engan vin, sem var svo góður / að vernda hennar erfðarétt.⁵

Guðrún Möller: Það var svona umtalað í sveitinni að hún hafi átt voðalega erfiða barnæsku. Verið illa farið með hana.⁶



Tregafullar barnæskusögur förukvenna voru ei sögur af konum sem báru sigur úr býtum, heldur sögur af konum sem báru þess merki að hafa átt erfitt uppdráttar allt frá blautu barnsbeini til dauðadags.⁷ Gjarnan hefst saga þeirra í rýrðarkoti, þar sem ríkir hungur og gaddur, og reyk leggur frá eldhúsinu í baðstofuna þar sem lítill angi situr á gólfinu. Angi sem þekkir ekki skjól í heimahúsi, og leitar því skjólsins í víðáttunni á sínum fullorðinsárum. Erfið barnæska var fylgja margra förukvenna. Hrakningar þeirra á barnsaldri mörkuðu allt þeirra líf. Hrakningsbörn voru úrvalsefniviður í förufólk.⁸

Guðlaug Sigurbjörg: Mér finnst ekki maklegt að neikvætt sé fjallað um þessar förurkonur sem áttu erfitt, sérstaklega sem börn. Þær verða að njóta þessa jákvæða sem þær hafa haft til brunns að bera um ævina. Þær hafa eins og allir þroskast í gegnum ævina og unnið bug á sínum erfiðleikum. En þær bera með sér alla ævi það sem þær mættu sem börn.⁹



Stúlkur, ekki síst fatlaðar stúlkur, sem síðar áttu eftir að feta veg förurkonunnar báru margar skarðan hlut frá borði í uppvexti sínum samanborið við önnur börn. Á grunni heimilda um erfiða barnæsku förurkvenna er einsýnt að sumar konurnar hlutu í uppvexti sínum varanlegan skaða á líkamlegu og/eða andlegu atgervi sínu, voru haldnar ólæknandi ósefjandi meinum: „Þuríður þótti einkennileg. Hún var skapstór og það kenndi hún uppeldi sínu um“.¹⁰ Konur með slíkan bakgrunn urðu gjarnan framandlegar í útliti og í fasi og sumar hreinlega fatlaðar vegna meðferðarinnar ævi sína á enda. Þær voru ei skapaðar í guðs mynd heldur voru þær voru skapaðar í mynd ónáttúrunnar; álfadætur sem stigu fram úr klettum illrar meðferðar. Sagnir af erfiðri barnæsku förurkvenna og sagnir af afleiðingum erfiðra uppvaxtarára þeirra, svipar þannig til þjóðsagna af umskiptingum. Sagnir af umskiptingum sögðu svo frá að ef börn voru skilin eftir ein á bæ, þá kæmu inn í bæinn álfar sem tóku barnið og skildu eftir í þess stað aldraðan álf, veru sem féll ekki í hópinn. En fræðimenn hafa bent á að túlka megi umskiptinga í þjóðsögum sem fatlaða einstaklinga.¹¹ Dæmi um slíka frásögn er af nefndri Vigdísí Ingvadóttur förurkona, sem var bundin við rúmstólpa sem barn á meðan heimilisfólkið var við útivinnu. Sú meðferð á henni í æsku var talin hafa valdið því að hún varð sérstök og fór að flakka.¹² Í slíkum frásögnum af tregafullum æsku- og unglingsárum förurkvenna, sinnir barnæska förurkvenna sama hlutverki og huldufólkið í umskiptingasögnum.¹³ Æskan rétt eins og huldufólkið, nam lítið stúlkubarn á brott - stúlku sem ellegar hefði dafnað hefði henni ekki verið *rent* af eigin æsku: „Mun Kristín (Tómasdóttir) hafa verið bundin meðal farangursins á ótamið tryppi en það fældist á leiðinni og Kristín fór að hágráta. Brást faðir hennar þannig við að hann leysti hana af hestinum og hýddi hana“.¹⁴

(Um Kristínu Guðmundsdóttur) Sagt var að þegar hún var barn eða unglingur hefði hún gert sér leik að því að henda steinum í klett í Arney. Móðir Kristínar fékk þá heimsókn frá huldukonu sem bað hana um að láta Kristínu hætta þessum leik. Þrátt fyrir bón móður sinnar gerði Kristín þetta aftur og fór þá svo að huldukonan kom öskureið til móður Kristínar. Sagði huldukonan að Kristín hefði handleggsbrotið barn sitt og því ætlaði hún að leggja á Kristínu þau álög að hún myndi eyða ævi sinni í að flakka um og gæti hvergi unað lengi við.¹⁵



Sigríður Benediktsdóttir

Sigríður Benediktsdóttir var fædd í Flöguseli 10. dag desembermánaðar 1815 og var skírð 13. sama mánaðar... Mjög hefur verið af því látið, að þau Benedikt og Rósa hafi verið börnum sínum hörð og óvægin, og þó Sigríði sérstaklega. Sagði hún jafnan svo frá, að það fyrsta, sem hún myndi eftir sér, væri það, að hún lægi í moldarskoti út úr baðstofunni við fáa og skitna leppa og kenndi sárt kulda og sultar. Var hún höfð útundan og varð oft að þola misþyrmingar af annarra hendi, og þó sérstaklega föður síns... Ýmsir telja, að allt til fimm ára aldurs hafi Sigga haft eðlilegan líkams- og sálarþroska, en hvað sem um það er, varð hún einmitt á þeim aldri fyrir slysi, sem hún bar menjar af alla sína ævi. Helltist þá úr heitum súpuþiski yfir hana, svo að hún brenndist í andlitli og ef til vill eitthvað meira. Aðrir segja, að hún hafi hrasað ofan í flóningarpott... Það var á laugardag fyrir páska, að verið var að sjóða hangikjöt til hátúðarinnar. Var Sigga þá sársvöng og Friðfinnur bróðir hennar líka, svo að þau tóku til þess örþrifaráðs,

að sæta lagi og stela sínum kjötbítanum hvort. Skauzt Sigga í skot sitt með sinn bita og sagðist þá hafa vera montin, en Friðfinnur tók á rás út. Hangikjötslyktin kom þó bráðlega upp um Sigu og rann föður hennar þá svo í skap, að hann greip hana klæðlitla og henti henni út í snjóskafi; en stórhrið var á, svo að hana kól eitthvað á höndum við þessar aðfarir. Hafði hún kreppta fingur upp frá því, og var kalinu um kennt. Öðru sinni kom næturgestur að Flöguseli og er hann tekur fram nesti sitt um kvöldið og fer að snæða, sér hann, að fram úr moldarskoti í baðstofuenda skreiðist barnaumingi, sem nálgast hann hægt og sníkir upp á hann eins og rakki. Var þetta Sigga. Benedikt bóndi sat þar hjá, greip hana þegjandi og þeytti henni í skotið aftur svo harkalega, að hægri handleggurinn lenti á steini í veggnum og brotnaði. Ekkert hafði verið um brotið skeytt, en það bæklaðist saman með tímanum, og var allstór beinhnútur eftir á handleggnum neðan við olnbogann. Sigu var jafnan harðbannað að hafa sig nokkuð frammi, þegar gestir bar að garði. Þó kvisaðist það um sveitina, að hún væri höfð út undan og svelt, og einhvern tíma kom þangað maður nokkur, sem hafði orð á því við Benedikt, að Sigga mundi fá of lítið að borða. Þá svaraði hann: „Hún getur varla verið svöng núna; hún át lambsgarnir í gær! Af þessu, sem hér hefur verið skýrt frá, er mjög eðlilegt, að Sigga yrði bæði seinþroska og vanþroska til líkama og sálar, enda bar vaxtarlag hennar þess skýran vottinn, að hún hafði þjáðst af beinkröm og næringarskortri í uppvextinum... Þegar Sigga var fulltíða orðin, var hún ekki nema tvær álnir á hæð í mesta lagi (125 sm), en töluvert gild eftir hæðinni. Var hún því vanalega kölluð Stutta-Sigga“.¹⁶

Farandkonur sem urðu fyrir ofbeldi sem börn náðu sumar að flýja vettvang æskunnar, barnæskulóðirnar; flökkudu í burtu. Á meðan aðrar konur urðu eftir.¹⁷ Konur sem urðu eftir voru í aukinni hættu á að rekast á níðingsmennina sem brutu á þeim sem börn, á flakki sínu. Hætta sem var einatt til staðar, þegar manneskja sem átti átakanlega barnæsku dvaldi á sínum æskustöðvum á sínum fullorðinsárum.

Ég man eftir tveimur Ingibjörgum, er voru á sveit, og var önnur 18 ára, en hin fyrri auknefnd „padda“ og hafði faðir hennar gefið henni það nafn. Var hún að flækjast um flesta bæi í sveitinni, og vildi enginn ljá máls á því, að taka hana, nema með meðgjöf. Lagði þá hreppstjórinn að foreldrum mínum, og létu þau loks tilleiðast. Nú kom Imba, og kunni hún ekki aðra innivinnu, en að greiða ull. En útivinnu hafði hún lært þá, að moka flór og sækja vatn. Tók nú móðir mín að reyna að kenna henni eitthvað, að kemba og spinna. En hún gerði allt illa, var vond í skapi og kallaði alla b.....orma, sem henni þótti við, nema pabba og mömmu. Þolgæði hefir víst þurft til að kenna henni, en svo var þó komið, að Imba sat á stól og spann á rokk einhvern stagþráð. Nú bar svo til einhvern dag, að faðir hennar, er hét Jón, auknefndur „básaskál“ kom framan úr sveit, veður inn í stofu og heilsar á vanalegan hátt slíkra manna í þá daga, sem var sá, að lyfta upp hattbarðinu eða húfuderinu að framan og kyssa alla. Nú ætlar hann að heilsa móður minni á sama hátt, en í því rekur hann augun í Imbu dóttur sína, og gleymir þá að heilsa, en segir: „Nei, hvað sé ég! B.....stelpan, hún Imba, situr hún ekki á stól, og er að spinna á rokk, nærri því við hliðina á maddömunni“. Svo skellihlær hann og segir við móður mína: „Hvernig getið þér haft þetta nálægt yður“ og bendir á hana um leið.¹⁸

Ástarharmur förukvenna er ein helsta höfuðorsökin sem nefnd er til sögunnar fyrir því að konur lögðust í flakk.¹⁹ Þá er yfirleitt vitnað til tveggja ólíkra heima í frásögnum af förukönnum, og að segja má tveggja kvenna fyrir og eftir þessi skil; lífið fyrir flakkið og lífið á meðan flakkinu stóð.²⁰ Það er misjafnt hvenær á æviskeiði sínu þessar konur fóru að flakka, en þegar að kona fór að flakka urðu skil í hennar lífi - samkvæmt sögumiðlurum.²¹



Póstkort úr förum Þjóðhildar förukönu


Mætti ég henni á morgungöngu sinni,
mjallhvít var höndin, draumkennt augnaráð.
Hugði' ég að gæfan gull í örlög spynni,
gengi hún veg sinn, þrúð og reynslufjáð.
Mættumst við síðar, mátti ég sjá og finna
að mýkt hennar augna hvarf við hugans gróm.
Beiskju í svip til systra og bræðra sinna,
sorta á tungu eftir felldan dóm.²²

Hún, sem var eitt sinn björk í bjarmalandi,
brúður, sem margra hugir stóðu til,
er nú sem flak, er fleygist upp að sandi,
fáráð, og kýs hér öllu sömu skil.²³

Förukönnum var gjarnan lýst sem fögrum og efnilegum konum áður en þær fóru að flakka. Kvenskörungur er báru af öðrum konum, og sinntu kvenhlutverkum sínum sem eiginkonur, mæður, dætur, systur, ráðskonur og vinnukonur. Síðan urðu skil í lífi kvennanna þegar þær urðu fyrir ástarsorg: „Einhver hafði af því frétt, / ungum sveini' hún unnað hafði / úti á norðurbyggðum, / sá átti að hafa svikið hana í tryggðum“.²⁴ Í kjölfar ástarharmisins fóru konurnar að flakka og undu sér hvergi á einum stað - konurnar urðu kerlingar: „Mátti greina fegurð forna, / fljótlega ef litin var, / " ennþá tign á enni bar “.²⁵ Slíkar sagnir vitna um aldagömul viðhorf til förukvenna sem

einskonar visnuð sumarblóm, er eitt sinn stóðu í fullum blóma frammi fyrir vetrinum, gáfu undan þunga fannarinnar, brotnuðu; brotnar kerlingar í eilífum vetri mannlífsins.²⁶

Kona hét Sigríður, var Ólafsdóttir og ekki eins og fólk er flest. Sagt var, að hún hefði verið óvenjulegum gáfum gædd sem barn og ung stúlka, en hún varð fyrir því óláni að maður brá við hana heiti og varð ástarsorgin andlegri heilsu hennar ofviða. Hún festi hvergi yndi eftir það, og var á endalausum ferðalagi. Oft kom hún til foreldra minna að stekkjjarflötum. En það er um Sigríði að segja, að hún var svo viðkvæm í lund að ekkert mátti út af bera. Naumast mátti hún vera ein og var ég fús til að sitja hjá henni löngum stundum á meðan hún dvaldi á heimili okkar, oftast nokkra daga í einu. Hún var einstaklega góð við mig og hún var alveg róleg þegar einhver sat hjá henni.²⁷



Ísjaki á Eiríksfirði

Fyrsta förukona Íslands, Helga Bárðardóttir í fornsögunni *Bárðar sögu Snæfellsáss* hóf að flakka í kjölfar ástarsorgar.²⁸ Förukona sem var í senn tröllkona og mennsk kona. Í sögu Helgu segir frá henni sem ungri stúlku, sem með lævislegum karlabrögðum er hrakin úr íslensku feðraveldi út á jaðarinn; Eystribýggð á Grænlandi. Á útmörkum alheimsins, í Bröttuhlíð í Eiríksfirði á Grænlandi, fellur Helga hug til manns, sem síðan svíkur hana í ástum; „Sorg mák sízt því byrgja. / Sitk ein. Trega greinum“. Þegar Helga snýr aftur til *föðurlandsins*, úr útleigðinni á jaðrinum, þá unir hún sér hvergi sem kona, og segir í kjölfarið endanlega skilið við mannfélagið og gengur villtri náttúrunni á hönd.²⁹

Eigi undi Helga hjá föður sínum ok hvarf þaðan í burt ok þýddist hvárki nálíga menn né fénað eða herbergi. Var hon þá oftast í hreysum eða hólum.³⁰



Helguhóll í Mosfellsdal. Sagnir herma að Helga hafi á efri árum gengið í hólinn og um leið yfirgefið mannheima

Lífssaga Helgu Bárðardóttur er lýsandi fyrir þær frónkonur er hlutu sömu örlög. Konur sem ástin hafði í senn snert og sagt skilið við. Sögur þeirra kvenna eru af forboðinni ást, tregafullri angist og eilífri sorg. Sögur af sorg svo geigvænlegri að hún hrakti konurnar sem í hlut áttu út á jaðarinn, á lífsbraut förukvenna. Sögur af konum í álögum. Þessar harmförukvennasagnir heyra undir sagnaflokk um íslenskar konur sem voru yfirkomnar af ástarharmi. Af þeim sögnum ber sérstaklega að nefna Þjóðsögur þar sem fyrir koma konur sem brugðið var heit við, svo þær förguðu sér (skáru sig oftast á háls) og hétu því að fylgja mönnunum er þær elskuðu í dauða sínum. Þjóðsögur þar hafa beina samsvörun við förukonur sem flökuðu í ástarsorg, og ásóttu karlmenn með dapurlegri tilvist sinni.

Ekki skal undra þó svo konur sem kynntust eldheitri ást eða heitbindingum og fyrirheitum um hjarta framtíð hafa er þeim var hafnað valið veg göngukonunnar. Upphaflega ferðin tók enda og við tók ferðalag utan alfaraleiða ævina á enda. Flakkið var þeirra sorgarklæði. Ástarsögur þessara kvenna hafa ákveðin líkindi og hver saga talar að vissu leyti fyrir heildina: Ef saga þeirra kvenna hefði átt farsælan endi þá hefðu örlög þeirra verið önnur en þau að flakka á milli bæja og biðja sér beina.³¹ Ástir og ástleysi skópu því örlög margra förukvenna, bæði í raunheimum og í skáldheimum. En jafnvel þó svo að ástarsorg væri oft talin vera undirrót kvennaflakks, þá var hún sjaldan talin vera ástæða fyrir því að karlmenn fóru að flakka.³² Kona sem flakkar sökum ástarsorgar er ímynd af förukonu, sem ætlað var að varpa ljósi á það hvers vegna konur flökuðu í samfélaginu: Kona án manns er kona án róta.³³

Fákurinn okkur burtu bar,
brá á skeið um flatirnar,
kveikti eld við urðirnar,
allar stökk hann sprungurnar,
flanaði niður á fjörurnar
og fór þar beint á nasirnar.
Riddarinn sökk í saltan mar,
þar sá eg hann hinsta sinn,
en mér var gefið gönguprik
og grjót í pokann minn.
Síðan hef eg hrakist víða,
haft við marga þraut að stríða,
verið milli vona og kvíða,
villst í myrkragöng.
Langt finnst þeim sem búnir bíða
berfættir á klakaspöng,
fjarri sumri og fuglasöng.
En viss er endir allra hríða
og eins er um dægrið löng,
í brúðarlíninu byrgi eg mig
þá blása veðrin ströng.
Förlast máttur fót og hönd,
fýsir mig að bjartri strönd,
þar sem klökkna klakabönd
og kvöldsólin skín.
Aldrei kemst eg í Asúlönd
eða suður að Rín.
Langt fram til jökla liggur gatan mín.
Ein að rölda norður og niður,
Nástrandir og tæpar skriður,
eftir stíg sem enginn ryður,
er mér brostið þor.
Sækist illa heiðin,
seint kemur vor,
drýpur tár af auga,
dreyri í spor,
dreyri í klakaspor.



Þula eftir Theodóru Thoroddsen

Geðveila og þroskaskerðing var oft á tíðum talin undirrót flakks kvenna, sem og karla.

Poka-Sigga, eins og hún var kölluð, var eitthvað biluð á geðsmunum og mun hafa byrjað flakk sitt af þeim sökum. Hún eirði hvergi og flakkaði um Kelduhverfi og nærliggjandi sveitir allt árið. Kaupmenn létu hana fá smá varning til sölu, og bar hún varninginn fyrst á bakinu, en er verslunin jókst, keypti hún sér hest og flutti varninginn á honum, sat þá gjarnan ofan á pokunum. Hún var stór og skörulegur kvenmaður, talaði venjulega af fullu viti, þó brá fyrir óheilbrigði í hugsun öðrum þræði.³⁴

Þegar lítið er til sögu geðsjúkra og þroskaskertra einstaklinga á Íslandi, þá sést að engin formleg meðferðarræði var að finna fyrir þá aðila þar til á öndverðri 20. öld. Þegar fram á aldir kom þá mynduðu einstaklingar í þessum hópi stétt þurfamanna sem lifði á betli.³⁵ Það sem einkenndi lífsmáta kvenna úr þessum hópi förufólks, sem og í tilfelli karlanna, var ekki aðeins linnulaust flakkið, heldur eirðarleysi þeirra og sérlyndi. Hafa verður þó í huga að oft var erfitt að henda reiður á hvað skyldi flokkast undir andleg veikindi, svo ég vitni í skrif nefnds Jóns Jónssonar: „Geðsýki og andlegir kvillar eru vissulega afstæðir og skilgreindir með misjöfnum hætti á ólíkum tímum. Það er þó öllum ljóst að einhvers konar geðsjúkdómar hafa í sumum tilvikum ráðið hegðun og undarlegheitum förufólks“.³⁶ Einnig þarf að gæta að því að orðið geðveiki kemur fremur fyrir í frásögnum af konum heldur en af körlum fyrr á tíð. Og stundum er geðveikin beinlínis benduð við kvenleikann, það er að segja veikindi hugans voru gjarnan talin vera bundin við kvenlíkamann, líkt og í tilfelli Jófríðar Þorkelsdóttur förukonu.³⁷

Í minni sveit var kona ein, sem gekk á milli manna. Hún var fædd og uppalin í sveitinni. Í æsku þótti hún bera af öðrum konum, en svo breyttist hún þannig á þritugsaldri, að hún hætti að hafa á klæðum, sem aðrar konur og því var geðheilsan ekki í réttu lagi.³⁸

Flakk var eitt þeirra úrræða sem Íslendingar beittu öldum saman til að þess að fólk sem svona var ástatt um, gæti haft möguleika á að draga fram lífið.³⁹ Úrræði sem var ekki síst talið henta þeim geðveiku sem áttu erfitt með að tolla á sama stað lengi og voru að sögn eirðarlausir.⁴⁰ Flakkið kemur fyrir sjónir sem ákjósanleg lausn hvað varðar hýsingu á hinum geðveiku, á tímum þegar skortur var annars vegar á *rými* fyrir hina geðveiku, og hins vegar á umönnunaraðilum sem höfðu sérþekkingu á veikindum þeirra. En hætta var fölginn í því að hýsa einstaklinga sem voru mikið veikir á geði. Margar frásagnir vitna um þá erfiðleika sem fólk mætti þegar mikið geðveikan einstakling bar að garði. Þegar geðveikt fólk sem lifði að segja má á skilum tveggja heima knúði dýra var ómögulegt að segja til um hvað átti sér stað í hugarheimi þeirra. Til eru lýsingar af förukonum sem voru orðnar svo veikar að þær voru ekki aðeins skaðlegar sjálfum sér heldur einnig fólkinu í kringum sig: „Fleiri komu, er flökkuðu, svo sem Helga nokkur; hún var geggjaður aumingji, ekki hættulaus í umgengni“.⁴¹ Flakkið var þó mun hættulegra fyrir hina geðveiku, sem ferðuðust á milli bæja í öllum veðrum í veikindum sínum og voru mun berskjaldaðir fyrir hverslags ofbeldi. Flakk á milli bæja krafðist þó ákveðinnar hæfni sem sumir hverjir höfðu tapað í veikindum sínum. Þar af leiðandi voru sumir of veikir til að geta flakkað. Dæmi um slíkan einstakling var Sólveig, sem kölluð var Veiga fríða sökum þess hve fögur hún var sem ung kona. Sagt var að hún hafi orðið fyrir ástarsorg og farið á vergang af þeim sökum. Þegar henni batnaði var hún send í vistir, þar sem gengið var nærri henni með mikilli vinnu. Hún veiktist á ný um miðjan aldur og „fór á flakk um sveitir og þorp. Straumurinn bar hana alla leið inn í Stykkishólm“.⁴² Um Sólveigu fjallaði hinn þekkti sagnaritari Oscar Clausen (f. 1887 - 1980) sem mundi hana úr fortíð sinni. Hér er vitnað beint í skrif Oscars í því skyni annars vegar að gefa mynd af frelsissviptingu veikrar konu sem flakkaði um, og hins vegar til að sýna að nauðug vistun á geðveikum hér áður fyrr þurfti ekki að vera betri kostur en flakkið, þegar slík ráðstöfun var sneydd alúð og nærgætni þeirra sem að henni stóðu.⁴³ Úrræði fyrir geðveika og þroskaskerta í íslensku sveitasamfélagi fyrri tíma voru frumstæð og ástæður þess ýmsar. Í grunninn

spruttu þau einfaldlega af slæmu samspili þekkingarleysis og úrræðaleysis hvað varðaði geðveikt og þroskaheft fólk. Hins vegar gat verið stór munur á því hvernig menn stóðu að því að annast þá geðveiku, og í sumum tilfellum má sannarlega segja að illska „vaktmannsins“ hafi ráðið örlögum hins veika.

Þetta var um hásumar og það voru miklir hitar. Ruglið ágerðist hjá Veigu í sumarhitnum og svefnleysi lagði sitt lið að því. – Á nóttunni eigraði hún um hagann, en á daginn var hún að snarka eftir kaffi í eldhúsunum og hljóp í hús úr húsi, en mat gaf hún ekkert um. – Hún var að lokum orðin svo rugluð, að til vandræða horfði og voru börnin í þorpinu farin að elta hana í hópum. Hreppstjórinn varð því að skerast í þetta og þá var Veiga handsömuð, en það var nú enginn hæðarleikur. Hún var svo vör um sig þegar hún var þess vís, að mennirnir ætluðu að svipta hana frelsi. – Loks voru ekki önnur ráð, en að taka hana í net úti á víðavangi og var þar mannsöfnuður að verki. – Það var ömurleg sjón. – Þegar búið var að flækja aumingja Veigu í netið var hún orðin örmagna, féll saman og reyndi enga mótstöðu, en þá var hvergi hægt að koma henni fyrir. – Það vildi enginn kaupstaðarbúa taka hana á heimili sitt, sem heldur ekki var von. Það var því ekki annað ráð fyrir hendi en láta hana í einn fangaklefan í tugthúsinu, en Veiga varð alveg ær þegar hún var kominn í klefan. Hún var nefnilega ekki orðin svo rugluð, að hún vissi hvar hún var, og svo hafði hún auðsjáanlega það á meðvitundinni, að hún hefði aldrei aðhafzt neitt það á lífsleiðinni, sem gæti verið tugthússök, því að um þetta fór hún að tala. – Það var því eiginlega ekki undra þó að Veiga vesalingurinn yrði ær. – Hún æddi líka um klefan og hrópaði hástöfum og lamdi veggina látlaust með hnefunum dag og nótt. Þegar svo hnúarnir voru farnir að særast var hún færð í spennitreyju, en það er bolheil strigaúlpa með löngum ermum, sem hægt er að binda fyrir aftan bak. Þessi flik fylgir tugthúsinu í Hólminum og er ætluð óðum föngum svo að þeir geti ekki skaðað sig. – Ég skal geta þess, að þegar Veiga var færð í spennitreyjuna var tekið á henni með þeirri mestu nærgætni, sem hægt var... Þegar Veiga var komin á hrepp sinn, er mér sagt, að ekki hafi farið vel um hana, hvorki að aðbúð eða atlæti, og það er víst, að þar varð hún með hverjum degi örðugri og óþjálli vegna harkalegrar meðferðar... Meðferðin á Veigu var í flestu svo hrakleg, að ég veigra mér við að segja frá henni og fyrirverð mig fyrir að slíkt skuli hafa skeð á tímum þeirra, sem enn eru ekki nema á miðjum aldri... Þessi máttfarni og magri aumingi, sem sviptur var vitinu, þurfti nákvæmni og góða hjúkrun, en þetta var henni hvorugt í té látið. – Henni var valinn dvalarstaður í einföldum skúrkofa í miðju þorpi, þar sem mest var umferðin, og svo þegar skólatíminn var úti á daginn, var börnunum leyft að flykkjast að skúrnum, liggja á gluggunum og senda Veigu tóninn inn um götin á veggjunum, en hún svaraði með því að skyrpa framan í þau... Þegar Veiga var ung stúlka og upp á sitt bezta, hafði henni þótt gaman að vera vel klædd, og ávallt var hún hrein og snyrtileg til fara þó að fátæk væri. Þessu tók ég eftir þegar hún var í vistinni í eyjunum og var að koma í Hólminn. Þá mátti hún kallast tilhaldssöm. En nú var svo komið, að hún var klædd töturum, og var farin að tæta utan af sér fatatuskurnar. Hún var orðin allsnakin í skúrnum, því að blygðunartilfning hennar var líka farin. – Það fór að líða að síðustu dögum Veigu. – Haustið var komið með nepju og frostum. – Það var einn kaldan dag í byrjun nóvember, þegar átti að skjóta grautnum inn til Veigu, að hún lá allsnakin og dauð samanhnipruð í einu horni skúrsins. – Hún hafði ekki þolað kulann og hafði blóðið, þegar limirnir kólnuðu, streymt til hjartans og orsakað hjartaslag. – Harmsögu Veigu var lokið.⁴⁴

Flakkið var líka eins og áður segir úrræði fyrir konur sem glímdu við þroskaskerðingu. Flakkið gat reynst þeim konum mun betri valkostur en það að þær væru lokaðar af í slæmum vistarverum sem höfðu þann eina tilgang að halda þeim föngnum. Svo vitnað sé í viðtal mitt við Jón Sigurðsson sem barn að aldri þekkti förukonuna Vigdís

Ingvadóttur sem hrjáð var af einhvers konar þroskaskerðingu. Jón taldi að Vigdís hefði fengið góðan aðbúnað á flakki sínu miðað við aðra sem voru með þroskaskerðingu á þeim tíma.

Jón Sigurðsson: Þroskaheftir einstaklingar á mínum tíma voru geymdir í kassa undir stiga. Það var ekki gert á Hvoli. Vigdís gekk út og kom inn, skilurðu. Sat oft úti þegar það var gott veður. Ég hafði það á tilfinningunni að það væri mikið gert til þess að henni liði vel, eftir því sem þetta lífsmynstur hennar leyfði; þessi rammi sem hún vildi hafa á sínu lífi.⁴⁵

Ófrjálssir fuglar; kvenheimur förukvenna



Förukönur fyrri alda flökkuðu á útmörkum bændasamfélagsins, á mörkum heims sem var hannaður af körlum fyrir karla. Almenn líf kvenna á þessum öldum var einskonar kvenhvolf innan þess lífshvolfs sem feðraveldið afmarkaði. Sá íslenski kvenheimur var færður í lýsandi orð í fyrsta fyrirlestri sem haldinn var af konu á Íslandi. Orð þau mælti kvenréttindakonan Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856-1940), einn desemberdag árið 1887 í Reykjavík.

Fuglinn getur átt góða daga, þótt hann sje settur í lokað búr, eða fjaðrir hans sjeu stýfðar, en hann er þá sviptur frelsinu og vængirnir verða honum þá gagnslausir, en enginn getur sagt, hve langt flug hann hefði getað þreytt, ef hann hefði verið látinn sjálfráður.⁴⁶

Þegar saga förukvenna er skoðuð, þá er mikilvægt að hafa til hliðsjónar þær kvaðir sem gerðar voru til kvenna á Íslandi, með hliðsjón af kynferði þeirra. Samfélagskerfið sem líf Íslendinga hrærist í á tíð förukvenna er feðraveldið, sem grundvallast öðru fremur á hugmyndafræðinni um að helmingur samfélagsins hafi völd yfir hinum helmingi samfélagsins.⁴⁷ Staða kynjanna var heilt á litið ójöfn í bændasamfélaginu því konur bjuggu við skert réttindi samanborið við karla. Umbætur á grundvelli landslaga tóku að birtast þegar kom fram á 20. öldina svo sem kosningaréttur kvenna og réttur kvenna til menntunar vitna um. Inngróið kynbundið misrétti viðhélst þó áfram í hinum ýmsu myndum.

Saga förukvenna hefur vissa sérstöðu, því hún hverfist um *konur á jaðri samfélagsins*. Jaðar samfélags er rétt eins og jaðarsvæði almennt, eitthvað sem tekur við þar sem hinu eiginlega sleppir. Svæðið sem er fjarlæggt en um leið nálægt. Fólk sem háði lífsbaráttu sína utan hinnar formlegu skipunar samfélagsins, var sjálfkrafa á jaðri samfélagsins. Slíkt líferni utan kerfisins er almennt undirorpið meiri óvissu en líf hins rétta og slétta þegns. Vegna þessa er líf fólks á jaðrinum, meðal annars, útsett fyrir ofbeldi og aðfinnslum af öllu tagi. Skörin þeirra er sú lægsta

í þjóðfélaginu.⁴⁸ Förufolk, konur og karlar, bjuggu við ójafnræði sem kom af sjálfu sér með ástundun slíks líferniss á jaðri bændasamfélagsins. Á sama tíma var ákveðið frjálsræði bundið við líferni á jaðrinum, s.s. að þurfa ekki að lúta stjórn húsbónda. En líkt og sagan sýnir, þá er jaðar samfélags einatt mjög karllægt svæði, því jaðarinn rétt eins og miðja samfélagsins, er svæði sem lýtur lögmálum karla. Frjálsræði einstaklingsins á jaðrinum skapar nefnilega einnig tækifæri til aukinnar frelsisskerðingar, ekki síst gagnvart konum. Þar af leiðandi hallaði enn frekar á förukonur en förukarla vegna kynferðis þeirra; þær voru botnlagið í náskararhópi förufólks Íslands. Sérlega veik staða þessara kvenna á jaðri bændasamfélagsins gerði þær berskjaldaðri heldur en aðrar konur landsins.⁴⁹ Sannast þar hið fornkvæðna að fingur feðraveldisins fara víða - alla leið að jaðrinum. En gæta verður að því að jafnvel þó svo að jaðarinn dragi gjarnan taum karlmennskunnar (e. *masculinity*), þá er hann í senn *rými til andófs* fyrir konur.⁵⁰ Rými þar sem konur geta andæft ráðandi viðhorfum og gildum, meðal annars með því að sniðganga hlutverk sem þeim hefur verið ætlað frá öndverðu, s.s. stöðluð þjónustuhlutverk kvenna. Hlutverk sem byggja á misræmi í valdahlutföllum kynjanna.



Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Flakkandi fyrrum vinnukonur

Ég stend á veikum stofni
og styðst við ekki neitt.
Ég vermist engum ofni,
og allt er þó svo heitt.

Ef stend ég kyrr, þá steypi eg
þeim styðja vildi mig.
Ef geng, í gönur hleyp ég
á gæfulausan stig.

Ef eg sem aðrar hrapa,
verð ektabundið víf,
þér frelsi, ó, frelsi, eg tapa,
verð fangi allt mitt líf!

Ég einu af tvennu tapa.
– Mitt tár þú þegja skalt!
Mig skelfa ei nornir skapa,
þær skulu ei taka allt.



Ólöf frá Hlöðum, skáldkona

Ef frelsi frá ég hrapa,
í faðm þér hníg ég, ást!
og vonar veröld skapa,
þó viti, hún stundum brást.

Ef vonarhæðir hrapa,
– minn hugur, leiksvið þitt! –
ég aðeins einu tapa.
Ég á þá frelsið mitt!⁵¹

(Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum, ljóðið *Ráðaleysi*)




Íslenska kvenþjóðin var þjónustustétt, sem skiptist síðan upp í ólíkar þjónustustéttir kvenna; stéttir húsfreyja, griðkvenna til forna, þvottakvenna, vökukvenna, fóstara, eldakvenna, ráðskvenna, þjónustukvenna, og vinnukvenna. Af þeim stéttum var fýsilegast fyrir konur að tilheyra húsfreyjustéttinni allt fram eftir 20. öldinni. Húsmóðir var í hjónabandi og húsmóðir átti heimili. En þó svo að hjónabandið léði konum aukið vald innanstokks á eigin heimili, þá var hjónabandið engu að síður reist á steingerðum grunni kirkjunnar, sem viðhélt hugmyndum manna um kyngervi og réttlætti mismunandi valdahlutföll kynjanna.⁵² Konur sem gengu í hjónabönd þurftu því að taka á sig vissan fórnarkostnað. Sá fórnarkostnaður kvenna var yrkisefni skáldsins Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum (1857-1933): „Ef konurnar hjúskapar komast í stöðu, / þær kynlega breytast og skipta um föður, / þær breytast svo þvert og svo beint móti vonum, / að bónda síns föður þær verða að sonum“.⁵³ Förukönur sinntu ekki hlutverki húsfreyjunnar. Förukönur voru konur á förum, ekki freyjur hússins. Förukönur fóru því á mis við það aukna vald kvenna innanstokks sem fylgdi hjónabandi. Á sama tíma þurftu þær ekki að þola þá undirokun kvenna sem fylgdi hjónaböndum. Frjálsar undan stofnun sem undirskipaði konur jafnt í vöku sem í svefni.⁵⁴ Förukönur gegndu ekki neinum þjónustuhlutverkum í skipuriti feðraveldisins, þjónustuðu ei karlmenn, voru ei kona.⁵⁵ Aftur á móti sprettur förukvennastéttin að langmestu leyti upp af fjölliðustu þjónustustétt kvenna, vinnukönustéttinni. Þeirri stétt sem stóð verst að vígi hvað varðaði vinnuálag, launakjör og frelsi. Heimildir sýna að vinnukönur og einnig kaupakönur þegar þær komu til skjalanna, unnu erfiðari störf, unnu lengri vinnudaga og fengu þriðjung eða helming af launum vinnumanna (sumar voru einungis vistráðnar sem matvinnungar).⁵⁶ Vinnukönur nutu ekki sömu virðingar fyrir störf sín og karlmennirnir, sem þær þurftu í ofanálag að þjónusta að loknum vinnudeginum án þess þó að fá fyrir það neinar viðbótargreiðslur eða ívilnanir:⁵⁷ „Karlmenntu eru opt og tíðum sofnaðir, að minnsta kosti búnir að liggja góða stund, er þær mega fara að háttá“.⁵⁸ Með hliðsjón af bágunum kjörum vinnukvenna er ljóst að þau kjör hafa hvatt þær konur til flakks, er báru í brjósti þrá til aukins sjálfstæðis og betra lífs; „varð það alt að árangurslausu, allstaðar hljóp hún í burtu og það eins þar sem hún átti gott atlæti, - svona var flakkið búið að ná miklum tókum á henni“.⁵⁹ Vegna lífsmáta síns voru förukönur frjálsar undan stofnun þeirri er gamla

bændasamfélagið grundvallaðist á. Þær voru frjálsar undan framleiðslueiningu heimilisins er laut valdi karlsins, húsbóndans.⁶⁰



Íslenska bændasamfélagið byggði að hluta til á lagaramma sem í reynd skikkaði fólk til fastra búsetu samkvæmt niðurnegldum reglum: „Að vísu var flakkið lögbannað, og förufólk sneiddi fram hjá sýslumannssetrum og hreppstjórabýlum nema það vissi þessa menn sér hliðholla“.⁶¹ Það fyrirkomulag var hornsteinn afturhalds íslenska bændasamfélagsins og byggði á því að fólk sem bjó ekki búi skyldi vera matvinnungar á forræði búandfólks. Í lögnum voru klásúlur sem kölluðust á við þessa grunnmynd samfélagsins sem höfðu það að markmiði að hefta flakk förukvenna og förukarla með refsiviðurlögum.⁶² Vistarbandið var sú formlega umgjörð sem útlistaði lengst af þessar fjötraskyldur, og gerði fólk nær ómögulegt að brjótast undan vinnumennsku bændasamfélagsins.⁶³ En það rann sitt skeið á ofanverðri 19. öld. Flakk var úrræði sem bæði konur og karlar í lægri lögum samfélagsins höfðu aðgang að til að losna undan þeirri kyrrsetningu sem þegnar bændasamfélagsins máttu lúta hvað búsetu varðaði.⁶⁴ Flakkið gerði konum ekki einungis kleift að sniðganga upp að vissu marki gamlar og rótgrónar hugmyndir um stéttaskiptingu og húsbóndavaldið. Því það gerði konum einnig kleift að lifa í ákveðnu frelsi frá hefðbundnum kvenhlutverkum samtímans, að mörgu leyti fyrir utan valdasvið karla, á jaðri feðraveldisins. Konur sem lögðust í flakk heyrðu ekki undir valdsvið vinnuveitandans, bóndans, heldur voru konurnar að vissu leyti „sjálfs síns herrar“. Flakkið veitti konunum það frelsi sem þurfti til þess að andmæla og ögra valdi karla í bændasamfélaginu, því þær gátu þannig hörfað frá; hörfað undan armi laganna, hörfað undan húsbóndavaldinu, hörfað undan *hússbónda-stiptunum* (faðir, húsbóndi og eiginmaður).⁶⁵ Ferðatilhögun kvennanna réðst ekki einungis af landfræðilegri legu sveitabæja heldur líka af viðmóti ábúenda, og þar af leiðandi voru bæirnir og ábúendur þeirra hinar eiginlegu vörður sem förukonurnar tóku mið af á ferðum sínum: „Hún gerði sér mikinn mannámun og var á vissum bæjum. Var ekki lengi á hverjum stað. Vildi ráða hvar hún væri“.⁶⁶



Enda þótt förukönur hafi ekki þurft að sinna hefbundnum þjónustuskyldum íslenskra kvenna né búa við slæm launa- og starfskjör vinnukvenna, þá breytti það engu um það að hlutskipti lítilmagnans var þeirra hlutskipti og örlögin í réttu samræmi. Heimildir sýna að samfélagið leit almennt á förukönur og förumenn sem börn án eftirlits, fremur en sjálfstæða fullgilda einstaklinga, þrátt fyrir ákveðið sjálfstæði þeirra á jaðri bændasamfélagsins. Förukönur unnu sjaldnast fyrir viðurværi sínu, heldur þáðu ölmusu á bæjunum sem þær flökkðu á milli.⁶⁷ Því var yfirleitt lítið á förukönur sem betlara og iðjuleysingja, bæði af samtímamönnum þeirra sem og seinni tíma mönnum.⁶⁸ Nokkuð sem kemur ekki á óvart, því í reynd er það svo að förufólk var almennt þekkt fyrir áhuga- og/eða getuleysi sitt gagnvart því að sinna vinnu; var sagt að þau væru þung til vinnu - í samfélagi þar sem líkamleg vinna var í hávegum höfð.⁶⁹ Heimildir sýna að förukönur sinntu ærið sjaldan heimilisverkum, sem voru talin slitverk ætluð þjónustukyninu, konum. En þó svo að förukönur hafi ekki verið til stórræðanna almennt í heimilisstörfum, þá sýna heimildir að margar förukönur unnu við tóvinnu og hannyrðir. Eins voru sumar förukvennanna einskonar farandsölukönur: „Hún var með þessa indælu vasashnífa og seldi þá á fjörtú og fimm aura“.⁷⁰ Einnig eru til heimildir um förukönur sem vildu heldur vinna utanstokks ef þannig lá á þeim, þá fyrst og fremst við heyskap, líkt og fyrrnefnd Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir förukona: „Hún vildi bara vera úti og raka, en hún sagði að það hefði ekki legið vel á henni þegar það var óþurrkur og hún gat ekki verið úti að raka“.⁷¹ Vitnisburðir um vinnuframlag og vinnugæði förukvennanna eru misjafnir. En heilt á lítið enduróma viðhorf manna til vinnu förukvenna í langlífum málshætti: Sjaldan er gagn að göngukonuverkinu.⁷² Að síðustu má ekki láta þess ógetið, að þó svo að förukönur sinntu ekki hefðbundnum störfum kvenna í bændasamfélaginu, þá voru þau sömu kvennastörf grundvöllur tilvistar þeirra. Húsfreyjur og kvenkyns hjú sáu um að veita förukönunum beina og aðra þjónustu. Aðhlyning húsmæðra var lífsþráður förufólks, bæ frá bæ. Þjónusta við þann þjóðfélagshóp var ein af starfsskyldum íslenskra húsmæðra eins og kemur fram í leiðbeiningaritínu *Ambjörgu* (1783). Þar fjallar sr. Björn Halldórsson í Sauðlauksdal um skyldur húsmæðra gagnvart förumönnum, svo sem varðandi hýsingu þeirra og matarhjálp.⁷³ Ljóst er að heimsóknir förufólks sköpuðu húsmæðrum viðbótarverkefni, því má segja að förumannaflokkur Íslands hafi að mestu hvílt á herðum íslenskra húsmæðra.



Ingibjörg Hjartardóttir: Heimsóknir hennar Stínu voru erfiðar, því að mamma var með 7 börn og síðan bættist Stína við. Hún gat ekki hjálpað til á heimilinu, hún skúraði ekki.⁷⁴

Menntun og menntunarleysi förukvenna

Til munnsins þurfti konan ekki að kunna neitt. Sumum fannst jafnvel bezt fara á því, að hún væri hvorki læs né skrifandi. Ég hef heyrt um konur er lærðu að skrifa í laumi, án þess að feður þeirra vissu nokkuð af því. Þessi útlökun kvenna frá því að fá að læra náði jafnt til ríkra sem fátækra, og álitu þó allir það sjálfsagt að veita sonum sínum þá menntun, er kostur var á.⁷⁵

Þau orð voru rituð af kvenréttindakonunni Ingu Láru Lárusdóttur (1883-1949)⁷⁶ um misvægið í menntunarmöguleikum kvenna og karla á Íslandi. Það félagslega misrétti sem Inga ræðir viðhélst fram á 20. öldina, þrátt fyrir ýmsar aðgerðir kvenna til að sporna gegn þeirri kvenkúgun sem viðgengist hafði um aldir. Þær aðgerðir kvenna til að öðlast aukinn rétt í samfélaginu voru bæði formlegar og reyndar einnig óformlegar, eins og þær dætur sem lærðu að skrifa í laumi vitna um.⁷⁷ Menntunarmöguleikar kvenna, frá upphafi vega og fram á okkar daga eru líklega bestí einstaki mælikvarðinn á þá möguleika sem konur hafa til þegnslegs jafnræðis á við karla, og um leið til þátttöku í ákvarðanatökum samfélaga. Árið 1911 öðluðust konur á Íslandi loks lagalegan rétt til að nema í öllum menntastofnunum hérlendis með tilkomu jafnréttislaganna.⁷⁸



Inga Lára Lárusdóttir, baráttukona

Menntunarleysi förukvenna má alltaf rekja til kynferðis þeirra, en einnig krappa kjara margra þeirra kvenna í uppvexti sínum. Erfitt er að henda reiður á það að hve miklu leyti menntun og menntunarleysi förukvenna hafði áhrif á möguleika þeirra í lífinu. Konur í bændasamfélaginu höfðu almennt fá sem engin atvinnutækifæri sem gerðu kröfu um menntun og megin möguleikar fyrri alda kvenna voru bundnir við giftingu.⁷⁹ Menntun kvenna hafði þó afgerandi áhrif á líf kvenna, óháð réttindaleysi þeirra til framhaldsmenntunar og starfa. Því menntun mótaði hjá konum nýja heimsmynd; upplýsti þær um heiminn handan ljórans og réttindaleysi þeirra innan hans. Auk þess hafði menntun og menntunarleysi kvenna áhrif á viðhorf og um leið framkomu fólks gagnvart konum.



Það er það sem fyrst og fremst lifir,
hennar tilsvör.
Þessar sögur
voru sagðar
af Beggu
bara
sem
skemmtisögur.⁸⁰

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir /
Begga, förukona

Lýsingar á þekkingu og/eða þekkingarleysi förukvenna eru tíðar í frásögnum af þeim konum: „Hún mun hafa verið fáfróð, en ekki fáviti“.⁸¹ Slíkar lýsingar fela mun oftast í sér vísanir í gáfnafar kvenna heldur en í formlega menntun þeirra. Í reynd eru lýsingar á gáfnafori förukvenna þrástef í sögum af þeim konum, þar sem heimildarmenn eiga oft erfitt með að ákvarða hvort konurnar hafi verið greindar sökum þess hve innhverfar þær voru. Algengt var að vísa til þess að förukönur væru greindar, ef þær svöruðu vel fyrir sig. Til eru ótal frásagnir sem hverfast um húnur og mælgj förukvenna þegar í odda skarst með þeim og öðrum. En margar förukönur voru sagðar orðhvatar og jafnvel meinyrtar, vera skjótar til svars sem sviði undan. Kjafsturinn var jú oft kvennanna eina vörn. Frásagnir af orðsnilli förukvenna varpa þannig ljósi á viðhorf manna til þeirra förukvenna sem greindra kvenna.⁸² Einnig var algengt að vitna í tilsvör förukvenna til að sýna hversu illa þær voru gefnar. Slík tilsvör förukvenna voru einna helst inngreipt í grínsögur af konunum.⁸³ En dæmi eru um að grínsögur séu einu heimildirnar um tilteknar förukönur. Í ljósi þess má halda því fram að háðsögur af förukönunum hafi viðhaldist vel í gegnum tíðina, vegna þess hve oft þær voru sagðar. Háðsögur af förukönunum kölluðu fram myndir af vitgrönnum konum, líkt og um flakkandi börn væri að ræða. Háðsögur sem voru í reynd í samræmi við ákveðið afbrigði af íslensku gríni; gríni á kostnað lítilmagnans. Hér um ræðir einskönar þjóðarhúnur, íslenska grínið þar sem engin hreppamörk giltu: „Það var til eins og áður, þetta var ljótur siður. Það var afskaplega mikið gert af því að taka menn fyrir, þá sem minna máttu sín“.⁸⁴ Einnig eru heimildir til um förukönur sem voru með þroskaskerðingu, en

svöruðu vel fyrir sig. Orðheppni þeirra kvenna þótti vísbending um *leyndar* gáfur þeirra. Til marks um það eru viðhorf til Vigdísar Ingvadóttur förukonu, sem var með skertan þroska, en þótti svara vel fyrir sig.



Sighþór: Einelti er náttúrulega alltaf til. Þetta var æði mikið um þetta, að gera gys af fólki sem að var eitthvað öðruvísi.

Dalrún: Sástu fólk gera gys að Vigdís förukonu?

Sighþór: Jah það var nú ekki mikið, vegna þess að Vigga svaraði svo vel fyrir sig. Það var ekki svo gott að hasast í henni. Það var ekki svo gott. En vafalaust reyndu menn það, og hermdu eftir henni eins og gerðist og gekk, jájá.⁸⁵


Rétt eins og lýsingar á gáfnafari kvennanna, þá gefa vitnisburðir um menntun og námshæfileika förukvenna sýn á samfélagslega stöðu og þroska kvennanna. Vitnisburðir á borð við; ministerialbækur; lýsingar í endurminningum; munnlegar frásagnir; og ekki síst ljóð um förukonur, því þau vísa gjarnan til menntunar eða menntunarleysis kvennanna. Förukonum var stundum lýst sem tregum konum sem gátu ekki stundað nám. Lýsingar sem gátu í einhverjum tilfellum hafa átt við förukonur sem stríddu við þroskaskerðingu. En mikilvægt er að hafa í huga að menntunarleysi kvenna á Íslandi og jafnframt staða þeirra innan samfélagsins hafði áhrif á þroska kvenna, líkt og sagnfræðingurinn Erla Hulda Halldórsdóttir hefur bent á.⁸⁶ Einnig eru til margar lýsingar þar sem förukonum er lýst sem *óheimskum* konum eða einkar greindum konum er fóru á mis við menntun. Lýsingar á konum sem hefðu getað áorkað miklu ef þær hefðu fæðst á öðrum tíma, í öðrum líkama. Sammerkt með öllum þeim heimildum eru upplýsingar um að konurnar hefðu ekki notið nægilegrar menntunar og/eða ekki notið nægilega vel þeirrar menntunar sem þær bjuggu að.

Guðlaug Sigurbjörg: Hún kunni geysilega mikið af ljóðum. Ég er ekki viss hvort hún kunni að lesa. Hefðu það verið aðrir tímar þá hefði hún blómstrað sem hæf kona. Sjáðu til, hún var stúlkubarn moldarkofatímabilsins.⁸⁷

Hamhleypa í húsgangs klæðum
hafði yndi' af margslags fræðum.
Og í skóla ei þó gengi,
eða hærri menntun fengi,
lærði hún að lesa og skrifa,
lítt þó teldist slíkt til þrifa,

þeim, sem inni í húsum hírðust
og hærri speki aldrei skírðust.
Fróðleiks eld má ekki slökkva
úr á meðan neistar hrökkva,
þeir, sem fólkið hljóðlát hírðir
heldur við og nokkurs virðir.

Það var oft hún þuldi fræði
þegar hljótt var inni' og næði.
Las í bók af lúðu blaði
leik og gátu fylgdi úr hlaði.
Þá var eins og geisli' af gleði
gerðum hennar öllum réði.
En skyndilega ofsans æði
eyddi þessu ljúfa næði.
Djúpar andlitsrúnir risti
reiðihret - og kyrrar frysti.⁸⁸



Handskrift Þjóðhildar Þorvarðardóttur, förukonu

Helstu vitnisburðir um formlega menntun förukvenna hverfast um þá tilskildu menntun sem var forsenda þess að fermast. Hluti þeirra vitnisburða sýnir að sumar förukonurnar luku við þá tilskildu menntun sem gerði þeim kleift að fermast. Það gerði förukonan Kristín Tómasdóttir (1863-1937) sem átti erfitt uppvaxtar: „Vel læs“.⁸⁹ Sumar konurnar glímdu lengur en aðrar við námsörðugleika og fermdust seint og um síðir, jafnvel þó svo að vígðir menn hefðu gefist upp á því að koma þeim í kristinna manna tölu.⁹⁰ Það gerði förukonan Sigríður Benediktsdóttir (1815-1900) sem fermdist hálfprítug að aldri og nefnd Vigdís Ingvadóttir, sem fermdist þegar hún var sautján ára gömul. Báðar þær konur áttu átakanlega æsku.

(*Sigríður Benediktsdóttir*)

1836. „les nokkuð, ei skikkanleg“.

1838. „meira en hálfviti, getur ei lært“.

1938. „getur ei lært neitt gott!“⁹¹

Að líkindum hefur Sigga að ásköpuðu eðlisfari haft sæmilegar sálargáfur, en því má svo sem geta nærri, að við annað eins uppeldi hlaut hún að verða fákæn, hjárænuleg og barnaleg í framkomu.⁹²

(*Vigdís Ingvadóttir*)

1881. Fermd í Reynissókn Vigdís Ingvadóttir, f. 6. 11. 1864.


Skilur - illa, kann - sæmilega, les - illa, hegðun - vel.

Sighór Sigurðsson: Það sýnir það, að hún er ekki nema 17 ára þegar hún er fermd. Þegar hún gengur fyrir gafl eins og sagt var. Það sýnir það að hún hefur orðið út undan með þessa þó litlu fræðslu sem var.⁹³

Í viðtölum mínum við einstaklinga sem mundu eftir förukönnum úr barnæsku sinni var áhugavert að sjá hve margir þeirra lögðu mat á lestrarkunnáttu kvennanna. Viðmælendur réðu í kunnáttu förukvennanna með hliðsjón af því hvort konurnar hafi látið lesa fyrir sig eður ei; hvort þær hafi látið skrifa fyrir sig sendibréf; eða hvort förukönurnar hafi lesið sögur fyrir þau, sem voru nær öll börn að aldri þegar þau kynntust konunum. Út frá orðum þeirra sem mundu og muna eftir förukönunum, er því gjarnan hægt að ráða í menntun kvennanna; hvernig kunnátta eða kunnáttuleysi þeirra í lestri hafði áhrif á stöðu þeirra innan samfélagsins og/eða líðan kvennanna. Hér verður líka að hafa í huga að einhverjar kvennanna stríddu við sjónskerðingu sem hafði áhrif á færni þeirra til lesturs.


Pétur Stefánsson: Hún las ekki. Hún las ekkert fyrir okkur og ég efa að hún hafi verið læs. Ég man eftir því að hún fékk einu sinni bréf frá öðrum syni sínum með svolitilli peningaupphæð, og ég man að faðir minn þurfti að lesa bréfið fyrir hana.⁹⁴

Förukönur hlutu einnig óformlega menntun, líkt og aðrir landsmenn. Óformleg menntun kvenna á Íslandi hefur í grunninn, eðli málsins samkvæmt, byggt á þeirri þekkingu sem borist hefur frá kynslóð til kynslóðar. En munurinn var sá að á sinni sérstæðu vegferð í gegnum lífið öðluðust förukönur ýmsa þekkingu sem almennir þegnar fengu almennt ekki aðgang að. Sökum þess voru förukönur gjarnan álitnar vera *fróðar konur* er bjuggu að vísu sem hinn almenni þegn bjó ekki að: „Hefur hún vafalaust verið fróð kona eins og margar förukönurnar voru“.⁹⁵ Sagan sýnir að margar förukönur deildu áunninni þekkingu sinni með öðrum. Það gerðu þær með munnlegri hefð, þeirri aldagömlu miðlunaraðferð kvenna.



Námsbók Þjóðhildar

Erindrekar munnlegrar hefðar



Margt bendir til að það hafi einkum verið konur sem í upphafi stunduðu munnlega frásagnarlist og stóðu fyrir munnlegri hefð skáldskaparins. Þetta má greinilega sjá í mörgum eddukvæðum, einkum hetjukvæðum, sem fjalla mjög um kvenlega reynslu og hafa oft kvenlegt sjónarhorn. Skáldskapnum tengdist spádómslistin seiður og einnig læknislistin, sem hvort tveggja heyrði kvennameningunni til. Með eingyðistrúnni, og síðan kristninni, klaustrunum, skriftinni og skólunum, - og ekki síst fyrstu íslensku bókmenntastofnunni á 13. öld, með ritstörfum Snorra Sturlusonar (1179-1241), var menning kvennanna þurrkuð út, undirokuð eða tekin upp í menningu karla. Eins og oft hefur verið bent á, misstu konur mörg af mikilvægum hlutverkum sínum við heiðnar helgiathafnir, og þær lærðu ekki heldur að skrifa. Þetta hafði í för með sér að munnleg skáldskaparhefð kvennanna var borin ofurlíði af ritmenningu karla.

(Helga Kress, *Máttugar meyjjar*)

Enda þótt þáttur kvenlegrar munnlegrar hefðar kvenna breyttist á kostnað ritmenningar karla, þá héldu konur áfram að miðla sagnafróðleik og skáldskap með munnlegum flutningi. Þar af leiðandi viðhélst sköpun og varðveisla á kvenlegri munnlegri menningu á Íslandi, er byggði á íslenskri kvennamenningu.⁹⁶ Heimildir sýna að munnleg miðlun hélt áfram að skipa mikilvægan sess á Íslandi í miðlun á fróðleik sem átti sér einhverja forsögu; *gömlum og gildum fróðleik*. Munnleg miðlun á samtímafróðleik, fyrr á öldum líkt og nú, hafði hins vegar á sér léttvægara yfirbragð. Til marks um það er orðfæð þegar kemur að orðum sem útskýra munnlega varðveislu og miðlun samtímaheimilda, nema í neikvæðari dúr sé, líkt og slúður og rógburður eru dæmi um. Þau viðhorf til munnlegrar miðlunar á samtímaþekkingu eru í ákveðinni andstöðu við vægi þeirrar hefðar framan af. Því þá var munnleg hefð álitin ákjósanleg miðlunar- og varðveisluaðferð fyrir upplýsingar um samtímamann sem og framtíðina, s.s. vægi munnlegrar miðlunar á speki draumkvenna /draumkarla vitnar um. Þau jákvæðu viðhorf til hefðarinnar grundvölluðu ábyrgðarstöður, sem konur á fyrstu öldum Íslandsbyggðar sinntu, s.s. stétt völvu/seiðkvenna, er leið undir lok og varð *minning um áhrifakonur*: „En völvuleiðið var rammasta forneskjan. Hjá því gekk ég aldrei svo, að ekki liti ég eftir völvunni“.⁹⁷ Seinni alda konur gegndu vissulega mikilvægum hlutverkum er tengdust munnlegri hefð, ekki síst munnlegri skáldskaparhefð, eins og þáttur sagnakvenna og kvæðakvenna í gegnum aldirnar vitnar um. Seinni alda konum var þó fyrst og fremst ætlað að tryggja munnlega varðveislu sögunnar, en ekki ætlað að hafa áhrif á framrás hennar með munnlegri hefð, líkt og formæður þeirra. Rótgróin viðhorf til munnlegrar hefðar til varðveislu og miðlunar á fyrri tíma fróðleik, felur í sér að eldri konur léku þar veigamikil hlutverk. Í þeim hópi kvenna voru förukonur.

Frá örófi alda hefur flutningur sagna verið helsta skemmtun Íslendinga. Sögur Íslendinga voru samdar með sniði dróttkvæða, kveðnar sem rímur, fluttar í ljóða- og þulnaformi, og leiknar í formi eddukvæða. Þjóðsögur, ævintýri, riddarasögur og helgisögur voru fluttar munnlega, sálmur kirkjunnar sungnir, og sagnadansar og vikivakar dansaðir og sungnir - svo nokkuð af því helsta sé nefnt. Konur úr ranni förukvennahópsins voru hluti af þeirri sagnamenningu Íslendinga, konur sem miðluðu þekkingu sinni munnlega til annarra með sögum, kveðskap, söngvum og dónsum.⁹⁸ Konur sem hlutu gjarnan viðurnefnin „kvæða“ eða „skálda“. Sterk tengsl förukvenna við munnlega hefð gefa tilefni til að ætla að förukonur hafi notið meiri virðingar í íslensku þjóðveldissamfélagi er tók ríkara mið af munnlegri hefð kvenna en síðar varð. Slíka mögulega *virðingu* fyrir förukonum er þó slungið að ákvarða hvort heldur þær voru listhneigðar eður ei.


Tuttugu vetrum seinna en Kvæða-Anna var (brenni)merkt, kom svó mikit hallæri á Íslandi, at hón lánaði Þingeyraklaustri sex véttir smjör. Nýi annáll 1424.

Munnleg hefð förukvenna viðhélst enda þótt með öðrum hætti væri en í öndverðri sögu Íslandsbyggðar. Jafnvel þó svo að hefðin léði förukonum og konum almennt er unnu með þessa hefð ekki sömu stöðu líkt og á áður, þá gat hún skapað þeim sæmd og einnig lífsviðurværi. Förukonur viðhéldu hefðinni með ýmsum hætti, bæði á blómaskeiði munnlegu hefðarinnar sem og á hnignunartíma hennar eftir tilkomu karllægrar ritmenningar, allt fram eftir 20. öldinni.⁹⁹ Fullyrða má, að flakkandi konur hafi verið á meðal helstu erindreka munnlegrar hefðar á Íslandi. Þær höfðu ákveðið frelsi til að miðla list sinni, sem réðst meðal annars af því að þær voru flestar einhleypar, eins og miðaldarförukonan Vilborg Jónsdóttir (f. 1500): „ógift listhneigð kona á faraldsfæti, kölluð Söngva-Borga“.¹⁰⁰ Frelsi förukvenna til sköpunar réðst þó fyrst og fremst af flakkinu; þær voru flökkuskáldkonur og flökkusögukonur.



Slúður/fréttaflutningur förukvenna er dæmi um tjáningu sem var í senn álitin viðsjárverð og gagnleg. Viðhorf manna til slúðurs/fréttaflutnings voru jákvæð þegar sú tjáning þjónaði samfélagslegu hlutverki. Skýrt dæmi um það er mikilvægi slúðurburðs sem fréttaveitu á þeim tíma. Förufolk sem miðlaði fréttum á milli býla og sveita þurfti að hafa ákveðna hæfileika til að safna og miðla þeim fréttum. Það þurfti að vita hvaða upplýsingum átti að safna á hverjum stað, og hvað bar að segja á hverjum stað. Svo sem farandkonurnar í *Njálu* eru til vitnis um. Um þann tjáningarmáta förukvenna fjallaði Helga Kress m.a. með hliðsjón af völvunum sem komu arkandi með þekkingu sína niður af heiðinni (gamlar konur).¹⁰¹ „Slúðurburður er starf þessara kvenna. Þær safna sögum sem þær ferðast með á milli bæja og fá borgun fyrir, á svipaðan hátt og völvurnar áður fyrir spásögur sínar. Þannig er hlutverk slúðurs hliðstætt spádómum völvanna, þótt formið sé annað“.¹⁰² Virðingarstaða förukvenna og völvu var þó ólík, sé litið til þess að völvurnar voru sóttar heim á bæ en förukonurnar flökkuðu á bæina. Auk þess fengu völvur gjafir að launum fyrir að miðla þekkingu til fólks en förukonur fengu ölmusu. Það voru þó ekki allar förukonur gæddar hæfileikum sem auðveldað gátu þeim flakkið, líkt og góður slúðurflutningur var dæmi um - langt því frá. Anna Erlendsdóttir förukona dvaldi vanalega í tvo til fjóra daga á hverjum bæ í senn, án þess að gefa neitt af sér með miðlun fréttu eða munnlegri skemmtun:¹⁰³ „Anna var ólík hinum kunnu farandkonum *Njálu*. Hún var fáorð og bar ekki slúðursögur milli bæja. Ekki sást hún líta í bók og enginn heyrði hana fara með ljóð“.¹⁰⁴

Slúður/fréttaflutningur förukvenna var undirrot þeirrar neikvæðu afstöðu sem almenningur hafði gagnvart förukonum, sem fólst í hræðslu fólks við illt umtal af þeirra hálfu. Því raunin var sú að förukonur gátu tjáð sig um búskaparhætti og líferni á heimilum eftir að þær höfðu sagt skilið við gestgjafann: „Jeg var förukona – Fyrir syndugustu sögunar mínar fjekk jeg bestan beina“.¹⁰⁵ Óttast var að konurnar bæru óhróður um menn á milli bæja, að þær virtu að vettugi friðhelgi heimilisins - miðluðu einkalífi bænda, húsfreyja og vinnuhjúa - slúðruðu: „Ull, ostur og skaka það fæst, en jafnt sem andskotinn gefur nokkur maður lamb“.¹⁰⁶ Hræðsla manna gagnvart rógburði förukvenna, var í reynd eitt helsta tól kvennanna á ferðum þeirra.¹⁰⁷ Því raunin er sú að aðgangur förukvenna að heimilum landsins, og um leið ferðalög þeirra á milli heimila, gaf þeim færi á að miðla upplýsingum. Veitti konunum ákveðið vald sem grundvallaðist á þekkingu þeirra á lífi fólks. Auk þess sem það veitti þeim ákveðið dómsvald yfir gestrisni fólksins sem hýsti þær, til dæmis með samningu úthýsingarvísna sem var munnlegt hefndarvopn sem beita mátti gegn laklegum gestgjöfum.¹⁰⁸ Til vitnis um hve aflmikið umtal förukvenna var í þessum efnum, þá má benda á viðtekna mælistiku fólks á gæðum förukvenna sem sjá má í fyrri tíma lýsingum á þeim. Slæmum förukonum var lýst sem slúðurberum og góðum förukonum var lýst sérstaklega á þann veg, að þær slúðruðu ekki.



Sagnalist er helsta birtingarmynd munnlegrar frásagnarhefðar förukvenna. Sú iðja að skálda og segja sögur var samofin flakki margra göngukvenna. Kvenna á borð við föruskáldkonunnar Sigríði úr Laxárdal í Dalasýslu, sem kölluð var Leppa-Sigga því hún var líka listakona til handanna. Sigríður var förukona sem hefði að öllum líkindum aldrei ratað í söguna, ef ekki hefði verið fyrir viðtal sem ég tók við nefnda Kristínu Kristvarðsdóttur (1914-2018) sem mundi hana úr æsku sinni.

Kristín: Hún bjó til þessa finu leppa, og saumaði þá alla út; allir í rósum, allir í rósum, í allaveganna rósum. Eftir þessu beið maður, því hún kom með fullan poka af saumuðum leppum og gaf krökkunum - og sagði þeim sögu.¹⁰⁹

Það gat verið mikil tilbreyting að fá listræna förukonu í heimsókn, persónu sem hafði þá hæfileika að geta kallað fram nýjan heim innan veggja baðstofunnar, líkt og reyndin var með hana Leppa-Siggu, sem kunni listavel að segja frá.

Kristín: Oh hún var svo dásamleg. Ég man ég sat við gluggann og beið eftir henni; mér var sagt að hún kæmi nú í dag, nú kæmi hún í dag. Það var kominn snjór og hálka, og ég var svo hrædd um að hún dytti og kæmi ekki. Ég man eftir að ég beið við gluggann, að sjá þegar hún kæmi; ég beið eftir sögunum. Þetta var svo mikið áriðandi málefni að fá hana til að segja sögurnar. Síðan sagði hún allar þessar sögur: „Einu sinni var kóngur og drottning í ríki sínu, og það var gamall maður og kona sem bjó á næsta bæ - þau áttu dóttur“. Svona var það. Hún spann þetta allt. Hún bjó þetta allt til, hún bjó það allt til.¹¹⁰

Leppa-Sigga vitnar líka um þá stöðu sem sögukona gat haft inn á heimilum. Hún hafði hæfileika til þess að ögra og skapa sér sitt eigið kvennarými, með sköpunarkrafti sínum. Það gerði Leppa-Sigga, listakonan sem varpaði skugga á sjálfsskipaða valdhafa heimilanna, húsbændurna.

Kristín: Nema þetta hvað hún kunni óhemjumikið af sögum, eða bjó þær til. Sumir sögðu að hún byggði þær til - þá var hún skáld. Það voru margir sem sögðu það, að hún byggði þær til jafnóðum. Karlmenn höfðu mikið á móti henni, af því að þeir voru í skugga af henni. Hún skipti sér ekkert af þeim, vildi helst ekki tala við þá. Hún var ekkert að spekúlera í þeim¹¹¹.

Það var mikil list hér áður fyrr að segja sögu, listgrein sem krafðist frásagnarhæfileika þess er sagði frá. Og þá list kunnu ýmsar förukonur. Listrænir hæfileikar förukvenna gátu nýst sem gjaldmiðill á ferðum kvennanna, þ.e.a.s.

konurnar þáðu gistingu og fæði að því tilskildu að þær sýndu listir sínar í staðinn.¹¹² Því var listsköpun slíkra förukvenna í raun og veru vinna sem þær þáðu laun fyrir - þær voru óhefðbundnir matlaunamenn. En sumar sinnu líka öðrum störfum, jafnvel á meðan þær sögðu sögur sínar. Vinna kvennanna hefur ugglaust mótað sögur, líkt og störfin mótuðu gjarnan söngva kvenna; vinnusöngvana.¹¹³

Tvær konur gamlar sem voru eiginlega kallaðar umrenningar. Börnin voru oft utan í þeim, og voru að biðja þær að segja sér sögur...Önnur þeirra var kölluð Þrjóna-Þóra en önnur var Anna Erlendsdóttir. Hún var lengi á ferðinni þarna. Þetta var skynsammt fólk oft, en lenti eitthvað út úr lífi svona. Þóra tók það fyrir að ganga, bæ frá bæ. Var oft svona tíma og tíma og vann þá. Þessar konur, báðar, þær þrjónuðu. Báðu um að lofa sér að hafa eitthvað á milli handa eins og þær kölluðu það.¹¹⁴

Sagnalistin skipaðist jafnan skör neðar en önnur vinna. Þannig gat komið upp sú staða að góð sagnakona eyddi kvöldunum við handavinnu fremur en að segja sögur, óháð því hvort þær væru flinkar til handanna eða einfaldlega óverur í höndunum. Til eru sagnir af því þegar gestkomandi konur mótmæltu því að þurfa að vinna með höndunum, líkt og kona ein sem flæktist á milli heimila sem bjó að sagnagáfu sem var einungis metin af börnum.

Það var einu sinni kerling norður í Vopnafirði sem flæktist á milli bæja, hálfgerður einfeldningur, en krakkar höfðu gaman af að láta hana segja sér sögur. Húsbændur vildu hinsvegar hafa gagn af henni, meðan hún staldraði við, og létu hana þrjóna sokka miskunnarlaust. Kerlingu gekk þó ekki sem bezt að einbeita sér að þessu hvorutveggja í senn, og eitt sinn er hún var stödd á bæ þar sem mikið var af krökkum sem heimtuðu af henni sögur, en húsbóndinn rak hinsvegar á eftir henni að þrjóna, þá sagði kerling: „Það er ekki bæði hægt að þrjóna og segja sögur“. Það var mikið hlegið að þessu.¹¹⁵

Konur sem sögðu sögur á bæjum þar sem þær dvöldu á flakki sínu, voru með því að veita vissa þjónustu; skemmtun í sagnaformi. Sú þjónusta kvennanna veitti þeim ákveðna sérstöðu á bæjunum, ekki síst á meðal barnanna. Lýsingar á sögum og frásagnarlist förukvenna er oftast að finna í æskuminningum Íslendinga. Þar lýsa höfundar því oft þegar þeir voru selfluttir inn í þjóðsagna- og ævintýraheim fyrir tilstuðlan sagna kvennanna (oft einnig vísað í sælgæti sem konurnar gáfu þeim). Víst er að förukonur hafi ekki einungis nýtt sagnagáfu sína til að skemmta börnunum, heldur líka til að færa þeim boðskap með sögunum.

Heimildir af förukönnum sem studdust við munnlega skáldskaparhefð, sýna að förukonur sem sögðu sögur í óbundnu máli höfðu ekki sömu virðingarstöðu og þær förukonur sem sögðu sögur í bundnu máli, förukvæðakonurnar. Sú afstaða réðst líklega af viðhorfum manna til bundins máls, sem skáldamáls. Bundið mál grundvallaðist á þekkingu sem var ekki aðgengileg öllum, og svipar að því leytnu til ritmálsins. Hins vegar byggði sagnaflutningur á frjálsari framsetningu á efni sögunnar, sem fleiri höfðu á valdi sínu, jafnvel þó svo að söguflutningurinn væri einatt háður ákveðnum formúlustíl. Sagnakonur, sagnaskáld og þeirra munnlegu sagnir virðast ekki hafa ratað í sama mæli í sögulegar heimildir og kvæðakonur, kvæðaskáld og þeirra kvæði. Kvæðskapur lifir lengur í minni manna sökum formgerðar hans, hann er háður reglum sem stuðla að varðveislu hans ólíkt munnlegum sögnum. Auk þess virðist hafa verið ríkari hefð fyrir því að bendla kvæðskap við yrkjandann, ekki síst í nútímakvæðskap (þjóðkvæði sem varðveitt voru í munnlegri geymd eru oftast höfundarlaus)¹¹⁶. En munnlegar sagnir á borð við, þjóðsögur og ævintýri eru hins vegar oftast höfundarlaus verk, óháð því hvort að sagnaskáldið var gott eður ei.

Fræðimenn á borð við Helgu Kress, Guðrúnu P. Helgadóttur og Véstein Ólason hafa fjallað um veigamikið hlutverk kvenna við sköpun og varðveislu munnlegra frásagna.¹¹⁷ Í grein sinni „Bækur og

„kellingabækur““ fjallar Helga Kress um viðhorf til þjóðsagna sem var farið að safna á tímum Jóns Árnasonar. Þær munnlegu sagnir kvenna kallaði Guðbrandur Vigfússon kerlingabækur í formála sínum að þjóðsagnasafninu.

Innan þjóðsagnasöfnunarinnar sjálfur er þó greinilegt að *kerlingabækur* hafa verið notaðar um ákveðna tegund sagna, þá sem lægst var virt... Orðið *kerlingabók* hefur sem sagt verið notað um andstæðu „bókar“, þ.e. frásagnar sem einhvers var talin verð og bókmenntastofnun hvers tíma viðurkenndi sem „góðar“ bókmenntir.¹¹⁸

Það er líklegt að orðið kerlingabók sé bein vísun í aldur sagnakvennanna, sem þá eru taldar til kerlinga samfélagsins.¹¹⁹ En líkt og fyrr segir, þá höfðu konur í eldri kynslóðunum vissan sess innan munnlegrar menningar, sökum viðhorfa fólks til munnlegrar hefðar með vísun í fortíðina. Þær skáldkerlingar renna saman í „ímynd af sagnakonu“ fyrri alda, sem förukonur þessa lands eru hluti af. Og þar dvelja þær löngum, því ekki er ljóst hvaða sögur förukonur sköpuðu og hvaða sögum þær miðluðu, sem í dag prýða síður þjóðsagna- og ævintýrabóka Íslands. Það var kannski ekki heldur ætlun þeirra kvenna, sem flökkuðu um samfélagið, að skapa sögur sem fólk gæti tengt við líf þeirra og persónu. Þær vildu kannski sumar ganga undir skáldanafninu „höfundarlaus“; vildu semja líkt og þær flökkuðu, í hvarfi frá mannlífinu. Máské.

Í æsku minni kynntist ég gamalli konu í Vopnafirði, sem fór þar á milli heimila og spann fyrir fólk. Hún var sá mesti hafsjór af ævintýrum, sem ég hefi þekkt, enda fannst öllum börnum hátíð, þegar Sigurbjörg gamla „spóla“, var komin. En hrædd er ég um að sögurnar hennar séu margar týndar og verði ekki framar dregnar fram í dagsljósið, því miður.¹²⁰



Kveðskapur/yrking förukvenna er önnur birtingarmynd munnlegrar hefðar förukvenna.

Ekki mun það hafa verið nein flökkukona sem kom að Snorrastöðum í mínu fyrsta barnsminni og var sett undir hana hægindi eins og völva í Grænlandi forðum, og þar þuldi hún upp úr sér Tólf sonakvæði og Vinaspegil. Ekki kann ég önnur skil á henni, en það hvarflar mér í hug sú spurning hvort ungmeyjarnar nú til dags sem dýrka mest rímleysurnar muni þylja þær upp úr sér á níræðisaldri.¹²¹

Á hamri einum, ekki langt frá Arnastapa undir Jökli er strókur, sem heitir Göngukonusteinn. Hraun er þar upp undan og stendur svo á því, að förukona sat einu sinni undir steindranga þessum, þegar lest ein fór um veginn þar rétt hjá. Hún beiddi lestarmennina beininga en þeir neituðu henni um alla ásjá. Bað hún þá hraunið yfir lestina, og varð hún þar undir.¹²²

Víst er að kveðskapur förukvenna hefur sérstöðu. Þá sérstöðu förukvæðakvenna má rekja til samspils jaðarsetningar þeirra í samfélaginu og viðhorfa til bundins máls sem talið var að byggja yfir „seiðmögnum kynngikrafti, sem mannsandinn gæti beizlað og tekið í þjónustu sína“.¹²³ Gott dæmi um það eru förukonur sem voru áhrifaskáld. Skáldskapur þeirra kvenna svipar til skáldskapar yfirnáttúrulegra kvenna. Guðrún P. Helgadóttir fræðikona fjallaði um skáldskap yfirnáttúrulegra kvenna: „Svo mikið er víst, að skáldskapur yfirnáttúrulegu konunnar er í fornritunum miklu meiri að vöztum en mennsku konunnar með móðureðlið. Hún hopar feimnislega til hliðar, þegar tröllkonur og forynjur, völur og valkyrjur þysja fram á völlinn með skáldbrandinn reiddan á lofti“.¹²⁴ Skáldskapur kraftaskáldsins/áhrifaskáldsins og förukonunnar landskunnna Látra-Bjargar (1716-1784) er til marks um þá samsvörun sem finna má á skáldskap förukvenna og yfirnáttúrulegra kvenna.¹²⁵ Nefna má vísu Látra-Bjargar sem hún mælti af munni fram frammi fyrir norðlenskum sýslumanni sem ávitti hana fyrir flakk, og krafðist þess að hún ynni eið að því að leggja það af. Sögulegt atvik sem sýnir það hvernig réttlítil kona gat staðið keik gagnvart myndugu yfirvaldinu fyrir tilstilli þess munnlega afls sem hún bjó yfir.

Beiði ég þann, er drýgði dáð
og deyð á hörðum krossi leið,
að sneyða þig af nægt og náð,
ef neyðirðu mig að vinna eið.

Kraftaskáldið og förukonan Sigríður Jóhannesdóttir (d. 1777), sem kölluð var Sigga-skálda er annað dæmi um skáldkonu sem skapaði með kveðskap sínum mikilfenglegan skáldskap. Sigríður er talin hafa samið hið þekktu trúarljóð *Gedfró*, sem sagnaritarinnar Gísli Konráðsson segir hana hafa kveðið; „móti galdra ásókn eða sendingu“.¹²⁶ Kvæði eru til eftir Sigríði sem lýsa afstöðu hennar til manna sem voru henni samtíða líkt og reyndin er í tilfelli Látra-Bjargar, s.s. kvæði um þá er hýstu hana; „kys ég næturvist hjá þér“.¹²⁷ Slíkur kveðskapur hafði annað og ríkara vægi en slúður í óbundnu máli, og virðing fyrir skáldkonunum í réttu hlutfalli. Annað kvæði er lýsir viðhorfum Sigríðar til „samferðamanna“ sinna orti hún einn daginn á vergangi sínum. Tveir menn komu ríðandi á hestum sínum fyrir aftan hana þar sem hún var á gangi, og veltu vöngum yfir hvort þetta væri tófa sem færi þar á undan þeim. Þá kvað Sigríður: ¹²⁸

Tryggð finnst engin tófu með
tútt það margir skrafa.
En reynið þið hvort refsins geð
rekkar engir hafa.


Förukonan Sigríður Jónsdóttir, Sigga-Prjóna sem var uppi á seinni hluta 20. aldar, var mikil kvæðakona. Hún líkt og margar aðrar förukonur kunnir ofgnótt af kveðskap. Kvæðin sem hún kunnir, hvernig hún kvað, og hvaða efni hún lagði áherslu á í kvæðunum, gefa innsýn í hugarheim kvæðakonunnar Siggu-Prjónu.

Oft kvað Sigga á sinn sérstæða hátt úr ýmsum rímum, og venjulega byrjaði hún að kveða, þegar enginn var í baðstofunni, en kæmi fólk inn, hélt hún áfram að kveða og ræddi þá við fólk um efnið á eftir. Oftast kvað hún úr Úlfarsrímum og efni það, sem hún kvað, var venjulega um ástamál, en ekki orrustur.¹²⁹

Það var ekki alltaf efni kvæðanna, fremur en efni sagnanna, sem stóð folki í minni. Heldur frásögnin sem var bundin við tónana, áherslurnar, hrynjanda sögunnar.

Förufólki man ég ekki eftir. Ein er sú kona sem vert er að minnst er fór mikið á milli bæja, en átti heimili á sama stað, en lifði mest á því er henni var gefið og hélt sér uppi á bæjum tíma og tíma. Hún hét Hallfríður, fædd árið 1848. Líf hennar var óslitið fátæktarbasl, mest meðan hún var með manni sínum. Hún var sérkennileg í háttum. Mér er minnstæðast hvað hún sagði vel frá. Og fór með þulur og kvæði, Grýlukvæði, Gilsbakkaþulu og ótal fleira. Sérstaklega flutti hún Grýlukvæði vel, það var unun á að hlýða.¹³⁰

Lýsingar á kveðskap og kvæðum förukvenna eru varðveittar í ýmsum myndum í ritheimildum. Hins vegar eru hljómarir þar að baki, kvæðalögin, að mestu horfnir með konunum. Til er þó upptaka af flutningi kvæðamannsins Jóns Lárussonar (1873-1959) þar sem hann flytur efni með sama hætti og kvæðakonan Spuna-Steinunn gerði á sinni tíð. Sá kveðskapur er vitnisburður um kraftmikinn flutning kvenna úr ranni förukvenna, svo mikil var áfergjan í þeim flutningi.¹³¹



Kvennasamsemd er dæmi um gagn sem leiddi af kvennaflakki og þar gegndi munnleg hefð mikilvægu hlutverki. Munnleg hefð förukvenna gat skapað rými til samsemdar fyrir allar konur, þvert á stéttir bændasamfélagsins.¹³² Heimsóknir förukvenna gáfu tækifæri á að ræða málefni kvenna, þ.m.t. mikilvæga þekkingu er varðaði hag kvenna. Húsmæður og kvenkyns hjú fyrri alda hittust einungis á mjög afmörkuðum vettvangi. Fyrst og fremst á kirkjubekknunum við kirkjulegar athafnir þar sem sjaldnast gafst færi á að eiga djúpar umræður við aðrar konur. Förukonur opnuðu á samskipti sem voru utan við þann ramma sem markaði líf flestra íslenskra kvenna. Þær gátu fært konum fréttir af málefnum bæði innan héraðs og utan. Miðlun upplýsinga í slíkum heimsóknum þ.m.t. um efni er varðaði reynsluheim kvenna, gaf konum færi á umræðum og vangaveltum sem ekki verður séð að hafi almennt gefist við kirkjuathafnir og samhliða öðrum mannamótum, sem almennt voru í senn formföst og naumt skömmtuð. Í Njálu segir til dæmis frá því þegar farandkonur gengu inn í dyngju, sem var vinnustaður kvenna á söguöld; rými þar sem konur fengust til dæmis við vefnað og hannyrðir. Þess konar rými hefur ugglaust veitt konum aukið frelsi til að tjá sig um sín mál, í félagsskap annarra kvenna.¹³³ Förukonur námu munnlegan lærdóm á ferðum

sínum og miðluðu sumar þeim lærdómi munnlega. Hluti þeirra upplýsinga tók til kvennamenningar og barst í munnlegri geymd með förukonunum, sem þær skilðu til gestgjafa sinna og þar með til samfélagsins.¹³⁴ Þannig gafst tækifæri á að miðla kvennafróðleik sem átti ekki upp á söguborð karla. Sértek fræðsla förukvenna á málefnum er vörðuðu kvenlíkamann og þeim reynsluheimi sem bundinn er honum, eru dæmi um þá kvenbundnu þekkingu. Líkt og mál er vörðuðu barneignir eru hvað skýrustu dæmin um. Viðmið um það má finna í sögu af nefndri förukonu, Sigríði Jónsdóttur, Þrjóna-Siggu, sem vitjaði kvenna sem voru að fara að ganga í hjónaband. Ásetningur Sigríðar var að fræða tilvonandi eiginkonur um athöfnina kynlíf. Kynlífsfræðsla Sigríðar byggði á speki Bósa í Bósarímum:¹³⁵ „Ójá, margt gætu karlmennirnir lært af Bósa, og þó er stúlkunum þarfara það, sem hann kenndi þeim“.¹³⁶ Bósarímur hafði Sigríður fengið að gjöf frá föður sínum þremur nóttum fyrir sitt eigið brúðkaup, en guðorðsbókina fékk hún frá móður sinni: „Faðir minn hefur farið nærri um, hvað bíður hveftrar konu, sem gengur í hjónaband, enda bað hann mig að athuga vel, og leggja á minnið, vissar vísur, sem hann kvað hreinum jómfrum væri betra að kunna, áður en þær gengju í eina sæng með sínum ektamaka“.¹³⁷ Bósarímur voru í augum Sigríðar lærdómsrit um samneyti kynjanna, lærdómur sem bar að læra utanbókar fyrir sjálfa athöfnina. Kynlífsfræðsla Sigríðar er einstakt dæmi um nútímalega hugsun konu gagnvart kynlífi og konum - og segja má að Sigríður hafi verið brautryðjandi í þeim efnum. Auk þessa lagði Sigríður hönd á plóginn í fæðingarlækningum með því að notast við líknarbelg sem hún tók utan af þrilitum kálfi, sem nýttist til að græða sár og hjálpa konum með barnsburð.¹³⁸

Ósköp þætti mér vænt um, ef blessaðir húsbændurnir vildu koma mér á fund brúðarefnis tveim til þrem nóttum fyrir brúðkaupið, ég er með smágjöf, sem ég ætla að gefa henni, rétt fyrir brúðkaupið, en ekki ætla ég að vera boðfenna í brúðkaupinu.¹³⁹



Förufólk þurfti ekki að búa yfir sérstökum hæfileikum til þess eins að skemmta fólki. Margt förufólk var að vissu leyti einskona samfélagsmiðlastjörnur síns tíma, stjörnur úr ranni alþýðunnar, sem öðluðust ákveðna viðurkenningu og orðspor án þess þó að þurfa endilega að búa yfir einhverjum hæfileikum eða þekkingu. Förufólk var alþýðustjörnur líkt og *skyggjur aðilar* voru tímabundið á 20. öld, og samfélagsmiðlastjörnur dagsins í dag (s.s. snapchat-stjörnur). Þó svo að förufólk hafi ekki alltaf búið yfir hæfileikum til að skemmta lýðnum eða til listsköpunar, þá var fólk í þeim hópi gjarnan sjálft einskona sjónrænt listaverk í annars fastgrónum hversdagsleika sveitarinnar; leikendur úr öðrum heimi.

Ég ólst upp á stóru heimili, þar sem gesti bar daglega að garði, karlar og konur úr öllum stéttum þjóðfélagsins. Mér var því minni nýjung á komu gesta en sumum öðrum á mínu reki. En mér fannst alltaf eitthvað sérstaklega ánægjulegt við það, jafnvel hátíðlegt, þegar einhver kom úr flokki förufólksins, sem í ungdæmi mínu var óðum að þynnast. Eins man ég það, að mig greip alltaf klökkvablandinn söknuður, þegar einhver þessara auðnuleysingja hvarf af leiksviði lífsins, líkt og eitthvað hefði horfið með honum, sem aldrei kæmi aftur, svo eftir yrði tóm í huga mínum. - Leiksvið lífsins er stórkostlegt með öllum sínum leikendagrúa!¹⁴⁰



Árið 1970 var Rauðsokkahreyfingin stofnuð, ári eftir að síðasta förukona Íslands lést, Kristín Petrína

Réttindabarátta förukvenna í þágu dýra



Margrét Sigurðardóttir, förukona og dýravinkona

Fyrir og um miðja 19. öld fór kerling ein um Eyjafjörð með hest í taumi; hét hún Valgerður og var kölluð Tíkar-Valka, því að hún hafði alltaf með sér dálitla mórauða tík og gældi við hana eins og barn.¹⁴¹

Bændasamfélagið var í grunninn reist á menningarbundnum hugmyndum manna um eigin yfirburðarstöðu gagnvart öðrum tegundum dýra, hvort sem um ræðir villt dýr eða húsdýr. Samfélag sem gekk út á ræktun og slátrun dýra, mönnum til viðurværis. Þessi lagskipting manna og dýra í bændasamfélaginu ól af sér valdbeitingu manna gegn dýrum; valdbeitingu sem í sumum tilvikum tók á sig mynd dýraniðs.¹⁴² Ofbeldi gegn dýrum var ekki refsisvert athæfi frammi fyrir lögnum, en sem dæmi þá eru engar réttarheimildir um dýravernd í Jónsbók eða Grágás. Hins vegar eru til réttarheimildir um einkarétt manna á dýrum s.s. kemur fram í búnaðarbálki Jónsbókar. Það er ekki fyrr en árið 1869 þegar að fyrsta réttarheimildin um dýravernd birtist í formi 299. gr hegningarlaganna.¹⁴³ Þau síðbúnu lög skikkuðu menn sem misþyrmdu dýrum til að borga sekt eða jafnvel fara í fangelsi og upplifa þar á vissan hátt aðhaldsstemminguna sem húsdýr búa við.

Hver, sem verður brotlegur í þrælslegri misþyrmingu á skepnum, einkum húsdýrum, eða annarri grimmilegri og miskunnarlausri meðferð á þeim, skal sæta sektum allt að 100 rd. eða einföldu, fangelsi allt að 4 mánuðum.¹⁴⁴

Af sögulegum heimildum að dæma þá létu sumar förukonur að sér kveða í málefnum er viðkomu meðferð manna á dýrum - konur sem margar hverjar höfðu djúpstæða samúð með dýrum.¹⁴⁵ Það er einkar fróðlegt að sjá það að málefni er varðar bættan hag dýra, var í raun eina réttindamálefnið sem förukonur beittu sér fyrir. Ætla má að samúð förukvenna gagnvart dýrum hafi spröttið af skilningi þeirra á stöðu dýra; það að vera skör neðar í þjóðfélagi manna. Konur sem upplifðu á vissan hátt hvernig það var að vera *dýr* í bændasamfélaginu. Í því sambandi má nefna lýsingar á átakanlegri barnæsku sumra kvennanna, er greina frá andlegu og líkamlegu ofbeldi sem þær urðu fyrir sem stúlkubörn. Í þeim lýsingum kemur fram að lítið var á þær sem óæðri verur, á sambærilegan máta og lítið var á dýr; „kvaðst hún venjulega hafa verið kölluð stelpuskattinn, kvikindið eða öðrum þvílíkum nöfnum“.¹⁴⁶ Hegðun kvennanna vitna líka um hvernig búið var um þær sem börn, s.s. neysluvenjur sem sýna bersýnilega hver staða kvennanna var á barnæskuheimilum þeirra.

Eyjólfur: Hún sat oft á gólfinu við kjallaradyrnar. En fólkið á bænum sat við borðið og var að fá sér að borða og svolciðis. En þá settist hún stundum bara á gólfíð.¹⁴⁷

Kona hét Þuríður Hákonardóttir og ólst hún upp hjá vandalausum fólki vestur í Arnarfirði um miðja 19. öld. Þótti hún einkennileg um margt, skapstór og nettkvendi lítið. Kenndi hún uppeldinu jafnan um skapferli sitt, og kvaðst engan þann fjandmann eiga að hún vildi óska honum svipaðrar ævi, og sín hefði verið. Eitt sumar er hún var lítið eitt innan við fermingu, sagðist hún hafa verið höfð fyrir hund. Svo stóð á, að hundapest geisaði veturinn áður, og drápu flestir hundar í sveitinni. Tóku húsbændurnir hennar þá það ráð að láta hana fylgja smalanum og var hún send fyrir hverja kind. Þótti henni hundsævin ill, sem vonlegt var. Einhverju sinni var það í smalaferðum þessum að hún hrapaði í fjalli, braut í sér þrjú rif og meiddist eitthvað meira.¹⁴⁸

Viðhorf til förukvenna sem dýrslegra vera, fylgdi þeim ævina á enda, líkt og kemur bersýnilega fram í framkomu fólks við konurnar, og í lýsingum á útliti og persónu kvennanna. Aukinheldur má í þessu tilliti nefna uppnefni sem förufólki var títt gefin, sem minnir á vissan hátt á húsbóndann sem ljær dýri sínu nafn.¹⁴⁹ Förukonur, líkt og förumennirnir, hlutu viðurnefni sem þóttu best lýsa sérkennum þeirra. Sum viðurnefnanna sem förufólk fékk voru niðurlægjandi, og þjónuðu einvörðungu þeim tilgangi að smána og kúga þessa einstaklinga.

Kristín Kristvardsdóttir: Hún var aldrei kölluð Leppa-Sigga, því það þótti niðrandi. Það pössuðu sig allir á því. Krökkunum var bannað að segja það. Það þótti niðrandi, að kalla hana Leppa-Siggu. Af því það voru fleiri sem voru með svona nöfn.¹⁵⁰

Lýsingar á sambandi förukvenna og dýra gefa mynd af vináttu sem er reist á gagnkvæmu trausti kvenna og dýra, lýsingar á borð við þær sem finna má af Margréti Sigurðardóttur förukonu: „Hún var ofsalegur dýravinur, það var ótrúlegt hvað hún nálgast dýrin, meira að segja hæurnar sem hafa nú ekki mikinn persónuleika“.¹⁵¹ Það hversu algengt það var að tengsl förukvenna væru sterkari við málleysingja en menn, vitnar um þá staðreynd að margar þeirra voru búnar að tapa trausti á mannfólkinu. Dýrin gátu ei sært konurnar með orðum, gátu ei kúgað konurnar með valdbeitingu. En það þýðir þó ekki að ást förukvenna til dýra hafi verið án kvaða, því slík vinátta á milli manna og dýra gat verið óþægur ljár í þúfu í samfélagi bænda. Vegna tengsla sem förukonur mynduðu við

dýr sem þær höfðu ekkert yfir að segja þá gátu skapast vandamál. Einkum ef þær gátu ekki haldið hlífiskildi yfir dýrunum. Þær þekktu lögmálið um að líf nærast á lífi. Því verður það að teljast einkanlega virðingarvert að konur sem voru svo lágt settar í þjóðfélaginu hafi rétt fram hjálparhönd til þeirra er gátu enga björg sér veitt - og voru sumar hverjar á sinn hátt forystukonur í réttindamálum dýra. Í málefnum sem enn í dag eru skammt á veg komin.

Sigríður hét kona og var kölluð Hunda-Sigga. Hún hafði alltaf með sér þetta fimm til sex hunda. Þessir hundar fylgdu henni, hvar sem hún fór, og hjá henni sváfu þeir. Fallegir voru hundarnir og vel hirtir, og hefði almenningur í Fljótum verið í eins góðum holdum og þessir hundar, hefði ekki þurft að kvarta um skort. Þótti fólki mikið að taka á móti kerlingunni og hundunum. Um leið og henni var borinn matur, varð að gera hundunum sömu skil. Og þurftu hundarnir ekki svo lítinn mat.¹⁵²

Ein af síðustu förukönnum Íslands, Jófríður Þorkeldsdóttir, er ein þeirra förukvenna sem markaði rúnir sínar á baráttuna fyrir velferð dýra á Íslandi. Hún fær veigamikinn sess í þessari umfjöllun um förukönur og dýr, vegna pólitísks gjörnings sem hún framkvæmdi í þágu merar og folalds. Gjörningur sem síðan birtist í greinarformi árið 1929 í hinu merka úmariti *Dýraverndarinn* - málagnni sem var gefið út af Dýraverndunarfélagi Íslands.¹⁵³ Greinin var skrifuð af eldri manni sem flutt hafði búferlum til Vesturheims sem ungur maður en birtist síðan þjóðinni á ný í hlutverki syndugs manns í eigin frásögn. Í greininni lýsir höfundurinn því þegar hann yfirgaf móðurlandið á skipi, og syndinni sem fylgdi honum yfir hafið.

Til lands fekk eg eigi horft... leit undan... sá allt í þoku... Mér skildist þá fyrst, að eg væri að yfirgefa ættjörð mína - myndi aldrei líta hana framar. Og svipað var því, sem eitthvað brysti mér í brjósti. Eg varð að leita mér styrks - einhvers staðar. Örlitla stund stóð eg eins og höggdofa. Svo mundi eg eftir brennivínsflöskunni í farskrínunni. Þangað fór eg, sem skrínan var. Óvart kom mér, að nú var festur við hana poki, og í honum varð mér fyrst fyrir hendi eitthvað hart, sem eg átti enga von til að væri þar. Eg leysti frá pokanum. Von gat eg átt á dauða mínum, en þessu ekki. Fyrir mér varð hvít og skinin höfuðkúpa af folaldi. Skrínuna opnaði eg aldrei að því sinni, og brennivínið lét eg óhreyft. Eg settist niður, þar sem eg var kominn. Í fyrstu festi eg sjón á engu. Allt varð að grárri hringiðu fyrir augum mér, og eg var svo hugstola. Síðan smáskýrðist allt fyrir hugaraugum mér. Eg sá hryssu standa yfir folaldi sínu - hálskornu. Hún var dapureyg og hrygg, dró andann djúpt og þungt og lét munninn nema við folaldslíkið, eins og hún færði því hinnta kossinn. Um mig fór hrollur, helkaldur og nístandi sár, líkt og væri mér varpað á kaf í krapaelg. Og nú rifjast fyrir mér atburður, sem mér var í rauninni liðinn úr minni. Fjórum árum áður hafði eg skorið folald undan hryssu, sem eg átti, til þess eins, að geta degi síðar selt hana hrossakaupmanni. Og þetta verk vann eg með þeim hætti, að skera folaldið fyrir augum hryssunnar og láta hana síðan standa yfir líkinu. - Eg varð gripinn angist. Og nokkur andartök var sem mér hyrfti hugsun og megn. Svo var eins og spurt væri innst í fylgsnum sálar minnar: Hví vannst þú, maður, þetta skelmisverk á saklausri móðurástinni? Eg leitaðist eigi við að svara þessari hugsun - gat það ekki. En nú gæti eg leyst úr þessu með fullum sanni og jafnframt með blygðun í brjósti. - Eg mun hafa gert þetta af því, að margir töldu fyrir mér, að hryssum yrði minna um, ef folöldum þeirra væri lógað þeim á sjáandi! -- Höfuðkúpan hafði flækt á ýmissa vegu, og eg skeytti því engu, hvar hún lægi. Nú var hún þarna komin. Hver gat verið valdur að þessu? Börnin mín gátu ekki hafa gert það. Eg fekk ekki varizt því, að hugurinn grufaði eftir einhverri úrlausn, þó að þessi óvænta sýn olli sálarró minni eigi lítillar truflunar. Og huganum varð hvarflað heim að Hóli. Eg hafði búið um farangur okkar daginn áður en við færum að heiman, og Flökku-Fríða bar allt að mér, sem fara skyldi - Flökku-Fríða! - Gátan var ráðin. Hún hafði komið höfuðkúpunni í farangur minn. Og nú stóð Flökku-Fríða fyrir sjónum mér,

stór og ferleg, grimmeyg, blá og þrútin og ógurlega reið. Og mér fannst, að aftur dyndi á mér ávítturnar, heitingarnar og heiftin, sem hún hafði steipt yfir mig eftir að eg skar folaldið. Hún var eini maðurinn, sem vítti mig fyrir verkið. Öðrum mun hafa fundizt það eðlilegt, að fráskilinni konu minni. Og Flökku-Fríða bað mér margra bölbæna. Hún sagði, að skugginn af þessu verki skyldi fylgja mér til æviloka og loks inn í eilífðina. Svo fór hún að gráta. Og grátandi bað hún drottinn að vernda alla málleysingja - vernda þá fyrir djöfulæði mannanna. --- Eg mun hafa setið lengi og starað á þenna horfna atburð... Loks reis eg á fætur, greip höfuðkúpuna, gekk að öldustokknum og varpaði henni í hafið. Mér varð enn litið til lands. Örafajökull var horfinn. Föðurlandið mitt var horfið. Eitt var mér þó ekki horfið. Skugginn af níðingsverki mínu féll að sál minni eins og ísingarstakkur. Og við því býst eg eigi, að hann fái að fullu horfið þaðan, fyrr en á banadægri mínu - megi það þá verða.¹⁵⁴



Frelsið sem fólst í flakkinu og rötleysinu gerði förukonum mögulegt að draga fram lífið í íslenska bændasamfélaginu, en um leið voru þær á vissan hátt í hugum manna hluti af þeim náttúrulegu afræningjum sem gengu á náttúru landsins. Og náttúrulegir afræningjar, hvort sem það voru villidýr merkurinnar eða flökkukonur, voru annars flokks. Því jafnvel þó svo að arfræningjar höfðu ákveðna reisin í hugum almennings, hvort heldur það var örn, refur, hrafn eða förukona, þá breytti það því ekki að hinn almenni Íslendingur hafði líf þeirra í höndum

sér. Líkindi förukvenna og hrafnsins eru með eindæmum mikil: Hrafninn, þessi tiltölulega saklaus afþreying, var eigin herra í villtri náttúru landsins en fléttaði engu að síður afkomu sína búsetu manna, líkt og förukonan íslenska. Hrafninn, hegðun hans og ekki síður hegðun fólks gagnvart hrafninum hafði allt sína merkingu, nokkuð sem spegla má í ýmsum minnum sem varða flökkukonur. Dæmi um það er tenging ferðafrelsis í náttúrunni við þekkingu og vald.¹⁵⁵ Slíkt viðhorf er í reynd almennt þegar litið er til kvenna sem lifðu óbeislaðar í skauti náttúrunnar. Til dæmis í þjóðsögum af kerlingum og tröllkonum sem voru í hlutverki afþreyingjans og tortímandans:¹⁵⁶ „Þar sem gjörðist hún ill og hamrömm, að hún eyddi byggðina í nánd við sig, en vegirnir lögðust af“.¹⁵⁷ Þessi viðhorf gáfu um leið skotleyfi á „náttúrulega afþreyingja“ landsins.¹⁵⁸ Því skal ekki undra að margar förukonur voru fremur vinkonur dýra en vinkonur manna.



-
- ¹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019. Um förukonuna Kristínu Petrínu Jónsdóttur (1879-1969).
- ² É viðtölum sem ég tók við aðila er mundu eftir förukonum úr eigin barnæsku á fyrri hluta 20. aldar voru yfirnáttúrulegjar orsakir hins vegar aldrei nefndar til sögunnar. En flestir kvenkyns viðmælendur mínir nefndu kynferðisofbeldi, fösturlát eða að börn förukvennanna hefðu verið tekin af þeim, sem ástæðu þess að kona lagðist í flakk
- ³ Förufólki á Íslandi hefur gjarnan verið skipt upp í ákveðna grunnhópa með tilliti til stöðu þeirra, heilsu og hlutverka í samfélaginu. Kunnasta dæmið um þá flokkun er skipting íslenska sagnaritarans Jónasar Jónssonar frá Hrafnagili (1856-1918) á íslenska flökkulýðnum í bók hans *Íslenskir þjóðhættir*. Jónas Jónsson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 251-256. Jónas skipti förumannastéttinni upp í fjóra meginhópa: Einstaklingar sem flökkuðu í kjölfar harðinda á landsvísi; einstaklingar sem óháð harðindum lögðust í flakk vegna persónulegra erfiðleika sem þeir glímdu við, svo sem andlegra veikinda, ómegðar, þroskafrávika eða áfalla; einstaklingar sem skilgreindu ferðir sínar um landið sem viðskiptaferð fremur en flakk; og einstaklingar sem þóttust vera förufólk.
- Sjá einnig: „Flakk“, bls. 237. *Á mörkum mennskunnar*, bls. 15. Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 53.
- ⁴ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 29- 30. Þar er fjallað um erfiða barnæsku förukonunnar Vigdísar Ingvadóttur sem mögulega rót flakks hennar.
- ⁵ Hugrún bls. 14.
- ⁶ Guðrún Möller, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.
- ⁷ Jón Jónsson segir að flakkarar voru gjarnan taldir hafa verið „efnileg börn fram að einhverjum atburði“. Sjá *Á mörkum mennskunnar*, bls. 143.
- ⁸ Samtímarannsókn Elliot Liebow á heimilislausum konum leiddi í ljós að langstærsti hluti kvennanna voru runnar úr lágstétt og höfðu átt átakanlega æsku. Bakgrunnur þeirra einkenndist af fátækt og valdaleyfi. Elliot Liebow, *Tell Them Who I Am*, bls. 15.
- ⁹ Guðlaug Sigurbjörg Steingrimsdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.
- ¹⁰ Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsóttir, *Utangarðs?*, bls. 123. Þáttur um Þuríði Hákonardóttur (f. 1828).
- ¹¹ Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, „Að losa sig við umskiptinginn“, bls. 472-480.
- ¹² Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 36-37.
- ¹³ Í skáldsögu sinni *Förumenn*, fjallar Elinborg Lárusdóttir um það þegar að förumaðurinn Andrés Malari var skilinn eftir einn sem barn, bundinn við rúmstólpann í baðstofunni. Sjá *Förumenn* 1. bindi. Kaflinn: „Umskiptingurinn“, bls. 31.
- ¹⁴ Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsóttir, *Utangarðs?*, bls. 23. Kristín Tómasdóttir (1863-1937) (Stína gamla).
- ¹⁵ Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsóttir, *Utangarðs?*, bls. 104-106. Þáttur um Kristínu Guðmundsdóttur (1790-1852).
- ¹⁶ *Gríma hin nýja*, bls. 229-231.
- ¹⁷ Sigríður Benediktsdóttir förukona er ein þeirra sem flakkaði áfram í og/eða nálægt æskustöðvunum, og var því í návígi við föður sinn sem beitti hana harðræði í æsku - ásamt því sem hún dvaldi að hluta til í heimahúsum allt þar til foreldrar hennar dóu. *Gríma hin nýja*, bls. 229-231.
- ¹⁸ Anna Thorlacius, „Æskuminningar“, bls. 28. Ekki er ljóst hvort að Ingibjörg hafi verið hefðbundin förukona en hegðun hennar hefur ígildi hegðunar förukvenna.
- ¹⁹ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Driftung“, bls. 4. Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 19.
- ²⁰ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Driftung“, bls. 4.
- ²¹ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Driftung“, bls. 4.
- ²² Ljóðið *Göngukona* eftir Arnfríði Sigurgeirsdóttur í bókinni *Séð að heiman*, bls 167-168.
- ²³ Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman*, bls. 167-168.
- ²⁴ Hugrún, bls. 14.
- ²⁵ Hugrún, bls. 14.
- ²⁶ Förukonum svipar á ákveðinn máta til sögupersónunnar Öskubusku, en lífsferillinn er á öndverðu meiði því ólíkt Öskubusku sem fór úr öskunni í kjólinn, þá fóru förukonur úr kjólum í öskuna.
- ²⁷ *Aldnir hafa orðið*, 4. bindi, bls. 80.
- ²⁸ Í fyrsta sinn sem Helga Bárðardóttir var nefnd til sögunnar sem förukona, var í grein minni vef. „Kvennaflakk og kvennatjáning“. Þegar ég vísa til Helgu sem fyrstu förukonu Íslands þá er ég að miða við sögutímamann, en ekki ritunartímamann, en Bárðar saga Snæfellsáss er talin vera rituð á fyrri hluta 14. aldar.
- ²⁹ Um útleið Helgu úr íslensku feðraveldi skrifaði Helga Kress í *Máttugar meyar*, bls. 154.

³⁰ *Bárðar saga Snæfellsás*, bls. 313. Helgufoss og Helguhóll í Mosfellsdal eru að því talið er kennd við Helgu. Árni Björnsson segir að Helga sé bendluð við Helgufell á landamærum Dunks í Hörðudalshreppi og Hítardals. Þar kemur holl aftur við sögu í frásögn af Helgu: „Hún skal vera heygð í Helguhól sem er hár og kringlóttur í flóa fyrir neðan Stangá norðan fjallgarðsins“. *Íslenskt vettatal*, bls. 60. Ætla má að tíð vísun í hóla tengist því að Helga var sögð dvelja í hólum og hreysum á Íslandi í kjölfar Grænlandsferðarinnar í *Bárðar sögu Snæfellsás*.

³¹ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 19-20.

³² Dæmi um förukarl sem sagður var hafa byrjað að flakka í kjölfar ástarsorgar, var Jón beri. Sjá einnig þulu um mann sem flakkaði vegna ástarsorgar: Theodóra Thoroddsen, *Þulur*, bls. 23.

³³ Dalrún J. Eygerðardóttir, vef. „Kvennaflakk og kvennatjáning“.

³⁴ ÞP 880. Heimildarmaður f. 1892. Um förukonuna Sigríði Jónsdóttur (Poka-Siggu). Sjá einnig umfjöllun Jóns Jónssonar um Sigríði í *Á mörkum mennskunnar*, bls. 101-101.

³⁵ Ólafur Þorvaldsson, „Kristfjárjarðir-Sælubú“.

³⁶ Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar*, bls. 156.

³⁷ Sjá doktorsritgerð Sigurgeirs Guðjónssonar, Aðbúnaður geðveikra á Íslandi og umbætur yfirvalda fyrir daga geðspítala (2013), bls. 13.

³⁸ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 239.

³⁹ Sigurgeir Guðjónsson, Aðbúnaður geðveikra á Íslandi, bls. 82.

⁴⁰ Sigurgeir Guðjónsson, Aðbúnaður geðveikra á Íslandi, bls. 77-84. Sigurgeir fjallar þar um flakk hafi verið úrræði fyrir geðfatlaða fram eftir öldum fyrir fram að stofnun Kleppspítala 1907.

⁴¹ Þór Bergsson, „Úr fremribyggð og Tungusveit“, bls. 56.

⁴² Oscar Clausen, *Aftur í Aldir*, bls. 183-184.

⁴³ Sigurgeir Guðjónsson fjallar um þá misjöfnu meðferð sem geðveikir á Íslandi hlutu hér áður fyrir, s.s. þegar fólk var bundið niður eða lokað af þegar það fékk köst. Sjá Aðbúnaður geðveikra á Íslandi, bls 58.

⁴⁴ Oscar Clausen, *Aftur í Aldir*, bls. 185-188.

⁴⁵ Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2017. Um förukonuna Vigdís Ingvadóttir (1864-1957).

⁴⁶ Bríet Bjarnhéðinsdóttir, *Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna*, bls. 4.

⁴⁷ Hér er vísað í áður nefndar skilgreiningar um feðraveldið: Vicky Randall, „Feminism“ og Anne Phillips, *Engendering Democracy*.

⁴⁸ Hugtakið rými miðast ekki einungis við ákveðið svæði, heldur líka við samskiptakerfi manna. Sjá Doreen Massey, *Space Place and Gender*, bls. 120.

⁴⁹ Dalrún J. Eygerðardóttir, Konur eru konum bestar, bls. 80.

⁵⁰ Um hugtakið rými til andófs fjallaði Erla Hulda Halldórsdóttir í *Nútmans konur*.

⁵¹ Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum (1857-1933), ljóðið *Ráðaleysi*. Sjá *Stúlka*, bls. 127-128.

⁵² Sjá Erla Hulda Halldórsdóttir, „Sem einn maður. Orðræða um hjónaband á 19. öld“, bls. 89-90: „Með því að ganga í hjónaband gaf konan sig eiginmanninum á vald, færðist frá valdi föður til eiginmanns“.

⁵³ Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum (1857-1933), ljóðið *-sen og -son*. Sjá *Stúlka*, bls. 133.

⁵⁴ Jónas Jónsson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 296.

⁵⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútmans konur*, bls. 89. „Þótt hjónabandið feli ekki í sér eiginlegt frelsi fyrir konu... er það skásti kosturinn því að þar verður hún „Kona“ og ræður innanstokks“.

⁵⁶ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 30 og 48.

⁵⁷ Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 229. Ingveldur Gísladóttir, *Myndir og minningabrot*, bls. 22-24. Ingunnar Jónsdóttir, *Gömul kynni*, bls. 56.

⁵⁸ Ólafur Ólafsson, *Heimilislífið*, bls. 62. Fyrirlestur frá 1889.

⁵⁹ „Sýslu-Helga“, bls. 3.

⁶⁰ Sjá t.d. fyrirlesturinn *Heimilislífið* eftir Ólaf Ólafsson, er m.a. fjallað um misjöfnuð í vinnukjörum og launamálum hjúa út frá sögunni og biblíunni, og segir m.a.: „Almanakið segir, að það séu 5856 ár síðan heimurinn var skapaður; gott og vel! það eru líka jafnmörg ár, sem vér karlmennirnir höfum níðzt á kvennfólkinu og haldið því í þrældómi.“ Þessi orð Ólafs eru þýðingarmikil enda vitna þau um sjónarhorn 19. aldar menntamanns, sem segir konur vera þræla karla í bændapjóðfélaginu.

⁶¹ Oddur Oddsson, „Flakk“, bls. 245.

⁶² Hér er ekki kafað djúpt ofan í þau lög enda hefur verið fjallað gaumgæfilega um áhrif laga á hérlent flakk af fræðimönnum á borð við Jón Jónsson og Yngva Leifsson.

⁶³ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 23: „Fleiri orsakir lágu einnig að baki vistarbandinu. Ótti við sveitarþyngsli og flakk var þar á meðal. Vistarbandið dró einnig úr flakki og umferðarmennsku, sem jukust mikið í harðindum. Töluvert dró úr flakki á síðari hluta 19 aldar, þótt það héldist nokkuð alla öldina“. Sjá góða umfjöllun Theodoru Thoroddsen (1863-1954) um vistarbandið í „Þegar ég var lítil“, bls. 108-109.

⁶⁴ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*, bls. 121-128. Samkvæmt Vilhelmi þá má túlka flakk sem andóf einstaklinga í hjúastéttinni.

⁶⁵ Hússbónda-stiptunum er orðalag frá Helgu Kress.

⁶⁶ Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fór“, bls. 340.

⁶⁷ Yngvi Leifsson segir í lokaritgerð sinni Flökkufólk, að förukonur fengu lægri laun en förumenn um aldamótin 1800. Þá ályktun dregur Yngvi af samanburði á launum eins förumanns og tveggja förukvenna. Sjá, bls. 109.

⁶⁸ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 44.

⁶⁹ Einnig *Á mörkum mennskunnar*, bls. 88. Þar er fjallað um flakk með hliðsjón af samfélagslegum viðhorfum til vinnu. Einnig sjá: Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdanum. Sjá kaflahlutann „Viðhorf til vinnu“, bls. 44-45. “. Ath. Aldur og sjónarhorn heimildarmanna hefur líka afgerandi áhrif á lýsingar á vinnuframlagi förufólks á bæjum. Um það er fjallað nánar í þeim hluta bókarinnar er tekur til megin sjónarhorns förukvennasagna.

⁷⁰ G.Ól.Ól, „Stíll er elfar flóð“, bls. 316. Sjá líka umfjöllun Odds Oddssonar um verslunarferðir förukvenna, „Flakk“, bls. 238. Og *Á mörkum mennskunnar*, bls. 97-101, um „Bréfakarla og varningsfólk“.

⁷¹ Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.

⁷² Af lýsingum sem fjalla um léleg afköst förukvenna til vinnu, má nefna sögur sem fjalla um ábyrgð kvenna á lífi karla með handavinnu sinni má finna í fleiri heimildum s.s. saga af göngukonu sem húsfreyja biður um að þrjóna sjóvettlinga. Göngukonunni tókst ekki vel upp með það verk. Þá sagði húsfreyjan að líf sjómanna gæti oltið á því hve vel þrjónaðir vettlingar þeirra væru.

⁷³ Björn Halldórsson, *Arnbjörg*, bls. 13. Björn varar við því að konur fari óvarlega með mat í tengslum við heimsóknir förumanna, „hún gefur ekki göngumanni þann mat eða fat í guðspakka nafni, sem börn og hjú svelta og kélur fyrir“.

⁷⁴ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.

⁷⁵ Inga Lára Lárusdóttir, „Góðu gömlu dagarnir“, bls. 114-115. Um menntun kvenna á Íslandi sjá: Doktorsverkefni Erlu Huldu Halldórsdóttur, *Núttímans konur: Menntun kvenna og móttun kyngervis á Íslandi*. Einnig má benda á umfjöllun Guðrúnar P. Helgadóttur um menntun kvenna með hliðsjón af hlutdeild kvenna í fornbókmenntunum.

⁷⁷ „Árið 1880 var lögboðið að kenna börnum að skrifa og reikna, en áður var það einungis lestur og kristinfræði“. Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 441.

⁷⁸ Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 446.

⁷⁹ Störf kvenna sem kröfðust gjarnan menntunar á 19. öld, voru t.d. ljósmóðurstarfið og síðar rjóma/mjólkurbústýrustarfið.

⁸⁰ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.

⁸¹ ÞP 806.

⁸² Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 54.

⁸³ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 33. Kaflinn „Sorgarfullar sögur sem höfðu tekið á sig form gamansögunnar“. Sjá líka „Drifting“, bls. 4. Fræðikonan Lynn Abrams fjallar aukin heldur um þess konar frásagnargerð í grein sinni „Memory as both source and subject of the study“, bls. 107.

⁸⁴ Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalssveit, sumarið 2015.

⁸⁵ Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalssveit, sumarið 2015.

⁸⁶ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Af bréfaskriftum kvenna á 19. öld“, bls. 256.

⁸⁷ Guðlaug Sigurbjörg Steingrimsdóttir, símaviðtal við höfund, 2018. Um förukonuna Margræti Sigurðardóttur.

⁸⁸ Magnús J. Jóhannsson. Ljóðið *Síðasta förukonan* um Jofríði Þorkeldsdóttur förukonu. Af öðrum kveðskap sem kemur inn á menntun förukvenna má nefna kvæði um Kristínu Högnadóttir sem flakkaði um Rangárvelli, Fljótshlíð o.fl. staði. Kvæðið orti Jón Ófeigsson samtíðamaður hennar. Kvæðið sýnir að prófasturinn sr. Ásmundur Jónsson yfirheyrði hana um kunnáttu hennar í barnalærdómskverinu þegar hún kemur í Odda. Sjá Oddur Oddsson, „Flakk“, bls. 240-242.

⁸⁹ *Utangarðs?* þar sem fjallað er um æviskeið Kristínar Tómasdóttur.

⁹⁰ *Gríma hin nýja*, bls. 231.

⁹¹ *Gríma hin nýja*, bls. 231.

⁹² *Gríma hin nýja*, bls. 233.

⁹³ Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015. Sigþór les í byrjun viðtals upp úr ministerialbók Reynissóknar.

⁹⁴ Pétur Stefánsson, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

⁹⁵ „Athugasemd“, bls. 5. Um Höllu förukonu, vestan undan Jökli.

⁹⁶ Í einfaldleik sínum byggir munnleg hefð sagnafróðleiksins og munnleg hefð skáldskaparins á munnlegum flutningi, kvenna og karla.

⁹⁷ Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til litilla stunda*, bls. 109-110.

⁹⁸ Auk þess voru sumar farandkonur listakonur til handanna - þrjúnuðu fallega.

⁹⁹ Helga Kress, *Máttugar meyjjar*, bls. 13.

¹⁰⁰ Stefán Aðalsteinsson, *Svarfðalæingar*. Sjá einnig söguna *Söngva-Borga* eftir Jón Trausta (1873-1918). Sjá einnig Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 1. bindi, bls. 62. Þar segir: „Faðir hennar Jón Sigmundarson bjó síðustu árin á Krossanesi á Vatnsnesi, og kirkjuvaldið hrifsaði marga jarðeignina úr höndum Bjargar (Þorvaldsdóttur), móður hennar, en Vilborg lögmannsdóttirin, Söngva-Borga, flakkar um og flytur ljóð og verður úti í einu ofviðrinu“.

¹⁰¹ Helga Kress, *Máttugar meyjjar*, bls. 35. Sjá einnig bls. 119. Þar segir að völvur komu af heiðinni inn í samfélagið.

¹⁰² Helga Kress, *Máttugar meyjjar*, bls. 175-176.

¹⁰³ ÞP 806. Vísa eftir Pál Ólafsson.

¹⁰⁴ ÞP 806.

¹⁰⁵ Indriði Einarsson, „Sorgarleikurinn Dansinn í Hruna“, bls. 42.

¹⁰⁶ Oddur Oddsson, „Flakk“, bls. 238 og 245.

¹⁰⁷ Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar*, bls. 175.

¹⁰⁸ Úthýsingarvísur voru ortar um eða eftir þá sem var úthýst af bæjum. Sjá umfjöllun Þórðar Tómassonar um þær vísur í *Gestir og grónar götur*.

¹⁰⁹ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

¹¹⁰ Í viðtali mínu við Kristínu Kristvarðsdóttur kom fram að Leppa-Sigga hafi ekki átt nein börn. Erfitt er að segja til um aldur Leppa-Siggu, en viðmið um aldur hennar er önnur förukona sem flakkaði um á sama tíma á sama svæði, og hét Þjóðhildur Þorvarðardóttir (1868-1953). Kristín man eftir báðum konum, og segir að Leppa-Sigga hafi verið mun eldri en Þjóðhildur.

¹¹¹ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

¹¹² Jón Jónsson vísar í förumenn sem skemmtu fólki á flakki sínu sem „menningarbera“. Sjá: *Á mörkum mennskunnar*, bls. 107-124 og Sjá einnig: Jón Jónsson, „Dúllað og tónað, dansað og leikið: Förumenn og leiklist í lok 19. aldar“, *Lesbók Morgunblaðsins* 7. júní 1997. Sjá líka: Oddur Oddsson, „Flakk“, bls. 246.

¹¹³ Fjallað hefur verið um áhrif vinnu á söngva kvenna af Nínu Björk Elíasson í „Eru sagnadansar kvennatónlist?“ og Helgu Kress í umfjöllun hennar um Grottasöng í *Máttugar meyjjar*, bls. 95. Einnig fjallaði ég um vinnusöngva í grein minni vef. „Íslenskir svannasöngvar“.

¹¹⁴ SÁM 90/2097 EF. Heimildarmaður: Einar Pétursson (1896-1970). Sjá einnig ÞP 0771.

¹¹⁵ Ragnhildur Jónasdóttir segir frá í bókinni *Undir finn*, eftir Jónas Árnason. Bókin byggir á endurlitum Ragnhildar.

¹¹⁶ Varðandi höfunda og höfundaleysi í tengslum við þjóðkvæði og nútímakveðskap, sjá Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, bls. 13.

¹¹⁷ Einnig má benda á grein Aðalheiðar Guðmundsdóttur, „Karlar og kerlingar: Um heimildarmenn ævintýra og tengslanet Jóns Árnasonar“ og grein Rósu Þorsteinsdóttur „Íslenskir sagnaþulir og ævintýrin þeirra“.

¹¹⁸ Helga Kress, „Bækur og „kellingabækur““, bls. 375.

¹¹⁹ Helga Kress fjallar um mögulega merkingu orðsins kerlingabækur, en hún segir merkingu orðsins á reiki: „virðist það geta merkt hvort heldur er, sögur um atburði sem kerlingar trú á (og segja), eða sögur sagðar um kerlingar“ „Bækur og „kellingabækur““, bls. 374.

¹²⁰ ÞP 888. Heimildarkona f. 1895.

¹²¹ ÞP 7839. Heimildarkonan telur upp ýmsa aðila sem hún telur ekki heyra undir flokk förufólks jafnvel þótt viðkomandi aðilar hafi einkenni förufólks. Mismunandi var hvort að fólk skilgreindi aðila sem fóru á milli bæja sem förufólk eða sem eitthvað annað, sem áður segir.

¹²² „Göngukonusteinn“, bls. 8.

¹²³ Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 1. bindi, bls. 39.

¹²⁴ Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 1. bindi, bls. 41.

¹²⁵ Sjá umfjöllun um förukonuna Látra-Björgu í bókinni *Skáldkonur fyrri alda* 2. bindi, bls. 79-93 og í *Konur og kraftaskáld*, bls. 13-33. Sjá einnig umfjöllun Jóns Jónssonar um áhrifaskáld í *Á mörkum mennskunnar*, bls. 181-182.

¹²⁶ Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 2. bindi, bls. 41-2. Vísað í Lbs. 1293, 4to, II.

¹²⁷ Sjá *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikiðvakar og þulur*. Safnað hafa J. Árnason og Ólafur Davíðsson (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag, 1887-1903).

¹²⁸ Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 2. bindi, bls. 41.

- ¹²⁹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 149.
- ¹³⁰ ÞP 7865. Heimildarkona f. 1911. Þar segir einnig um sögur Hallfríðar: „Margar sögur frá Staðarhrauni frá tíð Jónasar Guðmundssonar er var prestur þar og konu hans Elínborgar frá Skarði. Hún var hjá þeim. Oft voru það matarsögur af bæjunum“.
- ¹³¹ SÁM 87/1043. Heimildarmaður: Jón Lárusson.
- ¹³² Samanburðardæmi um rými til samsemdar og einnig andófs fyrir konur voru kvennaskólarnir. Sjá Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttíman konur*, bls. 228.
- ¹³³ Um dyngjur fjallaði Anna Sigurðardóttir í *Vinna kvenna á Íslandi* í 1100 ár, bls. 266-267.
- ¹³⁴ Í þessum skrifum er stuðst við skilgreiningu fræðikonunnar Elaine Showalter á hugtakinu kvennamenningu sem „er notað um þá sameiginlegu reynslu sem gerir konur að sérstökum menningarhópi innan heildarmenningar“.¹³⁴
- ¹³⁵ Höfundur Bóasaríma var Guðmundur Bergþórsson (1657-1705).
- ¹³⁶ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 145.
- ¹³⁷ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 145.
- ¹³⁸ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 145.
- ¹³⁹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 145. Sigríður Jónsdóttir (Prjóna-Sigga) mælti þau orð.
- ¹⁴⁰ Guðfinna Þorsteinsdóttir, *Völuskjóða*, bls. 35.
- ¹⁴¹ Jónas frá Hrafnagili, *Íslenskir hjóðhettir*, bls. 255. Valgerður (Tíkar-valka) var utan af Árskógsströnd.
- ¹⁴² Umrædd lagskipting manna og dýra er enn við lýði í nútímasamfélagi.
- ¹⁴³ Árni Stefán Arnason, *Hin leynda þjáning búfjár á Íslandi*, bls. 22.
- ¹⁴⁴ Hér um ræðir elstu löggjöfina á Íslandi sem er beinlínis ætlað að sporna gegn slæmri meðferð á dýrum (299 gr. almennra hegningarlaga, 25. júní 1869).
- ¹⁴⁵ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifting“, bls. 4.
- ¹⁴⁶ *Gríma hin nýja*, bls. 231. Sjá einnig umfjöllun um Þuríði Hákonardóttur (f. 1828) sem flakkaði um í *Utangarðs?*, bls. 123.
- ¹⁴⁷ Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015. Um förkonuna Vigdís Ingvadóttur.
- ¹⁴⁸ „Fjaðrafok“, bls. 80. Þegar Þuríður er á sjötta aldursárinu deyr móðir hennar Þuríður Bjarnadóttir (1788-1834) og hún elst þá upp hjá vandalausum. Sjá *Utangarðs?*, bls. 123. Í Íslendingabók segir að Þuríður Hákonardóttir hafi verið fædd 23. júlí 1828. Hún var niðursetningur í Austmannsdal, Selárdalssókn. Síðan er hún skráð vinnukona á Naustum, Eyrarsókn í Skutulsfirði 1890. Húskona í Neðra Stakkanesi í Eyrarsókn, í Norður-Ísafjarðarsýslu. Yfir ævina stundaði Þuríður m.a. flakk á milli bæja en gerðist síðast einsetukona á Ísafirði.
- ¹⁴⁹ Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar*, bls. 147. Þar segir að uppnefni og einnig viðurnefni sé til þess að jaðarsetja fólk sem um leið lýsir viðhorfum til förufólks.
- ¹⁵⁰ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ¹⁵¹ Guðlaug Steinþórsdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.
- ¹⁵² Elínborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar*, bls. 91.
- ¹⁵³ Tímariðið *Dýravendurinn* var fyrst gefið út árið 1915 til ársins 1983.
- ¹⁵⁴ Einar Þorkelsson. „Skugginn“, bls. 39-41.
- ¹⁵⁵ Sjá til dæmis um hrafna Óðins: „Biskupskveðjur 1550“, bls. 205.
- ¹⁵⁶ Tröllkonur voru líka kallaðar flagðkonur, skessur og gýgjar. Sjá Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Behind the cloak, between the lines“ og Árni Björnsson, *Íslenskt vattatal*, bls. 9.
- ¹⁵⁷ *Íslenskar hjóðsögur*, bls. 89. „Jóra í jórubleif“. Sjá líka: *Þjóðsögur og munnmæli*, bls. 129-130.
- ¹⁵⁸ Sjá: *Þjóðsögur og munnmæli*, bls. 335-336. „hann varð frægur af verki þessu, að hafa yfirunnið flagðkonuna“. Sjá einnig söguna af göngukonunni sem skapaði foldasár á flakki sínu. „Þar sem að áður akrar huldu völl“, bls. 5.

Einkenni förukvennasagna



Lagt var af stað með barnið í ágúst 1876 og Baldvin þá 10 mánaða. Það var yfir marga hreppa að fara og flutti hver hreppstjóri barnið af sér. Förukonur voru látnar selflytja barnið milli bæja austur og var það bundið á bak þeirra.

Megin sjónarhorn förúkvennasagna

Mig langar að segja ykkur dálítið frá því fólki, sem mér er minnisstæðast frá æskuárum mínum, en það var svokallað förufólk eða flakkarar.¹

Áhugavert er að sjá hve fólk var gjarnt á að nefna förufólk í endurminningum sínum. Sem um leið vekur upp spurningarnar; hvers vegna rötuðu förukonur í söguna - konur sem lifðu við mikla einangrun á ferðum sínum? Hvers vegna fengu jaðarkonur bændasamfélagsins rými í endurminningum einstaklinga sem miðluðu fortíðarminningum? Hver var sérstaða þeirra kvenna umfram aðrar konur og menn í hugum sögumanna? Hvers vegna mundi fólk eftir konum, sem margar hverjar voru aðeins í skamma stund hluti af lífi þess er mundi?



Póstkort úr fórum Þjóðhildar förukonu

Lýsingar á förufólki í endurminningum grundvallast nær alltaf á barnæskuminningum.² Heimildarmennirnir voru þó vitanlega fullstálpaðir þegar þeir miðluðu minningum sínum af förukonum og þær minningar voru skráðar niður.³ Í því sambandi má nefna að eldri þjóðfélagsþegnar búa yfir skýrari minningum frá barnæsku og unglingsárunum.⁴ Íslendingar þjuggu við mikla einangrun um aldir alda og því má segja að heimsóknir förufólks hafi verið viðburður sem sérstaklega var tekið eftir, ekki síst á meðal barna: „Gestakoma. Þar sem afskekkt var, þótti viðburður ef gestur kom, sérstaklega að vetrinum. Var þá oft giskað á hver gesturinn væri löngu áður en hann

kom“.⁵ Líkt og minningafræðin tiltaka, þá hafa börn þann eiginleika að festa sér í minni það sem er óvenjulegt. Förufolk voru persónur sem skáru sig úr fjöldanum, bæði í útliti og í hegðun: „Hún náttúrulega situr í mínu minni því hún var sérstök, mjög sérstök. Því man maður betur eftir henni“.⁶ Því virðist einsýnt að fólk mundi eftir förufolki sem flakkaði inn í staðlaðan hversdagsleika þeirra. Sumir flökkðu einu sinni á bæ heimildarmannsins, meðan aðrir flökkðu oft - jafnvel á ársgrundvelli: „Þetta var ákveðinn partur af bernsku minni, þegar að Stutta-Stína kom“.⁷ En börnum var almennt meinað að horfa á gesti um skör fram, þau máttu ekki spyrja gestina neins og áttu að láta lítið fyrir sér fara. En jafnvel þó svo að ætlast væri til þess af börnum að þau blönduðu ekki geði við gesti þá breytti það ekki því að þau fylgdust gjarnan af athygli með þeim úr fjarlægð - voru lifandi minni um förufolk: „Ég man hana“.⁸ Barnæskuminningar af förukönnum voru nær alltaf bundnar við heimili þeirra er mundu, að undanskildum minningum er tengdust því er börnin fylgdu förukönunum á milli bæja.

Ómar Ragnarsson: Maður fór voða lítið af bænum, þannig að ég man aldrei eftir því að hafa komið að þar sem hún sat og var að snæða úr skjóðunni sinni.⁹

Upplifun barnsins sem hittir förufolk skilar sér í endursögn slíkra heimildarmanna enda þótt áratugir hafi liðið frá atburðinum.¹⁰ Benda verður á að heimildarmenn um förukönur hafa ekki allir hitt förukönur. Dæmi um það er þegar heimildarmenn endursegja sögur af förukönnum sem þeim voru sagðar á barnsaldri og enn aðrir rifja upp endurminningar foreldra sinna af förufolki frá því að þau voru börn: „Vorið, sem afi minn og hans fólk kom aftur að Elliða, kom förukona þangað, sem föður mínum og systur hans varð mjög minnisstæð“.¹¹ Heimildarmenn miðla með slíku móti „sameiginlegum minningum“ og „lánuðum minningum“ um förukönur.¹² En einu gildir hvort frásögn af förukönnum er byggð á eigin upplifun eða endursögn, yfirgnæfandi líkur eru á því að sögurnar séu byggðar á minningum úr barnæsku.¹³ Segja má að lýsingar á förukönnum hafi hafst við í minni barna, í hugarheimi barna, í formi barnæskuminninga, uns þær tóku á sig efnislegt form texta. Börnin mundu eftir förukönnum, því þær voru nýjabrum í þeirra hversdagleika. Auk þess sem að sumar förukönur sögðu sögur, kváðu og komu jafnvel með litlar gjafir til að gleðja börnin, sem festi þær enn betur í minni barna: „Vorur það bæði sögur hennar og sykursmolar, sem mér þótti ljúft á bragðið“.¹⁴ Lýsingar á flakkandi könum vitna oft en ekki um það sem vekur áhuga barna fremur en fullorðinna, s.s. skortur á upplýsingum um bakgrunn förufolks og um vinnuframlag förufolks á bænum er til marks um:¹⁵ „Ekki hafði móðir mín hugmynd um ætt Sigríðar, enda var hún of ung til þess að hafa áhuga á þeim fræðum“.¹⁶ Við lestur á endurminningum frá barnæsku þarf að taka tillit til þess að börn líta hlutina öðrum augum en fullorðnar manneskjur gera. Sem dæmi þá er ekki óalgengt að fólk á miðjum aldri sé nálega á grafarbakkanum í augum ungra barna. Þar af leiðandi var förukönnum oftast nær lýst sem gömlum kerlingum - en gjarnan er notast við orðið kerling fremur en kona í lýsingum af förukönnum. Í reynd var það svo að mótlætið í lífi förukvenna og kröpp kjör þeirra risti konurnar rúnum á líkama og sál, en slík viðbót gerir það líklegra en ella að börn flokkuðu þær sem gamlar kerlingar.¹⁷ Svo vitnað sé í skrif einstaklings sem hafði kynni af förufolki í barnæsku sinni:

Börn eru ákaflega eftirtektarsöm og næm á það, sem þeim virðist þess vert að taka eftir eða nema, en mat þeirra á hlutunum er auðvitað allt annað en þeirra, sem stálpaðir eru eða fullorðnir.¹⁸

Þeir einstaklingar sem viðtöl voru tekin við fyrir þessa rannsókn, miðluðu nær allir barnæskuminningum sínum af förukönnum. Fólkíð úr þeim hópi sem bjó á heimilum þar sem förukona hafði fast aðsetur á milli flakksins, upplifði ekki jafn mikla dulúð í fari þeirra og fólk sem hitti þær einungis skamma stund sem börn. Fróðlegt var að sjá hvernig viðmælendur hurfu aftur í hlutverk barnsins að segja má, er þeir upplifðu minningar úr æsku sinni í viðtalinu.¹⁹ Það var sem barndómsárin fyndu sér leið í viðtalið í formi hugljúfra brosa, orða á borð við mamma og

pabbi, barnslegra glotta og hlátra, og stundum augnaráðs sem bar með sér að viðmælandinn væri horfinn aftur í faðm mömmu og pabba, í huganum. Slík augnablik í viðtölunum voru áminning þess að upplifun viðmælandans á söguefninu, förukonunni, var upplifun barnsins.



Eyjólfur Sigurjónsson segir höfundu frá prakkarastriki sínu úr æsku. (Eystri-Pétursey)

Heimsóknarsögur af förukonum



Vigdís Ingvadóttir

Föromennirnir eru og hafa verið daglegir gestir á Bjargi. Það eru kynlegar og harla ólíkar myndir, sem þarna birtast. Sumir eru tíðir gestir og koma aftur og aftur. En aðrir aðeins einu sinni. Þeir koma úr skugganum og hverfa inn í hann aftur. – Svo lítulsvarðandi er líf þeirra, að enginn heldur spurnum fyrir um það, hvað af þeim verður, jafnvel ekki, hvaðan þeir koma.²⁰

Flakk förukvenna hafði ekki aðeins áhrif á líf kvennanna, heldur líka á skrásetningu og miðlun sögu þeirra; á framhaldslíf kvennanna í heimi bókmenntanna. Heimildargjafir um líf förukvenna eru af ýmsu tagi; 1) gögn sem sýna fram á stöðu, menntun og búsetu kvennanna, s.s. kirkjubækur og manntöl, 2) gögn sem upplýsa lesendur um afbrotasögu kvennanna s.s. dómsskjöl, 3) gögn sem byggja á minningum um förukonur s.s. endurminningar og ævisögur, 4) og fagurbókmenntir og ljóð. Heimildaflokkar sem eiga það allir sameiginlegt, að varðveita svipmynd af förukonu; augnablikin í lífi förukonu. Í þessum kafla er sérstök áhersla lögð heimildaflokkinn sem tekur til minningaþátta er varða förukonur.

Förufólkið á æskuárum foreldra minna var margt og misjafnt. Það kom og fór. En hvaðan það kom og hvert það fór, vissu fáir með vissu, því fátalað var það um uppruna sinn og æsku. Hvar það endaði göngu sína, vissu fáir, ef til vill var aldrei að því spurt.²¹

Förukona dvöldu iðulega í skamman tíma á hverjum bæ á ferðum sínum. Þar af leiðandi voru stundirnar fáar sem þær áttu með þeim einstaklingum sem mundu eftir þeim. Þessar örheimsóknir kvennanna formuðu smásögur af konunum sem voru iðulega hluti af stærri sögu; smásögur þar sem söguramminn afmarkast gjarnan af tímamma heimsókna, og aðalpersónur sagnanna eru iðulega gestgjafar og gestir.²² Jafnvel þó svo að förukona flokkist ekki undir gesti sem er boðið heim á bæ og að dvöl þeirra hafi ekki flokkast sem hefðbundnar heimsóknir, heldur fremur sníkjunætur - þá hafa gistinætur förukvenna engu að síður ákveðna samsvörun við almennar heimsóknir. Eftirfarandi saga fjallar um förukona Barbáru og byggir hún á barnæskuminningum Jóhönnu Erlendsdóttur (1874-1971).

Ég varð svo ægilega hrædd. Huldufólkið var þarna og ég hélt þetta væri huldukona. Ég hugsaði með mér að ég skyldi bara láta sem ég væri ekkert hrædd. Svo heilsaði hún mér svo hranalega þessi kona, það var nú dálítið ævintýri þetta.

„Sæl vert þú“ segir hún.

„Komdu sæl“ segi ég.

„Hvar áttu heima“ segir hún.

„Ég á heima - það heita Jarlangsstaðir bærinn minn“ segi ég.

„Er langt þangað“ segir hún.

„Nei, þú kemur hérna upp á hæðina þá sérðu bæinn“.

Hún ríður svona klofvega, þessi kerling. Ósköp eitthvað hranaleg og óhugguleg. Og ég var svo guðsfeigin að losna við hana, ég sagði „Já þetta er bærinn minn, þarna þessi“. Og hún heldur áfram. Svo kemur hún heim, kerlinginn, þá er Ragnhildur systir mín ráðskona þarna hjá föður mínum. Þetta er um hádegisbilið, þá var alltaf hádegiskaffi. Þá segir hún við konuna... „Sæl vertu“ segir hún, „heyrðu, hvað heitir þessi kona“ segir Ragnhildur.

Það var náttúrulega síður þegar maður sá ókunnugt fólk að spyrja það að heiti. Þá segir hún: „Tjah það er ekki svo fallett nafnið mitt að það sé svo sem neitt skemmtilegt að heyra það, en ef þú vilt endilega fá að vita hvað ég heiti, þá heiti ég Barbára“.

Þá segir Ragnhildur: „Nei mér er svo sem engin forvitni að vita hvað þú heitir, en það er síður manns að spyrja ókunnugt fólk hvað það heiti og því geri ég það við þig“ segir hún Ragnhildur. Hún var nú ekki hissa á því. Hún var svo skrítn þessi kerling. Svo segir hún: „Viltu ekki gjöra svo vel að fara af baki og koma inn og fá þér kaffisopa, því það er hádegiskaffi hjá okkur“ sagði Ragnhildur. Það var klukkan tólf sem allir fengu hádegiskaffi.

Þá segir hún: „Ég veit það ekki“ segir hún, „Það fer eftir því hvernig það er“ segir hún. „Það er verið að hálfdrepa mann með þessu kaffi, fullt af exporti. Þeir drepa mann á þessu“.

Þá segir Ragnhildur: „Ef þú trúir mér ekki til að gefa þér kaffi sem þú getur drukkið, þá skal ég ekki þvinga því upp á þig. Þú mátt þiggja það ef þú vilt, en ef þú þorir ekki að drekka kaffið þá skalt þú ekkert vera að leggja út í það“ sagði hún.

Jú hún vildi nú leggja út í það að fá kaffi. En hvað þetta var nú einkennilegt. Svo var kaupamaður sem ætlaði að vera í einhvern tíma hjá okkur, og hann sefur þar í stofurúminu. Þá var stofan komin annað, það var búið að byggja frambæ, og þetta var gamla húsið sem kallað var. Hann sefur þar þessi

kaupamaður. Hann ætlaði að vera lítinn tíma, meðan hann stóð yfir, túnaslátturinn mesti - og stúlkan hans, hún var á næsta bæ, kaupakona. Þá var vanalega fólki borgað kaupíð í peningum eða smjöri. Jæja, hann hefur lagt sig þarna. Kerlingin fær nú sæti þarna á kistunni, það voru kistur þarna. Svo beið hún eftir kaffinu.

Svo segir hún: „Á þessi maður hérna heima“ segir hún.

„Já í lítinn tíma“ segir Ragnhildur, „hann verður hérna kannski í einn mánuð eða svo, eða rúmlega það“ segir hún.

„Hvurnin stendur á því“ segir hún.

„Þekkir þú hann“ segir Ragnhildur.

„Já, þetta er sonur minn“ segir kerlingin.

„Jæja en hvað þetta var nú gaman“ segir Ragnhildur. Jæja, hún var svo sem ekkert hrifin af því. Svo er nú farið að gefa kaffi, kaffinu var skenkt þann daginn í þessari stofu, í gömlu stofunni. Þá kemur faðir minn að ofan, og hún heilsar honum.

„Nú þetta er almennilegt kvenfólk“ segir hann. „Það er ekki eins og stelpur nútímans, það getur ekki farið á hestbak nema á einhverjum forláta skrautsöðlum, og svo er búningurinn, þessir reiðhattar með fjöðrum og slörum, þetta er jú ekkert líf. En svona húfa, þetta er eitthvað almennilegt“ segir hann.

Þá segir hún: „Við skulum sjá til, ætli ég eigi nú ekki svona húfu í pokanum mínum, ég get nú bara gefið þér eina svona húfu“.

„Nú það er nú alveg bærilegt“.

Fyrir þessu fólki var alltaf greitt, því var alltaf gefið, smjör og ull og eitthvað svoleiðis þegar það var að koma. Hún lendir þarna, hún drekkur kaffið, og þykir ósköp gott kaffið, í alla staði.

Svo segir hann við hana, sonur hennar: „Heyrðu, hún er nú hérna á næsta bæ, kærastan, og hún fær kaupíð sitt borgað í smjöri, ég skal gefa þér kaupíð hennar“ segir hann.

„Jah, það fer nú eftir því hvort ég þurfi að hafa fyrir því að sækja það, ég fer nú ekki að hafa fyrir því“ segir hún, „ef ég á að fá það, þá verður að ná í það, færa mér það“.

Hún sagðist ætla að koma aftur til baka, Hún ætlaði þá að fara eitthvað langt aftur í sveitir, svona ríðandi. Það var alltaf verið að gefa því, þessu fólki, Þetta var förufólk hreinlega. Þetta var nú álfkona þarna - ég slapp.²³

Sögur af dvalarvist förukvenna á bæjum eru að segja má einskona *hlíðarsögur* stærri sagna, s.s. ævisagna þar sem höfundurinn víkur orðum að því þegar að förukonu bar að garði. Frásagnir af förukonom byggja í raun ekki á neinni ákveðinni atburðarás eða eftirminnilegum atburðum sem ollu straumhvörfum í sögunum þar sem þær koma fyrir. Heldur snúast frásagnir af förukonom fyrst og fremst um *nærveru* þeirra kvenna. Nærveru sem má lýsa sem *kyrrstöðu förukvenna* á bænum sem um ræðir hverju sinni, uns flakkið hófst á ný. Sú kyrrstaða eða framtaksleysi kvennanna í sögunum kemur skýrast fram í engu eða mjög svo takmörkuðu vinnuframlagi þeirra á heimilunum sem þær dvöldu á. Einnig byggir sú kyrrstaða kvennanna í sögunum á einangrun þeirra á bæjunum. En algengt var að förukonur einangruðu sig frá heimilisfólkinu þar sem þær dvöldu. Sem sýnir að margar förukonur lifðu einlífi þó svo að þær færu á milli heimila.

Að síðustu þetta um Önnu (Erlendsdóttur). Ég held hún hafi verið fríð á yngri árum. Hún var hreinleg og bað oft um að fá að þvo föt af sér þar sem hún dvaldi. Lengst af lá hún í rúmi því, er hún svaf í um nætur, klædd í föt, breiddi yfir sig horn af sæng og horfði fram. Virtist oft vakandi, en yrti sjaldan á neinn að fyrri bragði.²⁴

Að viðbættu því að konurnar voru flestar einrænar, þá áttu margar við andleg veikindi að etja sem jók við einangrun þeirra á bæjunum sem þær áðu á. Vissulega tóku margar förukonur þátt í samræðum við heimilisfólk og sumar gripu jafnvel í verk, en samt sem áður einkennast frásagnir af förukonum af ásýnd þeirra fremur en gjörðum. Konurnar eru þar afleiðandi ekki beinir þáttakendur í atburðarás sögunnar, heldur birtast þær títt sem *ásýnd konu* sem hægir á framvindu sögunnar - og er fyrst og fremst ætlað að vekja hughrif hjá lesandanum. Til glöggvunar má benda á líkindi förukvenpersóna í bókmenntum, og kvenpersóna í kvikmyndum, en báðar þjóna hlutverki kvenásýnda; persónur sem hægja á hinni eiginlegu atburðarás innan bókmennta- og kvikmyndafrásagnaformsins, eru lifandi kvenþagnir. Um þögla ímynd kvenpersóna í kvikmyndum fjallaði hinn velkunni kvikmyndafræðingur Laura Mulvey.


Nærvera konunnar er ómissandi þáttur af sýndarleik hinnar hefðbundnu frásagnarkvikmyndar, þrátt fyrir að sjónræn nærvera konunnar vinni gegn þróun söguþráðarins, kyrrsetur flæði atburða í augnablikum erótískra hugleiðinga.²⁵

Ólíkt konum kvikmyndanna sem hafa iðulega erótíska nærveru, þá einkenndist nærvera förukvenna bókmenntanna af harmi. Konurnar voru ásýnd harmsins og í senn sveipaðar dulúð; „Hver er þessi förukona? Hvert er hún að fara“.²⁶ Uppspretta dulúðar þeirrar sem einkenndi förukonurnar, má rekja til þess hve skamman tíma þær dvöldu á hverjum bæ: „Ekki er mér kunnugt um uppruna hennar eða uppeldi eða hvernig á því stóð, að hún varð farandkona“.²⁷ Þannig vannst fólki ekki ráðrúm til þess að fá glögga mynd af lífi kvennanna. Fortíð þeirra var því einatt hulin mistri óvissunnar og framtíðin óráðin. En fólki fýsti að öðlast vitneskju um líf förukvennanna og um leið skilning á stöðu þeirra, þá líkt og nú; hvað það er sem fær konu til að flakka? Með þeim ásetningi reyndu sumir að ráða í þögla ásýnd förukvenna, túlkuðu líf kvennanna eftir eigin höfði. Réðu í þögn kvennanna, eins og kvikmyndafræðingur sem ræður í þögla ásýnd kvenna sem einkennir hinn sjónræna miðil kvikmyndanna. Í þeim vegferðum var notast við ýmsar leiðir og ein þeirra var sú að ráða í uppruna, gæði og samsetningu fatnaðar förukvenna. Svo aftur sé vitnað í nefnda heimsóknarsögu af förukonunni Barbáru: „Þessi kona reið á þófa. Hún er í pilsu, bara vaðmálpilsu með einhverju mislitu framan á því. Svo er hún með vettlinga á höndunum eins og sjóvettlinga, flekkóttu. Svo er hún með húfu eins og lambhúshettu“.²⁸ Búnaður förukvennanna, þ.e.a.s. þeir fáu hlutir sem þeim fylgdi, var einnig krufinn eftir því sem mögulegt var til að gefa sér mynd af konunum og lífi þeirra. Tilvik um hluti sem förukonur ferðuðust með eru; bækur; klæði; lækningatól; stafir; beiningafé; gjafir og matur. Hlutir sem ljáðu konunum karaktereinkenni og í sumum tilvikum viðurkennt hlutverk innan samfélagsins.

Ingibjörg Hjartardóttir: Hún átti þetta úr. Hún var með giftingahring, en hvers vegna var hún með giftingahringinn, því hún hafði aldrei gifst? Nú þarf ég að spyrja eldra fólk. Hann var dálítið breiður, en hvort hann var úr gulli, það veit ég ekki. Hann var svona gylltur, þetta er það sem ég man. Úrið var karlmannaúr, eins og þetta, nema með leðuról. Það væri gaman að vita hvar hún fékk það því það gekk.²⁹

Áhugavert væri að greina farangur förukvenna út frá ýmsum þáttum, svo sem út frá tilfinningalegu gildi hlutanna:³⁰ Hvers vegna ferðaðist farandkona, kona sem byggði lífsviðurværi sitt á ferðalögum, með ákveðna hluti á milli bæja?³¹ Hvaða gildi höfðu hlutirnir sem efnislega íþyngdu konunum á ferðum þeirra? Og hvaða ílát notuðu konurnar undir þá hluti, á tímum þegar ferðahirslur voru af skornum skammti? Heimildir gefa mynd af konum sem ferðuðust um með aleigu sína í pokum, malpokum, léreftspokum. Segja má að pokarnir sem förukonur ferðuðust um með séu hluti af ímynd kvennanna, rétt eins og pokar eru hluti af ímynd heimilislausra kvenna nútímans (e. *bag ladies*). Förukonur voru heimilislausar og því neyddust þær til að flakka með allar eigur sínar á

milli staða. Slíkar aðstæður kölluðu á útsjónarsemi af þeirra hálfu. Þekkt er að förukönur og förumenn geymdu varning sem þeim áskotnaðist í sníkjuferðum sínum á vissum bæjum sem þjónuðu því hlutverki einskonar birgðastöðva.³² Annað dæmi um útsjónarsemi förukvenna er sá siður margra þeirra að klæðast mörgum lögum af fötum. En sá háttur er dæmi um aðferð förukvenna til að flytja klæði sín á milli bæja.³³ Hér segir af því hvernig förukonan Þjóðhildur Þorvarðardóttir flutti bækur sínar á milli bæja.




Hluti förukvenna hafði fast aðsetur þaðan sem þær flökkðu. Farandkonur sem höfðu yfir eigin herbergi að ráða geymdu þar ýmsar eigur sínar. Í vistarverum förukonunnar Margrétar Sigurðardóttur var að finna skáldsöguna *Victoria* - upphalds bók hennar

Þjóða var með bækurnar sínar í tösku sem hún festi tryggilega við belti á ferðum sínum og bar undir kápu mikilli. Hefur þetta sjálfsagt varið bækurnar, en ekki hefur það prýtt konuna... Farangur sinn hafði hún í tveimur sívölum, snyrtilegum böggjum, enda var hún einnig snyrtileg með sjálfa sig. Hún las oft úr gömlum snjáðum bókum, sem við töldum bænabækur. Ekki veit ég hvort hún hefur sagt frá efni bókanna sjálf eða hvers vegna við töldum það.³⁴



Skjóða frá Þjóðhildi

Kristín Kristvarðsdóttir. Hún passaði bækurnar voða vel, hafði þær í skjóðu; skinnskjóðu. Passaði þær voða vel, bækurnar.³⁵



„Fíðla“ Vigdísar Ingvadóttur sem hún spilaði á og sönglaði með

Líkami förukvennanna rétt eins og klæði þeirra bar einnig vitni um uppruna, ætterni og aðbúnað förukvenna.

Petrínu óx mikið hrafnsvarnt hár á kalli, sem náði á axlir niður. Hárið huldi vanga hennar og eyru, en ennistoppur náði í augu niður, svo aðeins rifaði í þau. Ekki greiddi Petra hár sitt, og var það því hlaupið í snepla og ófagurt á að líta. Ekki þvoði Petra andlitið að jafnaði. Petra þvoði hendur sínar úr skólpfötu, er jafnan stóð í eldhúsi og safnað var í skoli yfir daginn. Ösku notaði Petra í stað sápu og kvað betri enda vanizt því frá æsku.³⁶

En ásýnd förukvenna var ekki alltaf þögul í sögunni. Konunum fylgdi oft orðrómur, getgátur, sannar og lognar sögur um fortíð þeirra. Sagnir sem fylltu þagnartómið. Í sumum tilvikum hafa varðveist beinar ræður förukvenna sem um leið gefa einstaka innsýn í hugarheim kvennanna. En orð förukvenna voru líka gildishlaðin, líkt og útlit kvennanna, og menn reyndu að ráða í hljóddæmin líkt og ásýnd kvennanna; ljáðu setningabrotum og minningarbrotum meiningu sem ætlað var að svara því hverjar konurnar voru.

Í lokin má geta þess að hluti frásagna sem taka til heimsókna förukvenna, fjalla lítið sem ekkert um þær konur. Gott dæmi um það eru frásagnir sem hverfast fyrst og fremst um gestgjafa förukvennanna. Í endurminningaskrifum um Íslendinga á fyrri öldum er ekki óalgennt að tekið sé fram hvort fólk var velviljað förufólki eður ei. Gestrisni búandfólks var metin af förukonum og förumönnum sem hjá því dvöldu. Því mati kom förufólk á framfæri á ferðum sínum.³⁷ Af því leiddi að sumar húsfreyjur lögðu upp úr því að förukonur, og einnig förumenn, fengju viðhlítandi beina á meðan þetta fólk áði á þeirra bæjum (til síðs var að leysa förufólk út með gjöfum s.s. fæði og ull). Heiður húsfreyja var oft í veði þegar förufólk bar að garði. Vegna þessa voru samskipti við förufólk einn af þeim möguleikum sem ábúendur höfðu til þess að skapa sér gott orðspor. Því vitnisburður þeirra var nefnilega eins konar greiningarlykill yfir gestrisni og góðmennsku húsfreyja og bænda.³⁸ Dæmi um það eru frásagnir af einstaklingum sem hlúðu vel að þeim í neyð, sagnir sem svipa til frásagna af frelsaranum Jesú Kristi, sem sinnti grunnþörfum lítilmagnans. Slíkar frásagnir má finna í endurminningum af húsfreyjum og bændum (að þeim gengnum), sagnir sem varpa dýrðarljóma á þann sem sinnti smælingjanum. Auk þess sem góðverk í þágu förufólks gat vitnað um hetjudád þeirra sem lögðu þeim lið, s.s. sagnir af körlum sem báru förukonur yfir miklar ár; sagnir af því þegar förukonum var fylgt á milli bæja í slæmum veðrum; eða sagnir af húsmæðrum sem stóðu upp í hárinu á eiginmönnum sínum í þágu förulýðsins.³⁹ Frásagnir af viðtökum sem förufólk gátu líka vitnað um mannvösku. Til dæmis sagnir af örlagastundum þegar framverðir bændasamfélagsins mættu förukonum með sálarlausu viðmóti.⁴⁰ Hér að neðan er að finna heimsóknarsögur af þeim toga. Þar koma heimsóknir förukvenna á bæi fyrir sjónir sem einskonar prófsteinn á eðli fólks. En ekkert er fjallað um sjálfar förukonurnar, og allajafna eru þær nafnlausar í sögunum.⁴¹

Oft man ég það, að þegar þessar konur voru komnar á bak, þá þekkti ég einhverja flík af mömmu minni utan á þeim, og get ég ekki sagt, hvað ég varð ánægð með sjálfri mér, er ég sá það. Ljós móðir mín sagði að ég hefði eitt sinn komið upp til sín og sagt: „Því gefur hún mamma konunum föt? Er það guði að þakka, segir hann henni að gera það? Gerir hún mamma ekki neitt, nema það, sem guð vill? Þá kvaðst ljós móðir mín hafa sagt: „Fátt er það, sem hún gerir á móti honum“.⁴²

Hún tók öllum flökkulýðnum með opnum örmum sem væru það bræður hennar og systur, en afleiðingin varð sú, að þangað streymdu „förumannaflokkarnir og kerlingakrans“, eins og segir í Grýlukvæðinu. Oft gisti það fleiri nætur en eina í senn, og allan þann lýð varð að leysa út með gjöfum. – Einkum var það aldrað kvenfólk, sem frú Ingunn hændi að sér, og var það að lokum orðið svo margt, að illt þótti undir

að búa. Ekki gazt sýslumanni að þessu. Hlífðist þó við að gera alvarlegar ráðstafanir til þess að stemma stigu fyrir því, mest vegna konu sinnar, og líka af því að örðugt var við að eiga. Einu sinni hafði hann mætt tveimur kerlingum í Haukadalsskarði, sem hann sneri aftur og bannaði að fara lengra. Þær sneru að vísu aftur, en fóru ofan í Haukadal og svo norður Laxárdal, yfir Laxárdalsheiði og komust þann veg fram hjá honum.⁴³

Ein saga hefir mér verið sögð sem sýnir þeirra hugarfar. Það kom til þeirra förukona, sem var köld og klæðlítill. Gaf Stefanía henni af ígangsklæðum sínum svo að förukonan fengi skjólflíkur, en sjálf varð hún að vera of lítið klædd þar til úr rättist fyrir henni. Um þetta þarf ekki fleiri orð, en það lýsir vel konunni.⁴⁴

Fór hann fram og tók að moka upp bæjardyrnar, sem fentar voru í kaf. Þegar komið var ofurlítið op á skaflinn, kom poki inn í bæjardyrnar og kvenmaður á eftir. Biður konan að lofa sér að vera einhvers staðar inni um nóttina. Sagði hún, að sér hefði verið úthýst í Norður-bænum hjá Ólafi ríka. Hún var með barn sitt í pokanum, og grét það af sulti og kulda.⁴⁵



Stefanía Ólafsdóttir frá Hofi gaf förukonu af klæðum sínum þó sjálf væri hún fátæk

¹ Olafur Dýrmundsson „Sérstætt fólk“, bls. 46.

² Í rannsókn minni Sytrur minninga úr Mýrdalnum kom í ljós að endurminningar um förufólk byggja oftast á barnæskuminningum. Sjá bls. 14-15.

³ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, t.d. bls. 14-15.

⁴ Lynn Abrams, *Oral History Theory*, bls. 90.

⁵ Jónatan J. Lindal, „Gestakomur“, bls. 58.

⁶ Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015. Um förukonuna Vigdísí Ingvadóttur.

⁷ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019. Um förukonuna Kristínu Jónsdóttur.

⁸ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017. Um förukonuna Leppa-Síggju.

⁹ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

¹⁰ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum.

¹¹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 135.

¹² Hugtökin *einstaklingsminni*, *sameiginleg minning* og *lánud minning* eru fengin úr minningafræðinni. Sjá Þorsteinn Helgason, *Minning og saga á ljósi Tyrkjaránsins*, bls. 43-44. Einnig: Vef. „Memory: concepts and theory“.

¹³ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 14-15. Einstaklingar sem þekkja förukonu úr barnæsku sinni og allt fram á fullorðinsár, vitna langoftast í barnæskuminningar sínar af konunni.

¹⁴ Um förukonuna Kristínu Pálsdóttur (1787-1896). Fjallað er um Kristínu í *Utangarðs?*, bls. 44.

¹⁵ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 46.

¹⁶ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 56. Um Sigríði frá Hamarsholti.

¹⁷ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 14.

¹⁸ Þórir Bergsson. „Úr fremri byggð og Tungusveit“, bls. 53

¹⁹ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 46.

²⁰ Elínborg Lárusdóttir, *Förumenn* 2. bindi, bls. 8. Skáldsaga.

²¹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 154.

²² Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifting:“, bls. 3-4. Einnig má nefna sögur sem byggja ekki á sjónarhorni barnsins, heldur byggja á almannarómi og eru ekki hluti af stærri frásögn. Hér er sérstaklega átt við grínsögur af förukonum.

²³ SÁM 85/351. Heimildarmaður: Jóhanna Erlendsdóttir (f. 1874).

²⁴ ÞÞ 806.

²⁵ Laura Mulvey, „Visual pleasure and narrative cinema“, bls. 837. Þýðing höfundar á textanum.

²⁶ Hugrún, *Fuglar á flugi*, bls. 17

²⁷ ÞÞ 806.

²⁸ SÁM 85/351 Jóhanna Erlendsdóttir

²⁹ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.

³⁰ Hægt væri að gera athyglisverða rannsókn á efnislegum gæðum förukvenna út frá fræðum er taka mið af efnismenningu. Dæmi um slíka rannsókn er bókin *Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar* eftir Guðrúnu Ingólfssdóttur.

³¹ Hlutir tengjast menningu og tilfinningum manna. Sumir hlutir eru sveipaðir jákvæðum ljóma á meðan aðrir eru taldir vera af neikvæðum toga. Um það fjallar Marina Warner í bók hennar *Alone of all her sex*, bls. 34.

³² Oddur Oddsson, „Flakk“, bls. 238.

³³ Elliot Liebow, *Them Who I Am: The Lives of Homeless Women* bls. 31. Í umfjöllun bókarinnar um förukonur er stuðst við rannsókn mannfræðingsins Elliot Liebow á heimilislausum konum í nútímasamfélagi Bandaríkjanna. Ástæðan fyrir því er sú að ákveðin líkindi er millum hópa heimilislausra kvenna óháð landamærum og tímabilum. Hér fjallar Liebow m.a. um heimilislausar konur með hliðsjón af tilhneingingu þeirra til að safna hlutum, sem og aðstöðuleysi kvennanna til að geyma eigur sínar. Liebow fjallar um heimilislausar konur sem kallast „bag ladies“ sem ganga margar hverjar í mörgum lögum af fötum.

³⁴ Jón Marínó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 21-22.

³⁵ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

³⁶ St. D., „Kári skrifar“, bls. 21. Þar segir frá förukonunni Petrínu (Petu) sem var uppi á síðari hluta 19. aldar. Hún var ættuð af Skaga við austanverðan Húnaflóa.

³⁷ Um gestrisni með hliðsjón af flakki fjallaði Jón Jónsson í *Á mörkum mennskunnar*, bls. 139 og 164-165 og í grein sinni „Komdu aftur ef þú villist“. Þórður Tómasson fjallar um gestrisni í tengslum við flakkara í *Gestir og grónar götur*, bls. 63. Sjá einnig um gestrisni Íslendinga almennt: Anna Sigurðardóttir í *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 63.

³⁸ Sjá t.d. Oscar Clausen *Aftur í aldir* 1. bindi, bls. 82.

³⁹ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, *Hallóra Bjarnadóttir*, bls. 31. Sjá einnig: „Sagnir frá Melrakkaslétu“.

⁴⁰ *Halldóra Bjarnadóttir: Ævisaga*, bls. 31.

⁴¹ Síðan má nefna frásagnir um jarðarfarir förukvenna. Þær sögur hverfast eins og gefur að skilja, ekki um heimsóknir förukvenna. En þar koma samfélög sveitanna fyrir sjónir sem gestgjafar er fylgja förukonunni úr hlaði, í síðasta sinn. Sögurnar fjalla meira um ímynd samfélagsins sem fylgir förukonunni til grafar, heldur en um ímynd förukunnar. Enda er þeim sögum ætlað að varpa ljósi á viðmót samfélaga til lítilmagnans. Þessu tengt má nefna viðtöl sem ég tók í rannsókn minni, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, við aðila sem mundu eftir förukonunni Vigdís Ingvadóttur. Þar kom á daginn að það var mun algengara að karlkyns viðmælendur fjölluðu um jarðarför Vigdísar, ekki síst í samhengi við þau viðhorf sem sveitungarnir hefðu haft gagnvart Vigdís. Þessi framsetning karlanna er fróðleg í samanburði við framsetningu kvenkyns viðmælendanna, sem komu ekkert inn á jarðarförina í viðtölunum. Sem sýnir að gildi jarðarfararinnar hafði meira vægi í hugum karlanna, hvað viðkom virðingu fyrir hinum látna - ekki síst með hliðsjón af mætingu, erfidrykkjunni og staðsetningu grafar. Jarðafarir bera á sinn hátt vitni um stöðu einstaklingsins sem fylgt er til grafar. Því er það ákveðin upphafning þegar að kona af lægri stigum fær ámóta útför og heldri konur samfélagsins.

⁴² Anna Thorlacius, „Æskuminningar“, bls. 37.

⁴³ Ingunn Jónsdóttir, *Gömul kynni*, bls. 40.

⁴⁴ „Stefanía Ólafsdóttir frá Hofi - Minning“, bls. 24. Dæmi um skáldaða heimild sem sýnir viðmót fólks til förukvenna, er þjóðsagan *Förakerlingin*. Í þeirri sögu er ljóst að förukona með barn var álitin berskjaldaðasti þegn samfélagsins, og viðtökurnar sem slíkar konur fengu var jafnframt talin óbrigðul mælistika á innræti fólks. Sjá: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* 1. bindi, bls. 548. Sagan „Förakerlingin“ í flokki Galdrasagna.

⁴⁵ Sigurlína R. Sigtryggisdóttir, „Pokabörn, harðýðgi og harðindi“, bls. 16.

Ímyndir förukvenna

Í íslensku sveitasamfélagi var vöntun á afþreyingu í hinu daglega lífi. Hversdagslíf bændafólks var í marga staði tilbreytingalítið, enda hverfðust dagarnir á hverri árstíð um sömu verklegu störfun í hópi sama fólksins - endurtekningar í formi; staðlaðra hreyfinga; lykta; raddhljóma; rakra klæða; áferðar ullar; reykja úr eldhúsum og alls þess sem einhæft líf hins almenna sveitamanns var fléttað saman úr. Endurtekin atvik, líkt og taktstrik, þagnir, nótur og nótnabil í lágstemmdu lagi íslenska bændasamfélagsins.

Það þótti kostur að sjá víða um sveit, og auka á tilbreytni í fásinninu að sjá til mannaferða um héraðið. Jafnvel reykurinn, sem lagði frá eldhúsunum, hvítar ullarbreiður, heybandslestir og uppsett hey á engjum og túni, gátu vakið áhuga margra og orðið að umtalsefni, þegar fáu öðru var til að dreifa.¹

En þrátt fyrir einsleitni hins daglega lífs þá sáu tilbrigði náttúrunnar fólki fyrir smá tilbreytni af þeim toga. Náttúran sem var forsenda lífsafkomu Íslendinga öld fram af öld, tryggði með síbreytni sinni einnig vissa tilbreytni sem svo sárlega skorti. Heimurinn fyrir utan ljórann laut ekki reglum og boðum húshaldsins. Sá ótæmandi merkingarheimur náttúrunnar birtist síðan innanbæjar í formi sagna. Sögurnar voru flóttaleið frá hversdagsleika bændasamfélagsins inn í huliðsheima þar sem frjáls hugsun gat ráðið för. Hin eina frjálshygga er bauðst á fyrri tíð á íslenskri grundu. Sögurnar sem þannig nærðu íslenska búandmenn andlega, voru kvikmyndir síns tíma. Frásagnirnar sem einatt voru settar fram með þeim hætti að sjónræn hughrif þeirra kölluðu fram draumaveröld þar sem aðrar forsendur giltu en í grámósku jarðvistarinnar. Í hefbundnum sagnaheimi íslendinga fyrri alda þá var veruleiki lífsins og veruleiki sagnanna settur saman með þáttum úr náttúru og lífi sem fólk þekkti. Þannig var það eðlilegt að þegar komið var í hellinn, hólinn, stöðuvatnið, þá var í sömu andrá mögulegt að bregða sér í heim álfa, trölla eða annarra sem áttu sér skjól þar inn af. Á sambærilegan máta þá gildi að þegar förukona kom heim á bæ þá var hún einskonar fordyri að þeim óræða og spennandi heimi sem fólk þekkti ekki, heim jaðarins sem hún veitti aðgang að. Því förukonan, rétt eins og náttúran, var umgjörð þjóðsagna er skapaði raunverulegan grundvöll fyrir frásagnir. Þá breytti litlu hvort förukonan birtist holdi klædd eða í draugslíki, valdalítill eða kynngimögnuð.

– Hefurðu séð draug?

– Ég hef einu sinni verið í rigningu og myrkri í hellisskúta vestur á Snæfellsnesi. Ég var þreyttur, hestarnir stóðu fyrir utan í syngjandi rigningu. Það var maður með mér. Það seig á mig einhver höfgi og þá sé ég konu með barn í fanginu. Seinna fékk ég upplýsingar um það að fundizt hefði endur fyrir löngu förukona í þessum helli látin með barn í fanginu. Svona lagað var kallað draugar eða afturgöngur eða að eitthvað væri óhreint.²



Lýsingar á förukonum fela oft í sér vísanir í að þær séu einskonar sköpunarverk villtrar náttúru, rétt eins og huliðskonur sagnaheimsins. Þannig má segja að förukonur spegluðu kvenpersónur huliðsheims náttúrunnar í augum annarra.³ Þær höfðu margar hliðar, voru í senn huliðskonur í mannfélaginu og mennskar konur í náttúrunni. Álög þeirra fólust í því að sitja fastar á skilum tveggja heima. Til marks um það má nefna sögur af konum sem urðu næstum því úti, og fóru í kjölfarið að flakka.⁴ Einnig sögur af farandkonum sem urðu úti og gengu aftur sem draugar.⁵ Eða sögur af förukonum sem birtust mönnum án fyrirvara á heimilum þeirra og hurfu aftur á vit náttúrunnar líkt og huldukonur.⁶ Fjarvera förukvenna frá samfélaginu og tilheyrandi kvenhlutverkum, varð þess valdandi að konurnar voru fremur bendlaðar við náttúruna og huliðsheim hennar. Vegna þess að þær gátu ekki uppfyllt hlutverk sín sem konur, þá var ei rúm fyrir þær innan feðraveldisins; þær urðu hluti af náttúrunni.⁷ Skilgreiningar á förukonum sem vitna til fyrirbæra úr náttúru landsins voru í aðra röndina leið fólksins til að staðsetja tilveru þessara kvenna með einhverjum hætti, sem skýra mætti. Enda stóðu konurnar og hegðun þeirra utan venjubundinna skilgreininga á mönnum og mannlegri hegðun.⁸ Í greiningu minni á birtingarmyndum förukvenna í sögunni legg ég út frá skrifum Helgu Kress um birtingarmyndir kvenna í bókmenntum:

Í íslenskum fornbókmenntum, eins og í öðrum bókmenntum, eru konur *birtingarmyndir* („representations“), ekki ómiðlaðar sögulegar staðreyndir. Þannig eru þær fremur heimildir um viðhorf til kvenna, hugmyndir um þær og fantasiur, en empirískar staðreyndir. Þessar bókmenntir geta því aðeins gefið merkingu og verið „heimildir“ að tekið sé mið af bókmenntalegum eiginleikum þeirra, svo sem sjónarhorni, myndmáli, formgerð og orðræðu, en ekki látið sitja við þá innihaldsgreiningu sem svo mjög hefur einkennt íslenska bókmenntasögu og sagnfræðihefð.⁹

Við skoðun mína á birtingarmyndum/ímyndum förukvenna greindi ég sameiginlega þræði hvað varðar ásýnd og atferli förukvenna og huliðskvenna. Í því samhengi er fróðlegt að velta vöngum yfir því að hve miklu leyti almenningur tileinkaði förukonum einkenni huliðskvenna og öfugt. Það er sannarlega áhugavert að sjá hve keimlíkar lýsingar á förukonum og huliðskonum eru. Svo líkar, að það er sem verið sé að lýsa sömu förukonunni aftur og aftur, óháð því að hér er um að ræða lýsingar á förukonum sem voru uppi á ólíkum tímum og flökuðu um á ólíkum landssvæðum.¹⁰ Staðlaðar lýsingar á förukonum birtast bæði í textaheimildum og í munnlegum heimildum, á borð við viðtölin sem ég hef tekið við einstaklinga sem mundu eftir förukonum úr eigin barnæsku.¹¹ Þá stöðluðu persónusköpun förukvenna í sögunni má fyrst og fremst rekja til vísana í kvenpersóna í skáldheimum; kynbundinna sjónarhorna; en einnig til þess sjónarhorns heimildarmannanna sem var algengast, sjónarhorns barnsins:¹² „Ég hafði oft ímyndað mér hvernig nornir í ævintýrum litu út og séð andlit þeirra fyrir mér í huganum en hér var komin ein slík ljóslifandi fordæða í mannsmynd“. ¹³ Mikilvægt er að taka fram að þrátt fyrir að förukonum hafi á heildina lítið verið lýst á sambærilegan máta, þá voru þær mjög ólíkar konur. Innan förukvennahópsins má í reynd greina fleiri persónu- og útlitseinkenni en á meðal annarra þegna bændasamfélagsins.¹⁴

Hér að neðan verða reifaðar þrjár förukvennagoðsagnir, eða ímyndir förukvenna, sem birtast endurtekið fyrir í frásögnum af konunum, frá öld til aldar. Þær ímyndir förukvenna eru eftirfarandi: *hulduförukonan*; *úrhrakskonan*; og *förumóðirin*. Í lok umfjöllunarinnar verður einnig fjallað um *sjálfsmynd* förukvenna. Meðfram umfjöllun minni um förukonuímyndir reifa ég algeng ævisöguleg atriði sem höfðu afgerandi áhrif á ímyndasköpun förukvenna.

Hulduförukonan; hún kom og hún fór



Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir

Þá sé ég konu koma ríðandi, og mér datt ekki annað í lifandis hug en að þetta væri huldukona, hún var svo einkennileg og vesældarlega klædd. Það var alveg voðalegt.¹⁵

Tilvist förukvenna minnir um margt á sjónhverfingar: „Svo fór Sigga sömu leið og hún kom, upp Djúpagil“.¹⁶ Konurnar birtust í bæjardyrnum, dvöldu stutta hríð, uns þær hurfa á ný í auðnina, utan garðs. Að þessu leyti bera þær svipmót af kvendraugum sem birtust mönnum í skamma stund í vöku þeirra og draumum; og huldukonum þjóðsagnanna sem birtust óboðnar, líkt og förukonur, í mannabústaði, svo sem bæjarhús, útihús og kirkjur.

– Já, alveg rétt. Það var sögð sú saga að huldukona hafi komið með barn inní kirkju til langafa míns séra Eyjólfis meðan stóð á messu, og hann átti að hafa neitað að skíra barnið af því hann þekkti ekki konuna, en það gat náttúrulega hafa verið förukona. En huldukonan átti að hafa lagt svo á að tófa fylgdi prestinum uppfrá þessu og ætt hans í nokkra liði.¹⁷

Förukonur og yfirmáttúrulegar kvenverur voru á vissan hátt hluti af samsíða heimi hins almenna Íslendinga. Þær voru kvenpersónur sem birtust mönnum í skamma stund áður en þær hurfu aftur til síns heima.¹⁸ Því þarf ekki að undra að sumir töldu förukonur vera huldukonur, ekki síst börn. Margar sagnir er hverfast um það er mannfólk verður vart við huldufólk, sýna óbeint að þar fór ekki huldufólk, heldur förufólk.¹⁹ Í því sambandi má nefna frásagnir skyggna kvenna hérlendis. Í endurminningum skyggna kvenna á 19. og 20. öld, rifja þær yfirleitt upp sína fyrstu sýn. Það sem einkennir þá sýn kvennanna, er að hún birtist þeim iðulega í barnæsku og var allajafna í formi huldufólks og drauga. Sagnir kvennanna sýna að huldufólkið og draugarnir birtist í stutta stund, var klætt sérkennilegum klæðum, og ávarpaði börnin stuttlega áður en það hvarf á braut. Lýsingar barna af huldufólki gefa sannarlega tilefni til að ætla að þar hafi í reynd verið á ferð förufólk.

(Lára miðill) „Þegar ég var á leið milli bæjanna,“ segir Lára, „sá ég þar mjög oft einkennilega konu. Ég gizka á, að hún hafi verið um fimmtugt, en þó orðin allmikið gráhærð í vöngum. Hún var mjög sérkennileg í klæðnaði og fasi. Hún var klædd treyju, sem var mjög aðskorin og þétt hneppt að framan. Pilsíð var dökkleitt en nokkuð upplitað og snjád mjög að neðan. Hún var með köflótta mittissvuntu. Skuplu hafði hún á höfði og hélt jafnan á smáböggli eða stranga undir hendinni. Hún ráfaði ætíð um eins og hún væri að leita að einhverju, sem hún aldrei fann. Einu sinni ávarpaði ég hana og spurði, að hverju hún væri alltaf að leita. Ekki virtist hún heyra til mín og engu svaraði hún mér. En stundum heyrði ég hana tuldra eitthvað fyrir munni sér, án þess að ég gæti greint orðaskil. Mörgum árum seinna kom ég á þessar fornu slóðir. Ég settist á sömu þúfunu, þar sem ég svo oft hafði setið í æsku. En þá var konan horfin. Aldrei gat ég þó gleymt henni til fulls og einu sinni bað ég að spyrja um hana á miðilsfundi. Þá var sagt, að henni liði nú vel, en hún hefði fyrirfarið barni sínu á þessum slóðum endur fyrir löngu. Hefur líklega verið að leita að því“.²⁰

Íslendingar sögðu sögur af förukonum og huldukonum - sögur sem ætlað var að varpa ljósi á bakgrunn föru- og huldufólksins er vitjaði heimili landsmanna án þess að gera boð á undan sér: „Fólkið kunnir ýmsar sögur um huldufólk, og til voru þeir, sem töldu sig hafa séð það, og vita um verustað þess, og jafnvel renna grun í, hvað það hefðist að“.²¹ Bæirnir stóðu því gjarnan opnir þessum verum útmarkanna, enda var talið af mörgum að það boðaði illt að úthýsa föru- og huldufólki.

Snjór var þá á jörðu, og úti var glaðatungsljós. Þótti börnunum gaman að þessu. Svo áminnti Ingibjörg börnin um, að vera ekki að neinu óþarfa rápi um frambæ eða bæjardyr, því að huldufólkið þyrfti sitt rúm, og verið gæti, að það yrði á verði í kvöld. Og bæinn lét hún vera ólokaðan það kvöld... öllum bar þó saman um, að ekki væri gott að óvingast við það, og því var því boðið heim á þennan hátt.²²

Líkt og í tilfellum förukvenna, þá voru sumar huldukonur háðar mönnum um margan feng. Huldukonur þáðu t.d. stundum gjafir/ölmusu frá mönnum að viðskilnaði.²³

Á Jólanóttina kom einu sinni kona inn í baðstofu í Miðdal; hún gekk að kertaljósi, sem logaði á borðinu, og horfði á það lengi og alvarlega, unz einhver sagði við hana, að hún mætti eiga kertið og fara með það. Konan gjörði það og hvarf síðan.²⁴

Sögur af föru- og huldukonum byggja í grunninn á ósýnileika kvennanna í samfélagi manna. Förukönur, eins og huldukonur, voru skítugu börnin hennar Evu er fjallað var um í upprunasögu huldufólks, Huldumanna-Genesis: „Það, sem á að vera hulið fyrir mér, skal vera hulið fyrir mönnum“.²⁵ Þær líkt og álfarnir voru huldar fyrir samfélagi manna: „Þaðan eru álfar komnir, en mennirnir eru komnir af þeim börnum Evu, sem hún sýndi guði“.²⁶ Huldukonur voru á huldu, förukönurnar faldar, en þegar þær stigu fram á hið sýnilega sögusvið mannlífsins, þá var ásjón kvennanna um margt ólík. Farandkonur höfðu ásýnd dökkálfanna sem bjuggu á jörðu niðri, en huldukonur ásýnd ljósálfanna er dvöldu á himnum.

...eru þeir ólíkir þeim sýnum, en miklu ólíkari reyndum. Ljósálfar eru fegri en sól sýnum, og dökkálfar eru svartari en bik.²⁷

Líf kvenna sem flökuðu var í hugum landsmanna einskonar brík milli þess lífs sem viðgekkst í mannheimum og þeirra lifnaðarháttu sem viðgengust í huliðsheimum. Því er ekki að undra að sagnir gengu um að sumar förukvennanna hefðu endað ævigöngu sína í huliðsheimum. Hér er vísað til sagna af förukönnum sem sagðar voru hafa tekið á sig draugslíki.²⁸ Þær urðu förukönudraugar sem flökuðu á milli bæja og einstaklinga, komu og fóru, líkt og í lifandi lífi. Vettvangur þar sem menn gátu mætt draugum. Fyrir á öldum álitu menn að svefninn væri snertiflötur við huliðsheiminn. Því kemur vart á óvart að förukönudraugar gerðu oftast vart við sig í draumum fólks - þegar þær flökuðu inn í drauma hinna lifandi.²⁹ Umbreytingarnar eru sýnbólískar fyrir tengsl förukvenna við huliðsheima náttúrunnar. Enda áttu þessi umskipti sér helst stað ef konan lét líf sitt úti í náttúrunni. Förukönur höfðu mjög sterka samsvörun við drauga, og til eru sagnir af förufólki og draugum sem ferðuðust saman á milli bæja, eins og sagan af drauginum er fylgdi göngukönunni Imbu slæpu.³⁰ Bæði förufólk og draugar voru óboðnir gestir í bændasamfélaginu sem birtust mönnum allt í einu: „Þegar Höfðabrekku-Jóka var á afturgöngum sínum, kom hún oft á ýmsa bæi í Mýrdalnum og þótti hvergi góður gestur“.³¹ Þegar förukönur tóku á sig draugslíki þá voru þær enn háðar mannfólkinu rétt eins og förukönur í lifanda lífi. Þessir förukönudraugar voru sumir hverjir þegar fylgjur eða ættarfylgjur, konur sem flökuðu samhliða samferðamönnum sínum.³²



Imba slæpa. „Hún var víða þessi kerling,
og það var sum staðar vart við drauginn“

-
- ¹ *Rit Kristínar Sigfúsdóttir* 1. bindi, bls. 29.
- ² S.H., „Rætt við Oskar Clausen rithöfund“, bls. 9.
- ³ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifing“, bls. 4-5.
- ⁴ Dæmi um förukönur sem voru taldar hafa hafið flakkið í kjölfar þess að hafa legið úti voru förukönurnar Margrét Gísladóttir (1866-1953) og Jónfríður Þorkelsdóttir (1865-1953), sem fjallað er um í umfjöllun bókarinnar um síðustu förukönur landsins.
- ⁵ Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar*, bls. 139-145. Umfjöllun um förufólk og drauga.
- ⁶ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifing“, bls. 4. Sjá einnig: viðtal við mig um það efni í útvarpsþættinum *Viðsjá* (26. september 2018).
- ⁷ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifing“, bls. 4.
- ⁸ King, „The Politics of sexual stereotypes“, bls. 4. Sjá einnig: „Drifing“, bls. 4.
- ⁹ Helga Kress, „Grey þykir mér Freyja“, bls. 167-168.
- ¹⁰ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifing“, bls. 3.
- ¹¹ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifing“, bls. 3.
- ¹² Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifing“, bls. 14-15.
- ¹³ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 15.
- ¹⁴ Í þessu sambandi má nefna að Elliot Liebow segir nútímans heimilislausar konur vera mjög ólíkar. Hann staðhæfir að breytileikinn á meðal heimilislausra kvenna sé meiri en á meðal þeirra þjóðfélagsþegna sem ekki eru heimilislausir. *Tell Them Who I Am*, bls. 15.
- ¹⁵ SÁM 85/351. Heimildarmaður: Jóhanna Erlendsdóttir (1874-1971).
- ¹⁶ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 140.
- ¹⁷ „Rætt við Oskar Clausen rithöfund“, bls. 8.
- ¹⁸ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifing“, bls. 4. Sjá einnig: Yngvi Leifsson, *Með álfum*, bls. 12-13. Þar segir að förukönan Ingiríður hafi sem barn talað um heimsóknir sínar í hraunið til álfanna.
- ¹⁹ Förumenn minna margir hverjir á útilegumennina. Algengt var þegar að ókunna aðkomumenn bar að, þá var talið að það væri um útilegumenn að ræða.
- ²⁰ Sveinn Víkingur, *Lára midill*, bls. 36.
- ²¹ Elínborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar*, bls. 40.
- ²² Elínborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar*, bls. 40. Hér er fjallað um fasta venju á gamlárskvöldi.
- ²³ Förukönur, líkt og huldukönur, voru stundum sakaðar um stuld á þeim bæjum sem þær dvöldu á.
- ²⁴ Íslenskar *Þjóðsögur og ævintýri*, „Álfkonan í Miðdal“, bls. 5.
- ²⁵ Íslenskar *Þjóðsögur og ævintýri*, „Huldumanna-Genesis“, bls. 1.
- ²⁶ Íslenskar *Þjóðsögur og ævintýri*, „Huldumanna-Genesis“, bls. 1.
- ²⁷ Snorri Sturluson, *Edda Snorra Sturlusonar*.
- ²⁸ Draugar hafast við í húsum.
- ²⁹ Sjá SÁM 85/275 EF. Umfjöllun um förudrauginn Margréti sem birtist mönnum gjarnan í draumi, í kjölfar þess að hafa farið niður ís í Langavatni.
- ³⁰ SÁM 88/1601 EF. Heimildarmaður: Jón Helgason (1895-1992). Ingibjörg Sigurðardóttir var kölluð Imba slæpa. Slæpu viðurnefni Ingibjargar vitnar um slæpingja fyrri tíðar.
- ³¹ *Þjóðsögur og munnmæli*, bls. 176-177. Höfðabrekku-Jóka hampar barni. Hljóð Jóku á Grænafjalli.
- ³² Fullyrða má um það að mikil líkindi séu á milli förufólks og fylgna/drauga í Íslandssögunni. Sjá *Á mörkum mennskunnar*, bls. 140-145.

Úrhrakskonan og kynbundið ofbeldi: Förukönur, tröllkonur og beinakerlingar


Þá eru fyrirbærin sem lýst er stundum blandin, hvorki né eða bæði og, dýr og menn í sama fyrirbæri og því „óhrein“, hluti af veröld sem er í óreiðu... Þessi fyrirbæri eru með öðrum orðum *grotesque*. Framandleiki verður því líka réttlætning þess samfélags sem er með því að setja fram andstæðu þess: Hið undarlega, illa og djöfullega og það sem er bannað, *taboo*. Landfræðilega voru þessi fyrirbæri staðsett á jaðrinum, í skógum, óbyggðum og eyjum og útlöndum.¹

Lýsingar á framandlegum fyrirbærum á jaðrinum fara yfir ákveðin mörk í tengslum við þætti á borð við stærð/smæð, aldur og útlit; „karlar og konur líta eins út“.² Slíkar öfgakenndar lýsingar einkenna frásagnir af stakstæðum konum í bændasamfélaginu, sem voru úr leið landfræðilega og hugmyndafræðilega: „Hún var ófríð, svipmikil og fornescjuleg að sjá“.³ Megin staðalmynd íslenskra förukvenna í gegnum aldirnar var af *óásjálægum kerlingum*. Þeim var mjög gjarnan lýst sem ævagömlum; harðneskjulegum; grófgerðum; skapbráðum; ófríðum; dónalegum; illa lyktandi; kuldalegum; og druslulega klæddum, kerlingum. Þessar algengu lýsingar á grófleika og gróteskleika förukvenna hvað útlit og hegðun varðar, svipar til frásagna af þeim þáttum hjá tröllskessum/Monstrificae effigies.⁴ Og er til marks um líkindi förukvenna og skessa í hugum almennings.⁵ Eins og í tilfelli tröllkvenna, þá veitti ókvenlegt líkamlegt og andlegt atgervi á meðal förukvenna þeim konum aukið svigrúm til athafna. Förukönur líkt og tröllkonur gátu leyft sér margt sem aðrar konur gátu alls ekki leyft sér. Þær voru sérstakar og gátu skákað í því skjólinu. Vegna þessa öðluðust þær ákveðin völd í samskiptum við karla sem aðrar konur höfðu ekki. Völd sem tengdust andstæðu kvenleika hvers tíma, í formi úrhraks-kvenleika. Hér er stuðst við skilgreiningu Erlu Huldar á því hugtaki: „(Úrhraks-kvenleiki) Það á við um þegar konur taka á sig óæskileg einkenni sem skilgreind eru sem ókvenleg, eða jafnvel karlleg. Þetta eru eiginleikar sem tengjast valdi og halda verður frá konum því að þeir eru taldir spilla þeim og kvenlegum eiginleikum“.⁶ Útliti og hegðun förukvenna og tröllkvenna var oft á tíðum lýst sem karlalegu. Þrekmiklar hreystikonur sem ögruðu körlum með líkamlegu atgervi sínu. Því leiddi af sjálfu sér að konur á borð við förukönur og tröllkonur voru á sinn hátt úrhrök, því tilvist þeirra og líferni féll ekki að hinum kvenlegu gildum samtímans; þær voru úrhrakskonur. Kvenverur sem voru afgreiddar sem kerlingar; hvorki konur né karlar, heldur kvenkyns verur á jaðri samfélagsins.⁷ Í þessu sambandi er mikilvægt að koma því á framfæri, að heimildir sýna að förukarlar og einnig tröllkarlar tileinkuðu sér ekki kvenlega eiginleika.⁸

(Látra -) Björgu er þannig lýst í þætti Gísla Konráðssonar, að hún hafi verið kvenna ferlegust ásýndum, hálslöng og hávaxin, og sagt henni væri afar hátt til hnés. Hún bjóst jafnan sauðsvartri hempu og tók á mitt læri, með hnappaskúfshúfu, þá mest hafði við, en hafði oftast hettu sauðmórauða á höfði. Heldur þótti ókvenlegt atferli hennar í mörgu, því læri sitt lagði hún upp á sléttu, þó hún færi á bak meðalháu hrossi.⁹

Var veðrið farið að versna verulega og fljótlega var komin norðan stórhrið með mikilli ofankomu. Rak Kristín á eftir mönnunum en fljótlega tóku tveir vermannanna að dragast aftur úr. Kristín sagði það ótækt því nú þyrftu þau að halda hópinn og drífa sig. Bauðst Kristín til að taka farangur þessara manna, sem þeir og þáðu. Hélt þessi sex manna hópur förinna áfram með Kristínu í fararbroddi, og hélt hún á farangri fjögurra samferðamanna sinna. Veðrið hafði aðeins breyst, ofankoma minnkað en í stað þess var mikill skafrenningur og frostharka. Sást lítið það sem fram undan var og vissu karlmennirnir ekkert

hvar þeir voru staddir en Kristín hélt ótrauð áfram með hópinn. Svo fór að enn einn vermannanna tók að dragast aftur úr og tók þá Kristín farangur hans.¹⁰



Bók Þjóðhildar förukonu

Framandleiki föru- og tröllkvenna byggir að miklu leyti á staklífi kvennanna.¹¹ Í báðum tilfellum fóru þar konur sem fólk hafði takmarkaða þekkingu á, konur sem ögruðu öllu því sem hefðbundið var í hinu karllæga samfélagi, þ.m.t. kristilegum venjum þess.¹² Tröllskessan líkt og förukonan var oftast einhleyp og barnlaus kvenvera sem lifði við jaðar kristins samfélags. Sagt var að tröllskessa gæti ei heyrð á kirkjuklukknahljóm og sálma, gat ei gengið í hjónaband. Eins og skessan Alvör sem var fyrri kona Adams, sem var stygg og ókyrr hjá honum.¹³ Ætla má að tröllskessan hafi að hluta til verið táknmynd þeirrar ógnar sem talið var að stæði af einhleypum konum sem flökkðu á milli bæja, m.a. í augum eiginkvenna. Hún kemur fyrir sjónir sem afskræmd einstæðingskona sem ógnaði tilvist fjölskyldueiningarinnar, eins og lýsingar á tröllkonunni Grýlu og hennar barnaáti eru til marks um.¹⁴ Einstæðingskonan stendur stök á jaðri feðraveldis hvort sem það er í raunheimum eða í skáldheimum. Eins og náttskessan sem flúði inn í dranga við landnám manna, og varð Nípurkerling (sem hrundi ofan í sjó á 19. öld).¹⁵ Einstæðingskonan er staki dranginn, en kemur ekki við sögu jurta og annarra þátta hinnar frjóu náttúru Íslands - hún var steingerð kona. Tengsl á milli hugmynda manna um förukonur og tröllkonur er mjög sterk, svo mjög að hún litaði sjálfsmynd förukvenna. Sjá til dæmis kvæði förukonunnar Látra-Bjargar, sem speglaði sig í þjóðsagnakvenpersónunni tröllkonunni; ómóður barnanna: Get eg grýlan barna, / af guði sköpt í manslíki. / Á mig starir unginn þarna / eins og tröll á himnaríki.¹⁶

Hegðan og útlit margra förukvenna sýna hvernig konurnar spiluðu á eigin ásýnd til þess að marka sér sess í förumennskunni. Úrhraks-kvenleiki gaf förukönur tækifæri að spila úrhraksrulluna í samskiptum sínum við karlmenn - til að segja hluti og hegða sér á ákveðinn hátt sem var að öðrum kosti ekki í boði fyrir konur án afleiðinga. Dæmi um það eru formælingar kvennanna og slúðurburður, í anda slúðurburðs kvenna Íslendingasagnanna, sem gróf undan feðraveldinu, svo vitnað sé í Helgu Kress. Annað dæmi um hegðan sem vitnar um úrhraks-kvenleika var hæðni.¹⁷ Fjöldi sagna eru til af förukönur og tröllkonur þar sem þær hæddust að körlum. Helga Kress fjallar um það hvernig tröllkonur notuðu hæðni til að ögra karlinum á kynferðislega vegu og gera lítið úr honum: „Það gerir hún meðal annars með því að minna hann á smæð hans“.¹⁸ Af slíkum þjóðsögum þar sem tröllkonan er söguhetjan, má nefna söguna af skessunni Þjóðbrók sem bjó í Þjóðbrókargili í Selárdal í Steingrímsfirði. Hún fékk til sín húskarlinn Gissur, en þótti hann vera fremur smár að vexti svo að hún teygði hann. Háð förukvenna, rétt eins og háð tröllkvænna, gat beinst að kyngetu og/eða smæð karla.¹⁹ Slíkar sögur þar sem förukona er í aðalhlutverki, eru til dæmis frásagnir af förukönunni Vigdísi Ingvadóttur.

Guðrún Möller: Það kom einu sinni gestur að Hvoli og var vel tekið á móti honum eins og gerist og gengur. Hann var settur við matarborðið og allir voru að borða. Þá kemur Vigga inn og gesturinn stendur upp og segir: „Komdu sæl Vigdís mín - hvernig er það með þig, hefur þig aldrei langað til að eignast barn?“ Hún hugsar sig aðeins um, svo gjóar hún betra auganu að honum og segir: „Gætir þú hjálpað aumingjanum?“ En það sem allir vissu, var að hann var búinn að vera giftur tveimur konum og hafði ekki átt neitt barn. Enda var sagt að hann hefði sest við borðið með lafandi skott.²⁰

Eyrún Sæmundsdóttir: Var hún heimilisföst hérna í Eyjarhólum, það er bær við Pétursey. Hann var afskaplega lágvaðinn bóndinn þar og þeim Viggum kom ekki vel saman. Eitthvað var svona stírt á milli þeirra. Svo hafði þurft að kalla í hann heim, einhverra hluta vegna, hann var einhvers staðar fjarri og það var verið að leita af honum - hvort það var í síma eða hvernig það var. Síðan kom hann nú labbandi, og þá sér Vigga hann og segir: „Loksins er hann kominn í ljós, stubburinn stelpu greysins“.²¹



Þjóðbrókargil

Gamla bændasamfélagið var kjörlendi kynferðislegs ofbeldis gegn konum. Konur hafa lengst af notið lítillar verndar laganna fyrir slíku ofbeldi. Langt aftur í aldir hefur verið nær ógerlegt að fá karla dæmda fyrir nauðgun sökum þess að lögin (karlabókmenntir ritaðar út frá sjónarhorni karla), gerðu og gera enn óraunhæfa kröfu um sönnunarbyrði í nauðgunarmálum. Sönnunarmatið frá hendi dómsvaldsins hefur séð um að viðhalda þess konar ofbeldi karla gegn konum, meðal annars með kröfum um sjónarvotta að nauðgunarglæpnum.²² Ofan á það misrétti bættist við það vægi sem samfélagsleg viðhorf gagnvart félagslegri stöðu þolanda nauðgunarglæpsins höfðu. Í slíkum málum gat skípt máli hvort að í hlut átti gift húsfrú eða ógift förukona. Löngum hefur það verið til síðs að dæma konur sem nauðgað hefur verið, út frá líferni þeirra og hegðan. Förukonur voru kvenþegnar sem fóru út fyrir hefðbundið svið kvenna og stunduðu óhefðbundinn og varhugaverðan lífsmáta í augum almennra þegna bændasamfélagsins. Ætla má að förukonur hafi af þeim sökum verið „réttmisnotaðar“. Rétt eins og tröllkonur voru réttdræpar fyrir tröllskap sinn.

Kynferðislegt ofbeldi í bændasamfélaginu var sjaldan fært í orð á opinberum vettvangi og fékk því að dafna í þögninni sem og ofbeldismennirnir sem léku þar lausum hala. En þrátt fyrir gífurlega niðurföggun á kynferðisofbeldi í sögu Íslands þá er hægt að greina hana upp að vissu marki í hegðunarmynstri kvenna sem beittar höfðu verið slíku ofbeldi. Kynferðisafbrotamenn hafa ætíð treyst á hollustu þagnarinnar að glæp afstöðnum, en þögnin afmáir þó ekki vitnið að glæpnum; konuna sem man. Þannig að þó svo að kynferðisofbeldissaga Íslands sé afar sjaldan sögð með beinum orðum, þá ljóstra viðbrögð kvenna gjarnan upp um slíkan verknað. Því má víða í sögunni sjá ummerki kynferðisofbeldis í hegðun kvenna. Sú hegðun þeirra ljær kynferðisofbeldi hljómi í sögunni, þótt styrkur hans sé misjafn. Skýrt dæmi um slíka hegðun má greina í förukvennasögum.

Hin þriðja var Helga Jónsdóttir, hún var lausakona en fór um helst fyrripart vetrar og í skammdeginu svo yfir hátíðar. Hún var eitthvað utan við sig eða biluð á geðsmunum og kom það helst fram í skammdeginu. Hún var kölluð kvæða-Helga því hún sagði fólki mikið af sögum og fór með kvæði þegar heilsa hennar leyfði. Hún kom sér svo vel að öllum þótti vænt um hana, fór aldrei með ljótt, hvorki fyrir börnum né fullorðnum. Hana ásótti mikið svefnleysi og var hún uppi og á gangi flestar nætur og þurfti því að láta hana hafa mat til næturinnar því hún neytti hans jafnan. En oft var hún útgrátin eftir þessar vökunætur og leið mjög illa. Undir þessum kringumstæðum gat hún sjaldnast sagt sögur sínar eða flutt kvæði. Því ef eitthvað sorglegt kom fyrir í sögunni eða kvæðinu fór hún að beygja af og gráta og ruglaðist við það og hætti. Aldrei ræddi hún um sorgir sínar. En sú saga gekk um að bóndi einn hefði náð henni á vald sitt, þó nauðugri, og átt með henni barn. Barnið hafði dáðið þegar eftir fæðingu. Kona manns þessa var besta vinkona Helgu og fannst henni hún hafa gjört henni svo rangt þó það væri án hennar vilja að hún barmaði það jafnan. Þó hafði þessi vinkona hennar ekki slitið tryggðum við hana fyrir þetta heldur lítið svo á að hana hafi brostið þrek til þess að verjast áleitni manns hennar. En hvort sú umsögn var rétt eða ekki var eitt víst að einhver þung sorg hvíldi yfir Helgu og dró hana niður. Ég fagnaði því jafnan er Helga kom til okkar hún var svo innileg og góð kona og mér var það gleði að létta eitthvað harma hennar enda dvaldi hún jafnan lengur hjá okkur en annars staðar á þessum ferðum sínum og dróg ég af því þá ályktun að henni hafi ekki liðið verr hjá mér en annars staðar.²³

Önnur dæmi um hegðan förukvenna sem gefa til kynna að þær hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi má finna í lýsingum af útliti förukvenna. Flakkandi konum var gjarnan lýst sem óþrifalegum konum²⁴ er klæddust einatt mörgum lögum af fötum, og þegar þeim voru fengin ný klæði þá rifu margar þeirra nýju fötin og bættu þau í kjölfarið.²⁵ Telja má að sumar förukvennanna hafi klætt sig í mörg lög af klæðum og reynt að líta illa út, til þess að verjast ágengni karlmannna á ferðum sínum.²⁶ Að þær hafi tileinkað sér afskræmdan kvenleika (einskonar tröllkvennagervi) sem varnarklæði, til að forðast kynferðislegt ofbeldi frá hendi karla. Segja má að förukonur sem

gerðu í því að vera fráhrindandi í því skyni að fyrirbyggja áreitni af hálfu karlmanna, hafi notað líkama sinn sem skjöld gegn líkama/vopni karla. Hliðstæð dæmi úr Íslandssögunni sýna hvernig konur beittu eigin líkama í viðureignum sínum við karlmenn, til dæmis konur úr Íslendingasögunum og tröllkonur fornsagnanna. Eitt til dæma talið er frásögn í *Grænlandingasögu* af Freydísi Eiríksdóttur sem barðist við Grænlandinga; tók sverð látins manns og barði það á nakin brjóst sín: „Munu fáar vanfærar konur hafa slíkt leikið í bardaga fyrr eða síðar“.27 Auk þessa má nefna Hallgerði Höskuldsdóttur sem fjallað er um í *Njáls sögu*; konan sem meinaði manni sínum um lokk úr hári sínu, því sá hinn sami hafði lagt hendur á hana. Í fornsögunum notuðust tröllkonur við eigin líkama á meðan karlar notuðust við vopn gegn þeim konum.28 Dæmi um þær ólíku bardagaaðferðir tröllkvenna og karla koma fyrir í sögunni af ásnum Þór sem grýtti tröllkonu þar sem hún stóð og kastaði af sér þvagi sem ásinn óð í upp að öxlum. Ásinn hafði þurft að kljást við magnþrunginn strauminn úr skauti tröllkonunnar, straum sem hann ákvað að binda enda á með notkun eggvopns: „Á skal að ósi stemma“ sagði Þór eftir að hafa grýtt tröllkonuna.

Enn önnur vísbending um að förukonur hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eru lýsingar á klámfengnu orðbragði hjá sumum konunum og skert blygðunarkennd með hliðsjón af tíðaranda.

Sjálf þoldi hún illa stríðni, stökk þá upp á nef sér, varð ákaflega hvassyr og lét óþvegið fjúka bæði klám og ragn. Stundum gat hún líka verið meinyrt í svörum og ertin í tiltektum. Þegar hún var í Auðbrekku, hafði hún þann starfa, að reka kúr í haga, en til að stytta sér leið, tók hún upp þann sið, að reka þær yfir engjablett, sem heyrði til Hátúni, næsta bæ. Bóndanum þar, er Gísli hét, mislíkaði mjög þetta háttalag Siggú og ámalgaði oft við hana að hætta því, hún skeytti því engu og svaraði illu til. Einu sinni sem oft varð Gísli þungorður við hana út af þessu, en þá sneri hún baki við honum, skvetti pilsinu upp fyrir sitjandann, rak höfuðið niður á milli fóta sér og kallaði: „Lítu í spegilinn, Gísli minn!“ Þarf varla að geta þess, að Sigga var buxnalaus.29

Elínborg Kristjánsdóttir: Klæmin - hún var orðljót og klæmin líka. Mamma fékk voða mikið að kenna á því þegar hún var að eiga börnin. Þá var hún að punda á hana og lýsa því hvernig það væri farið að því og allt svoléiðis.

Dalrún: Hvernig börnin verða til?

Elínborg Kristjánsdóttir: Já. Þetta var eiginlega áráttu hjá henni, voða mikið.

Dalrún: Það að klæmast?

Elínborg Kristjánsdóttir: Já. Og tala um þessi mál.30



Millurnar úr upphlutnum sem Gunna hara klæddist á dánardegi sínum og fundust ásamt beinum hennar 30 árum síðar á Botnsheiði; „hélt hún myndi taka aftur rétta stefnu, er sá voði væri liðinn hjá, að verða karlmanni samferða“.

Af öðrum teiknum um kynferðislegt ofbeldi gagnvart förukönnum, þá er mikilvægt að nefna lýsingar á ótta og/eða andstyggð gagnvart karlmönnum sem dæmi finnast um hjá förukönnum. Þannig þekktist að förukönur neituðu að tala við karlmenn; neituðu að horfa í augu karlmanna; og neituðu að þiggja fylgd karlmanna á milli bæja. Gera má ráð fyrir að förukönur sem neituðu að þiggja karlmannsfylgd á milli bæja, hafi oftast en ekki verið að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi.³¹

Kristín Kristvardsdóttir. En svona var þetta, þær voru báðar förukönurnar svona á móti körlum. Af hverju það hefur verið, það veit enginn. Þó fólk hafi giskað kannski á það. En það vissi enginn neitt um það. Það var margt sem maður sá í gamla daga.³²

Gunna hara var göngukona af Kjalarnesi. Hún var mjög fráhverf karlmönnum, og þegar æruverðugur hreppstjóri bauð henni að sitja fyrir aftan sig á hesti fyrir vatnafall, reiddist hún svo, að hún strunsaði til fjalls og varð þar úti. Löngu síðar fundust bein hennar og millur úr upphlutnum hæst uppi á Veggjum, fjalli austast á Botnsheiði.³³

Hún talaði aldrei við karlmenn og gegndi ekki, þótt karlmaður yrði á hana. Ekki vildi hún sofa í því rúmi, sem karlmaður hafði áður sofist í. Hún var að jafnaði ákaflega hæglát og talfá.³⁴

Sögur af förukönnum sem þáðu ekki samfylgd karla á ferðum sínum voru á vissan hátt ögrun við rótgrónar hugmyndir um varnarleysi kvenna í náttúrunni. Sögur sem voru sönnun þess að konur gátu spjarað sig einar á ferðalögum sínum. Sögur þær sýna að konurnar vissu að hættan sem fylgdi flakkinu var ekki einvörðungu fólgin í hefðbundinni grimmd náttúruaflanna heldur líka í sjálfu feðraveldinu.³⁵ Vitneskjan um hættuna sem konum stafaði af körlum í víðáttu náttúrunnar er að finna í sögulegum og skálduðum heimildum, t.d. í útilegumannasögum þar sem konur voru numdar á brott í grasferðum og látnar þjóna útilegumönnum á alla þá lund er þeim fýsti.³⁶ Hætta sú birtist einnig í draugasögum s.s. í sögunni af Gunnólfsvíkurskottu þar sem kemur fram sú staðreynd að aðkomufólk réð ekki alltaf hvort og þá hvenær þeim yrði fylgt á næsta áfangastað. Og í sögunni af hinum þjóðkunna draugi Mývatns-Skottu sem var flökkustúlka í lifandi lífi uns einn daginn hún var myrt af galdramanni sem sá flakk stúlkunnar sem vopn í hendi.

Einn vetur á dögum Móðuharðindanna kom stúlka að nafni Guðrún á ónefndan bæ í Laxárdal eða Reykjadal í Þingeyjarsýslu og það um fylgd yfir háls. Þegar Arnþór bóndi kom inn og sá Guðrúnu sagði hann: „Einn flækingurinn enn“. Húsfreyja segir að hún sé enginn flækingur, hún sé á leið til ættingja sinna norður í landi og sé að biðja um fylgd yfir hálsinn en veðrið sé nú ískyggilegt svo að það væri réttara að hún yrði kyrr til morguns. Arnþór kvað það óþarfa, hún skyldi koma strax og hann fylgja henni. Konunni var þetta nauðugt en það varð þó svo að vera. Síðan fóru þau. Arnþór kom heim seint um kveldið. Sigríður spurði hann hvort hann hefði fylgt stúlkunni alveg yfir hálsinn. Hann kvað hana varða það engu. Þegar Arnþór háttaði tók konan plögg hans og sá þá blóð á þeim og spurði hvernig á því staði. Hann varð illur við og kvað hana það engu skipta. Daginn eftir fannst Guðrún í dýi handleggsbrotin og stungin á hol. Sótti hún síðan að Arnþóri og rakti að lokum úr honum þarmana.³⁷

Þegar hún var mett orðin, býðst bóndi til að fylgja henni til næsta bæjar. En þegar þau koma að á þeirri, sem rennur milli bæjanna, tekur hann stúlkuna, kastar henni í ána og heldur í fætur hennar, meðan hún er að kafna. Stúlkan hafði, eins og þá var títt, skautskuplu á höfði, og snaraðist skupluna á hnakkann, meðan hann hélt henni í kafinu. Þegar hann þóttist viss um, að stúlkan væri dauð, dró hann hana úr kafinu og upp á bakkann, magnaði hana síðan með fjölkynngi sinni og sendi hana svo til að drepa manninn, sem hann þóttist eiga vanhefnt við.³⁸

Hættan sem steðjaði að förukönnum á ferðum þeirra var vissulega bundin við bæina og ábúendur þeirra, fylgdarmenn kvennanna. Förukönur voru einkar berskjaldaðar gagnvart kynferðislegu ofbeldi á ferðum sínum. Dæmi um það varnar- og réttindaleyfi kvennanna eru formlegar reglur er taka til kynlífs í *Grágás*, sem er elsta lögbók Íslendinga, rituð á þjóðveldisöld og giltu þau lög til 1271-73. Ritið grundvallast á sjónarhorni karla í efri lögum samfélagsins á fyrstu öldum kristni hérlandis.³⁹ Lög er vörðuðu förukönur sérstaklega sýna að karlmenn gerðu lagalega kröfu um að stjórna líkama kvenna sem flökkuðu inn í þeirra umdæmi, hvort heldur þar var um að ræða hreppi eða sveitabæi.⁴⁰ Um stöðu förukvenna í þeim lögum fjallaði sagnfræðingurinn Gunnar Karlsson: „Eins máttu menn nota göngukönur að vild sinni ef þeir aðeins létu annast þær uns þær voru færar um að halda flakki sínu áfram - sjálfsgagt með barnið með sér ef það lifði“.⁴¹ Hættan sem steðjaði að flakkandi könum var þó ekki aðeins bundin við bæina og ábúendur, heldur líka við menn sem konurnar mættu einar síns liðs á ferðum sínum, s.s. förumenn sem sumir höfðu slæmt orðspor á sér í tengslum við ofbeldi gegn könum.

Bjarni (förumaður) fékk illt orð um kvennafar og aðra varmennsku; æpti hann opt er hann sá konu, og lét sem sér væri ekki sjálfrátt. En vel var hann viti borinn, og hafði við orðfyndni þá spélega, er enginn hafði heyrt fyrri, var það opt, að hann sagði svo um ást sína til kvenna: „að hann brynni og slitnaði

lifandi, og óbærilegan hluta hef eg í nýrunum“, kvað hann. Bjarni gerðist landshornamaður því allvíða fór hann um land, vestur í Skagafjörð, heim til Hóla og allt vestur í Húnaþing, hræddi víða konur og nauðgaði þeim, ef hann fékk því við komið.⁴²

Fantasíublæti fyrir jaðarkonum

Frábrugðin ásýnd förukvenna réðst af ýmsum þáttum svo sem ófríðleika, sjúkdómum, fátækt, sérvisku þeirra og einnig ótta þeirra við kynferðisofbeldi. Grótesk ásýnd förukvenna var hins vegar ekki síst sköpunarverk karlanna. Líkt og fyrrnefnd Laura Mulvey hefur bent á þá er sjónarhorn karlsins einatt ráðandi í feðraveldinu „og það varpar eigin fantasíum yfir á konuna sem er mótuð í samræmi við þær fantasíur“.⁴³ Lýsingar á líkómum úrhraðskvenna miðla ímynd af skítugum; gölluðum; ókvenlegum kvenlíkómum. Með hliðsjón af orðum Mulvey þá er ljóst að ímynd af líkama kvenna á jaðrinum gefur innsýn í fantasíublæti karla heldur en eiginlegt atgervi kvennanna.⁴⁴ Blætiskennar frásagnir af líkómum jaðarkvenna fela ennfremur í sér klúrar skírskotanir og jafnvel lýsingar á ofbeldi karla gegn þessum konum. Slík hegðun karla vitnar í senn um völd þeirra og valdaleysi jaðarkvennanna. Gróteskur kvenleiki gat þá líkt og jafnan síðar, þjónað kynferðislegum fantasíum karla; var einskonar sjónfróun sumra karla gagnvart lágt skipuðum einstæðingskonum í þjóðfélaginu.⁴⁵ Í þeim tilfellum þá gildi að þessir úrhraðseiginleikar kvennanna gerðu þær útsettari fyrir smánun og öðru ofbeldi. Hætta er á að ofbeldismenn hafi túlkað ásýnd og stundum gróteskt tal förukvenna sem frítt spil til að klæmast við þær og fá sínu kynferðisofbeldi framgengt, svo sem með nauðgun, efúrspurn eftir vændi, eða með þvingun til hjúskapar:⁴⁶ „Það voru sumir kannski að klæmast eitthvað við hana og tala mikið niður til hennar“.⁴⁷ Blætissjónarhorn karla á líkama úrhraðskvenna má finna víða í íslenskri sagnageymd, ekki síst í kveðskap karla.

(Um fyrrnefnda Önnu Erlendsdóttur förukonu, um hana orti Páll Ólafsson)

Anna dóttir Erlendar
sem enginn getur tittlingað
hvernig er það
hvað er að
er k..... ekki á réttum stað.

Þetta er ekki eftirmælavísa. Hún mun ort, þegar Anna var enn á ungum aldri.⁴⁸

Kynferðislegar fantasíur er taka til förukvenna hafa beina samsvörun við fantasíusagnir af stakstæðum yfirnáttúrulegum kvenverum sem dvöldu einatt utangarðs. Hér er vísað til sagna af tröllkonum og beinakerlingum. Ófrýnileg kerlingarímynd þessara stakstæðu kvenvera er úr leið, þegar litið er til hefðbundinna kvenlegra ímynda. Afskræmd ímynd kvenna úr þessum jaðarhópum er skírskotun í grófa náttúru óbyggðanna. Ofan í kaupíð er sú kvenímynd úr leið landfræðilega sem veldur því að ýmislegt leyfist gagnvart þeim konum í hugum þeirra sem höfðu fantasíublæti gagnvart slíkum konum. Í fantasíulýsingunum eru þessar stakstæðu kerlingar fjarri sveitabyggðum hugmyndafræðilega og landfræðilega; óvistlegar til búsetu/hjónabands. Helga Kress segir að tröllkonum fornþóknar tanna hafi verið „lýst í líkamlegum og kynferðislegum orðum sem sérstaklega viðbjóðslegum og dýrlegum. Oft eru þær einnig kynferðislega áleitnar við karlana“.⁴⁹ Helga lýsir jafnframt framkomu karla gagnvart þessum dýrlegu og áleitnu tröllskessum, sem fól meðal annars í sér limlestingar, dráp og nauðganir karlanna á skessunum: „Þorsteinn tekur sverð sem hangir uppi yfir henni, bregður því og stingur í sofandi konuna. Er drápinu lýst sem nauðgun, sverð og reður verða eitt. Hann byrjar á því að fletta hana klæðum

og sér þá að hún er öll „alloðin“⁵⁰. Aðalheiður Guðmundsdóttir Þjóðfræðingur hefur einnig bent á að tröllskessur voru ekki álitnar fýsilegar til hjónabands fyrir unga menn, en aftur á móti þótti sjálfsagt að menn föluðust eftir kynlífsgreiðum hjá skessum „þessum óæðri kvenverum“⁵¹ sem varð þá einskonar hluti af manndómsvígslu þeirra.⁵²

Af öðrum stakstæðum kerlingum bændasamfélagsins sem karlar yfirfærðu eigin fantasíublæti á, eru beinakerlingar. Beinakerlingar voru grjótvörður sem vörðuðu veg ferðalanga í aldaradír:⁵³ „Beinakerling blautt með skinn / býður Tómas velkominn / hann má reka hann allan inn / uppá sveitareikninginn“.⁵⁴ Talið er að nafn beinakerlingarinnar komi til vegna þess að ferðalangar stungu örkin inn í hrossleggi eða sauðaleggi með beinakerlingavísu sem þeir höfðu samið og ætlaðar voru næstu ferðamönnum er litu þar við. Þjóðháttfræðingurinn Árni Björnsson túlkaði nafngiftinga sem vísun í orðið „beini í merkingunni hjálp eða greiði, að fá góðan beina, og sagnorðið að beina manni leið í rétta átt. Merkingin hafi því einna helst verið „hjálpsöm kona“.⁵⁵ Með hliðsjón af síðarnefndu skýringunni, þá má túlka orðið beinakerling sem „kynferðislega greiðasöm kerling“ sem er ekki langsótt ef lítið er til yrkisefnisins. Beinakerlingavísur ferðalanganna voru oftast en ekki klúrar vísur; klámvísur. Klúrkeðnir ferðalangarnir ljáðu beinakerlingunum gjarnan rödd í þeim vísu sínum. Vísurnar voru að segja má fyrri tíma klám, gert af körlum fyrir karla, líkt og lenskan er með klám. Í grein sinni „Bækur og „kellingabækur““ segir Helga Kress að beinakerlingavísur finnast „(utan marka bókmenntastofnunarinnar) og lagðar eru í munn vergjörnum kerlingum sem leggja sig eftir vegarendum, – sem væntanlega eru allir karlmenn“.⁵⁶ Og hvað mæltu grjótkerlingarnar upp á heiðum, millum bæja? Yfirleitt tjáðu þær kynferðislega óra „sína“, sem oft voru tileinkaðir næsta ferðalangi er vitja myndi þeirra .⁵⁷

Sækir að mér sveina val
sem þeir væru óðir,
kúri ég ein á Kaldadal,
komi þið, piltar góðir!⁵⁸

Veri þeir allir velkomner,
sem við mig spjalla í tryggðum,
ég get valla unað mér
ein á fjallabyggðum.⁵⁹

Ef þér, herra, ætlið að prýða elli mína
og mig finna eina í leynum,
yðar vísið burtu sveinum.⁶⁰

Umræddir hópar stakstæðra kerlinga (förukvenna, tröllkvenna, beinakerlinga) voru sem segir á vettvangi sem var úr alfaraleið. Sá veruleiki sem umvafði þessar konur hafði ýmsar siðferðilegar skírskotanir sem lágu utan marka velsæmis og vísuðu í vændi. Vændi er ímyndað rými á mörkum einkasviðs heimilisins og almannasviðs og einkennist af gífurlegu misvægi í valdahlutfalli kynjanna.⁶¹ Förukonur, tröllskessur og beinakerlingar voru líkt og vændiskonan taldar góðar til síns brúks, en ekki eiginkonuefni.⁶² Í eftirfarandi vísu sem sett hafði verið í beinakerlingu á Draghálsi þá er beinakerlingin látin bjóða mönnum kynlífsgreiða. Hér kemur til sögunnar „hjálpsama konan“ í bændasamfélaginu, eða „hamingjusama vændiskonan“ líkt og hún er nefnd í dag

Þótt aldrei fái átt við mig
ömurlegri þrjótur,
skal ég aumkvast yfir þig –
ef þú verður fljótur.⁶³



Beinakerling

Hvað viðkemur íverustöðum förukvenna, þá er óhætt að ganga út frá því að sumir þeirra manna sem hýstu konurnar hafi falast eftir því að sænga hjá þeim. Jafnframt má telja að hluti förukvenna hafi þurft að sænga hjá mönnum til að fá þá hjálp sem þeim var nauðsynleg, svo sem fylgd á milli bæja.⁶⁴ Hér er ekki verið að vísa til heimilda sem miðla því með beinum hætti. Heldur er sú ályktun mín byggð á órofa sögu kynferðisofbeldis karla gegn konum á Íslandi um aldir, allt til dagsins í dag. Inngreypt þekking kvenna á þeirri sögu kom meðal annars fram í samtölum mínum við samtímakonur þar sem förukonur bar á góma. Þá spurðu konurnar mig marg ítrekað: „Þurftu þær að sofa hjá bændunum þar sem þær gistu?“ Það er örðugt að finna bein gögn sem varpa ljósi á þann veruleika förukvenna, en þó má finna vísbendingar um það í sögulegum heimildum sem og í þjóðsögum Íslendinga.

Á fyrsta hluta 19. aldar bjuggu bræður tveir með móður sinni í Múlakoti í Fljótshlíð, sem hétu Jón og Ólafur. Það bar við einn nýársmorgun fyrir dag, að Jón fór að gefa í lambhús. Kom þar þá til hans kvenmaður mjög vel búinn og fremur lagleg. Hún fer að tala við hann og er blíð í máli og spyr hann, hvort hann vilji ekki fylgja sér lítinn spotta. Hann þekkir ekki stúlku þessa og fer því ekki að finnast til og neitar henni því um alla fylgd og er heldur þurrlegur. Þegar það gengur ekki, biður hún hann að eiga sig. Hann neitar því þverlega, því nú fer hann að gruna, að það sé huldukona. Þá biður hún hann að sofa hjá sér, en hann tekur þar þvert fyrir og snarast á burtu frá henni hinn reiðasti og heim. En ekki veitir hún honum eftirför.⁶⁵

Þjó Konráð síðan um hríð með ráðskonum, – en það bar til vorið 1785, er Konráð var á ferð einni eitt sinn, að hann fann á leið sinni mey eina unga, er þá var á vergangi milli bæja, sem margt fólk annað, um þau ár sem Reykjarharðindin stóðu yfir. Mær þessi hét Jófríður Gísladóttir frá Valadal, Jónssonar; hafði hún þá verið nær þrem missirum á flakki þessu. En er þau Konráð fundust, bauð hann henni heim með sér; skyldi hann dvelja fyrir henni 2 eða 3 daga, ef hún kynni tóvinnu. Reiddi Konráð hana að baki sér heim til Valla, og kom svo, að hann gekk að eiga hana um haustið, var hún 19 vetra, en Konráð „vetri minna en hálf sjötugur“.⁶⁶

Í lok þessarar umfjöllunar um úrhrakskonu-ímyndina og kynbundið ofbeldi, þá er hér sett fram heildstæð ævifrásögn af förukonunni Margréti Berentsdóttur sem endurspeglar þá kvenímynd. Saga hennar er einkennandi fyrir sögur margra förukvenna; saga sem miðlar á brotakenndan hátt atburðum úr lífi konu, atburðum sem á sama tíma varpa ljósi á þagnir í sögu hennar og um leið annarra slíkra kvenna. Ævisaga Margrétar er jafnframt um margt ólík ævisögum flestra förukvenna, því Margrét er í þeim hópi förukvenna er komu úr efri stétt þjóðfélagsins, líkt og t.d. nefnd Vilborg Jónsdóttir lögmanns (Söngva-Borga). Sú samfélagslega staða Margrétar hafði áhrif á skráningu heimilda um ævigöngu hennar. Lýsingar á hegðun Margrétar sýna að hún líkt og annað förufólk sem var runnið úr efri lögum samfélagsins, eða taldi sig vera það, notaði gjarnan ætterni sitt sem ákveðna brynju/vörn gegn slæmri framkomu á flakki sínu. Annað einkennandi fyrir sögu Margrétar, er að hún var förukona sem var jafnframt landeigandi. En hún tók vistarverur flakksins fram yfir vist í viðjum. Saga Margrétar var skráð af nefndum Eyjólfu Guðmundssyni sagnaritara frá Hvoli.

Árið 1888, þegar forna Dyrhólahreppi var skipt í tvö hreppsfélög, var til skipta talin meðal þurfalinga Margrét Berentsdóttir, þá á frískum fæti. Var hún lögð til Dyrhólahrepps. Margrét var fædd og uppalin á Ytri-Sólheimum, dóttir Berents Sveinssonar hreppstjóra og danibrogsmanns, Alexanderssonar. Vaxin heimasæta var hún fríð sýnum og myndarleg. Systir hennar, Elsa Dóróthea, giftist Árna sýslumanni Gíslasyni, sem þá var um tíma búsettur í Keldudal. Var altalað á Sólheimabæjum að þegar sýslumaðurinn hafði misst konu sína, falaði hann Margréti, sem þá var ógift, fyrir bústýru. Hafði Margrét svarað því illa og þá máske haft hug á öðrum. Hún giftist Sveini Árnasyni, Högnasonar. Áttu þau nokkur börn saman og bjuggu á Sólheimum, fyrst í sambýli við Berent og um 1870 í sambýli við Vigfús Þórarinsson, sem átti Þórdísi Berentsdóttur. Strax fór að bera á einhverri fásinnu í Margréti eftir að hún giftist Sveini. Og sambýlið milli Sveins og Vigfúsar var stríðsamt. Varð Sveinn að fá sveitastyrk vegna Margrétar og heilsuleysis hennar á árabili 1870-76 og 1877 flæmist Sveinn frá Sólheimum, afhendir konu sína Dyrhólahreppi og 5 hundruð í Sólheimum ásamt lausafé nokkru. Um allt þetta risu svokölluð Sólheimamál milli Dyrhólahrepps og Vigfúsar. Sveinn Árnason tók sig upp frá öllum sínum sökum þar á Sólheimum í hálfgerðri vanhírðu og fluttist suður á Suðurnes vorið 1877 og er þar viðloðinn til 1887, þá drukknaði hann. Margrét Berentsdóttir var fyrst látin til Vigfúsar á Sólheimum og jarðarhundruð hennar skyldi hann nytja upp í meðgjöf hennar. Þar undi Margrét ekki og áttu systurnar ekki skap saman. Þá var Sæmundur Árnason í Sólheimahjáleigu til að taka Margréti og átti að fá með henni til slægna jarðarpartinn. Reis þá milli Sæmundar og Vigfúsar mál um afnot þessara Margrétarhundraða, sem kölluð voru. En Margrét undi ekki heldur hjá Sæmundi og flakkaði um í Mýrdal í ein 25-30 ár og þótti heldur einkennileg. Margrét var stór vexti, feitlagin og alltaf kappklædd, hvort heldur var vetur eða sumar. Mikið fór fyrir henni til að sjá, þar sem hún var á ferð, í dragsíðum vaðmálsþilsum og vaðmálsúlpu og vafin leggóðum klúti um höfuðið. Ekki bar hún nema lítinn pinkil undir hendinni. Hún var hæglát og setti niður orðin, leiddi nokkuð á vangann og fann mikið til sín sem háættaðrar konu. Hvern mann, sem hún talaði um, nefndi hún fullu skírnarnafni, föðurnafni og stundum ættfærði hann, ef henni geðjaðist

að ættinni. Hún sagðist vera Berentsdóttir, Sveinssonar danibrogsmanns, hreppstjóra, formanns og umboðsmanns, stórbónda á Sólheimum og Helgu Þórðardóttur prests og prófasts í 50 ár o.s.frv. Alltaf hafði Margrét verk í höndum, annaðhvort saum eða þrjóna og först allt vel úr hendi. En hafði hvergi yndi nema svosem vikutíma mest. Leið hennar var mjög reglubundin, frá Ytri-Sólheimum bodleið öfuga allt austur að Höfðabrekku. Hún gekk sem mest framhjá karlmönnum og vildi ekki vera nálægt þeim, þar sem hún baðst gistingar. Nefndi hún það við húsmóðurinar, þar þó virðingu fyrri húsbóndanum en gekk framhjá honum svo sem hægt var. Þar sem þess var nokkur kostur, var Margrét látin sofa í sérherbergi fjarri karlmönnum, en yrði hún að sofa í baðstofu, afklæddi hún sig ekki fyrr en allir voru komnir í rúmin og ljós slökkt, að vetri til. Fremur var henni um geð að bæta karlmannsföt en hafði ekki á móti því að þrjóna karlmannssokka, þar sem hún gisti. Þegar svo vildi til að Stebbi Hringur (Stefán Hringdsted), sem líka var umrenningur, kom á sama bæ og Margrét, fór hún þaðan. Ekki vildi hún samnáttu honum og vék úr vegi jafnan, er hún sá til hans. Nokkrir strákar höfðu gaman að því að þykjast vilja sitja hjá Margrétu eða fylgja henni milli bæja, en svo alvarlega tók hún þeim að slíkt varð ekki til skemmtunar. Menn spurðu Margrétu, hvaðan hún kæmi, og hún gaf þess glögga grein: „Ég kem frá Þórdísi systir, Berentsdóttir hreppstjóra og lögskipaðs umboðsmanns,“ sagði hún, og eftir andartak bætti hún við: „og Vigfúsi Þórarinssyni hennar manni, meðhjálpara, kirkjuhaldara og hreppsnefndarmanni.“ Hún hafði svo gíst hjá Ingibjörgu Magnúsdóttur, Ísleifssonar og hennar manni Jóni hreppstjóra, forsöngvara og formanni á Eystri-Sólheimum. Á Höfðabrekku bjó Ólafur Pálsson með bústýru. Þar hitti Margrét ævinlega einhverja systranna dætra Ólafs og bað þær gistingar. Sagðist hún þá hafa gíst hjá Herra Ólafi Pálssyni prófasts, hreppstjóra, umboðsmanni, kirkjuhaldara og alþingismanni á Höfðabrekku og börnum hans. Stundum rakti hún ætt húsbændanna í marga liði, allt til Jóns Hólabiskups Arasonar eða Magnúsar sýslumanns þrúða o.s.frv. Viðast hvar var Margrétu vel tekið og svona fyrst í stað varð hún fróð og hin alminnilegasta. En svo var eins og á hana sækti óeirð og þungir þankar, hún varð að hreyfa sig og skipta um stað. Ein var sögn að í æsku hennar hefði hún verið mjög samrýnd ungum dreng af austursveitum, sem var til sjós hjá föður hennar. Þegar hann vildi svo fá Margrétu fyrir konur, var hún orðin gjörfuleg heimasæta og mikillát og gat ekki fellt sig við svo lítillmannlegt gjafir. Svo samtími hafði þá borið á veiklun hennar, sem hraðóx eftir giftinguna. Aldrei fékkst Margrét um þær eignir, sem henni voru ánafnaðar, og minntist aldrei á heilsu sína né ástæður. Vorkunnsemi þoldi hún ekki og sló út í aðra sálma ef einhver vildi ömkva hana. Rakti ætt sína og útlistaði höfðingsskap foreldra sinna og búskap þeirra Alexandersona. Á efri árum varð Margrét frekar til vandræða vegna óþrifa, því hún skipti ekki fötum mánuðum saman, hirti þó hár sitt, sem bæði var þykkt og sitt. Hún talaði ekki illa um nokkurn mann og þar hvergi slúður milli bæja og aldrei sníkti hún eftir gjöfum, en góðgjarnar konur gáfu henni þá skó eða sokka, föt til skipta og ullarlagð. Þessu safnaði hún saman og fékk geymt á kirkjulofti, þar myndi enginn grípa neitt af því. Ekki bar hún það saman sjálf, menn urðu að koma því til hennar, svo hún gæti gengið frá því í sekk, er kirkjuhaldarinn varðveitti. Margrét gisti einhvern tíma hjá bónda þeim, er Einar hét. Þar var niðursetningur, Jón kúu, einskonar fíráður. Kúa Jón sagði frá því að Einar hefði haldið við vinnukonu sína, svo þau Margrét Berentsdóttir hefðu bæði verið óboðnir vottar að. Spurðu þá margrétu um þetta. Hún sagði aðeins: „Mig furðaði á því, hvað hann Einar þorði að láta hann Kújón sjá til sín.“ Alla tíma meðan Margrét var á auðnuleysisferðum sínum undir ráðstöfun sveitarstjórnar, stóð mesta þjark, málaferli og togstreita um eignir hennar. Málaferlin voru aðallegast milli Vigfúsar og Sæmundar og svo hreppsnefndar Dyrhólahrepps. Spannst af þeim málarekstri óvild og þvaður, en Margrét lét það aldrei til sín taka. Vigfús hafði þá og málaferli fleiri, um slægjuítak frá Hvoltsjörðum. Hann sló þar um nótt og ætlaði að hirða eftir sér. Til að raka tókst honum að fá Margrétu Berentsdóttur, sem þá stundina var til vistar hjá honum. Hvolsmenn urðu brátt

varir við hvað Vigfús hafðist að og tóku heyð að mestu, er Vigfús hafði slegið. Margrét horfði á og rakaði í hægðum sínum: „Þú hefur mikið fyrir lífinu, frændkona og veist ekki fyrir hvern þú erjar“. Margrét leiddi á vangann og hætti að raka: „Hvernig á ég að skilja þetta, Jón frændi? En þú ert vígreiður maður“. Það var á efri árum Margrétar að hún gisti hjá Ólafi H. Jónssyni á Eystri-Sólheimum. Þar svaf hún í kompu sér, sem mátti aflæsa utan frá. Unglingar þar fengu vinnumann Ólafs, er Páll hét, til þess að setjast inn í kompuna hjá Margréti, svo lokuðu strákarirnir kompunni. Margrét ætlaði út en gat ekki opnað hurðina. Sest þá aftur og kastar mæðilega öndinni, tekur fyrir brjóst sér og spyr: „Er þér ekki illt, Páll?“ „Ekki svo mjög,“ svaraði hann stutt. „Mér er að verða illt fyrir brjóstinu,“ sagði hún. Stóð hún enn upp og vildi ná sér í vatn. Þegar Páll gerði enga tilraun að fara og ná í vant, gekk út að kompuhurðinni og kallaði: „Ólafur Helgi Jónsson hreppsnefndaroddviti, deildarstjóri og stórbóndi, skipaðu drengjunum þínum að opna kompuna“. Margrét blés þung mæðinni og undraði mjög hvað Páll gat verið brjóst heill maður að honum skyldi ekki verða flökurt þar inni. Hún hafði aldrei komist í meiri raun.⁶⁷

Förumóðir/ómóðir



Vitstola hún villtist,
veglaus út á klaka.
Barnið sitt við brjóstið
bar hún milli vaka.
Hörð var næturhríðin
húmið ríkti svarta.
Litla barnið liggur
lík við móðurhjarta.⁶⁸

Saga margra förukvenna er einstæðramæðrasaga. Saga af konum sem flökkuðu um barnshafandi og/eða með barn eða börn í fylgd með sér á milli bæja. Sú saga segir frá einstæðum mæðrum sem háðu baráttu við félagsgerð sveitasamfélagsins og miskunnarlaus öfl náttúrunnar, sem hvorugt gerði ráð fyrir tilvist einstæðingsmæðra:⁶⁹ „Sængukonuhellir: Sagan segir, að þar hafi göngukona ein endur fyrir löngu alið barn“.⁷⁰

Vísur Kvæða-Önnu, förukonu á miðöldum.

Til aðvörunar ellimóð
æfinni skal ég lýsa:
Móðir mín var fátækt fljóð,
föromanna gekk hún slóð,
átt sjaldnast eina nótt sér vísa.

Móðurlífi ég fæddist frá
í föli milli bæja,
pokinn varð mín vagga þá
veiku móðurbakinu á, –
úti gangurinn okkur varð að nægja.

Ekkert var í afburðinn
annað heldur en sveitin,
því fæstir vissu um föðurinn, –
en frekr er margur jungkærinn
og áleitinn, en ekki fyrirleitinn.

Aldan sjaldan einstök fer,
urðu börnin fleiri,
hún fékk ei haft af fyrir mér, –
förukonan réttlaus er,
öll er heimil húsgangs bauga-eiri.

Ólst jeg síðan upp á sveit,
átta ég hrakning víða,
æskan sú er ekki teit,
einginn, nema drottinn, veit,
hvað munaðarlausir mega stundum líða.⁷¹

Sögulegar og skáldaðar heimildir af förumæðrum skópu ólíkar ímyndir af förukonumóðurinni í sögunni; *göfuga/ógöfuga förumóðirin* og *óbyrjan*. Ímyndir af förumæðrum eru ekki ólíkar rótgrónum íslenskum mæðraímyndum sem bregður fyrir í íslenskum kveðskap, sálumum og endurminningum afkvæma um mæður sínar, svo eitthvað eitt sé nefnt. Öðrum þræði tengjast ímyndir förumæðra ímyndum vættamæðra í þjóðsögunum, til dæmis tröllmæðra. Þær ímyndir mótast öðru fremur af neikvæðum viðhorfum til einstæðra mæðra.

Á flakk komst fólk af öllu tagi og af ýmsum orsökum... Sumt voru kvenmenn, en þó einkum gamlar kerlingar eða þá lausalætisskepnur, sem þá alloft voru með barn í eftirdragi. Ein þessara kvensa var...⁷²

Göfuga förumóðirin

Hvernig elur kona upp barn á flakki á milli bæja?

Hvernig býr kona að barni sínu á ókunnugum bæ, á meðal ókunnugra manna?

Hvernig sefar kona hungrað barn á hrjóstugri heiði?

Hvernig svæfir kona lítinn anga í hrakviðri?

Hvernig eignast kona barn í auðninni?

Fátæktin var lífsförunautur förukvenna frá upphafi vega. Förunautur sem fylgdi þeim hvert skref í flakkinu, uns því lauk.⁷³ Fátæktin var slitið pils kvennanna og móleit klæði barna þeirra; fátæktin var tómið í mögum þeirra, svengdin sem hvíslaði í köld, agnarsmá eyru; hún var gönguþreytan, ávallt dauðakvíðinn; hún var örvilnanin sem leiddi konur og börn áfram í foráttuveðri - dúnalogni - kuldastormi - vindblæ. Hún var geitur í höfði, hverfandi minning af síðasta bólinu, hún var berir fætur barnanna, tómir vasapokar mæðranna; ákafur ótti við valdið að ofan, ákafur ótti.

En á sumrin komu aumingja flökkukonur undan jökli, og fóru flestar inn í Breiðfjarðardali um slátturbyrjun. Þær komu ætíð við hjá okkur, og sumar voru hjá okkur um tíma, og voru vanalega með 1-2 börn, sem þær reiddu á bak og fyrir. En að sjá klæðnaðinn! Konurnar voru í þrjónpeysum, mórendum, og í pilsgörmum með sama lit, og yfirleitt var allur búningur þeirra og barnanna móleitur. Kom það til af fátækt, því þetta fólk gat ekki keypt lit. En eins og áður var skráð, þá litast sortuliturinn upp við slitið.⁷⁴

Ástæðurnar fyrir því af hverju förukonur flökuðu um með börn sín liggur ekki alltaf fyrir. Það liggur þó beint við að konurnar stríddu við mikla fátækt og lögðust því í flakk með börn sín í því skyni að útvega sér og sínum fæði og gistingu.⁷⁵ Sumar förumæðranna áttu við veikindi að stríða sem hindraði það að þær gætu unnið fyrir sér í vist. Önnur ástæða sem kemur við sögu er að konurnar lögðust í flakk með börn sín svo að þær gætu haldið börnunum sínum. En þekkt er í gegnum alla Íslandssöguna, að börn hafa títt verið tekin frá fátækrum mæðrum sínum. Flestar förukonur voru runnar frá stétt vinnukvenna; kvennastétt sem gaf lítið sem ekkert svigrúm fyrir barneignir og umönnun barna: „En erfitt var á þessum tímum fyrir vinnukonur, sem höfðu börn á framfæri sínu, og eru til margar hörmungarsögur um það“.⁷⁶ Margar vinnukonur með börn á sínu framfæri hlutu því ekki ósvipuð kjör og förumæður. Konurnar lentu á hrakningi með börnin sín á milli bæja og vista, í því skyni að halda börnunum sínum hjá sér.⁷⁷ Hreyfing mæðra og afkvæma þeirra á milli bæja gerði valdhöfum erfiðara um vik að stúa þeim í sundur og senda þau á sitthvora bæina.

Hún hét Halla, einhver kerling sem ég heyrði talað um. Hún var alltaf með einn eða tvo krakka með sér. Hún kom aldrei hér. Ég heyrði talað um hana Suður í Dölum. Gæti vel verið að það væri einhver sem myndi eftir henni þar.⁷⁸

Það var þó fjarri því að mæður gætu haldið börnunum sínum í sveitasamfélaginu með því einu að flakka. Förumæður, líkt og aðrar mæður í Íslandssögunni, þurftu að sjá á eftir börnunum sínum - sumum nýfæddum. Og engin förukona var eins farlama og förukona sem lá á sæng. Ástand sem gerði fólk auðveldara um vik að svipta hana nýbornu barni sínu. Tilvik um förumóður sem lá á sæng og var svipt barni sínu var Marsibil Semingsdóttir (1771-1843), móðir Hjálmars Jónssonar, sem var auknefndur Bólu-Hjálmar.

Göngukonan grillir bæjarhúsin í myrkrinu... Konan guðar á gluggann loppnum höndum. Vinnumaður kemur út á hlaðið. Hún situr eins og ólöguleg þúst við bæjarvegginn. Hann kastar á hana kveðju, en hún tekur ekki undir hana, bara hljóðar, hljóðar eins og dýr. Vinnumaður er kannske ekki meira en í meðallagi gáfaður, en hann kannast við þessi hljóð: svo hljóðar aðeins kona í barnsnauð. Hann kallar inn í bæjargöngin og biður fólk að hjálpa sér. Konan er borin inn í bæ og fötin dregin af henni. Það mátti ekki seinna vera, þessi gestkona utan úr myrkrinu og hriðinni tekur léttasóttina og elur barn svo að segja á baðstofugólfinu á Hallandi... Það þótti níðingsbragð að úthýsa göngulúnu fólki, jafnvel þótt förumenn væru. En þessi gestkona hafði ekki komið ein. Hún hafði lagt frá sér nýjan gest á baðstofugólfið. Íslenzkir bændur voru ekki ginkeyptir fyrir slíku búsilagi. Óskilabörn voru hreppseign, viðfangsefni ómagaframfærslunnar. Þau voru getin í synd og því skyldu þau alast upp við harðrétti, samkvæmt siðalögum íslenzkra sveita. Og því er Jón bóndi Bárðarson áhyggjufullur á svipinn, er hann leit til rekkjunnar, þar sem gestir hans sváfu og teygðu í sig hvíldina af áfergju dauðlúinna manna, sem komnir eru langt að... Jón bóndi skipar einni vinnukonu sinni að búa sig til ferðar. Hún eigi að flytja sveinbarnið til hreppstjórans og henni sé betra að hafa hraðan á, meðan ratljóst sé. Vinnukona þessi, Margrét Jónsdóttir, er ferleg ásýndum og karlmanns ígildi að vexti og burðum. Hún kveðst sosomeg hafa borið þyngri bagga bæjarleið. Eftir stutta stund gengur Margrét að rúmi sængurkonunnar og hefur í hendi sér skinnskjóðu, í henni ætlar hún að bera hvítvoðunginn. Móðirin kyssir soninn og horfir á hann hálfsturluðum augum, en hún mælir ekki orð og henni hrekkur ekki tár, sér upp í horn og dregur brekanið yfir höfuð. Hún sá ekki þennan óveðurssvein sinn í fjóra tugi ára.⁷⁹



Ein birtingarmynd mæðra sem flakka í sögunni er af göfugri förumóður. Hún er móðir sem stendur fyrir utan samfélagið; jaðarmóðir. Móðir sem verndar börn sín og hlúir að þeim á jaðri samfélagsins, líkt og mæðurnar í vattaheimi þjóðsagnanna, sem oft erfitt er að greina frá förumæðrum Íslandssögunnar.

Einu sinni var hún á gangi fram með klettum nokkrum. Heyrir hún þá, að vers þessi eru rauluð hægt og rólega í klettunum...; Þinn dreyraraudi / faðmurinn fríði / fögnuð mér bjóði í andlátsins þín... Þótti konunni líklegast, að vísur þessar væru kveðnar við barnsvöggu.⁸⁰

Birtingarmynd förnfúsu og göfugu förumóðurinnar, er af móður sem hætti eigin lífi og heilsu til að bjarga börnum sínum, hversu mikill sem andbyrinn var. Eins og nefnd Marsibil sem var sögð hafa bjargað syni sínum „úr klónum á höfuðskepnum Íslands; í öllu sínu umkomuleysi hafði þessi snauða göngukona borið sigur af dauðanum“.⁸¹ Sú móðurímynd er svipmynd af móður sem; ól börn sín á grýttum slóða einstæðra förumæðra; ól óvelkomin börn sín inn á heimilum ókunnugra manna; ól börn sín úti í náttúru landsins, eins og vættaverurnar.⁸² Það vekur áhuga að ímynd förnfúsu förumóðurinnar hefur mikla samsvörun við rótgrónar ímyndir af móður í minningaskrifum Íslendinga um mæður sínar.⁸³ Ímynd móðurinnar sem nærir afkvæmi sín á ávöxtum eigin líkama; nærir barn sitt á eigin líkamshita, mjólk, lífi. Telja má að ímynd förnfúsu förumóðurinnar hafi að vissu leyti formast af upplifun manna af eigin mæðrum (þeirra sem eygðu þær og þeirra sem rituðu um þær förumæður). Lýsingar á förumæðrum, líkt og lýsingar almennt af íslenskum mæðrum, svipar um margt til fjallkonunnar:⁸⁴ „Fjallkonan, móðir vor“.⁸⁵ Meðal annars vegna þess að ímynd förumóðurinnar hefur líkt og íslenskar móðurímyndir, sterka vísun í náttúruna. En tengsl förumóðurinnar við íslenska náttúru eru með öllu tilfinningaþrungnari. Enda eru þau tengsl ekki einungis af myndrænum toga, heldur byggja þau á tilvist förumóðurinnar í sjálfri náttúrunni. Fjallkonan, förumóðir vor, er að finna í ljóði förukonusonarins Bólu-Hjálmars um fjallkonuna. Ímynd förnfúsu förumóðurinnar er inngreipt í orð afkvæmis sem tekið var af förumóður sinni, þar sem hún lá á sæng. Í ljóðinu eygir skáldið og förukonusonurinn, förnfúsa móður í fjarska: „Þér á brjósti barn þitt liggur, / blóðfjaðrirnar sögið fær. / Ég vil svarinn son þinn dyggur / samur vera í dag og gær // Líknaðu oss, eða láttu sökkva / í leg sitt aftur forna mær!“⁸⁶ Ásýnd förumóðurinnar í sögunni er einatt tregafull og umvafin þögn, sem vitnar um erfiðleika, fátækt og örvæntingu hennar og barna hennar. Í sumum lýsingum er sem förumóðirin sé hreinlega drifin áfram af trega á flakkinu. Slíkar tregafullar lýsingar eiga ekki síst við syrgjandi förumæður sem misstu afkvæmi sitt og verða í kjölfarið óhuggandi, og leggjast í flakk til að flýja sorgina. Þær lýsingar eiga líka við mæður sem upplifðu þá angist að börn þeirra voru tekin af þeim, sem og við þær mæður sem lifðu með sektarkennd og sársauka í kjölfar þess að hafa þurft að skilja við börn sín - því þær gátu ekki sinnt móðurhlutverkinu frekar en öðrum hlutverkum sem þeim voru ætluð, og urðu frá að hverfa.

Manga er einstæð móðir sem misst hefur barn sitt og þar með alla lífsgleði. Hún velur sér því verganginn og loks að deyja undir sjávarhömrum enda muni hún þá finna barn sitt að nýju í eilífri sælu:⁸⁷

Friðsæl munu fylgjast bæði
fagurt yfir sólarhvel,
ánægð saman una' í næði,
æðstu váðar þiggja gæði;
Förukona! farðu vell!⁸⁸

Sigríður hét kona, sem kom nokkur sumur að Hauksholtum. Hún var alltaf kennd við Hamarsholt. Hún var komin á efri ár, þegar móðir mín sá hana fyrst. Sagt var, að hún hefði aldrei gifst, en einn son eignaðist hún með Gísla Konráðssyni sagnaþul og fræðimanni. Sonurinn hét Konráð. Hann var gáfaður

og bráðduglegur til allrar vinnu, en hann andaðist um tvítugt. Eftir það undi móðir hans hvergi til lengdar, en ferðaðist úr einum stað í annan á meðan orka leyfði.⁸⁹

Á einhvern hátt kom maður frá frönsku skipi upp á Látraströnd. Hvort hann kom sem skipbrotsmaður eða kom í land af öðrum orsökum vissi gamli maðurinn ekki, en hann dvaldi á Látrum á annað ár. Þá var Látra-Björg ung stúlka, eitthvað á milli tvítugs og þrítugs. Þegar foreldrar hennar fluttu frá Látrum, varð hún eftir, þá í bernsku og ólst upp hjá ríkisbónda, sem settist á þá jörð. Látra-Björg var allra kvenna hæst, stórskorin og hafði karlmannskrafta. En mjög var hún augnfögur og hárprúð og hárfögur. Ástir tókust með þeim franska og henni, en þegar franskar skútur komu að rúmu ári liðnu, var hún ein um það að róa með hann að skipshlið og koma honum út í skip. Hvernig þeirra skilnaður var, veit enginn en eftir fáar vikur fór hún alfarin frá Látrum í næstu sveit til efnaðra hjóna, sem höfðu orðið fyrir þeirri sorg að missa þrjú efnilega börn fyrir innan fermingu. Hjá þessum hjónum dvaldi Látra-Björg í eitt ár og þar ól hún dóttir, sem hún sagði franska manningnum föður að. Þegar barnið var skírt, aftók Björg að útlent ættarnafn væri sett við nafn barnsins. En skírnarnafn föðursins var Biblíunafn, og gamli maðurinn mundi ekki, hvort það var Jakob eða Jóhannes, og telpan var skírd dóttir að okkar lands sið. Eftir ársvist á þessu heimili, fór Látra-Björg að ferðast um landið og sagt var, að hún hefði aldrei heimsótt dóttur sína snema nokkru áður en hún dó. Þá lagði hún leið sína á æskustöðvarnar, og hún er grafín í Höfðakirkjugarði. Sagt var, að Látra-Björg hefði skilið allt kvensilfur sitt eftir hjá ómálga dóttur sinni, þegar hún kvaddi hana.⁹⁰

Flakkið sem konur stunduðu með börn sín gerði þær og börnin berskjaldaðri en ella, bæði í villtri náttúrunni og í feðraveldinu. Þau þurftu að þola misjöfn veðrabrigði á ferðum sínum og voru upp á miskunn annarra manna komin hvað skjól varðaði. Stundum voru allar bjargir bannaðar, og flakki kvenna og barna lauk með dauða: „Var því hvíslað, að þeir væru leiknir af förukonunni framliðnu, sem koma þættist hefndum fram við þá fyrir meðferðina á sér og barni sínu“.⁹¹

Sat hún dáin og stirnuð upp við bergið, þar sem síðar heitir Förukonustóll. Í fangi hennar grét sveinninn tvævetri, dúðaður ofan í poka og njörvaður við móðurina með slitinni, mórauðri þrjónaþríhyrnu. Var konan hálfnakín, svo mjög hafði hún tínt af sér föt til skjóls barninu.⁹²

Á þessu ári (1750) missti ein umferðakona eitt barn sitt af þremur af hesti ofan í Blöndu, fannst ei aftur og sagt að örn hafi gripið.⁹³

Tvær stúlkur urðu úti í Laxárdal vestur. Förubarn, 10 ára, týndist í Melasveit.⁹⁴

(Um síðasta illvirki Axlar-Bjarnar): Eftir þeirri sögn fær förukona með þrjú börn sín gistingu að Öxl. Myrti Björn börnin, en konan komst nauðulega undan.⁹⁵

Anno 1518. Kom bjarndýr eitt mikið, rauðkinnungur, á land á Skaga í Skagafirði í Ásbúðatanga, og sá hvergi til íss af sléttlendi, en þó af háfjöllum. Það dýr var soltið mjög, mannskætt og grimmt, það deyddi átta manneskjur, sem voru fátækar konur með börnum, er um fóru, og vissu ekki dýrsins von.⁹⁶

Í lok þessarar umfjöllunar um ímynd göfugu förumóðurinnar í sögulegum og skálduðum heimildum, má nefna sögu um förnfúsa og aldurhigna móður sem hefnir fyrir afkvæmi sitt á flakkinu. Saga Ingibjargar Jósefsdóttur

varpar ljósi á samband förukvenna við börn sín þegar þau eru uppkomin. Hún fjallar um förnfúsa einstæða móður sem hefur misst afkvæmi sitt; saga af móður sem förnar sér fyrir barnið sitt, þó að það sé látið. Förn móður sem misst hefur barnið sitt, er af öðrum toga en förn móður sem á lifandi afkvæmi og færir förnir til þess að hlúa að, næra það og vernda. Móðir sem förnar sér fyrir látið barn sitt sýnir að slíkar förnir náðu út yfir gróf og dauða. Blóðhefnd Ingibjargar vísar til réttlætiskennar sem tók ekki mið af afleiðingum; sjálfsförn móður.

Hún hafði átt dóttur, sem Ingibjörg hét. Náði hún fullorðinsaldri og var að sögn efnileg stúlka. Jón er maður nefndur, kallaður Norðri, því að hann var norðlenzkur. Hafði verið drykkjumaður, svaðamenni og illa ræmdur um kvennafar. Hann átti barn með Ingibjörgu yngri. Dó hún af barnsförum, eða litlu þar á eftir. Taldi gamla Ingibjörg Jón banamann dóttur sinnar og hataði hann lífs og liðinn. Eftir dauða Ingibjargar yngri vildi svo til einhverju sinni, að þau Jón Norðri og Ingibjörg Jósefsdóttir voru á ferð og hittust í Egilsstaðanesi. Hann var ríðandi og mikið drukkinn, en hún gangandi og alsgáð. Urðu þau samferða um stund, unz þau komu að Eyvindaránni. Hún er slétt í botninn, en straumþung, og getur stundum verið vatnsmikil, bæði í vorleysingum og rigningum, og svo var það þessu sinni. Jón leyfði Ingibjörgu að setjast fyrir aftan sig yfir ána. Eftir sögn Ingibjargar hnaust hesturinn, þar sem áin var dýpst. Við það hrökk Jón fram af honum og drukknaði. Hún kvaðst hafa haldið sér við reidfærið og komizt þannig heilu og höldnu yfir ána. Ekki bar á því, að Ingibjörg tæki þetta nærri sér. Sagði hún, að fjandinn hefði mátt taka við Jóni, og þótt fyrr hefði verið. Fór hún um það hinum hraklegustu orðum, hvenær sem það kom til tals. Var ekki laust við, að sumir héldu að hún hefði hrundið Jóni af hestinum í ána og þannig orðið völd að dauða hans.⁹⁷

Ógöfuga förumóðirin

Orðspor kvenna var líkt og í dag, nátengt líkama þeirra. Og orðspor förumæðra dvínaði samhliða því sem börnin uxu í móðurkviði þeirra. Konurnar báru dræmt orðsporið utan á sér; einstæð móðir á hrakningi. Slíkt orðspor gat reynst erfitt konum sem voru háðar dómi mannfélags sem kærði sig ei um aðkomubörn á sinn bæ, í sinn hrepp.⁹⁸ Menn hræddust vanfærar förukonur, þær tóku rými, líkami þeirra tók rými og lítið var á þær sem afætur, sem þurftu að sanna sig umfram alla aðra - til að fá miskunn annarra. Einstæðar förumæður voru óvelkomnar í samfélagi manna, vágestir, rétt eins og einstæðar mæður þjóðsagnanna, tröllmæður og aðrar minni.

Það var biskup, stundum sagði hún að það væri Jón Vídalín, sem var á kvíunum. Það var verið að mjólka. Þá kemur þar förukona sem er komin að því að ala barn, all fyrirferðarmikil. Hún segist vera svo svöng, og að börnin hennar séu svo svöng. Biður biskupinn að láta sig hafa eitthvað að borða. „Og ekki sýnist mér þú vera svo nösulbeina“ segir biskupinn. Þá segir konan „autt er matarrúmið herra“. Biskupinn var þannig við að hann færir henni eina kvíarolluna, og segir að hún skuli hafa þetta, fyrir hvað hún svaraði vel.⁹⁹

En sá orðrómur lék á, að skessa ein byggi í Sparafjallinu, og þóttust menn stundum verða varir við hana. Séra Sigurður sér nú, hvar skessan kemur, og skilur hann, að hún muni vilja ná sér, tekur hann því til flóttu og snýr til bæjar, en hún rennur á eftir, svo að hvorki dró sundur né saman, þar til gjögur eitt skerst inn í landið milli hafnar og bæjar. Þá rennur prestur yfir gjögríð, en skessan, sem var ólétt, stendur við á barminum og segir: „Þungar gerast nú barnsmæðurnar“, og varð hún að krækja upp fyrir, en það dró baggamuninn, svo að prestur var kominn í kirkjuna, þegar hún var komin á (kirkjugarðs)vegginn. Tekur prestur þá í klukkurnar og hringir, en skessan stendur við á kirkjugarðinum og segir: „Stattu aldrei, armur“, og þykir sóknarbúum það hafa ræzt helzt til vel. En upp frá því varð enginn var við skessuna.¹⁰⁰

Helga Agnesardóttir (1751-1834) var förumóðir komin af förumóður.¹⁰¹ Ævi Helgu skiptist í tvö horn. Annars vegar þann tíma sem hún flakkaði á barnsaldri, sem einstæðingur og síðar sem förumóðir. Hins vegar þann tíma sem hún var í vist. Það var þó flakk Helgu sem skilaði henni í heimildasafn sögunnar „og er það tilviljun ein, að við nú vitum lítið eitt um raunasögu hennar“.¹⁰²

Móðir hennar hafði líka verið förukona og var sagt að hún hefði átt Helgu upp á Laxárdalsheiði eða í afrétti, en dregist svo með barnið í fanginu til Sólheima. – Ekki var vesalings Helga feðruð, því að móðir hennar hafði ekki frekar en aðrar förukonur verið við eina fjölinu felld, og þess vegna var Helga kennd við móður sína og kölluð Agnesardóttir, þó að móðirin nefndi einhvern förukarlsræfil sem föður að barninu... Þegar loks hafði verið komið fermingu á Helgu og þegar hún var komin í vist út á Skarðsströnd, hafði það ólán hent hana, að eignast tvö börn í lausaleik. Barnsfaðirinn hafði verið aumingjamenni, sem ekki gat unnið fyrir börnunum og komust þau á sveitina, en það varð til þess, að Helga var hrakin úr hreppnum og komst á vergang.¹⁰³



Helga var einstæð móðir í vist uns hún var hrakin á brott úr sveitinni, og varð einstæð móðir á flakki. En förumóðirin sneri aftur á Skarðsströndina þaðan sem hún hafði verið gerð útlæg, og gekk að nýju með barni. Sýslumaðurinn Magnús Ketilsson skipaði henni að halda burt frá Skarðsströnd og flakka um Dalasýsluna með barn sitt. Jafnframt hótaði hann henni því að hún myndi rata í gapastokkinn ef hún sneri aftur á Skarðsströndina: „Þannig voru kjör þeirra kvenna, fyrir 150 árum, sem henti það ólán, að eiga barn með manni, sem ekki vildi viðurkenna fadernið eða var þess ekki megnugur, að gefa með barninu“.¹⁰⁴ Helga hefur ímynd hinnar *ógöfugu förumóður* sem er bendluð við leti og lauslæti. Móðurímynd sem fellur að konum er hlupu úr vistum og áttu börn á

flakki sínu, líkt og Helga; „var gangan farin að þyngjast fyrir henni með barnið, sem nú var orðið 3 ára, því að nú var hún, vesalingurinn, orðin vanfær einu sinni enn“.¹⁰⁵ Ásýnd ógöfugu förumóðurinnar er ekki bendluð við móðurhlutverkið, heldur miklu fremur við sjálfan getnaðinn þegar barnið kom undir. Þessi ímynd ógöfugu förumóðurinnar er skörp andstæða ímyndar göfugu og förnfúsu förumóðurinnar, sem hefur að ákveðnu leyti ásýnd Maríu meyjar; móðirin með barnið eingetið: „Þegar hún var komin að falli og Strandamenn voru orðnir hræddir um að hún fæddi barnið þá og þegar, svo að það yrði sveitlægt hjá þeim, var hún tekin með valdi og flutt sárnauðug suður á næsta hreppinn í Dalasýslu...“¹⁰⁶

Þórdís Einarsdóttir (f. 1731) er enn eitt dæmið um konu sem birtist í sögunni sem ógöfug förumóðir. Þórdís, móðir Hreggviðs skálds á Kaldrana, var sögð vera förumóðir sem setti eigin hagsmuni ofar hagsmunum barns síns á flakkinu (var líka kölluð Hreppa-Dísa eða Þórdís Hreggviðsmóðir).¹⁰⁷ Þórdís var talin vera af góðum ættum „og átt frændur meiri háttar, þótt lítt nyti hún þess“.¹⁰⁸ Hún var sögð vera einkar greind kona og hagamælt, en greind hennar mátti sín einskis í gamla bændasamfélaginu: „Hún virðist hafa verið heldur laus í ráði, engin eljukona, og þess vegna ávallt fátæk og löngum á hrakningi“.¹⁰⁹ Þórdís er túlkuð sem ógöfug förumóðir í sögunni, sem tók til þess að hún hefði átt að búa syni syni sínum gott heimili því starfsþrek hennar hefði verið nægt.

Hvert sem verið hefir faðerni Hreggviðs, er víst að faðirinn lét hann afskiptalausán og uppeldi hans. Móðir hans var heldur ekki sú atgerviskona, að hún gæti unnið fyrir honum í vist. Drengurinn lenti því á sveitinni og móðirin með, kona fullvinnandi, á fertugsaldri.

Í minningaþættinum „Hreggviður skáld á Kaldrana“, er Þórdísar minnst sem móðurinnar er fórnadi möguleikum sonar síns til menntunar og frama fyrir eigin velgengni á flakkinu: „Bezta tækifærið tók skammsýn og sérgóð móðir frá honum“.¹¹⁰ Þar með fær sjónarhorn móðurinnar sem vill halda barni sínu hjá sér ekki rými í sögunni; sjónarhorn móðurinnar sem treysti ekki biskupi fyrir barni sínu; sjónarhorn móðurinnar sem ól son sinn upp sjálf.

Þórdís vildi ekki skilja son sinn við sig og flæktist með hann milli framfærsluhreppanna. Er hann varð það vaxinn, að hann gat fylgt henni eftir, tók hún það ráð, sem þá var algengt, að flakka með hann um sveitir. Fór hún víða og var misjafnlega tekið eins og oftast var um förufólk. Þó að það væri mörgum hvítleitt, þótti illa gert og ólánsvottur að úthýsa því eða synja alveg um mat... Hreggviður ólst upp á þessum útigangi. Hann var snemma skýr og námgjarn og þegar á unga aldri vel hagorður. Það var eitt sinn á flakki sínu, að Þórdís kom að Hólum í Hjaltadal. Hélt hún þar kyrru fyrir um hríð, en sveinninn Hreggviður gerði sig heimakominn og slangraði í híbýli biskupsins, Gísla Magnússonar. Hann tók drenginn tali og spurði hann að heiti og ætt og margs annars, en strákur leysti skilmerkilega úr spurningum hans. Fannst biskupi mikið til um grein Hreggviðs og orðheppni. Hann lét kalla Þórdísi fyrir sig og bauðst til að taka af henni drenginn, ala hann upp og manna. Því boði hafnaði Þórdís. Ætluðu menn, að henni gengi það til, að hún byggist við verri greiða, ef hún flakkaði barnlaus.¹¹¹

Fáar heimildir eru til um æsku og/eða fullorðinsár einstaklinga sem áttu förukonu sem móður. Saga Þórdísar og Hreggviðs hefur því ákveðna sérstöðu í sögunni, ekki síst í ljósi þess að hún lýsir ævi förubarnsins Hreggviðs, allt frá flakkinu til æviloka hans. Og um leið sambandi mæðginanna, frá flakkinu til æviloka Þórdísar: „Er Hreggviður óx fiskur um hrygg með aldri og þroska, hætti hann flakki með móður sinni og vann fyrir sér sjálfur“.¹¹² Hreggviður sótti sjóinn, uns hann kvæntist ekkju er átti þrjú börn og hóf að stunda búskap: „Forsjálni hans og búhyggindum hefir verið áfátt og hann skort elju og ástundun við búskapinn“.¹¹³ Ómegðin hlóðst upp, Hreggviður og kona hans eignuðust saman níu börn, sem flest dóu í bernsku: „Móður sína, er nú var gömul orðin, tók Hreggviður af vergangi og ætlaði sér að ala önn fyrir henni þaðan í frá, meðan hún lifði“.¹¹⁴ En Hreggviður átti í miklum erfiðleikum með

að sjá fyrir svo stórrí fjölskyldu, og einn daginn var hann kallaður til reikningsskapar af hreppstjóranum. Hann varð að skilja við konuna sem aldrei skildi við hann á ferðum þeirra. Það verður að ætla að hafi verið mjög þungbær reynsla fyrir soninn Hreggvið.

Með ráði hreppstjóra neyddist Hreggviður til að létta á fóðrum hjá sér. Móðir hans, sem nú var varla fær til flakksins lengur á eigin spýtur, gömul, komin yfir sjötugt, var send á hreppinn sinn, Torfalækjarhrepp. Gamla konan var ekki komin að því að kveðja enn. Hún slórði lengur í þessum heimi en þeim fannst í hófi, er sjá þurftu um framfæri hennar. Hún dó 11. ágúst 1820, um nírátt, „karllægur hreppsómagi“, segir kirkjubókin.¹¹⁵

Saga Þórdísar og Hreggviðs, gefur til kynna að gott samband hafi verið á milli mæðginanna. Og má ætla að viðhorf Hreggviðs til móður sinnar hafi verið annað og betra en viðhorf sögunnar til Þórdísar Hreggviðsmóður.¹¹⁶

Synir förukvenna

(Vilborg Jónsdóttir/Söngva-Borga) Átti barn með drengtetri, varð síðast úti.¹¹⁷

Heimildir um förubörn sýna að meira er fjallað um förudrengrí en förustúlkur. Þegar lítið er til heimilda er segja frá förudrengrum og ævi þeirra, þá miðla ítarlegustu heimildirnar gjarnan mynd af gáfuðum og skáldmæltum einstaklingum. Áðurnefnd skáld, Bólu-Hjálmar og Hreggviður Kaldrana, voru synir förukvenna sem með eigin lífssögu leiddu mæður sínar inn í ritaðar heimildir sögunnar.¹ Sögur þeirra Þórdísar og Hreggviðs, og Marsibilar og Bólu-Hjálmars, eru dæmi um það að förubarn nýtur slíkrar hylli að það ratar fyrir vikið í söguna og móðir þess með. Sem dæmi þá var Þórdís íðulega kennd við son sinn, kölluð Þórdís Hreggviðsmóðir. Hins vegar var Hreggviður ekki nefndur Þórdísarson, jafnvel þótt að móðir hans væri einnig skáld, enda var hún kona.

Einstaklingar sem flökkðu með mæðrum sínum, stúlkur og drengir, þróðu með sér eins og gefur að skilja vissa hæfileika út frá flakkinu, á borð við orðsnilli. Geir, sonur förukonunnar Þórdísar hinnar Lygnu, sem kemur við sögu í *Sturlu sögu*, þótti ekki efnilegur þjóðfélagsþegn. Flökkubakgrunnur Geirs hafði án efa áhrif á útleðarlíf hans um leið og hann gerði honum kleift að lifa slíku lífi: „Þóroddur Grettisson hét bóndi mikill og sterkur. Hann gat son við Þórdísi hinni lygnu. Hún var göngukona. Sá sveinn hét Geir og var hinn mesti óaldarmaður, stulda maður og útilegu. Hann var svo skjótur á fæti að engi hestur tók hann“.¹¹⁸ Telja má víst að förulífurni Geirs í æsku hafi lagt grunninn að lífi þessa fótfráa útilegumanns. Þá skal nefna skáldmæltan förudreng sem Oscar Clausen kynnti til sögunnar. Sá drengur, líkt og Hreggviður og fleiri förubörn, kunni að svara fyrir sig enda var kjafurinn þeirra helsta amboð. Orðsnilli þeirra í viðureignum við aðra var ugðlaust stór hluti af upphafningu þeirra. Snilli sem mótaðist að vissu leyti af bágrí stöðu þeirra.

Þegar síra Gunnlaugur Snorrason var prestur á Helgafelli (1753-1781), var hjá honum kaupmaður, er hét Jón Helgason, en hann var faðir Helgu, konu Sigurðar Jónssonar á Gufuskálum. Hann var hagnætur og hefur kveðið Göngu-Hrólfsrímur. Jóni var vísað á völl í Helgafellstúni, sem kallaður var Neðri-Kinnarvöllur, og tók hann þar til sláttar. Þá bar að förudreng, sem bað prest um að lofa sér að vinna fyrir fæði sínu. Presturinn tók drenginn og vísaði honum til sláttar á svonefndan Efri-Kinnarvöll - og skilur gata vellina. - Jón var í viku að sló völl þann, sem honum var ætlaður, en drengnum dvaldist í hálfan mánuð með sinn, enda var hann sagður verri yfirferðar og grýttur. - Það var um skattinn einn

morguninn, að drengurinn kom til prestsins og sagði honum, að nú væri hann laus úr vellinum. Jón heyrði til þeirra, þar sem hann sat yfir máltíð sinni, gall við og mælti:

„Hettuna á hausnum ber
hvít eru augna greyin,
völlur kinnar efri er
upp með háðung sleginn“.

Það fauk í strákna, þegar hann heyrði vísuna, og svaraði hann þegar með annarri vísu, sem er þannig:

„Þræll, sem hefur þetta ort
þjófs í snöru hangi,
inn um dýrðar eilíft port
aldrei bið ég gangi“.

Jóni þótti nóg um bölbænirnar og beiddi drenginn að kveða ekki meira að svo góðu, sagði að sér hefði aldrei brugðið eins illa við nokkra vísu. Strákur sagðist geta bætt við hann annarri og þeirri þriðju, en fyrir þrábeiðni Jóns lét hann af því.¹¹⁹

Nefndar sagnir af förudrengjum vitna um frelsisþrá þeirra og ístöðuleysi, óháð því hvort þeir í æsku sinni flökkkuðu eður ei með förumæðrum sínum. Lýsingar þar að lútandi vitna um frjálsleg og að segja má jákvæð viðhorf almennings til slíks sjálfstæðis drengja förumæðra, ólíkt því sem gildi t.d. um fyrrnefnda förukonudóttur Helgu Agnesardóttur.

Það skal nefnt að flakk barna var ekki bundið við að foreldrar væru með í för. Dæmi um slíkan flökkueinstæðing er Bæringur, sem fjallað er um í bókinni *Utangarðs?* Sögur fara af honum þar sem hann átta ára gamall er á flakki í Borgarfirði á 19. öld. Ekki þarf að fjölyrða um varnarleysi förubarna í slíkri stöðu.

Til eru sagnir af því einhvern tíma á 19. öld hafi flakkað um Borgarfjörðinn ungur drengur. Hét hann Bæringur og var á áttunda ári þegar þetta var. Þegar hann var á þessu flakki sínu um Borgarfjörðinn var hávetur og bar hann með sér hálfkláraða litla skútu. Þegar hann kom að bæjum settist hann jafnan við að vinna áfram við að gera skútuna. Bæringur var hógvær og lét lítið fyrir sér fara. Hann borðaði það sem að honum var rétt og var fólk oftast að gefa honum mat sem hann átti gott með að borða en einstaka sinnum mun hann hafa fengið mat sem hann átti erfitt með að borða eins og glerharða þorskhausa. Hver ástæða þess var að þessi ungi drengur lagðist í flakka á þessum árstíma mun efalaust aldrei upplýsast, né hvaðan hann kom en hann mun hafa verið ættaður af Vesturlandi. Hvað varð um þennan unga flökkudreng er ekki vitað en sagan segir að hann hafi orðið nýtur þjóðfélagsþegn þegar hann óx úr grasi.¹²⁰

Óbyrjan

Hann var snar í hreyfingum, og varðist svo frækilega með öxi sinni, að enginn þorði að ganga að honum. Að lokum tókst þó Skrælingja einum að skjóta hann með töfraör, er gerð var úr ysta þverparti úr mjaðmarbeini óbyrja konu.¹²¹

Móðurímyndin *óbyrjan* hverfist um förukonur sem aldrei eignuðust barn; misstu barn við fæðingu; eða misstu föstur.¹²² Líkami óbyrjunnar er andstæða við líkama hinnar göfugu förumóður, sem er tákni fyrir uppsprettu lífs. Hann er líka andstæða við líkama hinnar ógöfugu förumóður, sem er ásýnd taumlausrar frjósemi. Líkami óbyrjunnar er geldur; kvenlíkami án hlutverks í gamla bændasamfélaginu. Líkami sem gat ei skapað barn, ei borið barn, ei nært barn; þurr uppspretta - ómóðir. Ímynd óbyrjunnar er víða að finna í heimildum af förukonum. Einkar margar förukonur sem koma fyrir í sögulegum heimildum áttu ekki börn.¹²³ Hins vegar þarf að hafa í huga að heimildir um förukonur taka nær undantekningarlaust til lítills hluta ævi þeirra, og því er oftast margt á huldu um fortíð þeirra, þ.m.t. hvað varðar barneignir og/eða barnsmissir. Getuleysi förukvenna til barneigna var notað sem útskýring á því hvers vegna konurnar flökkuðu; konur sem gátu ekki sinnt því sem talið var æðsta hlutverk kvenna, móðurhlutverkinu. Það var líkt og líkami þeirra kvenna hafi skipað þeim á jaðar samfélagsins; óbyrjur/óbyggilegar mæður sem örlögin létu feta stigu óbyggðanna.

Dalrún: Mér var líka sagt að það hafi verið maður sem

Elinborg Kristjánsdóttir: Sem misnotaði hana. Já þetta heyrði ég líka. Það var talað um þetta nokkuð mikið. Hún var dálítið sver. Ég heyrði það, hvort sem það er satt eða rétt í því, ég skil það ekki - að það hafi þornað upp föstrið í kviðnum á henni. Ég veit ekki hvort það er mögulegt, fræðilega. En þetta var álitid.¹²⁴

Ómar Ragnarsson: Hún var kölluð Gelda-Manga, eftir að hún missti barnið sitt í fæðingu. Sem er auðvitað óheyrileg grimmd. Að kalla manneskju einhverju sem þeir kalla bara dýr“.¹²⁵

Förumæðraímyndin *óbyrjan* á líka við um förumæður sem gengu gegn „hlutverki móðurinnar“, óviljugar og/eða viljugar. Förukonur sem deyddu börnin sín við fæðingu. Hér um ræðir förumæður sem höfðu *móðurlíkama* - líkama sem gat alið af sér afkvæmi. Hins vegar voru þær taldar búa yfir eðli sem var andstætt líkama móðurinnar; drápsæðli. Mæður sem fórnðu börnum sínum, ólíkt göfugu förumóðurinni sem fórnaði sjálfri sér fyrir börn sín. Flakkandi ómæður skildu nýborin börn sín eftir í náttúrunni, í huliðsheimi þjóðsagnaveranna - því að samfélag manna gerði ekki ráð fyrir barneignum utan hjónabands. Förumæður báru ekki börnin sín út, þær höfðu enga fasta búsetu, heldur skildu förumæður börnin eftir á flakki sínu. Útburður fyrri alda kvenna var einskonar fyrri alda föstureyðing.¹²⁶ Að undanskildu því að föstureyðingar nútímans eru aðgerðir á líkama kvenna sem vitna um frelsi kvenna til að ráða yfir eigin líkama. Útburður á börnum sýnir hins vegar fram á frelsisleysi kvenna fyrri alda til að ráða yfir eigin líkama. Til er frásögn í dómsskjölum frá 1656, þar sem fjallað er um líkama förumóðurinnar Sigríðar Gunnarsdóttur, sem sökuð var um að bera barn sitt út. Lýsingin rataði inn í söguna vegna skráningar í dómsbók sýslumanns. Í skýrslutökum var líkami kvenna iðulega notaður sem sönnunargagn gegn þeim sjálfum, er réttað var yfir konum í svonefndum dulsmálum;¹²⁷ „opinberlega meðkenndi að hún hefði sig mjólkað á Stapanum, svo og í annan máta sýndi hún oss sín eigin brjóst og þau togaði svo út kom lítill vökvi sem var að lit brjóstamjólk“.

Í fyrstu, er áðurgreindur yfirvaldsmaður fyrir oss framlagði, að fyrrnefnd Sigríður hefði á kóngsins garði Arnarstapa komið á umliðnum haustúma og þar náttað, sem annað fátækt umferðarfólk, og á hverjum þar stöddum kvöldúma þá hafi hún sín eigin brjóst togað og til mjólkur mylkt, hver þó oftnefnd Sigríður

að almúga rómi mey eður stúlka haldin var. Virtist því oftnefndum sýslumanni þetta nokkrum nýmælum við víkja og því þing þar um hafa verða. Svörum því svo þar til að vér höldum hann ei þetta þing án nauðsynja tilsett hafa því yfirvaldinu ber vigtuga grannskyggni um að hafa að ei stórbrestir og straffsverðug hneyksli hegningarlausa líðist. Var nú á þessu þingi fyrir vorum dómi stödd fyrrnefnd Sigríður og opinberlega meðkenndi að hún hefði sig mjólkað á Stapanum, svo og í annan máta sýndi hún oss sín eigin brjóst og þau togaði svo út kom lítill vökvi sem var að lit brjóstamjólk. Í annan máta hafði oftnefndur sýslumaður títjtáða Sigríði frammar aðspurt og um hennar efni rannsakað, í hverri sinni nefndri rannsókn hún auglýsti sig með Lofti Jónssyni fallið hafa í hórdómi. En þá svo þessum dómi komið var meðkenndist oftnefnd Sigríður Gunnarsdóttir óneydd í allan máta fyrir yfirvaldinu og þingaprestinum, ásamt oss og öðrum þingmönnum, að hún á þessu hausti af sér fætt hefði barnsskepnu fyrir sunnan Hítará, sem stundarkorn hefði hljóð af sér gefið og enginn maður hefði hjá sér verið, og þar sama staðar eftir skilið. Því, í guðs nafni amen og að heilagsanda náð með oss tilkallaðri eftir fyrrnefndri barnsförgun, dæmum vér fyrrnefndir dómsmenn með fullu dómaatkvæði hana sitt líf forbrotið hafa og yfirvaldið skyldugt til að vera það straff á að leggja.¹²⁸

Þegar ég var ung stúlka á Hafsteinsstöðum hjá afa mínum, og var að fara í fjósið á vetrarkvöldum, þá kom það iðulega fyrir í svipuðu veðri, að ég og við fleiri, sáum ljós, rauðleitt flöktandi ljós, sem bar milli bæjanna Kárastaða og Hróarsdals, stundum var kyrrt, en oftast flöktandi... Afi sagði mér, að það hefði fyrrum verið altalað í Hegransinu, að einmitt á þessum stað hefði förukona fætt barn í dul og grafið það í urðina undir klöppinni nálægt aldamótunum 1800, þá trúir ég að Stóridómur hafi enn verið í gildi.¹²⁹

Sjálfsmynd förúkvenna





Vigdís Ingvadóttir

Förukonur og förumenn töluðu sum um sig í þriðju persónu.¹³⁰ Þegar að aðili talar um sig í þriðju persónu þá er viðkomandi tímabundið að aðskilja sig frá sér sjálfum. Með því getur einstaklingur til dæmis hrósað sér sjálfum, og/eða gagnrýnt sig sjálfa. Yfirleitt hefur það verið talið merki um hégóma og yfirburðsmiklar hugmyndir einstaklinga um sig sjálfa, ef þeir tala um sig í þriðju persónu.¹³¹ En slíkt var ekki tilfellið á meðal förumannalýðsins horfna. Þvert á móti. Tilhneiging förufólks til þess að tala um sig í þriðju persónu snerist ekki um að upphefja sig frammi fyrir öðrum. Í fyrsta lagi þá töluðu sumar förkonur um sig í þriðju persónu, til þess að kalla fram samúð annarra. Þær sögðust gjarnan eiga bág og fleira í þeim dúr, til að tryggja sér ölmusu annarra: „Ég get ekki hugsað mér að fara á gamalmannahæli og setjast þar í helgan stein, ég held það mundi ekki eiga við hana Stínu litlu“.¹³² Í öðru lagi má rekja þessa tilhneigingu förkvenna til gífurlegrar minnimáttarkenndar. Konurnar gerðu gjarnan lítið úr eigin verðleikum, drógu úr eigin ágæti og greind og uppnefndu sig. Orðin „þetta gat ég þó vitlaus sé“ sem förkonan Imba slæpa hafði á hraðbergi, er dæmi um slíkt.¹³³ Ætla má að þau viðhorf og þau uppnefni eigi rót sína að rekja til fortíðar kvennanna, þar sem þær voru sumar hlutgerðar og komið fram við þær eins og húsdýr, eða verr. Það sýnir að konurnar horfðu alla ævi á sjálfa sig út frá augum þeirra sem mátu þær lítills eða einskis. Í ljósi einmanaleikans sem hrjáði margar förkonur, þá má líka gera sér í hugarlund að hluti kvennanna hafi talað um sig í þriðju persónu til að skapa ákveðna fjarlægð frá *sjálfnu*. Sú fjarlægð ljáði förkonum færi á að sýna sjálfum sér samhug, sem hefur reynst dýrmætt fyrir konur sem áttu alla jafna enga eða fáa að.

Dalrún: Vigga kallaði sig stundum aumingjann?

Sigþór: Já mjög oft, aumingjann eða stelpuna. Það voru helst þessi tvö orð sem hún hafði um sjálfa sig. Hún talaði aldrei um sig sem svona verulega manneskju. Hún hafði aldrei þau orð um sig sjálf.

Dalrún: Afhverju heldur þú að það hafi verið?

Sigþór: Jah þetta hefur bara verið vani, að tala svona niður til hennar.¹³⁴

Sjálfsmynd förkvenna markaðist ennfremur af einsemdinni í lífi þeirra, sem kemur víða fram í heimildum af þeim konum. Í heimildum af síðustu förkonum Íslands kemur fram að sumar kvennanna höfðu miklar áhyggjur af því hvort að einhver myndi mæta í jarðarför þeirra, þ.e.a.s. þær óttuðust að enda lífsgöngu sína aleinar.¹³⁵

Birna Stefánsdóttir: Gréta sagði svo oft við okkur: „Þið eruð nú börnin mín og þið verðið að sitja í kringum kistuna hennar Grétu“.¹³⁶

Jafnvel þó svo að einsemd, andleg veikindi, erfið lífsganga og minnimáttarkennd einkenni sjálfsmyndir förkvenna að miklu leyti, þá bjuggu margar þeirra vissulega yfir stolti og trú á eigin ágæti. Sumar hreyktu sér jafnvel af því að koma af merkum mönnum, vera af góðri ætt. Meðan aðrar litu á sig sem skugga sem teygði sig yfir heilu kynslóðirnar af eigin ættboga, eins og nefnd Jófríður Þorkelsdóttir.¹³⁷

Misjafnt var hvort að konur sem ferðuðust á milli bæja sér til lífsviðurværis, upplifðu sig sem förkonur; hvort að ímynd förkonunnar var samofin *sjálf* þeirra. Sumar af þeim konum sem titlast förkonur í sögunni upplifðu sig sjálfar ekki sem förkonur; tóku jafnvel á sig gervi orlofskvenna á ferðum sínum. Konur sem voru af sumum taldar hafa flakkað sér til ánægju og yndisauka: Í slíkum tilfellum verða skilin á milli ferðakvenna og förkvenna, óljós. En um leið er það áminning um að flakkið var líka tengt þörf fólks fyrir félagsskap og tilbreytingu í líf sitt: „Hún flakkaði. En hún vildi sýnast svo, sem væri hún alltaf í orlofsferðum. Kom hún því oft með eitthvað með sér og vildi gefa húsfreyjunum. En það kostaði gjöf aftur, er kerlingin fór. Þótti því mörgum hvimleiðar gjafir hennar, og vildu sumir ekki taka við þeim“.¹³⁸

Síðan ber að minnast á *falskar sjálfsmyndir* förukvenna í sögunni. Hér er átt við tilvik þegar einstaklingar sem segja sögur af förukonum, setja sig í spor þeirra og miðla „þeirra sjónarhorni“, þeirra reynsluheimi, út frá eigin sjónarhorni. Falskar sjálfsmyndir er víða að finna í bókmenntaheiminum, ekki síst innan skáldskaparhefðarinnar. Þær ímyndir geta haft mikil áhrif á viðhorf fólks til viðfangsefnisins, ekki síst hvað varðar hópa fólks sem litlar heimildir eru til um er miðla þeirra sjónarhorni, líkt og í tilfalli förukvenna.

Rændu sólu rökkur dimm
reynslu skóla ganga,
því mig ólu örlög grimmi
undir njólu vanga.

Fyrir var hali heitbundinn,
hlýju falin vona,
ein við dalaþóann minn,
má ég hjala svona.

Sá, sem átti ylinn þann,
undi smátt þeim hita,
allt fór lágt, því eg og hann
aðeins máttu vita.

Heimsins blíða er söm við sig,
syrtur lýða veginn,
kaus hann Fríðu, en kvaddi mig,
köldu níði sleginn.¹³⁹

- ¹ Sumarliði R. Ísleifsson, *Tvær eyjar á jadrinum*, bls. 22-23.
- ² Sumarliði R. Ísleifsson, *Tvær eyjar á jadrinum*, bls. 22.
- ³ „Kristján hólasmafi“, bls. 194. Þjóðsaga af förukonu að nafni Anna, sem dvaldi á Hólum þegar segir frá henni.
- ⁴ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifting“, bls. 3-5. Sjá einnig: *Á mörkum mennskunnar*, bls. 146.
- ⁵ Um lýsingar á tröllkonum sem karlalegum og gróteskum kvenpersónum hefur verið fjallað um af Helgu Kress í *Máttugar meyjar*; Ármanni Jakobssyni í greininni „Identifying the Ogre the Legendary Saga Giants“; og af Aðalheiði Guðmundsdóttur í grein hennar „Behind the cloak, between the lines“, bls. 338.
- ⁶ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútmans konur*, bls. 191-192.
- ⁷ Skv. Mimi Schippers er úrhak persóna sem hefur ekki tilvistarrétt og stendur á útmörkum samfélags manna. Sjá „Recovering the feminine other“. Erla Hulda Halldórsdóttir fjallar um hugtakið úrhak í *Nútmans konur*, bls. 191. Sjá einnig skilgreiningu Helgu Kress á hugtakinu úrkast í „Dæmd til að hrekjast: Um ástina, karlveldið og kvenlega sjálfmynd í Tímaþjófum eftir Steinunni Sigurðardóttur“, bls. 83. „Sú manneskja sem er úrkast er hvorki súbjekt né objekt, heldur fallið viðfang. Hún er útlæg úr umhverfi sínu og full af ógeði á sjálfri sér og eigin líkama“.
- ⁸ Birtingarmynd förucarla og tröllkarla er gjarnan „kynlaus“. Sjá skrif Auðar Magnúsdóttur um karla á miðöldum í „Móðir, kona, meyja“, bls. 89. „Það gat þá gerst að mestu hetjur yrðu kynlausar með háum aldri“.
- ⁹ Guðrún P. Helgadóttir, „Látra-Björg“, bls. 6.
- ¹⁰ Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsóttir, *Utangarðs?*, bls. 42-46. Um Kristínu Pálsdóttur.
- ¹¹ Birtingarmynd förukvenna og tröllkvenna í sögunni má líka rekja til sjónarhorna barna sem börðu þessar aðkomukonur/förukonur augum. Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifting“, bls. 4-5.
- ¹² Í Landnámu segir að Þjórsdælir vildu grýta Þuríði Arngeirsdóttur til dauða fyrir tröllskap. Fjallað er um aftökuaðferðina grýtingu í Móseslögum.
- ¹³ Árni Björnsson, *Íslenskt vattatal*, bls. 14.
- ¹⁴ Fjallað hefur verið um Grýlu af Valgerði H. Bjarnadóttur, „Grýla ekki flagð heldur gyðja myrkurs og móðir ljóssins“ sem birtist í *Sagan öll* 14 (2014). Einnig má nefna útvarpsþáttinn *Hér er Grýla* þar sem m.a. þjóðfræðingarnir Kristín Einarsdóttir, Aðalheiður Guðmundsdóttir og Dagrún Jónsdóttir fjalla um Grýlu og viðhorf manna til hennar. Þar kemur fram að Grýla, líkt og förufólk, var óvelkomin inn á heimili manna. Sjá einnig: Kristján B. Jónsson *Kvennablaðinu*, „Óttinn við Grýlu var ótti við förufólk“, um Grýlukvæði Stefáns Ólafssonar.
- ¹⁵ Í sögn af náttkessu einni kemur fyrir bein ræða skessunnar þar sem fjallað er um fegurð landsins á tímum vattanna, fyrir landnám mennskra manna. Lýsingin vottar um jafnrétti á meðal vattanna á eyjunni og bera því vitni að skessan er hallari undir ásatru en kristni; „og mó segja að allt geingi fyrst meinfangalaust meðan menn þessir trúðu á Óðin og Þór og alla Æsi“. Sjá *Íslenskt vattatal*, bls. 107.
- ¹⁶ Guðrún P. Helgadóttir, „Látra-Björg“, bls. 6.
- ¹⁷ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifting“, bls. 4.
- ¹⁸ Helga Kress, *Máttugar meyjar*, bls. 119-120.
- ¹⁹ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifting“, bls. 4. Fjallað er nánar um háð förukvenna í kaflanum sem tekur til tjáningar jaðarkvenna.
- ²⁰ Guðrún Möller, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.
- ²¹ Eyrún Sæmundsdóttir, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.
- ²² Sjá ákvæði Jónsbókar (1281-1662) um nauðganir á konum.
- ²³ ÞP 11203. Heimildarmaður: Ingunn Loftsdóttir (f. 1866). Jökuldalur.
- ²⁴ Einnig finnast sögur af þrifnum förukonum. Í því sambandi má sérstaklega nefna Margrétu Sigurðardóttur, Sigurbjörgu Rögnvaldsdóttur og Margrétu Gísladóttur sem fjallað verður um síðar í bókinni. Auk Önnu Erlendsdóttur.
- ²⁵ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 53. Einnig bendir margt til þess að förukonur hafi klæðst í tötalegum klæðum til að fá aukna samúð á flakki sínu. Sjá umfjöllunina um dulförukonur fyrr í bókinni.
- ²⁶ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifting“, bls. 4-5.
- ²⁷ „Breiðfirzkir landkönnuðir“, bls. 52.
- ²⁸ Helga Kress, *Máttugar meyjar*, bls. 120.
- ²⁹ „Þáttur af Stuttu-Siggu“, *Gríma hin nýja*, bls. 235.
- ³⁰ Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.
- ³¹ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifting“, bls. 4-5.
- ³² Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2017. Kristín fjallar hér um áðurnefndar förukonur, Þjóðhildi Þorvarðardóttur og Sigríði sem kölluð var Leppa-Sigga.
- ³³ J. H., „Sjá þann mikla flokk“, bls. 204. Sjá einnig: Halldór B. Björnsson, „Gunnar hara og æviloka hennar“, bls. 544. Guðrún Jónsdóttir var kölluð Gunnar hara. Faðir hennar hét Jón og var líka kallaður hara.
- ³⁴ Elínborg Lárusdóttir, *Tveinnir tímar*, bls. 92. Um förukonuna Helgu.

- ³⁵ Dalrún J. Eygerðardóttir, vef. „Hvað ertu að gera, maður? “.
- ³⁶ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifting“, bls. 4. Katrín Jakobsdóttir, „Í félagi við aðra menn“, bls. 303.
- ³⁷ Árni Björnsson, *Íslenskt vættatal*, bls. 54.
- ³⁸ *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, bls. 163.
- ³⁹ Gunnar Karlsson, *Ástarsaga Íslendinga að formu*, bls. 111.
- ⁴⁰ Sjá í þessu sambandi umfjöllun Jóns Jónssonar um framfærsluskyldu fæðingarhreppsins með hliðsjón af ófrískum förukonum. *Á mörkum mennskunnar*, bls. 168.
- ⁴¹ Gunnar Karlsson, *Ástarsaga Íslendinga að formu*, bls. 112.
- ⁴² „Hér segir frá Hljóða-Bjarna“, bls. 35. Hljóða-Bjarni var líka kallaður Bjarni Peli. Sjá einnig: „Hljóða-Bjarni“, bls. 320: „Hann þefaði af þilsum kvenna og sagðist finna af þefinu, hvort þær væru meyjar eða ekki“. Einnig: Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar*, bls. 151-153. Af öðrum kynferðisglæpamönnum úr ranni förumanna var Skriðu-Fúsa sem nauðgaði konum, sjá SÁM88/1421 EF og *Á mörkum mennskunnar*, bls. 150-151. Í tengslum við pervertíska hegðun förumanna má líka nefna frásögn af Símoni Dalaskáldi sem settist gjarnan nakinn á rúmstokk kvenna á bæ einum og fór að tala við þær. Sjá SÁM 86/830 EF.
- ⁴³ Laura Mullvey, „Visual Pleasure and Narrative Cinema“, bls. 837.
- ⁴⁴ Helga Kress segir að birtingarmyndir kvenna í bókmenntum séu m.a. heimildir um fantasíur fremur en „empírískar staðreyndir“. „Grey þykir mér Freyja“, bls. 167-168.
- ⁴⁵ Til marks um það er viðtal mitt við Þóreyju Einarsdóttur, sem unnið hefur í Konukoti, neyðarathvarfi fyrir heimilislausar konur, frá stofnun þess. Þórey sagði mér að karlar sem keyptu vændi af konum sem gista í Konukoti, vildu helst að þær konur væru illa farnar og skítugar. Þórey Einarsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017. Einnig má nefna vel þekktu bók sem endurspeglar umrædda blætískennnd, bókin *Watching Hannah: Sexuality, Horror and Bodily De-formation in Victorian England*, sem fjallar um sjónfróun efri stéttar mannsins Arthur Munby (1828-1910) gagnvart verkakonum, fötludum konum, afskræmdum konum, og konum er sinntu skítastörfum.
- ⁴⁶ Í rannsókn Elliot Liebow á heimilislausum konum í nútímanum kemur fram að tilhneiging kvennanna til að tala um kynferðislega hluti, s.s. misnotkun á frjálsgan hátt, gerði þær enn berskjaldaðri fyrir ágengni karla. *Tell Them Who I Am*, bls. 45.
- ⁴⁷ Guðrún Möller, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.
- ⁴⁸ ÞP 806. Páll Ólafsson er eitt af skáldunum sem ljóð voru birt eftir í bókinni Skólaljóð: „Það er erfitt að sanna að vísan sé eftir Pál, en hún er ekki ólík ýmsu öðru, sem hann lét fjúka, þegar hann var í hópi góðra gesta og Bakkusar. Mér er ljóst að vísan eykur ekkert við skáldfrægð Páls, en það gerir ekkert til“.
- ⁴⁹ Helga Kress, *Máttugar meyjar*, bls. 119.
- ⁵⁰ Helga Kress, *Máttugar meyjar*, bls. 119.
- ⁵¹ Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Behind the cloak, between the lines“, bls. 339. Þýðing höfundar.
- ⁵² Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Behind the cloak, between the lines“, bls. 339. Sjá einnig: *Máttugar meyjar*, bls. 132.
- ⁵³ J.Þ., „Beinakerlingar“, bls. 406.
- ⁵⁴ ÞP 2394. Heimildarmaður: Guðmundur R. Guðmundsson.
- ⁵⁵ Árni Björnsson, „Beinakerling á Sprengisandi“, bls. 40.
- ⁵⁶ Helga Kress, „Bækur og „kelliningabækur““, bls. 375.
- ⁵⁷ Sjá J.Þ. „Beinakerlingar“, bls. 406. Birtingarmynd af hættunni sem samfélagið áleit að stafaði af einstæðingskonum kom fram í beinakerlingavísnahefðinni, s.s. ótti giftra kvenna við framhjáhald þar sem einstæðingskonur koma við sögu: „Væri konur þeirra, er vísurnar fengu, með í förinni, var beinakerlingin stundum látin biðja þær um að spilla ekki fyrir sér við bóndann“. Sama heimild, bls. 406.
- ⁵⁸ Vísa úr beinakerlingunni á Kaldadal. J.Þ. „Beinakerlingar“, bls. 414.
- ⁵⁹ Talið er að þessi beinakerlingavísa hafi verið skilin eftir í beinakerlingu á Núpum í Höfðabrekkuheidi. J.Þ. „Beinakerlingar“, bls. 409.
- ⁶⁰ Vísa úr beinakerlingu á Botnsheiði á 18. öld. Vísan er eignuð Jóni Þorlákssyni til Magnúsar amtmanns Gíslasonar, sem hann var skrifari hjá (1762-1768). Sjá J.Þ. „Beinakerlingar“, bls. 410.
- ⁶¹ Bridget Anderson, *Doing the Dirty Work*, bls. 4.
- ⁶² Afskaplega lítið hefur verið fjallað um sögu vændis á Íslandi. Benda má á ágæta samantekt Silju Daggar Baldursdóttur á því efni í lokaritgerðinni *The Image of Prostitution in the Icelandic media and its impact on legislation* (2011).
- ⁶³ Vísa úr beinakerlingu á Draghálsi. J.Þ., „Beinakerlingar“, bls. 411.
- ⁶⁴ Í rannsóknum á flakki á Norðurlöndunum er vændi mikið til umfjöllunar, enda túlkuðu lögkonur sem stunduðu vændi sem flakkara. Sjá rannsókn Yvonne Svanström, *Unemployed and Forced to Labour: Vagrancy, Legislation and Gender in Sweden 1920s–1950s* (2006).
- ⁶⁵ Jón Þorkelsson, *Þjóðsögur og munnmáli*, bls. 172. Brot úr sögunni „Jón á Bakka og huldukonan“.

- ⁶⁶ Sighvatur Gr. Borgfirðingur, „Æfiágríp Gísla sagnfræðings Konráðssonar“, bls. 31. Jófríður sem fjallað er um var móðir hins Gísla Konráðssonar sagnaritara. Vert er að benda á að það var alls ekki algengt að menn væru að reiða förukönur að baki sér heim á bæ, en hér er um að ræða unga og myndarlega förukönur, sem bóndinn sá hag sinn í að taka heim með sér, bæði til tóvinnu en ekki síst með eigin þarfir í huga. Til fróðleiks má geta þess að Gíslu Konráðsson, eignaðist síðar barn með Sigríði frá Hamarsholti. Sonur þeirra dó tvítugur að aldri og í kjölfarið lagðist Sigríður í flakk, líkt og Jófríður forðum daga.
- ⁶⁷ Eyjólfur Guðmundsson, *Þjóðsögur og þættir úr Mýrdal*, bls. 26-29. Sjá líka *Lengi man til lítilla stunda* eftir Eyjólf, þar sem komið er inn á Margrétarhundruðin, bls. 41.
- ⁶⁸ Hugrún, bls. 35. Ljóðið gefur innsýn í neyð móður með barn í íslenskri náttúru.
- ⁶⁹ Sjá skrif Önnu Sigurðardóttur um stöðu barnshafandi kvenna í sveitasamfélaginu í *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 366. Einnig lokaritgerð Yngva Leifssonar, Flökkufólk, þar sem hann fjallar um förukönuna Svanhildi Jónsdóttur og erfiðleika hennar tengdum óléttunni, bls. 29.
- ⁷⁰ „Ólafur Þorvaldsson, Herðisarvík í Árnæssýslu“, bls. 134.
- ⁷¹ Vísur Kvæða-Önnu, bls. 18. Sjá Jón Þorkelsson, Fornólfur.
- ⁷² „Sýslu-Helga“, bls. 2.
- ⁷³ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 28. Þar er fjallað um fátækt með hliðsjón af flakki.
- ⁷⁴ Anna Thorlacius, „Æskuminningar“, bls. 37.
- ⁷⁵ Yngvi Leifsson, *Með álfum*, bls. 38. Ingiríður Eiríksdóttir (1777-1857) er dæmi um förukönur sem sá fyrir dóttur sinni Málfríði með flakki og með því að vinna lausastörf.
- ⁷⁶ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, *Fimm konur*, bls. 13-14.
- ⁷⁷ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, *Fimm konur*, bls. 14.
- ⁷⁸ SÁM 88/1707 EF. Heimildarmaður: Guðjón Ásgeirsson (1875-1970).
- ⁷⁹ Sverrir Kristjánsson, Feigur Fallandsson í *Konur og kraftaskáld*, bls. 123-125.
- ⁸⁰ *Þjóðsagnir og munnmæli*, bls. 319-320.
- ⁸¹ Sverrir Kristjánsson, Feigur Fallandsson í *Konur og kraftaskáld*, bls. 123-125.
- ⁸² Sjá: *Þjóðsögur og munnmæli*, bls. 57-58. Skessan í Húsagili. Saga sem segir frá því þegar að skessa fæddi barn sitt á Sólheimasandi.
- ⁸³ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Mamma mín er góð“, bls. 93.
- ⁸⁴ Fjallkonan birtist fyrst árið 1752 í kvæðinu *Ofsjónir* eftir Eggert Ólafsson. Um ímynd fjallkonunnar fjallaði Þorgerður Þorvaldsdóttir í „Af feigurðardísu, ástandskonum og fjallkonum“, bls. 493-506.
- ⁸⁵ Hafsteinn Pjetursson, „Vestur-Íslendinga“, bls. 52.
- ⁸⁶ Bólu-Hjálmar. Ljóðið *Þjóðfundarsöngur 1851*.
- ⁸⁷ Þórður Helgason, „Gellini á ferð og flugi“, bls. 109. Í greininni fjallar höfundurinn um ljóðið *Förukönun* eftir ljóðskáldið Höllu Eyjólfsdóttur.
- ⁸⁸ Halla Eyjólfsdóttir, *Ljóðmæli*, bls. 43. Ljóðið *Förukönun*.
- ⁸⁹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 54.
- ⁹⁰ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 261. Heimildarmaður er Símon Dalaskáld sem vitnaði í orð gamals manns.
- ⁹¹ „Óveðursboðinn á Ófæruhíllu: (Gömul sögn)“, bls. 6.
- ⁹² „Óveðursboðinn á Ófæruhíllu“ (Gömul sögn), bls. 6. Sögn af förukönur sem var úthýst af ríkum bændum á Svarranda í Sílisfirði og Strönd í Veiðileysu. Sjá einnig: „Sagnir frá eyðibýlum“, bls. 2. Þar er fjallað um sama mál.
- ⁹³ *Annálar 1400-1800*, 4. bindi, bls. 680. Vitnað í *Hrafnagilsannál 1717-1754*, Þorsteins prófests Ketilssonar á Hrafnagili.
- ⁹⁴ *Hestaannál 1704*, bls. 488.
- ⁹⁵ Einar Arnórsson, „Arfsagnir og munnmæli“, bls. 144.
- ⁹⁶ *Annálar 1400-1800* 1. bindi. *Skarðsáranáll*.
- ⁹⁷ Árni Bjarnason, *Að vestan* 2. bindi. „Ingibjörg gamla Jósefsdóttir“. Þar segir að Ingibjörg var eyfisk að uppruna, og talið er að hún hafi verið úr Glæsibæjarhreppi. Þegar hér kemur við sögu þá er hún orðin eldri kona. Ekki er hægt að segja til um hvort hún hafi flakkað á milli bæja á sínum yngri árum, og þá með dóttur sína með í för. Höfundur segir að Ingibjörg hafi haft orð á sér fyrir að vera hneigð til vins. Sú venja Ingibjargar skýrir hvers vegna tekið var fram að hún hefði verið alsgáð þegar hún hitti Jón.
- ⁹⁸ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, *Fimm konur*, bls. 36..
- ⁹⁹ SÁM 89/1823 EF. Heimildarkona: Valdís Halldórsdóttir (1908-2002).
- ¹⁰⁰ *Þjóðsagnir og munnmæli*, bls. 291. „Skessan í Spararfjalli“.
- ¹⁰¹ Helga Agnesardóttir (f. 1751- d. 1834) var kölluð Sýslu-Helga. Nafngiftin til af því að hún var á framfæri allra hreppa Dalasýslunnar, í ljósi þess að enginn vissi nákvæmlega hvar Helga var fædd. Í manntalinu 1816 segir að fæðingarstaður Helgu sé Sólheimar í Dalasýslu. Í Íslendingabók segir að hún hafi verið skráð vinnukona á Akri, Hjarðarholtssókn, Dal. 1801. Niðurstæningur í Ljarskógum, Hjarðarholtssókn, Dalasýslu 1816/1817 og þar er hún skráð niðurstæta 70 ára gömul.
- ¹⁰² „Sýslu-Helga“, bls. 2.

- ¹⁰³ „Sýslu-Helga“, bls. 2.
- ¹⁰⁴ „Sýslu-Helga“, bls. 2.
- ¹⁰⁵ „Sýslu-Helga“, bls. 2.
- ¹⁰⁶ „Sýslu-Helga“, bls. 2-3.
- ¹⁰⁷ Hreggviður var fæddur í Bólstaðarhlíðarhreppi, og var feðraður af vinnumanni sem hét Eiríkur Jónsson. Hins vegar var talið að Pétur Ólafsson (f. 1733), einnig kallaður Barna-Pétur, hefði verið raunverulegur faðir Hreggviðar. Sjá einnig nefnda frásögn af förukonunni Barbáru, sem kemur fyrir sjónir sem sjálfelskandi móðir á flakki. SÁM 85/351. Heimildarmaður: Jóhanna Erlendsdóttir (f. 1874). Nafnbótin Hreppa-Dísa kemur til af því að hún hafði tvo hreppi undir. Einnig var hún kennd við son sinn Hreggvið, þ.e. Þórdís Hreggviðsmóðir.
- ¹⁰⁸ Magnús Björnsson, „Hreggviður skáld á Kaldrana“, bls. 59-60.
- ¹⁰⁹ Magnús Björnsson, „Hreggviður skáld á Kaldrana“, bls. 60.
- ¹¹⁰ Magnús Björnsson, „Hreggviður skáld á Kaldrana“, bls. 82.
- ¹¹¹ Magnús Björnsson, „Hreggviður skáld á Kaldrana“, bls. 62.
- ¹¹² Magnús Björnsson, „Hreggviður skáld á Kaldrana“, bls. 64.
- ¹¹³ Magnús Björnsson, „Hreggviður skáld á Kaldrana“, bls. 66.
- ¹¹⁴ Magnús Björnsson, „Hreggviður skáld á Kaldrana“, bls. 66.
- ¹¹⁵ Magnús Björnsson, „Hreggviður skáld á Kaldrana“, bls. 67.
- ¹¹⁶ Í umfjölluninni um heimsóknarsögur í þessari bók, var fjallað um förukonuna Barbáru sem flakkaði á bæ þar sem sonur hennar var vinnumaður. Sú sögn gefur innsýn í samband förumóður og uppkomins barns hennar. Þar birtist ógöfug förumóðir sem er meira umhugað um flakkið en son sinn. Í sögunni miðlar förumóðirin engri móðurlegri ást, heldur er hugur hennar við flakkið.
- ¹¹⁷ Bogi Benediktson, *Sýslumannaefir*. Vilborg Jónsdóttir f. 1500.
- ¹¹⁸ *Sturlunga saga*, bls. 57.
- ¹¹⁹ Oscar Clausen, *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi* 2. bindi, bls. 112. „Förudrengurinn kemur að Helgafelli“.
- ¹²⁰ Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsóttir, *Utangarðs?*, bls. 34.
- ¹²¹ Jón Dúason, „Grænland“, bls. 24.
- ¹²² Orðið óbyrja táknað konu eða kvendýr sem getur ekki átt afkvæmi. Sbr. Jón í Garðshorni, „Orðsending til Guðmundar í Vík frá Jóni í Garðshorni“, bls. 107. Sjá einnig: John Thorgeirsson, „Um uppruna nokkurra íslenzkra orða“, *Heimskringla* (1907), bls. 3.
- ¹²³ Margar förukönur áttu ekki börn, eða áttu börn sem þeirra samferðamenn og/eða þeir sem sögðu sögur þeirra, vissu ekki af.
- ¹²⁴ Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2015.
- ¹²⁵ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ¹²⁶ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ¹²⁷ Sjá rannsókn sagnfræðingsins Más Jónssonar, *Dulsmál 1600-1900: Fjórtán dómur og skrá*.
- ¹²⁸ Tilvitnunin var fengin úr bók Más Jónssonar, *Dulsmál 1600-1900*, bls. 59-60.
- ¹²⁹ „Frá Bola og öðrum undrum“, bls. 37.
- ¹³⁰ Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar*. Dalrún J. Eygerðardóttir, heimildarmyndin *Andstreymi* um konur í hópi síðustu förukvenna Íslands.
- ¹³¹ Af einstaklingum í bókmenntasögunni sem vitna til sín í þriðju persónu má nefna einkaspæjarann Hercule Poirot, í bókum Agöthu Christie rithöfund (1890-1976). Poirot er aldrei spar á hrós í eigin garð, og gerir það iðulega með því að vísa til sín í þriðju persónu.
- ¹³² Hjörtur Þórarinnsson, „Síðasta förukonana“, bls. 23.
- ¹³³ Förukonan Imba hafði þau orð á hraðbergi. Sjá *Tíminn Sunnudagsblað* 21. júlí 1963, bls. 22.
- ¹³⁴ Sigbór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalssveit, 2015.
- ¹³⁵ Þórður Tómasson fjallar um þann ótta förukonnar Vigdísar Ingvadóttur, í viðtali mínu við hann. Vigdís óttaðist að enginn myndi mæta í jarðarförina hennar.
- ¹³⁶ Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.
- ¹³⁷ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 244. Um Jófríði Þorkelsdóttur.
- ¹³⁸ Elínborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar*, bls. 90. Sigríður í Fljótum.
- ¹³⁹ Kvæðið *Stökur förukonnar* miðlar staðlaðri ímynd (í þessu tilfelli falskri sjálfsm mynd) af förukonu, þar sem rót erfiðleika hennar og flakksins er rakið til hjartasorgar og afbrýðisemi. Kvæðið er eftir Hjálmar Þorsteinsson frá Hofi. Sjá *Silfurplötur Íðunnar*, bls. 89.

Vistarverur förukvænna; á jaðri tveggja heima

með jaðri er átt við svæði sem oft er fjarlæggt miðað við tiltekna miðju en ekki síður „fjarlæggt“ með tilliti til virðingar og valds. Það er andstæða miðjunnar í flestu eða öllu tilliti.¹

Eftirtektarvert er að jaðarsetning förukvænna tíðkaðist ekki einungis innan hefðbundinnar félagsgerðar bændasamfélagsins - heldur einnig í vættaheimi náttúrunnar þar sem vættir á borð við huldufólk og tröll höfðust við. Slík yfirfærsla er í takti við sagnaheim bændalýðsins sem endurspeglar raunheim samfélagsins. Það er ekki að undra, því félagsleg kerfi bændasamfélagsins góðu lífi í sagnaheimum, til dæmis kristindómurinn og feðraveldið.² Það sem einkennir jaðarsetningu farandkvænna, bæði í mannheimum og sagnaheimum, er umkomuleysi kvænanna á báðum stöðum. Farandkonur höfðu ekki yfir að ráða eigin rými, hvorki í náttúrunni eða í mannheimum.³ Heldur flökkuðu þær á milli þessara tveggja heima, þræddu veg sinn um víðáttur náttúrunnar, fram eftir sjávargötum, á þjóðbrautum, meðfram gestagötum, inn í bæi, tómthús og kot - og aftur út í víðátturnar. Hvar sem þær stigu niður fæti, voru þær aðkomukonur, hvort sem það var í menningarlandslagi eða í náttúrulandslagi. Jafnvel huliðskonur náttúrunnar voru hluti af ákveðinni samfélagseiningu á jaðri samfélagsmanna. Huliðskonur höfðu sín hlutverk í sagnaheimum, sín störf og sín sambönd.⁴ Kvenverur er þjuggu yfir eigin vistarverum í náttúrunni;⁵ *a room of their own*.⁶ En farandkonur voru heimilislausar konur sem flökkuðu um, störfuðu lítið eða ekkert og áttu fáar í nánnum samböndum við fólk: „Hellirinn stendur enn í dag með einum glugga á miðjum mæni, en rúm skessunnar kvað vera höggvið í bergið. Er það hér um bil átta álna langt og tveggja álna breitt“.⁷

Athyglisvert að segja frá því að hin ýmsu kennileiti í náttúrunni eru tileinkuð förukonum í formi örnefna. Förukonur sem í lifandi lífi voru umkomulausar og heimilislausar, eignuðustu með þessu móti sumar hverjar tilvistarlegan samastað í náttúru landsins að lífi sínu gengnu. Þeir minnisvarðar um förukonur eru nær einatt bundnir við feigð og barnsnauð kvænanna í ríki náttúrunnar, ekki lífs- og búsetuhætti þeirra:⁸ „Eitt sinn fljóð, sem enginn virti / úti varð á þessum stað“.⁹ Af þessu leiðir að örnefni sem vísa til förukvænna eru einskonar örsögur um tilvist kvænanna, líkt og aðrar heimildir um förukonur; „hún hrapaði í eina gjótuna um vetur og fannst látin eftir marga sólarhringa“.¹⁰

sat líkið uppi við steininn í skjóli fyrir norðannepjunni. – Augun voru opin og störfu brostin móti sólu. Hún var með mal sinn á bakinu, en í honum var það, sem miskunnsamir menn höfðu vikið að henni. Handleggirnir voru krosslagðir á brjóstið, en hendurnar voru krepptar.¹¹

Norður með fjallinu er stór steinn, geysistór steinn, sem heitir Helguklöpp. Hvort sem saga sem sögð er í tengslum við þessa Helguklöpp er sögð til þess að skýra nafnið, eða hvort sagan er upprunaleg, þá á svo að hafa tilbórið að förukona hafi verið á ferðinni í kalsaveðri, að hausti, sest að undir klöppinni og fundist þar dáin. Förukona þessi hét Helga. Og eftir henni hafi klöppin dregið nafnið, Helguklöpp.¹²

¹ Sumarliði R. Ísleifsson, *Tvær eyjar á jaðrinum*, bls. 20.

² Vættum náttúrunnar var stundum lýst sem trúheitum verum, sem heyrðu á guð og Jesú. Til dæmis í *Þjóðsagnir og munnmæli*, bls. 319-320. „Huldufólkssálmur“.

³ Sem áður segir þá höfðu sumar förukönur heimili þaðan sem þær gátu flakkað frá. Um það er fjallað nánar í kaflanum um síðustu förukönur Íslands. Einnig eru til dæmi um konur sem áttu heimili en flökkðu á ákveðnum árstíðum.

⁴ Huliðskonur sagnaheimsins sinntu aldagömlum og rótgrónum kvennastörfum, rétt eins og mennskar konur í raunheimi, s.s. heimilisstörfum og umönnunarstörfum. Huldufólk hafði líka samskipti sín á milli sem og við mannfólk. Huliðskonur og menn gátu átt í samskiptum sín á milli, og til eru heimildir um að menn og huldufólk gat rekkjað saman.

⁵ Helga Kress segir svo um hífýli tröllkvenna í *Máttugar meyar*, bls. 119: „Þær búa í jörðinni, í hellum, björgum og gljúfrum og sameinast þannig náttúrunni“.

⁶ Hér er vísað í bókina *A Room of One's Own* (1929) eftir rithöfundinn Virginia Woolf.

⁷ *Þjóðsögur og munnmæli*, bls. 177-178. Um tröllkonuna í Skaftafelli í Örafum. Sjá einnig: *Þjóðsögur og munnmæli*, um Kolurúm og Koluhól, bls. 318-319.

⁸ Sjá dæmi í *Þjóðsögur og munnmæli*, bls. 154-155.


⁹ Ljóðið *Söngva-Borg* um förukönuna Borgu sem verður úti þó enn „ljómi ljós á Holtastað“. Höfundur þess er Hjörtur Gíslason.

¹⁰ Gísli Sigurðsson, „Komið hausthljóð í vindinn“, bls. 6.

¹¹ „Úr Stykkishólmi suður Kerlingaskarð“, bls. 62. Lík förukönunnar fannst af mönnum á 19. öld, við Grettistak sem er staðsett áður en farið er upp suður í Kerlingarskarð.

¹² SÁM 85/176 EF. Heimildarmaður: Hlöðver Hlöðversson (1923-1993).

Einsetukonur



Sjaldgæfir fuglar; einsetukonur á fyrri hluta 20. aldar

Í dalsmynninu eru blágrýtishjallar; hafa árnar orðið að grafa sér gljúfur gegnum þá og eru þar fossar og hávaðar, sem laxar og silungar ekki fara upp fyrir. Neðan til í dalnum að sunnanverðu er Ambáttarhóll, sem sést víða að; þar bjó Guðný dóttir Snorra prests á Húsafelli lengi í kofa og var einsetukona, þótti forneskjuleg og hjátrúarfull.¹

Guðrún Bjarnadóttir frá Arnþórsholti í Lundareykjadal, andaðist síðastliðinn vetur. Hún var elzta kona þar í sveit, komin um eða yfir nírátt. Var hún lengi einsetukona í koti, sem nefndist Lundarhólmi, sem nú er í eyði. Hún var einræn og ekki við alþýðuskap, en vinur vina sinna. Ættfólk hennar er flest í Ameríku.²

Sögur einsetukvenna færa okkur kunnugleg stef úr bændasamfélagi fyrri tíma. Kunnugleg - því einsetukvennasagan hefur að geyma ámóta sjónarhorn, lýsingar og sögusvið, og förukvennasagan. Í þessari umfjöllun minni um einsetukonur á Íslandi, vísa ég eftir föngum í einkenni sem einsetukonur eiga sammerkt með förukonum, til að draga fram þá sameiginlegu þætti sem einkenna þessar konur og líf þeirra. Ég styðst við ótal ritaðar heimildir sem gefa færi á að skyggjast í innmúrað einkalíf einsetukvenna, auk þess sem ég nýti mér viðtöl sem ég tók við einstaklinga sem mundu eftir einsetukonum. Því til viðbótar vitna ég hér í viðtal sem ég tók við Agnesi abbadís í Karmelklaustrinu í Hafnarfirði fyrir þessa rannsókn á einsetukonum.³ Viðtalið tók ég með það að markmiði að fá innsýn í einlífi þeirra einsetukvenna sem tileinka líf sitt guði, og fá um leið álit slíkrar konu á ýmsum athyglisverðum atriðum sem einkenna líf einsetukvenna. Svör Agnesar abbadísar sem reynt hefur einlífið á eigin skinni er í reynd eins og að fá sérfræðiálit, fágætt sjónarhorn konu, sem hefur haft það að markmiði um margra ára skeið að einangra sig frá umheiminum í trúarreglu sem leggur mikið upp úr ströngum aðskilnaði nunna frá samfélaginu.

Einsetulífurni kvenna var ekki formlegur hluti af gangverki sveitanna, rétt eins og förulífið. Lífsmáti einsetukvenna var bundinn við bæina sem þær bjuggu í, á meðan lífsmáti förukvenna mótaðist öðru fremur af ferðalögum þeirra á milli bæja. Einsetukonur báru ramma taug til hífýla sinna, daglegs grundvallar tilveru þeirra. Þó svo að almenningur lýsi þeim húsakynnum tíðast sem *kofum*. Lýsingar á þeim konum gefa til kynna að þær hafi búið afskekkt, bæði til sveitar og sjávar. En við sjávarsíðuna var það lýsandi fyrir þessar konur að koma sér upp samastað þétt við ströndina, á jadrinum þar sem land og haf mættust. Eftirtektarvert er hve fáar heimildir eru til um bakgrunnssögu einsetukvenna, en hlutfallslega fleiri heimildir eru til um fortíð förukvenna en einsetukvenna. Ástæðurnar fyrir því að konur gerðust einsetukonur eru mismunandi, heilt á lítið eru helstu ástæður kvenna fyrir ástundun einlífisins öðru fremur eftirtaldir: Þörf kvennanna fyrir sjálfstæði; löngun þeirra til að þjónusta guð; og áföll sem konurnar urðu fyrir á lífsleiðinni. Einseta kvenna var sjaldnar rakin til ástarsorgar en í tilfelli förukvenna. Einsetukonur skáru sig úr og mesta eftirtekt vöktu þær sem sérstæðastar voru. Það er sammerkt með flestum einsetukonum að þær voru aldurnhignar og kærðu sig lítið eða alls ekkert um afskipti fólks af sínum málum.⁴ Börn og giftingar koma lítið við sögu í lýsingum á lífi þessara kvenna, og það endurómar í tíðri notkun orðtaksins í lýsingum á þeim; „hún var aldrei við karlmann kennd“. Lífsmáti einsetukvenna fól í sér að þær voru mikið til sjálfbjarga, og þurftu því alla jafna ekki á ölmusu að halda. En líf þeirra er líkt og í tilfelli förukvenna, iðulega samofið fátækt. Á ævikveldi einsetukvenna var aftur á móti algengara að þeim væri veitt liðsinni. Það fól í sér að einsetukonur, líkt og förukonur, þurftu vegna breyttra aðstæðna á þessu skeiði ævinnar að hafa meiri samskipti en

þeim var tamt. Þegar litið er á líf einsetukvenna heildstætt þá má segja að stóri leyndardómurinn í augum samtímafólks þeirra hafi falist í spurningunni um það hvernig þessar konur drógu fram lífið.

Þuríður var einsetukona í útikofa í Deildartungu. Hún eignaðist son með giftum bónda en sonurinn dó í æsku og féll henni það svo þungt að hún einangraði sig að mestu frá öðru fólki. Að sögn Tryggva Emilssonar þótti hún best greind af systkinunum á Skáney og jafnoki bræðra sinna að hagleik.⁵

Saga einsetukvenna á Íslandi verður reifuð í þessum hluta bókarinnar. Saga sem hefst þar sem henni sleppir; á lífssögum tveggja kvenna er stunduðu einsetulífurni á 20. öldinni.

¹ Þorvaldur Thoroddsen. „Uppi á heiðum: Ferðaskýrsla 1898“, bls. 35.

² Kr. Þ. „Rödd að heiman“, bls. 2.

³ Agnes nunna er pólsk að uppruna en hún flutti til Íslands til að rækta trú sína sem nunna.

⁴ Frá árinu 1845 til 1920 eru einungis átta konur skráðar sem einsetukonur. Sú skráning gefur innsýn í hversu fáar þær voru en er þó langt frá því að vera tæmandi fyrir fjölda þessara kvenna á tímabilinu. Þessar einsetukonur sem skráðar eru í manntalinu eru flestar á sjötugsaldrinum (64; 68; 72; 56; 68; 64; 61; x). Tvær konur eru skráðar sem einbúar á sama tímabili (önnur einbúanna var Sigurbjörg Guðmundsdóttir skráð leigjandi/einbúi í Reykjavík). Það er ekki margir skráðir einbúar á tímabilinu, u.m.þ.b. þrettán manns (að undanskildum þeim sem eru skráðir einbúar en búa með öðrum og eru jafnvel giftir).

⁵ Halldór Ármann Sigurðsson. „Skáneyjarætt“, bls. 8

Ingunn Sveinsdóttir (1906-1993) **Inga**



Frásögn mín af einsetukonunni Ingunni Sveinsdóttur í Hvammi í Langadal, er byggð á viðtölum sem ég tók við fimm einstaklinga sem mundu eftir Ingunni frá uppvaxtar- og/eða fullorðinsárum sínum í Langadal. Ingunn Sveinsdóttir og förukonan Margrét Sigurðardóttir sem fjallað var um fyrr í bókinni, voru samtíða. Þær bjuggu báðar í Langadal og höfðu heimilisfesti á sömu jörð. Af þeirri ástæðu miðlar sama fólkið heimildum um báðar þessar konur í bókinni.

Heimildarmennirnir að baki viðtölunum eru eftirtaldir: Ómar Ragnarsson, Valdimar Steingrímsson, Guðlaug Sigurbjörg Steingrímisdóttir, Valgarður Hilmarsson og Valgerður Ágústsdóttir. Sjónarhorn heimildarmannanna er af ýmsum toga. Ómar Ragnarsson var barn að aldri í sveit á bænum Hvammi og skrifaði síðar um Ingunni, systur hennar Stefaníu og móður þeirra Ásdísi, í bókinni *Manga með svartan vanga*: „Þegar ég fór að gera þættina um Gísla á Uppsölum var mér alltaf í huga að ég hafði sjálfur upplifað ennþá magnaðri persónur en nokkurn tímann hann. Og þrjár á sama bænum!“.¹ Systkinin Valdimar Steingrímsson og Guðlaug Sigurbjörg Steingrímisdóttir ólust upp hjá föðursystkinum sínum á næsta bæ við Hvamm, Móbergi. Valgarður Hilmarsson ólst upp og bjó lengst af á bænum Fremsta-Gili í Langadal - hann starfaði sem hreppstjóri í Langadal og í því starfi sinni hann málum Ingunnar. Valgerður Ágústsdóttir flutti sem ung kona frá Hofi í Vatnsdal á Geitaskarð í Langadal og gerðist þar bóndi. Í þessum skrifum um Ingunni Sveinsdóttur þá styðst ég auk viðtalanna við ritaðar heimildir. Sérstaklega ber að nefna bókina *Manga með svartan vanga*. Ritaður fróðleikur um Ingunni fékkst einnig úr minningaskrifum um Ingunni og systur hennar Stefaníu í tímaritinu *Húnavöku*; „Ingunn Sveinsdóttir, Björnólfsstöðum: Fædd 22. apríl 1906-Dáin 7. febrúar 1993“² og greinin „Stefanía Sveinsdóttir, Blönduósi: Fædd 26. júní 1902-Dáin 21. maí 1988“.³ eftir sr. Stínu Gísladóttur.



Sólin er óboðinn gestur. Virðir ekki friðhelgi konunnar. Hún skín í gegnum dökklitaðar tuskur sem hanga fyrir ljóranum og dansar um á strigapokunum sem negldir eru á krossbrotnu hurðina. Skinið svo skært að rökkrið gefur eftir, varpar skuggunum úr íverustað konunnar.

Saga Ingunnar Sveinsdóttur er innanbæjarsaga; saga sem á sér stað innan veggja heimila. Það er víst ekki ofsögum sagt því sú höfuðpersóna þessarar frásagnar, Ingunn, fór sjaldan sem aldrei út af heimili sínu. Þar af leiðandi er saga hennar fyrst og fremst römmuð inn af þeim húsakynnum sem hún bjó í hverju sinni. Saga Ingunnar hefst árið 1906 þegar hún fæðist á Kárastöðum í Svínavatnshreppi. Hún var dóttir hjónanna Ásdísar Jónsdóttur (1873-1953) og Sveins Oddbergs Guðmundssonar (1867-1939).⁴ Ingunn átti eina eldri systur sem hét Stefanía (1902-1988).

Þær systur, Stefanía og Ingunn, voru einu börn foreldra sinna og fylgdu þeim að mestu á flutningunum og bjuggu hjá þeim, meðan þeir lifðu... Þær systur voru heimakærar og fóru aldrei langt.⁵

Valgerður: Þær voru báðar eðlisgreindar myndi ég segja, þessar systur. Ingunn, hún var náttúrulega líka geðveik mikið.⁶

Fjölskyldan flutti frá Kárastöðum að Kirkjubæ í Norðurárdal árið 1921, þar sem fjölskyldan bjó í tvö ár uns hún flutti á ný. Heimili þeirra næstu þrettán árin var bærinn Kúskerpi í Blönduhlíð.⁷ Að lokum flutti fjölskyldan í gamlan torfbæ í Langadal, gamla Hvammsbæinn sem var byggður fyrir aldamótin og hafði staðið auður. Síðustu ábúendur í gamla Hvammsbænum á undan þeim, voru hjónin Björg Runólfsdóttir og maður hennar Aðalbjörn

Sigfússon. Björg og Aðalbjörn fluttu í gamla torfbæinn árið 1933. En ári síðar fluttu Björg og Aðalbjörn í nýtt steinhús sem þau höfðu byggt, rétt fyrir neðan gamla bæinn. Tveimur árum síðar flutti Ingunn og fjölskyldan hennar inn í gamla bæinn, árið 1936. Bærinn leit þá út fyrir að vera að hruni kominn.

Valgerður: Sveinn faðir þessara systra, hann bjó í koti sem hvorki var hægt að lifa á eða deyja á. Ég man ekkert eftir honum, hann var látinn þegar ég var komin upp í Langadal. Það er ömurlegt að hugsa sér það, allslaust fólk, fram yfir miðja 20. öld. Svona var það nú. Ég held hann hafi verið svona eins og sagt var; heldur lítilsháttar. Átti enga jörð. Einn af þessu fólki sem þurfti að flytja á milli kotanna, eignaðist aldrei jarðarskika. Leiguliði bara, öryggislaus og allslaus. Það var á þeirri tíð þegar leiguliðar þurftu að vinna, voru kallaðir inn til þeirra sem áttu jarðirnar til að vinna um sláttinn; fara frá sínum möguleikum í góðviðri. Það er svo ömurlegt að lesa það og heyra það hvernig fólk var hugsunarlaust um vinnufólkið sem var bara eins og, já, það var ekki samhugur á milli fólks.⁸

Úr bók Ómars: Þannig æxlaðist það svo að þau Sveinn og Ásdís fluttu þangað með dætur sínar tvær. Þótt þetta væri kannski ekki alveg venjulegt fólk og væri jafnvel kallað hyski af mörgum var það fyrstu árin þó ekki skrítnara en svo að hægt var að nýta vinnukraft þess til ýmissa starfa. Ein ástæða þess að þessi sérkennilega fjölskylda hafði flæmst frá Kúskerpi voru kettir Ingunnar. Hún hafði smám saman sankað að sér svo mörgum köttum að þeir voru orðnir plága í sveitinni.⁹

Valgerður: Hún var náttúrulega mikið geðveik, ég sá hana aldrei, Ásdísi móður þeirra. En þær voru svona ruglaðar á geði dæturnar líka. Sem sýnir hvað þetta er ættgengt. Þetta er í genunum.¹⁰

Ómar: Maður var mjög hræddur við þær. Stelpa á næsta bæ sem var á mjög svipuðum aldri, hún sagðist alltaf hafa verið hrædd við þær. Krakkar á öðrum bæjum voru líka hræddir við þær, þó þær gerðu engum mein.¹¹

Eins og í tilfelli annarra einsetukvenna, og förukvenna einnig, þá þótti ást Ingunnar á dýrum ganga úr hófi fram.

Úr bók Ómars: En aftur varð það dýrahaldið sem setti strik í reikninginn. Fjölskyldan í gamla bænum átti nokkrar sauðkindur, þar á meðal einn hrút sem Ingunn eignaði sér. Hann gerðist mannýgur og varð smám saman svo illskeyttur að hætta stafaði af. Aðalbjörn reyndi hvað hann gat til að fá Ingunni til að farga hrútnum en allt kom fyrir ekki. Að lokum varð ekki hjá því komist að koma honum fyrir kattarnef. Við þetta fyrrtist Inga mjög og fólkið í gamla bænum gerðist einrænna í kjölfarið og og samband þess við nábýlisfólkið stirðnaði mjög.¹²



Valgerður Ágústsdóttir

Sveinn, faðir Ingunnar, deyr árið 1939. Þá bjó Ingunn í gamla Hvammi ásamt móður sinni Ásdísi og systur sinni Stefaníu.

Valgerður H.: Svo dó sá gamli, pabbi þeirra. Og gerðu þær ekkert í því. Hann var bara oní rúmi. Þær dúðuðu hann bara svo honum yrði ekki kalt eftir að hann var orðinn dauður. Hann lá dáiinn þarna í einhvern tíma áður en að nokkur vissi af því. Það var svo margt sem var svo sérstakt við þær.¹³



Gamli torfbærinn í Hvammi

Einangrun mæðganna Ingunnar og Ásdísar hélt óslitin áfram eftir andlát Sveins. Þær sáuast ærið lítið utandyra. Hins vegar var Stefanía, systir Ingunnar, oftast nær í vistum á ýmsum bæjum í sveitinni.¹⁴ Hún lifði nokkuð

sjálfstæðu lífi, fjarri fjölskyldu sinni - og myndaði sterk tengsl við fólkið á þeim bæjum þar sem hún starfaði: „Hún var börnunum sem amma“.¹⁵ Stefanía var einskonar líflína Ingunnar og Ásdísar, því hún kom heim með mat og jafnvel fréttir að utan. En þegar Stefanía var heima við þá fór hún líka lítið sem ekkert út úr húsi - tók þátt í einangruninni á heimilinu ef svo má að orði komast.

Valdimar S.: Stefanía, hún var alltaf í vist hjá fólki af og til. Og kom einstaka sinnum til hinna, þá yfirleitt með eitthvað matarkyns. En hún var miklu eðlilegri. Ég heyrði aldrei annað. Ég þekkti hana ekki neitt. Ég hef kannski séð hana einstaka sinnum. Ekki mikið.¹⁶

Valgarður H.: Svo var Stefanía alltaf með léreftspoka, það var ábyggilega poki undan hveiti eða sykri. Hún var með dótið í þessum poka sem hún hafði nappað þegar hún var einhvers staðar á ferðinni. Hún var alltaf með þennan poka. Í minningunni hjá mér var það þannig. Hún var alltaf með poka á öxlinni.

Dalrún: Var það óvenjulegt, að fólk ferðaðist um með poka yfir öxlinni?

Valgarður H.: Já, en nauðsyn brýtur lög. Hún hefur þurft að hafa eitthvað undir dótið.¹⁷

Ómar: Stefanía. Ég sá hana bara þrisvar, þessi fimm sumur. Hún var í stutta stund á Hvammi. Annars var hún alltaf að vinna á sumrin. Hún vann fyrir peningum. Þegar gamla kerlingin dó þá voru systurnar moldríkar, en tímdu ekki að nota í neitt.¹⁸

Dalrún: Kom Stefanía að vinna hjá ykkur?

Valgerður: Nei hún gerði það ekki. Henni var ekki vel við mig. Henni fannst að bóndinn minn Sigurður hefði tekið voðalega niður fyrir sig. Hún forðaðist mig alveg.¹⁹

Ástæðan fyrir því af hverju Ingunn og Ásdís gátu dregið fram lífið án þess að þurfa að yfirgefa híbýli sín og án þess að vinna fyrir sér, var sú að þær bjuggu í skjóli bóndakonunnar og einyrkjahúsmóðurinnar Bjargar Runólfsdóttur, ömmusystir Ómars Ragnarssonar.²⁰

Úr bók Ómars: Ásdís fór eina gönguferð á hverjum degi til að sækja dagskammtinn sinn af mjólk til frænku minnar en sást annars aldrei utan bæjarins. Það var eftirminnilegt að fylgjast í fyrsta sinn með gömlu konunni á sinni löturhægu göngu þar sem hún þokaðist með hraða snigilsins niður með litlum kartöflugarði sem lá milli gamla og nýja bæjarins og staulaðist við staflurk inn til Bjargar. Andlitið var næstum hulið og rétt sást í það bak við pjötlurnar, lítið og samanskroppið. Í fanginu hafði hún allstóran hlut, sem við fyrstu sýn virtist vera hnöttótt ílát, vafið í striga og bönd, en þegar Björg kom til hennar og hellti mjólk ofan í þetta furðulega ílát mátti sjá að á því var flöskustútur. Það fór aðeins mörk af mjólk ofan í þetta ílát sem var í raun lítill flaska, vafin innan í þennan stóra hnykil úr alls kyns snærum, böndum og strigadruslum svo að utanmálið var á við slöttungstóran brúsa.²¹



Ásdís Jónsdóttir nær í eina mörk af mjólk

Björg hlúði að Margréti og mæðgunum með því að veita þeim húsnæði og aðra þjónustu, rétt eins og hún gerði í tilfalli Margrétar förukonu. En þrátt fyrir það að mæðgurnar og Margrét hafi verið upp á Björgu komnar, þá voru þær alveg sjálfstæðar og gjörðu það sem þeim sýndist. Því þjónusta Bjargar var engum skilyrðum bundin; allar konurnar í Hvammi voru sjálfs síns herrar. Engin þeirra þurfti að borga né vinna fyrir greiðasemi Bjargar. Með hliðsjón af því má segja að bæjarhúsin tvö á kvennajörðinni Hvammi hafi staðið á jafnaðargrunni þó ólíkir væru að gerð. Gamli Hvammsbærinn byggður úr torfi og grjóti stóð af gömlum vana rétt ofan við nýja steinbyggða bæinn. Mismunur húsakynnanna undirstrikaði forneskju kvennanna sem höfðust við í torfbænum í einangrun sinni frá umheiminum. Nýji bærinn, steinhúsið með skörpu fletina, endurspeglaði eigandann, bóndakonu nýrra tíma sem karlmannslaus bauð feðraveldinu byrginn með óhefðbundnum lífsháttum sínum.

Konur sem annast þá sem minnst mega sín í samfélaginu er algengt stef í sögunni. Það sem einkennir þó sérstaklega hjálpssemi Bjargar er það hve mörgum konum hún hjálpaði og yfir hversu langt tímabil sú aðstoð varaði. Góðmennska og hjálpssemi Bjargar er ástæðan fyrir því að það myndast einstakt sögusvið í Hvammi með hliðsjón af kvennasögunni, þ.e.a.s. sögusvið sem spratt upp af nábyli förukonu og einsetumæðgna. Það sögusvið gefur einstakt tækifæri til samanburðar í sama tíma og rúmi á lífsháttum þessara kvenna. Annars vegar konunnar sem flakkaði á milli bæja út frá Hvammi. Hins vegar kvennanna sem héldu algerlega kyrru fyrir í gamla Hvammsbænum. Slíkur samanburður á lífi einsetukvenna og förukvenna er gerður hér út frá sjónarhorni sveitunga þeirra sem miðluðu til mín upplýsingum um konurnar í Hvammi. Þeir heimildarmenn mínir gerðu iðulega

samanburð á lífi þessara kvenna í viðtölunum sem ég tók við þau - án þess að spurningar því tengdu kæmu endilega upp af minni hálfu.

Valdimar S.: Lifnaðarhættirnir voru bara með ólíkindum hjá þessum mæðgum. Raunverulega var Manga miklu eðlilegri að ýmsu leyti, hún umgekkst fólk, og fór á milli fólks. Hinar hírðust alltaf inn í kofanum.²²

Dalrún: Náðu þær ekkert saman?

Valgarður H.: Það er það sem ég er ekki viss um. Ég er ekkert viss um það. Þó þær byggju þarna á sama bæ þá voru þær í sitthvoru húsinu. Ég er ekki viss um að þær hafi náð neitt saman.²³

Dalrún: Sérðu einhver líkindi með Möngu, Ingunni og Ásdísi?

Ómar: Manga flakkaði, hinar lokuðu sig inni.

Dalrún: Er eitthvað sem þær eiga sameiginlegt?

Ómar: Algjörlega. Þetta var utangarðsfólk, sem var utangarðs því það gat ekki komist inn á þann vettvang sem að því sæmdi.²⁴

Valgarður H.: Þessar konur settu svip á mannlífið þarna. Því þær voru mikið á ferðinni, sérstaklega Stefanía og Manga. Þannig að auðvitað er mannlífið miklu fátækara eftir að þetta sérstaka fólk er farið. Það er nánast búið að útrýma þessu.²⁵

Valdimar S.: Þær voru allt aðrar týpur, þessar þrjár mæðgur, en Manga. Það var gjörólíkt. Þær voru ekki eiginlegar förukonur. Þær voru alltaf þarna í gamla torfbænum á Hvammi. Mér finnst þær, þessar mæðgur, hafa verið í öðrum flokki en Manga. Manga var förukona, það má segja það. En hinar voru það ekki. Þær bjuggu þarna í torfbænum þangað til þær fengu annað húsnaði. Og þær voru bara þar.²⁶

Ingunn var aldrei í fastri vinnu.²⁷ Hún fór þó á ákveðnum tíma, einu sinni á ári eða annað hvert ár, að hjálpa til í 2-3 vikur á bæjunum Móbergi sem var við hliðina á Hvammi og í þrjú haust á bæinn Geitarskarð til þess að hjálpa við sláturstörfin. Sá tími í lífi Ingunnar skilaði einskonar skrásetningu á lífi hennar; þegar hún var á meðal manna - og menn festu hana í minni sér.

Guðlaug: Ingunn var stundum kaupakona á Móbergi. Ingunn vann almenn kaupakonustörf. Hún var mjög barngóð.²⁸

Valgerður: Hún gerði verstu verkin. Hún hreinsaði vambirnar. Það var heilmikið verk að hreinsa vambirnar. Það var mikið verk og andstyggilega vont. Hún sveið líka sviðin, hausana. Gerði það vel. En hún vildi ekki borða með fólkinu. Hún vildi borða sér. Hún vildi gera allt í laumi, ein. Lítil í lörfum. En hún var góð við mig og vildi allt fyrir mig gera, annað en að klæða sig í almennileg föt.²⁹



Valdimar Steingrímsson

Valdimar S.: Ég man mjög vel eftir henni. Helga, kona föðurbróður míns, fékk Ingu oft í 2-3 vikur í einu, kannski annað hvert ár eða einu sinni á ári, til að vinna fyrir sig. Ég man það ekki nákvæmlega. Lét spinna fyrir sig úr ull og þrjóna á fjölskylduna, það var eingöngu það sem hún fékk hana til. Ég man vel eftir henni, ég talaði svo oft við hana.³⁰

Dalrún: En Inga, hvaða verk var hún að vinna?

Valgerður H.: Hún var bara heima. Hún var samt eitthvað að aðstoða við matargerð.³¹

Valgerður: Hún hafði sérherbergi. Hún var óskaplega vör um sig. Það var auðfundið að hún bjóst ekki við neinu góðu. En eins og ég segi þá var hún mér mjög þæg, og vildi allt fyrir mig gera sem hún gat. Það var náttúrulega takmarkað.

Dalrún: Las hún eða stundaði handavinnu?

Valgerður: Aldrei var ég vör við það.³²



Ingunn fyrir miðju

Vistarverur mæðgnanna var sem hjúpur um leyndardómsfullt líf þeirra, sem vakti athygli smávaxinna dalbúa. Eitt sumarið þegar Ómar var í sveit hjá frænku sinni Björgu í Hvammi, gerði hann prakkarastrik á kostnað Ingunnar. Sú stríðni átti þó eftir að reynast henni happadrjúg.

Ómar: Ég var næstum því búinn að drepa hana. Eina manneskjan sem ég hef skaðað svona á ævinni. Það var bara óvitaverk. Við ætluðum að setja torf í strompinn á bænum. Þá hrundi strompurinn og kellingin var einmitt fyrir neðan að kíkja upp að sjá hvað var að gerast. Þá fékk hún strompinn í hausinn og rotaðist. Svo fórum við að sækja mannskap, við vorum þrír á bænum strákarnir, og þegar við komum til baka þá svipti hún upp hurðinni alblóðug og hreytir út úr sér: „Það eru þokkalegar kveðjurnar sem maður fær frá þér!“. Maður fór alveg yfir um. Þá kom nú í ljós hvað hún frænka mín var skilningsrík, að hún tók mig bara í áfallahjálp. Hún sagði: „Við skulum bara þvo henni, við skulum þvo henni“. Svo fékk hún að þvo henni. Þá var ég svona heppinn að rörið, sem að strompurinn samanstóð af, hafði komið akkúrat hérna, hafði skorið hana hérna. Það þurfti bara að sauma. En hún sagðist ekki sjá með þessu auga og fékk hálfan örorkustyrk eftir þetta. Ekki blessaði hún nafn mitt og ég láí henni það ekki.³³



Ómar Ragnarsson

Hvernig kemur heimilislíf kvenna fyrir sjónir, sem sjaldan sem aldrei fóru út fyrir hússins dyr og tóku ekki á móti gestum. Kvenna sem byggðu ekki lífsviðurværi sitt á vinnu, jafnvel þó tilfallandi tímabundin vinna Ingunnar kæmi við sögu. Ætla má að samræður mæðgnanna, Ingunnar og Ásdísar, hafi að mestu snúist um fortíðina, því samtími þeirra var tilbreytingarlítill, samfelldur, innmúruð tilvera í bænum.³⁴ Ekki er ljóst hvernig sambandi mæðgnanna var háttað, en heimildir benda til þess að Ingunn hafi verið valdhafinn á heimilinu, jafnvel kúgari.³⁵ Einangrunin sem markaði heimilislíf Ingunnar og Ásdísar gerir það að verkum að upplýsingarnar um líf þeirra heima á bæ liggja ekki lausu. Það líf var hulið sveitungum, líkt og dagbókarfærslur sem enginn hafði aðgang að. Birtingarmynd einkalífs Ingunnar og Ásdísar meðal sveitunganna réðst fyrst og fremst af ásýnd óvistlega torfbæjarins þar sem þær bjuggu. Hins vegar réðst birtingarmynd þess einkalífs af ásýnd kvennanna, sem menn höfðu náð að festa sér í minni þá sjaldan að þær komu fyrir manna sjónir.

Ómar: Og þarna voru þær tvær mæðgurnar, Ásdís og Ingunn, alveg einar allt árið. Komu lítið út nema á góðviðrisdögum á sumrin. Þá var strengdur strengur yfir gamla hlaðið, á staur, og þar blöktu þessi finu silkiföt sem þær voru aldrei í. Sjálfar voru þær að stela áburðapokum og sauma úr þeim, því þær voru snillingar til handanna. Gengu í fatnaði sem var áburðapoki ofan á áburðapoka, maður vissi ekki í ósköpunum hvernig þetta var hægt.³⁶


Dalrún: Komst þú einhvern tíma inn í torfbæinn þeirra?

Valdimar S.: Nei, ég held ég hafi aldrei komið þangað. Hann var rifinn um leið og þeim var fenginn annar íverustaður af hreppnum.³⁷

Dalrún: Veistu hvað þær voru að aðhafast heima hjá sér?

Valgarður H.: Ég man ekki eftir að það hafi verið talað um að þær ættu neinar bækur.³⁸

Ómar: Ég kom einu sinni inn í bæinn. Þá sá ég þar klukku sem var ryðguð. Mér var seinna sagt að þetta væri búmannsklukka. Hún skolaðist til mín löngu seinna.³⁹



Klukkustundirnar sem siluðust um sagga- og fúkkaloftið í gamla Hvammsbænum voru ekki tileinkaðar heimilisverkum, heimsóknum, handavinnu eða lestri - að því er heimildir gefa til kynna.⁴⁰ Því líf mæðganna hverfðist fyrst og fremst um að sinna árátum sem þær áttu við að stríða. Líf þeirra var í raun gegnumsyrt af þeim. Þar ber fyrst að geta söfnunarárattu Ingunnar og Ásdísar. Skortur á getu til þess að greina á milli þess hvað sé drasl og hvað séu verðmæti er eitt einkenna söfnunarárattunnar, sem Ingunn og Ásdís stríddu við. Konur sem ljóst þótti að hefðu yfir fjármunum að ráða. En sú þekking var í aðra röndina ævintýraskotin.

Ómar: Þær söfnuðu öllu. Gamli bærinn var fullur af drasli.⁴¹

Valdimar S.: Maður sá þær stundum þó það væri ekki mikið, á sumrin á góðviðrisdögum. Þá voru þær að hengja út á snúru, ábyggilega að viðra föt, eitthvað tau.

Dalrún: Voru þær safnarar?

Valdimar S.: Þær voru það. Þær voru það. Menn ímynduðu sér að það gætu leynst þarna einhver verðmæti, gömul föt. En það fór ekki vel.⁴²

Ómar: Þegar það var skipt um peninga árið 1946, þá trítluðu þær til sýslumannsins á Blönduósi, eða í bankaútibúið þar og skiptu þrettán þúsund krónum. Það var vörubílsverð, sennilega 13 milljónir núna. Þetta voru margar milljónir sem þær áttu. Notuðu ekki eina einustu krónu. Náttúrulega orðnar

brenглаðar. En hver er brenглаður og hver ekki segir maður nú stundum þegar maður fer að kafa ofan í sumt er varðar þetta fólk. Það hefði geta komið upp þarna fyrir norðan að sá eini sem gat gert eitthvað sem átti einhverja peninga, reiðufé, voru þær. Á þann hátt voru þær greinilega viðbúnar.⁴³

Söfnunaráráttan var ekki bundin við hluti og mat, því þegar að fjölskyldufaðirinn Sveinn lést, þá reyndu mæðgurnar að varðveita líkið. Þær létu því engann vita af því að hann væri látinn og bjuggu þannig um líkið að þeim reyndist mögulegt að varðveita það í gamla bænum. Mæðgurnar stríddu líka við stelsýki (kleptomanía). Þær stálu sér til matar, og á sama tíma neituðu þær að þiggja mat sem ölmusu; frekar sultu þær. Stundum brugðu sveitungar á það ráð að skilja mat eftir á víðavangi svo þær gætu stolið honum - því ekkert vildu þær þiggja. Stelsýki er iðja sem kallar á einveru, kallar á næði; iðja sem hentaði þessum konum vel.

Valgarður H.: Þær nátturulega stálu öllu steini léttara. En samt aðallega mat. Þær voru ekki mikið að stela stórum verðmætum. Til dæmis í Hvammi var það þannig að þær stálu eggjunum undan hænunum og rjómanum ofan af brúsunum. Þetta var það eina sem Björgu í Hvammi þótti ekki of gott, því þær voru kannski ekkert allt of þrifnar þegar þær voru að taka rjómann ofan af brúsunum. En þær lifðu bara á miklu svona, að nappa sér mat.⁴⁴

Valdimar S.: Ef maður yrti á hana vinalega, þá var hún hláturmild. Hún var þannig alltaf við mig. Allt í lagi með hana. En hún var voðalega sérstök, og þessi stelsýki sem hrjáði hana. Það var voðalega skrítið. Ég man eftir því þegar hún var ein þar sem hún var að spinna og þrjóna. Þá vorum við krakkarnir stundum í öðru herbergi. Það var þínu rifa sem ekki sást á miðri hurðinni. Við vorum alltaf að kikja inn um þessa rifu. Þá var hún undir eins komin, ef hún var ein, upp í skápana að leita að einhverju. Þetta var ekkert sem nokkurn mann munaði um. Helga vissi alltaf af þessu, hún var með hana í vinnu. Hún vissi alltaf af þessu, og fékkst ekki um það þó hún væri að ná sér í einhvern mola, eða eitthvað. Þetta var svo ómerkilegt. En áráttan var þessi, að hnupla þessu.⁴⁵

Valgarður H.: Á næsta bæ við Hvamm er Móberg, og þar var kartöflugarður svolítið norðan við bæinn. Sagan segir að Pétur á Móbergi var að vandræðast með einhverjar rollur sem voru að koma við túnið. Svo sér hann að hún er að koma heim í tún, og heldur að hún sé að fara í kartöflugarðinn. Hann drífur sig út á brókinni, á hjól, og hjólaði að kartöflugarðinum. Og þegar hann kemur þangað þá sér hann að rollan er að fara að skriða undir girðinguna og í burtu. En þá var þetta nánar tiltekið Inga að ná sér í kartöflu í soðið og dró á eftir sér poka með kartöflum í. Þannig að hann hélt að þetta væri rolla.⁴⁶

Valdimar S.: Hún var stelsjúk, ef hún var ein þar sem hún var að vinna, þá var hún alltaf að nappa einhverju matarkyns. Það var kannski ekki nema sykurmoli eða eitthvað. En þetta var svo ótrúleg áráttan hjá henni. Það var ekki það að hún fengi ekki nóg að borða, hún fékk nóg að borða. Ég man sérstaklega eftir því í eitt skipti þegar hún kemur og ætlar að fara að vinna hjá Helgu, þá var komið að kvöldmat og hún er látin setjast hjá fólkinu hennar Helgu. Bara við það að borða venjulegan mat þá fárveiktist hún. Ég held það hafi liðið yfir hana, mig minnir það. Hún gubbaði líka. Það voru svo mikil viðbrigði, að borða eðlilegan mat. Hún gat náttúrulega borðað eins mikið og hana lysti. Og auðvitað hefur hún verið svöng, því hún tímdi ekki að borða. Þetta var þannig.⁴⁷

Valgarður H.: Systurnar notuðu gúmmístígvél númer 44, stór og víð. Einhvern tímann hafði Inga verið í Glaumbæ, og þá tóku krakkarnir eftir því að það stóð svona sláturkeppur upp úr stígvélinu. Þá notuðu

Þær stúgvélið sem geymslu fyrir það sem þeim fannst áhugavert að eignast... Ég man að bróðir minn var í skóla í Hvammi hjá Björgu og þeim, og þá var hann að segja mér að strákarnir í skólanum sáu það, að Stefanía var að koma heim - var þá búin að vera annars staðar. Hún var alltaf með hvítan poka, léreftspoka, sem hún hafði yfir öxlina og hafði týnt í það sem henni hafði hugnast. Einhvern tímann fóru strákarnir og kíktu á gluggann hjá kerlingunum þegar Stefanía kom heim og var að taka upp úr pokanum. Þá var þar ýmislegt. Það var náttúrulega matur, þær stálu náttúrulega mat mjög mikið.⁴⁸



Mæðgurnar stríddu líka við ákveðna árattu í tengslum við mat, en heimildir benda til þess að þær hafi meðfram stelsýkinni þróað með sér átröskun. Dæmi um það er að Ingunn sveltir sig og vildi aldrei borða fyrir framan annað fólk. Það að matast var einkamál í hennar augum. Þess konar hegðun í tengslum við mat var ekki óalgeng á meðal förukvenna, líkt og vikið hefur verið að; þörfin fyrir að borða í einrúmi; að safna mat; að borða skemmdan mat; að svelta sig. Erfiðara er að gera sér grein fyrir venjum einsetukvenna er sneru að neyslu matvæla en slíkum neysluvenjum förukvenna, því heimildir um lífsvenjur einsetukvenna eru mun færri.⁴⁹

Guðlaug: Hún var alveg stórskrýtin, það er erfitt að lýsa því. Þegar hún var að vinna hjá fólki þá lét hún það halda að hún borðaði ekki. Hún vildi vera út af fyrir sig. Svalt heilu hungri þegar hún var heima hjá sér. Það var ljóst þegar hún kom heim á bæ að hún var rosalega svöng.⁵⁰

Valdimar S.: Það þurfti að styðja hana. Hún fárveiktist. Annað hvort lá henni við yfirliði eða það leið alveg yfir hana. Hún tímdu ekkert að borða. Nema því sem hún gat hnuplað, eitthvað smávægilegt sem engan munaði um.⁵¹

Valgarður H.: Inga var þannig að hún vildi helst aldrei borða með fóki á bænum. Heldur vildi hún fara í búrið á eftir og fá sér mat þar. Hún var mjög sérstök.⁵²

Valgerður: Hún vildi bara vera með sjálfri sér. Þetta að vilja ekki borða með fólkinu. Síðan fór hún kannski inn í búr og fékk sér sjálf. Hún vildi það heldur, hún var þannig. Það þótti mér mjög óþægilegt, en mér var afar vel við hana.⁵³

Ómar: Maður vissi ekki á hverju þær lifðu. Gamla konan hökti niður að íbúðarhúsinu í Hvammi daglega á sumrin til að sækja eina mörk af mjólk, það var allt og sumt. Það vissi enginn á hverju þær lifðu. Ingunn var ofboðslega horuð. Kannski dó gamla konan bara úr hor. Ég veit það ekki. Því engum var hleypt inn.⁵⁴

Lífshættir mæðgnanna í Hvammi vitna í senn til sjálfskipaðrar útleigðar þeirra frá samfélaginu á grunni eigin ástands, og til þeirrar samhygðar eiganda jarðarinnar sem gerði þeim þann lifnað mögulegan. Til að skilja heimilislíf þeirra, þá er mikilvægt að horfa til þeirra aðferða sem konurnar notuðust við í því skyni að vernda friðhelgi einkalífsins; aðferðir sem svipar til álaga. Ingunn og Ásdís notuðust iðulega við níðkveðskap og hótanir þegar þær tókust á við ytri öfl sem vildu hafa afskipti af einkalífi þeirra, s.s. í átökum þeirra við hreppsnefndir, kirkjunnar menn, og lækna. Þær köstuðu fram níðvísunum eða slæmri kveðju; notuðu orð sem vopn. Að því leytinu til svipar þeim til galdranorna, sem hafa í hótunum í bundnu máli.⁵⁵

Ómar: Engum var hleypt inn. Einu sinni ætlaði hreppsnefndin að reka þær út: „Þegar þið komið hingað næst þá verð ég með hníf á lofti“. Skáldkonan mikla. Það var þannig að hún Ásdís svaraði þeim bara í ljóðum. Hún kunní óhemjumikið af níðkveðskap. Hún sallaði á þá viðeigandi níðvísunum ef þeir voguðu sér að fara þarna inn. Þeir komust aldrei inn. Ég man eftir þessum göngum, þau hölluðu í aðra áttina svona, og gólfíð hallaði í hina. Maður var í vandræðum að komast inn.⁵⁶

Valgarður H.: Ég man eftir að hafa heyrt söguna af því, þegar þau voru í Kúskerpi. Þá var hreppsnefndin að basla við þær. Aðallega vegna Ingu. Hún var svo vond við gömlu hjónin að hreppsnefndin fór þarna heim í Kúskerpi til að tala um fyrir Ingu, en það var eitthvað mjög erfitt að eiga við það. Maður heyrði það að hún hefði verið vond við þau. Þá kom hreppsnefndin þarna, einhverjir 2-3 karlar sem ætluðu að tala fyrir henni, að hún ætti að hætta þessu. Þá hvarf hún bara. Þeir ætluðu ekkert að finna hana. Hún var bara einhvers staðar í felum í bænum. Svo þegar þeir eru að fara, bara gefast upp, þá hitta þeir hana einhvers staðar í einhverju skoti þarna. Þá segir Inga: „Passið ykkur bara, þið getið fengið óorð af mér, ef þið komið nálægt mér“. Hún var mögnuð kerlingin.⁵⁷



Gamli torfbærinn í Hvammi

Árið 1953 deyr Ásdís, móðir Ingunnar og Stefaníu: „Lokið var jarðvist hinnar skáldmæltu utangarðskonu sem fædd var og uppalin í Rugludal“.⁵⁸

Úr bók Ómars: Í fyrstu virtist ekkert lífsmark vera inni í þessu frostkalda hreysi sem leyndist undir fönninni. Enn var knúið dyra... Eftir langa bið enn heyrðist þrusk og dyrnar voru opnaðar en aðeins örlítil gætt. Út um hana kom lítil, sinaber og horuð hönd sem hélt á skál. Olli hellti mjólkinni í skálina. Ungi presturinn kallaði inn um gættina og kynnti sig og spurði hvort hann gæti fengið að hitta Ásdísi. „Það er ekki hægt,“ svaraði skræk kvenrödd innan við dyrnar. „Hún hefur verið rænulaus í margar vikur og ég hef ekkert við þig að tala“...Í ljós kom að dætur Ásdísar virtust hafa ætlað að komast hjá því að hleypa lækni í bæinn og að það vitnaðist hvernig komið væri, því að sú gamla lá undir staffla af ýmsum munum og drasli sem hafði verið hrúgað ofan á hana. Það var engu líkara en þær hefðu ætlað að varðveita hana eins og allt annað sem til féll í bænum og þær sönkuðu að sér. Ljóst var að líkið hafði legið þarna í margar vikur. Þær hefðu kannski geymt hana þarna um aldur og ævi ef lyktin hefði ekki komið til.⁵⁹

Ingunn og Stefanía reyndu að varðveita líkið af móður sinni rétt eins og mæðgurnar höfðu gert þegar Sveinn dó; „gat ég rétt ímyndað mér hvernig væri að vera þarna inni meðan hin framlíðna skáldkona lá þar og rotnaði“.⁶⁰ Líkið var fjarlægð úr bænum en eftir sátu minningarnar sem systurnar báru af henni í huga sér. Minningar af Ásdísi áttu fáir sveitungar þeirra, enda eðlilega erfitt um vik að festa sér í minni nokkuð um manneskju sem vart fór út fyrir hússins dyr. Manntölin gefa þó svipmyndir af ævi dótturinnar, vinnukonunnar og eiginkonunnar Ásdísar. Manntalið 1880 sýnir að þá bjó hún sjö ára gömul ásamt tíu ára gömlum albróður sínum í Teigakoti í Húnavatnssýslu, ásamt móður sinni Elíabetu S. Gísladóttur sem þá var ráðskona á bænum, 29 ára gömul. Faðir hennar var Jón Rafnsson, sem var 75 ára gamall húsmáður er lifði á eigin eigum. Aldursmunurinn á foreldrum Ásdísar er gífurlega mikill og vitnar um neyð móður hennar, Elíabetar. En samkvæmt manntalinu 1870 var

Elízabet vinnukona í Rugludal, rétt áður en hún kynnist Jóni. Ætla má að Elízabet hafi ráðist í vist til hans um tvítugsaldurinn. Þegar dóttirin Ásdís er orðin 17 ára gömul er hún skráð á bænum Sólheimum, þar sem hún og móðir hennar Elízabet voru báðar vinnukonur (manntalið 1890). Ásdís birtist ekki aftur í skráningum manntala fyrr en í manntalinu 1910 þegar hún og eiginmaður hennar Sveinn eru skráð leiguliðar á Kárastöðum, ásamt dætrum sínum tveimur, Ingunni og Stefaníu sem þá voru níu og fjögurra ára gamlar. Í manntalinu 1920 er fjölskyldan búsett á bænum Kirkjubæ.

Valgerður: Móðir þeirra var ábyggilega geðveik. Þá var lituð á geðveiki sem það væri skömm fyrir fólkið, eins og það gæti gert af því sjálft. Það var svo mikil grimmd.⁶¹

Guðlaug: Ég sá Ásdísi aldrei. Þekkti hana ekki, nema kannski í sjón. Hún fór ekkert út, nema kannski til að ná sér í mjólk á Hvammi.⁶²

Valgerður Ágústsdóttir: Móðir þeirra, Ásdís, hún var hagamælt, og hefur sjálf sagt verið eins og var með konur þá; hún var vel hagamælt, hún gerði vísur, en fór dult með. Það þótti ekki við hæfi að konur væru að yrkja.⁶³

Ómar: Ásdís var vel gefin. Hún var skáldmælt, hún var eins og Manga, kunni öll skáldin sín utanbókar. Öll þessi síðustu ár, í þessari óskaplegu örbirgð og ömurleika.⁶⁴

Ómar: Ásdís Jónsdóttir skáldkona frá Rugludal - Rugludalur, hvar heldur þú að Rugludalur sé? Í 440 metra hæð þar sem Blönduvirkjun er, langt fram á hæðum. Þar bjó hún á tímabili, og eftir það þá hrökklaðist hún úr búskap. Hún átti auman mann sem var alltaf veikur. Svo horaður í lokin. Páll Kolka héraðslæknir sagðist hafa skoðað hann einu sinni, þá voru viðbeinin svo útistandandi að það voru lautir fyrir ofan viðbeinin; og þar sagðist hann hafa séð tvær stærstu lýs sem hann hefði séð á beit. Svona voru nú lýsingarnar í sveitinni... Á hallærisárunum eru Manga og Ásdís leifar af þessari miklu mergð förufólks sem gat orðið á Íslandi, oft tímabundið. Flosnaði upp og færði sig á nýjan stað. Eins og Ásdís, hún flosnaði upp oftar en einu sinni, að minnsta kosti tvisvar. Hún flosnar upp af Rugludal. Hún flosnar upp þegar hún átti heima einhvers staðar nálægt Auðkúlu. Hún átti á tímabili heima fyrir utan Blönduós. Þetta er kona sem átti mann sem var kallaður ónyttjungur. Hann var bara heilsulítill - og maður sem var heilsulítill á þessum tíma gat ekki beitt sér.⁶⁵

Dalrún: Hittir þú einhvern tímann Ásdísi?

Valdimar S.: Nei. Ég held ég hafi séð henni einu sinni eða tvisvar, bregða fyrir. En ég hitti hana aldrei.⁶⁶

Ómar: Þegar hún var jörðuð, þá allt í einu koma þær systur. Þær voru við jarðaförina sem ég var líka við; svona flott klæddar og fínar maður. Þær voru bara allt aðrar manneskjur. Svo bara um leið og búið var að jarða hana þá var presturinn spurður: „Hvað kostar þetta?“ Bara cash eins og sagt er.



Stefanía Sveinsdóttir

Í kjölfar þess að líkið af Ásdísi var fjarlægt af heimilinu hófst að segja má formlega einstæðings saga Ingunnar. Þó svo að Ingunn hafi allt til þess tíma búið við gífurlega einangrun, þá naut hún samt samvista við móður sína. Sambýli þeirra tveggja hafði varað um langa hríð í gamla bænum. Að Ásdísi genginni þá bjó Ingunn áfram í gamla torfbænum í Hvammi. Hennar heimilislíf var án vitna. Systir hennar Stefanía sem framfleytti sér í vist á bæjum kom sem fyrr með vistir handa systur sinni og dvaldi í stutta stund hverju sinni. Ekki er hægt að slá neinu föstu um það hvernig sambandi systranna, Ingunnar og Stefaníu var háttað. Hinsvegar má fá einhverja mynd af því með því að taka mið af persónulýsingum af systrunum og í því ljósi má ætla að Ingunn hafi haft völd umfram aðra á heimilinu. Stefaníu systur hennar var meðal annars lýst sem konu sem fórnaði sér fyrir aðra, þjónustaði aðra, og gerði litlar sem engar kröfur hvað hana sjálfa varðaði:⁶⁷ „Hún var miklu eðlilegri en Ingunn“.⁶⁸

Valgerður: Ég held þær systur hafi ekki haft náin kynni hvor af annarri sér til ánægju. Án þess að ég viti það. Ég held það bara.⁶⁹

Valgarður H.: Án þess að ég geti fullyrt um það, þá hef ég tilfinningu fyrir því að Inga hafi ráðið meiru á heimilinu heldur en Stefanía. Stefanía kom bara og stoppaði yfirleitt ekki mikið. Ég hef heyrt að hún hafi sagt Stefaníu fyrir verkum.⁷⁰

Líkt og í tilfellum svo margra einsetukvenna þá var útlit Ingunnar sérstætt. Ingunn var smágerð og horuð kona sem klæddist iðulega svörtum töttralegum fötum.⁷¹ Föt hennar eru vitnisburður um líferni hennar, persónuleika og líðan og svipar mjög til klæða margra förukvenna. Sagt er að fötin skapi manninn - ætli maðurinn skapi ekki klæðin líka.

Ómar: Klæðnaðurinn á henni. Ég sé það alveg fyrir mér; hver bótin á fætur annarri. Klæðnaðurinn var allur einar batur. Bót ofan á bót. Allan hringinn. Pilsíð, buxurnar, peysan eða hvað það var sem hún var í. Þetta var allt saman bót við bót. Ótrúlegt.⁷²

Valgerður: Þær voru mjög mikið svartklæddar, og alltaf í gúmmístígvelum.⁷³

Valgarður H.: Þær voru stundum í sauðskinnsskóm. Einhvern tímann heyrði ég það að hún hafi tekið skóinn af sér þegar hún labbaði yfir veginn til að slíta ekki skónum.⁷⁴

Valgerður: Hún vildi ekki vera í venjulegum fötum. Hún notaði þau ekki þó henni væri gefin föt, þó hún tæki við þeim, sem hún gerði ekki glöð. Hún var í görmum, kaftbættum, stagbættum fötum. Hver bótin ofan á annarri. Ömurlegt.⁷⁵

Valgarður H.: Ég held að þegar hún var ung þá hafi hún verið frekar fríð kona og frekar smá. En hún var náttúrulega orðin mjög gömul þegar ég þekki hana. Eða kannski ekkert óskaplega gömul. En hún var orðin illa farin, - manni sem krakka hefur fundist hún vera gömul.⁷⁶

Valgarður H.: Þær voru svolítið líkar. Stefanía var svona stórskornari, stærri heldur. En þær voru náttúrulega mjög líkar samt.⁷⁷

Vilborg Pétursdóttir (eiginkona Valgarðs H.): Þær voru með skuplur yfir hárinu, eins og konur voru með í gamla daga.⁷⁸



Vilborg og Valgarður

Valgerður: Þær voru fríðar, eðlisfríðar. Smávaxnar.⁷⁹

Úr bók Ómars: (Í jarðarför Ásdísar) Mér varð starsýnt á systurnar tvær sem stóðu þarna á hlaðinu og drúptu höfði. Þetta var í eina skiptið sem ég sá Ingunni klædda í almennileg föt. Þetta voru meira að segja fín föt. Undarlegt hvað fatnaðurinn gat breytt fólki. Mér fannst þetta vera allt önnur manneskja en sú sem ég hafði þekkt sumrin á undan og allt í einu sá ég fyrir mér hvernig hún hefði kannski verið sem ung stúlka í sparifötum með æskuroða í kinnum. Mér fannst hún vera svo nett og næstum því hugguleg að ég fór að velta því fyrir mér hvort ég hefði miklað fyrir mér kuldalegan svip hennar sem mér hafði einu sinni fundist svo fráhrindandi. Hrukurnar voru þá ekki eins hvassar og skarpar og ég hafði ímyndað mér. Ég fór að finna til samkenndar og samúðar með henni. Hvernig hafði þessi stúlka getað orðið að því sem hún var? Kannski hafði hún verið uppi á röngum tíma á röngum stað eins og Manga.⁸⁰

Ingunn var mjög einræn kona, lítt gefin fyrir félagsskap og átti erfitt með að þiggja gjafir og hjálp.⁸¹ Hún var gífurlega mannfælin, en þrátt fyrir það gat hún myndað ágætis tengsl bæði við börn og dýr, þeim var hún góð. Ingunn var að sögn greind kona í tali, var kunn fyrir snjöll tilsvör. Beinskeytt tilsvör Ingunnar gefa mynd af samskiptahæfni hennar sem hún nýtti sér ef hún þurfti að svara fyrir sig og verjast ágengni annarra. Hún var ætíð kona í felum, kona í vörn.

Valgerður: Hún vissi ýmislegt, hún var eðlisgreind, en fáfróð.⁸²

Valdimar S.: Ég talaði svo oft við hana þegar ég var stráklíngur. Ég var nú bara svo pínulítill fyrstu árin, ég sagði alltaf við hana: „Inga er fljót að spinna, Inga er fljót að spinna“, sagði ég við hana. Þá fékk ég hana alltaf til að skellihlæja. Ég man svo vel eftir þessu.

Valgerður: Ég held það hafi verið þunglyndi. Það lýsti sér sem mikið þunglyndi. Ég veit að hún, og þær allar, vildu helst vera í felum.⁸³

Dalrún: Sástu Ingunni einhvern tímann gráta?

Valgerður H.: Nei. Maður hafði það á tilfinningunni að hún væri búin að búa til svolítinn hjúp. Lífið hafði verið henni erfitt svo hún lokaði sig af.⁸⁴

Valgerður: Hún hjálpaði mér vel. Hún var hjá mér þrjú haust, gerði verstu verkin; sláturstörf og slíkt. Hjálpaði mér alveg eins og hún gat. En hún vildi helst gera hlutina ein og sér, og vera einhvers staðar í felum. Eins mikill einstæðingur eins og hægt er að hugsa sér.⁸⁵

Valgerður H.: Nei. Það var voðalega erfitt að rökræða við hana. Hún var ábyggilega í sjálfu sér vel gefin að mörgu leyti. Þetta hefur sjálfsagt verið geðveiki, einhverskonar. En hún kom vel fyrir sig orði ef hún þurfti á því að halda.⁸⁶

Valdimar S.: Ég held hún hafi ekki verið illa gefin. Móðir hennar var sögð kunna alveg heilu skáldin, íslensku, utan að.⁸⁷





Kvenfélag Engihlíðarhrepps 1974. Í fremri röð f.v.: Valgerður Ágústsdóttir, Geitaskarði, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Efri-Mýrum, Björg Runólfsdóttir, Hvammi, Soffía P. Líndal, Holtastöðum og Helga Aradóttir, Móbergi. Aftari röð f.v.: Anna Björnsdóttir, Skriðulandi, Björg Bjarnadóttir, Sölvabakka, Birna Helgadóttir, Fremstagili, Ingibjörg Elinmundardóttir, Björnólfsstöðum, Guðlaug Steingrímsdóttir, Skriðulandi og Ingibjörg Jósefsdóttir, Enni. Á myndina vantar Steinunni Blöndal, Blöndubakka og Guðrúnu Magnúsdóttur frá Fagranesi.

Ingunn átti engar vinkonur eða vini. Hún átti í engum nánnum samskiptum við aðra einstaklinga en þá sem tilheyrðu hennar nánustu fjölskyldu - alla sína ævi. En líkt og í tilfellum fleiri einstæðingskvenna í bændasamfélaginu, þá treysti Ingunn kvenfólkinu best; konunum sem hlúðu að henni, húsmæðrunum.

Valgarður H.: Hún talaði ekki við hvern sem var. Þegar það komu gestir á bæina þar sem hún var, þá fór hún alltaf til hliðar. Það var kannski ekki oft sem hún var heima, en ég man ekkert eftir að hún væri að spjalla.

Dalrún: Átti hún trúnaðavinkonu?

Valgarður H.: Ég held ekki. Nema þá kannski Stefaníu.

Dalrún: Myndaði hún vinatengsl við móður þína?

Valgarður H.: Nei ég held ekki að það sé hægt að segja það. En mamma hún náði samt ágætu sambandi við hana, þær spjölluðu stundum svolítið.⁸⁸

Ekki eru til neinar heimildir um það að Ingunn hafi átt í neinu ástarsambandi yfir ævina. Ýmislegt vitnar fremur til þess að hún hafi orðið fyrir kynbundu ofbeldi, sem myndi um leið skýra hvers vegna hún var alveg fráhverf karlmönnum, en hún hafði megnustu andstyggð á þeim. Á meðal þátta sem vitnað gætu um að Ingunn hafi orðið fyrir kynbundnu ofbeldi er klæðnaður hennar. Ingunn gekk í fötum sem minnir margt á brynju, sem túlka má sem einskonar vörn gegn kynferðisofbeldi. Einnig má nefna í þessu samhengi sögu af Ingunni þegar hún ung stúlka frábiður sér með öllu að þiggja læknishjálp. Sú saga sýnir tvennt. Annars vegar gefur hún til kynna hvaða afstöðu Ingunn hafði gagnvart karlkyninu. Hins vegar sýnir sagan sterk bein Ingunnar, sem unglingur að aldri stendur

upp í hárinu á einum vinsælasta lækni Húnaþings. Þá háttar svo til að lækurinn er kominn heim að rúmi Ingunnar sárslasinnar til þess að skoða ástand hennar. En verður að hætta við læknisskoðun sína eftir orðastað við Ingunni í því návígi.


Valgerður: Hún var mjög vör við sig gagnvart karlmönnum. Ég held hún hafi verið bæði hrædd við þá og fyrirliði þá. En ég komst aldrei svo nálægt henni að ég gæti rætt nein persónuleg mál.⁸⁹

Valgarður H.: Það var eitt sem var dálítið merkilegt, ég held ég verði að segja þér það, það var þegar að mamma fór að þvo henni. Að ofanverðu, þá hafði hún Ingunn tekið tuskur og saumað utan á sig, þannig að það var svona þykkt, hún braut bara svona saman og saumaði það. Í þessu var hún var í að ofanverðu - og hafði aldrei farið úr því. Það var ekki séns, að hún gæti hafa farið úr því. Þannig að þetta var ekki alveg, það var ekki góð lykt af þessu. Svo það var bara klippt, hún mamma klippti bara niður bakið til þess að ná henni úr því.⁹⁰

Viðtal við ónafngreindan aðila: Þá voru heilsulitlar mæðgur búsettar í koti og áttu sér fárra kosta vól. Yngri dóttirin veiktist, sennilega alveg frá barnæsku og var lögst í rúmið og lá þar bara og sagði ekkert og vildi við engan tala. Loks var gripið til þess ráðs að grípa til læknis sem var ekki gert fyrir smávelli í þá tíð. En þessi unglingur var milli sextán og tvítugs, og hélt fast í teppið í baðstofunni. Þegar lækurinn kom inn þá svaraði hún engu og hélt fast í teppið. En hann tók í teppishornið til að komast í samband við hana. Þá sagði hún: „Það segðist nú af því að lækurinn kæmi og réðist á stúlku í rúminu“. Og honum varð svo á læknum að hann hvarf frá. Og ekki varð af. Og þessi kona losnaði aldrei við veikindin og átti ekki samleið með neinum.⁹¹

Árið 1958 varð Ingunn að flytja úr gamla bænum að beiðni hreppsnefndarinnar. Gamli Hvammsbærinn var alla hennar ábúðartíð hrörlegur og kaldur, en nú var hann orðinn alveg ónýtur. Því brá hreppurinn á það ráð að byggja yfir Ingunni lítinn kofa á bökkum árinna Blöndu - og systurnar fengu að ráða hvar hann skyldi upp rísa. Út frá staðsetningu kofans má ráða að þær hafi valið staðsetninguna með það í huga að ekki væri auðvelt að nálgast þær.

Valgarður H.: Það voru miklar samningsviðræður við þær hvernig þetta ætti að vera. En það er misskilningur að þær hafi verið á sveitinni, sumir hafa sagt það. Þær greiddu held ég alveg örugglega efnið í skúrinn sjálfar. Þá var náttúrulega Inga komin á örorkubætur og Stefanía var ábyggilega að fá einhverjar greiðslur fyrir sína vinnu. Mér finnst ég hafi heyrt að hún hafi þrjónað, sokka og vettlinga, fyrir krakka þar sem hún var á bæjum. Hún fékk ábyggilega greitt.⁹²





Horft á Björnólfsstaði frá Árbakka (Baslhaga)

Systurnar kölluðu kofann Árbakka, en sveitungar kölluðu hann Baslhaga því basl einkenndi líf systranna: „Það var einhver sem flutti þeirra varning á vagni aftan í dráttarvél. Ég man aðeins eftir því“.⁹³ Á bökkum Blöndu hafði Ingunn sitt aðsetur og Stefanía líka þegar hún kom í heimsóknir. Viðvera Stefaníu með Ingunni minnkaði þó talsvert eftir að móðir þeirra lést og sérstaklega eftir að Ingunn flutti á bakka Blöndu. Kofinn var í landi

Björnólfsstaða, bæjar sem stóð ofar í hlíðinni en kofinn. Ingunn naut góðs stuðnings frá hjónunum á bænum, þeim Ingibjörgu og Bjarna Gestssyni, sem gættu að henni og leyfðu henni að gista heima á bæ ef þess þurfti að vetrum. Af þessu má ráða að hjónin hafi haft skilning á aðstæðum Ingunnar, þekktu enda mikilvægi þess að fólk sinnti þeim meðbræðrum samfélagsins sem þræddu ekki hefðbundna slóð, því að föðursystir Bjarna var förukona; hún Gunna Gests⁹⁴

Dalrún: Fórstu einhvern tímann í það hús?

Valdimar S.: Nei aldrei. Aldrei nokkurn tímann. Ég sá það bara frá þjóðveginum. Þetta er um það leyti sem ég er að flytja í burtu.⁹⁵



Höfundur leitar að menjum Árbakka (Baslhaga)

Ómar: Þær bjuggu síðustu árin í kofa fyrir ofan Blönduá, sem var kallaður Baslhagi. Þetta var allt svona.⁹⁶

Valgarður H.: Þar bjó Ingunn að mestu ein næstu 20 árin því að Stefanía var lengst af í vist á ýmsum bæjum. Víst er að oft var lítið að bíta og brenna í kotinu enda gekk það manna á meðal undir heitinu Baslhagi en systurnar nefndu það Árbakka.⁹⁷



Valgarður H.: Það var svona skúrþak á honum. Ég myndi ekki segja meira en 30 fermetrar. Málað. Ef ég man rétt, þá voru ljósgrænir veggirnir og rautt þak.

Dalrún: Sástu inn um gluggana?

Valgarður H.: Já en það var alltaf eitthvað fyrir þeim, tuskur einhverjar. Það sást aldrei inn í skúrinn. Þetta var nú óttalegt hreysi, þetta var járnklæddur timburskúr, ábyggilega lítið einangraður og kaldur. Þær fluttu þangað. En eftir það þá held ég að Stefánía hafi sáralítið verið þar. En Inga var þarna, en samt var hún mikið á Björnólfsstöðum. Ingibjörg á Björnólfsstöðum var mikil gæðakona og hún tók hana svolítið mikið að sér. En svo skeður það 1974, að þá verð ég oddviti í þessari ágætu sveit. Þá er eitt fyrsta verkefnið sem ég lendi í að sinna, sem tengist því þegar Ingibjörg og Bjarni sem bjuggu á Björnólfsstöðum flytja í burtu suður. Björnólfsstaðir fóru í eyði. Og þá vorum við í algjörum vandræðum með hvað við ættum að gera, því Ingunn gat engan veginn verið yfir veturinn í þessum skúr.

Dalrún: Því hún gisti hjá þeim á veturna?

Valgarður H.: Já hún gisti á Björnólfsstöðum.

Dalrún: Á veturna?

Valgarður H.: Já og var í fæði. Nappaði af þeim mat sem hún vildi. Þá var niðurstaðan sú að við sömdum við þann sem keypti Björnólfsstaði, Hauk á Röðli, að við keyptum olíu til að kynda húsið sem stóð autt og borguðum rafmagnið, og hún fékk að vera þarna á Björnólfsstöðum. Þá kom upp vandamálið með það að hún þurfti eitthvað að éta blessuð konan. Við heima hjá mér fórum með mat til hennar, en hún vildi helst ekki taka við mat þegar maður lét hana hafa hann. Þannig við fundum það ráð að við settum bara matinn á brúsapallinn, mjólkurbrúsapallinn - þá gat hún stolið honum þar. Þá tók hún hann frekar. Þetta gekk alveg ágætlega fyrri hluta vetrar. Hún var bara þarna og allt í lagi. Svo fór ég þarna út eftir og ætlaði að hitta hana og athuga málin. Þá er hún bara farin úr húsinu. Þá hafði hún farið aftur niður í kofann. Það var náttúrulega útilokað annað en að bregðast við því. Hún vildi ekki opna þegar ég bankaði. Ég heyrði að hún var inni en hún svaraði engu. Svo fékk ég Hauk sem átti jörðina með mér, það var alveg sama - það gekk ekki neitt. En þeim var svona frekar til vina mömmu og Ingu, þannig að við fengum hana með okkur með til þess að reyna að ná kerlingunni. Hún bara læsti, það fer alveg á sömu leið. Hún opnar ekki, en við heyrðum í henni. Hún sagði að hún finndi ekki lykilinn. Þannig að við ákveðum að fara bara morguninn eftir þegar það er orðið bjart. Við fórum þá út eftir og það er alveg sama, hún finnur bara ekki lykilinn. Þar til mamma segir við hana: „Það er verst Inga mín, að þú skulir ekki finna lykilinn, því þá verð ég að láta strákana brjóta hurðina“. Þá snerist lykillinn í skránni og hún opnaði. Þá var hún bara veik. Þannig að við tókum hana, og bárum hana í teppi, upp brekkuna frá ánni upp að veg. Fórum svo með hana fram í Fremsta-Gil, og mamma tók hana og þvoði henni. Hún var bara mjög veik. Þá var ákveðið að fá sjúkrabíl og hún fór niður á sjúkrahús - og var svo þar eftir það.

Nema í apríl held ég að það hafi verið, þá strauk hún frá sjúkrahúsinu og labbaði þarna upp í kofann. Þá hringdi læknirinn í mig: „Hvað ertu að gera?“ Við vorum sammála um að láta hana bara eiga sig, lofa henni að vera þar til daginn eftir. En þá greip guð almáttugur inn í og lét koma kuldaél, kalt bara, þannig að hún var fegin daginn eftir að fara upp í sjúkrahús og var þar alveg eftir það. En svo eftir þetta þegar við tókum hana og settum hana á sjúkrahúsið, þá vildi hún aldrei tala við mömmu. Það var bara þannig. Hún var ekki sátt við að fara á sjúkrahúsið. Samt held ég henni hafi liðið ágætlega þar. Það voru engin vandræði með hana.⁹⁸



Ingunn var sjálfstæð kona sem undir ævilokin varð að gefa eftir í neyð sinni og þiggja hjálp. Eitthvað sem hún hafði aldrei gert framan af ævinni. Hún eyddi síðustu æviárum sínum á Héraðshælinu. Stefanía systir hennar dó árið 1988 eftir að hafa eytt síðustu fjórum árum sínum á Héraðshælinu. Þann tíma hafa systurnar ugglaust notið samvistanna: „Eftir fráfall foreldra og systur var Ingunn einstæðingur“.⁹⁹ Ingunn naut góðs atlætis á Héraðshælinu, og líkt og í dalnum langa, þá voru það konur sem hlúðu að henni þar: „Starfsstúlkur sjúkrahússins urðu henni nánastar. Þær önnuðust hana með umhyggju og kærleika og báru hana að endingu til hinstu hvíldar í kirkjugarðinum á Blönduósi“.¹⁰⁰ Ingunn lést árið 1996. Hún skildi eftir sig menjar á bökkum Blöndu; hluti sem hún, systir hennar og móðir höfðu safnað í gegnum árin. Búslóð sem sveitungum þeirra datt í hug að einhverjir gersemar gætu leynst í. Hlutir sem þegar upp var staðið voru einungis gersemar í augum þess er geymdi.¹⁰¹

Ómar: Farið var að grafa í draslinu þeirra, og þá kom í ljós að þær höfðu hreppsnefndarmennina að fíflum. Þeir komu að flottum poka og opnuðu hann, þá var annar poki inn í - svo opnuðu þeir annan poka, og annan poka, og annan poka, og annan poka, svo kom þessi smá öskupoki innst, og þá var bara einn steinn.¹⁰²



„Í Baslhaga mörgum, mörgum árum síðar“

Líf Ingunnar snerist fyrst og fremst um að einangra sig frá öðru fólki. Forsendur má sjá í lífi Ingunnar sem útskýrt geta hennar sérstæða líferni, bæði hennar eigin veikindi, en einnig veikindi móður hennar og það ofbeldi sem ætla verður að hún hafi orðið fyrir. En hvernig sem í þann pott var búið þá er víst að ævi hennar var einmanaleg. Þröngt söguvið ævisögu Ingunnar, í einangrun hennar innan húsveggjanna megnið af ævinni leiðir til vangaveltna. Varðandi allan þann tíma sem hún varði innan bæjarveggjanna; hvernig upplifði hún tímann í einverunni; hvernig greindu dagarnir sig að, árstíðirnar, og árin. Hvert er sköpulag tímans hjá einsetukonunni, innan bæjardyranna og utan. Tilvist sína varði Ingunn vel fyrir umgangi sögunnar; ávallt á varðbergi um sitt einkalíf. Því er viðeigandi að þessi umfjöllun um ævi Ingunnar miðli sjónarhorni þess sem einungis fær að kynnast henni úr fjarlægð; þess er horfir inn um ljórann. Ljórinn á lífi Ingunnar er engu stærri en ljórinn á torfbænum í Hvammi, en er líkt og þar, eina leiðin til þess að sjá einhverju bregða fyrir úr lífssögu hennar.



Dalrún: Ég leitaði að menjum Baslhaga í gær.

Valgerður: Stendur nokkuð eftir af honum?

Dalrún: Nei.

Valgerður: Það fennir fljótt í sporin.¹⁰³

-
- ¹ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
 - ² Stína Gísladóttir „Ingunn Sveinsdóttir, Björnólfsstöðum: Fædd 22. apríl 1906-Dáin 7. febrúar 1993“, bls. 179.
 - ³ Stína Gísladóttir, „Stefanía Sveinsdóttir, Blönduósi. Fædd 26. jóní 1902-Dáin 21. maí 1988“, bls. 191.
 - ⁴ Íslendingabók segir að Ásdís Jónsdóttur hafi verið í Teigakoti, Bergstaðasókn, Húnavatnssýslu. 1880. Húskona í Hvammi. Að auki segir að Sveinn Oddbergur Guðmundsson (1867-1939) hafi verið bóndi á Kárástöðum og verið nefndur Oddbert Sveinn skv. Æ.A - Hún.
 - ⁵ „Stefanía Sveinsdóttir, Blönduósi“, bls. 191.
 - ⁶ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ⁷ „Ingunn Sveinsdóttir, Björnólfsstöðum“.
 - ⁸ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ⁹ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 19.
 - ¹⁰ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ¹¹ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
 - ¹² Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 20.
 - ¹³ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ¹⁴ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ¹⁵ „Stefanía Sveinsdóttir, Blönduósi“. Þar segir: „Stefanía hefur sennilega aldrei komið út fyrir sýslumörkin. Hún var í vist á ýmsum bæjum og vann þar mest við þrjónaskap og var dyggðahjú. Hún var fróðug og minnug, kunni margar sögur og ljóð, sem einkum yngri kynslóðin fékk að njóta í návistum við hana“.
 - ¹⁶ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
 - ¹⁷ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ¹⁸ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
 - ¹⁹ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ²⁰ Björg var skilin við eiginmann sinn þegar Ómar kemur í sveitina til hennar. Hún átti tvö börn. Fjallað var nánar um Björgu í kaflanum um förukonuna Margréti Sigurðardóttur sem hafði aðsetur heima hjá Björgu, í Hvammi.
 - ²¹ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 21.
 - ²² Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
 - ²³ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ²⁴ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
 - ²⁵ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ²⁶ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
 - ²⁷ „Ingunn Sveinsdóttir, Björnólfsstöðum“.
 - ²⁸ Guðlaug Sigurbjörg Steingrímisdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.
 - ²⁹ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018. Geitaskarð.
 - ³⁰ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018. Móberg.
 - ³¹ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018. Fremsta-Gil.
 - ³² Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018. Geitaskarð.
 - ³³ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
 - ³⁴ Í fyrirnefndri heimildarmynd *Grey Gardens* (1975), sem fjallar um einsetumæðgurnar Edith Ewing Bouvier Beale og Edith Bouvier Beale, byggja flestar samræður kvennanna á fortíðinni.
 - ³⁵ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ³⁶ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
 - ³⁷ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
 - ³⁸ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ³⁹ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
 - ⁴⁰ Ómar sagði frá því þegar hann fór inn í bæinn á meðan verið var að ná líki Ásdísar úr bænum, þá hafi ofan á líklyktina bæst við sagga- og fúkkalykt.
 - ⁴¹ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
 - ⁴² Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
 - ⁴³ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
 - ⁴⁴ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
 - ⁴⁵ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
 - ⁴⁶ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018. Sjá einnig *Manga með svartan vanga*.
 - ⁴⁷ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
 - ⁴⁸ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.

- ⁴⁹ Sem áður segir eru til heimildir sem benda til þess að konur sem stunduðu einsetu hafi sumar strítt við raskanir í tengslum við mat og át.
- ⁵⁰ Guðlaug Sigurbjörg Steingrimsdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.
- ⁵¹ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
- ⁵² Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁵³ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁵⁴ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁵⁵ Fyrr í bókinni var fjallað um förukonur með hliðsjón af slíkum kveðskap. Dæmi um slíka förukonu var Látra-Björg ákvæðaskáld.
- ⁵⁶ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁵⁷ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁵⁸ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 103. Rugludalur er í Húnavatnssýslu og er kenndur fyrir fornkonuna skapstóru, Ruglu.
- ⁵⁹ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 98.
- ⁶⁰ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 100.
- ⁶¹ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁶² Guðlaug Sigurbjörg Steingrimsdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.
- ⁶³ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁶⁴ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁶⁵ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁶⁶ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
- ⁶⁷ „Stefanía Sveinsdóttir, Blönduósi“, bls. 191.
- ⁶⁸ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
- ⁶⁹ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁷⁰ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁷¹ Svo virðist vera sem Ingunn og Stefanía hafi speglað hvor aðra í útliti og klæðnaði.
- ⁷² Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁷³ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁷⁴ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁷⁵ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁷⁶ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁷⁷ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁷⁸ Innlegg frá Vilborgu Pétursdóttur, í viðtali sem tekið var við Valgarð Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁷⁹ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁸⁰ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 101-102.
- ⁸¹ „Ingunn Sveinsdóttir, Björnólfsstöðum“.
- ⁸² Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁸³ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁸⁴ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁸⁵ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁸⁶ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁸⁷ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
- ⁸⁸ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁸⁹ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁹⁰ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁹¹ Viðtal við ónafngreindan aðila, sem kys að koma fram undir nafnleynd.
- ⁹² Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁹³ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁹⁴ Jón Jónsson fjallar um Gunnu Gestis í bók sinni *Á mörkum mennskunnar*: „Gunna, sem kynnti sig alltaf sem systur Gestis á Björnólfsstöðum og var þess vegna kölluð Gunna Gestis, fór til dæmis um Húnavatnssýslur með rokkinn sinn og spann, en hún spáði líka í spil“, bls. 107-108. Sjá einnig: ÞP 8678.
- ⁹⁵ Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.
- ⁹⁶ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁹⁷ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁹⁸ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.
- ⁹⁹ „Ingunn Sveinsdóttir, Björnólfsstöðum“, bls. 179.

¹⁰⁰ „Ingunn Sveinsdóttir, Björnólfsstöðum“, bls. 179.

¹⁰¹ Til samanburðar má nefna að þegar að Sæfinnur á sextán skóm lést, þá voru eigur hans fluttar niður í fjöru: „til tortímingar, hrundu þá úr peningar, 500-600 krónur. Og enn ber við öðru hvoru, er unglingar róta í fjörusandinum á þeim slóðum, að þar finnast peningar, og er líklegt að þeir séu runnir frá Sæfinni gamla“, bls. Sjá „Vatnsbólin í vestur- og mið-bænum“, bls. 5.

¹⁰² Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

¹⁰³ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósbær. 2018.

Guðlaug Runólfsdóttir (1862-1939)
Lauga gamla í Tortu



Sagnaþáttur þessi um einsetukonuna Guðlaugu Runólfsdóttur (1862-1939) í Haukadalsskógi, grundvallast öðru fremur á viðtölum sem ég tók við Sigríði Sörensdóttur (f. 1924), sem hitti Guðlaugu þegar hún var barn.¹ Skrifin byggja aukinheldur fyrst og fremst á greininni „Hún kvartaði aldrei“ (1988) eftir Sigurgeir Kristjánsson, og greinunum „Undir grænni torfu“ (1994), og „...og gekk í hémungum“ (1995) eftir Gísla Sigurðsson, sem byggja að mestu á barnæskuminningum greinahöfunda um Guðlaugu. Þess til viðbótar er stuðst við önnur minningaskrif þar sem Laugu í Tortu bregður fyrir.²

Eftir að tíminn skilaði sér heim í hús breyttist allt. Tíminn hafði alltaf verið í huga hennar, létt, fagurt, fyrirbæri sem flæddi áfram; það var hennar mynd af tímanum. Hún sótti þá birtingarmynd tímans til náttúrunnar, þar sem tíminn var þyngdarlaus; var sveimandi fugl, taumlaus á. Þar hafði tíminn ásýnd birtunnar, sem kom og fór á heillandi vegu, svo frjáls. Heillaði hana svo mikið að hún bauð honum inn. Gangverk tímans hafði hún aldrei fyrr haft í sínum húsakynnum en nú var eitt slíkt upp á vegg í baðstofu hennar, - gylltur tími sem hjón úr Reykjavík höfðu fangað og skildu eftir í hennar umsjá. Þar varðveitti hún hann, tímamann sem hljómaði -, - tjikk, tjakk. Í náttúrunni, í skóginum, utanstokks, var ómur tímans hreinn, en ekki inni. Sambýli við óskeikult gangvirki tímans varð um leið þjakandi, mara af tímaviðmiðum sem hvíldi á brjósti hennar. Í þessari áður ókunnunálægð. Í dímum smáum húskynnum hennar, sem áður voru hljóðlaus og frjáls undan oki tímans, mátti nú greina tjikk og eilíft tjakk; svo aftur tjikk og tjakk. Nærvera tímans í hlóðældhúsinu og í baðstofunni komu böndum á nóttina og daginn sem áður syntu frjáls í formi húms, birtu og myrkurs. Nú marsaði tíminn reglubundið um sólarhringana og hennar eigið líf. Hún sem hafði forðum í tímaleysi andað, gengið raulað, drukkið, þrjónað, kyngt, var nú í augnsambandi við tímamann sem tífandi stýrði hennar lífi. Hún var í viðjum vísanna, alltaf í viðjum vísanna. Beið skipanna skífunnar; áhorfandi, áheyrandi tímans - fylgdi, tífi hans eftir. Uns veturinn settist að í baðstofunni teygði sig upp í gömlu rúmfjölinu, undir gangverki tímans og blés köldum gusti á klukkaverkið. Náðarhögg frá gömlum vini, andblenum. Listarnir á klukkunni losnuðu og tíminn hvarf aftur á vit náttúrunnar, fangelsaður fugl sem flaug úr viðjum bæjarins; allt varð hljótt.



Tóftir Tortu

Þann 12. ágúst árið 1862 fæddist þeim Þórunni Guðmundsdóttur (1830-1906) húsfreyju og Runólfi Árnasyni (1832-1900) bónda í Holti í Álftaveri í Vestur-Skaftafellssýslu, stúlkubarn. Hana nefndu þau Guðlaugu.³ Þórunn og Runólfur voru systrabörn, en mæður þeirra beggja voru dætur Þórunnar Oddsdóttur (1733-1816) og Runólfs Jónssonar (1759-1841) í Svínadal í Skaftártungu.⁴ Guðlaug var fjórða barn hjónanna, en eldri systkini Guðlaugar voru Guðmundur, Árni og Elín. Þórunn og Runólfur eignuðust tvö börn til viðbótar, Ísleif og Rúnhildi, sem dóu á fyrsta aldursári sínu.⁵

Margur fór að heiman,
með nesti og nýja skó,
og nóg var kulið þó.
En Lauga berfætt labbaði
um lífsins klakató.⁶

Guðlaug er skráð til heimilis í Holti hjá fjölskyldu sinni í kirkjubók árið 1874, en síðan urðu hvörf í lífi hennar þegar hún var tekin sem tókubarn að Snæbýli í Skaftártungu. Þar dvaldi hún í fjögur ár fjarri fjölskyldu sinni. Fimmátán ára gömul gengur Guðlaug fyrir gafl: „Við veg að sér, skikkanleg“, hafði presturinn að segja um námsárangur Guðlaugar, eða með öðrum orðum að Guðlaug var ekki orðin alveg læs, en „komið vel á veg“.⁷ Árið 1879 er Guðlaug aftur skráð í Holti, hjá fjölskyldu sinni. Þar gerðist hún vinnukona. Árið 1897 tók eldri bróðir hennar Guðmundur yfir búskapinn í Holti og Guðlaug hélt áfram vinnumennsku þar undir stjórn bróður síns. Árið 1899, þegar Guðlaug er orðin þrjátíu og sjö ára gömul, ákveður fjölskyldan hennar að flytja búferlaflutningum frá Skaftafellssýslu í Úthlíð í Biskupstungum. Faðirinn Runólfur varð eftir, líklegast sökum slæmrar heilsu.⁸

Þarna leynist harmsaga; gamli maðurinn kys að verða eftir þegar allt hans fólk flytur svo langt í burtu, að það samsvarar því að flytja í aðra heimsálfu núna. Hann hefur vitað að ekkert af því myndi hann sjá framar, raunar átti hann ekki langt eftir og lézt ári síðar.⁹

Ferðin sem fjölskyldan lagðist í, var löng og erfið. Því vekur það nokkurn áhuga að fjölskyldan ferðaðist með akkerisfesti í farteskinu. Táknræn byrði fjölskyldu sem yfirgaf eigið akkeri til þess tíma, föðurinn, heimilið, sveitina og sveitungana; spor þeirra hafa verið þung, og sama má segja um hestinn sem skilaði akkerisfestinni í Biskupstungurnar

Þegar ég var að alast þar upp var enn til einn furðulegur minjagripur frá þessum flutningum: akkerisfesti af skipi, strandgóss af fjörunni í Álftaveri. Sú saga fylgdi að keðjunni hefði verið vafið utan um tryppi, sem bar hana þessa löngu leið. Og til hvers; enginn gat hugsanlega haft not fyrir slíka akkerisfesti þar.¹⁰

Í kjölfar þess að fjölskyldan fluttist vestur, tók við nýtt söguskeið í lífi Guðlaugar. Hún var þrjátíu og sjö ára gömul, á nýju landsvæði, umkringd nýju fólki. Margt er á huldu um líf hennar næstu tíu árin, en eitt er víst að hún sótti vatnið yfir bæjarlækinn.

Í manntali árið 1900 er hún skráð vinnukona í Austurhlíð. Mætti geta sér til, að hún hafi unnið á heimilinu í Úthlíð á sumrin, en leitað sér fanga annarsstaðar á veturnum. Runólfur, frændi hennar hefur sagt mér að hún hafi verið niður í Flóa, hlutakona á Stokkseyri og ekkert gefið karlmönnum eftir við fiskvinnu. Það kæmi heim við hennar skapgerð, að láta ekki sinn hlut eftir liggja. Þar var Guðlaug til heimilis hjá Ísólfi Pálssyni, lærði til sauma, keypti sér saumavél, sem hún átti til æviloka, og var vélin þá

enn nothæf. Guðlaug var vel vinnandi við tóskap, spann á rokk og þrjónaði í höndunum. Hún var greind, skaprík og kvartaði aldrei.¹¹



Bróðir Guðlaugar, Guðmundur, gerðist bóndi í Úthlíð sem var gömul landnámsjörð. Þar lést móðir þeirra Þórunn árið 1906. Guðmundur lagði niður búskap í Úthlíð árið 1907, en ekki er vitað hvað olli því að hann tók þá ákvörðun. Hann gerðist því næst bóndi í kotinu Bryggju Haukadal: „Hann virðist ekki hafa átt margra góðra kosta vól“.¹² Þar bjuggu þau þrjú systkinin; Guðmundur, Elín og Guðlaug. Guðlaug er skráð sem bústýra hjá Guðmundi bróður sínum árið 1910 og Elín sem húskona.¹³ Árið 1916 lést Guðmundur, en systurnar Elín og Guðlaug héldu búskapnum áfram í sameiningu uns Elín dó tíu árum síðar árið 1926:¹⁴ „Síðan þau dóu, hefur hún jafnan búið ein, en aldrei verið við karlmann kennd, hvorki fyrir nje síðar“.¹⁵ Eftir andlát Elínar stóð Guðlaug ein eftir. Hún stundaði búskap í Torfastaðakoti fram til ársins 1926, þegar hún fluttist í hjáleiguna Tortu (sem í raun hét Haukadalskot) frá höfuðbólinu Haukadal: ¹⁶ „Þar var hún landseti hjá Sigurði Greipssyni, þeim þjóðkunna glímukappa, skólástjóra og veitingamanni við Geysi“.¹⁷ Lauga var síðasti ábúandinn í Haukadal, áður en byggð lagðist þar af upp úr 1930. ¹⁸

Sigríður: Ég var tíu ára þegar ég var upp í Haukadal í íþróttaskólanum.

Dalrún: Hittir þú hana oft?

Sigríður: Neinei ég bara sá hana tilsýndar þegar hún var að koma í Miklaholt, því ég átti heima þar í þrjá vetur. Það er á móti skólanum.

Dalrún: Fór hún á fleiri bæi?

Sigríður: Já, hún labbaði á milli bæjanna á veturna, af því að hún var orðin svo gömul og hrum, erfitt að vera ein heima.

Dalrún: Var hún talin vera förukona?

Sigríður: Nei, það held ég ekki.¹⁹



Torta var lítið kot í miðjum Haukadalskóginum: „Baðstofan var alþiljuð, nokkuð rishá og rúmgóð. Að sjálfsgöðu var hlóðareldhús og hékk hangiket í rjáfri“.²⁰ Umhverfið í kringum kotið hennar Guðlaugar, eða Laugu eins og hún var kölluð, var ævintýrlegt. Allt í kringum kotið uxu vígaleg barrtré, sem hafa myndað kærkomið skjól fyrir einyrkjann. Í nálægð við kotið stóð fögur Haukadalskirkjan, skúlptúr í skóginum. Í baksýn reis upp gufa frá hverasvæðinu; líkt og ský á ferðalagi frá jörðu til himins. Og mitt í þeirri sýn, bjó Guðlaug ein í koti sínu Tortu.



Sigríður Sörensdóttir

Sigríður: Í Haukadalsskóginum, þar var gömul kona. Við kölluðum hana alltaf Laugu gömlu á Tortu, því hún kallaði alltaf bæinn sinn Tortu. En hún hét Guðlaug, ég man ekki hvers dóttir. Hún bjó þarna alltaf ein. Um þetta leyti átti hún einn hest. Þegar hún var búin að slá túnið sitt, þá bar hún heyið heim, en hún vildi ekkert vera að láta hestinn þreyta sig á því. Svo man ég eftir því að við förum þarna í heimsókn til hennar einu sinni - mamma og önnur vinnukona sem var þarna á skólanum og við tvær stelpur sem vorum þarna líka, tíu ára gamlar. Við förum í heimsókn til hennar, og hún bauð okkur inn. Það voru tvö rúm sitthvorum megin í baðstofunni. Þarna var svona kamína sem hún gat hitað á, og poki þar, strigapoki við hliðin á, með mó í og taði. Hún þurfti nú aðeins að þrifa bollanna, svoleiðis að hún tók bara opið á pokanum og nuddaði innan úr þeim. Og þær létu það duga; þáðu kaffið með þökkum. Svo var hún orðin þannig í gamla daga, þegar ég var í Miklaholti, að þá kom hún stundum gangandi á veturnar og alveg í keng, en alltaf þrjónandi. Þó hún væri labbandi, þá bara þrjónaði hún um leið. Gekk marga kílómetra. Svo var henni leyft að vera í nokkrar nætur eins og hún vildi þarna í Miklaholti, það voru mjög góð hjón þar. Ég var óttalegur asni, ég var ógurlega feimin, geysilega feimin.²¹



Kálgarðurinn í Tortu

Í kringum kotið voru litlar slægjur, en Guðlaug vann það allt upp.²² Ásamt því sem að hún var með garðrækt, ræktaði rófur og kartöflur sem hefur verið mikil búbót.²³ Guðlaug var með fjörtíu kindur og einn gráan hest sem hét Lýsingur, en hún kallaði hann ætíð „blessuð beinin“. Auk hundsins Sáms. Guðlaug, líkt og margar aðrar einsetukonur var þekkt fyrir að vera mikil dýravinur. Samband hennar við hestinn, „blessuð beinin“, vottar um það: „Enginn skyldi þó ætla að það sje vegna þess að klárinn sje sjerlega beinaber því hún notar hann aldrei til neins“.²⁴ Guðlaug lagði gífurlega mikið upp úr því að vera sjálfstæð í sínum búskap og þáði aldrei ölmusu. Ef einhver vék einhverju að henni, var hún fljót að endurgjalda greiðann.

Eins og fram er komið hafði Lauga enga málnytu og af þeirri ástæðu kom hún öðru hvoru heim að Haukadal með lítinn blikkbrúsa og hafði þá sama formála við Guðbjörgu móður mína: „Ég er með sníkjubrúsann Bagga mín“. Það var þó fjarri skapferli gömlu konunnar að sækja neitt til annarra án þess að gjalda fyrir það. Hún vann fyrir mjólkurglökkinni með því að hjálpa til við garðræktina, sérstaklega að reita arfann. Þannig held ég að hún hafi lagt hönd að verki á fleiri bæjum, þegar hún var á ferðinni fram á sveit...²⁵



Himinhvelfingin ofan kálgarðsins í Tortu


Eitt var það sem einkenndi Guðlaugu - Laugu gömlu á Tortu - umfram margt annað. Og það var að hún gekk í karlmannsfötum.

Sigríður: Hún var í víðum buxum, og í mussu, í einhverri stórrí mussu utan yfir sig. Hún var ákaflega tötralega klædd. Þegar ég fór að kynna henni þá var hún alveg komin í svoléiðis keng að hún gekk tvöföld. En þó hún væri á labbi þá var hún alltaf að þrjóna og hún var alltaf með handavinnu. Alltaf með þrjóna. Þrjónaði sokka, vettlinga.²⁶

Kom þá fram, að hún væri sérstæð persóna m.a. að hún gengi í karlmannsfötum og riði klovvega. Nú þætti það ekki tiltökumál, en framan af öldinni gengu konur í síðum pilsunum og riðu í söðlum. Nú eru söðlar safngripir og síðu reiðpilsin heyra sögunni til.²⁷

Hún var ekki hávaxin en heldur þrekin með herðakistil, sem ekkert virtist há henni. Hún gekk í karlmannsfötum, oft í vaðmálsúlu og nokkuð víðum buxum, sem hún girti niður í sokkana. Þá var hún í leðurskóm með hattkúf á höfði. Ég þykist muna hvað hún var kát þegar hún kom heim að Haukadal í nýjum gúmmístígvefum. Hefur áreiðanlega oft verið búin að vera blaut í fætuna.²⁸

Hún var vaðmálsklædd, með mjög forneskjulega vaðmálshúfu á höfði, og gekk í hemingum...²⁹



Teikning af Guðlaugu

Karlmansfötin var búningur sem féll vel að verkum Guðlaugar; kona sem var ein með búskap og gekk jafnt í grófari verkin sem þau fínlegri; kona sem reið klovvega; kona sem ferðaðist ein fótgangandi á milli bæja á sínum efri árum; og kona sem fór í kaupstaðarferðir.

Skúli Helgason minnst þess að Lauga í Tortu kom oftast en einu sinni við á Svínavatni í Grímsnesi á árunum 1925-'27; hann var þá 9-11 ára. Hún var þá í kaupstaðarferð, fótgangandi og teymdi hestinn. Eftir að kaupfélag var stofnað á Minni Borg 1919, fór Lauga þangað og lagði inn ullina sína og tók út „sitt pundið af hvor“ eins og stundum var sagt, þ.e. kaffi og sykur, en einnig kandís og smávegis kornvöru; allt var það í smáum pinklum, sem bundnir voru við klifberann, segir Skúli.³⁰



Tré í garði Tortu

Guðlaug gekk alla daga í vaðmálsfötum, karlklæðum. En við sérstök tækifæri brá hún sér í kvenklæði og var þá nær óþekkjandleg í hinum sjaldséða kvenbúningi, og ruglaði menn talsvert í ríminu með ásýnd sinni. Slíkar konur voru karlgerviskonur í samfélaginu; óþekkjandlegar í kvenmannsfötum.

Því man ég eftir, við jarðarför, að hún var mætt í peysufötum með slegið sjal og skotthúfu. Mikil voru umskiptin og það tók mig nokkra stund að átta mig á þeim, mér fannst þetta ekki vera hún Lauga í Tortu.³¹





Sigríður Sörensdóttir


Sem áður segir, þá eru til margar sögur af því þegar að jaðarkonur urðu á vegi einstaklinga úr yfirstéttinni. Slíkar frásagnir af konunum sýna viðhorf kvennanna til einstaklinga úr efri lögum samfélagsins. Sögur sem bregða upp mynd af konum sem litu ekki á sig sem óaðri þegna í samfélaginu, og viðurvist valdamikilla aðila breytti þar engu um.

Þá kom það fram að Lauga í Torfastaðakoti bjargaðist vel af eigin rammleik og léti hvergi á sig halla, hvorki í orði né verki. Skipti þá ekki máli við hvern hún átti, eins og kom fram einhvern tíma þegar sló í rimmu við prestinn á Torfastöðum og hún sagði: „Helvítið yðar“. Já hún gleymdi ekki að þera prestinn þó að hitnaði í kolunum.³²

Lauga var talsvert á ferðinni og oft að þrjúna á labbinu. Einhvern tíma var hún stödd á Söndunum og bar þá svo til að Jónas Jónsson þá ráðherra var þar á ferð ásamt Guðrúnu konu sinni. Þau gáfu sig á tal við gömlu konuna. Hvað þeim fór á milli veit ég ekki en nokkru seinna fékk hún sendingu sem var veggklukka. Það var engin upphitun í baðstofunni í Tortu og um veturinn komst slagi í klukkuna og listar á henni losnuðu. Lauga mat þetta svo að klukkan væri gallagripur. En haustið eftir tók svo kella sig til og fór til Reykjavíkur og heimsótti ráðherrafrúna og afhenti henni reykt sauðafall, svo ráðherrahjónin skyldu ekki telja til skuldar við hana fremur en aðrir. Hún lét vel af móttökunum en auðvitað sagði ég frúnni frá því, hverslags bölvað ólán klukkan væri.³³

Guðlaug var ósérhlífín kona, en hún leyfði engum að komast upp með óréttlæti í sinn garð: „Þrátt fyrir aldurinn var hún óbuguð, bæði til orðs og æðis“.³⁴ Mannkostir hennar og atgervi táknuðu styrk, karlmennsku í gamla bændasamfélaginu: „kaus hún að ganga í hémungunum og teyma hestinn. Sú ganga hefur tekið tímenn sinn og verið þreytandi á vegleysum ekki síst forblautum mýrum sem þá hafa verið mestan hluta leiðarinnar“.³⁵ En karlmannsleysi Guðlaugar þótti hins vegar bera merki um veikleika, þeirra tíma tákn um skort á kvenleika.

Lauga í Tortu í lífsraunum
ljómar varla af gleði.
Karlmannslaus í kofunum,
kúrir ein á beði.³⁶



Teikning af Guðlaugu

Þær heimildir sem varðveist hafa um Guðlaugu miðla að miklu leyti sjónarhorni barna: „Nú er ég grá og gömul norn“.³⁷ Guðlaug hefur staðið í minni margra barna. Hún var forneskjulega/rammíslenska konan í skóginum, lifandi ævintýri í augum barnanna. En kot Guðlaugar var líkt og kot margra einsetukvenna, ekki svo fjarri mannabyggðum. Því í grennd við Guðlaugu, var Íþróttaskólinn í Haukadal.

Ég átti raunar í gær tal við einn af nemendum skólans frá fyrsta starfsári hans 1927-1928... Sá hinn sami sagði mér líka litla sögu frá þessum vetri. Þá bjó hér uppi í Haukadal á smábýli, sem stundum var nefnt Haukadalskot en þó oftart Torta, einsetukona sem hét Guðlaug Runólfsdóttir, upprunnin austur í Skaftafellssýslu. Hún var orðin gömul og slitin af erfði og harðrétti allt frá barnæsku að hún gat ekki rétt úr baki og gekk alveg í keng. Hún hafði þó gaman af að fylgjast með skólastarfinu, sem í hennar augum hlýtur að hafa verið nokkuð framandi. Einu sinni sem oftart stóð hún í íþróttasalnum og horfði á strákana í leikfimi. Stekkur þá einni gáskafullur piltur til og hleypur höfrungahlaup yfir kerlinguna. Ekki reiddist sú gamla, en gaut augunum á strákinn og sagði: „Þetta gat hann, helvítis kvikindið“.³⁸

Það eru líka til samtímaheimildir um Laugu sem miðla samtímasjónarhorni sveitunga hennar. Fyrst ber að geta greinar sem var rituð árið 1931 í *Fálkanum*, sem verður að teljast einstök heimild um viðhorf til einsetukonu sem

lýst er af fólki sem henni er samtíða. Einskonar óður til baráttukonu er stóð utan garðs samfélagsins.³⁹ Hins vegar eru það greinaskrif í *Litla Bergþóri* er sýna allt aðra mynd af einsetukonunni, en í þeim skrifum ber heimildakonan sig saman við Laugu.

Vinur er hún vina sinna og lofar þá mjög, en hún er líka jafn einlægur óvinur óvina sinna. Rjettindi sín ver hún röggssamlega ef henni þykir á þau hallað og er alveg sama hvort æðri eða lægri á þar hlut að máli. Ekki er ráðlegt að fara í orðastælug við hana því þar sýnir hún enga vægð, hver sem í hlut á. Mun hún vera meðal hinna allra sérkennilegustu Íslendinga, sem nú eru uppi og verðskuldar að hennar sé minnst.⁴⁰



- Hún hafði mikinn orðaforða, hún Manga, jafn gömul kona, ekkert upplýst, eins kallað er, hafði aldrei komið á skóla. Hún kunnir að lesa og skrifa. Það var ekki það. Og gerði töluvert af því. - Hún var að segja mér sögu af því, að hún var að gegna, og Lauga heitin í Tortu með henni. Tómas var ekki heima. Hann var við jarðarför. Og þá gerði þetta ofsarok. Þær báru sín hvorn þokann, og Lauga missti sinn. „En ég var vondu vön - og hélt mínum,“ sagði hún. Sko, svona komu setningarnar, sem maður bara mundi.
- Það eru ekki mörg orðin. En hvað hafa þær verið að fara þá?
- Þær voru að gegna á Bingnum, og þar var víst engin hlaða. Það var hús, og er nú eiginlega enn, þarna dálítið fyrir austan bæinn í Helludal, gamalt fjárhús.⁴¹





Guðlaug var einræn kona, og hafði það fyrir sig að tauta við sjálfa sig: „Ugglaust hafa það verið áhrif frá langvarandi einsetu“⁴². En þrátt fyrir mikla einveru, þá hafði hún getu og þörf fyrir að umgangast aðra. Guðlaug ferðaðist á milli bæja, og gisti þar allt upp í nokkra daga. Hún átti svo vitað sé tvær vinkonur, hana Margréti í Hrosshaga og Bríeti Þórólfsdóttur sem var vinnukona á Torfastöðum. Hún var vinaleg við börn, enda muna heimildamenn hennar í sögunni hana aðeins af góðu; einstaklingarnir sem festu hana sér í barnsminni.

Dalrún: Voruð þið börnin hrædd við hana?

Sigríður: Neineinei, engin hræddur við Laugu gömlu í Tortu. Aldeilis ekki.⁴³

Ég held ég muni það rétt, að Lauga hafi flutt að Tortu vorið 1926. Það var þá um haustið, sem okkar persónulegu kynni hófust. Það var jafnfallinn snjór og ég rölti eitthvað norður fyrir bæinn í Haukadal og sá þá gömlu konuna norðan við Beiná með fjárhópin sinn, sem ekki vildi leggja í ána. Ég fór til hennar og okkur tókst að koma kindunum yfir ána. Morguninn eftir kom svo Lauga heim til okkar, og þegar hún var sest á eitt rúmið í baðstofunni dregur hún mórauða ullarvettlinga af höndunum og gefur mér fyrir ómakið. Það voru hlýir og góðir vettlingar og mér er þetta minnisstætt þó langt sé um liðið. Ég held að hún hafi líka munað eftir þessu, því hún ávarpaði mig síðan, „Siggi litli minn“.⁴⁴



Ellin var einn versti óvinur einsetukvenna. Ellimerkin tóku sinn toll og sviptu konurnar smátt og smátt sjálfstæðinu er aldurinn færðist yfir. Eins og nefnt hefur verið þá var Guðlaugu einkar illa við að þiggja hjálp, en þegar veikindi steðjuðu að þá varð Guðlaug að gefa eftir og opna heimili sitt fyrir þeim sem vildu leggja henni lið.

Það var um vetur að Lauga veiktist alvarlega og var talið vera lungnabólga. Foreldrar mínir vitjuðu hennar til skiptis og auðvitað sá faðir minn um gegningarnar. En þegar gamla konan var búin að ná sér eftir veikindin kemur hún einn daginn með lambgimbur inn á baðstofugólf heima, sem var greiðsla fyrir hjálpina í veikindunum.⁴⁵



Þegar aldurinn færðist yfir, þá þurfti Guðlaug að bregða búskap og flytjast inn á aðra í sveitinni. En það varð hlutskipti margra einsetukvenna. Síðustu þrjú æviár sín dvaldi Guðlaug í Úthlíð: „Hún hafði beðið foreldra mína þess að fá að deyja þar“.⁴⁶ Dvöl hennar í Úthlíð sem og á öðrum bæjum, gat af sér minningar um líf hennar og venjur. Hennar sem var búin að missa fjölskyldu sína, vitnin að stærstum hluta hennar ævigangs; hennar sem dvaldi í einveru síðari hluta ævi sinnar; hennar sem á ævikveldinu var umkringd fólki, sem þekkti hana sem einsetukonuna Laugu.

Lauga settist aldrei til borðs með okkur, heldur tindi hún eitthvað í sig standandi og sneri þá baki í heimilisfólkið á meðan.⁴⁷

Dalrún: Þegar hún kom á bæinn (Miklaholt) þar sem þú varst, áttir þú þá í einhverjum samskiptum við hana?

Sigríður: Við bara vissum af henni hjá okkur. Það var svo eðlilegt að hún kæmi og fengi að vera.⁴⁸

Lauga gat áfram verið út af fyrir sig; fékk sérstakt herbergi en búslóðin var ekki stór. Hún tók sér hrífu í hönd í þurrheyi en var af eðlilegum ástæðum ekki orðin til stórræða.⁴⁹



Fyrri hluti ævi Guðlaugar markaðist af fátækt og miklum skorti í Skaftafellssýslunni: „Kjörin voru kröpp og þröng“.⁵⁰ Hún ólst upp við sult og örbirgð, uns hún og fjölskylda hennar lagðist í langferðalag yfir óbrúuð fljótin - alla leið í Biskupstungurnar. En hrjóstrugt land sanda og jökla fylgdi henni allan lífsferilinn. Landið sem hafði mótað hana, markað mannkosti hennar í uppeldinu. Náttúran var sannleikurinn í lífi hennar, og hún trúði á mátt þess íslenska harðstjóra líkt og aðrir trúðu á mátt guðs. Guðlaug lifði alltaf í skugga harðindaáranna í

Skaftafellssýslunni; hún mundi alltaf hvað náttúran var óvægin: „Í barnsæku var hún með gömlu fólki sem mundi Skaftáreldana og móðuharðindin úr sinni barnæsku“.⁵¹

Mér er í barnsminni öldruð einsetukona í Biskupstungum, sem hafði á unga aldri fluzt með sínu fólki austan úr Skaftafellssýslu út í Tungur. Hún var afar svartsýn og tautaði þá fyrir munni sér, þegar tíð var góð; talaði oft um að fyrir þetta mundi nú hefnast. En tók svo gleði sína þegar lagðist í ótíð, því það var eðlilegt ástand og engar hefndir að óttast.⁵²

Ef gerði góða tíð, hvort sem var á sumri eða vetri, þá leið henni sýnilega illa, alveg sannfærð um að fyrir veðurbliðuna mundi hefnast grimmilega. Hvort hún trúði á Guð eða Almættið veit ég ekki, en hún trúði á tyftun sem einhverskonar lögmál. Fyrir allt gott mundi síðar hefnast grimmilega.⁵³



Grasigróin dyragætt Guðlaugar

¹ Ég tók við tvö viðtöl við Sigríði Sörensdóttur, árin 2017 og 2018.

² Nefna má sérstaklega grein um Guðlaugu sem birtist undir nafnleynd í *Fálkanum* 18. apríl 1931 um Guðlaugu. Allir umræddir greinahöfundar mundu eftir Guðlaugu úr barnæsku sinni, að undanskildum höfundum greinarinnar sem birtist í *Fálkanum*, en hún var gefin út þegar Guðlaug var enn á lífi.

³ Í Íslendingabók segir að Runólfur Árnason (1832-1900) hafi verið í Holti í Þykkvabæjarklausturssókn, Vestur-Skaftafellssýslu, 1835 og bóndir þar 1870. Hann var bóndi í Holti í Álftaveri 1870. Þar segir líka að Þórunn Guðmundsdóttir (1830-1906) hafi verið á Gröf í Ásasókn Vestur-Skaftafellssýslu 1835. Hún var í Snæbýli í Ásasókn, í Vestur-Skaftafellssýslu 1845. Hún var húsfreyja í Holti, Þykkvabæjarklausturssókn í Vestur-Skaftafellssýslu 1870. Sjá einnig ættfræðibækur Björns Magnússonar.

³ Í Íslendingabók segir að Runólfur Árnason (1832-1900) hafi verið í Holti í Þykkvabæjarklausturssókn, Vestur-Skaftafellssýslu, 1835 og bóndir þar 1870. Hann var bóndi í Holti í Álftaveri 1870. Guðlaug er alnafna móðurömmu sinnar Guðlaugar Runólfsdóttur (1805-1878).

⁴ Runólfur Jónsson (1759-1841) og Þórunn Oddsdóttir (1733-1816) frá Seglbúðum, bjuggu í Ytri-Ásum á Flögu og síðan í Svínadal þar sem þau síðan önduðust. Sjá „Mannslát“, bls. 4.

⁵ Ísleifur Runólfsson bróðir Guðlaugar lést á fyrsta ári. Hann var að öllum líkindum skírður í höfuðið á móðurbróður sínum Ísleifi Runólfsyni (1830-26. júní 1830), sem lést líka á fyrsta ári. Sjá einnig greinarnar „Hún kvartaði aldrei“ og „...og gekk í hemingum“.

⁶ Sigurgeir Kristjánsson, „Hún kvartaði aldrei“, bls. 7. Vísa eftir

⁷ Gísli Sigurðsson, „Undir grænni torfu“, bls. 6. Gísli vitnar í skilgreiningu Skúla Helgasonar fræðimanns frá Svínavatni, á orðalaginu „komið vel á veg“ um námsárangur Guðlaugar.

⁸ Gísli Sigurðsson, „Undir grænni torfu“, bls. 6.

⁹ „Gísli Sigurðsson, „...og gekk í hemingum“, bls. 6.

¹⁰ Gísli Sigurðsson, „Undir grænni torfu“, bls. 2.

¹¹ Sigurgeir Kristjánsson, „Hún kvartaði aldrei“, bls. 6.

¹² „Gísli Sigurðsson, „...og gekk í hemingum“, bls. 6.

¹³ Skv. Íslendingabók.

¹⁴ Guðmundur Runólfsson átti tvö börn, Guðrúnu og Runólf. Ekki er vitað til þess að hann hafi kvænst. Gísli Sigurðsson, „Undir grænni torfu“, bls. 6.

¹⁵ Umfjöllun um Guðlaugu í *Fálkanum* 18. apríl 1931.

¹⁶ Kotið var líka stundum nefnt Haukadalskot. Sjá Arnþór Karlsson, „Erindi flutt á Jónsmessuhátíð Árnesingafélagsins í Reykjavík að Hótel Geysi 20. júní 1987“, bls. 9.

¹⁷ „Gísli Sigurðsson, „...og gekk í hemingum“, bls. 6.

¹⁸ Arnþór Karlsson, „Erindi flutt á Jónsmessuhátíð Árnesingafélagsins í Reykjavík að Hótel Geysi 20. júní 1987“, bls. 9.

¹⁹ Sigríður Sörensdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

²⁰ Sigurgeir Kristjánsson, „Hún kvartaði aldrei“, bls. 6.

²¹ Sigríður Sörensdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2018.

²² Sigurður Kristjánsson, bls. 6: „Jarðaeigendur, sem voru Kjarnholtamenn, heyjuðu túnið fyrir sig og ég held að leigan hjá Laugu gömlu hafi helst verið að verja það fyrir ágangi“.

²³ Sigurgeir Kristjánsson, „Hún kvartaði aldrei“, bls.6.

²⁴ Umfjöllun um Guðlaugu í *Fálkanum* 18. apríl 1931.

²⁵ Sigurður Kristjánsson, bls. 6-7.

²⁶ Sigríður Sörensdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2018.

²⁷ Sigurður Kristjánsson, bls. 6.

²⁸ Sigurður Kristjánsson, bls. 7.

²⁹ Vitnað í ummæli Skúla Helgasonar sem mundi eftir Guðlaugu frá því hann var barn á Svínavatni í Grísmnesi. Gísli Sigurðsson, bls. 7: „Hemingur var fótabúnaður sem var sterkari en annar fótabúnaður og gerður úr húð sem var flett af hestfóti“.

³⁰ Gísli Sigurðsson, „Undir grænni torfu“.

³¹ Sigurgeir Kristjánsson, „Hún kvartaði aldrei“, bls. 7.

³² Sigurgeir Kristjánsson, „Hún kvartaði aldrei“, bls. 6.

³³ Sigurgeir Kristjánsson. „Hún kvartaði aldrei“, bls. 7. „Þessa frásögn hefi ég eftir Sigríði móðursystur minni, sem var á Söndunum hjá Sigurði bróður sínum“.

³⁴ Sigurgeir Kristjánsson, „Hún kvartaði aldrei“.

³⁵ Gísli Sigurðsson, „...og gekk í hemingum“.

³⁶ Sigurgeir Kristjánsson, „Hún kvartaði aldrei“, bls. 7. Vísa eftir Sigurgeir Kristjánsson.

³⁷ Sigurgeir Kristjánsson, „Hún kvartaði aldrei“, bls. 7. Vísa eftir Sigurgeir Kristjánsson .

- ³⁸ Arnþór Karlsson, „Erindi flutt á Jónsmessuhátíð Árnesingafélagsins í Reykjavík að Hótel Geysi 20. júní 1987“, bls. 9.
- ³⁹ Orðið utangarðs má rekja til þess að einstaklingar sem ekki þótti hæfa að grafa í kirkjugarði á meðal almennra þegna voru grafnir utan kirkjugarðs.
- ⁴⁰ Umfjöllun um Guðlaugu í *Fálkanum* 18. apríl 1931.
- ⁴¹ Guðmundur Óli Ólafsson, „Og enn segir frá Agli“, bls. 13.
- ⁴² Gísli Sigurðsson, „Undir grænni torfu“, bls. 2.
- ⁴³ Sigríður Sörensdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2018.
- ⁴⁴ Sigurgeir Kristjánsson, „Hún kvartaði aldrei“, bls. 6.
- ⁴⁵ Sigurgeir Kristjánsson, „Hún kvartaði aldrei“, bls. 7.
- ⁴⁶ Gísli Sigurðsson, „Undir grænni torfu“, bls. 2.
- ⁴⁷ Gísli Sigurðsson, „...og gekk í hémungum“, bls. 6.
- ⁴⁸ Sigríður Sörensdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.
- ⁴⁹ Gísli Sigurðsson, „Undir grænni torfu“, bls. 2.
- ⁵⁰ Ljóðlína úr kvæði Sigurgeirs Kristjánssonar. „Hún kvartaði aldrei“, bls. 7.
- ⁵¹ Gísli Sigurðsson, „Undir grænni torfu“, bls. 2.
- ⁵² Gísli Sigurðsson, „Að spá í veðrið“, bls. 3.
- ⁵³ Gísli Sigurðsson, „Undir grænni torfu“, bls, bls. 2.

Lífssögusérkenni einsetukvenna



Fuglar í hreiðri; einsetulíf kvenna



Jóhanna Þórðardóttir á Arngerðareyri

Á Íslandi voru konur sjaldan skráðar sem húsráðendur að frátöldum ekkjum. Fleiri en eina undantekningu má þó finna frá þeirri reglu.¹ Því er mikilvægt að geta þess hér að í þessum skrifum er ekki fjallað um hópa einstæðingskvenna sem stunduðu búskap á eigin ábyrgð, með hjálp frá viðbótarmannafla a.m.k. á köflum. Það er að segja, einyrkja húsmæður og/eða ekkjur sem gátu lifað einar með því að stunda hefðbundinn búskap með hjálp fjölskyldu eða annarra, að eiginmönnum sínum látnum. Sumar þeirra kvenna stunduðu vissulega einhverskonar einsetu, þó svo að samneyti þeirra við fólk hafi almennt verið meira en hjá einsetukonunum sem hér eru til umfjöllunar. Um þann hóp kvenna skrifaði sagnfræðingurinn Anna Sigurðardóttir:

Einyrkja húsmæður höfðu sjaldan öðrum á að skipa en sjálfum sér fyrr en börn þeirra uxu svo úr grasi að vinnufær væru... Enda er það vitað að þrátt fyrir lög og almenningssálit hafa húsmæður iðulega farið út fyrir það sem er „innan stokks“ og oft hefur sagnariturum þótt það frásagnaverðara sem þær höfðust að „utan stokks“ og ekki síst ef þær gerðust bæði húsfreyja og húsbóndi á heimlinu.²

Hópar einsetukvenna sem eru til umfjöllunar í þessu riti einskorðast nánast við: 1) einsetukonur sem lifðu bænalífi; 2) einsetukonur sem ástunduðu sjálfspurftarbúskap og tómthúslíf; og 3) einsetukonur sem fóru mjög sjaldan úr húsi.³ *Hafa verður í huga að innbyrðis skörun er á milli þeirra flokka einsetukvenna sem hér er fjallað um, og því geta konur tilheyrt fleiri en einum flokki í senn.* Í þessari umfjöllun um einsetukonur er ekki stuðst við eitt tilgreint tímabil, heldur er frásögnin bundin við heimildir um einsetukonur sem spanna allt frá fyrstu árum Íslandsbyggðar og fram á 20. öldina. Erfitt er að gera grein fyrir einhverskonar endalokum einsetukvenna eins og í tilfelli förukvenna. En víst er að saga einsetukvenna, af þeim toga sem hér er til umfjöllunar, er að segja má öll þegar líða tekur á síðari hluta 20. aldarinnar. Enda þótt bændasamfélagið sé í forgrunni þessarar umfjöllunar minnar, þá fer ekki svo að ekki verði vikið að einsetulífi kvenna í eða við það þéttbýli sem fyrst tók að myndast að marki er leið að lokum 19. aldar.⁴

Einsetukonur sem lifðu bænalífi

Eins og straumur, ört og stillt
ævin, þessi vegferð, líður.
Ó, að gæti eg alltaf siglt
eftir því sem herrann býður.⁵

(Undína, skáldkona)

Saga einsetukvænna hefur lítið sem ekkert verið rannsökuð ef frátaldar eru rannsóknir á sögu einsetukvænna sem lifðu bænalífi.⁶ Fyrstu heimildir um einsetulífnað kvænna á Íslandi eru um konur sem lifðu bænalífi í einsetunni (e. *anchoritism*). Einseta kvænna sem helguðu sig trúnni í einlífi var mest við lýði á þjóðveldisöldinni. Sá lífnaður kvænna var undanfari nunnuklausturshalds á Íslandi, en eftir stofnun fyrsta kvennaklaustursins á Íslandi árið 1186 lagðist einsetulíf kvænna fljótlega af. Langflestar þeirra sem tóku upp þennan lífsstíl einlífis og trúar voru ekkjur sem komnar voru á efri ár þegar þær hófu einsetuna. Það sem er hins vegar einkennandi fyrir þennan hóp kvænna sem ástunduðu bænalíf sitt í einsetu, er sterk félagsleg staða þeirra innan samfélagsins. Heimildir sýna að konur sem lifðu slíku bænalífi, voru fæddar og/eða giftar inn í áhrifamiklar fjölskyldur sem voru jafnvel tengdar kirkjunni.⁷ Þær voru t.d. prestsekkjur og mæður presta. Konur sem stunduðu slíkan einlífnað bjuggu líka að öllum líkindum að góðum menntunarbakgrunni, líkt og Guðrún P. Helgadóttir benti á í bók sinni *Skáldkonur fyrri alda*: „Vegna trúariðkana sinna hafa einsetukonur orðið að kunna ýmislegt fyrir sér í latínu og bóklestri“.⁸ En óháð sterkum efnahagslegum og félagslegum bakgrunni kvennanna þá voru þær á jaðri samfélagsins sökum lífsmátans sem þær tileinkuðu sér - þó svo að sá jaðar væri fyrir tilstilli trúarinnar beintengdur miðju samfélagsins, kirkjuvaldinu. Og um leið efstu lögum samfélagsins. Þess háttar kvenjaðarlíf var einnig við lýði annars staðar í Evrópu, þar sem konur úr efri lögum samfélagsins tóku upp einsetulífnað og/eða gengu í klaustur.⁹ En með því að gerast einsetukonur í þjónustu guðs, hækkuðu konur jafnvel í tign.¹⁰ Þar af leiðandi var jaðarlífsemi tengt bænalífi ekki aðgengilegt öllum konum.

Guðrún gerðisk trúkona mikil. Hon nam fyrst kvænna saltara á Íslandi. Hon var löngum um nærtr at kirkju á bænum sínum.¹¹

Þær fáu heimildir sem varðveist hafa um einsetukonur sem lifðu bænalífi, fjalla um sjö konur sem voru uppi allt frá landnámstímanum og fram eftir 13. öldinni; fyrir og eftir kristnitökuna. Þær konur eru eftirfarandi:

1) Fyrst ber að geta konunnar sem markar upphaf sögu einsetukvænna á Íslandi, Guðrúnar Ósvífursdóttur (f. 974), aðalkvenhetju *Laxdælu sögu*: „Hún var kvænna vænst er upp óxu á Íslandi, bæði að ásjonu og vitsmunum“. Guðrún lifði ekki kyrrlátu lífi áður en hún gerðist einsetukona síðustu æviárin á Helgafelli; kona sem átti fjögur hjónabönd að baki og eggjaði til dráps á tveimur mönnum.¹²

Nú tekr Guðrún mjök at eldast ok lifði við slíka harma, sem nú var frá sagt um hrið. Hon var fyrst nunna á Íslandi ok einsetukona. Er þat ok almæli, at Guðrún hafi verit göfgust jafnborinna kvænna hér á landi.¹³



Leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur

2) Næst kvenna úr ranni einsetukvenna sem lifðu bænalífi, er Guðríður Þorbjarnardóttir (980-1050) sem fjallað er um í *Grænlandinga sögu* og *Eiríks sögu*. Ævisaga Guðríðar, sem kölluð var Guðríður hin víðförla, var ferðasaga. Kona er gekk Evrópu þvera á tveimur jafn fljótum, og sigldi yfir úthöfin átta sinnum. Að lokum hún gerðist einsetukonu í Glaumbæ hjá syni sínum Snorra.



Guðrún Þorbjarnardóttir

Síðan varð Guðríður nunna og einsetukona og var þar meðan hún lifði.¹⁴

3) Hildur (d. 1159) var einsetukona og nunna, í nágrennadölunum Kolbeinsdal og Hjaltadal í austanverðum Skagafirðinum. Hennar ævi er þó nokkuð skráð, í það minnsta er hún mun betur varðveitt en ævi annarra kvenna sem lifðu einlífi í þágu guðs.¹⁵ Hildur var fyrsta konan til að lifa í einsetu eftir kristnitöku.¹⁶



Kolbeinsdalur

Þá hinn sæli Jón biskup réð fyrir Hólastað, þá réðust þángat margir siðlátir menn, bæði karlmenn ok svo konur... réðst sá maðr, sem fyrr var getið, er nefndr er Hámundr prestr Bjarnarson, ok með honum frændmæri hans, er Hildir hét, éng at aldri en hrein at líkama, en lítilát í verki, mild í hugskoti, fögr at álitu en fegri at trú; því at svo var trúa hennar mikil, at hún fýstist þegar á unga aldri einsetulífs, ok bað kostgæfilega hinn sæla Jón biskup, at hann léti henni einni saman hús gjöra ok vígði hana til nunnu. Hun bað ok frænda sinn ok fóstara, at veita sér fulltíng til þessa, at biskup léti þetta eptir henni. En þessa bæn fékk hún ei af þeim, því at þeir þorðu ei til at hætta, hvort hún fengi haldit svá brattri fyrirætlun. Ok er hún náði því ei, er hún fýstist, þá hverfr hún í burt um haustið einn hátíðisdag eptir messu leyniliga, ok leitar sér eyðistaðar. Þá var at henni leitað, ok fannst hún hvergi á staðnum heima ok eigi á næstum bæjum, ok undruðust þetta allir; var þat ok sumra manna ætlun, at hún mundi hafa misst vits síns bráðliga ok hlaupit á ána er skammt var frá staðnum, eðr fyrirfarit sér með öðrum skjótum atburð. En er þetta heyrði ein vitr kona, er Guðrón Daðadóttir hét, móðir Íngunnar, er fyr var getið, þá mælti hún: „ei skulu þér ætla svá heimskliga um systur vora Hildi, því at hún kom til vor snemma í morgun, segi ek yðr satt, at hún bar ei óra í augum, heldr þekk guðlegri miskun. Trúi þér því, er ek segi yðr, því at fjarri mun hún reynast, sem þér ætluðut“. Hennar var vant nokkura daga; þá sögðu konur þær, er farit höfðu áðr um sumarit til berja í Kolbeinsdal ok hún með þeim Hildir, at hún hefði þar mælt fyrir þeim, at þar þætti henni vera byggiligt þeim manni, er einsetulíf halda vildi; sagði berin vera gnóg að eta, og hin skírstu vötn at drekka, ok gnógt hellagrjót, at gjöra sér af herbergi.. því fara menn skyndiliga til þess staðar, sem konurnar höfðu til berjanna farit, ok fundu þar skjaldmey drottins vopnaða með bænum, ok búna til bardaga móti fjandanum ok hans flokkum, ok brynjaða með heilagri trú, en hjálmaða með voninni, ok skjaldada með psálma saungvum. Hún hafði þar gjört sér eitt lítið skygni af hellum, ok hafði hún lesit sér mikil ber til fæðslu. Henni var þá fylgt heim á staðinn ok fögnuðu allir menn hennar aþrkomu, ok náði hún þá því, er hún hafði lengi girnzt, því at þá lét hinn sæli Jón biskup gera henni eitt lítið hús, áfast aunghúsi, fyrir sunnan kórin, ok horfðu suðr á dyrin, ok vígði hann hana til nunnu ok vígði henni þenna kofa til at byggja, ok lifði hún þar sitt líf í elli ok þjónaði guði þar nótt ok dag, með föstum ok bænum. En þá er hinn sæli Jón biskup andaðist, þá hlautz svo til, at hann var grafinn gegnt kofanum.¹⁷

4) Gróa Gissurardóttir (d. 1160) var biskupsdóttir og biskupsfrú; dóttir Gissurs Ísleifssonar biskups, eiginkona Ketils Þorsteinssonar biskups á Hólum og móðir Runólfs prests. Gróa lifði lengi eftir andlát eiginmanns síns og gerðist einsetukona í Skálholti.

Gróa lifði ok lengi síðan, ok varð nunna, ok andaðist í Skálholti á dögum Klængs biskups.¹⁸

5) Ketilbjörg nunna í Skálholti (d. 1201), öðlaðist sess í sögunni í kjölfar dauða síns. Útför hennar vakti athygli, vegna fagurs líksöngs Guðmunds Arasonar prests, er síðar varð biskup.¹⁹

6) Síðan ber að geta Úlfrúnar (1200), einsetukonu á Þingeyrum. Á þeim tíma var munkaklaustur á Þingeyrum, sem var þá mikil miðstöð lærdóms.²⁰

Ulfrún hét hin siðlátasta kona á Þingeyrum, ok var lengi þar í einsetu. Hún hjelt svo ríkt einsetu sína, að hún vildi eigi, að son hennar kæmi til hennar, svo að hún sæi hann, þá er hann sótti hana heim“.²¹

7) Að lokum er nefnd Katrín abbadís (d. 1299), sem var fyrst einsetukona á Munkaþverá, en gerðist síðan nunna á Reynistað.

Þann sama vetr, er systir Katrín, er síðan var fyrst, ok þó langa tíma síðan, abbadís at Stað í Reynisnesi, var at Þverá, ok hún hafði tekit hreinlífis búníng,²²

Hluti áðurnefndra einsetukvenna áttu það sammerkt að hafa átt viðburðaríka ævi að baki áður en þær gerðust einsetukonur. Saga þessara kvenna fyrir einlífið minnir margt á ævintýri húsmæðra á þjóðveldisöld. Saga sem er ekki endilega afmörkuð við einkasvið kvenna í sögunni, heimilið, heldur voru konurnar þátttakendur á almannasviðinu sem kennt er við karla í sögunni.²³ Árin sem konurnar lifðu í samvistum við annað fólk voru einskonaungdómsár kvennanna, ár ásta, ár ferðalaga, ár hjónabanda, ár barneigna, ár átaka - áður en þær gengu í heilagt hjónaband með guði.

Lík Kjartans var fært heim í Tungu. Síðan reið Bolli heim til Lauga. Guðrún gekk í móti honum og spurði hversu framorðið væri. Bolli kvað þá vera nær nóni dags þess.

Þá mælti Guðrún: „Mísjöfn verða morgunverkin. Eg hefi spunnið tólf alna garn en þú hefir vegið Kjartan“.

Bolli svarar: „Þó mætti mér það óhapp seint úr hug ganga þótt þú minntir mig ekki á það“.

Guðrún mælti: „Ekki tel eg slíkt með óhöppum. Þótti mér sem þú hefðir meiri metorð þann vetur er Kjartan var í Noregi en nú er hann trað yður undir fótum þegar hann kom til Íslands. En eg tel það þó síðast er mér þykir mest vert að Hrefna mun eigi ganga hlæjandi að sænginni í kveld“.

Þá segir Bolli og var mjög reiður: „Ósýnt þykir mér að hún fölni meir við þessi tíðindi en þú og það grunar mig að þú brygðir þér minnur við þó að vér lægjum eftir á vígvellinum en Kjartan segði frá tíðindum“.

Guðrún fann þá að Bolli reiddist og mælti: „Haf ekki slíkt við því að eg kann þér mikla þökk fyrir verkið. Þykir mér nú það vitað að þú vilt ekki gera í móti skapi mínu“.²⁴

Að loknu lífsins ævintýri kom köllunin: ²⁵ „Ég var ekki að þrá köllun, heldur var hann að kalla á mig“²⁶ sagði Agnes abbadís í viðtali okkar í Karmelklaustrinu. Telja má að einsetukonurnar sjö sem nefndar voru hafi líka skynjað

slíka köllun, sem í reynd er einskonar minni í sögum kvenna sem hafa tileinkað guði lífi sínu. Konurnar heyrðu á kall guðs og svöruðu því með því að ganga til fundar við hann með trúariðkun í einsetu, með bænalífi sem var þeirra altari.²⁷ Einsetukonan Hildur strauk í eyðidal þar sem hún gerði sér vistarverur úr grjóti; „gnógt hellagrjót, at gjöa sér af herbergi“.²⁸ Guðríður Þorbjarnardóttir fór í suðurgöngu, pílgrímsferð, til helgs staðar áður en hún setti sig niður í einsemd til þess að tileinka líf sitt algjörlega guði: „Þú munt utan fara og ganga suður og koma út aftur til Íslands og bús þíns og þá mun þar kirkja reist vera og muntu þar vera og taka nunnuvígslu og þar muntu andast“.²⁹



Agnes abbatis í Karmelklosturinu í Hafnarfirði

Agnes abbatis: Ég er alveg viss um að hún Guðrún Ósvífursdóttir var að upplifa einhvern mátt. Annað hvort var það þannig að hún var smátt og smátt að tala við Jesú, með því að biðja venjulega bæn, svona munnlega bæn. En með því fylgdi þessi hugur. Hún upplifði kannski smátt og smátt svona vináttu við Jesú. Annaðhvort hafa smátt og smátt komið til hennar hugsanir um að helgast algjörlega Jesú, í lífi; að vera einsetukona. Það er mjög líklegt að þetta gerðist svona, því hjá flestum, einsetukonum og nunnum, gerist þetta svona smátt og smátt. Þetta er ekki stór bylting, að þær velji svona líf. En þær velja af kærleika við Jesú, ekki vegna þess að einhverjar voru fyrir vonbrigðum í ástarlífi. Ég er hundrað prósent viss, ef einhver kemur í klaustur með vonbrigði sín, þá myndi hún vera stutt og hætta strax. Nunnur myndu jafnvel benda henni frekar á að lifa venjulegu lífi heldur en að velja klausturlíf. En það getur líka verið að hún Guðrún upplifði með bæninni einhverja köllun, að Jesú var að sýna henni að þetta var hennar staður; að hann er að vænta að hún myndi fara og gera svo. Þetta er eðlilegt ef konur gerast einsetukonur eða gerast nunnur. Annað hvort er Jesú að kalla á mjög skýran hátt eða þetta gerist svona smátt og smátt.³⁰

Það sem skilur að einsetukonur sem lifa bænalífi og aðrar einsetukonur, er einkum það að einseta fyrrnefnda hópsins snýst um að þjóna öðrum, að þjóna guði. Þar af leiðandi er margt sameiginlegt með hlutverkum einsetukvenna sem lifðu bænalífi, og kvenna sem sinntu hlutverki húsmóðurinnar. Hvoru tveggja kvenhópar er sinntu þjónustustörfum í þágu karla/karlkyns vera.³¹ Bæði hlutverkin fela í sér fórn konunnar. Húsmóðurinni bar að helga lífi sínu eiginmanni sínum og börnum, á meðan einsetukonur er stunduðu bænalíf helguðu líf sitt guði, Jesú og „andlegum börnum sínum“.³² Þessar einsetukonur voru því eins og húsmæður kirkjunnar, einskona andlegar mæður samfélagsins. Konur á þessum tíma höfðu ekki aðgengi að störfum innan kirkjunnar og gátu því aðeins gengt hlutverki á sviði trúarinnar með því að gerast helgar konur eða dýrlingar, eins og Ásdís Egilsdóttir hefur bent á. Einlífi þeirra var álitid göfgi sem væri í þágu samfélagsins, ólíkt einsetulífi kvenna sem helguðu sjálfum sér lífi sínu. Í þessu samhengi verður að taka mið af mikilvægi skírlífi kvenna er lifðu bænalífi. Slík hlutverk gerðu annars vegar kröfu um meydóm en hins vegar var krafan að þær konur væru afturbatapíkur, líkt og spjallaðar einsetukonur er lifðu bænalífi voru dæmi um.³³

Agnes abbadís: Það eru til nunnur sem hugsa að það er óréttlæti að geta ekki verið prestar. Þú skilur það. En ég segi þér alveg hreinskilin, ég veit að Jesú leyfir kannski það óréttlæti í kaþólskri kirkju, vegna þess að þetta er fórn fyrir ýmsar konur í kaþólskri kirkju; sem samt bera andlegan ávöxt til að hjálpa öðrum. Ef þú ert mamma þá þú fórnar ýmsu fyrir barnið. Þetta er eðlilegt, að fórna einhverju andlega fyrir, getum sagt, andlegt barn.³⁴

Valið um að gerast einsetukona í þágu guðs var beintengt þeirri kvenímynd sem reist er á rótgróinni goðsögn um konuna sem þjónustuaðila. Goðsögn sem hin velkunna Betty Friedan gerði að umfjöllunarefni í bók sinni *The Feminine Mystique*. Samkvæmt Betty Friedan þá er „engin önnur leið fyrir konuna að dreyma um sjálfa sig, nema sem móður barna sinna, eiginkonu manns síns“.³⁵ Því er ekki að undra að konur hafi tileinkað sér þau móður og eiginkonuhlutverk innan kirkjunnar, þó með öðrum hætti væri. Þjónustustörf einsetukvenna sem lifðu bænalífi voru að öllum líkindum á pari við hefðbundin dagsverk nunna, sem fólu í sér bænagjörðir, lestur á trúarefni, þagnartíma, föstur, vökur, auk hefðbundinna heimilisverka, svo eitthvað sé nefnt.³⁶ Þær daglegu skyldur sem svipa að mörgu leyti til hefðbundinna húsmæðrastarfa. Sem dæmi þá endurspeglar bænastundir einsetukvennanna matmálstíma á sveitaheimilum. Húsmóðirin skammtaði spónamat í aska, en einsetukonan bað til guðs, mettaði guð með bænum og öðlaðist með því móti þá andlegu næringu sem henni var nauðsynleg. Það eru líka til heimildir um einstæðingshúsmæður drottins, er höfðu innanhúshjú undir sinni stjórn.³⁷ Dæmi um það er einsetukonan Hildur sem nefnd hefur verið til sögunnar. Þegar Hildur fór að eldast þá „mátti hún ekki vera í kofa sínum á vetrum sakir frosts og kulda. Þá var henni fengið „varmahús“, og þjónaði henni ein kona“.³⁸

Agnes abbadís: Til að afneita sér einhverju sem er mjög slæmt, þarf maður æfingu. Í klastrum, gyðingdómi, og í ýmsum öðrum trúarbrögðum, er fastað. Það er ekkert slæmt við það að borða, en samt, þetta er æfing. Við þurfum að æfa okkur í að berjast andlega, og þessi fasta hjálpar til við það að berjast andlega. Ég á svona reynslu, þegar ég er að fasta. Til dæmis í dag er föstudagur, og við erum að fasta í klastrinu.³⁹

Langflestar af þeim sjö einsetukonum sem hér hafa verið nefndar til sögunnar vegna bænalífs þeirra, voru orðnar aldraðar þegar þær tóku þá ákvörðun um að gerast einsetukonur. Að undanskilinni Hildi, sem átti í rómantísku sambandi við guð sinn. Samband þeirra Hildar og guðs hverfðist um forboðna ást ungrar konu og guðs sem henni var meinað að gefa sig, svo hún hljópst á brott með honum svo þau fengju sitt næði og rými til að elskast: „Ok er hún náði því ei, er hún fýstist, þá hverfr hún í burt um haustið einn hátíðisdag eptir messu leyniliga, ok leitar sér

eyðistaðar“.⁴⁰ Hinar einsetukonurnar sem nefndar hafa verið til sögunnar voru búnar að upplifa rómantik, hlutverk eiginkonunnar, móðurinnar og jafnvel ömmunnar þegar guð kemur til skjalanna sem lífsförunautur þeirra.⁴¹ Konur sem voru komnar á aldur og að öllum líkindum hætta að sinna hlutverki og störfum húsmóðurinnar. Með því að gerast einsetukonur sem lifðu bænalífi, þá öðluðust þær konur tækifæri til þess að viðhalda stöðu sinni í samfélaginu sem húsmæður. Þegar þær stofnuðu nýtt heimili með guði, þá sluppu þær við þau örlög að gerast hornkerlingar á eigin heimili.⁴² Það má færa rök fyrir því að konur sem helguðu líf sitt guði hafi fengið ígildi stöðuhækkunar í samfélaginu, þegar þær hverfa frá því að vera húsmæður eða fyrrum húsmæður á bóndabæ til þess að taka að sér hlutverk húsmóður í húsi drottins. Þær líkt og húsmæður íslenskra sveitaheimila unnu launalaust, en segja má að virðingin sem einsetukonurnar fengu fyrir störf sín hafi verið hluti *starfslauna* þeirra.⁴³ Húsmóðir sem tileinkaði líf sitt og heimili guði hlaut laun í formi náðar guðs, aflausnar, annarskonar virðingar og aukið sjálfstæði sem fylgdi einsetunni. Í þessu samhengi verður að gæta að því að hlutverk kvenna, hvort sem þar fóru dætur, systur, húsmæður, eða konur í þjónustu kirkjunnar o.s.frv. byggðu ætíð megin hlutverk sín á því að þjónusta karlmenn í einni eða annarri mynd. Hlutverk sem voru í takt við kristin gildi hvers tíma. Hlýðni kvenna í garð karla, var því í senn hlýðni við drottinn guð almáttugan. Því má segja að húsmæður á sveitaheimilum hafi líka þegið laun sín í formi þóknunar guðs. Sé litið á hlutverk húsmóðurinnar frá því sjónarhorni, þá má segja að hún sé að þjóna guði samtímis er hún sinnir þjónustu sinni við karlmenn. Þar af leiðandi þurftu allar konur, hvort sem um ræðir einsetukonur sem lifðu bænalífi, húsmæður eða konur af öðrum þjónustustéttum, að fórna sér og sínu hversdagslífi, til þess að mæta kröfum guðs um góða konu; það voru þeirra laun.⁴⁴

Guð Íslendinga var karlkyns vera, sem þrátt fyrir að hafast einungis við í hugskotum þeirra hafði geigvænleg áhrif á stöðu kvenna líkt og aðrar guðlegar verur hafa gert um þúsundir ára í lífi manna. Drottinn hefur verið harður húsbóndi í koti kvenna sem stunduðu bænalíf í einsetunni. Engu að síður má ætla að sá húsbóndi himins og jarðar hafi reynt vel þessum konum sem lifðu í hans þjónustu, kannski verið besti húsbóndinn sem völ var á á þeim frelsisviptingatímum kvenna. Því ekki má gleyma að guð var hluti af hugarheimi fólks. Og í hugum kvennanna hefur hann eflaust tekið á sig mynd í takti við væntingar og áherslur kvennanna, í bland við ríkjandi hugmyndir um kristindóminn. Tilvist guðs var vissulega njörvuð niður með strangri forskrift en birtingarmynd hans og verka hans engu að síður upp að ákveðnu marki háð hugum kvennanna. Líf einsetukvenna er stunduðu bænalíf og þarfir húsbónda himins og jarðar sem þær þjónustuðu var hvort öðru háð. Smávægileg útfærsluatriði frá hendi þeirra einsetukvenna á birtingarmynd þarfa guðs hafa vonandi skapað grundvöll að betra heimilislífi hjá þeim húsmæðrum himnaföðurins heldur en venja var hjá almennum íslenskum húsmæðrum þessa tíma.

Einsetukonur sem ástunduðu sjálfþurftarþúskað og tómthúslíf

Það var ekki svo óvanalegt áður á tímum, að einsetukonur nokkuð við aldur byggju þannig einar út af fyrir sig annaðhvort heim við bæi eða út í heimahögum, áttu fáeinar sauðkindur sér til lífsframdráttar, heyjuðu fyrir þeim einsamlar og báru heyið á bakinu heim að kindakofanum. Stunduðu tóskap á vetrum milli þess að þær önnuðust um kindur sínar. Líkar konur voru uppi allt fram á þessa öld, líklega í flestum sýslum landsins.⁴⁵

Salný erfði eitt hundrað í Fljótsbakka og hafði þar kofa, sem kallað var í hjáleigunni. Þjó hún þar einsetukona í fjölda ára og var aldrei við karlmann kennd, og baslaði svo að hún var ekki upp á aðra komin efnalega. Hún átti talsvert af kindum og 1 hross, sló og rakaði og batt heim sjálf, fór líka í kaupstað og hvað annað, sem þörfin krafði. Lömbin markaði hún á vorin með skærum og hafði þau í kjöltu sinni á meðan. Eitt vor

vildi svo til, að piltur, sem var á Fljótsbakka og Einar hét hélt lömbunum fyrir hana á meðan hún markaði en þau gættu þess ekki að lömbin snéru öðruvísi við en þegar hún hélt á þeim sjálf. Markaði hún svo eyrnavíxl við sjálfa sig á lömbin.⁴⁶

Einsetukonur með búskap höfðu bústofn og landrými til umráða og gátu á þeim grunni framfleytt sér. Sumar einsetukonur erfðu land sem gerði búskap þeirra mögulegan, s.s. ekkjur/einyrkjahúsmæður sem héldu áfram að búa að eiginmönnum sínum látnum. Af öðrum einsetukonum með búskap má nefna einhleypar konur úr röðum vinnukvenna, sem hófu búskap á eigin snærum á sínum efri árum. Í þessu sambandi er þarft að hafa í huga að vinnukonur á fyrri tíð áttu oft fáeinar kindur sem þær höfðu fengið sem greiðslu fyrir vinnu sína. Konurnar gátu stundað sjálfsþurftarbúskap með slíkum bústofni. Á meðan aðrar fyrrum vinnukonur stunduðu tótmhúsmennsku og voru mun háðari öðrum. Í þessum tilfellum var algengast að bændurnir sem vinnukonurnar höfðu starfað hjá ánöfnuðu þeim litlum hjáleigum.⁴⁷ Segja má að einsetuúrræði af þessu tagi hafi ekki verið í boði nema fyrir konur sem komnar voru nokkuð við aldur, því yngri konur úr lágstétt höfðu enga innstæðu fyrir því að fá að ástunda slíkt. Það segir sig sjálft að vinnukonur sem fengu jafnvel einungis þriðjung á við vinnumenn í laun eða þaðan af minna, ættu enga möguleika á að hefja búskap af neinu tagi nema að gifta sig eða í hinu fallinu að ástunda kotbúskap/tótmhúsmennsku á efri árum.⁴⁸ Búskapur þessara kvenna einkenndist af mikilli fátækt, sem varð til þess að þær voru sérlega úrræðagóðar þegar kom að því að láta hin ýmsu búverk ganga upp.

Í ungdæmi mínu mátti yst í Hamarstúni má sjá rúst af litlum fjárhúskofa. Yfir þessa kofarúst sléttuðum við í kringum 1930, og þá var horfið það eina sýnilega, sem minnti á búskap þessarar konu, en hún giftist aldrei og bjó ein að sínu, og bjargaði sér sem best hún gat og leitaði ekki til annarra að óþörfu. Amma mín sagði mér það, að hún hefði skorðið grasið utan með steinunum með búrhnífnum sínum og borið það í svuntunni sinni, svona var nýtnin mikil. Hest átti hún ekki og heyið bar hún á bakinu að fjárhúsinu, ekki mun hafa verið hlaða við það. Hjá rústinni vottaði fyrir smá upphækkun, sem mun hafa verið gerð til þess að ekki rynni vatn undir heyið á vetrum þegar leysing var. Hún mun hafa slegið sjálf, og útilokað var fyrir hana að kaupa sér nokkra hjálþ. En hún lifði á sínum skepnum og þurfti ekki að leita til annarra. Sparsemin einstök, og hún hafði gaman af góðum gripum. Átti forláta spariföt, og einn góðan grip annan í eigu sinni, en það var stór Borgundarhólmsklukka í kassa sem var á hæð við meðalmann. Þegar ég var drengur stóð þessi klukka í herbergi því sem hún hafði búið í, í baðstofunni, en þessi kona dó sama árið og ég fæddist, árið 1917. Hún var fædd 1857.⁴⁹

Einsetukonum var tíðum lýst sem miklum dýravinkonum, og þá allra helst einsetukonum sem voru með dýrahald.⁵⁰ Sagnir eru margar til af samskiptum einsetukvenna við dýrin, sem þær mátu til jafns við menn eða mátu ofar mönnum. Þær sagnir svipa að mörgu leyti til sagna af samskiptum förukvenna við dýr. Í þeim einsetukvennasögnum koma fram lýsingar á konum sem hlúðu að dýrunum en þrælkuðu þau ekki og kúguðu. Sumar bjuggu í nánnum samvistum við dýrin á bænum, og unnu fremur verkin sjálfar, heldur en að láta dýrin vinna þau fyrir sig. Það endurspegladist t.d. í þeim sið þeirra að bera klyfjar á sjálfum sér frekar en að nota hross sín í því skyni. Kona og dýr voru jafningjar á bæjum margra þessara einyrkjakvenna.⁵¹

Til dæmis um óhóflegt kattahald, má geta þess, að gömul einsetukona hér í nágrenninu átti í kofa sínum 20 ketti. Kofinn var að vísu mjög lélegur moldarkofi, sem músunum hefir vafalaust þótt undur gott að bæla sig í, en minna hefði þó mátt gagn gera. Og líklega hefir gamla konan ekki alið kettina til höfuðs músunum, heldur til skemmtunar sér í einverunni. Og þó að illt sé að banna fólki að hafa skemmtun af

villtum eða hálfvilltum dýrum, þá ætti þó að banna slíkt kattahald, eða a.m.k, gera eigendum þeirra skylt, að hafa þá í girðingum, álíka og refagirðingar eru.⁵²



Einsetukonan Guðrún Þorgilsdóttir (1836-1919) er dæmi um vinnukonu sem kom sér upp búi að aflokinni starfsævi sinni sem hjú, og var mikill dýravinur. Um hana fjallar Skúli Helgason í grein sinni „Gunnar gamla á Rímanum“. Þar segir að Guðrún hafi flust úr foreldrahúsum sínum Minni-Borg þegar hún var 23 ára gömul, og ráðið sig sem vinnukonu víða í Grímsnesi og einnig um tíma í Laugardal. Þegar Guðrún var ung þá trúlofaðist hún kaupamanni einum en eftir „sumarveruna í Grímsnesinu hvarf hann aftur til áttaha sinna, og þar með var kynnum Guðrúnar við hann lokið“.⁵³ Kaflaskil verða í lífi Guðrúnar þegar hún gerist vinnukona í Miðdal hjá Guðmundi Jónssyni og konu hans og börnum: „Nokkuð var hann stundum ölkær, en allvel látinn af sveitungum“.⁵⁴ Guðrún eignast barn með Guðmundi árið 1876, soninn Júlíus Guðmundsson: „Guðmundur bóndi tók sveininn nýfæddan til uppfostrs. Var hann síðan með föður sínum“.⁵⁵ Ekki þarf að fara í neinar grafgötur um það, hve sárt það hefur kvalið Guðrúnu að þurfa að skilja við son sinn. Hún hélt áfram að ganga í vistir næstu fjórtán árin. Sagan sýnir að Guðrún var mjög vinnusöm og hafði mikinn áhuga á allri vinnu er viðvæk sauðfénaði en var sögð lítið hneigið til inniverka: „Snemma eignaðist hún fáeinar kindur er hún hafði í föðri, þar sem hún var í vinnumennsku, og var það auðvitað eina kaupið sem hún fékk“, skrifar Skúli og segir jafnframt:

Guðrún var kona tæplega í meðallagi á hæð, en þéttvaxin, hún var dökkhærð á yngri árum með móbrún augu, smáfellð í andliti og talin lagleg í sjón á fyrri árum. Talin var hún seig til burða og átaka, enda vandist hún snemma við öll erfðisverk. Öllum bar saman um það, er þekktu hana nokkuð að ráði, að hún hafi verið greind í besta lagi, gat svarað vel fyrir sig og stundum orðheppin. Vel var hún bóklæs og nokkuð skrifandi. Hún var jafnan hæg í fasi, róleg í framkomu og orðgóð til allra manna, enda virtist öllum hlýtt til hennar, og vildu allir rétta henni hjálparhönd, er hún þurfti við. Hún flasaði víst aldrei að

neinu, fór sér hægt og var stundum eins og sveimhuga. Talið var af sumum, að ýmsu veitti hún eftirtekt, er fór fram hjá fjöldanum. Um 1890 verða nokkur þáttaskil í ævi Guðrúnar Þorgilsdóttur, en þá var hún komin á sextugsaldur. Hún hætti þá að ganga í vistir sem vinnukona og réð nú sjálf sínu litla ríki. Þá hafði um nokkurt árabíl búið að Reykjanesi í Grímsnesi Guðjón Finnson, en þar bjó hann góðu búi á fjórða tug ára og átti jörðina. Skammt fyrir ofan Reykjanesið var hjáleigubýli, sem hét Þorsteinsstaðir, en í daglegu tali var það nefnt Riminn... Þá mun hafa samizt svo milli Guðrúnar Þorgilsdóttur og Guðjóns Finnssonar, er átti Rimann, að hún fengi afnot af bæjarhúsunum, sem voru lítil, tveggja stafgólfa baðstofa, og nokkur afnot jarðar til slægna og beitar. Guðrún fluttist nú á Rimann og var þá jafnan nefnd „Gunná á Rimanum“ eða „Gunná Gils“. Þarna átti hún síðan heimili hátt á annan tug og var nær allan þann tíma einsetukona. Hún kom sér fljótt upp nokkrum kindastofni, um 30-40 ám. Á síðari árum fækkaði hún þeim, og voru þær þá um tuttugu. Allt sauðfé Guðrúnar var mislitt, höttótt og golsótt, henni þótti sá litur svo fallegur, og því hélt hún upp á hann. Lengi færði Guðrún frá ám sínum og hafði þá sauðamjólk á sumrin og skyr til vetrarins, en góðir grannar gáfu henni oft mjólkursopa á vetrum. Aldrei átti hún kú eða hest, en hund hafði hún ávallt sér til skemmtunar og gagns, er hún gekk með búsmala sínum. Hún sló og rakaði einsömul og bar heyið á bakinu heim í kumlið, en stuttur var engjavegur hjá henni á Rimanum. Lengi fram eftir árum á Rimanum fór hún út í Lyngdalsheiði og tindi þar fjallagrös, er hún hagnýtti sér til matar í graut og brauð. Þessum starfa hafði hún vanizt, er hún var ung heima í Minni-Borg. Þá var ávallt farið til grasa í Heiðina af flestum bæjum þar í grendinni og víðar að. Átti Guðrún margar minningar frá þeim ferðum upp í Lyngdalsheiði, er hún rifjaði upp á efri árum sínum. Gladnaði þá jafnan yfir gömlu konunni. Kom hún stundum að Svínavatni austan af Rimanum, er hún var að fara til grasa út í Lyngdalsheiði og gisti á heimleiðinni. Var hún þá oft með þéttingsmikinn grasapoka á bakinu. Oft gekk hún berfætt, bæði við heyskapinn og eins er hún fór til næstu bæja á sumrin, en bar þó stundum skó og sokka í poka sínum. Þetta var gamall siður á þeirri tíð, bæði karla og kvenna. Ígangsfatnaður Guðrúnar var aldrei á efri árum íburðarmikill, nýtti hún hverja flík meðan eitthvað var eftir af henni, og bætti þá oft bót við bót. Helzt vildi ekki nota þráð né tvinna, er hún gerði að fötum sínum, heldur hrosshár - taglhár - því að það var sterkara en nokkur tvinni, þótt einfalt væri. Þannig gekk gamla konan hversdagslega til fara, er hún sýslaði við búsmala sinn og heyskapinn - vetur, sumar, vor og haust. En fatafatu átti hún frá yngri árum til ellidaga. Í henni geymdi hún fornan og góðan sparikvenbúning og silfurbelti. Var það samfella svört með blómstursaumum bekk og treyja skreytt á barmi. Þennan búning bar Guðrún aldrei nema til kirkjuferða, en á síðari árum fór hún aldrei í hann, enda hætt að fara til mannfunda. Sem fyrr segir átti Guðrún aldrei hross, hvorki til áburðar né reiðar, heyflutning og aðra aðdrætti bar hún ávallt á bakinu... Er fénaðinum fækkaði og starfsorkan minnkaði, gerði hún lága milligerð í baðstofuna fyrir aftan rúmið sitt, er var við suðurstaft, og flutti kindurnar inn í ytri enda baðstofunnar, þegar hún tók þær á gjöf. Þótti henni notalegt að hafa þær sem næst sér og njóta hlýjunnar af þeim, því að kalt var í baðstofunni“... Það var um vetur, rétt eftir aldamótin, en þá var Skúli læknir Árnason nýfluttur að Skálholti. Hann fór oft um í Reykjanesi í læknisferðum út í Grímsnes. Einhverju sinni átti hann leið um á Rimanum og leit inn hjá Guðrúnu fyrir forvitnissakir. Sagði hann svo síðar frá, að þá hefði gamla konan setið á rúmi sínu, en ærnar jórtrað eftir gjöfina fyrir utan rúmið hennar. Tók læknirinn eftir því og dáðist að, hvað hjörðin mændi ánægjufullum augum upp á hirði sinn. Lét hann svo um mælt, að þar hefði áreiðanlega verið innilegt samband milli manneskjunnar og húsdýranna“... „En það var mál manna, að meðan hún dvaldist á Rimanum, hefði henni yfirleitt liðið vel - með sauðfénaði sínum og hundinum, en fyrir þessar skepnur og með þeim lifði hún og hrærðist“... „Hún var dýravinur mikill og segja má, að það væri ævistarf hennar að sýsla um húsdýrin, einkum sauðkindina“.⁵⁶

Heimildir sýna að hluti einsetukvenna er stunduðu búskap þáðu aðstoð nágranna sinna við búverkin af nauðsyn, sökum fátæktar og/eða hárrar elli, svo eitthvað sé nefnt um ástæður þar að baki. Tilvik um það má finna í sögu af nefndri einsetukonu, Guðrúnu Bjarnadóttur (1843-1935) í Lundarhólma í Lundarreykjadal:

Hún átti nokkrar kindur og tvö hross (hryssur) þegar ég man fyrst eftir henni. Fyrir þessum skepnum heyjaði hún. Smávegis hjálp fékk hún sérstaklega til að reiða heyið heim og bera það upp því enga átti hún hlöðuna blessunin. Skepnurnar hirti hún um sjálf en þegar þurfti að aflífa skepnu fékk hún hjálp.⁵⁷



Aðkomumaður situr fyrir með vatnsfötur
Sesselju Helgadóttur einsetukonu

Bær og búsetuhættir einsetukvenna voru ekki hluti af framleiðslueiningu bændasamfélagsins hugmyndafræðilega séð. Einsetukonur þjónustuðu engum nema sjálfum sér, og þáðu jafnvel ölmusu í einsetu sinni. Að vissu leyti var litið á þær sem byrði, þ.e.a.s. að sjálfstæði kvennanna gæti verið þjóðfélaginu dýrkeypt. Þetta ríkjandi viðhorf samtíðarfólks, nært af samfélagsgerð þeirrar tíðar, hafði samsvörun við ríkjandi viðhorf þess fólks til förukvenna, því báðir þessir hópar voru í reynd flokkaðir sem afræningjar í bændasamfélagi fyrri tíma.

Kona ein er Valgerður hét (kölluð Valka) bjó í kofa vestan við Sandfell. Stóð kofi hennar þar sem kallaður er Hjáleigusporður og sjást enn rústirnar af kofanum. Hún var einsetukona og virðist hafa orðið langlíf. Var hún þar í skjóli margra presta hvers eftir annan og af því kölluð „Staðarfylgja Sandfells“. Óvíst er um tímatal og höfund en þessi vísa lýsir henni:

Ég held Sandfell á flesta grein
fráskilið stöðum hér,
þar er kýr-belja og kerling ein
kallinu er fylgja ber.
Kýrin er hvít, en kerlingin
kolmórauð eins og refurinn.
Kýrin árlega kálfi ber,
kerlingin étur hann.
Kýrin mjólkur þá kostur er,
kerling drakk mjólksopann.
Kýrin loks þegar kólmuð er
kerling svalg líkamann.⁵⁸

Síðan má nefna einsetukonur sem voru ekki með neitt dýrahald og reiddu sig að meira leyti á ölmusu annarra; tómthúskonur.

Ofan við bæinn Hrafnabjörg bjó einsetukona sem kölluð var Halldóra á hjallanum. Hún tilheyrði þeim þjóðfélagshópi sem nefndist tómthúsfolk en það átti ekki skepnur og bjó í kofum. Aðalsteinn lagði sig í líma við að létta Halldóru lífið. Hann færði henni gjarnan mat og nauðsynjar. Halldóra sýndi þakklæti sitt með því að gefa honum sokka og vettlinga.⁵⁹

Einsetukonur sem fóru mjög sjaldan úr húsi



Andlit á þili. (Eiríkur Smith)

Tveir lækir koma ofan af fjallinu og er tunga milli þeirra og nefnist hún Skógartunga. Sagt er, að uppi á fjallinu hafi til forna verið bær, sem hét Selbrekkur og hafi búið þar kona, Ingibjörg að nafni. Fyrir austan og ofan Eyvindamúla er klettur og gnæfir yfir undirlendinu. Hann heitir Imbuklettur. Sögn er þar eystra, að stundum í góðviðri hafi Ingibjörg sézt á klettinum þrjónandi, en litlar samgöngur hafði hún haft við byggðamenn, og sást sjaldan, nema þar af gnípunni, með þrjónana sína.⁶⁰

Þrályndi einræni og mannfælni eru almennt einkenni einsetukvenna; konur sem vildu búa einar; dýrka guð sinn einar; rækta land sitt og hlúa að dýrum sínum, einar. En einsemd kvenna sem fóru vart út fyrir hússins dyr var

með öllu margbrotnari. Sú einangrun byggði að miklu leyti á ótta kvennanna við aðra menn - einangrun sem er erfitt að skilja til hlítar. Við rannsókn mína á þessum hópi einsetukvenna sem fóru mjög sjaldan eða aldrei út úr húsi, þá gerði ég samanburðarathugun á annars vegar sögnum af konum sem lifðu við slíka einangrun á Íslandi og hins vegar á konum sem tileinkuðu sér samskonar lífsmáta í öðrum menningarsamfélögum. Þá kom í ljós að þess háttar einangrun kvenna gengur þvert á öll landamæri og að lífssaga kvenna sem einangra sig á þennan veg er oftast en ekki svipuð. Þessi gífurlega einangrun getur komið fyrir sjónir sem einskonar aðferðafræði kvenna sem hafa lent í áfalli og/eða ofbeldi, sem oftast en ekki er hægt að rekja til formgerðargalla feðraveldisins. Sammerkt með þessum konum er að þær höfðu lent í áföllum á lífsleiðinni og áttu við geðræn vandamál að stríða. Margar voru haldnar söfnunaráráttu og/eða stelsýki.⁶¹ Í því sambandi má nefna að sumar förukonur voru einnig haldnar söfnunaráráttu. Því tengt má nefna forvitnilegt atferli bæði einsetu- og förukvenna, sem fólst í því að þær vöfðu hluti margsinnis með efni. Þessi tilhneiging kvennanna hefur sterk líkindi við tilhneingingu þeirra til að klæða sig í óhemju mörg lög af fatnaði.⁶²



Sumar konur í þessum hópi einsetukvenna, hérlendar og erlendar, bjuggu alla sína ævi eða hluta ævinnar með fjölskyldumeðlimi sem tók alla jafnan þátt í einangruninni. Húsakynni þeirra minna um margt á grafhvelfingu - og þessum konum var gjarnt að búa um sig og sín húsakynni líkt og þær ættu von á árás á þann lífsvettvang sinn og tilheyrandi innmúrað einkalíf sitt. Dæmi um það eru byrgðir gluggar; ofgnótt af hlutum sem konurnar voru búnar að sanka að sér. Frásagnir af íverustöðum kvenna í þessum flokki fela oft í sér lýsingar á ólyktinni sem einkenndi þá, til viðbótar sagga- og fúkkalykt. Konurnar stríddu gjarnan við tregðu við að henda hlutum. Jafnvel mannslík ættingja sem búið höfðu undir sama þaki og þær voru ekki flutt til greftrunar heldur haldið rotnandi heima í þessum vígjum einsetunnar. Annað algengt einkenni þessara einsetukvenna er sérkennilegur klæðnaður þeirra og mikill óþrifnaður, hvoru tveggja var þeim með beinum og óbeinum hætti einskonar skjöldur sem varði líkama

þeirra. Auk þess sem sumar hýstu mikið magn af dýrum innandyra sem fólk amaðist við, s.s. ketti. Birtingarmyndir þessara kvenna í sögunni eru ætíð eins, þær birtast líkt og skuggi af konu; hönd sem stingst út úr dyragættinni; kona sem bregður fyrir í fjarska í örskotsstund; goðsagnakenndar sagnir sem segja af konu sem lifði á meðal manna uns hún dró sig í hlé. Erfitt er að segja til um hvernig konur sem lifðu í þess háttar einangrun drógu fram lífið. Ýmsar heimildir benda til þess að hluti kvennanna hafi þáð ölmusu, líkt og förukonur. Aðrar heimildir segja af konum sem unnu sér til lífsviðurværis. Eins og Guðrún Bjarnadóttir (1843-1935), einsetukona í Lundarreykjadal, sem „spann eitt sinn fyrir konu sem varð uppiskroppa með tvinna er hún var að sauma karlmannsföt, band úr togi svo fínt að það mátti nota í saumavélina og ljúka við fötin“.⁶³ Einsetukonan Guðný Snorradóttir (f. 1777) vann sér líka til lífsframfærslu, með framleiðslu og sölu. Einsetulífnaðarhátt Guðnýjar má að öllum líkindum rekja til andlegra erfiðleika sem hún glímdi við, jafnvel allt frá barnæsku. Ein sagan segir frá því þegar hún sem lítil túlka kom hlaupandi heim til föður síns sr. Snorra á Húsafelli, og sagðist hafa verið hundelt af útburði alla leiðina heim. Snorri tók þá til þess ráðs að særa útburðinn úr líkama dóttur sinnar, og er sagt að hún hafi ekki náð sér að fullu eftir það atvik. Fleiri lýsingar eru til um Guðnýju sem gefa mynd af konu sem eitthvað er að plaga. Sagan af því þegar hún fékk gefins bók frá föður sínum er táknræn. Bókinni fylgdi púki, sem ekki hægt var að aðskilja frá bókinni. Púkinn rataði því í kot Guðnýjar.

Ein dætra síra Snorra Björnssonar á Húsafelli var Guðný. Hún giftist aldrei. Trúlofaðist en varð fyrir vonbrigðum í ástum, og hugsaði ekki um þau efni frekar. Gerðist hún einsetukona og var einræn í öllum háttum. Bjó hún lengi í Ambáttarhól við Flókadalsá. Til marks um hve hún var einræn og fastheldin sagði Kristleifur fræðimaður á Stóra-Kroppi mér þetta: Allt það, sem hún framleiddi og hafði til að selja, fór hún með til síra Hannesar Stephensen prófests á Ytra-Hólmi og allt það, sem hún keypti til sinna þarfa, ætt og óætt fékk hún aftur í þessari sömu ferð úr búi síra Hannesar... En það segir Kristleifur að ekkert hafi mátt haggast um þessi viðskipti gömlu konunnar.⁶⁴



Grey Gardens er heimildarmynd frá 1975 sem fjallar um líf mæðgna sem lifðu í einangrun frá umheiminum



Edith í *Grey Gardens*

Einsetukonan Ingunn Sveinsdóttir (1906-1993) í Húnavatnssýslu sem fjallað var ítarlega um fyrr í bókinni, tilheyrir þessum flokki einsetukvenna sem fóru lítið sem ekkert út úr húsi. Allt frá unglingsárum sínum einangraði Ingunn sig gjörsamlega frá umheiminum, lengst af með móður sinni Ásdísi Jónsdóttur. Forsendur þess hvernig hún og móðir hennar náðu að draga fram lífið, fólust fyrst og fremst í því að þær þáðu ölmusu og stálu sér til viðurværis.

Þótt kerlingarnar í gamla bænum sæjust sjaldan utandyra höfðum við kynnst þeim betur. Þær voru hreint ótrúlegar! Það var ekki nóg með að þær hefðu sankað að sér dýrindis fatnaði í torfhreysið á sama tíma og þær gengu í strigalörfum heldur áttu þær líka peninga. Þegar skipt var um seðla og mynt í stríðslok hafði ein þeirra arkað með þrettán þúsund krónur í reiðufé í bankann og fengið þeim skipt. Þetta samsvaraði næstum því árslaunum verkamanns! Á þessum verðmætum lágu þær eins og ormur á gulli í þessum hálfhrunda, fúna og myglaða torfbæ, en allir vissu að á nóttunni fór Ingunn stundum á kreik og tók til handargagns ýmsa hluti hér og þar og dró í bú sitt.⁶⁵



■ Lögreglumenn leiða Ester Albouy út.



■ Ester á fermingardaginn.

Viðmið um erlenda konu í þessum flokki einsetukvenna er Ester Albouy sem bjó í Saint-Flour í Frakklandi.⁶⁶ Ester fór í sjálfskipaða útleið ásamt fjölskyldu sinni í kjölfar þess að hafa þurft að þola mikið ofbeldi frá hendi bæjarbúanna þar sem hún bjó.⁶⁷ Hér er að neðan er vitnað í greinina „Hún lokaði sig inni í 40 ár“ sem fjallar um Ester. Tilgangurinn með því að vísa í sögu Esterar er að setja þennan sérstæða lífnaðarhátt kvenna í alþjóðlegt samhengi, og um leið öðlast dýpri skilning á því af hverju konur ákveða að hverfa frá umheiminum með þessum hætti - með öllu.

Krossinn við gömlu brúna yfir ársprænuna Lander er löngu orðinn kolryðgaður. Hann á að vera minnismerki um „hina innilokuðu“ í Saint Flour, konu sem á 11. öld gerðist einsetukona til þess að biðja fyrir bænum og að pestin mundi ekki koma þangað. Hún lifði einlífi í smáum timburkofa við brúna og lifði á því sem þakklátir grannar hennar viku að henni. En nú hefur það aftur gerst að einsetukona hefur hrært við samvisku manna í Saint-Flour. En enginn mun þó reisa kross til minnis um Ester Albouy,⁶⁸ sem nú er 58 ára. Um hana er ekki annað minnismerki að sjá en húsið á mótum Karmelítaklaustrinu í St. Flour, þar sem hún lokaði sig inni allt frá árinu 1945, þaðan kom hún ekki út fyrr en lögreglan sótti hana þangað. Í nærri fjóra áratugi bjó Ester Albouy í sjálfkjörinni einangrun mitt á meðal hinna 9000 íbúa Saint-Flour og þannig hélt hún vakandi minningunni um skuggalegan kapítula í franskri sögu,- kapítula sem íbúunum þótti ekki þægilegt að vera minntir á. Það var saga þýska hernámsins og minningin um þá er unnu með hernámsliðinu. Aðfaranótt 24. ágúst 1944 héldu þýsku herflokkarnir sem dvalið höfðu í Saint-Flour á braut, en franskir andspyrnuflokkar skutu upp kollinum í þeirra stað. Íbúarnir þustu út á

götur til þess að fagna því að okinu var aflétt, - og til þess að gera upp reikningana við svikarana. Iðulega æptu þeir hæst um hefnd og endurgjald sem sjálfir höfðu átt samstarf við Þjóðverjana. Nú voru gleymd öll uppljóstrunarbréfin sem rigndu yfir Gestapo og herinn frá Frökkum sjálfum, en þau höfðu komið mörgum borgara í Saint-Flour í fangabúðirnar. Þá var gleymd sagan um Lulu Gay, er talin var fegursta stúlkan í bænum. Hún var saklaus ákærð um að vera svikari og andspyrnumenn tóku hana höndum og skutu, eftir að hafa nauðgað henni. Þennan ágústdag árið 1944 fundust því næstum ekki aðrir í Saint-Flour en réttlátir, - næstum ekki. Fimm ungar stúlkur voru þó dregnar um göturnar undir ópum og óhljóðum mannfjöldans að veröndinni á hótelinu „Evrópa“, en þar voru þær bundnar niður í stóla. Þar sá rakarinn Thioleron um að framkvæma þá athöfn sem tíðkaðist um allt Frakkland þessa dagana, að raka allt hárið af stúlkum sem orðaðar voru við innrásarliðið. Þær voru sagðar hafa varpað hneykslisskugga yfir orðstír hinar „miklu þjóðar“ (Grandi Nation). Ein þeirra fimm sem krúnurakaðar voru var Ester Albuy, og þar með hófst harmleikurinn í lífi hennar. Hún var þá 19 ára og vann við símaþjónustu á pósthúsinu í bænum. Var henni gefið að sök að hafa komið upp um samstarfsstúlku sína og bróður hennar og sagt Þjóðverjum að þau væru andspyrnufólk. Eftir þessa opinberu háðungarathöfn var hún sett í fangelsi og hálfu ári síðar, þegar engar sannanir höfðu komið fram fyrir sekt hennar var Ester Albuy látin laus. Hún sneri heim í hús foreldra sinn, en húsið hafði fjölskyldan haft á leigu hjá Karmelíta-nunnunum frá árinu 1923. Ester var niðurbrotin eftir hina harkalegu meðferð og allt hneykslið og fór upp frá þessu ekki út fyrir hússins dyr. Faðir hennar starfaði hjá pósthjónustunni og þar hafði Rémy bróðir hennar einnig fengið vinnu. Frú Albuy hafði um þetta leyti mestar áhyggjur af yngsta barninu, dreng að nafni Húbert, sem fæddur var árið 1941. Eftir að heimilisfaðirinn lést árið 1966 einangraði fjölskyldan sig enn meira en áður. Eftir að Rémy varð fyrir slysi í vinnunni og komst á örorkustyrk, lokaði hann sig einnig inni í húsinu. Húbert hætti laganámi við háskólann í Clermont-Ferrand árið 1968 og flutti fyrir fullt og allt heim til ættingja sinna. Þegar móðir þeirra lést árið 1973 leið vika áður en systkinin gátu fengið sig til að gera yfirvöldum aðvart. Læknirinn sem gaf út dánarvottorðið var eini gesturinn sem í tíu ár gekk inn fyrir dyr heimilisins. Eftir þetta voru dyr jafnan harðlæstar og hlerum skotið fyrir alla glugga. Aðeins tvisvar í viku fór Rémy Albuy út í stutta innkaupaferð og kom við hjá bakaranum, slátraranum og blaðasalanum, þar sem hann keypti einkum myndahefti um brjáláða vísindamenn og geimferðir. Systkinin hættu með öllu að greiða nunnunum leiguna, og báru því þær fram kæru árið 1975 og skipun um að flytja úr húsinu. En Húbert hótaði að skjóta hvern þann er kæmi nálægt þeim og kvaðst fyrr mundu ráða sjálfan sig og systkini sín af dögum en láta húsið af hendi. Var þá gripið til þess ráðs að taka rafmagnið af húsinu en láta systkinin í friði að öðru leyti. Þau höfðu nú orðið sér úti um vopn, riffil og Remington-byssu, sem ætluð var til þess, að skjóta stærri villidýr. Nú gerðist það æ tíðara að nágrannarnir heyrðu öskur innan úr húsinu og skothvelli. Svo var að sjá sem hatur Albuy systkinanna á umheiminum færi vaxandi. Hver sem leið átti fram hjá húsinu mátti eiga von á því að kallað yrði að honum ókvæðisorðum eða hann grýttur. Iðulega var skotið á veggja klaustursins. Veturinn 1979 hætti Rémy að fara út til innkaupa. En póstmaðurinn ýtti mánaðarlega ávísun á 2000 franka örorkustyrk undir útidyrhurðina. Um leið tók hann við seðli sem á var rituð pöntun til bakarans og kaupmannsins og getið um hvaða daga pöntunin óskaðist afgreidd. Þegar sendillinn kom að dyrunum beið hann uns hönd kom í ljós út um hlera á dyrunum og dró til sín varninginn. Samtímis var greiðsla rétt út í staðinn. Enginn í Saint-Flour virtist kæra sig um að athuga nánar um hagi þeirra innilokuðu. Það var loks er nýr bréfberi var ráðinn til starfa, sem veigraði sér við að afhenda lífeyri Rémy án þess að sjá framan í viðtakandann og kominn gagnrýnni embættismaður í þá deild bæjarskrifstofunnar sem sá um greiðslu lífeyris að eitthvað fór að gerast. Nýjar kvartanir tóku að berast frá nunnunum í klaustrinu sem næstum daglega sáu að mannasaur hafði verið klístrað á grindverkið umhverfis klaustrið. Loks

hugsaði lögreglan sér til hreyfings. Þann 19. október nokkru fyrir birtingu komu 19 lögreglumenn sér fyrir umhverfis húsið þar sem Albuy systkinin bjuggu. Þeir sprengdu upp dyrnar og náðu að handtaka bæði systkinin í rúmum sínum án mótspyrnu, enda notuðu þeir táragas. Tókst hvorugu þeirra að ná til vopna sinn, sem stóðu hlaðin nærri þeim. Gasgrímurnar sem lögreglumennirnir báru, komu að tvöföldum notum: Bæði til þess að verjast gasinu og til þess að verjast ódæma ólykt þeirri sem var inni í húsinu. Gólfíð var þakið sorpi og óþverra. Mannverur þær sem þarna fundust voru sem í brynju af óhreinindum. Í herberginu við hliðina fannst bróðir þeirra Rémy liggjandi í svefnpoka. Hann hafði verið steindauður í nær fjögur ár. Þau Esther og Húbert höfðu skrifað á rúmið hans. „Rémy Albuy, myrtur þann 5. desember 1979 af lögreglunni með lasergeislum og eiturfjum“. Áletrun þessi bar vott um áralangan lestur myndahefta um ýmis furðuvísindi. Þau systkinin létu mótspyrnulaust flytja sig á geðveikrahæli. Lögreglumennirnir voru dögum saman að moka skítnum út úr húsi þeirra. Loks var eins og fargi hefði verið létt af samvisku manna í Saint-Flour. Einn eldri borgari bæjarins sagði: „Nú ættu menn að láta þennan viðbjóð aftan úr fortíðinni falla í gleymsku“.⁶⁹



■ Í fjögur ár lá lík Rémy á svefnpoka í einu herbergja hússins.



■ Hús systkinanna var fullt af óhreinindum og óhroða, sem safnast hafði fyrir á mörgum árum.

Í viðtali mínu við Agnesi abbadís í Karmelreglunni, útskýrði hún afstöðu sína gagnvart annars vegar einsetu kvenna í þágu guðs og samfélags, og hins vegar einsetu kvenna sem gagnast ekki öðrum. Hún túlkar einsetu á borð við einsetu þeirra kvenna sem hér um ræðir, sem hluta af veikindum þeirra.

Agnes abbadís: Við erum sem menn erum samfélagsverur. Ég hugsa að hún Guðrún Ósvífursdóttir hafi verið viss um að með bæn sinni og afneitun og yfirbót, myndi hún hafa áhrif á fólk hér á Íslandi. Ég er alveg viss um það, því annars myndi þetta vera andleg veikindi, að loka sig inni. Maður myndi gerast minni maður, getum við sagt. Við þurfum samband við fólk, við þurfum að lifa fyrir aðra til þess að

Þroskast. Þegar maður byrjar að lifa fyrir sjálfan sig þá gerist maður minni maður og líður ekki vel. Þú getur líka séð, þarna í eyðimörkinni í frumkristni. Þótt það voru einsetukonur þar, þá var fólk utan frá að leita til þessara einsetukvenna og einsetumanna um ráð og biðja þau um bæn. Sem þýðir að þótt þær voru í eyðimörkinni einar með guði, þá gátu þær séð betur. Ég get séð, ég skil hvað gerist í þjóðfélagi, ég skil hvað gerist í minni fjölskyldu, því ég hef yfirlit, andlegt.⁷⁰

Í einfaldleik sínum má líka túlka ummæli Agnesar á þann veg, að ef kona stundar einsetu án þess að þjóna öðrum, þá er hún líkt og húsmóðir án manns og barna - hlutverk hennar verður óþarft. Hennar sýn felur í sér að fórn einsetukvenna þurfi að vera í þágu annarra, annars megi túlka lífsstíl þeirra kvenna sem glapræði. Samkvæmt þeim sjónarmiðum Agnesar, þá hefur það afgerandi áhrif á einsetu kvenna, hvort líf þeirra er í samhljómi við samfélagið sem er að finna þegar komið er út fyrir vegg heimila þeirra. Sögur af einsetukonum sem einangra sig vegna ofbeldis og kúgunar sem rekja má til feðraveldisins, líkt og dæmið af Ester Albuy og fleiri konum sem hafa orðið fyrir illri meðferð af þeim toga, sýna að þær konur byggja virki á milli sín og samfélagsins, feðraveldisins. Tilgangurinn með einverunni er vernd. En það þýðir þó ekki að konur sem einangra sig með ákveðinn tilgang í huga, svo sem til að ástunda bænalíf í þágu guðs, geri ekki slíkt hið sama; munurinn er bara sá að þær loka sig af með guði sínum, líkt og kona sem lokar sig af með hjargvætti sínum.



-
- ¹ Ólöf Garðarsdóttir, „The implications of illegitimacy in late-nineteenth-century Iceland“, bls. 448.
- ² Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls 28 og 54. Sjá einnig bls. 53: „Það er dálítið merkilegt að margar af þeim konum sem skráðar eru sjálfstæðir bændur eru einbúar“.
- ³ Ég flokka einsetukonurnar í þrjá hópa á grundvelli þriggja megin ástæðna að baki einlífi.
- ⁴ Nokkuð er til af heimildum um einsetukonur í þéttbýli eða á jaðri þéttbýlis. Fáar heimildir eru til um förukonur sem dvelja um stund í þéttbýli. Helst ber að geta heimildir um síðustu förukonurnar, s.s. sagnir af Vigdís Ingvadóttur í Vík. Það er hins vegar ekki ljóst hvort hún gisti í Vík.
- ⁵ Undína Jónsdóttir (1878-1960). Ljóðið *Eins og straumur*. Sjá *Stúlka*, bls. 192.
- ⁶ Saga einsetukvenna sem lifðu bænalífi hefur verið rannsökuð af ýmsum fræðimönnum. Sjá stöðu þekkingar í inngangi bókarinnar.
- ⁷ Hluti af því að gera grein fyrir stöðu kvenna á jaðri samfélagsins, er að líta til ættartengsla kvennanna eftir því sem unnt er. Sjá: Linda Nicholson „Integrating Kinship with the Economics“. Sjá einnig: Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm í páfadóm*, bls. 21. Þar segir að konur sem sinntu hlutverki abbadísanna í fyrstu klaustrum landsins, hafi verið af höfðingjaættum.
- ⁸ Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 1. bindi, bls. 76.
- ⁹ Konur á Íslandi virðast hafa þurft að fá leyfi hjá biskupi til að lifa einsetulífi í þágu guðs, líkt og tíðkaðist í Englandi á 13. öld. Sjá Einsetulífnaður á Íslandi, eftir Hrafnhildi Helgu Halldórsdóttur, bls. 25.
- ¹⁰ Sjá Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*.
- ¹¹ *Laxdæla* í *Íslendingasögur* 4. bindi (1953), bls. 234.
- ¹² Um Guðrúnu Ósvífursdóttur fjallaði Meritxell Risco de la Torre. Megin niðurstaða rannsóknarinnar var sú að tilfinningalíf Guðrúnar er grundvallarþáttur í uppbyggingu *Laxdælu* og þar af leiðandi er Guðrún ein af höfuðpersónum sögunnar. Sjá ritgerðina The Emotional life of Guðrún Ósvífursdóttir: Narrative development through emotions in *Laxdæla* saga.
- ¹³ *Laxdæla*, bls. 237.
- ¹⁴ *Grænlandingasaga í Íslendingasögur* 1. bindi (1946), bls. 390. (Eiríks saga rauða ok Grænlandinga þátrr).
- ¹⁵ Fjallað er um Hildi í báðum gerðum Jóns sögu Ögmundssonar.
- ¹⁶ Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda*, bls .69.
- ¹⁷ *Biskupa sögur* 1. bindi, bls. 203-205.
- ¹⁸ *Biskupa sögur* 1. bindi, bls. 71.
- ¹⁹ *Biskupasögur* 1. bindi, bls. 466.
- ²⁰ Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 1. bindi, bls. 74. Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir, Einsetulífnaður á Íslandi, bls. 30.
- ²¹ *Biskupa sögur* 1. bindi, bls. 368.
- ²² *Biskupa sögur* 1. bindi, bls. 375.
- ²³ Agnes S. Arnórsdóttir, „Konur og vígamenn“, bls. 201. „Hjónabandið gaf húsfreyju á stórhöfðingjabýli óbein pólitísk áhrif gegnum eiginmanninn, og bein völd í krafti stöðu sinnar“.
- ²⁴ *Laxdæla*.
- ²⁵ Þekkt er að konur sem gerðust einsetukonur og/eða nunnur, hlýddu á köllun frá guði. Til samanburðar má nefna að nunna gengur í gegnum frumreynslutímabil áður en hún fær skírlífsbúninginn og líf hennar hefst innan klausturs. Lokatakmark nunna er síðan að vinna lokaheitin.
- ²⁶ Agnes abbadís, viðtal við höfund, Karmelklostrið í Hafnarfirði. 2018.
- ²⁷ Líkja má skylduundirbúningi kvennanna við skeið hreinsunar sem þurfti að undirgangast áður en þær urðu „brúðir“ guðs.
- ²⁸ Hildur flúði í Kolbeinsdal þar sem hún lifði einlífi með guði sínum út í náttúrunni, áður en hún sneri aftur og gerðist einsetukona í kofa við dómskirkjuna á Hólum. Sjá skrif Önnu Sigurðardóttur um Hildi einsetukonur í *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, þar sem hún fjallar um afkomu Hildar í náttúrunni með hliðsjón af berjatínslu, bls. 158. Einnig: Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 1. bindi, bls. 70-73.
- ²⁹ *Eyrbyggja saga*, bls. , 260.
- ³⁰ Agnes abbadís, viðtal við höfund, Karmelklostrið í Hafnarfirði. 2018.

³¹ Í bókinni *Mrs. Dalloway* (1925) eftir rithöfundinn Virginia Woolf er að finna lýsingu á húsmóðurinni Clarissa Dalloway sem upplifir sig einn daginn, eitt andartak, á meðal þjónustufólks síns, sem *nunna*, bls. 47-48: „Forsalur hússins var svalur eins og hvelving. Mrs. Dalloway bar hendurnar upp að augunum og þegar stúlkan lokaði dyrunum og hún samtímis heyrði kjól Lucyar skjáfá, leið henni eins og nunnu sem yfirgefið hefur veröldina og finnur að hún er umlukt hinu kunnuglega slöri og skyldunum við gamlar guðrækilegar iðkanir. Eldastúlkan blístraði frammi í eldhúsinu. Hún heyrði glamrið í ritvélinni. Þetta var líf hennar og um leið og hún laut yfir borðið í forsalnum seldi hún sig á vald áhrifa kringumstæðnanna, fannst hún vera blessuð og hreinsuð og sagði við sjálfa sig, meðan hún tók upp blokkina með símaskilaboðunum, að slík augnablik væru knúpparnir á tré lífsins, eins og indæl rós hefði blómstrað frammi fyrir augum hennar einnar. Ekki eitt augnablik trúði hún á Guð, en því meir, hugsaði hún, um leið og hún tók upp blokkina, að hún yrði að endurgjalda í daglega lífinu þjónustufólki, hundum og kanarífuglum og umfram allt manni sínum, Richard, sem var grunnurinn að þessu“.

³² Hér um ræðir konur sem fólk gat leitað til í neyð sinni. Dæmi um það er að konur leituðu til Hildar einsetukonu eftir aðstoð.

³³ Jóhanna Þráinsdóttir, „Öðruvísi kristnisaga“, bls. 50. Greinarhöfundur vísar hér til skrifra Ásdísar Egilsdóttur í *Konur og kristmenn*.

³⁴ Agnes abbadís, viðtal við höfund, Karmelklausrið í Hafnarfirði. 2018.

³⁵ Betty Friedan, *The Feminine Mystique*. Dulúð kvenna er samsett af margbrotnum þáttum tilveru þeirra ekki síst þeim þáttum sem ekki er auðvelt að festa hönd á.

³⁶ Bæn hjúa í Bænakveri Péturs Péturssonar biskups (1860) gefur til kynna að biðjandinn sækist eftir að þjóna húsbónda sínum svo hann öðlist náð guðs. Hins vegar þjónuðu einsetukonur sem lifðu bænalífi guði og Jesú beint, án þess að þjóna öðrum - að þeim sjálfum undanskildum.

³⁷ Þess má geta að nunnur í klastrum sáu ekki sjálfar um búverkin, enda var meirihluti þeirra hefðarkonur. Um það fjallar Gunnhildur Finnsdóttir í grein sinni „Helgir Steinar: Nunnuklaustrin á Kirkjubæ og Reynisstað“, bls. 67. Þessi verkaskipan kvennanna í klastrunum sýnir að trúarlíf nunna var æðra almennum heimilisstörfum í klastrunum, í ljósi þess að konur þjónuðu nunnunum.

³⁸ Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda*, bls. 71.

³⁹ Agnes abbadís, viðtal við höfund, Karmelklausrið í Hafnarfirði. 2018.

⁴⁰ *Biskupa sögur* 1. bindi, bls. 203-205.

⁴¹ Einsetulíf Hildar var fórn ungrar konu á altari guðs. Hún fórnaði samskiptum sínum við hitt kynið svo hún væri nánari guði, og um leið tækifæri sínu til barneigna. Fórn eldri kvenna var af öðrum meidi. Konur sem áttu uppkomin börn fórnðu samskiptum sínum við afkvæmi sín, svo sem einsetukonan, Úlfrún hin siðláta sem neitaði öllu að fá heimsóknir frá syni sínum til að gefa sig alla þjónustunni. Ekki er hægt að fullyrða um fortíð Katrínar abbadísar. En áður en hún gerðist abbadís á Reynisstað þá lifði hún einsetulífi á Munkaþverá. Hún var orðin eldri kona þegar fjallað er um hana. Getgátur eru um það hvort Katrín sé í raun Hallbera Þorsteinsdóttir, sem tók við sem abbadís í klastrinu og gaf klastrinu fé. Hún tók upp nafnið Katrín. Sjá Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 1. bindi, bls. 75.

⁴² Sjá til fróðleiks heimild um stöðu ekkna á 19. og 20. öld: Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir fjalla um stöðu ekkna í *Saga og samfélag. Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*. Þar segir að stór hluti kvenna þurftu að „afsala sér heimilisforstöðu og láta sér lynda lakari heimilisstöðu þegar þær urðu ekkjur“, bls. 302.

⁴³ Húsmæður sinntu sannarlega störfum utanstokks samhliða innanbæjarstörfunum. Erfitt er að segja til um hvort einsetukonur sem lifðu bænalífi sinnt almennum kvennastörfum, sökum skorts á heimildum um þær konur. Draga má þá ályktun að einsetukonur sem stunduðu bænalíf hafi ekki unnið útverk, sé lítið til skrifra Önnu Sigurðardóttur sem sagði að nunnurnar í Kirkjubæjarklausri neyddust til þess að mjólka kýrnar „mann dauðsárið mikla 1403“, en þar segir að þær hafi ekki kunnað til verka því þær hafi ekki stundað slík störf, bls. 236

⁴⁴ Í þessu sambandi má benda á seinni tíma heimild, leiðbeiningarrit sr. Björns Halldórssonar fyrir húsmæður (1783), þar segir um eiginkonuna: „þó leitir hún sér ekki metnaðar og afhalds þar með, heldur sýnir hún dygd sína Guði, og væntir launa hjá honum“. *Ambjörg*, bls. 16.

⁴⁵ Skúli Helgason. „Gamla Rústin við Fóelluvötn og fólkið sem þar kom við sögu“, bls 119. Höfundur vísar í 20. öldina.

⁴⁶ „Ýmsar sagnir“, bls. 7. Hér er fjallað um Salný á Fljótsbakka sem var dóttir Einars í Mýrnesi Jónssonar prests á Hjaltastað.

⁴⁷ Með lögfestingu Jónsbókar árið 1281 þá var konum veittur erfðaréttur. Sá réttur var mjög takmarkaður því dætur fengu aðeins einn þriðja hlut af því sem sonur erfði. Það var ekki fyrr en árið 1850 að dætur á Íslandi fengu loks jafnan erfðahlut á við bræður sína. Hér ber að hafa í huga að lögin heftu þó aðgang kvenna að eigin fjármunum allt fram eftir 20. öldinni.

⁴⁸ Hér þarf að hafa í huga að margur þrándur var í götu þeirra sem vildu hefja eigin búskap, allt frá vöntun á landrými til vöntun á mannsefnum því kynjahlutfall var gjarnan mjög skekkt í gamla bændasamfélaginu.

⁴⁹ ÞÞ 3457.

⁵⁰ Til er saga af því þegar Hildur einsetukona ákallaði Jón biskup helga í örvæntingu sinni, því í kofa hennar var mikill músagangur sem truflaði bænahaldið. Ekki er víst hvort að einsetukonur sem helguðu sig kristinni trú hafi verið með dýrahald, en samkvæmt reglum einsetukvenna í Englandi þá máttu þær aðeins hafa einn kött til að styggja ekki staðarráðsmennina. Ekki kemur fram að Hildur hafi verið með kött: „En við svo veraldlega hluti er hugur Hildar ekki bundinn í einsetunni“, skrifar Guðrún P. Helgadóttir í *Skáldkonur fyrri alda* 1. bindi, bls. 70-71.

⁵¹ Sjá t.d. frásögn af því þegar að kona verður úti eftir að hafa fært einsetukonu ölmusu. Bjarni Jónasson í Blöndudalshólum, „Helför Jóns Jóhannessonar“, bls. 70.

⁵² „Kettir og fuglar“, bls. 12. Það eru sterk tengsl gerð á milli katta og kvenna í sögunni. Kötturinn getur táknad konuna sem kynveru, en samvistir kvenna og katta eru táknmynd kvenna með visin kynþokka, piparjúnkan, sem getur reynst plága í samfélaginu ef hún tekur að safna köttum. Í tengslum við einsetukonur og mýs, má til gamans nefna að einsetukonuna Önnu á Hesteyri á síðari hluta 20. aldar. Anna var mikill dýravínur og var m.a. með mýs á fóðrum.

⁵³ Skúli Helgason. „Gunna gamla á Rimanum“, bls. 425.

⁵⁴ Skúli Helgason. „Gunna gamla á Rimanum“, bls. 425. Guðrún var vinnukona í Miðdal í 3 ár.

⁵⁵ Skúli Helgason. „Gunna gamla á Rimanum“, bls. 425. Skúli segir að Júlíus hafi búið með föður sínum til tvítugsaldurs en þá fluttist hann til Austfjarða og lærði trésmíði. Síðar fluttist Júlíus á Eskifjörð og bjó þar alla sína tíð.

⁵⁶ Skúli Helgason. „Gunna gamla á Rimanum“, bls. 425-426. Gunna lenti síðar á ævi sinni í slysi er hún hrasaði ofan í hver þar sem hún var að þvo fót sín. Sökum sára sinna þurfti hún að gefa upp einsetubúskapinn og flytjast á bæ nágranna sinna. Um slys kvenna við þvottastörf fjallar Anna Sigurðardóttir um í *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 74.

⁵⁷ ÞP 3650. Í Borgarfjarðarsýslu. Heimildarkona: Áslaug Árnadóttir.

⁵⁸ Páll Thorarensen, „Sandfell“, bls. 13.

⁵⁹ Reynir Traustason og Ragna Aðalsteinsdóttir, *Ljósíð í djúpinu*, bls. 15.

⁶⁰ Elísabet Jónsdóttir segir frá. Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, *Fimm konur*, bls. 19.

⁶¹ Í sambandi við stelsýki og aðrar tengdar áráttur á meðal einsetu- og förukvenna, þá er gagnlegt til samanburðar að nefna hinn vel kunna Sæfinn á sextán skóm sem var haldinn söfnunaráráttu. Hann safnaði hlutum, matvælum og gekk í mörgum lögum af fötum. Hann líkt og hluti einsetukvenna og förukvenna, bjó yfir sérkennilegum síðum þegar kom að því að matast. „Vatnsbólin í vestur- og mið-bænum“, bls. 5.

⁶² Þessi hegðun er ekki bara bundin við konur. Um það vitna lýsingar á söfnunaráráttu og klæðaburði förucarla og annarra utangarðsmanna, s.s. Sæfinns með sextán skó.

⁶³ Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 357. Sjá Einnig Áslaug Árnadóttir frá Krossi, Guðrún Bjarnadóttir. Vérlit frá Önnu Magnúsdóttur í Kvennasögusafni Íslands.

⁶⁴ „Glefsur frá gamalli tíð“, bls. 53.

⁶⁵ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 66-67.

⁶⁶ Af öðrum samskonar dæmum um einsetu kvenna á erlendri grundu, má nefna sögu af skoskri einsetukonu sem bjó með syni sínum í afgirtu húsi. Einnig söguna af ensku einsetukonunni sem missti mann sinn í sjóslysi og einangraði sig í kjölfarið, og beið endurkomu hans. Sjá „Einsetumenn“, bls. 6. Síðan má sérstaklega nefna hina vel kunnun heimildamynd *Grey Gardens* (1975) eftir Albert og David Maysles. Mynd sú fjallar um mæðgurnar af hástétt sem lokuðu sig af í hóbýlum sínum. Myndræn saga þeirra sýnir ýmis sérkenni einsetukvenna, á borð við sterkar tilfinningar til hluta/söfnunaráráttu; vanrækslu/óþrifnað í húsnæðinu, sérkennilegt matarræði o.fl.

⁶⁷ Sögur þeirra Esterar Albuy og Ingunnar Sveinsdóttur eru um margt líkar, líkt og skýrar kemur fram í kaflanum um Ingunni síðar í bókinni.

⁶⁸ Í greininni „Hún lokaði sig inni í 40 ár“ er skrifað Ester Albouy, en nafnið er skrifað rétt Esther Albuy.

⁶⁹ „Hún lokaði sig inni í 40 ár“, bls. 22-23. Sjá einnig umfjöllun um Ester Albuy í bók Fabrice Virgilli, *Shorn Women: Gender and Punishment in Liberation France* (2002).

⁷⁰ Agnes abbadís, viðtal við höfund, Karmelklausrið í Hafnarfirði. 2018. Í viðtalinu vísar Agnes til einsetukvenna í eyðimörkinni sem eru í dýrlingatölu. Um þær konur fjallar Ásdís Egilsdóttir í grein sinni „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi“.

Einsetukvennasagnahefð

Ljóð um Önnu Svanborgu, einsetukonu.

Í hretinu félstu. Þú hafðir svo fátt
af hlýviðri lífsins að segja;
og ein máttir loksins þá ekkert gat vermt
í áлага haminum deyja.
En fáir þeir verða, sem fella nú tár
á fátæktar einstæðings leiðið;
en síðasti blundur eins verður þér vær,
sem veitir þér ljósið og heiðið.

Sá verður oft einrænn, sem aldrei fær skjól
né ylgeisla hressandi neina;
því fleiri sem vonir hans farast og þrár
hann fleira þá heiminn vill leyna.
Svo þjáninga okið sitt þegjandi ber
um þyrnótta lífsreynslu vegi,
og finnur að bera það erfitt er einn
þá æfi fer hallandi degi.

Hún þótti svo einræn en enginn gat sagt
hvað undir þjó djúpinu dulda;
en hrukkur á enninu vitnuðu vel
um vonir, sem bliknuðu af kulda.
Fár getur skilið það alsleysi og auðn
og okið þess kveljandi nauða,
sem tapar í æskunni einhverju því
er æfin öll harmar til dauða.

Þú lífðir hér einni svo langt fjarri glaum
hvar lokkandi glitskrúðið sýnist,
en gleðin hjá munaði aðsetur á
og æskunnar sakleysi týnist.
Af auðæfum lífsins þú áttir ei hót
og ekkert sem batt þig við heiminn.
Þú stjörnunni unnir, sem lýsti þér leið
og loks upp í blástirnda geiminn. ¹

Frásagnir af einstaklingum sem einangra sig frá umheiminum eru af sérstökum toga. Þar er um að ræða sagnir af persónum á borð við einbúa, förufólk eða huliðsverur sem fóru einförum út í náttúrunni. Sagnir sem ég kalla *einlifnaðarsögur*. Það sem einkennir þær sagnir fyrst og fremst, að undanskildu viðfangsefninu, er það að þær sögur eru nær undantekningarlaust reistar á ytra sjónarhorni. Aukinheldur einkennast einlifnaðarsögur af því hve stuttar þær eru. Einlifnaðarsögur eru yfirleitt örsögur sem eru hluti af stærri frásögn. Flestar einlifnaðarsögur spanna einungis nokkur orð, hluti sagnanna ná þó að innihalda fáeinar setningar - færri ná að þekja heila blaðsíðu, og enn færri nokkrar blaðsíður. Dulúðin sem hvílir yfir viðfangsefninu fæst oflega einungis lýst með framsetningu fáeinna stikkorða. Það hversu stuttar sagnirnar eru af fólki sem lifir í einlegð má rekja til þess að lítið er vitað um söguviðfangsefnið. Hér verður sjónum beint að sögum er heyra undir flokk íslenskra einlifnaðarsagna; sögum sem fjalla um einsetukonur. Eins og gjarnt er í sögum af einstaklingum sem fara einförum, þá byggja einsetukvennasagnir sjaldnast á sjónarhorni og viðhorfum aðalsögupersónunnar, sem í þessu tilfelli er einsetukonan. Þó svo að hugrenningar einsetukonunnar komi stundum fyrir í beinni ræðu, til dæmis í formi stakra setninga sem skráðar eru eftir konunum. Slíkar beinar ræður einsetukvenna voru gjarnan formælingar. Þannig birtast raddir einsetukvenna, líkt og förukvenna, gjarnan í formi blótsyrða í sögunni. Hafa ber í huga að birtingarmynd kvenna í sögunni *almennt*, er yfirleitt í formi svipmynda. Sögur af konum birtast „sem leifturmynd eða brotabrot innan um karlasöguna“ líkt og sagnfræðingurinn Agnes S. Arnórsdóttir orðaði það.² Þó svo að konur birtist gjarnan í svipmyndaformi innan sögunnar, þá eru þær kvenlýsingar oftast en ekki hluti af einhverri heildarfrásögn sem fjallar um karla, s.s. tíðar lýsingar á konum sem komu upp á milli karla. Sagnir af einsetukonum sem birtast innan stærri frásagna hafa hins vegar sjaldan áhrif á framrás heildarfrásagnarinnar. Einsetukvennasagnir líkt og förukvennasagnir, eru fremur útúrdúrar sem hægja á framrás heildarfrásagnarinnar.³ Og lýsingar á einsetukonum eru mun styttri og óljósari en tíðkast almennt um aðrar mannlýsingar.

(Vilborg) hefur heyrt um gamla konu sem var einsetukona í Miklaholtshreppi að hún hafi fært frá nokkrum ám og signt að loknum mjöltum yfir allan hópinn og sagt þegar síðasta ærin fór úr kvíunum: „Farið nú til helvítis allar í dag“.⁴

Sögur af einsetukonum hafa öðru fremur geymt í munnmælum: „Munnmæli herma að þarna hafi búið einsetukona Þuríður að nafni og hefði haft fáeinar geitur og veitt silung í Skriðuvatni, sér til matar“.⁵ Sökum skorts á heimildum er miðla sjónarhornum kvennanna á eigin ævi, þá eru sögur af þeim konum oft á tíðum reistar á vangaveltum utanaðkomandi aðila sem og á minningabrotum er varða þær konur. Af því leiðir að mikil áhersla var lögð á einangrun kvennanna í sögunum, einskona skila á milli kvennanna og samfélagsins sem sögumaðurinn upplifir. Ef einsetukonan sjálf hefði sett sögu sína á blað, þá má ætla að sagan hefði ekki einungis verið lengri og ítarlegri, heldur hefði sagan einnig að öllum líkindum hverfst um eitthvað annað en *einveru konunnar*. Einsetukonur var nefnilega ekki áskipað að vera einmana þrátt fyrir einlegð sína, og því var langt í frá sjálfgefið að einsemdin eða viðteknar hugmyndir um einveru kvenna í samfélaginu væru þeim ofarlega í huga.

Sögur af einsetukonum byggja í grunninn á þrennskonar sjónarhornum; 1) sjónarhorni persóna sem hittu einsetukonur og áttu samskipti við þær; 2) sjónarhorni persóna sem sáu einsetukonur en áttu ekki samskipti við þær ef frá eru talin möguleg tilfallandi orðaskipti ef rekist var á þær; 3) og á sjónarhorni sem byggir á almennarómi. Sögur sem byggja á vitnisburði þeirra sem hittu einsetukonur í stutta hríð, flokkast almennt undir áður nefndar heimsóknarsögur, sem eru sögur sem hverfast um heimsóknir og voru sem áður segir algeng formgerð förukvennasagna.⁶ Eðli málsins samkvæmt þá voru einsetukonur oftast einar, en það gat hent að fólk sækti þær heim, ýmist bara til að heimsækja þær, eða færa þeim ölmusu, ellegar til að leita sér húsaskjólis eða upplýsinga á ferðum sínum á leið sinni framhjá heimili einsetukvenna. Heimsóknir á heimili einsetukvenna voru ekki

hefðbundnar heimsóknir. Gestirnir voru ekki alltaf velkomnir, og gestgjafarnir einsetukonurnar, margar lítið gefnar fyrir gestakomur. Sögurnar hverfast alla jafnan um samskipti sögumannsins við einsetukonuna, þar sem heimsókninni sjálfri er títt lýst sem einskonar svaðilför. Í heimsókninni til einsetukonunnar fólst áskorun. Sú áskorun fólst í því að ná tali af og tengjast einrænni konu sem gjarnan bjó á afskekktum stað, og jafnvel ná að fræðast um bakgrunn hennar og leyndarmál - öðlast skilning á því hvað fær konu til að einangra sig frá umheiminum. Heimildir fyrri tíma gefa þá mynd af einsetukonum, að þær hafi verið fáorðar og það litla sem þær sögðu hafi þurft að ráða í af kostgæfni. Sú persónulýsing sem felst í þessu minnir um margt á staðlaðar lýsingar á konum þjóðsagnanna, sem útilegumenn námu á brott og létu þjónusta sig á alla lund. Í útilegumannasögnum kemur aðalpersónan iðulega inn í afskekktan dal, þar sem er kot. Í kotinu tekur kona sem bjó þar gegn vilja sínum, á móti aðalpersónunni. Konan segir fátt, en nóg til þess að gefa í skyn við aðalpersónuna að það sé hættulegt að dvelja í kotinu. Hún er þó ekki í aðstöðu til að segja neitt fullum fetum sökum nærveru ofbeldismannanna. Óræð orð kvenna í þeirri stöðu í útilegumannasögnum vitna til dæmis um ofbeldi, og þvingun, sem þær verða fyrir innan veggja heimilisins. Þessi stemmning sem ofbeldi útilegumanna kallaði fram hefur samsvörun við þá stemmningu sem fólk varð fyrir er sótti einsetukonur heim. Í því tilfalli var það tregi fortíðarinnar sem markaði viðbrögð einsetukonunnar; hindraði tjáningu hennar í samtímanum. Í báðum tilfellunum eru þagnir kvennanna varnarviðbrögð.⁷

Já, ég fór heim á hvern bæ, 4-5 bæi á dag og í hvert hús á Skagaströnd og Blönduósi fyrir utan á, til þess að taka manntalið... Þegar ég kom að húsvitja á Úlfagili ætlaði gamla konan þar, Sigríður, ekki að bjóða mér inn, þótt að það væri farið að húma. Hún var einræn og ég bað hana að benda mér hvar Núpur væri, en ég ætlaði þá að taka næsta bæ. Hún kom þá fram fyrir dyrastafinn, svo að ég gekk til hennar og inn og hún varð að ganga á eftir mér. Þar var ærin eða hrúturinn næst fyrir framan og baðstofan þar fyrir innan. Þar settist ég á rúmstokkinn hjá henni og við röbbuðum lengi saman. Ég gaf henni fyrst í skyn að ég ætlaði að yfirheyra hana í kverinu og öðrum helgum fræðum. Seinna frétti ég að hún hefði sagt að ég væri allra huggulegasti maður. Hún bjó þá ein á Úlfagili og hafði nokkrar kindur, en nágrannarnir hjálpuðu henni. Mér var sagt að þegar verið var að byggja bæinn hjá henni hefði hún komið hundinum í burtu. Hún hefði ekki viljað láta hann heyra þann munnsöfnuð sem þar fór fram.⁸

Söguvið einsetukvennasagna er heimili einsetukonunnar, sem oft hefur að geyma gamlar menjar eða vísbendingar sem vitna um forneskjulega lifnaðarhætti einsetukonunnar. Lýsingar á því þegar sögupersónan stígur inn í *kot kerlingar* minnir á frásagnir þegar stigið er inn í helli tröllskessunnar, einsetukonu vættaheimanna sem býr á jaðri mannheima í helli sínum. Dæmi um það er hellir Grýlu: „Í hömrnunum bjó hún / og horfði yfir sveit ... Um annað, sem gerðist þar, / enginn veit“.⁹ Séu sögur af förukonum og einsetukonum bornar saman, þá má segja að í einfaldleik sínum þá fjalli förukvennasagnir um það þegar „Grýla kom í heimsókn“ en einsetukvennasagnir um það „þegar farið var í heimsókn til Grýlu“.

Ein manneskja er mér einna minnisstæðust frá þessum drengja árum mínum. – Það var einsetukerling, sem alltaf var kölluð Ranka gamla. Kerling þessi bjó í kofa í túnfætinum á Efri-Þverá, þar sem fósturforeldrar mínir bjuggu í tvö ár. Enginn í sveitinni held ég að hafi vitað með vissu, hvaðan hún var upprunnin, en þó minnir mig, að hún segði mér að hún væri ættuð austan undir Jökli. En þegar ég man eftir henni, hafði hún orðið að skilja við sig bæði kindurnar og merina og var alein í torfkofa, sem var hólfaður sundur í tvennt. Svaf hún í innri kofanum en hafði eldhús í þeim fremri, og mátti heita að þar væri niðamyrkur, jafnt á degi sem nóttu, og mjög skuggsýnt var líka í þeim innri. Hún var með afbrigðum óþrifin, svo að engan hefi ég þekkt hennar líka. Lagði ólyktina langa leið frá kofanum, enda fór hún ekki

langt út fyrir hann með úrgangsefnin. Svo mikil var fylan þegar inn kom, að maður varð að halda fyrir vitin, ef komið var inn til þeirrar gömlu áður en hún hafði opnað á morgnana. – Hefi ég síðan átt mjög auðvelt með að skilja að vond hafi hún verið lyktin hjá haugbúunum að fornu, og því hafi síst verið að undra þótt sumum yrði ómótt er sæktu þá heim. Mat sauð hún lítið sem ekkert og hafa því vítamínin ekki eyðilagst af mikilli suðu hjá henni. Jólaköku bjó hún þannig til, að hún bjó til holur í deigið með fingrunum og stakk svo rúsingunum inn í holurnar og ekki fór mikið eldsneyti í baksturinn. Brennivín átti hún jafnan á tveggja potta kút, sem hún geymdi í höfðalaginu sínu. Var það haft fyrir satt, að hún sypi á kútnum og spýtti því síðan í flösku og trakteraði svo vildarmenn sína, sem til hennar komu, á þessu bætta brennivíni. Ekki var hún að hafa fyrir að þvo sér í framan eða um hendur daglega og hefir varla gert það nema fyrir stórhátíðar.¹⁰



Sesselja Helgadóttir að Skógum í Reykhólasveit

Næst ber að geta frásagnir sem stýrast af sjónarhorni þeirra sem eygja einsetukonu eða mæta henni litla stund. Í þeim sögum birtast einsetukonur sögumönnum sem ásýnd ein. Þetta eru sagnir sem hverfast um það þegar sögumenn sáu einsetukonur ásýndar, og áttu jafnvel við þær stutt orðaskipti. Þeim sögnum svipar til huldukvennasagna, sem hverfast um konur sem birtast mönnum í stutta stund áður en þær hverfa aftur til síns heima. Sögur sem byggja á augnablikum, þar sem tveir heimar mætast í örskotsstund. Örfrásagnir af einsetukonunni Sesselju Helgadóttur (f. 1875-1976) eru ágætis dæmi um þess konar sögur.¹¹

Á miðvikudagsmorgun snemma lagði ég byrði mína á bakið og hélt burt frá Bjarkalundi. Fimm daga gönguför mín heimleiðis var hafin. Það var stillilogn og þokuloft eftir nóttina, en er á daginn leið tók sól að skína og hlýnaði þá nokkuð um of, að mér fannst. Ég hélt fyrst áleiðis til Kinnarstaða við Þorskafjörð, en síðan inn með firðinum að Skógum, fæðingarstað Matthíasar Jochumssonar. Er þar bær torfpakinn og sóleyjatún, og bjó þarna einsetukona, en það vissi ég ekki fyrir en síðar. Gömlu konuna fann ég að máli og sagði hún mér, að óhætt væri að vaða leirurnar niðrundan bænum, en þarna er útfyrir mikið.¹²

Þar í hlaðvarpanum hittum við fyrir einsetukonuna Sesselju Helgadóttur - Settu, eins og hún var jafnan kölluð á heimaslóðum. Hún var 78 ára þegar þetta var, fædd á gamlársdag 1875, og lést um mitt ár 1976, aldargömul og hálfu ári betur.¹³

Síðast skal getið frásagna af einsetukonum sem byggja á almannarómi. Hér vil ég leyfa mér að vísa sérstaklega til þeirra sagna sem taka til hindrana og hætta sem talið var að steðjaði að konum sem bjuggu einar í bændasamfélaginu. Það verður að teljast nokkuð lýsandi, að fáar eða engar sögur af einsetukonum fjalla um áhættuna sem fólst í því að konur sem bjuggu einar gátu mögulega orðið fyrir ofbeldi af hendi utanaðkomandi manna, svo sem fyrir kynferðislegu ofbeldi. Jafnvel þó svo að einsetukonur hafi að mörgu leyti verið mjög berskjaldaðar fyrir slíku ofbeldi sökum einangrunar sinnar frá samfélaginu, rétt eins og förukonur. Hins vegar var algengt að fjallað væri um hættuna sem einsetukonum stafaði af náttúrunni. Náttúruöflin voru því vottuð sem vágæstur í koti einsetukvenna, en ekki karlmenn.¹⁴ Sú staðreynd varðandi einsetukvennasagnir er á andstæðu meiði við aðrar sagnir sem taka sérstaklega til kvenna sem eru *einar* í húsum sínum. Um það vitna til dæmis útlilegumannasögur þar sem konum er rænt úr húbýlum sínum og beittar ofbeldi, draugasögur sem taka til sama efnis, íslensk fornrit og sömuleiðis sagnadansar miðalda sem lýsa ofbeldi karla gegn konum í vistarverum kvenna.¹⁵ Kvenlíkami í manngerðu rými (húsakynnum) í sögum, tekur gjarnan á sig form vettvangs sögunnar. Dæmi um það er kvenpersóna sem bíður eftir ástmanni sínum, og veit ekki að hún á von á níðingsmanni sínum.

(Sagnadansinn *Kvæði af herra kóng Símoni*)

Þú braust upp mitt hæga loft,
þar að eg inni lá,
bæði hurð og gættir,
plokkaðir lokur í frá.
Þú lést þína sveina
halda fótum mín
meðan þú, herra kóng Símon,
framdir vilja þín.¹⁶

(*Þorgils saga og Haflíða*) Þeir fara nú til Ávíkur saman og bjuggu þar búi Hneitis meðan hann var heiman og gera það ráð að Már leggst með dóttur bónda en Hrafn með húsfreyju hans.¹⁷



Tóftir híbýla einsetukonu

Einvera kvenna með hefðbundin lífsmáta í sögum er á skjön við einveru einsetukvenna, sem voru einfaldlega einar, og biðu ekki komu karlmannna. Þær konur biðu ei eftir ástmönnum sínum, og áttu því ekki von á því að vera ásóttar af níðingsmanni, af skálduðum heimildum að dæma. Það rímar við ríkjandi frásagnarstíl, sem í tilfelli kvenna með hefðbundinn lífsmáta gerir ráð fyrir ástmanninum annarsvegar og karlmanninum sem kemur til bjargar hinsvegar - en hver ætti svo sem að bjarga einsetukonu? Tilvist einsetukonunnar er ekki hluti af karllægri atburðarás, því einsetukonan er ekki núningsflötur í átökum á milli karla. Líkami einsetukvenna var ekki vettvangur hetjusagna karla í feðraveldinu. Ástæðan fyrir því er sú að lifnaðarhættir einsetukonunnar marka henni sess á jaðri feðraveldisins. Þar af leiðandi miðla heimildir nær aldrei lýsingum af mögulegum hættum sem stöðjuðu að slíkum konum frá hendi karla. Þær verða hluti af annarskonar atburðarás, sem gengur út á hrörnun kvenlíkamans í einsemd hans. Einsetukonur voru ekki taldar vera kvenkostir, heldur visnar konur er lifðu í einveru sinni. Af heimildum að dæma þá voru karlar áhugalausir og afskiptalausir gagnvart einsetukonum.

Með hliðsjón af samtímarannsóknum á kynferðisofbeldi þar sem komið hefur fram að konur verða frekar fyrir kynferðislegu ofbeldi innan veggja heimila en utan þeirra, þá má draga þá ályktun að einsetukonur hafi alla jafna verið í minni hættu en aðrar konur gagnvart því að verða fyrir kynbundnu ofbeldi, sökum þess að þær bjuggu ekki undir sama þaki og karlmenn, og voru ei undir þeirra stjórn.¹⁸ Einsetukonur sinntu ekki hlutverki ástkonu, húsfreyju, hjús, móður, systur, dóttur eða ömmu, undir þaki karla. Þær voru á skjön við það sem þótti náttúruleg skipan í samfélaginu, og því var það náttúran sjálf sem sá um að losa sig við þær í sögunum. Sögur sem fjalla um átök einsetukvenna og náttúrunnar draga upp mynd af varnarleysi einsetukvenna. Í sögunum gerir náttúran atlögu að bæjum kvennanna, hún er óbeint að rísa upp gegn „ónáttúrulegum“ lífsháttum einsetukvenna. Aukinheldur

má nefna sögur af því þegar einsetukonur lentu í háska fjarri heimilum sínum, en þá er einsetukonum gjarnan lýst sem varnarlitlum.¹⁹ Birtingarmynd náttúrunnar í slíkum sögum eru fyrst og fremst veðrabrigði en vættir náttúrunnar koma einnig við sögu. Náttúran í sögunum er birtingarmynd feðraveldisins sem vill granda frelsislífi kvennanna og um leið koma skýrum skilaboðum til samfélagsins um að slíkur lifnaður kvenna sé aldrei hluti af „skipan náttúrunnar“.

Einhvern tíma á þessum árum bjó einsetukerling í Hraunseli í Skagaheiði. Það var þá einn veturinn, er hún bjó þar, að mikinn snjó setti niður svo að kotið var að mestu komið í kaf, og fennt fyrir bæjardyrnar. Kerling hafði þá þann hátt á, að hún fór út og inn um eldhústrompinn. Svo var að eitt sinn, er fót hennar voru mjög freðin og fönnug, er hún kom heim frá útverkunum og ætlaði niður um strompinn, að hún festi sig í honum og komst ekki niður. Skömmu síðar voru menn á ferð og fundu þá konuna örenda í eldhústrompinum.²⁰

Veturinn áður en ég flutti til Desjarmýrar, 1913-14, er mesti snjóavetur, sem komið hefur á Austurlandi á þessari öld. Snjó kyngdi nokkurn veginn stöðugt niður frá þorrakomu fram yfir páska. Víða í Borgarfirði fóru bæir alveg í kaf, svo að ganga þurfti eftir mörgum tröppum niður í þá. Ég man, að ég heyrði líka sagt, að þennan vetur hafi verið gengið á skíðum yfir Hjaltastaðarkirkju í Hjaltastaðarþingá. Og á Bakkagerði kom það fyrir, að einsetukona, sem þar bjó, var lokuð inni í bæ sínum í fönn á annan sólarhring.²¹

Konan í Ambáttarhól var ekki með öllu laus við nærveru útburða og annarra vætta, þótt langt væri liðið síðan útburðurinn úr Teitsgili var að hrella hana heimundir bæ á Húsafelli. Jón Borgfirðingur skráði eftir sögu hennar sjálfar að útburður héldi til nálægt Ambáttarhól, og gólaði sá mikið undan útsýnningi og eljagangi, svo sjálf gæti hún ekki sofið fyrir honum þegar slík veður voru í nánd.²²

Að síðustu ber að geta þess að þó svo að sagnir af einsetukonum hverfist ekki um kynbundið ofbeldi, þá eru til einsetukvennasagnir sem vitna óbeint um ofbeldi sem konurnar hafa orðið fyrir af hendi karla, til dæmis lýsingar á ofsafenginni hræðslu sumra einsetukvenna við karlmenn. Slíkt kvennasögustef, þ.e. ótti kvenna við karla, er eins og áður segir gegnumgangandi í förukvennasögum.

Af öðrum einsetukvennasögnum sem byggja á almannarómi, má nefna sagnir sem ætlað var að útskýra hvers vegna konurnar voru svo einrænar. Nefna má sagnir sem vísa til harmþrungins atburðar sem konurnar upplifðu í fortíð sinni. Sagnir sem vitna sumar um einsetukonur sem upplifðu það að börn þeirra voru tekin af þeim. Sagnir af einsetukonum sem unnu sem vinnukonur á stórbýlum og áttu barn með bóndanum eða bóndasyni, og voru í kjölfarið sendar á brott einar og allslausar. Slíkar sagnir hafa beina samsvörun við ámóta sagnir af förukonum, svo sem af áður nefndri Margréti Sigurðardóttur förukonu. Líkt og fjallað hefur verið um, þá eru til margar sögur sem fjalla um samskipti förukvenna við yfirstéttina, eins og grínsögur um það efni vitna um. Sögur af föru- og einsetukonum sem eignuðust barn með karli í yfirstétt eru þó af öðrum toga. Þar er um að ræða harmsögur sem fjalla um ofbeldi karla í efri stétt gegn þeim konum sem voru lægst skipaðar í þjóðfélaginu; vinnukonum.



¹ Benedikt Guðmundsson, Anna Svanborg, bls. 45. Ljóð um Önnu Svanborgu, einsetukonu í Fljótum.

² Agnes S. Arnórsdóttir, „Konur og Vígamenn“, bls. 9.

³ Hér undanskil ég förukonur á borð við þær sem koma fyrir í Njálu. En þær konur voru mikilvægur þáttur í því að tryggja framrás sögunnar.

⁴ ÞÐ 15059. Í Staðarsveit. Heimildarkona: Vilborg Kristjánsdóttir (f. 1893).

⁵ ÞÐ 10613. Í Skriðdal.

⁶ Konurnar voru ekki hluti af stærra heimilishaldi. Því jafnvel þó svo að þær byggju í návígi við fólk, þá voru þær fyrir utan hringiðu mannlífsins. Þar með tóku sagnir af fundum nágranna og einsetukvenna líka á sig form heimsóknarsagna. Sjá nánar um formgerð heimsóknarsagna í umfjöllun bókarinnar um förukonur.

⁷ „Saga Einars á Brúnastöðum“ er dæmi um útilegumannasögu sem miðlar slíkri þögn. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* 2. bindi, bls. 223-224.

⁸ Stefán Á. Jónsson, „Minningarnar frá fjörtíu ára starfi eru margar: Viðtal við sr. Pétur Þ. Ingjaldsson prófast á Skagaströnd“, bls. 21-22.

⁹ Jóhannes úr Kötlum. Grýlukvæði.

¹⁰ „Esku og skólamingningar“, bls. 3. Sjá einnig skrif eftir sama höfund um Rönku í greininni „Rökkursögur: Gamla konan og fötin“, bls. 2: „Betri bændum sveitarinnar, sem hún hafði dálæti á, veitti hún brennivín. Hafði hún það í 2-3 potta kút og fjöðurstaf í. – Prófaði hún alt af brennivínið með því að hella úr kútnum í gegnum fjöðurstafinn upp í sig og spýtti því síðan í flöskuna, sem hún veitti úr“.

¹¹ Í Íslendingabók segir að Sesselja Helgadóttir hafi verið daglaunakona á Skógum, Reykhólasókn, A-Barð. 1930. Að hún hafi síðast verið búsett í Reykhólahreppi. Sjá: Hugrún skáldkona. „Skyndimyndir að vestan“, bls. 11. „Sesselja gamla býr ennþá á jörðinni, þótt hún sé orðin níræð“.

¹² Ingimar Júlíusson. „Sólskinsdagar - sumarnætur“, bls. 5.

¹³ Einar Sigurðsson. „Svífur yfir Esjuna“, bls. 10.

¹⁴ Í tengslum við aðsteðjandi hættur fyrir utan heimilin, þá má benda á að algengt minni í íslenskum sögnum sem eru grasafjallaferðir. Þær ferðir voru gjarnan vettvangur fyrir margskonar hættur sem steðjuðu að konum. Anna Sigurðardóttir fjallaði um hinar ýmsu hættur sem fólk varð fyrir þegar það fór á grasafjöll, sem hafði ugglaustr áhrif á viðmót fólks til þeirra ferða. Sjá *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 162-163.

¹⁵ Í grein sinni „Eftir hans skipun: Natansmál í ljósi sagnadansa og eftirmæla Agnesar“ skrifaði Helga Kress um sagnadansa í tengslum við ofbeldi gegn konum. Þar kemur Helga inn á ofbeldi karla gegn konum, sem framið var í einkarýmum kvenna.

¹⁶ Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, bls. 229-231. *Kvæði af herra kóng Símoni*.

¹⁷ *Sturlunga saga*, bls. 13.

¹⁸ Rannsóknir t.d. á sviði lögreglunnar, afbrotafraeðinnar og félagsfraeðinnar sýna að konur eru hvað mest berskjaldaðar á eigin heimilum. Með hliðsjón af því má álykta að einsetukonur hafa að vissu leyti búið við aukið öryggi hvað varðaði kynferðislegt ofbeldi, því þær voru ekki í sambýli með karlmönnum.

¹⁹ Einsetukonur bjuggu hins vegar vissulega við ákveðið óöryggi sem fólst í því að ef þær slösudust eða veiktust þá var erfiðara að fá hjálp, í samanburði við einstaklinga sem bjuggu í samneyti með öðrum og áttu því betri möguleika á að fá hjálp í slíkum aðstæðum.

²⁰ Jóh. Ásgeirsson, „Sagnir frá eyðibýlum“, bls. 3.

²¹ Séra Ingvar Sigurðsson, „Hvergi er betra en í Borgarfirði“, bls. 940

²² „Konan í ambáttarhól“, bls. 34.

Söguvið einsetukvenna; kot á jaðri mannabyggða sem urðu tóftir

Konan á Yrjum: Í Landsveit var kot sem Yrjar hjet. Þar bjó einsetukona þegar jarðskjálftarnir miklu gengu fyrir Suðurland árið 1896. Baðstofan féll í jarðskjálftanum og kerling komst nauðulega út og flýði að Skarfanesi. Þar sá hún eitt þil uppi standandi og er mælt að henni hafi þá orðið að orði: „Guð hefur þó verið í Skarfanesi, ekki var hann í Yrjabaðstofu“.¹

Saga einsetukvenna, rétt eins og förukvenna, byggir að miklu á ímyndunarafli þeirra sem standa fyrir utan söguvið sögupersónanna, kvennanna. Þetta eru sagnir af *konum í fjarska*, og meginþemað er einangrunin sem þær búa við: „Á Fellsströnd vestra var kona ein á bæ. Hún var þunglynd mjög og fór oft einförum“.² Rétt eins og flakið er tákngervingur fyrir einangrun förukvenna, þá er bær einsetukvenna tákngervingur fyrir einangrun þeirra. Híbýlum kvennanna var tíðast lýst eins og grafhvelfingu, fangelsi, einskonar endastöð; staður þar sem líf þrífst ekki, heldur dofna. Lýsingar um einsetukonurnar og híbýli þeirra má finna jafnt í endurminningum sem skáldskap: „Ég gægðist inn í kofann, / sem gamla konan bjó“. Algeng orð yfir húsakynni einsetukvenna eru hreysi og kot, en sjaldnar var notast við orðin bær, hús eða heimili. Aukinheldur var húsnum einsetukvenna oft líkt við hóla og hella, híbýli sem voru sýnileg en jafnframt falin: „Gudda gamla var einsetukerling, og bærinn hennar var svo lítill og lággúrlegur, að ókunnugir mundu hafa haldið, að þar væri hóll, en ekki mannabústaður“.³ Gera má ráð fyrir að ásýnd og sagnir af híbýlum einsetukvenna, hafi innblásið lýsingar manna á vistarverum huliðskvenna í náttúrunni - og öfugt.⁴

Á tveimur stöðum í þjóðsögum (og máske víðar) eru þó frásagnir, sem benda til þess að í hellum hafi verið búíð. Annað er sagan af Gilitrutt. Uppistaða þeirrar sögu er sú, að einsetukona bjó í hól, og var gluggi uppi á hólnum, alveg eins og á hinum manngerðu hellum.⁵

Heyrt hef ég getið um einsetukonu, Kristínu að nafni, sem bjó á Steinboga, um nafn hennar ber þó sögnum ekki saman.⁶

Í Hnífsdal bjó einsetukona í litlum torfkofa inni á bökkunum, hinum megin í þorpinu miðað við Yztahúsið. Ég held, að kofinn hafi ekki verið manngengur og ekki meiri að innanmáli en rúm væri fyrir borð og smákamínu sem hún hlýtur að hafa haft. Annars man ég ekki eftir því, hvort rör var upp úr þekjunni og ég kom aldrei þangað inn. Þessi gamla kona hét Guðrún Þórarinsdóttir og var í daglegu tali kölluð Gunna Þóa. Hún var sérkennileg í háttum og útliti, og ég held, að flestum hafi þess vegna komið vel, að hún bjó svona ein, án þess að gera samborgurunum átroðning eða ónæði.⁷

Minningar þar sem einsetukonur koma við sögu hafa jafnan sterka tengingu við bústaði þeirra. Minningar um einsetukonur tóku stundum hreinlega á sig efnislega mynd í náttúrunni, að konunum látnum; minningar í formi bæjarrústa. Tóftir bæja einsetukvenna og örnefni sem hafa beina skírskotun í bæjarstæði kvennanna eru minnisvarðar um tilvist þeirra í sögunni.⁸ Þessum tóftum tilvistar einsetukvenna svipar þannig til náttúrusmíða frá ferðaleiðum förukvenna sem bera heiti tengd þeim konum eða fóstura sögur beintengdar þeim. Bæjartóftir einsetukvenna eru skúlptúrar, efiirstandandi vörður um tilvist einsetukvenna; grasigrónar mannvistarleifar kvenna. Líferni einsetufólks skar sig úr þegar litið er til almenns lífernis landsmanna og því ekkert óeðlilegt þó að híbýli þessa einstaklinga hafi verið kennd við þá. Nokkuð sem var ekki vaninn varðandi bæjarrústir hefðbundinna sveitabæja. Benda má á að örnefni sem vísa til förukvenna vísa sjaldnast í nöfn kvennanna. Hið sama gildir ekki

um örnefni sem vísa til bústaða einsetukvenna (tófta eftir þeirra veru), því þar eru nöfn einsetukvennanna alla jafna notuð til auðkenningar.

Inn á Smjörpallshæð stönsuðum við hjá ofurlitlu tóftarbroti, sem Þórutóft heitir. Eru sagnir að þar hafi búið einsetukona sem Þóra hét.⁹

Húnhóll er til í landi Holtshverfis hjer í Vestur-Eyjafjallahreppi og svo sagði mjer merkiskonan Þuríður Jónsdóttir í Hvammi, að þar hefði búið fyrir löngu einsetukona sem hún taldi að hefði heitið Húnabjörg.¹⁰

Skammt fyrir neðan á Ströngubökkum við Árósmöl er forn bústaður og þar bjó gömul einsetukona sem hét Lauga. Tóftirnar eru kenndar við hana. Þær heita Laugutóftir. Sagt var að hún hafi átt þarna bát og róið til sjávar.¹¹

Suðvestur á Bæjarholtinu var tóftarbrot, er Gunnutóft hét (nú er búið að gera tún þarna og sjást engin ummerki lengur um tóttina). Sagt var mér, að eitt sinn hefði búið þar einsetukona er Guðrún hét, en ekki var vitað á hvaða tíma það var.¹²



Kot einsetukvennanna var þeirra höll. Enginn sem búið hefur í höll vill hverfa þaðan og því var reyndin sú að einsetukonur fóru almennt ekki sjálfviljugar úr kotum sínum. Innsýn í slíkar tilfinningar einsetukvenna má finna í þjóðsögunni af Skóla-Jónu sem hverfist um einstæðingsstúlku í koti, konu sem varð að víkja fyrir hagsmunum annarra. Hvort sú kona var einsetukona eður ei fylgir ekki sögunni. Sagan sýnir hins vegar baráttuanda konu sem berst fyrir tilvistarrétti sínum í feðraveldinu, konu sem stendur og fellur með koti sínu. Hefnd hennar gagnvart höfuðbólínu sem felldi kot hennar var óútmáanleg og leiddi til þess að hún ásótti þá sem sóttu þá skólafögnu karla sem þar reis að henni látinni.

Þegar hjáleigur voru lagðar undir höfuðbólíð Hvanneyri, neitaði stúlka ein að fara frá koti sínu og fargaði sér en hét að verða þar áfram. Eftir að bændaskólinn var reistur sást hún stundum á peysufötum í gamla skólahúsinu, einkum þvottahúsi í kjallara. Eitt sinn bauð piltur henni upp á dansleik í forsal skólans en hún liðaðist sundur þegar hann ætlaði að snerta hana.¹³

Við þorpsjaðarinn



Karólína Dudmann Tómasdóttir (Kalla) einsetukona í Vestmannaeyjum. Myndin var tekin á fimmtugsafmæli hennar

Þó að einsetukonur lifðu einlífi, þá þýddi það ekki endilega að þær hafi búið í mikilli fjarlægð frá fólki. Því einseta var og er enn í dag, ekki síður bundin við þær lífsvenjur einbúans að afmarka eftir mætti líf sitt frá lífi annars fólks. Það sýna ýmsar frásagnir af einsetukonum sem lifðu í húsaþyrpingum eða á jaðri húsaþyrpinga s.s. í smáum sjávarbyggðum: „Í Flatey var einsetukerling í kofa, er Ragnhildur hét“.¹⁴ Líf einsetukvenna er bundið við jaðarinn og sá háttur þeirra viðhélst þó þorp og stærri bæir kæmu til skjalanna. Líf einsetukvenna í slíkum samfélögum var líka við útmörkin. Þegar líður á 20. öldina breyttust húsakostir einsetukvenna í takt við tímann. Kofar kvennanna tóku breytingum. Ein helsta birtingarmynd þeirra breytinga er að nútímans einsetukonurnar skildu ekki eftir sig tóftir líkt og konur sem lifðu í einsetu á fyrri öldum. Kofarnir sem spruttu upp er líða tók á 20. öldina voru ekki reistir á sama grunni og hurfu mun fyrr af yfirborði sögunnar en fyrri tíma einsetukvennakofar.



Íveruhús Karólínu (Köllu): „Kalla var einsetukona alveg fram að gosi“

(Um híbýli Karólínu einsetukonu í Eyjum) Þetta var ekki merkilegt húsnæði, en þó eldunaraðstaða þar, kamína... Girðing var í kringum kofann til að varna óboðnum gestum aðgangi og tvö hlið, bæði með læsingu, sem mörgum þótti sérkennilegt. Og það var snyrtilegt í kringum Köllu, t.d. voru blóm í gluggum hjá henni eins og á betri heimilum. Ekki finnast heimildir um að Kalla hafi stundað fasta vinnu eftir að hún flutti í kofann. Hún hefur eflaust notið einhverra bóta en margir gaukuðu líka að henni mat og fleiru. Hún var einstæðingur og samkenndin hefur alltaf verið ríki í Vestmannaeyjum með því fólki. Kalla var mjög sérstök og blandaði lítt geði við aðra. Ef hún átti erindi í bæinn, klæddi hún sig ávallt á sama hátt, var í ökklasíðri, þykkri kápu og með skuplu á höfði.¹⁵

Einu sinni gerðist það að einsetukona sem aldrei talaði við nokkurn mann og hafði búið í nokkur ár í kofa í þorpinu, veiktist. Hún hafði legið matarlaus í nokkra daga þegar farið var að vitja um hana. Hreppsnefndinni var ljóst að einhvers staðar yrði að koma henni fyrir. En enginn vildi taka hana, því hún var vægast sagt illa á sig komin. Þá ákvað mamma Olgu að taka hana. Hún var borin heim til þeirra, klædd úr öllum lörfunum sem voru brenndir þegar í stað. Hún var sett í bala og þvegin hátt og lágt því slíkt hafði hún greinilega ekki gert árum saman, enda grálúsug. Svo var búið um hana í rúmi í stofunni. Eftir nokkra daga fór hún að tala við fólkið því svona atlæti hafði hún ekki mætt á sinni ævi. Hún dó innan mánaðar.¹⁶



Blanca A. Ingimundardóttir

Dalrún: Í Bolungarvík, það voru engar förukonur þar geri ég ráð fyrir?

Blanca: Förukonur? Jújú. Það var ein kona. Bíddu nú við, það var ein kona sem kom alltaf labbandi, voða furðuleg. Hún heimsótti konuna sem bjó uppi á lofti. Hún tautaði, hún tautaði þegar hún labbaði um göturnar: „Alíbabasísí, Alíbabasísí, Alíbabasísí“. Tautaði þetta alltaf fyrir sér þegar hún labbaði. Ég veit ekki hvort þetta var förukona, hún labbaði á milli húsa og heimsótti fólk, bjó í einhverjum kofa. Svo var önnur sem átti fullt af köttum, hún var líka svolítið furðuleg. Bjagga var hún kölluð. Voða furðuleg. Þegar ég var 15 ára vann ég í mjólkurbúi þarna einhvern smá tíma, áður en ég fór að vinna í Ísafjarðardjúpi, við að selja mjólk. Þá var oft skömmtuð mjólkinn, hálfur lítri á mann. Hún kom og vildi líka fá mjólk fyrir kettina. Ég var alveg í vandræðum, hvað ég ætti að gera. Svo ég spurðist um það við fullorðna fólkið. Þá fékk hún ekki. Ég mátti ekki selja henni nema hálfan lítra, því hún var bara ein. Enga mjólk fyrir kettina sína.

Dalrún: Hún bjó í Bolungarvík?

Blanca: Já.

Dalrún: Manstu eftir því hvernig húsi hún bjó í?

Blanca: Það var kofi. Mér fannst þetta ógeðslegur kofi. Krakkarnir voru hálfhræddir við hana stundum. Þeir voru að stríða henni og þá hjóp hún út með kúst.

Dalrún: Veistu eitthvað um forsögu hennar? Voru einhverjar sögur um hana í þorpinu?

Blanca: Nei ég frétti það ekki.

Dalrún: Manstu hvernig hún leit út?

Blanca: Hún var bogin, hún var grönn og druslulega klædd. Alltaf með eitthvað bundið um höfuðið.

Dalrún: Átti hún marga ketti?

Blanca: Já hún átti marga ketti.

Dalrún: Voru þeir plága í þorpinu?

Blanca: Nei, hún bjó svolítið fyrir utan þorpið. Niðri í fjöru, nálægt sjónum.

Dalrún: Þar var hún með sinn kofa já. En hvar bjó hin konan, sem þú nefndir áðan?

Blanca: Já hún bjó í þorpinu.

Dalrún: Inn í þorpinu?

Blanca: Já inn í þorpinu. Hún heimsótti fólk, og það gaf henni kaffi og kjaftaði við hana og svona.

Dalrún: Hvernig leit hún út?

Blanca: Hún var feitari. Líka með svona skuplu yfir höfuðið og tautaði alltaf „Alíbabasísí, alíbabasísí“, tautaði hún alltaf. Hún var eitthvað klikkuð, eitthvað hefur komið fyrir þegar hún var yngri held ég.

Dalrún: Það voru þessar tvær einsetukonur.

Blanca: Já. Mig minnir eins og það hafi verið önnur kona til. Hún var ekki eins áberandi.

Dalrún: Í Bolungarvík?

Blanca: Já hún bjó þar líka... Það var fátækt í Bolungarvík þegar ég var að alast þar upp.¹⁷

Bjagga einsetukona sem Blanca A. Ingimundardóttir sagði frá hér að ofan, hét Aðalbjörg Þórðardóttir (1874-1950) og var einsetukona og vatnsberi í Bolungarvík. Eftirfarandi frásögn gefur frekari innsýn í lífshætti Bjöggu; um það hvernig einsetukona við þorpsjaðar einangrar sig frá þorpsbúum, í kofa sínum og með hegðun sinni.

Mér var starsýnt á hana, þar sem hún rogaðist áfram með vatnsföturnar. Klæðnaður hennar var allur hinn nöturlegasti... Hún sást venjulega á ferli um götur þorpsins frá því fyrir hádegi og langt fram á kvöld. Hún bjó ein í ofurlitlum timburskúr, innarlega í þorpinu. Kofinn var niðri á sjávarkambinum. Fyrir neðan var stórgrýtis fjara... Aldrei vissu menn til þess að hún Bjagga gamla hleypti neinum í kofann sinn. Hún hafði hlaðið nokkurs konar garð umhverfis kofann, tínt steina upp úr fjörunni og hlaðið upp með veggjunum. Líklega hefur þetta átt að vera til skjóls. Menntuðust hvernig hún fór að því að lifa í þessum gisna timburskúr, óupphituðum. Menntu spurðu stundum: Er ekki ansi kalt í skúrnum þínum, Bjagga mín? Vantar þig ekki kol? Á ég ekki að gefa þér kolablað? – Nei, Bjagga gamla sagði að það væri ekki neitt kalt. Hún ætti nóg í eldinn. Ef hún var spurð hvar hún hefði fengið eldsneyti, þá fór hún undan í flæmingi. – Það þýddi eiginlega ekki að spyrja Bjöggu að neinu. Hún hafði eitthvert undarlegt lag á að fara undan í flæmingi, svo ekkert var á svörum hennar að græða. – Hvort hún var greind eða ógreind, var eiginlega ekki gott að segja. Hún var svo ótrúlega lokuð og innbyrgð. Ef menn spurðu hana t.d. hvað hún væri gömul, sagði hún venjulega: „Ég er orðin ansi gömul“. Ef spurt var: „Ertu orðin sjötug?“, sagði hún: „Já, já, ég er orðin sjötug“. Hún svaraði á sama hátt, þótt spurt væri hvort hún væri sextug. Ég hygg að hún hafi vel vitað hve gömul hún var. Hitt var annað mál, að henni fannst að fólk varðaði ekki neitt um þetta. Þetta kæmi henni einni við. – Ef menn ætluðu að grennslast eitthvað um lífshlaup hennar, var það alveg eins. Ef spurt var hvar hún hefði alist upp, svaraði hún venjulega: „Ég ólst upp í sveit“. Hvar?

Langt í burtu. Já, hvar hún hefði verið? „Ég hef verið víða“. Varstu inni í Djúpi? „Já ég var var þar lengi. Ég var þar ansi lengi“, sem sagt. Bjagga gerði sig að hálfgerðum kjána til að komast hjá nærgöngulum spurningum. Hún vildi aldrei láta spyrja sig að neinu, sem snerti hana sjálfa. Um fortíð sína var hún þögul eins og gröfin. Stundum gátu hrokkið upp úr henni meinlegar setningar, sem bentu til góðrar greindar. Það gat komið fyrir að hún Bjagga yrði heiftúðug, einkum ef krakkarnir urðu of nærgöngulir við kofann hennar á síðkvöldum og voru að kíkja á gluggann hjá henni. Annars var hún dagfarsprúð... En hver var í raun og veru saga hennar. Og hvers vegna varð hún svona einmana og einræn... Gömul kona, sem þekkti til Bjöggu frá fyrri árum hennar, sagði mér: „Já, hún varð nú fyrir hnjaski er hún var ung. Og kannske hefur hún aldrei beðið þess bætur. Hún eignaðist barn með syni stórbónda. Hún var þá vinnukona á bænum. Þetta þótti vitanlega mikil hneisa. Barninu var komið fyrir á bæ í annarri sveit og Bjagga látin fara í burtu. Um tilfinningar hennar var ekki spurt. Þannig var réttur hins snauða og umkomulausa.¹⁸



Aðalbjörg Þórðardóttir (Bjagga)

¹ „Fjaðrafok“, bls. 204.

² *Þjóðsögur og munnmæli*. „Huldufólkssálmur“, bls. 319-320.

³ „Saga af forvitna stráknum“, bls. 47. Skálduð lýsing á húsakynnum einsetukonu.

⁴ Það var ekki óalgengt að erlendir ferðamenn á fyrri tímum lýstu húsakynnum Íslendinga, torfbæjunum, sem hólum og hellum. Hins vegar er um aðra túlkun að ræða þegar Íslendingar er sjálfir búa í torfbæjum, lýsa húsakynnum hérlendis sem hólum og hellum, líkt og í tilfalli einsetukvenna. Englendingurinn Andrew Borde lýsti húbýlum Íslendinga á þann veg: „They have no houses but yet doth lye in caves altogether like swine...“. *The Boke of the Introduction of Knowledge*. Sjá einnig: *Tvær eyjar á jaðrinum*, bls. 88-100.

⁵ Árni Óla, „Elztu mannvirki á Íslandi“, bls. 3.

⁶ Halldór Pjetursson, „Fyrir neðan Lagarfljót“, bls. 58.

⁷ Guðjón Guðlaugsson, „Yztahúsið í Hnífsdal“, bls. 525.

⁸ ÞP 5660. Í Svinavatnshreppi. „Rústir af dálitlum kofa, mig minnir 2 samliggjandi, var hér skammt fyrir utan, þar bjó einsetukona í tíð eldra fólks, sem var á lífi í byrjun 20. aldar“.

⁹ Stefán Bjarnason, „Gengið yfir Þórdalsheiði 1. september 1981“, bls. 6.

¹⁰ Þórður Tómasson, „Hunka enn“, bls. 403.

¹¹ ÞP 6588. Heimildarmaður: Tryggvi Guðlaugsson (f. 1903). Í Skagafirði.

¹² ÞP 10580. Í Hraungerðishreppi þar sem nú er Flóahreppur.

¹³ Árni Björnsson, *Íslenskt vettatal*, bls. 129. Tilraun píltsins til tengsla við Skóla-Jónu er táknræn með hliðsjón af tengslum einsetukvenna við annað fólk: „Eitt sinn bauð piltur henni upp á dansleik í forsál skólans en hún liðaðist sundur þegar hann ætlaði að snerta hana“.

¹⁴ Oscar Clausen, „Jón í Hergilsey“, bls. 8.

¹⁵ Sigurgeir Jónsson, „Fékk faðernið fyrst viðurkennt efur andlátíð“, bls. 34-35.

¹⁶ ÞP 7526. Heimildarkona: Olga Sigurðardóttir (f. 1913) Í Hnífsdal.

¹⁷ Blanca A. Ingimundardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2020. Ath. Í tengslum við orðið alíbabasísí sem önnur einsetukonan í Bolungarvík hafði á hraðbergi, þá má vísa í viðurnefnalista þar sem nafnið Alli-baba kemur fyrir. Sjá ÞP 13974.

¹⁸ Ágúst Vigfússon, *Hún Bjagga gamla*, bls. 54. Byggir á bréfi Sigríðar Bogadóttur til greinarhöfundar. Sjá einnig umfjöllun Ágústss um Bjöggu í bók hans *Mörg eru geð guma*.

Ímyndir einsetukvenna

Bölvaði skapari! Hvers vegna skapaðir þú ófreskju sem var svo hræðileg að jafnvel þú snerir baki við henni með viðbjóði? Guð gerði af náð sinni manninn fagran og aðlaðandi, í eigin mynd. En sköpulag mitt er afskræming á þinni, og enn hræðilegri vegna þess að hún líkist henni. Satan átti sína fylginauta, samdjöfla sem dáðu hann og hvöttu, en ég er aleinn og fyrirlitinn.

(Mary Wollstonecraft Shelley, *Frankenstein*)¹

Ímyndir eru sköpunarverk mannsins, skúlptúrar á torgi sögunnar sem samtímamenn, líkt og skraddarar, sníða gervi sín eftir. Sé litið gaumgæfilega á ytra borð persóna í sögunni og í samtímanum, má fljótlega greina þau saumaspör skraddarans; staðlaðar ímyndir sem persónum hafa verið ljáðar. Það að greina ímyndir er ekkert annað en að rýna í þá sauma; að elta við spegilmyndir, eftirmyndir í mannheimum. Helsta áskorunin felst í því að greina hvar ímyndin tekur við þar sem hinu eiginlega sleppir; aðskilja goðsögnina frá manninum.

Ímyndahugtakið táknaði viðhorf og sjónarhorn samfélaga, og stendur fyrir aðgreiningu í „okkur“ og „hina“.² Ímyndir eiga sér gjarnan djúpar rætur í sögunni, og eru oft langlífur; goðsagnir.³ Í rannsókn þessari á einsetukonum á Íslandi, komu í ljós tvær megin ímyndir einsetukvenna. Þær kvenímyndir spegla lýsingar á kvendýrtingum, nornum, tröllum, og meykóngum og eru runnar frá þjóðsögum, riddarasögum og helgisögnum. Umræddar ímyndir einsetukvenna kallast hér *einsetudýrtingur* og *karlgerviskona*, og hafa fylgt einsetukonum allt frá þjóðveldisöld og fram eftir 20. öldinni. Með því að rannsaka þær ímyndir einsetukvenna þá var mögulegt að fá víðtæka innsýn í viðhorf manna til lífshátta, útlits og atgervis einsetukvenna á Íslandi.



Einsetukona horfir út um glugga (Guðbrandur Ásmunds)

Einsetudýrlingur

Eflaust hafa margir orðið til þess að leggja að þessari gömlu konu að hætta einsetunni og flytjast heldur í fjölbýlið, – eða á einhvern bóndabæ, – þar sem styttra er til allrar þjargar af hvaða tagi sem er. En þrátt fyrir þær fortölur og hið kvika mannlíf á Ísafirði hélt konan gamla eðli sínu og vildi umfram allt verða einsetukona á ný. Hún vildi verða sjálfstæð... Þessi kona hlaut að geyma einhvern leyndardóm í hjarta sínu... Mig langaði til þess að kynnast þessari konu, og fá hlutdeild í leyndarmáli hennar.⁴

Kvendýrlingar eru konur sem hlotið hafa formlegt samþykki á heilagleik sínum frá kirkjunni. Konur sem hafa helgað lífi sínu trúnni; framið kraftaverk; og jafnvel látið líf sitt fyrir trúna, eins og hin víðfræga Jóhanna af Örk er dæmi um. Engar íslenskar konur hafa verið teknar í dýrlingatölu, en kvendýrlingar af erlendum uppruna voru hluti af þjóðarvitundinni á tímum kaþólsku kirkjunnar hér á landi, líkt og tilbeiðsla á þekktum kvendýrlingum á borð við Maríu mey sýnir.⁵ Það þýðir þó ekki að það hafi verið hörgull á konum hérlendis sem uppfylltu skilyrðin fyrir því að verða samþykktar sem dýrlingar. Um það votta einsetukonur sem lifðu bænalífi, eins og áður nefnd Katrín og einnig Úlfrún sem fékk vitrun frá Maríu mey.

Úlfrún nokkur var lengi einsetukona að Þingeyrum; var hún hin siðlátasta og skynsöm. Hún var móðir Símonar prests hins mikla. Hún hjelt svo ríkt einsetu sína, að hún vildi eigi, að son hennar kæmi til hennar, svo að hún sæi hann, þá er hann sótti hana heim. Hún sagði svo Guðmundi biskupsefni Arasyni (1202), er hann kom að Þingeyrum og gisti þar, að María hefði það vitrað henni, að guð og hún vildi, að hann væri biskup, „ok skaltu eigi undan teleast, ef þú vilt guðs vilea fylgja, sem þú mant þat vilea, því at þat er etlat“. Þótti honum sú sögn merkileg, og nam trúnað á.⁶

Katrín, fyrsta abbadísín á Reynistað, hafði áður lifað einsetulífi á Munkaþverá. Þann sama vetur og hún var að Þverá og hafði tekið hreinlífsbúning, fékk hún svo mikla augnveiki, að hún mátti ekki skemmta sér við lestur heilagra bóka og eigi lesa psaltara. Hét hún þá til almáttugs guðs og hins sæla Þorláks sér til heilsubótar. Um vorið eftir páska hóf hún ferð sína suður í Skálholt, og leiddi Ljótur ábóti (1293-1296) hana til hests, svo að hún hafði bundið fyrir bæði augun. Fer hún svo allt vestur fyrir Miðfjarðarár, að hestur hennar var hafður í togi. Þykist hún það eigi lengur þola mega, sagðist treysta sjálfum guði og hinum sæla Þorláki, að nokkur bót yrði á hennar meini. Tók hún þá í taumana og reið síðan sem heilbrigð væri, þar til hún kom heim í Skálholt. Batnaði henni svo vel, að næsta dag eftir messu varð hún heileygð báðum augum.⁷

Einsetukonur hafa oft á tíðum samhljóm við kvendýrlinga, að því leytinu til að þær búa yfir ákveðinni helgi. Sú helgi tengist þeirri ímynd sem þær öðlast vegna einveru sinnar, nægjusemi og skírlífi. Helgi þeirra sem stunda meinlætaliðnað. Allt eru þetta þættir sem einkenna kvendýrlinga og eiga sér djúpar rætur í þeirri ímynd sem fólk hefur af helgum mönnum. Dæmi um þá samsörun sem einsetukonur höfðu við kvendýrlinga í hugum Íslendinga er heimild sem sýnir að heitið var á einsetukonu. Nokkuð sem kom ekki til af neinu öðru en þeim eiginleika sem viðkomandi einsetukona var talin gædd.

Áttirðu þér nokkurn draummann?

Mig dreymdi oft sömu konuna fyrir góðum afla. Hún hét Björg og var almennt kölluð Jómfrú-Björg. Það var gömul einsetukona og stundum hét ég á hana. Það brást ekki, að dreymdi mig hana var von á góðum afla. Hún orti einu sinni vísu til mín, þegar ég var með Kristjönu (*bátur hans*):

Drottinn honum veiti vernd,
vel svo gangi í haginn.
Kristjönu kátur Björn
keyrir út á sæinn.⁸



Helgimynd í Karmelklausrinu í Hafnarfirði

Einsetukonur voru einstaklingar sem voru utangarðs og af því leiðir að sú dulúð og sú óræðni sem hjúpaði líf þeirra var talið vísa til þess að þær hefðu yfir þekkingu að ráða sem væri umfram þekkingu sem hefðbundnir sveitamenn bjuggu yfir. Sérþekkingu sem bundin væri við jaðarinn og einveruna, og ekki síst löngu liðinn tíma - forneskjuna.

Engin manneskja hefur veitt mér aðra eins sýn inn í löngu liðinn tíma á Íslandi; ekkert sem ég hef lesið í bókum gæti jafnast á við það, vegna þess að hjá henni var hægt að kynna milliliðalaust lífsviðhorfi og hugarheimi löngu genginna kynslóða. Hún var öll harðindi Íslandssögunnar holdi klædd, uppalin við skort, beygð af áratuga erfiði og samt náði hún tíræðisaldri.⁹

Meinlætalifnaður kvenna og karla sem helguðu sig algjörlega kaþólskri trú storkaði lögmálum náttúrunnar. Því það var leyndardómur fólgin í því hvernig það fólk gat dregið fram lífið. Sá leyndardómur ljáði þeim ásýnd æðri veru; *homo sanctus*. Hið sama gildir að vissu leyti um meinlætalifnað einsetukvenna á Íslandi.¹⁰ Meinlætalifnaður

einsetukvenna gat í augum annarra gert þær yfirnáttúrulegar/heilagar. Talið var að konur sem temdu sér einsetulífsmáta byggju yfir innri styrk og sá lífsmáti þeirra talinn góður vitnisburður um kristlegt líferni.¹¹

Hér er einsetukona, sem býr í húsi með torfveggjum og gólfíð er úr mold. Hún lifir af 12 kindum og er nýbúin að gefa Sjúkrahúsinu á Hvammstanga um \$1200 að gjöf. Hún á hvorki útvarp né sjónvarp og kaupir ekki dagblað. Hún ver sínum ellilaunum til líknarmála. - Hún er til fyrirmyndar, sönn kona, nægjusöm og trúuð. Hún er líka glaðlynd og mjög ánægð með sitt líf. Margar konur bæði hérlendis og erlendis geta lært af henni.¹²



Jóhanna af örk í *La Passion de Jeanne d'Arc* frá 1928

Meinlætalifnaður einsetukvenna og kvendýrtinga hefur ýmis sameinkenni. Í því sambandi má sérstaklega benda á óhefðbundnar neysluvenjur kvennanna. Rekja má matarvenjur kvendýrtinga til iðkana á guðrækni er fólu í sér föstur og aðrar skordur er settar voru matarneyslu. Ýmsar sagnir eru síðan til af óvenjulegum siðum eða hegðun einsetukvenna í tengslum við mat, til dæmis sveltihegðun og þörf kvennanna fyrir að matast í einrúmi. Einnig má nefna þann sið þeirra að borða það sem aðrir flokkuðu sem óæti. Matarvenjur þær einkenndu sömuleiðis margar förkonur, eins og reifað hefur verið í þessari bók. Engum blöðum er um það að fletta að óhefðbundnar matarvenjur einsetukvenna, förkonu sem og kvendýrtinga voru samofnar heilsufari kvennanna og lífssögu, þar sem áföll voru gjarnan ráðandi þáttur í orlögum þeirra. Þær óhefðbundnu matarvenjur kvennanna má rekja til lífsrúna sem markað höfðu líf þeirra, gjarnan strax í barnæsku. Þar komu helst við sögu sár fátækt, geðsjúkdómar og þroskafrávik sem höfðu afgerandi áhrif á matarvenjur þeirra til frambúðar. Í því samhengi má benda á skrif Ásdísar Egilsdóttur bókmenntafræðings um kvendýrtingana og einsetukonurnar Thais, Maríu og Pelagíu sem lifðu einsetulífi og áttu sér allar átakanlega forsögu. Ásdís segir sögur þeirra einsetukvenna ólíkar sögum af einsetukörlum, að því leyti að þær eru „iðrandi syndarar, fyrrverandi gleðikonur, leikkonur og dansmeyjar“.¹³ Konur sem áttu að baki sögur áfalla, sem ætla má að hafi átt stóran þátt í því að móta einsetulíf þeirra.

Á svipaða vegu má túlka óvenjulegar matarvenjur umræddra hópa kvenna sem aðferð þeirra til að öðlast aukin völd yfir eigin lífi. Fræðikonan Caroline Walker Bynum sem lagt hefur stund á miðaldarannsóknir, þar sem hún hefur mannslíkamann og trúariðkun í forgrunni, segir að föstur kvenna innan kaþólsku kirkjunnar hafi verið hluti af valdeflingu þeirra: „Þar sem konur höfðu sjaldan réttindi til að meðhöndla fjármuni og eigur og máttu ekki betla eða predika, þá föstuðu konur til að tjá sitt trúarlíf“. ¹⁴ Áráttu kvenna í tengslum við mat enduróma valdaleysi kvenna í sögunni og einnig í samtímanum, yfir eigin lífi og líkama. Einsetukonur, og einnig förukonur, voru valdalitlar konur í feðraveldinu. Ljóst er að með því að ástunda flakk eða einsetu, þá gafst konunum ákveðið færi á því að ná völdum yfir eigin lífi. Í ljósi þess er ekki ólíklegt að konurnar hafi í krafti þess valds síns styrkt sig enn frekar í sessi með því að stýra sjálfar sínum matarvenjum. ¹⁵

(Úlfrún einsetukona) Af henni segir það enn, að hún tók meinsemi mikla og matleysi og hugarvolað og svefnleysi; hjét hún þá á Þorlák biskup, og varð heil síðan. ¹⁶



Karlgerviskona



Guðlaug Runólfsdóttir (Lauga)

„Einn morgun þegar Gregor Samsa vaknaði heima í rúmi sínu eftir órólegar draumfarir, hafði hann breytt í risavaxna bjöllu“, er upphafssetning bókarinnar *Hamskiptin* (*Die Verwandlung*, 1915) eftir Franz Kafka.¹⁷ Minnið um mannfólk sem breytist í aðrar verur er alþekkt. Minnið um konur sem umbreytast í gervi sínu í karla þekkest, þó ekki sé það algengt miðað við minni þar sem fólk breytist í aðrar lífverur.¹⁸ En engin kona í Íslandssögunni „vaknaði heima í rúmi sínu eftir órólegar draumfarir, og hafði breytt í risavaxinn karlmann“. Slík hamskipti voru sannarlega ekki í boði í gamla bændasamfélaginu. Konur sem sniðgengu hugmyndir um kvenleikann; gengu í karlmannsfötum; unnu karlmannsverk; bjuggu einar; og blótuðu, breyttu hegðan sinni að þessu leyti stigvaxandi yfir ákveðið tímabil. Engin kona vaknaði í vaðmálsbuxum í hinu karllæga bændasamfélagi, án þess að hafa barist fyrir því að hafa klæðst þeim deginum áður. Ekki einu sinni einsetukonurnar.

Lauga skar sig úr, meðal annars vegna þess að hún gekk ævinlega í síðbuxum úr vaðmáli. Á hennar tíð var það litið hornauga; jafnvel þær konur sem unnu utanbæjar við heyskap eða annað voru jafnan í einhverskonar síðpilsun.¹⁹

Kyngervi hverfist um viðhorf og hegðun sem eru ekki bundin við líffræðileg kyn;²⁰ gervi sem taka sífelldum breytingum samhliða breyttum tímum, menningu, landssvæðum og samfélögum.²¹ Þetta eru gervin karlmennska og kvenleiki, sem eru helstu burðarbitar feðraveldisins hverju sinni. ²² Áður nefnt hugtak *úrhrakskvenleiki* fellur vel að

ímynd einsetukvenna líkt og förukvenna.²³ Einsetukonur var gjarnan lýst sem *karlalegum* konum. Þær voru konur sem bjuggu einar; voru einhleypar; þóttu margar hverjar vera ókvenlegar í viðmóti; og gengu sumar í karlmannsfötum. Konur sem tileinkuðu sér gervi karla, voru í augum samfélagsins konur sem afneituðu hugmyndum um eðliseiginleika kynjanna. Hugmyndinni um eðlislæga eiginleika kynjanna hefur verið lýst þannig að hún feli í sér „að kynin bæti hvort annað upp. Þeir eiginleikar sem körlum eru ætlaðir staðfesta og lögmæta yfirráð þeirra og vald yfir konum“.²⁴ Í því ljósi þá eru konur og þeirra kvenleiki einskonar viðbót við karla sem sökum kynferðis héldu um valdtauma samfélagsins, heima og heiman.²⁵ Í tilfelli karlgerviskvenna, þá var það aftur á móti karlmennskan sem kom í stað þess kvenleika sem þær með vilja ræktuðu ekki. Karlgerviskonur bættu sjálfar sig upp með því að tileinka sér eiginleika karlmenskunnar. Það að tileinka sér menningarlegt og félagslegt hlutverk karla, karlmenskuna, skapaði þeim konum ákveðinn sess sem þær nýttu sér. Hið sama gildi ekki um karla sem tileinkuðu sér kvengervi, enda réðust menn ekki í slíkt nema líf lægi við. Svo vitnað sé í skrif sagnfræðingsins Auðar Magnúsdóttur um „karlalegar konur“ á miðöldum: „Að karlar væru vændir um kvenleika var hins vegar niðrandi vegna þess að þeir fóru niður á við á þessum skala“.²⁶ Helga Kress sem fjallað hefur um „karlkonur“ í fornþókmennnum, segir að karlmenn klæddust kvenklæðum til að flýja aðstæður en hið sama klæðskipti kvenna þjóna öðrum tilgangi:

Konur skipta ekki klæðum til að komast undan og bjarga lífi sínu, heldur til þess að láta taka mark á sér. Klæðaskipti þeirra eru uppreisn gegn valdaleysi og kvenhlutverki sínu með því að dulbúa sig sem karla og krefjast sömu valda og þeir. Þetta er mikil ögrun bæði við samfélagið og karlhetjurnar sem verða að sigra slíkar konur. Það gera karlarnir með því að kvænast þeim og loka þær þannig aftur inni í kvenhlutverkunum. Uppreisn kvennanna varir einungis stutta stund. Hún gerist þegar þær eru mjög ungar og brúar bilið milli bernsku og fullorðinsára.²⁷



Uppreisn einsetu- og förukvenna lýtur þó að vissu leyti öðrum lögmálum en uppreisn kvenna fornþókmennanna og kvenna almennt. Þegar þær víkja af hefðbundinni lífsleið samferðarfólks þá eru þær almennt farnar að togast við aldur, en slíkt er þó ekki algilt. Uppreisnin sem fólst í líferni þeirra tryggði að það frelsi sem þær völdu sér varð ekki bælt niður með hjónabandi og sú uppreisn varði oftast fram að dauðadægri þeirra. Uppreisn föru- og einsetukvenna er uppreisn útlagakvenna í feðraveldi íslenska bændasamfélagsins. Því kemur andóf þeirra jaðarkvenna öðruvísi fyrir sjónir en kvenna sem tilheyrðu miðju samfélagsins. Enda þótt föru- og einsetukonur hafi tileinkað sér gervi karla til að öðlast ákveðin völd, þá er á sama tíma viss flótti fólgin í þeirri aðferðafræði kvenna að ganga í klæðum karla. Líkt og Ásdís Egilsdóttir hefur fjallað um í tengslum við einsetukonur er dvöldu í eyðimörkum í frumkristni í *Vitae Patrum* sem eru „kunnar sögur af konum í einsetu, sem eru á flóttu undan skyldum samfélagsins og leynast oft í karlmannsbúningi“.²⁸ Til samanburðar við þær einsetukonur sem tileinkuðu sér karllæg einkenni - þá er sérlega fróðlegt að sjá að einsetukarlar sýna ekki sterka tilhneigingu til að taka upp kvenlega eiginleika. Enda voru einseturkarlar ekki á flóttu undan kynbundnum kvöðum eins og oft var ástæðan í tilfellum útleigðarkvenna.

Karlmannsgervi var úrræði sem gat veitt konum aukið vægi í samfélagi þar sem kyn þeirra dró úr vægi þeirra. Karlmannska kvenna veitti þeim ekki ráðandi stöðu í feðraveldinu, líkt og gildi um karla. Þvert á móti. Þó svo að karlgerviskonur kæmust undan skyldum kvenna í samfélaginu er þær tóku á sig gervi karla, þá dugði það ekki til að gera þær gjaldgengar sem ráðandi þegna í feðraveldinu. Karlgerviskonur fóru út fyrir mörk kynferðis síns og stóðu því fyrir utan kynjakerfið, á útmörkum samfélagsins; þær voru kerlingar, sem stóðu einatt stakar þó með misjöfnum hætti væri (orðið kerling er dregið af orðinu karl).²⁹ Staða karlgerviskvenna minnir á vissan hátt á stöðu tröllskessa í vitund þjóðarinnar, þær lifðu staklífi. Ef þær hættu sér út fyrir mörkin sem líf þeirra skyldi einskorðast af, þá var hættan sú að þær ættu ekki afturkvæmt. Um það vitna fjölmargir bergstandar þessa lands frá ferðum skessa sem drógust fram yfir sólarupprás. Karlgerviskonum líkt og tröllskessum var ekki ætlað að baða sig í sólarljósi valds karla.

Ákveðinn samhljómur er með lýsingum á líkómum og lífshlaupi annars vegar karlgerviskvenna og hins vegar karlmannna. Eitt skýrasta dæmið sem við höfum af slíkum kvenpersónum eru meykóngar sem gengu í karlmannsfötum og tileinkuðu sér hlutverk karla í feðraveldinu. Þókmenntafræðingurinn Sif Ríkhardsdóttir fjallaði um þessa kvenkóna riddarasagnanna: „Æviferill meyarinnar var samfelldur og ófrofinn, eins og ævi karlmanns, en skiptist ekki í þrjú skeið meydóms, bareignaskeiðs og ófrjósemi, líkt og ævi venjulegrar konu“.³⁰ Jafnframt segir Sif að meykóngasögurnar lýsi gjarnan átökum milli meykónsins og vonbiðilsins: „Þær leitast því næst við að viðhalda valdastöðu sinni með því að afneita biðlum sínum og lítilsvirða þá“.³¹ Í tilfelli einsetukvenna, þá var það misjafnt hvort að konurnar höfðu átt í ástarsambandi og/eða eignast börn áður en þær gerðust einsetukonur. En oftast var einsetukonum lýst með skírskotun í skírlífi þeirra kvenna; hún var aldrei við karlmann kennd. Hér segir frá lífshlaupi Þuríðar sem svipar um margt til lífshlaups meykóna.

Hún þótti heldur ókvenleg, var lítið gefin fyrir hannyrðir eða önnur innistörf og hafði dimman málróm. Henni þótti tóbak gott og reykti það úr pípuarmi. Þuríður hafði gaman af því að kveða rímur og ferðaðist oft á milli bæja og skemmti fólki með kveðskap. Þótti henni þá best að fá greitt í tóbaki. Þuríður giftist ekki og eignaðist ekki börn. Sagan segir þó að eitt sinn hafi hún komist nærri því að ganga í hjónaband. Guðmundur norðlenski bjó þá skammt frá Þingeyri. Einhverju sinni kom hann að Hóli, þar sem Þuríður bjó hjá Andrésí bróður sínum, en þeim Guðmundi var vel til vana. Hann bar upp bónorð við Þuríði en hún tók því fálega í fyrstu. Þegar hann lagði harðar að henni lét hún undan. Hann hélt þá heim og lifðu nokkrir dagar. Þá var það einn daginn að Þuríður var við heyskap og lagði hún allt í einu frá sér hrífu sína og gekk til bæjar án þess að yrða á nokkurn mann. Settist hún niður við skrifir og sat þannig við í tvo daga. Hún var að yrkja ljóðabréf til Guðmundar, uppsagnarbréf. Þegar hún hafði lokið

við skriftirnar áttaði hún sig á því að hún treysti engum til að koma bréfinu til skila. Ákvað hún að fara með bréfið sjálf, og gekk hún yfir fjörð og heiði, og svaf í kirkjugarðinum á Mýrum vegna þess að hún kom þar svo seint að, að hún vildi ekki vekja mann til að láta ferja sig yfir Dýrafjörð. Komst hún svo að Fögrubrekku daginn eftir og er sagt að þau hafi skilið í mesta kærleik. Þuríður mun hafa endað ævina sem einsetukerling á Ísafirði.³²

Eðli karlgerviskvonna var ekki bendlað við náttúruna, eins og tíðkast gjarnan í lýsingum á konum.³³ Karlgerviskonur létust ekki stjórnast af náttúrunni heldur stjórnðu þær náttúrunni, rétt eins og hinar yfirnáttúrulegu karlgerviskonur ævintýranna, norrænnu sagnanna og þjóðsagnanna.³⁴ Dæmi um yfirnáttúrulegar karlgerviskonur eru galdranornir, sem tíðast var lýst sem stakstæðum kerlingum á jaðri samfélagsins.³⁵ Íslenskar nornir hafa vissulega margt sammerkt með erlendum nornum, en hafa einnig sín sérkenni. Dæmi um það er íslenska nornin Grýla, sem er ekki stakstæð norn enda fjölskyldumanneskja þótt óhefðbundin væri. En þrátt fyrir að vera gift og með börn fellur Grýla ekki að húsmæðrahlutverkinu. Grýla stýrir búi sínu með þeim yfirgangi sem ekki myndi líðast frá hendi kvenmanns nema á jaðrinum. Grýla hefur fjölmörg einkenni galdranorna og þekktast þeirra sérkenna hennar er barnaátið:³⁶ „Grýla hét norn ein gömul, hún var tvígift“.³⁷ Túlka má lýsingar á barnaáti norna sem birtingarmynd ótta fólks við tilvist jaðarkvonna og áhrifa þeirra á fjölskyldueininguna. Nornaminninu bregður víða fyrir í sögum af einsetukonum: „Nú er ég grá og gömul norn, / gígtveik, sögð í skapi forn. / Bý við lífsins byggðarhorn, / bráðum ævin runnin. / Lokapráðurinn loks að fullu spuninn“.³⁸ Lýsingar eru til af einsetukonum með vísun í galdrakunnáttu þeirra, svo sem af einsetukonunni Guðnýju, dóttur séra Snorra í Húsafelli.³⁹ Algengt nornaminni í sögu einsetukvonna er líka bollalestur þeirra kvenna, ekki síst einsetukvonna í þéttbýli eða á jaðri þess. Þar kemur við sögu kunnugt áður nefnt minni í einsetukvonnasögunni, þ.e.a.s. að einlífið færði þeim dýpri skilning á tilveruna.

Svo gerðu margir þetta til að gleðja þær (að þiggja af einsetukonum bollalestur). Þær voru bláfátækar, þeim var þá gefið eitthvað pínulítið til þess að lifa af. Þetta voru þá einsetukerlingar sem höfðu ekkert til að lifa á, því voru nú ekki ellilaun eða neitt. Þeim var þá helst gefið eitthvað, ekki peninga held ég þó, helst mat eða eitthvað svoleiðis. Eða þá klútur eða gömul flík af sér sem þær vildu, ef það var stúlka (sem þáði bollalesturinn). Já, því það var svo nýtið á þetta allt saman, þó það væri gamalt, þá hugsaði það ekki um hvernig það færi.⁴⁰

Þegar ég var barn, bjó á Patreksfirði gömul einsetukona sem kölluð var Sigga vina... Sigga kom oft við hjá mömmu og fleiri konum á staðnum til að fá sér kaffisopa og kíkta þá oftast í bolla fyrir frúna. Mér er það afar minnisstætt að í hvert sinn sem Sigga las í bolla var ávallt viðkvæðið að þar (í bolla) væri stór gleðiglompa og svei mér þá ef þar var ekki líka lukustólpi, og drekktu svo þetta í þig blessuð mín og hjartans þakkir fyrir sopann. Síðan kvaddi Sigga og fór jafn skyndilega og hún kom.⁴¹

(Guðný Snorradóttir) að hún hafi verið stórskorin. Hún hafði skegg á grönnum. Bitureyg var hún og hvítmataði í augu hennar, þegar hún gaut þeim út undan sér. Guðný var hjátrúarfull mjög, en fróð og skrafhreifin. Einu sinni sá Jón hana við Bæjarkirkju, og var hún þá í svartri hempu. Hún hafði vafið hvítum strompi um höfuð sér, og var hann opinn upp úr, en utan um stromptinn hafði hún vafið dökkum klúti... Guðný hýddi ætíð kofa sinn utan og innan með vendi á jóla- og nýársnóttum og þuldi jafnframt „forneskjupulur“, sagði fólk. Guðný átti nokkrar kindur og tvo rauða hesta, og þarfnadist því nokkurra heyja. Var því stundum kvenmaður hjá henni að sumrinu, en sú dvöl var aldrei langæ, því sagt var að Guðný væri iðin við að segja forynjusögur; urðu kvensur við það myrkfælnar og fóru. Guðný var eitt sinn

spurð í hreinskilni hvort faðir hennar, séra Snorri hefði verið göldróttur. Hún svaraði: Ó nei, barnið mitt, hann var ekki göldróttur; allt sem hann gat, gerði hann með guðs fingri.⁴²

Hvers vegna einsetukonur klæddust karlmannsklæðum

Kunnugt er að sumar einsetukonur gengu í karlmannsklæðum, sem var óvenjulegt í fyrri tíð: „Konur voru þá ekki í buxum almennt. Þó mun einstaka kona hafa átt opnar buxur“.⁴³ Þennan klæðaburð kvennanna má útskýra á fleiri en einn vegu. Ein ástæðan er sú að konurnar bjuggu einar og þurftu því að ganga í karlmannsstörf af nauðsyn, en einnig þekktist að sumar þeirra kysu heldur að sinna útiverkum en öðrum verkum. Karlmannsföt voru mun hentugri vinnuföt en kvenmannsföt fyrr á tíð hérlendis. Og því hafa konurnar valið sér það að klæðast buxum heldur en pilsum. Enda voru buxurnar skjólbetri flíkur en pilsin sem oft gátu verið ansi óhentug líkt og sjá má í lýsingum á vinnufatnaði kvenna í fyrri tíð. Því til rökstuðnings er hér vitnað beint í orð rithöfundarins Ingunnar Jónsdóttur (1855-1947) frá Kornsa.

Kvenfólk var þá oft látið sækja vatn og gera ýmis utanbæjarverk á vetrum. Var það þó oft næsta illa klætt, í einum eða tveimur pilsgopum, buxnalaust. Þegar hríðar voru eða skafrenningar, vildu pilsin verða æði snjóug innan, og má þá nærri geta, hvað notalegur svona klæðnaður hefir verið, en tízkan, sá harðstjóri, bannaði tilbreytni í því efni.⁴⁴

Í öðru lagi, þá verður að ætla sjálfráða einsetukonurnar hafi kunnað vel við sig í karlmannsklæðum og því valið það að klæðast þeim. Því þegar öllu er á botninn hvolft, þá eru engar þær buxur, engin þau hlutverk eða engin þau völd, sem eru náttúrulega skipuð karlmönnum. Allt eru þetta þættir sem auka við völd og þægindi þeirra einstaklinga sem tryggja sér þá þætti með með vísun í samfélagsgerð sem sniðin er að þörfum karla. Karlgerviskonur tileinkuðu sér ekki eðli karla, heldur gervi karla. Því má segja að kargerviskonur hafi að einhverju leyti verið „meiri konur“ en þær konur sem voru í viðjum kvenleikans. Svo vitnað sé í orð nefndrar Betty Friedan um konur í viðjum kvenleikans: „Þegar hún hætti að beygja sig undir viðtekna ímynd kvenleikans, þá byrjaði hún fyrst að njóta sín sem kona“.⁴⁵ Einsetukonur voru öllu jafna einar á sínum reit. Einsetulíf kvenna gaf þeim aukið frelsi til að stjórna eigin athöfnum umfram aðrar konur, upp að ákveðnu marki. Dæmi um slíkt frelsi var að bera þau klæði sem þeim hentaði - því það voru engir á bænum sem höfðu neitt um klæðnað þeirra að segja. Bæði förukonur og einsetukonur voru einstæðingar gátu þær leyft sér, umfram aðrar konur, að klæðast þeim fötum sem þær kusu sér. Gildandi viðmið samfélagsins um viðeigandi klæðnað kvenna var ekki virt af þessum utangarðskonum, enda skapaði jaðarinn þeim færi í þessu efni sem öðru, að aðhafast ólíkt öðrum.

En nótt eina að áliðnum vetri dreymdi mig, að Ranka gamla stæði hjá mér og var hún ekkert saman knýtt en búningur hennar var með undarlegum hætti, því að hún var í svörtum karlmannsfötum með hvítum þræðingum eins og þau væru í saumum. Ég þóttist vera í gömlum, gráum sportfötum, sem ég átti og fóru mér mjög vel, en þau voru orðin nokkuð slitin. – Sagði þá Ranka gamla og brá fyrir brosi á henni um leið: „Viltu hafa fataskifti við mig, Maggi?“ Mér þótti að á mig rynnu tvær grímur.⁴⁶

Einsetukonur voru „eigin herrar“, gengu í karlmannsverk, og fóru jafnvel í kaupstaðarferðir, ferðir sem karlar stunduðu að öðrum kosti. Þriðja mögulega skýring þess að einsetukonur klæddust karlmannsfötum gjarnan frekar en kvenfatnaði er einfaldlega sú að með því móti fullkomnuðu þær kargervi sitt og þá valdeflingu sem slíkri hegðun fylgdi. Um vægi karlklæða vitna lýsingar á frægum konum sem tileinkuðu sér karllæga eiginleika, og fullkomnuðu gervi sitt með því að tileinka sér viðurnefni sem vísuðu beint í kargervið, líkt og Brókar-Auður í *Laxdælu*, Hallgerður

Langbrók í *Njáls sögu* og skessan Þjóðbrók eru til marks um. Annað dæmi því tengt hve karlbúningurinn gat reynst valdeflandi, eru lýsingar á vopnaburði kvenna. Slíkar lýsingar á konum á Íslandi eru ekki algengar þó megi finna þær í sögum á borð við *Borgilssögu* og *Haflíða* sem gerist á fyrri hluta 12. aldar. Þar eru lýsingar á vopnuðum konum sem í ofanálag gyrtu sig í brækur: „Í því kemur heiman frá Staðarhóli fjöldi kvenna gyrðar í brækur og höfðu sverð í hendi“. ⁴⁷ Ekki er hægt að segja til um hvort einsetukonur hafi borið vopn eða geymt vopn í sínum húsakynnum sér til varnar. Saga er þó til af vopnaðri einsetukonu er hugðist berjast við sjálfan fjandann. Þar kemur til skjalanna fyrrnefnd Hildur sem fann sér eyðistað til að þjóna guði sínum, þar sem hún tók á sig gervi skjaldmeyjar og tók upp vopn í táknrænni merkingu.

Því fara menn skyndiliga til þess staðar, sem konurnar höfðu til berjanna farit, ok fundu þar skjaldmey drottins vopnaða með bænum, ok búna til bardaga móti fjandanum ok hans flokkum, ok brynjaða með heilagri trú, en hjálmaða með voninni, ok skjaldaða með psálma saungvum. Hún hafði þar gjört sér eitt lítið skygni af hellum. ⁴⁸

Fjórða mögulega skýringin sem við sögu gat komið er einsetukonur klæddust karlmannsfötum, tengist því hversu berskjaldaður sá hópur kvenna var fyrir kynferðisobeldi. Því getur hugsast að konunum hafi þótt ráðvænlegt að draga úr öllum kvenleika með því að klæðast fötum karla. Þannig megi leiða að því líkum að einsetukonur líkt og förukonurnar sem einnig voru berskjaldaðar einar á ferðum sínum „hafi klætt af sér kvenleikann“ til þess að verjast ofbeldi. Til samanburðar má benda á sagnir af kvendýrtingum sem þjuggu einar í eyðimörkinni og höfðu ytri ásýnd karla: „Pelagia tekur upp karlmannsbúning þegar hún fer í einsetu. Þegar hún er að dauða komin eru öl einkenni hennar fyrra lífs afmáð. Fegurðin er fölnuð og hún er orðin mögur og óþekktanleg af vökum og föstum. Engan grunar að hún geti verið kona. Það er ekki fyrr en hún er dáin og lík hennar þvegið að kyn hennar kemur í ljós“. ⁴⁹

Agnes abbadis: Ég hugsa, þarna í eyðimörkinni, á þessum tíma, kannski var ekki svo mikið öryggi fyrir konur. Stundum fóru konur að klæða sig eins og karlmenn, til að hafa meira öryggi. ⁵⁰

Af karlgerviskonum er bjuggu með börnum sínum

Umfjöllun mín um einsetukonur á Íslandi tekur fyrst og síðast til þeirra kvenna sem lifðu staklífi í bændasamfélaginu. Rétt er þó með hliðsjón af nefndu karlgervi að víkja nokkrum orðum að konum sem bjuggu einar með börnum sínum. Í þeim tilgangi er hér stuðst við dæmi af einyrkjahúsmóður úr sögunni, sögubrot af Barbáru Magnúsdóttur (1820-1888), húsfreyju/bónda á Hlíðarenda.⁵¹ Frásögn þessari er ekki ætlað að lýsa dæmigerðri einyrkjahúsmóður með börn sín í bændasamfélaginu, heldur varpa ljósi á samruna kynhlutverkanna á einyrkjabæjum kvenna. Með því að skoða slíkar konur fæst forvitnileg sýn á hvernig líf þeirra breytist þegar karlmaðurinn hverfur af heimilinu. Myndrænt má sjá fyrir sér að konan hreinlega fari í buxur bónda síns við fráfall hans.



Tóftir híbýla Barbáru

(*Höfundur lýsir ferð sinni á leið á vertíð*) Skömmu síðar rofaði ofurlítið til. Við vorum þá komnir út úr skóginum. Þá sáum við móta fyrir kotbæ einum litlum á vinstri hönd. Voru hús öll ærið lágkúruleg, svo sem á lélegustu kotum nyrðra. – Samt urðum við glaðir við, því að nú mundum við ekki þurfa að grafa okkur í fönn. Við drápum á dyr og var seint til hurðar gengið. En hundur gól ákaf inni fyrir og skömmu síðar var hurð tekin frá stöfum. Gaus þá kófið inn í dyrnar og ruddumst við í skjólið hver af öðrum. Hundurinn móstrútóttur lét ófriðlega, gjammaði og glefsaði, en hurðarinnar gætti kona ein, þreytuleg og nokkuð við aldur. Þegar sá síðast var inn kominn, lét konan hurðina falla að stöfum og rak loku fyrir. Gerði þá myrkt í dyrnum og sá vart handa skil. Við spurðum hvar við værum að komnir eða hvað sá bær héti. „Bærinn heitir í Sarpi (rétt bæjarnafn er Hlíðarendi)“, mælti konan, „en eg heiti Barbára og ræð hér húsum að nafni til“. – Okkur þótti hvorttveggja ótrúlegt. – „...“, „Og þú heitir Barbára?“ „Já, og á víst ekki margar nöfnurnar. – Eg hokra hér með börnunum mínum“. Hún gaf okkur kaffi af fátækt sinni og bauð okkur að „liggja inni“ um nóttina. – Við vorum þar fram á kvöld, en þá birti til og við fórum leiðar okkar. Eg hygg mig fara rétt með það, að konan hafi sagst vera ekkja, en ekki man eg það þó með vissu. – En góðar voru viðtökurnar hjá henni og oft hefi ég hugsað um það, að líklega hafi hún gefið af litlum efnum.⁵²



Leitin að tóftum híbýla Barbáru Magnúsdóttur. Höfundur á bak við myndavélina á meðan Svava Jóhannsdóttir veður ána

„Barbára á Hlíðarenda“, kvenhetja ein hin mesta... Síðan Barbára hætti búskap þar, hefir þar eigi verið byggð. Á uppvaxtarárum mínum á Vatnshorni í Skorradal, frá 1857, er foreldrar mínir fluttu þangað með mig, versluðu Borgfirðingar í Rvík, og lá leið þeirra hjá bænum og yfir Botnsheiði. Þekkti eg þá flesta búendur norðar í héraðinu, og búendur norðar í héraðinu, og hestalit í lestum þeirra, því oft var gist í Vatnshorni, aðra hvora leið eða báðar. Á þeim árum sá ég oft Barbáru á Hlíðarenda. Hún bjó þar ekkja, klæddist jafnan karlbúningi og vann öll verk kvenna og karla. Minnir mig að hún ætti 4 börn ung, er hún missti manninn sinn. En áfram bjó hún á þessu afskekktu heiðarkoti og kom börnum sínum upp. Jón sonur hennar „gekk til prestsins“ (1869) ásamt mér, en mig minnir 2-3 árum eldri; því hann mun hafa átt öðrum störfum að gegna, en að sitja við bóknám, og það því sóst seint. Barbára fór kaupstaðarferðir sínar sjálf, eins og annað, karlmannsbúin að öllu, með 4 hesta í taumi, og dugði ekki síður en karlarnir, enda sá eg hana aldrei drukna; en það var títt um marga karla þá í ferðum. Fjárrétt þeirra Lunddælinga og Flókdælinga var þá í Lundartungu, upp af Flókadald, skammt frá Hlíðarenda (nú hjá Oddsstöðum). Þar var eg eitt sinn í réttum – þá nálægt fermingaraldri. Var réttardaginn aftaka illviðri, rok og rigning. Er það eina skift, sem eg hefi enga kvenbúna konu séð í fyrstu réttum, þar sem eg hefi komið. Barbára í Hlíðarenda var þar; en enginn, sem ekki þekkti hana, gat vitað, að þar væri kona, hvorki að útliti né atburðum. Hún gerði mörgum karlmanni minnkun með dugnaði sínum og sérhlífni.⁵³

Jaðarkonur sem tileinkuðu sér eiginleika sem eru bendlaðir við karlmenn, eru áhugavert rannsóknarefni sem gera þarf betri skil. Sögur karlgerviskvenna hafa ákveðin sérkenni sem gera það að verkum að sagnir af þeim konum koma fyrir sjónir sem ákveðin sagnahefð; *karlgerviskvennasaga*. Hér er um að ræða sögur af karlgerviskonum í raunheimum, á borð við einsetukonur og förukonur, sem síðan skarast á við sagnir karlgerviskvenna í þjóðsögum, helgisögnum og ævintýrum.⁵⁴ Í þessum sögnum birtast kvenpersónurnar sem karlgerviskonur, en fortíð þeirra áður en þær tóku upp karlgervið er yfirleitt á huldu, þ.e.a.s. sagan af því hvernig kona verður karlgerviskona. *Hamskipti* manna geta átt sér stað í einni andrá, en *kynskipti* er annað og lengra ferli.

Kerling þessi var með afdæmum fornescjuleg, enda héldum við krakkarnir, að hún væri ramm-göldrótt, og munu sumir fullorðnir hafa deilt þeirri trú með okkur. Hún var mjög stórskorin í andliti og augun lágu innarlega, rómurinn myrkur og haltrandi, en yfirbragðið var greindarlegt, enda mun hún hafa verið vel gefin. – Hvort hún var há vexti eða ekki, var naumast hægt að segja, því að hún var öll samanhnýtt og gekk, þegar ég var henni samhliða, við tvær hækjur. – Líklega hefir það verið gigtin sem lék hana svona hörmulega, en þó sagði hún mér, að ástæðan til þess hefði verið sú, að hún hefði farið niður um ís á á, er hún var unglingsstúlka og borist „margar mílur“ eins og hún orðaði það, undir honum, uns hún skolaðist loks upp á eyri eina, og þar fanst hún nær dauða en lífi. En eftir þetta ferðalag hnýtti hana alla. Áður en þetta bar við, lýsti hún sér svo, að hún hefði verið: „há og grönn og bein sem hvönn, hárið glóbjart og náði langt niður fyrir rass.“⁵⁵

- ¹ Mary Wollstonecraft Shelley, *Frankenstein eða hinn nýi Prómóþeus*, bls. 152.
- ² Sumarliði R. Ísleifsson, *Tvær eyjar á jaðrinum*, bls. 13.
- ³ Sumarliði R. Ísleifsson, *Tvær eyjar á jaðrinum*, bls. 16. Þar fjallar Sumarliði um langlífi ímynda.
- ⁴ Guðbrandur Gíslason, „Brunninn bátur og einbúi á Arngerðaeýri“, bls. 9. Um einsetukonuna Jóhönnu Þórðardóttur (1893-1971) á Arngerðaeýri. Jóhanna var dóttir Höllu Eyjólfadóttur, á Laugabóli. Hún veitti heimilum bræðra sinna forstöðu, sem þar ráku verslun á Arngerðaeýri. Í kjölfar andláts bræðra hennar þá bjó hún ein á staðnum. Sjá einnig: Baldur Vilhelmsson, „Míning. Jóhanna Þórðardóttir frá Laugabóli“, bls. 13.
- ⁵ Þrír karlmenn hafa verið viðurkenndir sem dýrlingar hérlendis. Það eru þeir; Þorlákur helgi; Jón Ögmundarson; og Guðmundur góði. Íslensku dýrlingarnir hlutu þó ekki samþykki páfáns fyrir tíma siðaskiptanna. Á meðal heimilda um íslensku dýrlingana má nefna *Saga of bishop Thorlak: Þorlaks saga byskups* (2013) eftir Ármann Jakobsson, greinina „Dýrlingur alþýðunnar: Guðmundur góði eftir Jón P. Þór (2007), og *Jón biskup Ögmundarson* (1925) eftir Brynleif Tobiasson.
- ⁶ Janus Jónsson, „Um Klaustrin á Íslandi“, bls. 178.
- ⁷ Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 1. bindi, bls. 75-76.
- ⁸ M.B., „Sá grái rann á romþefinn“, bls. 9. Björn Sigurðsson var fyrverandi skipstjóri sem búsettur var í Héðinsfirði og Siglufirði. Björn stundaði hákarlaegu á skipi sínu Kristjönu, en skipið fékk hann upp í hendurnar árið 1916.
- ⁹ Gísli Sigurðsson, „Undir grænni torfu“, bls. 2. Í greininni fjallar höfundur um einsetukonuna Laugu á Tortu.
- ¹⁰ Viðhorf fólks til einsetukvenna sem yfírnáttúrulegra kvenna voru líka við lýði erlendis. Sjá Björn Blöndal, „Vatnaniður“, bls. 27. Saga af einsetukonu í Skotlandi: „Mjög var býli þeirra hjóna afskekkt. En einsetukona ein gömul bjó þó þar á næstu slóðum. Hún var svo gömul, að enginn vissi aldur hennar og héldu menn hana ekki mennska. Hún átti fácinar kindur, og lifði á þeim og bjó við þröngan kost“.
- ¹¹ Alitíð var að einsetukonur og kvendýrlingar hefðu sérstök tengsl við jaðarinn þar sem þær höfðust við - við guð sinn og náttúru.
- ¹² Robert Jack, „Á Íslandi gengur allt sinn vanagang“, bls. 4.
- ¹³ Ásdís Egilsdóttir, „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi“, bls. 100.
- ¹⁴ Caroline Walker Bynum, „Women Mystics and Eucharistic Devotion in the Thirteenth Century“. Bynum segir einnig að líkur séu á að því að konur hafi verið líklegri til að fasta en karlar, því kvenlíkaminn var í meira mæli tengdur við illræmi líkamans (*the evil of the body*). Sbr. Caroline Walker Bynum, *Holy Feast and Holy Fast: The Religious Significance of Food of Medieval Women*, bls. 216.
- ¹⁵ Fræðimenn á borð við Dr. Wioleta Polinska hafa rannsakað tengslin á milli átröskunar í nútímasamfélagi og á miðöldum. Samkvæmt Polinska þá eru augljós tengsl á milli átröskunar (*anorexia nervosa*) og átröskunar tengda trúarlífi, eða það sem kallað er *holy anorexia*. En bæði hegðunarmynstrin sýna hvernig konur nota eigin líkama til í þeirri viðleitni sinni að stjórna aðstæðum í eigin lífi þ.m.t. varðandi það hvernig konurnar sem og aðrir skilgreina þær. Sjá Wioleta Polinska, „Bodies under Siege: Eating Disorders and Self-Mutilation Among Women“, bls. 578.
- ¹⁶ Janus Jónsson, „Um Klaustrin á Íslandi“, bls. 178.
- ¹⁷ Franz Kafka, *Hamskiptin*, bls. 7.
- ¹⁸ Karlgerviskonur tileinkuðu sér kyngervi karla, karlmennskuna. Ágætis dæmi um það þegar að konur tileinka sér gervi karla, er meykóngaminnið. Sjá: Sif Ríkhardsdóttir, „Meykóngahefðin í riddarasögum“. Einnig: námsritgerðina „Hún vill sig kóng kalla láta“: Meykóngar í íslenski sagnahefð eftir Ásthildi Helenu Gestsdóttur.
- ¹⁹ Sigurgeir Kristjánsson, „Undir grænni torfu“.
- ²⁰ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútíman konur*, bls. 51.
- ²¹ Einn helsti kenningamiðurinn á sviði karlmennskurannsóknna er fræðikonan Raewyn Connell, og þá sérstaklega rannsóknir hennar á ráðandi karlmennsku. R.W. Connell fjallar um breytileika karlmennskunnar með hliðsjón af tíma og rúmi. Sjá *Masculinities*, bls. 71. Sjá einnig *Nútíman konur*, bls. 185-186.
- ²² Jane Pilcher og Imelda Whelehan, *Gender Studies*, bls. 83.
- ²³ Hugtakið úrhrafs-kvenleiki lykilhlutverk við rýningu á ímyndum allra jaðrakvenna.
- ²⁴ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútíman konur*, 188. Sjá líka Mími Schippers, „Recovering the feminine other“, bls. 85-102.
- ²⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútíman konur*, 188.
- ²⁶ Auður Magnúsdóttir, „Móðir, kona, meýja: Um karlaegar konur og kynlausar meýjar á miðöldum“, bls. 89. „Í einkysveröldinni var kynferði teygjanlegt eins og áður sagði. Á milli karlmannleika og kvenleika var stígsmunur en ekki tegunda og um var að ræða hárarkískan mun innan kerfisins á einhverjum skala á milli styrkleika og veikleika“.
- ²⁷ Helga Kress, *Máttugar meýjar*, bls. 111-112.
- ²⁸ Ásdís Egilsdóttir, „Skjaldmær drottins: Frásögnin af Hildi einsetukonu í Jóns sögu helga“, bls. 33. Ásdís fjallar hér um einsetukonur í sagnasafninu *Vitae Patrum*. Textinn var ritaður á þriðju og fjórðu öld og tekur til einsetufólks sem dvaldi í eyðimörkum í frumkristni.

²⁹ Í greininni „Konur og kerlingar í landslaginu“ segir Svavar Sigmundur að: „*Kerling* kemur víða fyrir sem nafn á fjalli, tindi eða drang...“, bls. 145. Ennfremur segir Svavar að mörg *kerlinga*-örnefni eru kennd við „tröllkonur eða aðrar yfirnáttúrlegar kvenverur“. Sjá, bls. 143. Ath. orðalagið „út fyrir mörk kynferðis síns“ kemur frá Auði Magnúsdóttur í greininni „Móðir, kona, meyja“, bls. 87.

³⁰ Ásdís Egilsdóttir, „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi“, bls. 95.

³¹ Sif Ríkharðsdóttir, „Meykónagahefðin í riddarasögum“, bls. 411-412. Sif segir því til viðbótar að jafnan er meykóngurinn „að lokum yfirbugaður af vonbiðli sínum“.

³² *Utangarðs?*, bls. 123.

³³ Nick Fiddes, *Meat: A Natural Symbol*, bls. 153.

³⁴ Dæmi um karlgerviskonu í Norrænni goðafræði er Skaði, dóttir Þjassa jötuns, konu Njarðar sjávarguðs, sem fjallað er um í Snorra-Eddu. Skaði vildi hefna dauða föður síns Þjassa, og fékk í bætur að velja sér eiginmannsefni úr hópi ásanna sem voru huldír að frátöldum fótunum. Skaði valdi sjávarguðinn Njörð, en þau áttu ekki skap saman. Skaði vildi búa í fjallendi í föðurgarði, en Njörður vildi búa við sjóinn. Hjónin takast á um það mál uns: „Þá fór Skaði upp á fjallið og byggði í Þrymheimi, og fer hún mjög á skíðum og með boga og skýtur dýr. Svo er sagt: „Þrymheimr heitir / er Þjassi bjó / sá hinn ámáttki jötunn; en nú Skaði byggir / skír brúðr guða / fornar tóttir föður“. Snorri Sturluson, *Edda*, bls. 99. *Gylfaginning*.

³⁵ Þrátt fyrir að færri konur hafi verið handsamaðar hérlendis fyrir kukl en karlar, þá var og er ímynd einstæðings galdranornarinnar hluti af sagnahefð Íslendinga. Lýsingar á einsetukonum með vísun í galdrakunnáttu þeirra eru dæmi um það. Ímynd kvenkyns kuklara, nornarinnar er svo ráðandi á erlendri grundu, að aðkoma karla að göldrum eru gjarnan hulin. Erlendis voru einstæðingskonur á borð við eldri konur sem bjuggu einar, ekkjur og konur á jaðri samfélagsins, helsta galdraógnin á tímum galdrafársins á 17. öld. Sbr. Jeffrey B. Russell og Brooks Alexander, *A History of Witchcraft*, bls. 113. Af fræðimönnum sem hafa rannsakað galdra á Íslandi má nefna Aðalheiði Guðmundsdóttur og Ólínu Þorvarðardóttur.

³⁶ Fjallað er um frásagnir af barnaáti norna í *A History of Witchcraft*, t.d. bls. 59.

³⁷ „Grýla og hyski hennar“, bls. 9.

³⁸ Ljóð eftir Sigurgeir Kristjánsson í grein sinni „Hún kvartaði aldrei“, bls. 7. Ljóð um einsetukonuna Guðlaugu Runólfsdóttur sem fjallað verður nánar um síðar í bókinni.

³⁹ Nornaminnið kemur líka fyrir í lýsingum af förukonum sem áður segir.

⁴⁰ SÁM 89/1867 EF. Heimildarmaður: Valdimar Kristjánsson (1891-1974).

⁴¹ Sjá færslu Sigríðar Friðriksdóttur í facebook hópnum „Patró“. Eftirfarandi setningu var líka að finna í færslu Sigríðar: „Sigga átti eina dóttur sem búsett var í Reykjavík og gift þar, sú hét Ágústa, kölluð Gústa“.

⁴² „Konan í ambáttarhól“, bls. 15 og 34.

⁴³ Elínborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar*, bls 33 .

⁴⁴ Ingunn Jónsdóttir, *Gömul kynni*, bls. 84.

⁴⁵ Betty Friedan, *The Feminine Mystique*. Í þessu sambandi má til fróðleiks benda á grein Maríu Önnu Þorsteinsdóttur „Átjándu aldar jafnrétti í álfheimum: Álfkonan sem fyrirmynd Íslenskra nútímakvenna“. Þar fjallar María m.a. um mikilvægi þess að konur geti verið kvenlegar en jafnframt valdamiklar, líkt og álfkonurnar.

⁴⁶ „Æsku- og skólaminningar“, bls. 3.

⁴⁷ *Sturlunga saga*, bls. 17. Hér segir af því þegar Már Bergþórsson ríður til að finna Þorgils svo hann geti heft sín.

⁴⁸ *Biskupa sögur* 1. bindi, bls. 203-205.

⁴⁹ Ásdís Egilsdóttir, „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi“, bls. 102.

⁵⁰ Agnes abbadís, viðtal við höfund, Karmelklostrið í Hafnarfirði. 2018.

⁵¹ Barbára Magnúsdóttir gift Lopti Jónssyni. Skv. manntali var hún búsett á Hlíðarenda (1850-1860) og er þar hún skráð kona Lopts. Í manntalinu 1870 er hún orðin ekkja og er skráð búandi. Þar kemur fram að hún býr með þremur börnum sínum á aldrinum, sem eru sjö, átta og sextán ára. Auk vinnukonu sem þá var 40 ára gömul.

⁵² „Sitt af hverju“, bls. 2-3. Greinarhöfundurinn skrifar á einum stað í textanum, nafn hennar inn í sviga til að vísa í það hvernig hún bar nafns sitt fram: „(Barbrá)“.

⁵³ B.B., „Barbára“, bls. 4.

⁵⁴ Líkt og komið hefur verið inn á í þessum skrifum mínum um karlgerviskonur, þá hafa fræðimenn á borð við Helgu Kress, Auði Magnúsdóttur og Sif Ríkharðsdóttur fjallað um konur sem tileinkuðu sér kyngervi karla.

⁵⁵ „Æsku og skólaminningar“, bls. 3.

Vífatjáning; tjáningarvegir jaðarkvenna

Hvernig er að hafa ímyndunarafl, hugsanir, tilfinningar og skoðanir sem þarf að girða af og má ekki tjá? Konur fyrri alda vissu allar hver þessi tilfinning var, og allt of margar nútímakonur þekkja þá tilfinningu. Konur af öllum stéttum gátu leyft sér að hugsa, óska sér og vona en þeim var ekki ætlað að tjá neitt af þeim hugsunum og væntingum. Kvenlíkami fyrri alda var fangelsi kvenhugsana, í samfélagi þar sem feðraveldið sinnti fangavörslu; líkami sem var að öllu leyti fullnýttur, allt frá barnsfæðingum til brauðstrits. Þessi ómenning að girða fyrir frjálssa hugsun kvenna náði þó ekki alveg til allra kvenna fortíðar, því hluti kvenna þ.m.t. föru- og einsetukonur, gátu leyft sér ýmislegt sem konur í viðjum samfélagsins gátu ekki leyft sé opinberlega. Engu að síður vissu þær konur að það voru tjáningarmörk sem allar konur skyldu virða - karlmenn einir skyldu tjá sig handan þeirra marka.¹

Nauðsynlegt er að skynja sögu föru- og einsetukvenna á Íslandi, út frá tjáningu kvennanna - og um leið er mögulegt að öðlast innsýn í hugsanir þeirra. Í slíkri skynjun ber ýmislegt fyrir; hljóðheimur, lítarheimur, efnisheimur - og þagnarheimurinn, þaðan sem stórsaga kvenna sprettur af.

Sagði hún fátt af sínum högum,
sorg og gleði á fyrri dögum.
Raulaði' hún stundum brot af bögum,
birti yfir svip um stund,
stillt um hvarminn strauk þá mund;
þegar tár úr læðing losnar,
lyft er þungum steini.
Sumir bera sorgirnar í leyni.²

Tjáning þessara jaðarkvenna bændasamfélagsins endurspeglar tjáningarmáta íslensku kvenþjóðarinnar á þeim tíma sem þær voru uppi. Það sem einkennir tjáningu föru- og einsetukvenna hins vegar umfram aðra hópa kvenna hér á landi, er að konurnar lifðu eftir lífsvenjum sem mótuðust öðru fremur af því að einangra sig frá samfélaginu. Konurnar tjáðu sig, en höfðu gjarnan þann háttinn á að fólk vildi líklega ekki vera í meira samneyti við þær en þörf var á. Og einlífið sjálft sýndi glögglega að það var ekki óskað eftir miklum samskiptum. Förukonur voru þó af fjölþættari toga en einsetukonur hvað þetta varðar, því sumar þeirra höfðu hreinlega yndi af mannlegum samskiptum;³ „svo eru það þeir sem flakka, vilja félagsskap, en svo er líka til fólk sem er andstæðan, vill fá að vera í næði á sínum reit, hver svo sem ástæðan sé“.⁴

Munnleg kvennatjáning;

bundið mál

formælingar

slúður

söngur

bænir

Þér ég lofa því ei má
þornalundur dáði.
Dagana hvað drífur á
Drottinn einn því ráði.⁵

Fyrir í þessum bókarskrifum var fjallað um aukið svigrúm kvenna til tjáningar á Íslandi, allt frá heiðni og fram eftir miðöldum, þegar að munnleg sagnahefð kvenna var í blóma.⁶ Þar voru færð rök fyrir því að förukonur hafi í reynd verið miklir áhrifavaldar hvað það varðaði að viðhalda hinu forna skáldlega kvennamáli allt fram eftir 20. öldinni, meðal annars með yrkingu og miðlun kvæða. Hér verður vikið að þeim förukvennakvæðum, og líka einsetukvennakvæðum, með það að leiðarljósi að skoða tjáningu kvennanna fyrir tilstilli kvæðaformsins. Kvæðum sem sum hver ferðuðust víða, eftir að hrjóta af vörum förukvenna - á milli manna, á milli sveitabæja og sveita. Kvæði einsetukvenna áttu hinsvegar sjaldnast heimangengt úr kotum þeirra. Kvæði föru- og einsetukvenna voru ýmist kennd við höfundu sína eða tóku á sig form höfundalausra húsgangsvísna, eins og eftirfarandi vísa eftir fyrrum förukonu á Suðurnesjum, Ingibjörgu hálskornu er dæmi um.

Nýrisinn af náðarblund
nú er hann Björn minn
genginn
útfyrir garð að hengja hund;
hann er að þjóna sinni lund.⁷

Að tjá sig í **bundnu máli**, er í einfaldleik sínum að koma reglu á hugsanir, tilfinningar, og umhverfi, með tjáningarreglum á borð við rím og stuðlun. Slík tjáning krefst vitneskju um sjálft tjáningarformið, auk hæfileika og innsæi þess er miðlar. Formgerð af þessu tagi er líklegri en aðrar formgerðir, til að bera slíka bundna þanka áfram um aldir alda. Enda sniðin til þess að auðvelda fólki að muna efnið. Kvæði eftir fyrstu förukonu Íslands, Helgu Bárðardóttur í *Bárðar sögu Snæfellsáss*, er í bundnu máli, og mun um ókomna tíð vitna um hugarástand Helgu þar sem hún eygði í huga sér heimahaga sína, því svo vel var ort.

Sæl væri eg
ef sjá mættag
Búrfell og Bala,
báða Lóndranga,
Aðalþegnshóla
og Öndvertnes,
Heiðarkollu
og Hreggnasa,
Dritvík og möl
fyrir dyrum fóstra.⁸

Tjáning sem byggði á ljóðareglum fól í sér ákveðna ögrun, og færði þeim sem kunni með hana að fara, aukna virðingu. En þess ber að geta að slík tjáning þótti ekki alltaf við hæfi kvenna, þótti ókvenleg.⁹ Áðurnefnd förukona, Þórdís Hreggviðsmóðir er dæmi um konu sem tjáði sig í bundnu máli. Saga er til af því þegar hún tókst á við aðra skáldmæltu konu, Sigríði Gunnlaugsdóttur sem var af ætt Hrólfs sterka og var kennd við sauðapjófnað. Kvæðskapur kvennanna er afbragðsheimild um það þegar tvær jaðarkonur í sögunni tókust á í bundnu máli.

Það var seinna að þær hittust, Sigríður og Þórdís Hreggviðsmóðir. Þá var Hreggviður fullorðinn maður, en Þórdís var enn á rölti. Sigríður ljóðaði á Þórdísi:

Hreppa-Dísa hnekkir prís að vísu
Hreggviðsmóðir helzt ófróð
halda þjóðir letiblóð

Þórdís lét ekki standa á svari og kvað á móti:

Þó mér hungrið þætti rammt
þéttum róls í nauðum
á allri minni ævi samt
aldrei stal eg sauðum.¹⁰

Síðan ber að geta tjáningarmáta sem er algjör andstæða við þá öguðu tjáningu, sem felst í því að mæla í bundnu máli; **að blóta**. Ítrekuð notkun föru- og einsetukvenna á blótsyrðum má að hluta rekja til samfélagslegrar stöðu þeirra, jafnvel allt frá því þær voru börn. Víst er að margar kvennanna komu frá fátækum heimilum. Og rétt eins og yfirstéttin sem sletti á dönsku, þá bjó lágstéttin yfir eigin málvenjum.¹¹ Túlka má slíkan tjáningarmáta líka sem tilraun kvenna til þess að afklæðast kvenleikanum. Þegar konur opnuðu munninn og mæltu blótsyrði, þá streymdu út orð sem voru á skjön við rikjandi hugmyndir um kvenleika. Um leið afklæddust þær kvenbúningnum og íklæddust karlbúningi líkt og orðbragðið vitnaði um. Blótsyrðin notuðu konurnar við ólíkar aðstæður, allt frá samtölum til vísnagerðar. Blótsyrði gat reynst konum hagnýtt tól til að vega að karlmennsku manna.¹² Blótsyrði föru- og einsetukvenna voru mörg óhefluð, og oft mjög karlmannleg. Þau endurspegluðu menningu karla, til dæmis talsmáta sem sumir karlar tileinkuðu sér þegar þeir töluðu sín á milli, ekki síst í vissum kreðsum. Þá var ekki óalgengt að konur sem blótuðu sköpuðu sér líka útlitseinkenni og jafnvel störf sem ætluð voru körlum, eins og vikið var að í umfjöllun um einsetukonurnar. Konum var vegna viðtekinna venja í reynd meinað að tjá sig með blótsyrðum í sama mæli og karlar. Það að blóta veitir mælanda aukið svigrúm til að miðla tilfinningum á borð við reiði, hómor og gremju. Rétt eins og drykkja karla hefur um aldir alda veitt körlum aukið svigrúm fram yfir konur til að tjá tilfinningar sínar, hvort sem þær tilfinningar falla undir reiði, ánægju, sorg eða væmni. Það þótti ekki við hæfi að konur drykkju áfengi á Íslandi, allt fram eftir 20. öldinni. Í það minnsta var slík hegðun kvenna litin hornauga.¹³ Þannig var konum sniðinn þröngur stakkur í þessum efnum, en slík viðmið tóku ekki allar íslenskar konur mið af. Enda þótt ókvenlegt þætti að blóta þá höfðu karlmenn engan einkarétt á því. Ein af blótandi konum sögunnar var áðurnefnd Ingibjörg Jósefsdóttir, sem flakkaði á milli bæja og þótti gott að fá sér í staupinu og tjá sig.

Greind mun hún hafa verið í betra lagi, en skapmikil og ekki aldæla, einkum þó, ef hún var ekki algáð, sem oft kom fyrir, þegar henni gafst tækifæri. Ef henni var gjört gott, þá las hún fyrirbænalestur, því að tölug var hún með afbrigðum, en ef henni fannst sér misboðið, þá voru illyrðin og bölbænarinnar hræðilegar á að heyra, og enn voðalegra að verða fyrir þeim.¹⁴

Þá flakkaði um suðurlandsundirlendið kerling ein gömul, er Þorgerður hét, kölluð „postilla“. Var hún bæði kjöftug og meinyrt, en barngóð eins og þetta flökkufólk oftast var, annaðhvort að eðlisfari eða það hefur séð hag í því. Eftir Þorgerði postillu er höfð þessi saga: „Ég kom hérna til hans séra Runólfs míns á Stórólshvoli og bað hann að lofa mér að vera“. „Þú mátt vera í nótt, ef þú getur þagað alla vökuna“,

sagði hann. „Ég sagðist skyldu reyna það, og steinþagði fram að vökulokum; en þá kom hann séra Runólfur minn fram á baðstofu loftið og fór að ganga þar um gólf. Þá gat ég ómögulega setið á mér lengur og fór að raula - si svona - fyrir munni mér: „Meiri er sómi að horskum hal, í hreinu vaðmálsfati, en fanti í flauelskjól“. Þá segir séra Runólfur minn: „Það mátti alltaf búast við því, að þú gætir ekki haldið saman á þér helvítis kjaftinum til vökuloka“. Þá segi ég: „Ef það er kjaftur á mér, þá er ekki meir en svo munnur á yður“.¹⁵

Notkun blótsyrða hjá föru- og einsetukonum hefur tengingu við þann sið sumra þeirra að klæmast enda tengdar tillhneigingar. Bæði það að blóta og klæmast er tjáning á efni sem hinn ríkjandi tjáningarmáti hverju sinni tekur sjaldan fyrir. Að því leyttinu til svipar klæmni og blótun til þagnarinnar. Að blóta/klæmast og þegja eru nefnilega náskyld tjáningarform, ýkt tjáningarform. Tjáning sem varpar ljósi á efni sem margt er skuggum vafið. Blótun og klæmni kvenna fyrir á tíð kemur því gjarnan fyrir sjónir sem grótesk tjáning; einhverskonar hávær þögn. Til marks um það má nefna förukonu sem tjáði sig oft með blótsyrðum og klæmni, áður nefnd Sigríður Benediktsdóttir sem kölluð var Stutta-Sigga. Blótsyrði hennar og klæmni varpa vissu ljósi á ævi hennar, og á sama tíma bregða þau hulu yfir ævi hennar.

Hún gat aldrei fyrirgefið föður sínum harðneskju hans og hataði hann alla ævi, svo að aldrei kallaði hún hann annað en *helvítis karlinn*.¹⁶

Slúður er sú munnlega kventjáning sem förukonur eru hvað mest þekktar fyrir í sögunni: „*Mábróf er ómaga aðal og þeirra kvenna er með húsum ganga*“.¹⁷ Ástæðan fyrir því að förukonur eru gjarnan bendlaðar við slúður, er áhersla höfundar Íslendingasagna á þá tjáningu förukvenna. Á ferðum sínum á milli bæja skrásettu förukonur í huga sér atburði sem þær urðu vitni að og upplýsingar sem þeim bárust til eyrna. Uppsöfnuðum upplýsingum sínum miðluðu þær síðan áfram í formi slúðurs, tjáningunni sem ómögulegt er að stjórna og er ókvenleg, líkt og Helga Kress hefur bent á.¹⁸


Slúður er óheft og flæðandi tungumál, andstæða ríkjandi og opinbers tungumáls. Slúður er ákveðin tegund *flæðis* sem bent hefur verið á sem einkenni á skáldlegu máli kvenna. Slúður hefur einnig oft að geyma annað gildismat en ríkjandi menning og ógnar því samfélaginu.¹⁹

Hreyfing slúðursins, sem Helga talar um sem flæði, samsvarar flæði förukvenna á milli bæja. Eiginleg tilvist tjáningaformsins, slúðurs, er háð hreyfingu sem kemur til af samspili þess er segir frá og þess er heyrir á. Ljóst er að slúðurtjáning féll vel að lífsstíl förukvenna en sama var ekki hægt að segja um einsetukonurnar, sem ferðuðust lítið, upplifðu litlar breytingar á dagsgrundvelli, og höfðu fáa eða engan til að miðla upplýsingum til í einlífinu. Það sýna orð einsetukonu úr penna rithöfundarins Victor Hugo, sem hrópaði: – Það er hér enginn önnur!²⁰

Næst ber að geta **söngtjáningu** einstæðingskvennanna.²¹ Eins og gefur að skilja er úr litlu að móða af heimildum sem vitna um söng kvenna á Íslandi. Söngur kvenna í bændasamfélaginu fór yfirleitt fram inn á heimilinu, á meðan konurnar unnu sín störf, svo vitnað sé í viðtal mitt við kvæðakonuna Ásu Ketilsdóttur: „Það var sungið í fjósinu á meðan það var verið að mjólka, á meðan verið var að skilja mjólkina, á meðan verið var að þvo upp, á meðan verið var að þvo gólfinn, það var alltaf verið að syngja. Svo var raulað við vinnu sína“.²² Þær heimildir sem lýsa söngi kvenna í sveitum allt fram á miðja 20. öld, sýna að söngurinn veitti konum ákveðið svigrúm til að tjá eigin líðan, ekki síst í einrúmi.²³ Kvennasöngur í einrúminu kallast yfirleitt raul - tjáning sem skáldkonan Theodóra Thoroddsen sagði svo um: „Þær munu þó stórum fleiri, sem aldrei hafa sungið í heyranda hljóði, bara

raulað fyrir munni sér eða kastað fram vísu og vísu í sinn hóp“.²⁴ Föru- og einsetukonur sungu og kváðu í einrýminu, líkt og aðrar konur. En stundum var lagt við hlustir og þá mátti heyra hljóm þeirra kvenna, líkt og förukonunnar Siggju-Prjónu.²⁵

Mest þótti föður mínum og systur hans gaman að hlusta á Siggju, þegar hún sat ein í baðstofunni og hélt að enginn heyrði til hennar. Þá söng hún eða kvað á sinn sérstæða hátt, stundum sálma og stundum rímur.²⁶



Guðrún Möller leikur förukonuna Vigdísu Ingvadóttur sem söng „í vettling sinn“

Förukonur voru þekktar fyrir það að vinna lítið eða ekkert á þeim bæjum þar sem þær dvöldu. Samt sem áður eru til vitnisburðir um söng þessara setugesta við vinnu sína inn á heimilum. Vinnusöngvar eru reyndar ákveðin tegund af söngvum sem mótast af verkinu sem söngvarinn vinnur, jafnframt því sem að verkið mótast sjálfan sönginn.²⁷ Til marks um það er samspil munnlegrar tjáningar og handverka Siggju-Prjónu.

Sjaldan gat Sigga setið þegjandi. Þegar hún talaði sem hraðast, þrjónaði hún svo hratt, að undrum sætti, en þegar hún talaði um mannalát, slysfarir og eitthvað, sem minnti á sorgir og þjáningar jarðlífsins, talaði hún hægt og virðulega. Þá þrjónaði hún líka hægt. Það var eins og glamrið í þrjónunum væri undirhljómur hugrenninga hennar, sem hún lét í ljós með orðum sínum.²⁸

Röddin var líka stundum hafin þegar þær jaðarkonur nutu líðandi stundar. Þá varð söngurinn eins og hluti af ánægjunni, eins og söngur förukonunnar Katrínar sem söng iðulega þegar hún fékk sér kaffisopa.

Kaffi var nú ekki mikið haft um hönd og sums staðar ekki til. Konur vorkenndu henni, og ættu þær kaffi, gáfu þær henni það. Þegar henni hafði verið borið kaffið, tók hún báðum höndum um bollann, reri í fram og söng: „Ó, finn ég, hvað ég sýp. - Ó, finn ég, hvað ég sýp!“²⁹

Söngvar föru- og einsetukvenna réðust af því virðist vera fremur af tilfinningum en tónhefðum. Að því leytnu minna þeir um margt á vögguvísur sem miðla ekki aðeins hrynjanda orðanna, heldur líka hrynjanda tilfinninga í formi tóna.³⁰ Rétt eins og foreldri sem syngur vögguvísu fyrir afkvæmi sitt, þá sungu einstæðingarnir, föru- og einsetukonurnar fyrir sig sjálfar. Heyr nú á söng einsetukonunnar Þuríðar beinrófu á Ísafirði sem sat gjarnan fyrir utan kofann sinn á kýrhaus. Þar þrjónaði hún og söng vísu eina: „Mun Þuríður hafa verið hressileg í máli

þegar hún fór með fyrri hluta vísunnar, en þegar kom að síðari hlutanum varð rödd hennar ógnandi og síðustu ljóðlínuna mælti hún fram með fyrirleitningu“.³¹

Ræði ég um róður þinn,
réttnefur, sléttnefur, brettnefur,
að þú fallir á bak betur,
bjúgnefur, sjúgnefur, strjúgnefur,
en ef þú vilt ekki það,
ingnefur, kingnefur, hringnefur,
þér munu koma þrautir að,
þunnefur, sunnefur, grunnnefur.

Bænir eru enn ein miðlunaraðferðin sem jaðarkonur nýttu í tjáningu sinni. Heimildir gefa vísbendingu um að einsetukonur og einnig förukonur, hafi margar hverjar verið trúaðar konur, til dæmis áðurnefnd förukona, Þjóðhildur Þorvarðardóttir sem flakkaði um á milli bæja með ótal margar bækur sem voru kristilegs eðlis.³² Til eru lýsingar á guðsóttu föru- og einsetukvenna og frásagnir af því þegar að konurnar voru að biðjast fyrir.³³ Bænastundir jaðarkvennanna, og í reynd kvenna af öllum stigum samfélagsins, vekja áhuga. Konur voru undirskipaðar hópur í þjóðfélaginu, en samt sem áður höfðu þær greiðan aðgang að guði, alveg eins og förukonurnar og einsetukonurnar í ævintýrunum sem höfðu oft greiðan aðgang að konungsfólkinu. En samband jaðarkvenna við guð var ekki alltaf hátt skrifað í samfélaginu, jafnvel aðhlátursefni í augum fólks.³⁴ Enda voru sambönd jaðarkvenna við guð ekki alltaf eftir bókinni, eins og flest annað í lífi þeirra. Ítarlegasta heimild um samband förukonu við guð sinn er nefnt kvæði *Geðfró* sem kennt er við Sigríði Jóhannesdóttur, Siggú-Skáldu. Kvæðið lýsir sambandi, hennar/skáldsins við guð; einskona bæn/ákall Sigríðar til guðs í bundnu máli: „Hrasað hef eg á heiðar svæði, / hrelldur sauður þinn“. Guðrún P. Helgadóttir fjallaði um Sigríði skáldkonu og kvæðið *Geðfró* í bók sinni *Skáldkonur fyrri alda*. Þar segir Guðrún:

Í *Geðfró* er lýst baráttu hins góða og illa um völdin í sál konu, sem heimurinn hefur haft að háði og spotti og legið hefur á leið glötunar. Hún ákallar Krist, talar við hann og biður hann að gegna sér. Gin djöfulsins vill gleypa hana, en gæzkuríkur guð birtist henni, stendur glöggt hjá henni og faðmar hana mjúkt í miskunn sinni. Djöfullinn heldur áfram að ógna henni, en hún sendir hann í yztu myrkur. Hann hefur ekki lengur vald yfir henni. Lausnarinn hefur úthellt blóði sínu fyrir hana, hún er lauguð drottins dreyra og „dávæn allt um kring“.³⁵

Samtalstjáning kvenna

Sighór Sigurðsson: Hún ráfaði á milli bæja. Hún talaði helst við einhverjar konur sem voru inn í bænum. Svona var mikið frekar að hún kom tali sínu við þær, þegar hún var inni.³⁶

Förukonur og einsetukonur voru líklegri til þess að leggja traust sitt á konur, fremur en á karla. Traustið sem þessar jaðarkonur báru til annarra kvenna kom annars vegar til af því að konurnar deildu sama reynsluheimi kvenna. Hins vegar má rekja þetta traust jaðarkvenna bændasamfélagsins til kynsystra sinna, til þeirrar einföldu ástæðu, að það voru konur sem sinntu umönnunarhlutverkum í bændasamfélaginu. Þar af leiðandi voru það konur sem hlúðu að og þjónuðu þessum konum úr röðum jaðarkvenna, í aldaraddir. Sú þjónusta kvennanna í millum hefur

án nokkurs efa aukið nánd kvennanna.³⁷ Auk þessa þá upplifðu sumar föru- og einsetukonur óöryggi í kringum karlmenn, og sóttust því ekki eftir því að vera í félagsskap við þá og vantroystu þeim. Sá ótti átti ugglaust sterkar rætur í hræðslu kvenna við að vera misnotaðar af karlmönnum.³⁸

Ein helsta birtingarmynd traustsins sem einstæðingskonurnar báru til annarra kvenna í sögunni, eru kvennasamtölin sem um það vitna.

Valgarður Hilmarsson: Það hefði verið áhugavert að tala við mömmu um þessar konur, því hún náði mjög vel til þeirra allra. Þannig hún hefði ábyggilega getað sagt þér miklu meira heldur en ég. Þær treystu henni held ég mjög vel. Þannig ég býst alveg við því að þær hafi rætt ýmislegt við hana.³⁹

Kvennasamtalið fór yfirleitt fram á söguviði kvenna, innandyra - oftast í eldhúsinu. Þar mynduðu kvenlíkamarnir frásagnarrými, sem gerði konum kleift að miðla hugrenningum sínum í forni samtals kvenna.⁴⁰ *Trúnaðarsamtal kvenna* er ein birtingarmynd kvennasamtalsins. Það tjáningaform gerði konum kleift að tjá tilfinningar og kvennareynslu, sem fékk ekki alltaf viðurkenningu fyrir utan frásagnarrými samtalsins. Sú tjáningarleið er mikið verðmæti fyrir konur og gildi það ekki síst fyrir förukonur og einsetukonur sem lifðu í einangrun frá öðrum. Samtal förukonunnar Jófríðar Þorkelsdóttur við húsfreyjuna Ingiríði Bjarnadóttur (f. 1863) er brot úr þeirri kvennatjáningarsögu. Hér segir af samtali Jófríðar og Ingiríðar út frá sjónarhóli Helgu frá Dagverðará, dóttur Ingiríðar, sem lagði við hlustir.



Ingiríður Bjarnadóttir

Best væri, að ég gleymdist öllum ættingjum mínum, en þegar Hallgrímur Sveinsson biskup kom einu sinni að Staðastað í einhverri embættisferð sinni, fór ég ekki til kirkju, en hann gleymdi ekki æsku minni og frændsemi okkar. Hann fól prestinum að færa mér bréf með blessunaróskum og fyrirbænum og í bréfinu voru peningar, tíu króna seðill. Ég veit, að Guð launar honum þá peninga, því þá hafði ég þörf fyrir þá, en aldrei mun ég hafa skap til þess að biðja neinn um peninga. En gott fólk hefur gefið mér föt og stundum aura, en mat verð ég að þiggja af Staðsveitungum eftir þeirra efnum og aðstæðum“. Fríða sagði mömmu minni frá þessu en bætti svo við: „Þú mátt engum segja, að ég sé í ætt við biskupinn sáluga. Ég vil það ekki, að neinn blettur falli á þá ætt af frændsemi við mig“. Mamma sagði: „Fríða mín. Það

þarf enginn að skammast sín fyrir að vera ættingi þinn. Þú ert gáfuð og góð. Það sýnir best umhyggja þín fyrir öllum dýrum, og þó þú hafir misst heilsuna, þarft þú ekki að skammast þín fyrir það. Allir, bæði fátækir og ríkir, háttsettir embættismenn og alþýðufólk, geta jafnt misst heilsuna, ýmist á sál eða líkama“. Ég man alltaf, þó ég væri langt fyrir innan fermingu, þetta samtál, og eins man ég, hvernig Fríða leit á mömmu og tár hrundu niður vanga hennar og hún sagði: „Það get ég sagt þér, Inga mín, að þegar að ég lagði af stað í þessa þrautagöngu lífs míns, hefði ég hent mér í hyl í einhverri stóranni eða ofan af sjávarbjörgum í hafið, ef ég hefði ekki hugsað um það, að skaparinn gaf mannkindinni lífið að mér skilst aðeins að láni, og hann einn á ráð á því að taka það aftur, og þungur held ég verði þeirra dómur, sem koma af stað styrjöldum í þessum snarvitlaust stjórnaða heimi“. Fríða hætti að tala, af því einhver kom inn.⁴¹

Þagnartjáning



Í Karmelklaustrinu í Hafnarfirði

Þögnin verður að teljast slungnasta tónðæmi sögunnar. Hún hefur ótal hljóðföll; hún getur verið ærandi ein og sér, hávær og ofsafengin - rétt eins og hún getur verið hljóðlaus. En umfram allt er þögnin eyða sem valdhafinn yfirfærir eigin merkingu á. Því verður þögnin ætíð tjáning þeirra sem eru kúgaðir.⁴² Í rannsókn þessari á sögu einsetu- og förukvenna, var þögnina víða að finna.⁴³ En ég kom ekki auga á samhengi þagnanna fyrsta kastið. Einungis stóru drættir þagnarinnar blöstu við í byrjun, sjálfar eyðurnar í frásögnum af lífi kvennanna. Ég skynjaði ekki þagnir kvennanna sjálfra. Þagnarheimur kvenna opnaðist mér fyrst í kjölfar þess að hafa lesið grein um frásagnarhátt þagnarinnar eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur. Grein Erlu byggir á rannsókn hennar á sendibréfum elskenda: „Hver er merking ókláraðra setninga og yfirstrikana, spyrjum við okkur, um leið og við rýnum í skriftina og bletti í bréfum sem gætu verið tár“.⁴⁴ Hvött áfram af nálgun Erlu, einsetti ég mér að nýta frásagnir þagnanna eftir fremsta megni við að kortleggja lífssögu föru- og einsetukvenna. Hér um ræðir konur sem lifðu og hrærðust í

heimi þagnarinnar; konur sem tjáðu sig með þögn; konur sem þaggað var niður í; konur sem voru umvafðar þögn, hvort sem það var í einverunni eða í návist annarra. Líf kvennanna var þrungin af þögn, og á sama tíma var það öðru fremur tjáð með þögn.

Stóð hún upp, við stafinn langa
studdi sig og þögul óð;
hetjuleg í straumnum stranga
streittist, unz á land réð ganga,
gömul kona göngumód.⁴⁵

Í ljós kom að þögnin var þessum jaðarkonum eðlislægur frásagnarmáti þegar kom að því að miðla fortíð sinni. Í þeim efnum reiddu konurnar sig á frásagnarhátt þagnarinnar til þess að *hlyja* liðna tíð; tíma sem þær báru í minni sínu en neituðu að ljá hljóð.⁴⁶ Vegna þessa einkenndist fortíð kvennanna af dulúð og trega í augum annarra; því hver myndi þaga yfir hamingjuríkri fortíð.

Enginn veit hvar hún þvældist um í Vesturheimi og ekki veit ég með neinni vissu hvers hún leitaði þar vestra. Ameríkuförin er leyndarmál sem gamla konan tók með sér í gröfina, og verður ekki gert opinbert, nema nýjar heimildir komi til.⁴⁷

Föru- og einsetukonur notuðust líka við gildi þagnarinnar til að forðast samskipti við aðra menn. Konurnar voru almennt þekktar fyrir að vera einrænar í lund og mannfælnar. Þögnin veitti þeim ákveðið frelsi og vitnaði um vilja þeirra til þess að fá að vera í friði. Þögnin sem umvafði þær margar hverjar er þær mættu fólki, minnir á mýs sem stirðna upp í návígi við fólk svo þær sjáist ekki. Þessar einrænu konur voru margar hverjar lítt háðar samskiptum við aðra menn og margar þeirra kunnu mun betur við það að eiga í samskiptum við málleysingja en menn; félagsskapur dýranna var þeim dýrmætur. Það ríkti sameiginlegur skilningur þar á milli - skilningur þeirra sem eiga sitt undir því að fara nægilega hljótt um mannfélagið: „Málleysingja, hunda og hesta / hún sem vini taldi besta“.⁴⁸

„Þögnin er farvegur andlegra áhrifa“ sagði hin landskunna skyggna Margrét frá Öxnafellu (1908-1989).⁴⁹ Við tjáningafarveg þagnarinnar studdust einsetukonur sem stunduðu bænarlíf einkar mikið, eins og Hildur einsetukona sem kenndi siðlátum konum er komu til hennar í hljóði: „Aldrei mælti hún veraldlegt orð né gálaust og beiddist þess aðeins, sem henni þótti nauðsynlegt, með bendingu eða hljóðum orðum“.⁵⁰ Gildi þagnarinnar var fólgin í hreinsun hennar. Hún var nauðsynleg konum sem stunduðu bænarlíf, til dæmis tól til að undirbúa bænastundirnar. Konurnar gerðu hreint í rýminu, fjarlægðu hljóð. Hreinsuðu sig sjálfar og rýmið með þögninni. Þögnin var líkt og vatn, hreinsunarkraftur í lífi þeirra kvenna, eins og í lífi kvenna sem lifa klausturlífi.

Agnes abbadis: Til að skapa andrúmsloft til að biðja, þá er mikilvægt að hafa þögn. Þetta er bæði til að skapa andrúmsloft fyrir bæn, en líka æfing að afneita sér.⁵¹

Mikilfenglegasta þögn föru- og einsetukvenna, er jafnframt mikilfenglegasta þögn mannkynssögunnar, þagnir sem bundnar eru við hugsanir sem aldrei eru tjáðar; innri samræður fólks, er aldrei rata á blað; ritfærslur sem enginn fær lesið; hljóðar bænir; hin eilífa þögn sem hugur mannsins skapar og viðheldur. Hafa þarf hugfast að það gilda einatt reglur um það hvaða hugsanir má mæla og hvaða hugsanir ber að bæla, á hverjum tíma. Svo vitnað sé í orð rithöfundarins Oscar Wilde (1854-1900): „Sagt hefur verið að merkustu viðburðir heimsins eigi sér stað í heilanum.

Það er í heilanum, og í heilanum aðeins, sem stærstu syndir þessa heims eiga sér einnig stað⁵². Hugsanir kvenna sem hverfðust um reynsluheim kvenna, hafa í árþúsundir verið fangelsaðar í hugum kvenna. Föru- og einsetukonur lifðu í skugga þeirrar þöggunar á konum. Þær voru ekki aðeins kvenþegnar í feðraveldinu, heldur þriðja flokks kvenþegnar; jaðarkonur. Konur sem þekktu vel raddir valdhafanna í samfélaginu. Og röddin er einatt valdsins megin, líkt og sést þegar að mannfólk þaggar niður í hundum, eða karlar niður í konum. Sá sem segir „þegiðu“ er ráðandi þegn í samfélaginu.

(Um förusystkinin Rönku og Myllu-Kobba) Hún var alltaf eins og skömmustulegur hundur, sem á von á hirtingu þá og þegar. Bæri við, að hún ætlaði að segja eitthvað, sagði hann:
„Þegi þú Ranka. Ég á að tala“.⁵³

Þögn kvenna er huliðshjálmur Íslandsögunnar. Hvort sem að konur á Íslandi hreinlega þögðu, eða tjáðu sig með ráðandi tjáningarformi karla, með leyfi karla⁵⁴ - þá var þöggunin slík, að tóm myndaðist í menningarlandslagi kvenna - og í það tóm fylltu karlar með eigin tjáningu. Þagnir föru- og einsetukvenna í sögunni eru margþætt viðbrögð þeirra við þöggun kvenna, og á sama tíma þöggun fátækra, og þöggun andlega vanheilla. Þögn sem birtist endurtekið, öld fram af öld. Þögn sem var í senn tól kvennanna til andófs, og tól karla til kúgunar. Þögnin sem var stundum rofin frá hendi jaðarkvennasögunnar.

Og þú lofar að gera mér þessa litlu bón: Mundu það, meðan þú lifir. Ég heiti Margrét Sigurðardóttir, fædd 19. ágúst 1869. Láttu það ekki gleymast.⁵⁵

Sköpunartjáning

Valgerður Ágústsdóttir: Móðir þeirra, Ásdís, hún var hagamælt, og hefur sjálfsagt verið eins og var með konur þá; hún var vel hagamælt, hún gerði vísur, en fór dult með. Það þótti ekki við hæfi að konur væru að yrkja.⁵⁶

Förukonur og einsetukonur sköpuðu margar listaverk. Skálduðu sögur, þrjónuðu vettlinga, sokka og leppa, settu saman vísur, og sköpuðu spádóma um framtíð fólks, líkt og förukonan Gunna Gest: „Hún spáði í spil, bæði lagði hún öll spilin og líka stjörnu og einnig las hún bolla“⁵⁷. Förukonur höfðu gjarnan sína hentisemi á bæjunum þar sem þær dvöldu og voru því í aðstöðu til að ráðstafa tíma sínum sjálfar. Tíma sem sumar kvennanna nýttu við listsköpun. Förukonum gafst líka tími til að setja saman vísu eða láta þrjónana ganga á göngum sínum á milli bæja. Þar af leiðandi höfðu förukonur að ýmsu leyti fleiri tækifæri til að tjá sig með list en konur af öðrum stéttum. Einsetukonur höfðu líka tíma og rými til að stunda listsköpun umfram aðrar konur. Gera má sér í hugarlund að einsetukonur hafi ekki síst skapað listaverk til að njóta þeirra sjálfar, því ekki var mikið um áhorfendur eða áheyrendur sem gátu notið hæfileika þeirra kvenna. Ekki eins og í tilfellum förukvenna. Ljóð eftir skáldkonuna Ásdísi frá Rugludal er dæmi um sköpunarverk einsetukonu sem náði ekki áheyrn utanaðkomandi aðila, fyrr en að einsetukonunni genginni.

Hvarr um víða fold þú fer
frí að stríðum kala.
Lánið blíða ljáist þér
liljuprýðin dala.⁵⁸

Sendibréfatjáning

Hvatir, viðkvæmni, minningar, hugsjónir, þekking, hugarfar, frumkenndir, sálarástand - blek á blaði - berst burt frá höfundinum, til þess er orðin voru skrifuð handa - frá konu til viðtakandans; sendibréfatjáning kvenna.

(Úr sendibréfi frá árinu 1916 til Þjóðhildar Þorvarðardóttur förukonu, frá vinukonu hennar. Bréfið einkennist af orðaflaumi bréfritarans, sem sést meðal annars á því að engir punktar komast þar að.)

Góða besta vinastúlka mín! Nú mættir þú halda góða mín að eg væri alveg búin að gleyma þér fyrir fullt og alt, að eg skuli aldrei hafa sent þér línu síðan í fyrravor, nei svo er ekki...⁵⁹

Tjáning kvenna með ritmiðlinum er einkar áhugavert rannsóknarefni; saga beint frá kvenna hendi. Ritmál kvenna er að mörgu leyti frábrugðið munnlegri tjáningu kvenna. Raddir kvenna gátu ferðast lengra þegar þær voru komnar á blað, en þær sem einungis gátu ómað nærhendis. Sendibréfatjáning kvenna svipar til grágæsamóðurinnar, sem ljáði konum vængi: „Grágæsamóðir, / ljáðu mér vængi,“ / svo ég geti svifið / suður yfir höf.⁶⁰ Raddir kvenna náðu kannski meira flugi í formi bréfa en í formi samtala, en fjarlægðin á milli einstaklinganna skapaði líka vá í samskiptunum; kannski var einhver annar að *lesa* hugrenningar kvennanna.⁶¹ Skáldkonan og einstæðingskonan, Ásdís frá Rugludal, sem sást sjaldan yfirgefa sínar vistarverur, sendi eitt sinn bréf til vinkonu sinnar; neyðarkall, sem Ómar Ragnarsson gróf upp úr kofarústunum. Bréfið sýnir að Ásdís treysti ekki ritmiðlinum fyrir öllum hugsunum sínum.

Upp úr ruslinu í rústum kofans þar sem Ingunn og Stefanía Sveinsdætur bjuggu, barst lítið bréf sem móðir þeirra hafði skrifað nágrannakonu sinni áður en hún varð niðursetningur í hálfhrundum torfbæ. Þetta er í raun neyðarkall til konu sem hún kallar vinkonu sína. Hún segist vonast til að geta hitt hana og talað nánar við hana um það sem hún þori ekki að greina frá í bréfinu. Af hverju segir hún þetta í bréfinu? „Það gæti hnýst í það,“ segir hún. Er það frjálst fólk í stéttlausu þjóðfélagi, sem skrifar svona? „Vorið var kalt og grasið er svo snöggt,“ segir hún. „Elsku góða, ég vona að þú hjálpir mér eftir umtali okkar um sína ögnina af hverju, sméri og keti og einhverju á fæturnar á mér.“ Það er ekki verið að biðja um mikið, en hún neyðist til að kalla á hjálp. Og samt er svo langt á milli vinkvennanna að vandséð er að hægt sé að veita nokkra hjálp. Örstutt bréf, skrifað skjálfaði hendi á einfaldan reikningsbókarpappír, í mínum huga einstæð heimild um lífskjör þorra fólks langt fram eftir síðustu öld, meira virði en hundruð bréfa embættismanna og fyrrmanna sem varðveitt eru í bunkum í skjalasöfnum landsins.⁶²

Ásdís vonaðist til að geta hitt vinkonu sína og rætt undir fjögur augu um það sem hún gat ei minnst á í bréfinu: „Það gæti hnýst í það“.⁶³ Það þýðir þó ekki að trúnaðarsamtöl kvenna hafi verið bundin algjörum trúnaði; sá er heyrði á gat alltaf sagt öðrum frá - sem varð til þess að saga kvenna náði eyrum fleiri aðila, sem sumir miðluðu áfram. Dæmi um það eru skrásetning Helgu frá Dagverðará á áðurnefndu samtali móður sinnar og Jófríðar förukonu. En kostur samtalsins í sambandi við þagmælsku og trúnað, var sá að einstaklingar vissu við hverja þeir voru að tjá sig við (nema ef samtalið var hlerað að sjálfsgöðu). Sama fullvissa var ekki til staðar hjá þeim sem rituðu orð sín niður á blað og afhentu öðrum, til dæmis landpóstinum. Þá spratt upp ótti, ekki óskyldur ótta manna við slúður; *hvert rata orðin*. Sagnfræðingurinn Guðný Hallgrímsdóttir fjallaði um sendibréf kvenna á 18. og 19. öld, og taldi þau gefa góða innsýn í þanka bréfrítara jafnvel þó svo að hætta væri á að einhver óviðkomandi læsi bréfið. Svo skrifar Guðný:

Þrátt fyrir að bréfitari sé ávallt meðvitaður um að aðrir lesi það sem hann skrifar geta sendibréf verið ákaflega einlæg og mörg hver veitt einstaka innsýn í hugarheim bréfitara, allt eftir tengslum hans við viðtakanda bréfsins.⁶⁴

Menntunarskortur kvenna á Íslandi hafði afgerandi áhrif á þá möguleika sem konur höfðu til bréfaskrifta.⁶⁵ Munnleg tjáning kvenna gerði hins vegar engar kröfur, s.s. um mælsku. Nema að sjálfsgöðu í tilfelli kvenna sem sköpuðu sér ákveðna sérstöðu með munnlegri tjáningu. En sendibréfatjáning gerði kröfu um læsi og skriftarkunnáttu þeirra sem tjáðu sig. Það var þó ekki óalgengt að konur sem kunnu ei að skrifa, fengu skrifara til að rita fyrir sig bréf.⁶⁶ Förukonan Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga) er tilvik um konu sem kunni hvorki að lesa né skrifa, sem fékk aðra til að rita bréfin fyrir sig - til dæmis börn. Einstaklingar sem skrifuðu bréf fyrir aðra, eru áhugavekjandi tjáningarmilliliðir. Það er erfitt að segja til um hvar tjáning skrifarans tekur við þar sem tjáning höfundarins sleppir.⁶⁷




Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir

Salbjörg: (Um Sigurbjörgu Rögnvaldsdóttur, förukonu) Hún var ekki skrifandi, því varð ég alltaf að skrifa bréfin fyrir hana. Hún þekkti eitthvað fólk sem hún skrifaði til. Henni fannst hún hafa miklar fréttir að segja. Maður varð nú að laga bréfin til eitthvað svona. Jújú, hún vildi segja heilmiklar fréttir. En hún kunni nú engin orð til að hafa yfir það, maður varð þá bara að laga það einhvern veginn og semja það sem upp á vantaði. Svo las maður bréfið fyrir hana og hún samþykkti það.⁶⁸

Hvort sem tjáning kvenna fór fram með sniði samræðna eða með bréfaskriftum, þá lifði hún í minni þeirra er heyrdðu á, þeirra er lásu. Bréf varðveitast vissulega á annan hátt en hið talaða orð. Spurningin er sú hvort að betra sé að geyma orð í hugahveli sínu eða ritað í forum sínum. Hvaða orð glatast fyrr, rituð eða töluð.

Máist letur, bliknar blað,
bifast margt úr skorðum,
en þetta kann ég utan að,
oft ég las það forðum.⁶⁹

(Halla Lovísa, ljóðið *Gamla bréfið*)



Innra tal Þjóðhildar; heilræði frá Þjóðhildi til Þjóðhildar

Líkamstjáning;
grátur
hlátur

Hún gat verið sviphrein bæði, og brúnaþung,
hún bar svo margt í rúnunum á enni sínu og vöngum.⁷⁰

Tjáning líkamans hefur ólíkar svipmyndir. Hún getur birt sem hljóð; hljóðleysi, handahreyfing; kyrrstaða, andlitsvipra; lömun, andadráttur; kippur; stroka, augnsvipirnir allir; - hreyfingar augnlokanna. Öfgakenndustu tjáningar líkamans eru hins vegar hláturinn og gráturinn; öll önnur tjáning er tjáning þar á milli.

Ómar: Ég er að reyna að átta mig á því. Ég veit það ekki. Ég veit ekki hvað vinnuhjú komust upp með að hlæja mikið satt að segja. Veistu hvað þetta er góð spurning, ég hef aldrei hugsað út í þetta. Hló Manga aldrei? Nei. Manga hafði eiginlega ekkert tilefni til að hlæja. Hún borðaði ekki með okkur. Hún var ekki með okkur. Henni var ekkert hlátur í huga þegar hún kom að röfla við mig; að úthella sínum sorgum fyrir mig. Þannig að það er ekki furða að ég heyrði hana aldrei hlæja.⁷¹

Förukonur og einsetukonur voru margar hverjar þekktar fyrir að hafa ýkta skapsmuni og/eða ýkta persónuleika, sem má rekja sumpart til bælingar kvennanna á tilfinningum sínum.

Hún Gunna gamla á Rimanum
var greind og svarafljót.
Hún Gunna gamla á Rimanum
ei grét, þótt blési á mót.⁷²

Bæling þessara jaðarkvenna á tilfinningum sínum gat borið fyrir sjónir sem mögnuð reiði, tregi, biturleiki og æði. Einskönar samanbitin tjáning kvennanna; undirokun tilfinninga. Aukinheldur eru til lýsingar þar sem konurnar misstu tök á tilfinningum sínum eftir að hafa bælt þær lengi, og tilfinningarnar tóku á sig nýtt form, til dæmis í formi tára.

Þetta var í eina sinnið, sem ég sá Fríðu tárfa.⁷³



Önnur líkamleg tjáning kvennanna sem í senn bældi og miðlaði tilfinningum kvennanna, er hláturinn. Gleði kvennanna gat tekið á sig form blíðs hláturs, öskrandi hláturs. Á meðan reiði kvennanna gat birst sem dimmur kuldahlátur, sem grátur án tára. Slíkur hljómur spratt úr iðrum kvennanna, til dæmis í sögum af því þegar konurnar hlógu upp í opið geðið á karlmönnum í því skyni að gera lítið úr þeim. Um kvenhæðnishlátur föru- og einsetukvenna var fjallað fyrir í bókinni; um hláturshefð sem á sér langa sögu og ýmsar birtingarmyndir í ritverkum, myndlist, danslist, í ómum tónverka, og jafnvel í þögn Íslands kvenna.⁷⁴

Klæðatjáning

Föt voru veigamikill hluti af tjáningu föru- og einsetukvenna á Íslandi.⁷⁵ Ullarþræðir voru oft ígildi raddbanda hjá förukönnum, og hvaðeina fatakins sem þær gátu nýtt til þess að marka sér sinn sérstaka sess. Klæðaeftin ljáðu þeim svigrúm til að tjá hugrenningar sínar sig á fleiri en einn máta. Konurnar tjáðu sig með litum og litleysi, vaðmáli og bómull, hneppum, skinni, og áferð klæðanna.

Krístín: Þær voru meira að segja með voðalega síð pils og felld, felld, alveg niður í skó; það voru förukönurnar.⁷⁶

Yst klæða hafði hún grámórauða vaðmálsúlpu og allur var fatnaður hennar í mesta máta ófinn.⁷⁷

Hún var gömul, lotin og grannleg, þegar ég sá hana og bar lítinn hvítan léreftspoka.⁷⁸

Þegar klæði förukvenna eru til skoðunar má ekki gleyma því að förukönur klæddu sig öðru fremur með hliðsjón af ferðum sínum þar sem mestu skipti gjarnan hversu mikið skjól flikurnar veittu fyrir kulda og vætu. Því voru þær oft mikið klæddar eða íklæddust skjólgóðum flikum. Sama má reyndar segja að gildi um einsetukönur oflega, enda vistarverur þeirra oftast ekki beysnar. Förukönur gengu á milli bæja í öllum veðrum, og einsetukönur héldu kyrru fyrir í köldum kotum sínu; grunnurinn að fatavalinu varð því öðru fremur að vera gagnsemi klæðanna til að halda hita á. Áherslur á einhvers konar fagurfræði eða hefðir í fatavali lutu þar í grasi fyrir notagildi fatanna. Dæmi um förukönur sem spekuleraði í fagurfræði klæðnaðarins var Vigdís Ingvadóttir. Hún var þekkt fyrir að sauma tölur og efnisbúta í fót sem hún fékk gefins. Slíkar skrautfjaðrir aðskildu hana enn fremur frá öðrum sveitungum hennar, sem máské var tilgangurinn; að aðskilja sig frá öðrum. Annar tilgangur klæðanna í tilfelli förukvennanna, var að auka líkindi þess að fá ölmusu. Sumar förukönur voru þekktar fyrir að klæðast tötrum þó þær þyrftu þess ekki, til að auka líkurnar á því að fá ölmusu á ferðum sínum. Þær ýktu fátæktarbrag klæða sinna með því að rífa fót sem þeim voru gefin svo þær væru tótralegar til fara.⁷⁹ Einnig bendir margt til þess að sumar förukönur og einsetukönur hafi klæðst mörgum lögum af fötum og/eða í ljótum fötum, af sjálfsbjargar viðleitni, sem vörn gegn kynferðislegu ofbeldi, líkt og reifað hefur verið.



Skjóða úr förum Þjóðhildar

Í því skyni að öðlast skilning á tilgangi og um leið ásýnd förukvennaklæða, þá er hér vikið að sérstökum hópi förufólks; einstaklingum sem þóttust vera förufólk, og ég kalla hér *dulförufólk*. Hér um ræðir einstaklinga sem tóku á sig gervi förukvenna/karla, í því skyni að biðja sér beina og gistingar, þ.e.a.s. þáðu ölmusu þrátt fyrir að hafa í reynd fasta búsetu og búa við þeirra tíma mannsæmandi lífsgæði. Þessi lífsmáti dulförufólks svipar á vissan hátt til *kleptoparasitisma*, því dulförufólk nýtti sér lífsmáta eiginlegs förufólks og lífsbjörgina sem eiginlegu förufólki var ætluð. Því má segja að dulförukonur hafi verið kjóar sem blönduðust hópi áttavilltra fugla.⁸⁰ Ásynjan Gefjun í *Gylfaginningu* er væntanlega fyrsta dulförukonan sem sögur fara af í rituðum heimildum á Norðurlöndunum.

Gylfi konungur réð þar löndum er nú heitir Svíþjóð. Frá honum er það sagt að hann gaf einni farandi konu að launum skemmtunar sinnar eitt plógsland í ríki sínu það er fjórir öxn drægu upp dag og nótt. En sú kona var ein af ása ætt, hún var nefnd Gefjun.⁸¹

Í hópi dulförukvenna í sögulegum heimildum má sérstaklega nefna förukonuna Siggu mæðu sem flakkaði á síðari hluta 19. aldar. Sigga mæða lifði lífi húsfreyjunnar á köflum, þar til hún brá sér í förkonulíki og fór í sníkjuferðir.⁸² Saga Siggu mæðu er einkum upplýsandi hvað varðar aðila er léku hlutverk förufólks, og um leið gefur saga hennar inn-sýn í hvernig lítið var á förufólk, þ.e. hvernig skal leika flakkara. Færa má rök fyrir því að dulförufólk hafi verið í hópi fyrstu leikara landsins, einstaklingar sem léku sér til viðurværis. En af öðrum leikurum fyrri alda má nefna að hluti eiginlegs förufólks skemmti lýðnum með leiklist á flakki sínu, líkt og Jón Jónsson hefur fjallað mikið um.⁸³ Ef vikið er aftur að *leiksögu* dulförukonunnar Siggu mæðu, þá sést hve mikilvægt var að sú saga samanstæði af tveimur hlutum, ef förukonugervið átti að vera sannfærandi; förukonubakgrunnssögu og viðhlítandi förukonubúningi.⁸⁴ Svið dulförukvenna voru síðan bæir landsins, breytileg sagnasvið fyrir skáldaðar bakgrunnssögur og betl.

Hún reið á þófa, og hestarnir voru mjög holdgrannir. Hún kvaðst heita Sigríður Guðmundsdóttir og vera komin langt að. Frændfólk sagðist hún eiga undir Jökli, og þangað var ferðinni heitið. En hún sagðist þó ekki vita, hvort fólkíð væri allt á lífi. Það væri svo margt, sem hefði dáið á þessum harðindaárum. En hún sagðist vilja vita, hvernig þessu fólkí hefði farnast á þessum mæðu- og manndauðatímum.⁸⁵

Búningum sem dulförukonur skörтуðu var ætlað að varpa ljósi á persónuna sem þær léku, förukonuna. Klæði förukvenna sögðu sína eigin sögu um hagi kvennanna, sögu sem teygði sig almennt langan veg í tíma talið, enda klæðin oftast gömul og slitin. Skýringar á sérkennilegum klæðnaði förukvenna liggja að hluta til í þeim sið að þær fengu í notuðum fötum af öðrum sem þær fengu gefins. Fötum sem fóru þeim ekki alltaf sérlega vel, enda ekki ætluð þeim í upphafi. Búningur dulförukonunnar Siggu mæðu var í anda slíkra klæða förukvenna; klæða sem sögðu raunsögur förulífsins. Nema föruklæði Siggu mæðu voru skálduð föruklæði.

Þessi förukona var í stagbættu pils, sem átti að heita reiðpils og reiðtreyjan átti að heita heil, en ermarnar voru bættar með bótum, sem voru áberandi ólíkar efni treyjunnar. Svona var allur klæðnaðurinn áberandi bættur, en hvergi sást gat, en upprunalega virtust fötin vera úr vönduðu vaðmáli. Á fötunum var hún í þelsokkum úr smábandi, utanyfir í háleistum úr samantvinnuðu bandi úr ull og hrosshári, en yst voru sauðskinnsskór. Með þessum búnaði sýndust fæturnir ferlega stórir. Ístöðin á þófanum voru úr horni, en utan um þau voru saumaðar þykkar þrjónatuskur.⁸⁶



Svava Jónsdóttir leikkona sem förukona í leikriti

Búningur Siggju mæðu hafði þann tilgang að blekkja áhorfandann, en stundum segja leikbúningar líka eigin sögu, líkt og förukonubúningur Siggju mæðu sem varpaði ljósi á annan efnisheim leikkonunnar „en upprunalega virtust fötin vera úr vönduðu vaðmáli“.⁸⁷ Margir sáu í gegnum yfirvarp dulförukvenna. Gleggstu dæmin um það voru tilvik þar sem samferðamenn kvennanna báru kennsl á þær á flakki þeirra. Slíkt tilvik er þekkt úr sögu Siggju mæðu. Einn daginn drakk hún kaffi við sama borð og sveitungi hennar, sem hittu hana þar sem hún var á flakki: „Hann talaði við afa og vinnumann sinn, en yrti ekki á Siggju, en sýnist virða hana vandlega fyrir sér, og eins glápti hún á hann eins og naut á nývirkri“.⁸⁸

Ég er nú búinn að losa Snæfellsnes við þessa konu, sem var að fara héðan. Hún kemur aldrei aftur á Snæfellsnes. Ég veit þið spyrjið hvers vegna. Það er vegna þess, að hún villti á sér heimildir. Hún heitir ekki Sigríður, hún heitir Margrét. Það er hennar rétta nafn. Hún er ekki fátæk, hún er rík. Hún á engan bróður, en hún á tvær systur sæmilega efnaðar. Hún á tvö uppkomin börn. Sonurinn er kvæntur og í góðum efnum, en dóttirin er enn hjá móður sinni og hugsar um heimilið, meðan móðirin er fjarverandi. Hún missti mann sinn fyrir fjórum árum. Hann var eldri en hún, en dó snögglega. Ráðsmann hefur hún, sem var áður vinnumaður hjá henni, og munu þau giftast bráðlega. Bæði eru dugleg og bæði eru ágjörn, og mun honum þetta flakk hennar vera vel að skapi. En hvar hún á heim og hver hún er, segi ég engum. Foreldrar hennar hafa hjálpað mörgum fátækum og systur hennar eru sæmdarkonur. Þetta flakk byrjar hún um hánótt og enginn veit hvert hún fer nema unnusti hennar. Ekki einu sinni dóttirin, og um hánótt mun hún koma heim. Ég hlífði henni ekki í orðum, og hún lofaði mér að hætta öllu flakki og una við sitt heimili.⁸⁹



Kona á ferð sem var fyrir misgáning álitin förukona

Förukonufötin eru rétt eins og peysufötin og þjóðbúningurinn, kvenbúningur sem hlaðinn er meiningu. Dæmi um hve staðlaðar hugmyndir fólk hafði um klæðnað förukvenna er birting ljósmyndar af Guðrúnu Ásmundsdóttur í umfjöllun um förumenn á Íslandi í blaðinu *Útvarpstíðindi* árið 1945. Ljósmyndin sýnir eldri konu með göngustaf, og þó á herðum sér - ljósmynd af konu sem talin var vera förukona, en var það ei. Í kjölfar myndbirtingarinnar skrifaði „gamall kunningi“ Guðrúnar eftirfarandi orð, í næsta tölublaði *Útvarpstíðinda*. Svarið sýnir að menn hafi firrst við, og fundist förumannsstimpillinn laklegur í meira lagi, er konum var ranglega skipað á bekk með förukonum.

Í síðasta hefti *Útvarpstíðinda* bls. 362, er mynd af skagfirskri konu, og er hún þar talin förukona, en það er mjög fjarri því rétta, enda ber búningurinn það með sér, að hann er ekki neitt förumannsgerfi. Má þó vera að í því efni eigi nútíminn ekki völ á gleggri svip hinna löngu liðnu daga og er greinargerðin prýðilega skrifuð, aðeins verður að gæta þess að myndin er af eftirmynd förukonunnar, en ekki förukonunni sjálfri.⁹⁰

Samantekið þá má segja að lífshættir og um leið sérstaða föru- og einsetukvenna hafi birst samofið í klæðavali og klæðagerð þeirra, í klæðatjáningu sem átti sér engan samjöfnuð hérlendis.

Viðtalstjáning kvenna í viðtölum um föru- og einsetukonur




Blanca A. Ingimundardóttir

Rannsókn mín á sögu síðustu förukvenna Íslands og einsetukvenna á fyrri hluta 20. aldar, byggir að stóru leyti á viðtölum sem ég tók við aðila sem mundu eftir konum úr umræddum hópum. Í þeirri upplýsingaöflun og greiningarvinnu notaðist ég við aðferðafræði munnlegrar sögu (e. *oral history*).⁹¹ Saga kvennanna var sögð af vörum þeirra sem mundu þær; 14 kvenna og 11 karla. Munnlegu frásagnirnar sem ég aflaði með viðtölum, svipuðu að mörgu leyti til ritaðra frásagna af þessum konum í endurminningum og ævisögum. Nefnilega vegna þess að barnæskuminningar eru ráðandi í sögnum af þeim konum, og sjónarhorn barna er einsleitt. Sögurnar mótuðust út frá eðli barnsminnisins, en líkt og kom fljótt í ljós - þá mótuðust frásagnirnar aukinheldur af kyni viðmælandanna. Börn sjá heiminn með öðrum augum en fullorðnir, og konur sjá heiminn öðrum augum en karlmenn. Fræðimenn á borð við skoska sagnfræðinginn Lynn Abrams, sem fjallað hefur mikið um munnlega sögu, hafa bent á ólík *minni* og ólíka frásagnarhætti kynjanna. Nokkur dæmi um kynbundin frásagnareinkenni, er að konur eru líklegri en karlmenn til að muna samtöl, fæði, útlit og klæði. Sögusvið kvenna er heldur ekki jafn víðfemt og sögusvið karla, og sögusvið kvenna tengjast mun oftar heimilinu og fjölskyldunni. Konur segja fleiri sögur sem eru tengdar sambandi þeirra við fólk, en karlar eru líklegri til að segja sögur þar sem þeir eru miðja frásagnarinnar.⁹² Aukinheldur miðla konur upplýsingum frekar í formi samtals, heldur en í formi einræðu líkt og títt er í tilfellum karlkyns viðmælenda. Og konur muna gjarnan fleira er varðar útlit og klæðnað fólks. Annað sem má nefna er sérstaða kvenkyns viðmælandanna sem vitna að sögu förukvenna, vegna þeirrar einföldu staðreyndar að stúlkur voru mun meira inni við en drengir sökum þess að þær þurftu að vinna húsverk. Og líkt og áður hefur verið sagt, þá voru förukonur mikið inni við, enda stunduðu þær litla eða enga útivinnu. Nefnd dæmi um minnis- og frásagnareiginleika kvenna, sýnir mikilvægi kvenna við skráningu og miðlun á sögu förukvenna og einsetukvenna. Saga sem er oftast bundin við sögusvið heimilisins, vettvang samtalsins, og lýsingar á útliti kvennanna. Og það sem mestu máli skiptir; konur deila sama reynsluheimi - heimi sem er bundin við líkama kvenna. Hvort sem konan er viðmælandi, spyrill, einsetukona eða förukona. Kona sem hlustar á sögu konu, um konu, og um leið heyrir á og greinir sögu úr reynsluheimi kvenna. Um ræðir frásagnar- og greiningarkerfi sem formast af umhverfi kvennanna og líkama kvennanna; vífatjningarheimur.



Höfundur og Sigríður Sörensdóttir



Agnes abbadis: Maður getur tjáð sig á þúsund vegu. Það getur gerst, þó að það sé þagnartími, að ég svari, þótt ég átti ekki að svara. Ég get sagt þér, að þegar maður lifir í nokkur ár í klaustri, þá get ég sagt, að ég skil hvað önnur systir er að hugsa. En þetta er ekki neitt óeðlilegt, vegna þess að ég á reynslu. Þegar ég sé hvernig hún er að haga sér, hvernig hún stendur, hvernig hún gengur, ég sé á þessum líkamstáknum hvað þessi nunna, hugsar. Þetta er ekkert yfirnáttúrulegt. Þetta kemur frá andlegri reynslu; hverjar eru tilfinningar mínar, hverjar eru hugsanir mínar.⁹³

Konurnar sem ég ræddi við eru hluti af íslenskri kvennamenningu, sem mótast af ólíkum tímum og landssvæðum. Þeirra reynsluheimur var auðugur af minningum sem þær skráðu í minni sér sem stúlkubörn, sem þær túlkuðu nú með orðum út frá sjónarhorni kvenna.⁹⁴ Konurnar miðluðu upplýsingum sem voru runnar frá sameiginlegum reynsluheimi þeirra og kvennanna sem voru til umfjöllunar, s.s. sagnir um barnsfæðingar, fósturlát, kynferðislega misnotkun, svo eitthvað sé nefnt. En jafnvel þó svo að munnleg saga sé mjög áhrifarík aðferðafræði til að kalla fram reynslu kvenna, þá er alls ekki auðgert að fá kvenkyns viðmælanda til að fjalla um málefni kvenna á grunni

reynsluheims kvenna - því reynsluheimur kvenna er þaggaður. Því var það mjög mikilvægt fyrir rannsókn mína að þróa aðferðafræði á grunni formgerðar kvennaviðtala (e. *woman-on-woman oral history interviews*).⁹⁵ Með þeirri aðferðafræði gafst mér tækifæri á að rannsaka ævi jaðarkvenna út frá sjónarhorni kvenna sem voru þeim samtíða, og þekktu konurnar persónulega.

Salbjörg: Ertu einhver sagnfræðingur, eða hvað ertu?

Dalrún: Jájá.

Salbjörg: Já, mér datt það í hug. Af því að þú hefur áhuga fyrir eldra fólki.⁹⁶



Höfundur og Sigrún Sesselja Bárðardóttir

¹ Sjá: Dalrún J. Eygerðardóttir, vef. „Það var ókvenlegt að yrkja: Hugleiðingar í kjölfar viðtals við kvæðakonuna Ásu Ketilsdóttur“.

² Hugrún. bls. 15

³ Einsetukonur voru einrænar konur. Það þýðir þó ekki að sumar einsetukonur hafi ekki kunnað að meta þegar heimsókn bar að garði. Um það vitna sagnir af gestrisnum einsetukonum.

⁴ Erlingur Davíðsson, Aldnir hafa orðið. 18. bindi, bls 262.

⁵ Sigríður sem gerðist förukona í kjölfar þess að hafa misst son sinn, svarar vísu barnsföður síns Gísla Konráðsskonar þegar hann kvaddi hana í síðasta sinn. Gísli orti: Hjartans augu horfa á stíg / hrímgvaðan af kvíða. / Fæ ég seinna að faðma þig / faldasólin blíða? Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 54.

⁶ Sjá *Máttugar meyjar*, bls. 12-13.

⁷ Vísa eftir Ingibjörgu hálskornu, sem var förukona á Suðurnesjum. Vísan er um Garða-Björn sem var uppi á 19. öld, kenndur við Garða á Álftanesi. Sjá Halldóru B. Björnsson, „Gleymt skáld - Geymd vísa“, bls. 6.

⁸ *Bárðar saga Snæfellsás*. Þar segir: „Þessi örnefni öll eru á Snjófellsnesi“. Sjá umfjöllun Helgu Kress um Helgu Bárðardóttur í bókinni *Stúlka*, bls. 18. Þar segir Helga Kress að *Bárðar saga Snæfellsáss* sé skáldkonusaga sem fjalli um skáldkonuna Helgu Bárðardóttur.

⁹ Sjá Dalrún J. Eygerðardóttir, vef. „Það var ókvenlegt að yrkja“.

¹⁰ Magnús Björnsson, „Hreggviður skáld á Kaldrana“, bls. 62-63.

¹¹ Í því samhengi má nefna að Liewbow segir að málvenjur heimilislausra kvenna í samtímanum megi rekja til þess að þær koma úr lágstétt. Elliot Liebow, *Tell Them Who I Am*, bls. 45.

¹² Helga Kress, *Máttugar meyjar*, bls. 104. „Mörg þeirra grótesku kvæða sem lögð eru í munn kvenna í fornaldarsögum gegna því hlutverki að rífa niður karlmennsku hetjanna, og eru þau oft kveðin við gamansamar og lítt hetjulegar aðstæður“.

¹³ Saga kvenna og áfengis fyrr á tíð fjallar meira um baráttu kvenna gegn áfengisneyslu karla heldur en neyslu kvenna á áfengi. Í útlagsþættinum *Baráttan fyrir bættu síðferði* í útlagsþáttaseríunni *Konur kveðja sér hljóðs* (1994) í umsjón Erlu Huldu Halldórsdóttur, er fjallað um tenglin á milli bindindis- og kvenréttindahreyfingarinnar.

¹⁴ Árni Bjarnason, *Að vestan* 2. bindi „Ingibjörg gamla Jósefsdóttir“.

¹⁵ Oddur Oddsson, „Flakk“, bls. 242.

¹⁶ *Gríma hin nýja*, bls. 323.

¹⁷ Halldór Kiljan Laxness, *Gerpla*.

¹⁸ Helga Kress, *Máttugar meyjar*, bls. 175.

¹⁹ Helga Kress, *Máttugar meyjar*, bls. 175.

²⁰ „Sagan Esmeralda eftir Victor Hugo“, bls. 308.

²¹ Þess ber að geta að heimildir um förukonur eru til í ritformi, ljósmyndaformi og í formi þöguls kvikmyndaskeiðs, en engar upptökur eru til af röddum förukvenna.

²² Dalrún J. Eygerðardóttir, „Það var ókvenlegt að yrkja“.

²³ Um sönghefðir íslenskra kvenna sem viðkoma vinnu fjalla ég í grein minni vef. „Íslenskir svannasöngvar“.

²⁴ *Ritsafn: Theodora Thoroddsen*.

²⁵ Sumar kvennanna sungu líka í viðurvist annarra, eins og áðurnefnd Margrét Gísladóttir, sem fór upp á fötu og söng fyrir áheyrendur.

²⁶ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 146.

²⁷ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Íslenskir svannasöngvar“.

²⁸ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 146.

²⁹ Elínborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar*, bls. 92.

³⁰ Dalrún J. Eygerðardóttir, „Íslenskir svannasöngvar“.

³¹ Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsóttir, *Utangarðs?*, bls. 134.

³² Rannsókn mín á rituðum minningum af mæðrum og feðrum frá 19. öld og í byrjun 20. aldar, benda til þess að konur voru trúaðri en karlar, og miðluðu trúnni í meiri mæli til yngri kynslóða en karlar gerðu. Sjá Dalrún J. Eygerðardóttir, „Mamma mín er góð“: Minningar um mæður frá 19. öld og í byrjun 20. aldar“.

³³ Bænir eru einhliða tjáning, hvort sem þær eru mæltar af munni fram eða farið er með þær í hljóði. Biðjandinn vonast eftir áheyrn þess er valdið hefur.

³⁴ Dæmi um það er bænastund Vigdísar Ingvadóttur. Sjá Sigbór Sigurðsson, „Vigdís Ingvadóttir“.

³⁵ Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 2. bindi, bls. 43.

- ³⁶ Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalssveit, sumarið 2015.
- ³⁷ Konur hlúðu einnig að þeim aðkomumönnum sem komu á bæina. Um þá þjónustu kvenna fjallar Anna Sigurðardóttir í *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 64-67.
- ³⁸ Einnig eru til frásagnir af förukönnum sem voru hlyntari körlum en könum, en þær voru í minnihluta.
- ³⁹ Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósþær. 2018. Um förukönuna Margréti Sigurðardóttur og einsetukönuna Ingunni Sveinsdóttur.
- ⁴⁰ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum og „Drifting“.
- ⁴¹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 244.
- ⁴² Í því sambandi má nefna að *þögn er sama og samþykki* í kvennasögunni. Þann boðskap til þöggunar má finna víða s.s. í dómsskjölum, endurminningum og í skáldskap.
- ⁴³ Um þagnartjáningu kvenna í förukvennasögunni fjallaði ég um í grein minni „Drifting“. Sjá sérstaklega, bls. 6-8.
- ⁴⁴ Erla Hulda Halldórsdóttir, „The Narrative of Silence“, bls. 37.
- ⁴⁵ Guðmundur G. Hagalín ljóðið „Einstæðingur“ í *Huldu* (handskrifuð ljóðabók ungskáldanna í Menntaskólanum í Reykjavík, 1973).
- ⁴⁶ Í *Máttugar meyjar* fjallar Helga Kress um þöggun á könum á Íslandi og þögn sem tjáningarmáta kvenna. Þar segir að þöggun feli í sér að skrumskæla tjáningaform, sem getur meðal annars birst í formi *fámælgis* eða *þagnar*.
- ⁴⁷ Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, bls. 13. Um förukönuna Þjóðhildi Þorvarðardóttur.
- ⁴⁸ Magnús J. Jóhannsson, ljóðið *Seinasta förukonan*, bls. 105.
- ⁴⁹ *Skyggna konan: Frásagnir um dulþýnir og lækningar Margrétar frá Öxnafellu* 2. bindi, bls. 35.
- ⁵⁰ „Um klaustur á Íslandi“, bls. 76.
- ⁵¹ Agnes abbadís, viðtal við höfund, Karmelklaustrið í Hafnarfirði. 2018.
- ⁵² Oscar Wilde, *Dorian Gray*, bls. 16. Þýðing höfundar á textanum.
- ⁵³ Elinborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar*, bls. 85. Tilvik um konu og karl sem flökuðu í samfylgd voru systkinin í Fljótunum, Jakob (1823), kallaður Myllu-Kobbi, og Rannveig Jónsbörn (1826), kölluð Ranka. Jakob var bróðirinn, húsbóndinn og segja má drottinnarinn - því þrælslund systur hans var í reynd áunninn eiginleiki hennar vegna samskiptahátta þeirra.
- ⁵⁴ Helga Kress, *Máttugar meyjar*, bls. bls. 11. Þar fjallar Helga um tungumál með hliðsón af valdi. „Hin ríkjandi menning hefur tungumálið á valdi sínu og stjórnar því hvernig hugsanir og hugmyndir fá tjáningarform í orðum“.
- ⁵⁵ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 247.
- ⁵⁶ Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósþær. 2018. Um Ásdísi skáldkonu frá Rugludal sem einangraði sig frá umheiminum með dóttur sinni Ingunni Sveinsdóttur.
- ⁵⁷ ÞP 8678. Heimildarkona f. 1908. Sjá einnig: ÞP 8071 og ÞP 8057. Jón Jónsson fjallar um Gunnu Gestis í *Á mörkum mennskunnar*, bls. 107-108.
- ⁵⁸ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 231.
- ⁵⁹ Bréf í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar.
- ⁶⁰ „Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind), ljóðið „Ljáðu mér vængi“. Sjá *Stúlka*, bls. 180.
- ⁶¹ Erla Hulda Halldórsdóttir fjallaði um vantraust fólks á bréfaskrifum í „Af bréfaskriftum kvenna á 19. öld“, bls. 249. Sigurður Gylfi Magnússon fjallaði einnig um það efni í *Fortíðardraumar*, bls. 155: „Vissan um að bréfið lendi í höndum viðtakanda getur bæði virkað hamlandi fyrir tjáningu bréfitara en einnig hvetjandi. Stundum hikar bréfitari ef til vill við að segja nákvæmlega það sem honum býr í brjósti en einnig er hægt að hugsa sér að bréfitari noti tækifærið og létti af sér oki hversdagsins við einhver sem hann eða hún heldur að geti gefið sér góð ráð“.
- ⁶² Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*.
- ⁶³ Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga*, bls. 231-232.
- ⁶⁴ Guðný Hallgrímsdóttir, Hulda: Sjálfstjáning kvenna á 18. og 19. öld, bls. 44.
- ⁶⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Af bréfaskriftum kvenna á 19. öld“, bls. 252-253 og 256.
- ⁶⁶ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Af bréfaskriftum kvenna á 19. öld“.
- ⁶⁷ Um þann tjáningarsamruna höfundar og skrifara í sendibréfaskrifum fjallaði Erla Hulda Halldórsdóttir í grein sinni „Af bréfaskriftum kvenna á 19. öld“, bls. 255.
- ⁶⁸ Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.
- ⁶⁹ Halla Lovísa Loftsdóttir, ljóðið *Gamla bréfið*. Sjá *Stúlka*, bls. 220.
- ⁷⁰ Hugrún, ljóðið *Begga í Fuglar á flugi*, bls. 36.
- ⁷¹ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁷² Skúli Helgason, „Hún Gunna gamla á Rímanum“, bls. 427.
- ⁷³ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 243-244
- ⁷⁴ Sjá t.d. grein Nínu Bjarkar Elíasson sem tekur til hæðni kvenna í sagnadönsum, „Eru sagnadansar kvennatónlist?“. „Konur voru að mörgu leyti illa settar, en þó ekki allar af baki dottnar eins og minnst hefur verið á. Eitt vopn höfðu þær, sem ekki hefur verið nefnt, en það er hæðnin“.

⁷⁵ „Líkaminn - hvað við borðum, hvernig við klæðumst, hinar daglegu venjur sem hverfast um líkamann - er ákveðin menningarmiðlun“ skrifaði fræðikonan Susan Bordo. Sjá „The Body and the Reproduction of Femininity“. Þýðing höfundar á textanum.

⁷⁶ Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

⁷⁷ Umfjöllun um Kristínu Pálsdóttur (1787-1869) í bókinni *Utangarðs?*, bls. 44.

⁷⁸ ÞB 806.

⁷⁹ Dalrún J. Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, bls. 53. Þar fjalla ég um tilhneigingu förukvenna til að skemma ný klæði sem þeim voru gefin, í því skyni að kalla fram aukna meðaumkun. Sjá einnig: Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar*, bls. 135. Jón segir þar að förufólk hafi notið góðs af því að vera „sérkennilegt eða verið aðhlátursefni í samfélaginu“ rétt eins og að listhneigt förufólk naut góðs af hæfileikum sínum á flakkinu.

⁸⁰ Skírskotun í grein Ólínar Andrésar „Áttavilltir fuglar“, sem tákna förufólk.

⁸¹ Snorri Sturluson, *Edda*, bls. 33. *Gylfaginning*.

⁸² Í bókinni *Utangarðs?* velta höfundar vöngum yfir því hvort að frásögn ein af nafnlausri konu sem fór sníkjuferðir um Snæfellsnesið hafi máske verið um Siggu mæðu: „um annan fótinn og niður á kálfann var konan margvafin umbúðum sem benti til þes að hún væri mikið veik. Síðar átti hann þó eftir að heyra samsveitunga tala saman um það að hugsanlega væru einhver brögð í tafla hjá þessari konu. Hún væri í rauninni ekki veik, heldur gerði hún þetta til þess að afla meira á ferðum sínum“, bls. 57.

⁸³ Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar*, bls. 107-124 og Sjá einnig: Jón Jónsson, „Dúllað og tónað, dansað og leikið: Förumenn og leiklist í lok 19. aldar“, *Lesbók Morgunblaðsins* 7. júní 1997.

⁸⁴ Dulförumennska var stunduð bæði af konum og körlum. Dæmi um dulförumann má finna í grein Odds Oddssonar, „Flakk“. Umræddur maður skrökvaði um hagi sína en gerði þá skyssu að uppfæra ekki sögu sína eftir því sem árin liðu, bls. 238-239. Sjá einnig umfjöllun Jónasar Jónassonar um þann hóp förufólks í *Íslenskir hjóðhettir*.

⁸⁵ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 135.

⁸⁶ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 135-136.

⁸⁷ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 135-136.

⁸⁸ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn* bls. 141.

⁸⁹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 141-142.

⁹⁰ „Af tilefni einnar myndar í jólablaðinu“, bls. 19.

⁹¹ Sjá viðtal við mig um það efni í útvarpsþættinum *Víðsjá* (26. september 2018).

⁹² Lynn Abrams, *Oral History Theory*, bls. 92.

⁹³ Agnes abbadís, viðtal við höfund, Karmelklaustrið í Hafnarfirði. 2018.

⁹⁴ Í sambandi við sjónarhorn kvenna á förumannstéttina, er við hæfi að benda á bækurnar *Förumenn* (1939) eftir rithöfundinn Elínborgu Lárusdóttur. Um er að ræða skáldverk sem byggir sum part á raunverulegum persónum sem Elínborg mætti í æsku sinni.

⁹⁵ Þá aðferðafræði grundvallaði ég á skrifum fræðimanna á borð við Erlu Huldu Halldórsdóttur, Helgu Kress og Vésteins Ólasonar um tjáningu og þagnir kvenna í Íslandssögunni. Aukinheldur á skrifum Virginia Woolf um mikilvægi samtalslistarinnar. Sjá Erla Hulda Halldórsdóttir, „The Narrative of Silence“; Helga Kress, *Máttugar meyjur*; Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*; og Virginia Woolf, *A Room of One's Own*. Umrædd aðferðafræði er eitt umfjöllunarefni fyrrnefndrar greinar minnar „Drifting: Feminist Oral History and the Study of the Last Female Drifters in Iceland“ sem birtist í tímaritinu *Feminist Research* (2018).

⁹⁶ Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.

Tíbrá tíma og rýmis; endalok einsetukvenna og förukvenna og skörun þeirra lífsmáta

Hofgarðar í Staðarsveit áttu hjáleigu, sem hét Garðabrekka. Þar bjuggu hjón með uppkomnum börnum, þegar ég var unglingur. Þegar hjónin dóu og börnin yfirgáfu heimilið, fór Garðabrekka í eyði. Fríða bað Jón í Hofgörðum, sem þá var oddviti Staðarsveitar, að lofa sér að hafa aðsetur á Garðabrekku yfir sumarið fyrir það fyrsta, og fólk átti að færa henni mat og eldivið... Fríða dvaldi oft á Garðabrekku um sumarið, en þegar fór að hausta og veður að kólna, gekk hún á milli bæja eins og áður.¹

Einseta og flakk voru ámóta lífsmáti, svo mjög að sumar konur tileinkuðu sér báðar þessar lífsvenjur. Frásagnir af konum sem lifðu bæði einlífi og flökkulífi er ákveðin staðfesting á samsvöruninni á milli þessara tveggja lífsmáta, og sýnir hve hliðstæð kvennarými flakk og einseta eru.² Um þetta vitna skýrt einsetukonur sem flökkuðu á milli bæja á ákveðnum tíma árs, og sömuleiðis einsetukonur sem brugðu búi og tóku að flakka þegar þær gátu ekki lengur hugsað um sig sjálfar vegna elli eða veikinda og urðu þar með förukonur. Annað dæmi um not kvennanna af báðum þessum lífsvenjum er frá förukonum sem í hárrí elli sinni urðu ófærar um flakk og fengu þá húsakynni til eigin afnota þar sem þær „settust í helgan stein“ og urðu einsetukonur.

Ekki flakkaði hún um á vetrum. Hún átti lítinn kofa inn í Höfðaströnd. Þar hélt hún kyrru fyrir á vetrum. En á vorin, er snjóá leysti og fjöllin fóru að blána, dró útþráin hana. Nú fóru fráfarur í hönd, og gott var sauðabykknið, og þá varð rjóminn hnausþykkur og gróanda-smjörrið ekki amalegt, þegar að fór að roðna og verða kramt. Já, hún fékk bara vatn í munninn, er hún sá í anda búr húsfréjunnar, sá mjólkurbytturarnar standa í röðum. Og ofan á sat þykkur, rauðleitur rjóminn.³

Stundum sköruðust líka sögusvið einsetu- og förukvenna, að segja má. Dæmi um það er lifnaður förukvenna á þeim bæjum þar sem þær dvöldu hverju sinni. En af heimildum að dæma fóru förukonur afskaplega lítið út úr húsi, þar sem þær dvöldu.

Ingibjörg Hjartardóttir: Hún fór í kirkjuna á jóladag. Það var alltaf messað á Tjörn á jóladag. Þá var það eiginlega í eina skiptið sem maður sá hana fara út úr húsi, þann tíma sem hún var hjá okkur. Það var þegar hún fór út í kirkju.⁴

Heimildir um förukonur sem voru heimilisfastar á einum ákveðnum bæ þaðan sem þær flökkuðu, sýna fram á þessa hegðun förukvenna á bæjunum sem þær gerðu út frá, þ.e.a.s. að vera mikið út af fyrir sig innanstokks og halda samskiptum sínum við heimilisfólk í lágmarki. Hér er sérstaklega verið að vísa til síðustu förukvennanna, sem dvöldu oft á tíðum í nútímalegri og rúmbetri húsakynnum en förukonur fyrri alda. Frásagnir af slíkum konum svipar til einsetukvennasagna, svo sem sagnir af förukonum sem mötuðust einar og/eða eyddu miklum tíma inn í herbergjum sínum eru dæmi um. Dvöl þeirra förukvenna var því að segja má einskonar einseta inn á heimilum fólks. Það sýna sagnir af förukonum á borð við áður nefnda Margréti Sigurðardóttur, sem var í litlu samneyti við heimilismenn á bænum Hvammi þar sem hún dvaldi löngum. Þess konar heimildir sýna skýrt og skilmerkilega, að flakk og einseta var hluti af uppfinningasemi kvenna sem kusu að lifa í einrúmi í bændasamfélaginu. Þó verður að gæta að lífsmáti förukvenna fól í senn í sér sér einveru og dvöl með fólki. Slík einvera er af öðrum meiði en einvera einsetukvenna sem var gjarnan órofin.

Dalrún: Þegar hún var í Hvammi, var hún inn í herberginu sínu eða var hún með ykkur?

Ómar: Nei hún var ekkert með okkur eiginlega. Það var alveg í lágmarki sem hún var með okkur. Það var þarna smá klósett, þarna við hliðina á herberginu. Hún átti sína leið þangað og til baka.⁵

Sagnir eru líka til af föru- og einsetukonum sem neyddust vegna heilsuleysis til að hverfa frá þeim lífsmáta er þær kusu helst og tileinka sér lífsstíl sem heilsan leyfði. Förukönur urðu að hætta að flakka og setjast að á einum stað, og einsetukönur þurftu að yfirgefa híbýli sín og flytjast inn á aðra þar sem þær fengu aðstoð. Ævi þessara síðustu einstæðingskvenna íslenska bændasamfélagsins lauk í sumum tilvikum inn á elliheimilum og spítölum - inn á fjölmennustu nútímaheimilunum, stofnununum.

Þá er það einsetukonan Ólöf Gunnarsdóttir í Simbakoti á Eyrarbakka. Hún er 92 ára, þegar Guðmundur á tal við hana. Hún fær ekki að dvelja ein í kotinu að vetrinum, en er drifin á Elliheimilið í Hveragerði. „Líkar þér illa þar?“ spyr Guðmundur. „Já, það segi ég satt. Fólkið er reyndar gott og veitingarnar, ég kvarta ekki undan því. En þarna sést engin manneskja við vinnu, og ekki nokkur skepna, ekki einu sinni köttur“.⁶

Þegar Hildur nunna tók að eldast mjög, mátti hún ekki vera í kofa sínum á vetrum sakir frosts og kulda. Þá var henni fengið „varmahús“, og þjónaði henni ein kona. Lét Hildur tjald eitt hanga yfir sér, svo að hún sæi ekki þá, sem í húsið gengju.⁷

Ingibjörg Hjartardóttir: Ég man það að afa fannst ægilegt að hafa platað gömlu förukönuna, en það var aldrei til umræðu hjá henni að fara á spítala. Einhvern veginn varð þessi vergangur hennar að hætta, en hún gaf ekki samþykki sitt, þannig að hún var bara send þangað, átti ekki annarra kosta vól - var mjög ósátt.⁸



„Þessi aldraða einsetukona, sem er útslitin efur harða baráttu, hefur hreppst það hlutskipti í ellinni, að hínast alein í þessu greni, sem er snauzt að öllu sem heitir lífsþægindi nútímans, með öðrum orðum allslaust“

Einseta er lífsmáti sem aldrei hefur lagst af, ólíkt förlífinu. Samhliða tilkomu þéttbýlis þá breyttust skilyrði fyrir konur að búa út af fyrir sig á fleiri en eina vegu. Ýmsir nýtilkomnir húsnæðismöguleikar er fylgdu þéttbýlinu sköpuðu aukin tækifæri fyrir konur að búa einar og sér. Þessar breytingar fólu í sér að birtingarmynd einsetunnar varð fjölbreyttari. Því auk þess að búa í smáhýsum og kofum þá gafst á mölinni tækifæri til að búa í íbúðum og herbergjum. „Einsetubúskapur“ í fjölbýli var eðli málsins samkvæmt alger nýjung enda bauð torfbæjarmenningin ekki upp á slíkt einsetulífni.⁹

Auk þessarar stofu var þarna á loftinu ofurlítið kvistherbergi með austurglugga. Þjó þar gömul einsetukona, hæglát og góð viðskiptis.¹⁰

Við bjuggum hérna í húsi sem hét Götuhús. Það var beint á móti kirkjunni, hinum megin við götuna bara... Og í þessu húsi voru tvær fjölskyldur. Það voru þrjár fjölskyldur í rauninni. Niðri voru fósturforeldrar mínir og tvö börn þeirra og ég, en uppi var systir fóstru minnar líka með tvö börn og svo í þessu sérherbergi niðri var einsetukona, hún var þrjónakona og stundaði alls konar störf... það var svona einholumaskína sem eldað var á og hitaði um leið, en einsetukonan hafði bara olíuvél.¹¹

Er líða tók á 20. öldina komu til miðlar sem með flutningi fréttu og öðru efni rufu upp að ákveðnu marki einangrun einsetufólks, sem vildi nýta sér þessa miðla s.s. dagblöð og útvarp eru dæmi um. Aukinheldur höfðu breytingar í samgöngumálum mikil áhrif á líf einsetukvenna, líkt og förukvenna.

(Um einsetukonuna Jóhönnu Þórðardóttur (1893-1971) á Arngerðaevni) Jóhanna á sæmilegt útvarpsviðtæki, og hlustar, skildist mér allmikið á útvarp. Henni þótti verst, hvað jazzinn fær mikið rúm í dagskránni. Aragrúi af fjölskyldumyndum í bogadregnum römmum eins og myndir af langfeðgum Reykvíkinga, prýddu veggina. Hún sýndi mér ýmsa úr ætt sinni, enda á hún til gáfu og merkismanna að telja. Hún sagðist heldur vilja hafa þessar myndir hjá sér en „bölvað abstraktið, sem ku vera slett á vegg í Reykjavík nú orðið.“¹²

Flestir munu hafa heyrt Helgu á Engi í Mosfellssveit getið. Helga er einhver mesti kjarnakvenmaður sem um getur, aðsópsmikil og víkingur til verka. Sem sagt kvenskörungur hinn mesti. Helga hefur búið að Engi um árabil og byggt þar hús af eigin rammleik, og hefur það þótt ganga kraftaverki næst, hvernig þessi merka einsetukona hefur getað klofið slíkt stórvirki... Svo bar við fyrir nokkrum mánuðum að lítil flugvél lenti á túninu að Engi. Mun eitthvað hafa farið úrskaiðis í rellunni - og svo mikið er víst, að hún var skilin eftir að Engi í vörzlu Helgu. Helga, sem hefur gríðarlegan áhuga á vélum og mekkanísma, gat af hyggjuviti sínu komið vélinni í gangfært ástand og lét ekki þar við sitja, heldur hóf að æfa sig í flugi. Nágrannarnir voru að sjálfsögðu skelfingu lostnir út af þessum umsvifum. Og sagt er að yfirmenn pósts og síma hafi verið argir í meira lagi, þar sem Helga flaug gjarnan á símalínur og önnur mannvirki þeirrar stofnunar - og þarf ekki að spyrja um afleiðingarnar. Eitt sinn fréttist af rollu í sjálfheldu í Esjunni og ferðbjó Helga sig þá í snarheitum, tók sér haglabyssu í hönd og hugðist fljúga yfir staðinn og lóga skepnunni. Þessu flugi tókst þó að afstýra!¹³



Anna á Hesteyri (1929-2009). „Maður veit aldrei hvað lífið ber í skauti sér. Nei, mig langar ekki í burtu og kannski getur maður alveg orðið einsetukerling, úr því maður er kominn yfir það versta“.

-
- ¹ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn*, bls. 247-248. Helga segir hér frá förukonunni Jófríði Þorkelsdóttur.
- ² Doreen Massey, *Space, place and gender*, bls. 120. Massey fjallar um það hvernig hugmyndir um rými (e. *space*) séu ekki aðeins bundnar við landsvæði, heldur við fleiri þætti á borð við félagsleg tengsl og menningu. Þar af leiðandi er rými ekki háð ákveðnu svæði, heldur getur það teygst anga sína, óháð tíma, og tekið á sig ýmis form. Það gildir um til dæmis kvennaflakk og einsetu kvenna.
- ³ Elínborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar*, bls. 91. Um förukonuna Sigríði sem kölluð var Hunda-Sigga.
- ⁴ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019. Um förukonuna Kristínu Jónsdóttur.
- ⁵ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018
- ⁶ Guðmundur Gíslason Hagalín, „Skáld í önn“, bls. 10.
- ⁷ Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* 1. bindi, bls. 71.
- ⁸ Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019. Um förukonuna Kristínu Jónsdóttur.
- ⁹ Heimildir um líf íslenskra einsetukvenna teygja anga sína víða, um dali, yfir heiðar, efir strandlengjum, og út fyrir landsteinana, allt leið til Vesturheims: „Nýlega er látin hér í bænum Ingibjörg Árnason, að Agnes St., gömul einsetukona“.
- ¹⁰ „Mjólk höfðum við nær aldrei“, bls. 65. Hér er vitnað til Melstaðarhússins á Sauðárkróki, þar sem Theódór Friðriksson rithöfundur bjó.
- ¹¹ ÞP 7152. Á Eyrarbakka. Heimildarmaður: Vigfús Jónsson (f. 1903).
- ¹² „Brunninn bátur og einbúi á Arngerðareyri“, bls. 9-41. Um einsetukonuna Jóhönnu Þórðardóttur á Arngerðareyri
- ¹³ „Listflug og skrautreið í Mosfellssveitinni“, bls. 1 og 4. Helga var einsetukona á sinn hátt. Frásögn þessi er skemmtilegt dæmi um það hvernig örar breytingar á 20. öldinni þ.m.t. í samgöngum breyttu lífi kvenna sem lifðu sjálfstæðu lífi.

Jaðarkonur samtímans; hugvekja um konur á jaðri borgarinnar

Góðir Íslendingar

Ógæfusöm kona við Austurvöll
hellir kogara í kók.
Við eigum eflaust fleira sameiginlegt
en kosningaréttinn
þó ég komi því ekki fyrir mig.

Frá heimkynnum mínum
til hennar
er vandratað

til að finna hana
þarf fleiri vegvísa
en Alþingishúsið.

Ef hún leitaði mín
fyndumst við heldur aldrei
í alfaraleið.¹

(Sigríður Jónsdóttir, ljóðskáld)

Áður en þessari frásögn af einlegðarkonum lýkur, þá er við hæfi að víkja orðum að jaðarkonum þéttbýlisins. Þær nútímans konur tilheyra öðrum jaðri en jaðarkonur gamla bændasamfélagsins sem hér hefur verið fjallað um, förurkonurnar og einsetukonurnar. Því jaðar hvers tíma er skapaður af samfélagsgerðinni sem ræður ríkjum; samfélaginu sem ákvarðar hvað er eðlilegt og hvað er óeðlilegt, og dæmist því til dvalar á jaðri samfélagsins. Færa má þó rök fyrir því að lífssaga íslenskra kvenna á jaðri samfélagsins sé ein samfelld saga sem og ímyndir og viðhorf er þær varða - allt frá landnámi til dagsins í dag. Þar er vísað til þess að jaðarkvennasaga sé ein heildarfrásögn sem grundvallast á mörgum keimlíkum örsögnum af konum sem lifa að segja má á útmörkum samfélagsins. Þær jaðarkvennasögur eru líkt og stöðluð tónðæmi sem óma í sífellu án viðstöðu í bakgrunni Íslandssögunnar, þó svo að söguviðið og sjálfar jaðarkonurnar hafi sannarlega tekið breytingum í gegnum aldirnar. Því lífssaga allra kvenna sem eru á jaðri samfélagsins er ofin sömu þráðunum í grunninn; andlegum veikindum, fátækt, erfiðum uppvaxtarárum, kynbundnu ofbeldi, sérstökum persónuleika, og fleiri þáttum sem reifaðir hafa verið í bókinni.

(Reykjavík) En amma hafði fleiri kvöldverkum að sinna. Í Bjarnaborg bjó gömul einkennileg kona sem kölluð var Marsa. Margir álitu hana norn og ekki var hún árennileg. Hún var venjulega klædd í svartar druslur með svarta skuplu. Hún þótti vita lengra en nef hennar náði og fengu sumir hana til að spá. Hún hefur sjálfsagt verið greind og var mér sagt að hún hafi verið myndarstúlka en bilast er maður sveik hana, ekki veit ég um sönnur á því. Þessari gömlu konu færði amma alltaf vatn á kvöldin. Líklega hefur hún

ekki viljað biðja sambýlisfólk sitt um vatn en hún hafði ekki eldhús. Ég gisti stundum hjá ömmu og eitt sinn fór ég með henni til Mörsu. Hún var ekkert mjúk á manninn þó að amma væri að gera henni þennan greiða og sendi hana eftir einhverju. Amma skildi mig eftir hjá henni á meðan. Þetta var hræðileg stund. Aðra eins vistarveru hef ég aldrei séð. Þarna var þykkt ryklag á öllu og sótflygsur héngu niður úr loftinu. Marsa var svo sérvitur að enginn fékk að þrifa í kringum hana, en hún var orðin gamalmenni. Hún vildi vera góð við mig og ætlaði að gefa mér kandís og molasykur sem hún geymdi í kistli við rúmið sitt. Ekki hafði ég lyst á þessu en þorði ekki að segja það, stakk því í vasann og sagðist ætla að eta það seinna.²

Borgar- og bæjarsamfélag hóf innreið sína hérlandis með tilheyrandi áhrifum á fólkið á jaðrinum. Jaðarinn hvarf vissulega ekki og þar dvaldi og dvelur enn úrkast samfélagsins. Með tilkomu þéttbýlismyndunar jókst hins vegar fjölbreytnin á jaðrinum. Því konur og karlar hófu dvöl utan samfélags á nýjum forsendum. Jaðarinn laut þó sömu lögmálum sem fyrr. Líkt og jaðar bændasamfélagsins þá var hann rými sem fóstaraði fólk á flótta frá samfélaginu og gerði útleið þeirra mögulega. Afstaða almennings til síðari tíma jaðarsettra einstaklinga, hafði einnig samsvörun við afstöðu fólks í sveitasamfélaginu til jaðarsettra fyrr á tíð.

Ómar Ragnarsson: Þetta var svo mikil stökkbreyting að koma frá Reykjavík. Að vísu vorum við með svona karaktera í Reykjavík, eins og Odd af Skaganum, en ekki svona eins og Möngu förukonu. Maður þekkti til rónanna sem voru niðri í bæ, í Hafnarstrætinu. En sem krakki, þá sá maður þá svo lítið.³

(Laufey Jakobsdóttir) Konurnar áttu líka sína fulltrúa meðal utangarðsfólks. Ein þeirra var Anna Guðmundsdóttir, öðru nafni Vestmannaeyja-Anna. Hún kom oft að heimsækja mig á Hlemm og síðar á klósettið í Grjótagötu. Þá var hún jafnan drukkin og auk þess með alla vasa fulla af pillum. Hún sagði mér margt úr viðburðaríku lífi sínu sem að mestu leyti snerist um karla. Það sem kom mér mest á óvart var hversu breiður hópur karlmanna notfærði sér eynd hennar. Hún nefndi nöfn margra þekktra manna í þjóðfélaginu. Þetta voru heldri menn í háum stöðum sem þótti gott að notfæra sér veikleika þessarar ógæfukonu. Það yrðu líklega margir hissa ef ég birti öll þau nöfn í þessari bók. Hún sagði mér líka ljótar sögur af hernáminu. „En þeir máttu þó eiga það að þeir borguðu betur,“ sagði Anna spösk á svip. En mér var ekki hlátur í huga og fannst oft sem Anna og Gunna Stöng væru eins og brotajárn frá hernum. En þrátt fyrir allt átti Anna það til að skopast að sjálfri sér og lífi sínu. Eftirfarandi saga af henni lýsir því ef til vill best: Einu sinni var hún að koma úr skipi og hafði hverfi höfði sínu að halla. Þá sá hún lítinn skúr uppi í kolakrananum við höfnina og klifraði þangað upp og sofnaði. Þegar hún vaknaði löngu seinna áttaði hún sig ekki á því hvar hún var stödd og steig út úr kofanum og stakkst á höfuðið niður í kolabinginn. „Það kostaði þrjá mánuði á sjúkrahúsi“, sagði Anna og hló. Hún sagði mér líka að um tíma hefði hún búið með karlmanni sem hafði farið mjög illa með hana. Hann tók af henni alla peninga og notfærði sér hana á allan hátt. Þá leitaði Anna á náðir Félagsmálastofnunnar þar sem hún fékk peninga fyrir mat sem hún borðaði síðan í laumi til þess að óþokkinn tæki ekki frá henni matinn. Okkur Önnu varð vel til vana og þá einkum eftir að hún flutti í Grjótagötu 14b hér fyrir neðan. Þá heimsótti hún mig oft og við spjölluðum saman um heima og geima. Undir það síðasta var hún farin að minnka áfengisneysluna og var orðin nokkuð lasburða. Í fyrrasumar leið nokkur tími án þess að ég sæi hana. Þá fór ég að grennslast fyrir um hana og hringdi meðal annars til lögreglunnar og spurðist fyrir um hana. Þar var mér sagt að hún væri komin á kvennaheimilið Amtmannsstíg. Ég lét það gott heita enda ekki óeðlilegt þar sem hún hafði áður dvalið þar. Ég frétti síðan ekkert af Önnu næstu vikurnar. Það síðasta sem ég sá til hennar var þegar hún var borin út af heimili sínu látin. Þá kom á daginn að hún hafði dáíð

ein og yfirgefin á heimili sínu og legið þar í margar viku án þess að nokkur saknaði hennar. Það var ekki fyrr en megn óþefur fór að berast frá íbúðinni hennar að einhverjum datt í hug að hringja á lögregluna. Þessi sorgarsaga er ekkert einsdæmi. Ég veit um marga útigangsmenn sem hafa borið beinin einir og yfirgefnir í einhverju greini í borginni og dauði þeirra ekki uppgötvast fyrr en líkin tóku að rotna og tilheyrandi lykt.⁴

Jaðarkonur borgarinnar hafa þann samnefnara að lífshættir þeirra eru með þeim hætti, að það er engum blöðum um það að fletta að þær konur tilheyra jaðri samfélagsins.⁵ Hér koma við konur sem hafa gengið undir ýmsum nöfnum á 20. og 21. öldinni; drykkjukonur; rónakonur; fiklar; vímuefnaneytendur; heimilislausar konur; ógæfukonur; vændiskonur; hórur. Einnig koma fyrir samheiti sem vísa til þess hvar konurnar „er að finna“; portkonur; götuhórur; og einnig útigangskonur sem er að segja má heiti samtímans yfir förurkonur þéttbýlisins. Með tilkomu jaðars borgarsamfélagsins breyttist atferli og viðmið jaðarins. Nýtilkomin hegðunarmynstur kvenna í borgarsamfélaginu ljáði konum sannarlega ný rými til athafna, sem veitti þeim frelsi frá ríkjandi samfélagsgerð. En þau nýfengnu rými kvenna til athafna voru samt sem áður undir miklum áhrifum frá rötgrónum viðhorfum um hlutverk kvenna í samfélaginu, í feðraveldinu.⁶ Vímuefnaneysla kvenna er dæmi um hegðun þar sem neysla umfram það sem þykir við hæfi jaðarsetur slíkar konur sjálfkrafa.⁷

Fram eftir öldum eru fáar heimildir um konur sem lifðu á útmörkum borgarsamfélagsins í félagslegum skilningi. Að undanskildum heimildum um eitt helsta umbrotaskeið jaðarkvennasögunnar sem átti sér stað á tímum hernámsáranna:⁸ „Hernámsárin eru svolítið sérstök, það kom svo mikið rót á alla“.⁹ Endurminningaskrifin *Misjöfn er mannsævin* er einstök heimild um borgarjaðarinn frá hernámsárunum. Bókin byggir á sjónarhorni barns sem dvelur að segja má á jaðarsvæði Reykjavíkur, í umsjá móður sinnar sem átti við fíknivanda að etja og stundaði vændi sér og syni sínum til framfærslu: „Önnur kona flutti líka inn í íbúðina í skjóli mömmu, og þær fóru stundum saman um borð í skip í gleðileiðangra“.¹⁰ Það sem vekur athygli í frásögn höfundar er að borgarjaðarinn kemur um margt fyrir sjónir eins og jaðar bændasamfélagsins, máske því að sjónarhorn barnsins er ráðandi í þessari frásögn, líkt og gjarnt var í förurkvennasögnunum. Þar af leiðandi formast gamalkunnugar ímyndir jaðarkvenna úr sögunni á blaðsíðum bókarinnar, ímyndir sem þar var búið að færa í nútímabúning: Tröllskessan stígur á sögu svið borgarinnar í formi drykkjukonunnar, og huldukonan í formi vændiskonu sem tælir karla og hverfur með þá „inn í bjargið“. Útilegukona óbyggðanna speglast í heimilislausu konunni á strætum Reykjavíkur; konunni sem á engan griðastað og um leið engan varnarstað til skjóls gagnvart þeim sem fundu sig í að beita slíkar konur ofbeldi. Bókin *Misjöfn er mannsævin* miðlar líka þeim erfiðu aðstæðum sem jaðarsettar einstæðingsmæður stóðu frammi fyrir í þéttbýlinu, þar sem fjárhagserfiðleikar og yfirvofandi ógnin um að börn þeirra væru tekin af þeim var daglegt brauð. Í bókinni sést, sem og í öðrum heimildum, að þegar jaðarkonur og annarra manna börn mætast á förnun vegi, hvort sem það var á slóðum bændasamfélagsins eða borgarsamfélagsins, þá má oft greina þörf jaðarkvennanna til að miðla einhvers konar væntumþykju eða reynslu til barnanna; kvenna sem margar hverjar höfðu misst sín eigin börn.

Ég vildi ekki klöngrast aftur um borð í skipið og hélt því frá höfninni að gömlum bát, sem var í námunda við Fiskifélagshúsið. Þar hafði ég sofið áður. Stundum var ég einn þar, en oft voru einhverjir þar, karlar og konur, sem áttu ekki samastað, og svo var nú. Þarna voru ein kona og tveir karlar. Þau voru ekki full, en voru samt með vín. Ég ætlaði að hörfa frá, en þau kölluðu til mín og buðu mér að koma inn í bátshróið. Ég átti ekki margra kosta vól og þáði því boðið. Konan lét sér annt um mig og hagræddi fatadruslum og sagði við mig, að ég gæti vel sofið þarna. Ég lagðist fyrir, en hafði ekki neitt ofan á mér, og varð mér því fljótlega hrollkalt. Konan skipaði þá öðrum mannum, sem var í frakka, að fara úr honum. Hann maldaði í móinn, en konan sagðist krafla úr honum augun, ef hann færi ekki úr frakkanum og breiddi

ofan á mig. Hann gerði það og bölvaði svolítið, en viðmót hans lagaðist, þegar ég týndi brauðmatinn úr vörum mínum og fékk þeim, því þau voru svöng, og brauðið hvarf ofan í þau á svípstundu. Mér hitnaði undir frakkanum og sofnaði fljótt. Þegar ég vaknaði, var orðið hjart, og konan og mennirnir töluðu um, hvar hægt væri að fá eitthvað í svanginn. Þau höfðu enga peninga og vantaði mat. Konan sagðist vilja fara inn í þvotthúsið hjá Sigurði skálda. Þar væri alltaf til slátur og súr hvalur. Hún sagðist þekkja Sigurð skálda svo vel, að það væri alveg óhætt, að þau tækju sér svolitinn bita hjá honum. Ég fór með þeim, og það var mikið étið af slátri, lundaböggum og súrum hval og bringukollum, sem mér þóttu lostæti. Þegar allir voru búnir að næra sig, var haldið af stað, og var ferðinni heitið að veitingahúsinu Öldunni, en þar var ég vel kunnugur, því að mamma fór oft þangað. Þar fékk ég alltaf pönnukökur og kleinur hjá veitingakonunni, sem mig minnir, að hétu Guðrún. Hún var mér alltaf góð og yndisleg.¹¹



Mynd úr bókinni *Misjöfn er mannsevin*

Það sem einkennir jaðar bæjar- og borgarsamfélaga öðru fremur er lítill sýnileiki hans. Jaðar þéttbýlisins er sem hulduborg; rými sem byggir á lögleysi og/eða regluleysi, líkt og undirheimarnir (nútímans óbyggðirnar) eru gott dæmi um. En þrátt fyrir að jaðarsamfélag þéttbýlisins sé rými sem stendur að mörgu leyti fyrir utan regluvirki hins opinbera samfélags, þá grundvallast hann líkt og sveitajaðarinn, á formföstu regluvirki feðraveldisins, svo sem ofbeldi karla gagnvart konum vitnar um. Jaðarinn er því einnig karllægt svæði, enda eru það völd karla sem undirbyggja jaðarsvæðin, hvort sem sá jaðar mótast af heimilisleysi, notkun og sölu vímuefna, eða vændissölu. Tvíbent frjálsræði lítilmagnans í faðmi jaðarsins má líka sjá í gamla sveitasamfélaginu, s.s. í óbyggðunum í útilegumannasögnum þar sem mansal o.fl. tengdir glæpir gegn konum viðgengust.

Eva þekkir lífið á götunni af eigin raun. Hún var heimilislaus í yfir áratug, frá 13 ára aldri. Lífið á götunni er ekkert sældarlíf. Það einkennist af ofbeldi, þ.m.t. nauðgunum og vændi. Úrræðin eru afar fá og heimilislausar konur mæta öðru viðmóti í kerfinu heldur en „venjulegar“ konur. Væandið sem konurnar eru í er ekki af fúsum og frjálsum vilja. Þær eru neyddar í vændi og eiga von á miklu og grófu ofbeldi ef þær ekki samþykkja það.¹²

Útilegumannsaga: Kolur stóri drekkur oft fjóra potta af brennivíni á dag og fer um fjöll og firnindi ríðandi á gandreið og hefur kvenfólk hvar sem hann getur eins og djöfulóður andskoti.¹³

Þegar ég seldi mig í fyrsta skipti þá var ég bara ein. Þá var ég að taka stúdentsprófin. Ég var líka að vinna á hóteli á þeim tíma og það var alltaf karl að hringja á hótelið, svona ógeðslegur dónakarl. Hann sagði að hann myndi borga mér 10 þúsund kall fyrir að sofa hjá sér. Og ég gerði það. Bara fikn.¹⁴

Táknmynd jaðarkvenna borgarsamfélagsins, rétt eins og jaðarkvenna sveitasamfélagsins, byggir aðallega á hugmyndum um líkama þeirra kvenna. Kvenlíkaminn hefur löngum verið táknmynd fyrir ólík gildi samfélagsins, líkt og sagn- og kynjafræðingurinn Þorgerður H. Þorvaldsdóttir hefur fjallað um: „Táknmyndir hins kvenlega í íslenskri þjóðarvitund eru spennandi viðfangsefni, því þar fléttast saman hugmyndir um konur, náttúru, menningu, þjóðerni og hreinleika, og mynda margslungið tengslanet“.¹⁵ Jaðarkvenlíkaminn stendur fyrir neikvæð viðhorf gagnvart konum og er rótgróið minni í Íslandssögunni; rótlaus kvenlíkami í feðraveldinu, sem vitnar um agaleysi kvenna í feðraveldinu, og um leið framandleika, ókvenleika og óhreinleika. Jaðarkonur birtast iðulega í sögunni og í bókmenntum sem ásýnd ókvenlíkamans - corps grotesque. Líkami jaðarkvenna stendur í röðum af gömlum og nýjum vörðum á sléttum sögunnar og minnir konur á að þessa leið eiga þær ekki að feta - kvenfegurðina og hreinleikann er að finna á næsta slóða. Þessi birtingarmynd jaðarkvenlíkamans getur þó líka verið vopn í höndum kvenna, líkt og skrif skáldkonunnar og myndlistakonunnar Ástu Sigurðardóttur (1930-1971) vottar. Hér er brot úr smásögu hennar *Súperman* þar sem grótesk ásýnd portkonu kemur við sögu og svíðandi háð hennar í garð íslensku karlmennskunnar.

– Sæl, sagði hann. Ertu úr strætinu?

Stúlkan gapti upp á hann. – Ha? sagði hún. Hvaða þræti? Hún var smámælt og velti völu

– Hafnarstræti.

– Nei. Því spyððu að þí?

– Af því bara.

Stúlkan þagði og mældi hann með augunum. Hann reyndi að rétta dálítið úr sér - hann varð að vera kaldur og öruggur, þekkja á kvenfólkið - hann varð að fá að tal avið hanna þó að hún væri tannlaus og óféleg. Hann tók í handlegginn á henni. - Talaðu við mig elskan - komdu með að skemmta þér --

Stúlkan vatt sig af honum.

_ O þvei! Hvaða peninga ætli þú eigið!

Það stóð dálítið í honum, - hann átti enga peninga. Það hnusaði í stúlkunni.

- Þú átt hvoðki peninga né brenniví. Ég eð ekki með þoleiðis ðæfli.

Hann sleppti henni og hörfaði. Honum sýndist hún skiptast í tvennt, þær stóðu þarna tvær bálvondar og ógnandi. En það var bara af því hann var svo skrýttinn í augunum. Hvað átti hann að gera - hún vildi ekki með hann hafa!

- Viltu þá ekki kana? spurði hann loks hikandi. Honum hafði dottið ráð í hug. Stúlkan leit snöggvast á hann og vottaði fyrir áhuga í svipnum.¹⁶


Ein helsta breytan í tengslum við aðbúnað fyrir jaðarsetta einstaklinga í íslensku samfélagi, er tilkoma stofnana sem veittu sértæka þjónustu, svo sem geðspítalar eru dæmi um.¹⁷ Fyrir tíma stofnanavæðingarinnar þá má sjá að einstaklingar studdust við gamalkunnar leiðir þeirra sem komu úr bændasamfélaginu, til að lifa af í hinu nýja og vaxandi borgarsamfélagi: „Á þessum árum var mikil umferð af betlurum. Aldrei fór neinn svo frá því heimili, að hann fengi ekki eitthvað í pokann“.¹⁸ Þegar þjónusta gagnvart jaðarsettum einstaklingum færist svo í aukana, þá er ljóst að þjónustan var ekki alltaf ætluð jaðarsettum konum. Því til rökstuðnings má nefna að opinber þjónustuúrræði fyrir heimilislauða og/eða einstaklinga með fíknivanda, var löngum einungis miðuð að körlum.¹⁹ Sökum skorts á úrræðum fyrir konur sáu félagasamtök kvenna um að þjónusta konur sem áttu við félagslegan vanda að stríða, og gera enn í dag. Hluti af þeirri vinnu felst í því að þrýsta á um umbætur við yfirvöld, öðru fremur til að koma á úrræðum sem taka mið af reynsluheimi kvenna og til að framþróa þau sem fyrir eru, eins og starfssemi Rótarinnar - félags um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda, er dæmi um. Því jaðarkvennasaga nútímans sýnir, að kerfið mismunar konum með hliðsjón af kynferði þeirra og lífssögu, öðru fremur þeim konum sem lifa á jaðrinum.

Svala Jóhannesdóttir, verkefnastýra Frú Ragnheiðar. Þær eru mjög meðvitaðar um það, að þær hafa ekki sama trúverðugleika og aðrar því þær voru undir áhrifum (vísar til þess þegar konur með fíknivanda leita sér hjálpar eftir að hafa verið nauðgað). Það er bara þannig. Það eru rosa miklir fordómar í kerfinu gagnvart þeirra neytlusögu.

Nafnleynd/starfskona er sinnir störfum í þágu jaðarsettra kvenna. Ég myndi ekki einu sinni gera það. Ég myndi fara mínar eigin leiðir. Ríkið er ekki að standa með þolendum á neinn hátt. Ég myndi örugglega bara finna mitt réttlæti með einhverjum konum. Ég ætti kannski ekkert að vera að ræða það hér. En ég myndi gera það. Ríkið er ekki að standa með þolendum, á engan hátt. Fólk er að upplifa annað áfall, það að mál skulu vera lögð niður. Og við búum í sömu litlu borginni. Það er rosalegt.

Sé litið um öxl þá má sjá að það voru konur sem skipuðu lykilhlutverk hvað varðar aðhlyningu og/eða stuðning gagnvart jaðarkonum bændasamfélagsins. Það þarf ekki að undra, því umönnunarstörf hafa einatt fallið í skaut kvenna. Hið sama gildir um málefni kvenna á jaðri borgarsamfélagsins, þar sem konur hafa alltaf verið í sporgöngu hvað varðar nýsköpun á úrræðum fyrir jaðarsettar konur. Af þeim konum má sem dæmi nefna kvenréttindabaráttukonuna Laufeyju Jakobsdóttur (1915-2004), sem um var skrifuð bókin *Lífsbók Laufeyjar* sem er einstök heimild um borgarjaðarinn. Á sínum efri árum starfaði Laufey sem borgarstarfsmaður á Hlemmi, og síðan sá hún um klósettstarfsemi í Grjótaþorpinu og í Bankastrætinu, sem kallað var Núllið.²⁰ Það starf vann Laufey að miklu leyti kauplaust, í því skyni að skapa umkomulausum rými í borg sem gerði ekki ráð fyrir tilvist þeirra.

Starfið á Núllinu var í rauninni mjög svipað því sem ég þekkti af Hlemmi. Þangað vandi sama fólkíð komur sínar nema hvað þetta voru eingöngu konur - enda kvennaklósett.²¹



Laufey Jakobsdóttir

Annar frumkvöðull á þessu sviði manngæskunnar hérlandis er mannfræðingurinn Helga Þórey Björnsdóttir. Með rannsókn sinni á högum heimilislausra á Íslandi frá 2004, sýndi Helga fram á nauðsyn þess að stofna athvarf fyrir heimilislausar konur á Íslandi, líkt og stóð þá þegar körlum til boða.²² Í kjölfarið var Konukot stofnað fyrir tilverknað Reykjavíkurdeildar Rauða Krossins. Að neðan er vitnað í viðtöl mín við Þóreyju Einarsdóttur, sem unnið hefur í Konukoti frá stofnun þess, og Svölu Jóhannesdóttur, fyrrum verkefnastýru Konukots og núverandi verkefnastýru Frú Ragnheiðar, sem þjónustar einstaklinga sem nota vímuefni í æð. Sýn þeirra beggja vitnar um hið mikilvæga starf sem kotið sinnir í þágu kvenna af konum, bæði starfskonum og sjálfboðaliðum.



Konukot



Þórey Einarsdóttir: Það sem mér fannst áhugavert við auglýsinguna, var opnun athvarfs. Ég reiknaði með að geta aðstoðað, konuna, gráhærðu, síðhærðu, gömlu sem fer ofan í ruslafötur á Laugarveginum. Hjálpa henni varðandi þrif og umhirðu. En annað kom á daginn... Við höfðum 18 daga til að koma húsinu í það horf að við treystum okkur til að bjóða gestina velkomna. Rauði Krossinn rak athvarfið fyrstu tvö árin. Reykjavíkurborg var þátttakandi í upphafi, reyndar bara í orði. Þeir töldu ekki nauðsyn á því. Þeir stóðu engu að síður við munnlegan samning sem kvað á um að borgin legði til húsnæðið.²³



Svava Jóhannesdóttir: Konurnar sem koma til okkar í Konukot, við berum virðingu fyrir því að þær eru á þessum stað, því þetta er merki um survival, að lifa af. Sumar hafa sagt að þær voru bara á þessum tímupunkti: „Annað hvort held ég áfram að nota þetta vímuefni eða ég enda þetta líf“. Ég hef sagt það áður, konurnar sem eru á þessum stað í lífinu, þetta eru sterkustu konur landsins. Af því að það sem þær hafa upplifað og lifað af, er ótrúlegt. Ég væri löngu dauð myndi ég halda. En þær hafa rosalega mikinn lífsvilja og lífsorku, og þær standa upp aftur og aftur. Þær eru survivors. Þær kunna að ganga í gegnum erfiða hluti. Ég er ekki að segja að þannig viljum við hafa það. En bara til að lýsa því - því það er oft talað um þessar konur eins og þær séu svo miklir aumingjar og grey. Það er sko ekki þannig. Þessar konur kunna að surviva. Við berum ótrúlega mikla virðingu fyrir þeim. Sama hvað gerist, þær stíga upp. Þær hafa svona seiglu í lífinu og þennan lífsvilja. Við sem komum að starfsemi Konukots berum virðingu fyrir þeim.²⁴

Í grunninn er íslenska jaðarkvennasagan lífsbaráttusaga kvenna, sem berjast fyrir tilvist sinni í samfélagi sem gerir ekki ráð fyrir aðstæðum þeirra. Saga kvenna á jaðrinum heldur áfram óslitin, líður áfram, hulin, á torsóttum slóðum, þó löngu sé kominn tími á söguskil.

Lokaorð

Alein

Morgun einn vaknaði konan
alein í grárri birtu
fann enga jörð
undir fótum sér
sá engan himin
yfir höfði sér
heyrði ekki neitt
nema djúpan nið
þagnarinnar

Vissi
að nú
var hún loksins frjáls

(Ingibjörg Haraldsdóttir (1942-2016))

-
- ¹ Sigríður Jónsdóttir, *Undir ósýnilegu tré*, bls. 40.
- ² Gerður Magnúsdóttir, „Svípmyndir úr Skuggahverfi“, bls. 3.
- ³ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ⁴ Laufey Jakobsdóttir (1915-2004) segir hér frá Vestmannaeyja-Önnu. Sjá Ragnheiður Davíðsdóttir, *Lífsbók Laufeyjar*, bls. 146.
- ⁵ Hvað sagnfræðilegar rannsóknir á jaðarkonum samtímans varðar þá hefur lítið sem ekkert verið fjallað um þá kvenhópa út frá sagnfræðilegu sjónarhorni, að undanskildri MA-ritgerð (2017) höfundar á samtímasögu jaðarkvenna „Konur eru konum bestar“. Sú ritgerð mín fjallar um jaðarsetningu kvenna í íslenska velferðarkerfinu. Hins vegar er úr miklu fræðilegu efni að móða varðandi jaðarkonur samtímans á sviði félagsvísindanna.
- ⁶ Benda má á áður nefnda áhugaverða rannsókn Yvonne Svanström á flakki og vændi með hliðsjón af sænskum lögum. Sjá „Prostitution as Vagrancy: Sweden 1923-1964“.
- ⁷ Dæmi um heimild sem vitnar til vaxandi áfengisneyslu kvenna samhliða vaxandi þéttbýli á Íslandi, eru lýsingar á drykkju kvenna í sjálfsævisögum *Minningar* eftir Guðrúnu Borgfjörð (f. 1856).
- ⁸ Með tilkomu hersins, fyrst þeim breska og síðan þeim ameríska, myndaðist alveg nýtt sögusvið hérlendis sem útvíkkaði að segja má jaðar samfélagsins; *ástandið*. Hið svokallaða ástand formaðist af neikvæðum viðhorfum Íslendinga gagnvart samskiptum íslenskra kvenna við Breta og Bandaríkjamenn sem hersátu landið í seinni heimsstyrjöldinni. Mikil ólga skapaðist þessu tengt, sérstaklega á meðal íslenskra karlmannna. Þess háttar aðför gegn konum sem áttu, eða voru sakaðar um að hafa átt í sambandi við aðflutta hermenn, átti sér margar erlendar hliðstæður í stríðinu og eftir stríðið. Umrætt tímabil í Íslandssögum og sögu Evrópu, var að segja má nútímaútgáfa af galdrafárinu sem geysaði í Evrópu á 16. og 17. öld, þar sem konur voru sakaðar um að sofa hjá djöflinum, og hlutu fyrir það refsingu, s.s. með líkamlegum pyntingum og/eða lífláti. Fjallað hefur verið um ástandið af t.d. Eggert Þór Bernharðssyni „Blóraböggjar og olnbogabörn“ og af Hrafni Jökulssyni og Bjarna Guðmarssyni í bókinni *Astandið: Mannlíf á hernámsárunum*. Einnig má geta rannsóknar Agnesar Jónsdóttur, „Ástandið: Þáttur í barnaverndarsögu Íslands“.
- ⁹ Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.
- ¹⁰ Geir Hansson (dulnefni), *Misjöfn er mannsævin*, bls. 88.
- ¹¹ Geir Hansson (dulnefni), *Misjöfn er mannsævin*, bls. 35-36.
- ¹² Katrín Anna Guðmundsdóttir, „Hetjur“, bls. 8.
- ¹³ *Úr manna minnum*, bls. 295.
- ¹⁴ Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess (2003), bls. 78.
- ¹⁵ Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „Af fegurðardísunum, ástandskonum og fjallkonum: Lesið í tákmyndir hins kvenlega í íslensku menningarumhverfi“, bls. 493.
- ¹⁶ Ásta Sigurðardóttir, *Sögur og ljóð*, bls. 62.
- ¹⁷ Sjá kaflahlutann „Hvað varð um förufolkid? í bók Jóns Jónssonar, *Á mörkum mennskunnar*, bls. 219-225. Sjá einnig: Aðbúnaður geðveikra á Íslandi, bls. 159-186.
- ¹⁸ Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 35.
- ¹⁹ Úrræði fyrir konur innan heilbrigðiskerfisins og réttarkerfisins eru af skornum skammti. Það kom fram í mastersrannsókn minni á kynbundinni mismunun gagnvart konum í íslensku þjóðfélagi (2017). Rannsóknin fjallaði um þau áhrif sem starfssemi félagasamtaka kvenna á 20. og 21. öldinni hafa á stöðu kvenna í samtímanum. Í þeirri rannsókn tók ég viðtöl við konur sem voru í forsvari fyrir eftirfarandi félagasamtök kvenna: Stígamót; Kvenntaathvarfið; Konukot; Rótin - Félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda; Mæðrastyrksnefnd; Kvenréttindafélagið; og Samtök kvenna af erlendum uppruna.
- ²⁰ Ragnheiður Davíðsdóttir, *Lífsbók Laufeyjar*, bls. 116.
- ²¹ Ragnheiður Davíðsdóttir, *Lífsbók Laufeyjar*, bls. 116.
- ²² Helga Þórey Björnsdóttir. „Við útigangarnir“: Sjálfsmyndin í orðræðum heimilislauss fólks. Óútgefin MA-ritgerð við Háskóla Íslands, 2004.
- ²³ Þórey Einarsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017. Þess má geta að Þórey er dóttir Sigrúnu Sesselju Bárðardóttur, sem ég tók viðtal við í tengslum við förkonuna Vigdísu Ingvadóttur.
- ²⁴ Svala Jóhannesdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017. Viðtalið var tekið fyrir mastersritgerð höfundar, Konur eru konum bestar.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Abrams, Lynn. *Oral History Theory*. London/New York: Routledge, 2016.

–. „Memory as both source and subject of the study: The transformations of oral history“, *Writing the history of memory*. Ritstj. Berger, Stefan; Niven, William John (London: Bloomsbury Academic, 2014).

–. *Myth and materiality in a woman's world: Shetland 1800-2000* (Manchester; New York: Manchester University Press, 2005).

„Af tilefni einnar myndar í jólablaðinu“, *Útvarpstíðindi* 7. janúar 1910, bls. 19-20.

Agnes S. Arnórsdóttir, *Konur og vígamenn: Staða kynjanna á Íslandi á 12. og 13. öld* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 1995).

Ágúst Vigfússon, „Hún Bjagga gamla“, *Réttur* 1. janúar 1986, bls. 55-59.

–. *Mörg eru geð guma: Sagt frá samtíðarmönnum* (Reykjavík: Ægisútgáfan, 1976).

Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Behind the cloak, between the lines: Trolls and the symbolism of their clothing in Old Norse tradition“, *European Journal of Scandinavian Studies*, 47. árg. (2017), bls. 327-350.

Aldnir hafa orðið: Frásagnir og fróðleikur. Erlingur Davíðsson skráði (Akureyri: Skjaldborg, 1972-1989).

Alexander Jóhannson, „Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga)“, *Tíminn* 10. ágúst 1950, bls. 3 og 7.

„Almirkvi á sólu í Vínarborg 8da dag júlímánaðar 1842: Eptir Schumacher stjörnuspeking. Schumachers Jarbuch fur 1843“, *Fjölnir* 1843, bls. 57.

Anna Sigurðardóttir. *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár. Úr veröld kvenna II*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1985.

–. *Allt hafði annan róm áður í páfadóm: Nunnuklaustrin tvö á Íslandi og brot úr kristnisögu* (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1988).

Anna Thorlacius, „Æskuminningar“, *Eimreiðin* 22. árg. (1. janúar 1916), bls. 24-40.

Annálar 1400-1800= Annales Islandici posteriorum sæculorum. Útg. Hannes Þorsteinsson; Jón Jóhannesson; Þórhallur Vilmundarson; Guðrún Ása Grímsdóttir; Ásgeir S. Björnsson; Einar S. Arnalds; Eiríkur Jónsson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1922-1988).

Arbjörg: Æruprýdd dæindiskvinna á vestfjörðum Íslands, afmálar skikkun og háttsemi góðrar húsmóður í húss-stjórn, barna uppeldi og allri innanbæar búsýslu. Björn Halldórsson í Sauðlauksdal sá um útgáfuna; E.J. Stardal sá um útgáfuna (Reykjavík: Ísafold, 1973).

- Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman: Ævisögubættir, minni og ljóð* (Akureyri: Norðri, 1952).
- Arnþór Karlsson, „Erindi flutt á Jónsmessuhátíð Árningsafélagsins í Reykjavík að Hótel Geysi 20. júní 1987“, *Litli Bergþór* 10. desember 1987, bls. 7-10.
- Auður Magnúsdóttir, „Móðir, kona og meyja“: Um karlalegar konur og kynlausar meyjar á miðöldum“, *Íslenska sögupíngið 30. maí-1.júní 2002*, bls. 83-92.
- Árbók Háskóla Íslands* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1940-1941).
- Árelíus Nielsson, „Breiðfirzkir landkönnuðir“, *Breiðfirðingur*, 24. árg. (1966), bls. 42-54.
- Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, „Að losa sig við umskiptinginn: Birtingarmyndir fötlunar í þjóðsögum og í nútímanum“, *Skírnir* 182. árg. (2008), bls. 472-480.
- . „Identifying the Ogre: The Legendary Saga Giants“, *Fornaldarsagaerne, myter og virkelighed: Studier i de oldislandske fornaldarsögur Norðurlanda*. Útg. Annette Lassen, Agneta Ney og Ármann Jakobsson (Kaupmannahöfn, 2009), bls. 181-200.
- Árni Bjarnason, *Að vestan: Þjóðsögur og sagnir* 2. bindi (Akureyri: Skjaldborg, 1983).
- Árni Björnsson, „Beinakerling á Sprengisandi“, *Morgunblaðið* 3. mars 2001, bls. 40-41.
- . *Íslenskt vettatal* (Reykjavík: Mál og menning, 1990).
- Árni Óli, „Elztu mannvirki á Íslandi“, *Heimskringla* 26. febrúar 1947.
- Árni Stefán Árnason, *Hin leynda þjáning búfjár á Íslandi: Um réttaráhrif og framkvæmd dýraverndarlaga*. Óútgefin BA-ritgerð í lögfræði við Háskólann í Reykjavík 2011.
- Ásdís Egilsdóttir, „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi“, *Konur og kristmenn: Þættir úr kristnisögu Íslands*. Ritsj. Inga Huld Hákonardóttir (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996).
- . „Skjaldmær drottins: Frásögnin af Hildi einsetukonu í Jóns sögu helga“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 2 (2010), bls. 29-42.
- Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók* (Reykjavík: Orðabók Háskólans: dreifing MM, 1989).
- Ásgeir Blöndal Magnússon. *Íslensk orðsifjabók* (Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989).
- Ásgeir Jakobsson, „Baldvin söðlasmiður“, *Lesbók Morgunblaðsins* 26. október 1985, bls. 10.
- Ásta Sigurðardóttir, *Sögur og ljóð* (Mál og menning: Reykjavík, 1985).
- Ásthildur Helen Gestsdóttir. „Hún vill sig kóng kalla láta“: Meykóngar í íslenskri sagnahefð. Óútgefin MA-ritgerð við Háskóla Íslands, 2016.

- B.B., „Barbára“, *Vísir* 18. febrúar 1933, bls. 4.
- Baldur Vilhelmsson, „Minning. Jóhanna Þórðardóttir frá Laugabóli“, *Íslendingaþettir Tímans* 24. nóvember 1971, bls. 13.
- „Baldvin söðlasmiður“, *Lesbók Morgunblaðsins* 26. október 1985, bls. 10-11.
- Benedikt Gröndal, „Sjónvíti og sjóskrímsli“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 1. janúar 1893, bls. 98-135.
- Benedikt Guðmundsson „Anna Svanborg“, *Fram* 17. febrúar 1917, bls. 45.
- Bergsveinn Skúlason, „Kettir og fuglar“, *Dýraverndarinn* 1. febrúar 1944.
- „Biskupskveðjur 1550: Veturliði kvað“, *Tímarit Máls og menningar* 1. nóvember 1950, bls. 204-209.
- Biskupa sögur* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag, 1856).
- Bjarni Jónasson í Blöndudalshólum, „Helför Jóns Jóhannessonar“, *Tíminn Sunnudagsblað* 19. janúar 1964, bls. 52-53 og 70.
- Björn Blöndal, „Vatnaniður“, *Samvinnan* 1. nóvember 1956, bls. 27.
- Bogi Benediktsson, *Sýslumannaæfir* (Reykjavík: 1881-1932).
- Bridget Anderson, *Doing the Dirty Work? The Global Politics of Domestic Labour* (London/New York: Zed Books, 2000).
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir, *Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna: Sem Bríet Bjarnhedeinsdóttir hjelt í Reykjavík 30. des. 1887* (Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1888).
- Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið: Bók um Bríeti Bjarnhedeinsdóttur byggð á bréfum hennar* (Reykjavík: JPV, 2006).
- Bryndís Björnsdóttir, „Hún Begga gamla: Svipmynd úr Svarfaðardal“, *Norðurslóð* 13. desember 1991, bls. 16-17.
- Bynum, Caroline Walker, *Holy Feast and Holy Fast: The Religious Significance of Food to Medieval Women* (Berkeley: University of California, 1987).
- . „Women Mystics and Eucharistic Devotion in the Thirteenth Century“, *Women's Studies: An interdisciplinary journal* 11 (1984), bls. 179-214.

Bjarni Magnússon, „Theodóra Sigurðardóttir fv. forsætisráðherrafrú“, *Tíminn* 5. janúar 1989, bls. 15.

Bolton, Brenda M., „Vitae matrum: A Further Aspect of the Frauenfrage“, *Medieval Women. Dedicated and presented to Rosalind M.T. Hill on the occasion of her seventeenth birthday*. Ritstj. Derek Baker (Oxford: Basil Blackwell for the Ecclesiastical History Society 1978), bls. 253-273.

Connell, R.W., *Masculinities* (Cambridge: Polity Press, 2. pr. 2005 (c 2000)).

Dalrún J. Eygerðardóttir, „Drifting: Feminist oral history and the study of the last female drifters in Iceland“, *Feminist Research* 2. árg. (júni 2018), bls. 1-15.

–. Konur eru konum bestar: Sagnfræðileg samtímarannsókn á áhrifum félagsamtaka kvenna á stöðu íslenskra kvenna. Óútgefin MA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2017.

–. „„Mamma mín er góð“: Minningar um mæður frá 19. öld og í byrjun 20. aldar“, *Sagnir* 32. árg. (2018).

–. Sytrur minninga úr Mýrdalnum: Rannsókn á munnlegri sögu. Óútgefin BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2015.

Elín Pálmadóttir, „Mjólk höfðum við nær aldrei.“: Keyptu kú fyrir skáldastyrkinn. Viðtal við Kristján Theodórsson um föður hans, Theódór Friðriksson, rithöfund, og líf fjölskyldunnar á uppvaxtarárum hans“, *Morgunblaðið* 18. desember 1977, bls. 65.

Edda Jóhannsdóttir, Réttindi móður, Óútgefin BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2014.

Eggert Þór Bernharðsson, „Blóraböggjar og olnbogabörn: „Ástandskonur“ og aðrar konur í Reykjavík í seinna stríði“, *Sagnir* 17 árg. (1996), bls. 13.

Einar Arnórsson, „Arfsagnir og munnmæli“, *Blanda*. 7. árg. (1940-1943), bls. 97-180.

Einar Sigurðsson, „Svífur yfir Esjuna“, *Lesbók Morgunblaðsins* 12. júní 2004, bls. 10.

Einar Þorkelson, „Minningar: Rvík 1927“, *Vörður* 26. nóvember 1927, bls. 3.

Einar Þorkelsson, „Skugginn“, *Dýraverndarinn* 1. maí 1929. bls. 39-41.

„Einsetumenn“, *Vikan* 21. júlí 1955, bls. 6, 14.

Elínborg Lárusdóttir, *Föromenn* (Reykjavík: Útgefanda ekki getið, 1939-1940).

–. *Tvennir tímar: Endurminningar Hólmfríðar Hjaltason* (Reykjavík: Angústúra, 2017).

–. *Frá liðnum árum: Endurminningar Jóns Eiríkssonar frá Högnastöðum* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1941).

- Erla Hulda Halldórsdóttir, „Af bréfaskriftum kvenna á 19. öld“, *Alþýðumenning á Íslandi 1830-1930: Rítað mál, menntun og félagsshreyfingar*. Ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003), bls. 246-67.
- . *Nútímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903*. (Reykjavík: Sagnfræðistofnun/RIKK, 2011).
- . „Private letters“, *Teaching with Memories: European Women's Histories in International and Interdisciplinary Classrooms*. Ritstj. Andrea Petö og Berteke Waaldijk (Galway: Women's Studies Centre, 2006), bls. 66-74.
- . „Sem einn maður. Orðræða um hjónaband á 19. öld“, *Kvennabarátta og kristin trú*. Ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ásgeirsdóttir (Reykjavík: JPV útgáfa, 2009), bls. 87-106.
- . „The Narrative of Silence“, *Life Writing* 7. árg (2010), bls. 37-50.
- Eyjólfur Guðmundsson, *Merkir Mýrdælingar* (Reykjavík: Skaftefellingafélagið; Guðjón Ó. Guðjónsson, 1957).
- . *Þjóðsögur og þættir úr Mýrdal*. Þórður Tómasson bjó til prentunar (Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1981).
- Eyrbyggja saga, Íslenskt fornrit* 4. bindi. Útg. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag).
- Fahs, Breanne, *Performing Sex: The Making and Unmaking of Women's Erotic Lives* (Albany: State University of New York Press, 2011), Kindle útgáfa.
- Fálkinn* 18. apríl 1931.
- Fiddes, Nick, *Meat: A Natural Symbol* (London; New York: Routledge, 1991).
- „Fjaðrafok“, *Lesbók Morgunblaðsins* 11. apríl 1948, bls. 204.
- Franz Kafka, *Hamskiptin*. Þýð. Hannes Pétursson (Reykjavík: Iðunn, 1983).
- „Frá Bola og öðrum undrum“, *Fálkinn* 7. mars 1966, bls. 16-17 og 36-37.
- Friedan, Betty, *The Feminine Mystique* (New York: Norton, 2013).
- G.Ól.Ól, „Stíll er elfar flóð - kemst þó áin ei að síður sína slóð“, *Kirkjuritið* 1. desember 1972, bls. 304-326.
- G.P.J, „Andlátsfregn“, *Lögberg* 28. nóvember 1946, bls. 1946.
- Gerður Magnúsdóttir, „Svipmyndir úr Skuggahverfi“, *Lesbók Morgunblaðsins* 25. apríl 1976, bls. 2-4.
- Gísli Jónsson, „Þáttur af Jóni Skrikk“, *Norðurslóð* 28. janúar 1998, bls. 2.

- Gísli Sigurðsson, „Komið hausthljóð í vindinn“, *Lesbók Morgunblaðsins* 8. janúar 1994, bls. 2.
- Gísli Sigurðsson, „Að spá í veðrið“, *Lesbók Morgunblaðsins* 9. maí 1987. bls. 3.
- „Og gekk í hemingum: Fáein viðbótaratriði um Laugu í Tortu“, *Lesbók Morgunblaðsins* 28. janúar 1995, bls. 6-7.
- „Undir grænni torfu“, *Lesbók Morgunblaðsins* 8. október 1994, bls. 2.
- „Glefsur frá gamalli tíð“, *Akranes*, 1. apríl 1956, bls. 53.
- „Glettur“, *Tíminn - Sunnudagsblaðið* 21. júlí 1963.
- Griffin, J., og E.M. Berry, „A Modern Day Holy Anorexia? Religious Language in Advertising and Anorexia Nervosa in the West“, *The European Journal of Clinical Nutrition* 57 árg. (2003), bls. 43-51.
- Guðbjörg Jónsdóttir frá Broddanesi, *Gamlar glæður: Þættir úr daglegu lífi á Ströndum á síðari hluta 19. aldar* (Reykjavík: Ísafold, 1943).
- Guðbrandur Gíslason, „Brunninn bátur og einbúi á Arngerðæyri“, *Vikan* 26. september 1963, bls. 8-9, og 41-44.
- Guðfinna Þorsteinsdóttir, *Völuskjóða: Frásagnathættir um ýmis efni* (Íðunn: Valdimar Jónsson, 1957).
- Guðjón Guðlaugsson, „Yztahúsið í Hnífsdal“, *Tíminn Sunnudagsblað* 7. júlí 1968, bls. 520-526.
- Guðmundur Friðjónsson, „Ávextir „menningarinnar““, *Norðurland* 19. mars 1910, bls. 41-42.
- Guðmundur Gíslason Hagalín, „Skáld í önn“, *Morgunblaðið* 6. janúar 1966, bls. 10.
- Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands: Sögufélag dreifing, 1981).
- Guðmundur Óli Ólafsson, „Og enn segir frá Agli: Í sögulokum sem heitið var“, *Litli Bergþór* 1. febrúar 1986, bls. 13-16.
- Guðný Hallgrímsdóttir, Hulda: *Sjálfstjáníning kvenna á 18. og 19. öld. Óútgefin MA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands*, 2009.
- Guðrún P. Helgadóttir, Guðrún P. Helgadóttir, „Láttra-Björg“, *19. júní* 12. árg. (1962), bls. 3-7.
- *Skáldkonur fyrri alda*. 1-2. bindi (Akranes: Hörpuútgáfan, 1995).
- Gunnar Karlsson, *Ástarsaga Íslendinga að fornu. Um 879-1300* (Reykjavík: Mál og menning., 2013).

Gunnhildur Finnsdóttir, „Helgir Steinar: Nunnuklaustrin á Kirkjubæ og Reynisstað“, *Sagnir* 1 (2005), bls. 64-68.

Gunnlaugur V. Snævarr, „Begga gamla“, *Norðurlóð* 11. desember 2014, bls. 8-9.

Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna (Reykjavík: Mál og menning, 2001).

„Göngukonusteinn“, *Morgunblaðið* 16. júlí 1954, bls. 8.

Gríma hin nýja: Safn þjóðlegra fræða íslenskra. Þorsteinn M. Jónsson gaf út (Reykjavík: Þjóðsaga, 1969).

„Grýla og hyski hennar“, *Alþýðumaðurinn* 22. desember 1997, bls. 9.

Hafsteinn Pjetursson, „Vestur-Íslendingar: Flutt á Íslendingadegi í Winnipeg 2. ágúst 1897“, *Tjaldbúðin* 3. árg (1899), bls. 39-56.

Halla Eyjólfsdóttir á Laugabóli, *Ljóðmæli* (Reykjavík: Sigurður Þórðarson, 1919).

Halldór Ármann Sigurðsson, „Skáneyjarætt“ 1. október 1994, bls. 3-8.

Halldóra B. Björnsson, „Gleymt skáld - Geymd vísa“, *Melkorka* 1. mars 1959, bls. 6-8.

– „Gunná hara og ævilok hennar“, *Tíminn Sunnudagsblað*, 27. júní 1965, bls. 544.

Halldóra Bjarnadóttir: Ævisaga. Vilhjálmur S. Vilhjálmsson skrásetti (Reykjavík: Setberg SF., 1960).

Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsdóttir, *Utangarðs?: Ferðalag til fortíðar* (Reykjavík: Ugly, 2015).

Halldór Laxness, *Gerpla* (Reykjavík: Helgafell, 1952).

Halldór Pjetursson, „Fyrir neðan Lagarfljót: Um höfund Njálu“, *Morgunblaðið* 5. desember 1985, bls. 58.

Helga Halldórsdóttir frá Dagverðará, *Öll erum við menn* (Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1986).

Helga Jónasardóttir frá Hólabaki, *Þar sem háir Hólar: Fáeinir bernskuminningar* (Reykjavík: Prentsmiðjan Leiftur, 1960).

Helga Kress, „Bækur og „kellingabækur: Þáttur í íslenski bókmenntasögu“, *Tímarit máls og menningar* 39. árg. (1978), bls. 369-395.

– „Dæmd til að hrekjast: Um ástina, karlveldið og kvenlega sjálfsmynd í Tímaþjófnum eftir Steinunni Sigurðardóttur“, *Tímarit Máls og menningar* 49. árg. (1988).

- „Eftir hans skipun: Natansmál í ljósi sagnadansa og eftirmæla Agnesar“, *Saga* 52 árg. (2014), bls. 99-118.
- *Máttugar meyar: Íslensk fornþókmennitasaga* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993).
- *Stúlka* (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2001).

Helgi Hallgrímsson, „Huldumanna genesis: Íslenskar sagnir um uppruna og eðli huldufólks“, *Andvari* 121 árg. (1996), bls. 64-76.

Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1800*. Þýð. Steindór Steindórsson (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1992 (c 1960)).

„Hér segir frá Hljóða-Bjarna“, *Þjóðólfur* 1. febrúar 1907, bls. 35.

„Hin gömlu jól“, *Alþýðublaðið* 1. desember 1967, bls. 3 og 14.

Hjörtur E. Þórarinnsson, „Síðasta förukonan“, *Dagur* 23. desember 1964, bls. 21-23.

Hjörtur Gíslason, „Söngva-Borga“, *Nýjar kvöldvökur* 1. maí 1957, bls. 1957.

Hljóða-Bjarni“, *Alþýðuhelgin* 12. nóvember 1949. bls. 320

Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir, *Einsetulífnaður á Íslandi: Rannsókn á nafngreindum einstaklingum eða hópum sem sest hafa í trúarlega einsetu á Íslandi* (Reykjavík: Háskóli Íslands, 2014).

Hrafnhildur Schram, *Huldukonur í íslenski myndlist* (Reykjavík: Mál og menning, 2005).

Hugrún (duln. f. Filippía Kristjánsdóttir), *Fuglar á flugi: Ljóðmæli* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1958).

– „Skyndimyndir að vestan“, *Morgunblaðið* 12. ágúst 1965, bls. 11.

„Hún lokaði sig inni í 40 ár“, *Tíminn* 9. janúar 1984, bls. 22-23.

Indriði Einarsson, „Sorgarleikurinn Dansinn í Hruna“, *Óðinn* 17. árg. (1921).

Indriði Þórkelsson á Fjalli, „Bólu-Hjálmar“, *Vaka* 1:4 (1. nóvember 1927), bls. 321.

Inga Lára Lárusdóttir, „Góður gömlu dagarnir“ í *Konur segja frá: Frásagnir, minningaþettir, sögur og ljóð* (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1963).

Ingibjörg Haraldsdóttir, *Höfuð konunnar* (Reykjavík: Mál og menning, 1995).

Ingimar Júlíus, „Sólskinsdagar - sumarnætur“, *Bilddælingur* 1. desember 1949, bls. 21-24.

Ingvar Sigurðsson, „Hvergi er betra en í Borgarfirði“, *Tíminn Sunnudagsblað*, 17. nóvember 1963, bls. 940-944.

Ingunn Jónsdóttir, *Gömul kynni* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1946).

Íslendinga sögur 4 og 11. bindi. Breiðfirðinga sögur. Guðni Jónsson bjó til prentunar. (Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan, 1946).

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Einar Ól. Sveinsson tók saman (Reykjavík: Mál og menning, 1992).

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson sáu um útgáfuna (Reykjavík: Þjóðsaga, 1954-1961).

Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940. Páll Eggert Ólason tók saman (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948-1976).

J. H., „Sjá þann mikla flokk“, *Tíminn Sunnudagsblað* 24. mars 1968, bls. 204-209.

Jack, Robert, „Á Íslandi gengur allt sinn vanangang“, *Lögberg- Heimskringla* 20. janúar 1977, bls. 4.

Jakobína Sigurðardóttir, *Kvæði* (Reykjavík: Mál og menning, 1983).

Janus Jónsson, „Um klaustrin á Íslandi“, *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 1. janúar 1887, bls. 174-265.

John Thorgeirsson, „Um uppruna nokkurra íslenskra orða“, *Heimskringla* (1907), bls. 3.

Jóh. Ásgeirsson. „Sagnir frá eyðibýlum“, *Friðs þjóð* 14. október 1967, bls. 3.

Jóhanna Þráinsdóttir, „Öðruvísi kristnisaga“, *Vera* 1. desember 1996, bls. 49-50.

Jón Dúason. „Grænland“, *Lögrétta*. 14. árg. (1919), bls. 24.

Jón Espólín, *Ættatölubækur Jóns Espólíns sýslumanns: Samanskriðar eptir ímsum ættabókum Íslendinga, og sérílagi ættatölubókum Ólafs Snógsdalíns factors í Straumfyrði samt egin eptirgötvan í ímsum stöðum* (Reykjavík: Samskipti, 1980-1983).

Jón Helgason, *Þeir, sem settu svið á bæinn: Endurminningar frá Reykjavík uppvaxtarára minna* (Reykjavík: Bókfellsútgáfan H/F. 1954).

Jón í Garðshorni, „Orðsending til Guðmundar í Vik frá Jóni í Garðshorni“, *Lögrétta* 11. árg. (1916), bls. 107.

- Jón Jónsson, *Á mörkum mennskunnar: Viðhorf til fúrufólks í sögnum og samfélagi* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2018).
- Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir* (Reykjavík: Opna, 2010).
- Jónsbók: Kong Magnus Hakonsson lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281. Réttarbætr: de fro Island givne Retterboder af 1294, 1305 og 1314 / udgivet efter haandskrifterene ved Olafur Halldórsson. Eftirmála skrifaði Gunnar Thoroddsen* (Odense: Odense Universitetsforlag, 1970).
- J.P., „Beinakerlingar“, *Blanda* 2. árg. (1921-1923), bls. 406-419.
- Jón Marinó Samsonarson, „Göngukona á grýttri slóð“, *Breiðfirðingur*, 54. árg. (1996), bls. 7-29.
- Jón Þorkelsson, *Þjóðsögur og munnmæli* (Reykjavík: Bókfellisútgáfan, 1956).
- Jónas Árnason, *Undir Fönn: Bókin flytur frásagnir Ragnhildar Jónasdóttur um dýr og menn með lítillsháttar tvafi frá öðrum* (Reykjavík: Ægisútgáfan, 1963).
- Jónatan Jósafatsson Líndal, „Gestakomur“, *Húnavetningur* 3. árg. (1978), bls. 55-62.
- Katrín Anna Guðmundsdóttir, „Hetjur“, *Morgunblaðið* 5. apríl 2007, bls. 8.
- Katrín Jakobsdóttir, „Í félagi við aðra menn: Um íslenskar útilegumannasögur“, *Úr manna minnum: Greinar um íslenskar þjóðsögur* (Reykjavík: Heimskringla, 2002).
- Kerber, Linda K, „Separate Spheres, Female Worlds, Woman's Place: The Rhetoric of Women's History“, *Journal of American History* 75. árg. (1988), bls. 9-39.
- King, M.C., „The politics of sexual stereotypes“, *The Black Scholar* 4. árg. (1973), bls. 12-23.
- „Konan í ambáttarhól“, *Fálkinn* 22. nóvember 1961, bls. 15 og 34.
- Kr. Þ. „Rödd að heiman“, *Lögberg* 26. desember 1935, bls. 2-3.
- Kristín Sigfúsdóttir, *Rit Kristínar Sigfúsdóttur* 1. bindi (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f., 1949).
- „Kristján hólasmafi“, *Æskan* 1. janúar 1960, bls. 194.
- Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar* (Reykjavík: Leiftur, 1971-1972).
- Laura Mulvey, „Visual pleasure and narrative cinema“, *Film Theory and Criticism: Introductory Readings*. Ritstj. Leo Braudy og Marshall Cohen (New York: Oxford UP, 1999), bls. 833-44.
- „Lausakonurnar“, *Norðurland* 16. árg. (1916), bls. 75.

- Laxdæla, Íslendingasögur* 4. bindi. Útg. Guðni Jónsson (Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan, 1953)
- Lawless, Elaine J. . *Women Escaping Violence: Empowerment through narrative* (Columbia: University of Missouri Press, 2001), Kindle útgáfa.
- Liebow, Elliot, *Tell Them Who I am: The Lives of Homeless Women* (New York: The Free Press, 1993), Kindle útgáfa.
- Linda Nicholason, „Feminism and Marx: Integrating Kinship with the Economics“, *Feminism as Critique: Essays on the Politics of Gender in Late-Capitalist Societies* (Cambridge: Wiley, 1987).
- „Listflug og skrautreið í Mosfellssveitinni: Helga á Engi nærri búin að gera út af við Þorgeir í Gufunesil- Nágrannarnir furðu lostnir“, *Ný vikutíðindi* 14. árg. 1971, bls. 1 og 4.
- Magnús Björnsson, „Hreggviður skáld á Kaldrana“, *Hlynir og Hreggviðir - svipir og sagnir* (Útgáfustaðar ekki getið: Sögufélag Húnavetninga, 1950), bls. 58-86.
- Massey, Doreen, *Space, Place and Gender* (Cambridge/Malden: 2007), Kindle útgáfa.
- Magnús Finnbogason, „Síðasta förukonan“, *Samvinnan*. 50. árg. (1956), bls. 19-20.
- Magnús. J. Jóhannsson, „Seinasta förukonan“, *Breiðfirðingur*, 42. árg. (1984), bls. 99-107.
- „Mannslát“, *Lögrétta* 23. mars 1923, bls. 4.
- Már Jónsson, *Dulsmál 1600-1900: Fjórtán dómar og skrá* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands: Háskólaútgáfan, 2000).
- Marina Warner, *Alone of all her sex: The Myth and the Cult of the Virgin Mary* (London: Pann Book, 1985).
- M.B., „Sá grái rann á rommþefinn“, *Tíminn* 15. nóvember 1962, bls. 9.
- Misjöfn er mannsævin*, Geir Hansson (duln.) (Reykjavík: Örn og Örlygur hf., 1979).
- „Minning: Sigríður Hjálmarsdóttir frá Brandsstöðum, fædd 30. des. 1898 - dáin 10. okt. 1979“, *Þjóðviljinn*, 19. október 1979, bls. 12.
- „Mínir bestu vinir hafa verið hestar“, *Vikan* 4. desember 1969, bls. 26-29.
- Móritz Halldórsson-Friðriksson: Um garðyrkju á Íslandi að fornu og nýju og nytsemi hennar. - Inngangur að þýðingu að Íslenskri garðyrkjubók (eftir C.F. Schubeler) (Kaupmannahöfn: 1883).

Nína Björk Eliasson, „Eru sagnadansar kvennatónlist?“, *Konur skrifa: til heiðurs Önnu Sigurðardóttur* (Reykjavík: Sögufélag, 1980).

Nýja Ísland 1. árg. (1904), bls. 36.

Oddur Oddsson, „Flakk“, *Eimreiðin*, 36. árg (1930), bls. 237-246.

Oscar Clausen, *Aftur í Aldir: Sögur og sagnir úr ýmsum áttum* (Reykjavík: Skuggsjá, 1969).

–. *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi* 2. bindi (Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1967-1968), bls. 112.

–. „Jón í Hergilsey“, *Vísir* 9. maí 1937, bls. 4 og 8.

Ólafur Dýrmundsson, „Sérstætt fólk“, *Húnavetningur* 3. árg. (1978), bls. 46-54.

Ólafur Thorlacius, „Draumar“, *Óðinn* 15. árg. (1919), bls. 74.

Ólafur Þorvaldsson, „Herdísarvík í Árnæssýslu“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 49. árg. (1943), bls. 129-139.

Ólafur Þorvaldsson, „Kristfjárjarðir-Sælubú“, *Lögberg-Heimskringla* 8. febrúar 1968, bls. 4.

Ólína Andrésdóttir, „Áttavilltir fuglar“, *Eimreiðin* 1. júlí 1926, bls. 246.

Ólöf Garðarsdóttir, „The implications of illegitimacy in late-nineteenth-century Iceland: The relationship between infant mortality and the household position of mothers giving birth to illegitimate children“, *Continuity and Change* 15. árg. (Cambridge: University press, 2000), bls. 435-461.

Ómar Ragnarsson, *Manga með svartan vanga: Sagan öll: Sagan um Möngu með svartan vanga, Ásdísi skáldkonu frá Rugludal, systurnar í Baslhaga og aðrar hvunnudagshetjur fyrri alda* (Reykjavík: Iðunn, 2013).

Óveðursboðinn á Ófæruhíllu: (Gömul sögn)“, *Alþýðumaðurinn* 21. desember 1954. bls. 6-7.

Páll Thorarensen, „Sandfell“, *Lesbók Morgunblaðsins* 23. ágúst 1964, bls. 8 og 13.

Pilcher, Jane og Imelda Whelehan, *Gender Studies* 2. útg. (2008 (c 2004)). bls. 83.

Phillips, Anne, *Engendering Democracy* (Cambridge: Polity Press, 1991).

Polinska, Wioleta, „Bodies under Siege: Eating Disorders and Self-Mutilation among Women“, *Journal of the American Academy of Religion*, 68. árg. (2000), bls. 569.

Pomeroy, Sarah B. *Goddesses, Whores, Wives, and Slaves: Women in Classical Antiquity* (New York: Schocken Books, 1975).

- Ragnheiður Davíðsdóttir, *Lífsbók Laufeyjar* (Reykjavík: Frjálst framtak. HF.,1989).
- Randall, Vicky, „Feminism“, *Theory and Methods in Political Science*. Ritstj. Marsh, David og Gerry Stoker (New York: Palgrave Macmillan, 2002).
- Risco de la Torre, Meritxell, The Emotional life of Guðrún Ósvífrsdóttir: Narrative development through emotions in *Laxdæla* saga. Óútg. MA-ritgerð í víking- og miðaldafræðum við Háskóla Íslands, 2019.
- Ritsafn: Theodora Thoroddsen*. Sigurður Nordal sá um útgáfuna (Reykjavík: Menningarsjóður, 1960).
- „Rökkursögur: Gamla konan og fötin“, *Stormur* 7. mars 1925, bls. 2.
- Russell, Jeffrey B.; Brooks, Alexander, *A History of Witchcraft: Sorcerers, Heretics and Pagans* (Thames & Hudson, 2007 (c 1980)).
- S. H., „Rætt við Oskar Clausen rithöfund - Ég á vissan aðgöngumiða á gullna hliðinu“, *Alþýðublaðið*, 12. janúar 1970, bls. 8-9.
- S. Ingólfs, „Minning: Anna Kristinsdóttir fyrrum húsfreyja í Fellsseli, Köldukinn. Fædd 26. nóvember 1897-Dáin 31. maí 1982“, *Dagur* 29. júní 1982, bls. 8.
- „Saga bæjarsvananna á Bakka öll: Karlinn bar beinin á Bretlandseyjum í vetur“, *Feykir* 7. júlí 1993, bls. 8.
- „Sagan af forvitna stráknum“, *Sólskin* 1. árg. (1946), bls. 42-52.
- „Sagan af þrem kóngssonum“, *Sólskin* 38. árg. (1967), bls. 57-58.
- „Sagan Esmeralda eftir Victor Hugo“, *Tíminn* 1. október 1942, bls. 308.
- Saga og samfélag. Þettir úr félagssögu 19. og 20. aldar*. Ritstj. Gísli Ágúst Gunnlaugsson, Guðmundur Hálfðanarson, Ólöf Garðarsdóttir og Berglind Ásgeirsdóttir (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1997).
- „Sagnir frá Melrakkasléttu“ *Vísir* 16. maí 1943, bls. 1-2.
- Schippers, Mimi, „Recovering the feminine other“, *Theory and Society*, 36. árg. (2007), bls. 85-102.
- Showalter, Elaine, „Femínísk gagnrýni í auðninni: Fjölhyggja og femínísk gagnrýni, *Ritið* 2. árg. (2006). Þýð. Vera Júlíusdóttir. bls. 17-51.
- Salbjörg G. Norðdahl, „Í minningu Beggu (Sigurbjargar Rögnvaldsdóttur), *Norðurslóð* 24. september 1997, bls. 2.

Sif Ríkharðsdóttir, „Meykóngahefðin í riddarasögum: Hugmyndafræðileg átök um kynhlutverk og þjóðfélagsstöðu“, *Skírnir* 184 árg. (2010), bls. 410-433.

Sighvatur Gr. Borgfirðingur, „Æfiágrip Gísla sagnfræðings Konráðssonar“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1. janúar 1897, bls. 30-58.

Sigríður Jónsdóttir, *Undir ósýnilegu tré* (Selfoss: Sæmundur, 2013).

Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Atvinna kvenna í Reykjavík 1890-1914. Óútgefið lokaverkefni við Háskóla Íslands*, 1981.

Sigrún Gísladóttir, „Áhrinsorð“, *Lögberg-Heimskringla* 11. mars 1971, bls. 8.

Sigurgeir Kristjánss, „Hún kvartaði aldrei“, *Litli Bergþór* 1. mars, 1988, bls. 6.

Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar: Sjálfsbókmenntir á Íslandi* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004).

–. *Sjálfsögur: Minni, minningar og saga* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005).

–. „Sögur af fátæku fólki og þurfalingunum árið 1902“, *Fátækt og fúlga: Þurfalingarnir 1902* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016).

Sigurgeir Guðjónsson, *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi og umbætur yfirvalda fyrir daga geðspítala. Óútgefin doktorsritgerð við Háskóla Íslands*, 2013.

Sigurgeir Jónsson, „Fékk faðernið fyrst viðurkennt eftir andlátíð“, *Eyjafréttir* 17. desember 2014, bls. 34-35.

Sigurlína R. Sigtryggsdóttir, „Pokabörn, harðýðgi og harðindi“, *Alþýðumaðurinn* 19. desember 1967, bls. 16.

Sigþór Sigurðsson, „Vigdís Ingvadóttir: Síðasta förukonan í Mýrdal“, 11. árg. *Dynskógar* (2008). bls. 178-186.

Silfurplötur Iðunnar. Ristj. Gunnsteinn Ólason (Reykjavík: Kvæðamannfélagið Iðunn; Smekkleysa, 2004).

Silja Dögg Baldursdóttir, *The Image of Prostitution in the Icelandic media and its impact on legislation. Óútgefin lokaritgerð í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri*, 2011.

„Sitt af hverju“, *Vísir* 10. febrúar 1933, bls. 2-3.

- Skyggna konan: Frásagnir um dulnýr og lækningar Margrétar frá Öxnafellu* 2. bindi. Eiríkur Sigurðsson tók saman. (Reykjavík: Fróði, 1960-1963).
- Sumarliði R. Ísleifsson, Sumarliði R. Ísleifsson, *Tvær eyjar á jaðrinum: Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar*. Doktorsritgerð við Háskóla Íslands, 2014.
- Skarðsárannáll í Annálar 1400-1800*, 1. bindi. Útg. Hannes Þorsteinsson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1922-1927).
- Skúli Helgason, „Gamla Rústin við Fóelluvötn og fólkid sem þar kom við sögu“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* (1981), bls 119.
- , „Gunnar gamla á Rímanum“, *Tíminn Sunnudagsblað* 21. maí 1972, bls. 425-426.
- Snorri Sturluson, *Edda Snorra Sturlusonar; Nafnapulur og Skáldatal*. Guðni Jónsson bjó til prentunar (Reykjavík: íslendingasagnaútgáfan, 1985).
- St. D., „Kári skrifar“, *Vísir* 6. desember, 1965. bls. 21.
- Stefán Aðalsteinsson, *Svarfdælingar* (Reykjavík: Iðunn, 1976-1978).
- Stefán Á. Jónsson, „Míningarnar frá fjörtíu ára starfi eru margar: Viðtal við sr. Pétur Þ. Ingjaldsson prófast á Skagaströnd“, *Húnavaka*, 22. árg (1982), bls. 11-25.
- Stefán Bjarnason, „Gengið yfir Þórdalsheiði 1. september 1981“, *Austri* 10. desember 1982, bls. 6.
- „Stefanía Ólafsdóttir frá Hofi - Míning“, *Morgunblaðið* 9. febrúar 1974, bls. 24.
- Stína Gísladóttir, „Ingunn Sveinsdóttir, Björnólfsstöðum: Fædd 22. apríl 1906 -Dáin 7. febrúar 1993“, *Húnavaka*, 34. árg. (1994), bls. 179-180.
- . „Stefanía Sveinsdóttir, Blönduósi. Fædd 26. júní 1902 - Dáin 21. maí 1988“, *Húnavaka*, 29. árg. (1989), bls. 191.
- „Stofnun geðveikraspítala“, *Fjallkonan* 1. júlí 1891, bls, 101.
- Sturlunga saga* 1. bindi. Ritstj. Örnólfur Thorsson (Reykjavík: Svart á hvítu, 1988).
- Sunnudagsblaðið*, júlí 1962, bls. 5.
- Svavar Sigmundsson, „Konur og kerlingar í landslaginu“, *Konan kemur við sögu*. Ritstj. Svanhildur María Gunnarsdóttir og Þórður Ingi Guðjónsson (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2016).
- Sveinn B. Ólafsson, „Jón sælor og Sigurður á Krosshóli“, *Norðurlóð* 13. desember 2012, bls. 5.

- Sveinn Víkingur, *Lára miðill: Sagt frá dulhæfileikum og miðilsstarfi frá Láru I. Ágústsdóttur* (Akureyri: Kvöldvökuútgáfan, 1962).
- Sverrir Haraldsson frá Æsustöðum, „Reyr, stór og rósir vænar“, *Húnavaka*. 41. árg. (2001), bls. 151-153.
- Sverrir Kristjánsson og Tómas Guðmundsson, *Konur og kraftaskáld* (Reykjavík: Forni, 1964).
- „Sýslu-Helga“, *Vísir* 15. nóvember 1936, bls. 2-3.
- Theodora Thoroddsen, „Þegar ég var lítil“, *Konur segja frá: Frásagnir, minningaþettir, sögur og ljóð* (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1963).
- . *Þulur* (Reykjavík: Mál og menning, 2000 (c 1916)).
- Tosh, John, *The Pursuit of History: Aims, methods and new directions in the study of modern history* (London: Routledge, 2013).
- Tíminn Sunnudagsblað* 21. júlí 1963, bls. 22.
- „Athugasemd“, *Alþýðublaðið - Sunnudagsblaðið* 14. júlí 1963, bls. 5.
- „Um klaustur á Íslandi“, *Austri* 17. nóvember 1887, bls. 75-76.
- „Úr bréfum af Vestfjörðum“, *Þjóðólfur* maí 1869, bls. 115.
- „Úr Stykkishólmi suður Kerlingaskarð“, *Sunnudagsblaðið* 13. október 1963, bls. 62.
- „Vatnsbólin í vestur- og mið-bænum“, *Fálkinn* 9. mars 1945, bls. 4-5 og 14.
- Vésteinn Ólason, *Sagnadansar* (Reykjavík: Rannsóknastofnun í bókmenntafræði; Menningarsjóður, 1979).
- Vilhelm Vilhelmsson. *Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld* (Reykjavík: Sögufélag, 2017).
- Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, *Fimm konur*. Reykjavík: Bókaútgáfan Setberg, 1962.
- Virgili, Fabrice, *Shorn Women: Gender and Punishment in Liberation France* (Oxford: Berg, 2002).
- Vísur Kvæða-Önnu, *Skírnir* 96 árg. (1922), bls. 176.
- Voröld*, 2. árg. (1919-1920), bls. 8.
- Woolf, Virginia, *A Room of One's Own* (London: Penguin books, 2004 (c 1928)).

Þjóðsögur og sagnir. Safnað og skráð hefur Torfhildur Hólm (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1962).

Þ.M.J., „Föromenn“, *Nýjar kvöldvökur*, 47. árg. (1954), bls. 149-151.

„Þar sem að áður akrar huldu völl“, *Tíminn* 14 júlí 1950.

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „Af fegurðardísunum, ástandskonum og fjallkonum: Lesið í tákmyndir hins kvenlega í íslensku menningarumhverfi“, *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Ritstj. Helgi Skúli Kjartansson, bls. 493-506.

Þorsteinn Helgason, *Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins* (Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2013).

Þorvaldur Thoroddsen, „Uppi á heiðum. Ferðaskýrsla 1898“, *Andvari* 1. janúar 1899, bls. 10-50.

Þór Bergsson, „Úr Fremri-byggð og Tungusveit“, *Eimreiðin* 1. janúar 1957.

Þórður Helgason, „Gellini á ferð og flugi“, *Són* 4. árg. (2006), bls. 101-114.

Þórður Tómasson, *Gestir og grónar götur* (Reykjavík: Mál og mynd, 2000).

– „Hunka enn“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 19. september 1948, bls. 401.

Þórhildur Richter, „Átján fjöllin yfir fór“, *Heima er best*, 7. árg. (2004), bls. 340.

Þórir Bergsson, „Úr fremri byggð og Tungusveit“, *Eimreiðin*, 63. árg. (1957), bls. 53-67.

„Efiminning: Bergþór S. Þorvarðsson, *Lögberg* 3. júlí 1863 - 24. maí, 1947“, *Lögberg* 14. ágúst 1947, bls. 2 og 5.

„Æsku og skólaminningar“, *Stormur* 31. maí 1939, bls. 2.

„Æsku og skólaminningar“, *Stormur* 21. desember 1939, bls. 1.

Yngvi Leifsson, Flökkufólk. Líf og ferðir flökkufólks á Norðurlandi 1783-1816. Óútgefin MA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2011.

– *Með álfum: Ævisaga flökkukonunnar Ingvriðar Eiríksdóttur frá Haga í Þingeyjarsýslu 1777-1857* (Reykjavík: Sögufélag, 2015).

„Ýmsar sagnir. Eftir handriti Sigm. M. Long í Landsbókasafni“, *Lögberg* 28. maí 1936, bls. 7.

Wollstonecraft Shelley, Mary, *Frankenstein eða hinn nýi Prómóþeus* (Reykjavík: JPV útgáfa, 2006), bls. 152.

Wilde, Oscar, *The Picture of Dorian Gray* (San Diego: Canterbury Classics, 2013).

Viðtöl í einkaeigu höfundar

Agnès abbadís, viðtal við höfund, Karmelklaustrið í Hafnarfirði. 2018.

Birna Stefánsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

Blanca A. Ingimundardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2020.

Einar Þorsteinsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.

Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2015.

Elínborg Kristjánsdóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2017.

Eyjólfur Sigurjónsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.

Eyrún Sæmundsdóttir, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.

Guðlaug Sigurbjörg Steingrímsdóttir, símaviðtal við höfund, 2018.

Guðrún Möller, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.

Ingibjörg Hjartardóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, febrúar, 2019.

Jón Guðjónsson, viðtal við höfund, Akranes. 2017.

Jón Sigurðsson, viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.

Kristín Kristvarðsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

Ómar Ragnarsson, viðtal við höfund, Mosfellsdal. 2018.

Pétur Stefánsson, viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

Salbjörg G. Norðdal, viðtal við höfund, Reykjavík, 2019.

Sigríður Sörensdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2017.

Sigríður Sörensdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. 2018.

Sigrún Sesselja Bárðardóttir, viðtal við höfund, Kópavogur, 2017.

Sigþór Sigurðsson, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.

Sólveig Guðmundsdóttir, viðtal við höfund, Mýrdalur, 2015.

Sólveig Magnúsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2015.

Sveinn Guðjónsson, viðtal við höfund, Staðarsveit. 2017.

Valdimar Steingrímsson, viðtal við höfund, Ólafsfjörður. 2018.

Valgarður Hilmarsson, viðtal við höfund, Blönduósþær. 2018.

Valgerður Ágústsdóttir, viðtal við höfund, Blönduósþær. 2018.

Þórður Tómasson, viðtal við höfund, Skógar, 2015.

Hljóðskrár af Ísmús

SÁM 90/2097 EF. Einar Pétursson. Spyrill: Hallfreður Örn Eiríksson. 1969

SÁM 88/1707 EF frumgagn E 67/1708 Guðjón Ásgeirsson frá Kýrunnarstöðum. Spyrill: Hallfreður Örn Eiríksson. 1967. Spyrill: Sigurður Jónsson frá Haukagili.

SÁM88/1421 EF Guðmundur Illugason.

SÁM 85/176 Hlöðver Hlöðversson. Spyrill: Jón Samsonarson. 1969.

SÁM 87/1043 Jón Lárusson. 1941.

SÁM 85/351. Jóhanna Erlendsdóttir. Spyrilar: Jón Samsonarson og Helga Jóhannsdóttir. 1969.

SÁM 88/1601 EF Jón Helgason. Spyrill: Hallfreður Örn Eiríksson. 1967.

SÁM 90/209 EF Sigurbjörn Snjólffsson frá Svínafelli, f. 1893. Spyrill: Hallfreður Örn Eiríksson. 1969.

SÁM 85/275 EF Sveinn Bjarnason. Spyrill: Hallfreður Örn Eiríksson. 1965.

SÁM 89/1867 EF Valdimar Kristjánsson. Spyrill: Hallfreður Örn Eiríksson. 1968.

SÁM 89/1823 EF Valdís Halldórsdóttir. Spyrill: Hallfreður Örn Eiríksson. 1968.

SÁM 89/1817 EF Þorbjörg R. Pálsdóttir. Spyrill: Hallfreður Örn Eiríksson. 1968.

SÁM 86/830 EF Þorvaldur Jónsson. Spyrill: Hallfreður Örn Eiríksson. 1966.

ÞÞ - Þjóðháttasafn Þjóðminjasafnsins

Svör við A Efni óháð spurningaskrá

ÞÞ 11203. Heimildarmaður: Ingunn Loftsdóttir f. 1866. Svör viðkomandi miðast við Jökuldalshrepp.

ÞÞ 3650. Kona, fædd 1909. Svör viðkomandi miðast við Svínavatnshrepp.

ÞÞ 6588. Karlmaður, fæddur 1903. Svör viðkomandi miðast við Skagafjörð.

ÞÞ 2394. Karlmaður, fæddur 1903. Svör viðkomandi miðast við Strandasýslu.

ÞÞ 7152. Karlmaður, fæddur 1903. Svör viðkomandi miðast við Eyrarbakkahepp.

Svör við spurningaskrá 8a Fráfærur II (skráin var send út 1976).

ÞÞ 15059. Kona, fædd 1893. Svör viðkomandi miðast við Staðarsveit.

Svör við 11 Gestakomur (skráin var send út 1964).

ÞÞ 757. Karlmaður, fæddur 1901.

ÞÞ 806. Karlmaður, fæddur 1891.

ÞÞ 888. Kona, fædd 1895.

Svör við spurningaskrá 14 Ull og tóvinna II (skráin var send út 1974).

ÞÞ 1116. Karlmaður, fæddur 1898.

Svör við spurningaskrá 30 Heyannir V (skráin var send út 1965).

ÞÞ 3457. Karlmaður, fæddur 1917.

Svör við spurningaskrá 43a Aukaspurningar um rústir (skráin var send út 1981).

ÞÞ 5660. Kona, fædd 1908. Svör viðkomandi miðast við Svínavatnshrepp.

Svör við spurningaskrá 47 Lífnaðarhættir í þéttbýli I. (skráin var send út 1981).

ÞÞ 7526. Kona, fædd 1913. Svör viðkomandi miðast við Hnífsdal.

ÞÞ 7893. Kona, fædd 1900. Svör viðkomandi miðast við Bitrufjörð.

Svör við 61 Draumar; fyrirburðir; spádómar (skráin var send út 1985).

ÞÞ 8678. Kona, fædd 1908.

Svör við 63 Ferðalöng og flutningar (skráin var send út 1986).

ÞÞ 7804. Karlmaður, fæddur 1917.

ÞÞ 7839. Karlmaður, fæddur 1897.

ÞÞ 7845. Karlmaður, fæddur 1916.

ÞÞ 7865. Kona, fædd 1911.

Svör við spurningaskrá 73a Íslenskur matur (skráin var send út 1990).

ÞP 12407. Kona, fædd 1908. Svör viðkomandi miðast við Skagafjarðarsýslu.

ÞP 7040. Karlmaður, fæddur 1921. Svör viðkomandi miðast við Skóga, undir Eyjafjöllum. Rang.

Svör við spurningaskrá 81a Aukaspurningar um rústir (skráin var send út 1992).

ÞP 10613. Karlmaður, fæddur 1912. Svör viðkomandi miðast við Skriðdal.

ÞP 10580. Karlmaður, fæddur 1916. Svör viðkomandi miðast við Hraungerðishrepp.

Handrit

Lbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, handritasafn) Lbs. 538, 4to

Lbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, handritasafn) Lbs. 1432 4to.

Lbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, handritasafn) Lbs. 4594 8vo.

Lbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, handritasafn) Lbs. 4674 4to.

Vefheimildir

Vefur Íslendingabókar <https://www.islendingabok.is>

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns <http://www.manntal.is>

Tímaritavefur Landsbókasafns <https://timarit.is>

Vef. „Ártöl og áfangar“, kvennasogusafn.is 4. september 2019
<https://kvennasogusafn.is/index.php?page=artoel-og-afangar>

Vef. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess, 2003
https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/7546/Vaendi-a-Islandi_2003.pdf?sequence=1, 1. september 2018.

Vef. Dalrún J. Eygerðardóttir, „Kvennaflakk og kvennatjáning“, Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands 14. september 2018, <http://hugras.is/2018/09/kvennaflakk-og-kvennatjanning/>

–. Hvað ertu að gera, maður? : Heimildir um kynferðisofbeldi gegn vinnukonum“, 3. mars 2020, <http://hugras.is/2020/03/hvad-ertu-ad-gera-madur-heimildir-um-kynferdisofbeldi-gegn-vinnukonum/>

–. Dalrún J. Eygerðardóttir, „Það var ókvenlegt að yrkja“, Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands 30. apríl 2019, <http://hugras.is/2019/04/thad-var-okvenlegt-ad-yrkja-hugleidingar-kjolfar-vidtals-vid-kvaedakonuna-asu-ketilsdottur/>

Vef. Jóhann Bergsveinsson, „Um Þór Sveinsson og upphaf Kleppspítala“, *Læknablaðið* 2007

<http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1369/PDF/u11.pdf>

Vef. Judith Pollmann, „Memory: concepts and theory“

<https://www.universiteitleiden.nl/en/research/research-projects/humanities/memory-concepts-and-theory#tab-1>.

Vef. Sigríður Friðriksdóttir, stöðuuppfærsla um einsetukonuna Siguu vinu á Patreksfirði. Facebook. 2. maí 2012.

Vef. Sigríður Friðriksdóttir, stöðuuppfærsla um einsetukonuna Siguu vinu á Patreksfirði. Facebook. 2. maí 2012.

Útvarpsviðtöl

„Flökkurkonur, svartir fánar, Drottning á júpíter og upphaldslistaver“, í *Víðsjá* RÚV 26. september 2018. Umsjón: Halla Harðardóttir og Guðni Tómasson. Viðmælandi: Dalrún J. Eygerðardóttir.

Kvikmyndir

Albert Maysles, David Maysles (leikstjórar). 1975. *Grey Gardens* [heimildarmynd]. Ameríka: Portrait films.

Dalrún J. Eygerðardóttir (leikstjóri). 2017. *Andstreymi* [heimildarmynd]. Ísland: Dalrún J. Eygerðardóttir.

Dalrún J. Eygerðardóttir (leikstjóri). 2015. *Síðasta förukonan í Mýrdalnum* [heimildarmynd]. Ísland: Dalrún J. Eygerðardóttir.

Myndaskrá

Forsíðumyndin er af Þjóðhildi Þorvarðardóttur (1868-1953), förukonu. Mynd í eigu Byggðasafns Dalamanna. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Dalrún J. Eygerðardóttir. Mynd úr safni höfundar.

Förukonur

Ljós. Guðbrandur Ásmundsson. Mynd úr safni höfundar.

Fágætir fuglar; síðustu förukonurnar

Ljós. Guðbrandur Ásmundsson. Mynd úr safni höfundar.

Vigdís Ingvadóttir

Vigdís Ingvadóttir. Mynd í eigu Bygðasafnins í Skógum.

Tala Runólfsdóttir. Mynd úr bókinni *Merkir Mýrdælingar* eftir Eyjólf Guðmundsson.

Sólheimajökull. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Jón Sigurðsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Eystri-Pétursey, gamli bærinn sem nú er í eyði. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Sigþór Sigurðsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Eyrún Sæmundsdóttir og Einar Þorsteinsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Horft til Reynisfjöru. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Guðrún Möller. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Sigrún Sesselja Bárðardóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Samsett mynd eftir höfund. Guðrún Möller. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Vigdís Ingvadóttir. Mynd í eigu Bygðasafnins í Skógum.

Eyjólfur Sigurjónsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Eyjólfur Sigurjónsson í gamla bænum. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Þórður Tómasson á Skógum. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Sólveig Guðmundsdóttir og Sigþór Sigurðsson. Mynd úr safni höfundar.

Elínborg Kristjánsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Eyrún Sæmundsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Förumaðurinn Árni í Múla. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Legsteinn Vigdísar Ingvadóttur. Mynd úr greininni „Minnisvarði um Viggu gömlu afhjúpaður í Skeiðflatar-kirkjugarði“ 8. ágúst 2018. Sótt af timarit.is.

Vigdís Ingvadóttir. Mynd í eigu Bygðasafnins í Skógum. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Kristín Petrína Jónsdóttir

Kristín Jónsdóttir (Stutta-Stína). Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Svarfdæla. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Jón Jónsson (Jón sælor). Mynd úr greininni „Síðasta förukonan“, *Jólablað Dags* 23. desember 1964. Sótt af timarit.is.

Ingibjörg Hjartardóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Böggvisstaðir við Dalvík og heimilisfólkið. Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Svarfdæla. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Kristín Jónsdóttir (Stutta-Stína). Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Svarfdæla. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Ingibjörg Hjartardóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Samsett mynd eftir höfund. Ingibjörg Hjartardóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Kristín Jónsdóttir (Stutta-Stína). Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Svarfdæla. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Kristín Jónsdóttir (Stutta-Stína). Mynd úr greininni „Síðasta förukona“, *Norðurslóð* 13. desember 2007. Sótt af timarit.is.

Jófríður Þorkeldsdóttir

Jófríður Þorkeldsdóttir. Teikning eftir Guðbrand Ásmundsson. Mynd úr safni höfundar.

Helga Halldórsdóttir. Mynd úr bókinni *Öll erum við menn* eftir Helgu Halldórsdóttur.

Mynd tekin við Gaul. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Jón Guðjónsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Sveinn Guðjónsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Mynd tekin heima hjá Sveini Guðjónssyni. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Vetrarvistarbréf Jófríðar Þorkeldsdóttur. Lbs 4594 8vo.

Jón Guðjónsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Samsett mynd eftir höfund. Jón Guðjónsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Jófríður Þorkeldsdóttir. Teikning eftir Guðbrand Ásmundsson. Mynd úr safni höfundar.

Mynd tekin heima hjá Jóni Guðjónssyni. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Margrét Sigurðardóttir

Margrét Sigurðardóttir. Ljósmynd. Ómar Ragnarsson. Mynd tekin 1961 úr bókinni *Sagan um Manga með svartan vanga: Sagan öll: Sagan um Möngu með svartan vanga, Ásdísi skáldkonu frá Rugludal, systurnar í Baslhaga og aðrar hvunnagshetjur fyrri alda* (Reykjavík: Iðunn, 2013). Birt með góðfúslegu leyfi Ómars.

Ómar Ragnarsson. Mynd úr grein Ómars Ragnarssonar, „Af Möngu förukona og fleiri fjölskrúðugu fólki í Langadal“, *Feykir* 15. desember 1993. Sótt af timarit.is.

Stúlka og svanur. Teikning úr sögunni í *Unga Ísland* 1. september 1907.

Vatnsdalur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Valgarður Hilmarsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Björg Rannveig Runólfssdóttir. Ljósmynd. Ómar Ragnarsson. Mynd tekin 1961 úr bókinni *Sagan um Manga með svartan vanga: Sagan öll: Sagan um Möngu með svartan vanga, Ásdísi skáldkonu frá Rugludal, systurnar í Baslhaga og aðrar hvunnagshetjur fyrri alda* (Reykjavík: Iðunn, 2013). Birt með góðfúslegu leyfi Ómars.

Gamli torfbærinn í Hvammi. Mynd úr grein Ómars Ragnarssonar, „Af Möngu förukona og fleiri fjölskrúðugu fólki í Langadal“, *Feykir* 15. desember 1993. Sótt af timarit.is.

Ómar Ragnarsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Valgerður Ágústsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Valdimar Steingrímsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Bókin *Sagan um Möngu með svartan vanga*. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Bókin *Sagan um Möngu með svartan vanga*. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Samsætt mynd eftir höfund. Ómar Ragnarsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Margrét Sigurðardóttir. Ljósmynd. Ómar Ragnarsson. Mynd tekin 1961 úr bókinni *Sagan um Manga með svartan vanga*.

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga). Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Svarfdæla. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Salbjörg G. Norðdahl. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga). Myndin er tekin 1928-9 í kartöflugarðinum á Völlum. Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Svarfdæla. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Foreldrar Salbjargar. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Salbjörg G. Norðdahl og höfundur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Salbjörg G. Norðdahl. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Samsætt mynd eftir höfund. Salbjörg G. Norðdahl. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga). Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Svarfdæla. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga). Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Svarfdæla. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Þjóðhildur Þorvarðardóttir

Þjóðhildur Þorvarðardóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd í eigu Bygðasafni Dalamanna. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Póstkort úr fórum Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Póstkortid er í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar.

Þorvarður og Halla. Mynd í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar.

Kristín Kristvarðsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Baðstofan á Leikskálum. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Kristín Jónasdóttir. Mynd í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar.

Lausamenskubréf Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Bréf í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar. Kristín Jónasdóttir. Mynd í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. (Ath. Í kaflanum er stuðst við tvær útgáfur af ljósmyndum af Þjóðhildi, annar vegar í eigu Bygðasafns Dalamanna og hins vegar í eigu fyrrnefnds Ólafs Erlingssonar. Það er smá blæbrigðamunur á myndunum).

Þjóðhildur Þorvarðardóttir. Mynd í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar.

Ferðakoffort Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Varðveitt í Bygðasafni Dalamanna. Mynd úr safni höfundar.

Ferðakoffort Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Varðveitt í Bygðasafni Dalamanna. Mynd úr safni höfundar.

Kristín Kristvarðsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Haukadalsá. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Höfundur með sálmbókina hennar Þjóðhildar. Mynd í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar.

Póstkort úr fólum Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Póstkortinu er í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar.

Bók úr fólum Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Bók í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar.

Bók úr fólum Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Bók í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar.

Ljósmynd úr fólum Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Ljósmynd í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar.

Þjóðhildur Þorvarðardóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd í eigu Bygðasafni Dalamanna. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Kristín Kristvarðsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Samsett mynd eftir höfund. Kristín Kristvarðsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Þjóðhildur Þorvarðardóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd í eigu Bygðasafni Dalamanna. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Margrét Gísladóttir

Margrét Gísladóttir (Gréta Gísla). Mynd úr safni höfundar. Myndina gaf Birna Stefánsdóttir mér.

Birna Stefánsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Pétur Stefánsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Málverk af Bót. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Margrét, Birna og Pétur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Pétur Stefánsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Birna Stefánsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Margrét Gísladóttir (Gréta Gísla). Mynd úr safni höfundar. Myndina gaf Birna Stefánsdóttir mér.

Samsett mynd eftir höfund. Birna Stefánsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Margrét Gísladóttir (Gréta Gísla). Mynd úr safni höfundar. Myndina gaf Birna Stefánsdóttir mér.

Lífssögusérkenni förukvenna á Íslandi

Síhreyfing. Skúlpúr eftir Gerði Helgadóttur. Mynd í eigu Gerðarsafns. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Rót kvennaflakks

Ath. Í eftirfarandi köflum koma fyrir klíppur/samsettar myndir af konum mestmegnis, sem eru sóttar af timarit.is og úr safni höfundar. Myndirnar eru unnar af höfund. Slíkar myndir verða ekki færðar sérstaklega inn í myndaskrá.

Mynd af frænda höfundar, Þór Jökli Guðbrandssyni. Ljósmynd. Dalrún J.E.

Mynd af frænda höfundar, Þór Jökli Guðbrandssyni. Ljósmynd. Dalrún J.E.

Sigríður Benediksdóttir (Stutta-Sigga). Mynd úr bókinni *Fátækt og fúlga. Þurfalingar 1902*.

Póstkort úr fólum Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljós. Dalrún J.E. Póstkortið er í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar.

Ísjaki á Eiríksfirði. Mynd úr greininni „Úr ferð til Eiríksfjarðar“, *Tíminn* 25. júlí 1961. Sótt af timarit.is.

Helguhöll. Ljós. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Klippið saman við ljósmynd af konu úr safni höfundar.

Þula. Úr bókinni *Þulur* eftir Theodóru Thoroddsen.

Ófrjálsir fuglar; kvenheimur förukvenna

Mynd eftir Dalrúnu J.E. Mynd úr safni höfundar.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Mynd úr greininni „Hún var pólitikus og félagsvera“, *Þjóðlíf* 1. desember 1988. Sótt af timarit.is.

Ólöf Sigurðardóttir. Mynd úr greininni „Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum“, *Nýtt kvennablað* október 1957. Sótt af timarit.is.

Mynd eftir Dalrúnu J.E. Mynd úr safni höfundar.

Hlóðir. Mynd eftir Dalrúnu J. Eygerðardóttur. Mynd úr safni höfundar. Mynd tekin á Burstafelli.

Mynd eftir Dalrúnu J.E. Mynd úr safni höfundar.

Inga Lára Lárusdóttir. Mynd úr greininni „19. júní - 1917 - 1967“, *19. júní* 19. júní 1967. Sótt af timarit.is.

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir. Mynd úr greininni „Hún Begga gamla: Svipmynd úr Svarfaðardal“, *Norðurslóð* 13. desember 1991. Sótt af timarit.is.

Dalrún J. Eygerðardóttir og Sigþór Sigurðsson í Litla-Hvammi. Mynd úr safni höfundar.

Handskrift Þjóðhildar Þorvarðardóttur, förukonu. Ljós. Dalrún J.E. Bók í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar.

Mynd af vörum á konu. Mynd í eigu höfundar.

Mynd sem samanstendur af mynd af Venus/Rauðsokkum og Kristínu Petrínu Jónsdóttur. Fyrirnefnd mynd er úr greininni „Ekki með ekki á móti og ekki sama“, *Vísir* 16. nóvember 1970. Sótt af timarit.is. Kristín Jónsdóttir (Stutta-Stína). Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Svarfdæla. Birt með góðfúslegu leyfi safnsins.

Margrét Sigurðardóttir. Ljós. Ómar Ragnarsson. Mynd úr bókinni *Sagan um Manga með svartan vanga: Sagan öll: Sagan um Möngu með svartan vanga, Ásdís skáldkonu frá Rugludal, systurnar í Baslhaga og aðrar hvunnagshejur fyrri alda* (Reykjavík: Iðunn, 2013). Birt með góðfúslegu leyfi Ómars.

Hrafn. Ljós. Jóhannes Sturlaugsson. Birt með leyfi Jóhannesar.

Mynd eftir Dalrúnu J.E. Mynd úr safni höfundar.

Einkenni förukvennasagna

Mynd eftir Dalrúnu J.E. Mynd úr safni höfundar.

Póstkort úr fólum Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljós. Dalrún J.E. Póstkortið er í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar. Einnig: Sama póstkort unnið af höfundi.

Eyjólfur Sigurjónsson og höfundur. Ljós. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Vigdís Ingvadóttir. Ljós. Jón Ólafsson.

Bókin *Victoria* eftir Knut Hamson. Ljósmynd. Dalrún J. E. Mynd úr safni höfundar.

Skjóða úr fórum Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Skjóðan er í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar.

„Fiðla“ Vigdísar Ingvadóttur förukonu. Mynd í eigu Byggðasafnsins í Skógum. Birtar með góðfúslegu leyfi safnsins.

Stefanía Ólafsdóttir frá Hofi. Mynd úr greininni „Stefanía Ólafsdóttir frá Hofi – Minning“, *Morgunblaðið* 9. febrúar 1974. Sótt af timarit.is.

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir. Mynd úr greininni „Hún Begga gamla: Svipmynd úr Svarfaðardal“, *Norðurslóð* 13. desember 1991. Sótt af timarit.is.

Ímyndir förukvenna

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir. Mynd úr greininni „Hún Begga gamla: Svipmynd úr Svarfaðardal“, *Norðurslóð* 13. desember 1991. Sótt af timarit.is.

Ingibjörg Sigurðardóttir (Imba slæpa). Mynd úr bókinni *Nálægð. Annars vegar fólk* eftir Birgi Andrésson.

Úrhrakskonan

Bók úr fórum Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Póstkortíð er í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar.

Þjóðbrókargil. Ljósmynd. Dalrún J. Eygerðardóttir. Mynd af konu í eigu höfundar. Mynd úr safni höfundar.

Millur úr upphlut Guðrúnar Jónsdóttur (Gunnur hara). Mynd úr greininni „Sjá þann mikla flokk“, *Tíminn Sunnudagsblað* 24. mars 1968. Sótt af timarit.is. Bein tilvitnun í myndatexta úr grein Halldórs B. Björnssonar, „Gunnur hara og æviloka hennar“, bls. 544.

Fantasíubletti fyrir jaðarkonum

Beinakerling. Mynd úr greininni „Á Skagfirðingavegi“, *Húnavaka* 1. maí 1966. Sótt af timarit.is.

Förumóðir/ómóðir

Mynd eftir Dalrúnu J.E. Mynd úr safni höfundar.

Mynd eftir Dalrúnu J.E. Mynd úr safni höfundar.

Mynd eftir Dalrúnu J.E. Mynd úr safni höfundar.

Sjálfsmynd förukvenna

Vigdís Ingvadóttir. Rammar úr kvikmynd eftir Axel Helgason.

Einsetukonur

Mynd eftir Dalrúnu J.E. Mynd úr safni höfundar.

Ingunn Sveinsdóttir

Ingunn Sveinsdóttir. Mynd úr greininni „Ingunn Sveinsdóttir, Björnólfsstöðum: Fædd 22. apríl 1906 -Dáin 7. febrúar 1993“, *Húnavaka*, 34. árg. (1994).

Gamli Hvammsbærinn. Mynd úr greininni „Gamli Hvammsbærinn í Langadal“, *Húnavaka* 1. maí 1994. Sótt af timarit.is.

Valgerður Ágústsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Teikning af Hvammsbænum og fjósinu norðan við. Mynd úr greininni „Gamli Hvammsbærinn í Langadal“, *Húnavaka* 1. maí 1994. Sótt af timarit.is.

Ásdís Jónsdóttir. Mynd úr bókinni *Sagan um Manga með svartan vanga: Sagan öll: Sagan um Möngu með svartan vanga, Ásdísi skáldkonu frá Rugludal, systurnar í Baslhaga og aðrar hvunnadagshetjur fyrri alda* (Reykjavík: Iðunn, 2013). Birt með góðfúslegu leyfi Ómars.

Valdimar Steingrímsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Ingunn Sveinsdóttir. Mynd úr bókinni *Sagan um Manga með svartan vanga: Sagan öll: Sagan um Möngu með svartan vanga, Ásdísi skáldkonu frá Rugludal, systurnar í Baslhaga og aðrar hvunnadagshetjur fyrri alda* (Reykjavík: Iðunn, 2013). Á myndinni eru einnig Ragna kaupakona í Hvammi og Selma Bjarnadóttir. Birt með góðfúslegu leyfi Ómars.

Ómar Ragnarsson. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Teikning af Hvammsbænum og fjósinu norðan við. Mynd úr greininni „Gamli Hvammsbærinn í Langadal“, *Húnavaka* 1. maí 1994. Sótt af timarit.is.

Hvammur. Grunnmynd af húsaskipan. Mynd úr greininni „Gamli Hvammsbærinn í Langadal“, *Húnavaka* 1. maí 1994. Sótt af timarit.is.

Mynd úr safni höfundar. Mynd tekin á Burstafelli.

Stefanía Sveinsdóttir. Mynd úr greininni „Stefanía Sveinsdóttir, Blönduósi. Fædd 26. júní 1902 - Dáin 21. maí 1988“, *Húnavaka*, 29. árg. (1989). Sótt af timarit.is.

Hjónin Vilborg Pétursdóttir og Valgarður Hilmarsson í samræðum við höfund um Ingunni. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Samsett mynd eftir höfund. Valgerður Ágústsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Ingunn Sveinsdóttir. Mynd úr greininni „Ingunn Sveinsdóttir, Björnólfsstöðum: Fædd 22. apríl 1906 -Dáin 7. febrúar 1993“, *Húnavaka*, 34. árg. (1994). Gamli torfbærinn í Hvammi. Mynd úr grein Ómars Ragnarssonar, „Af Möngu förúkonu og fleiri fjölskrúðugu fólki í Langadal“, *Feykir* 15. desember 1993. Sótt af timarit.is.

Kvenfélag Engihlíðarshrepps. Mynd úr greininni „Kvenfélag Engihlíðarshrepps“ í *Húnavöku* 1. maí 2001. Sótt af timarit.is.

Björnólfsstaðir/Baslhagi. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Höfundur hjá Baslhaga. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Myndir af Baslhaga. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Baslhagi. Mynd úr bókinni *Sagan um Manga með svartan vanga: Sagan öll: Sagan um Möngu með svartan vanga, Ásdísi skáldkonu frá Rugludal, systurnar í Baslhaga og aðrar hvunnadagshetjur fyrri alda* (Reykjavík: Iðunn, 2013). Birt með góðfúslegu leyfi Ómars.

Baslhagi. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Guðlaug Runólfsdóttir

Guðlaug Runólfsdóttir (Lauga). Mynd út greininni „...og gekk í heimingum“, *Lesbók Morgunblaðsins* 28. janúar 1995. Sótt af timarit.is.

Bæjartófir einsetukonunnar Guðlaugar Runólfsdóttur (Laugu) í Haukadalskógi. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Haukadalskógur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Bæjartófir einsetukonunnar Guðlaugar Runólfsdóttur (Laugu) í Haukadalskógi. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Sigríður Sörensdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Kálgarður einsetukonunnar Laugu. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Himinhvelfingin ofan kálgarðsins í Tort. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Sigríður Sörensdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Höfundur og Sigríður Sörensdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Myndir af Sigríði Sörensdóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Teikning af Guðlaugu Runólfsdóttur eftir Arnór Karlsson úr greininni „Haukadalur: Erindi flutt á Jónsmessuhátíð Árnesingafélagsins í Reykjavík að Hótel Geysi 20. júní 1987“ *Litli Bergþór* 10. desember 1987. Sótt af timarit.is.

Samsett mynd eftir höfund. Myndir af Sigríði Sörensdóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Guðlaug Runólfsdóttir (Lauga). Mynd úr greininni „Hún kvartaði aldrei“, *Litli Bergþór* 1. mars 1988. Sótt af timarit.is. Bæjartófur einsetukonunnar Guðlaugar Runólfsdóttur (Laugu) í Haukadalskógi. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Myndir af Haukadalskógi. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Myndir af Sigríði Sörensdóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar

Lífssögusérkenni einsetukvenna

Mynd eftir Dalrínu J. Eygerðardóttur. Mynd úr safni höfundar.

Fuglar í hreiðri; einsetulíf kvenna

Jóhanna Þórðardóttir frá Laugabóli. Mynd úr greininni „Minning“, *Morgunblaðið* 16. júlí 1971. Sótt af timarit.is.

Einsetukonur sem lifðu bænalífi

Leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur. Mynd úr greininni „Guðrún Ósvífursdóttir“ í *Fálkinn* 29. nóvember 1946. Sótt af timarit.is.

Guðrún Þorbjarnardóttir. Mynd úr greininni „Who’s coming to Ottawa? Iceland, naturally!“, *Lögberg-Heimskringla* 10. mars 2000. Sótt af timarit.is.

Kolbeinsdalur. Ljósmynd. Páll Jónsson. Mynd úr greininni „Upprifjanir um Kolbein frá Skriðudal“ *Skagfirðingabók* 1. janúar 1988.

Agnes abbadís. Karmelklausrið í Hafnarfirði. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Einsetukonur sem ástunduðu sjálfspurftarbúskap og tómthúslíf

Mynd eftir Dalrínu J. Eygerðardóttur. Mynd úr safni höfundar. Mynd tekin á Burstafelli.

Einar Magnússon í hlaðvarpanum að Skógum. Ljósmynd. Ólafur Jónsson. Mynd úr greininni „Svífur yfir Esjunni“, *Lesbók Morgunblaðsins* 12. júní 2004.

Einsetukonur sem fóru mjög sjaldan úr húsi

Andlit á þili. Olíumynd eftir Eirík Smith. Mynd úr greininni „Bernskudagar við Straumsvíkina“, *Lesbók Morgunblaðsins* 13. nóvember 1982. Sótt af timarit.is.

Agnes abbadís. Karmelklausrið í Hafnarfirði. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Grey Gardens, heimildarmynd frá 1975

Grey Gardens, heimildarmynd frá 1975.

Myndir úr greininni „Hún lokaði sig inni í 40 ár“, *Tíminn* 8. janúar 1984.

Agnes abbadís. Karmelklaustrið í Hafnarfirði. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Einsetukvennasagnahefð

Sesselja Helgadóttir að Skógum í Reykhólasveit. Ljósmynd. Einar Sigurðsson. Mynd úr greininni „Svífur yfir Esjunni“, *Lesbók Morgunblaðsins* 12. júní 2004. Sótt af timarit.is.

Tóftir híbýla einsetukonu. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar. Sótt af timarit.is.

Karólína Dudmann Tómasdóttir. Mynd úr greininni „Fékk faðernið fyrst viðurkennt eftir andlátíð“, *Eyjafréttir* 17. desember 2014. Myndir frá Friðbirmi Ólafi Valtýssyni. Sótt af timarit.is.

Híbýli Karólínu Dudmann Tómasdóttur. Mynd úr greininni „Fékk faðernið fyrst viðurkennt eftir andlátíð“, *Eyjafréttir* 17. desember 2014. Myndir frá Friðbirmi Ólafi Valtýssyni. Sótt af timarit.is.

Sögusvið einsetukvenna

Blanca A. Ingimundardóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Aðalbjörg Þórðardóttir. Bjagga. Mynd úr greininni Ágúst Vigfússon, „Hún Bjagga gamla“, *Réttur* 1. janúar 1986. Sótt af timarit.is.

Ímyndir einsetukvenna

Einsetukona horfir út um glugga. Teikning eftir Guðbrand Ásmundsson. Mynd úr safni höfundar.

Einsetudýrtingur

Helgimynd í Karmelklausrinu í Hafnarfirði. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Jóhanna af örki í *La Passion de Jeanne d'Arc* frá 1928. Jóhanna var leikin af Renée Jeanne Falconetti.

Karlgerviskona

Guðlaug Runólfsdóttir (Lauga). Mynd úr greininni „Hún kvartaði aldrei“, *Litli Bergþór* 1. mars 1988. Sótt af timarit.is.

Íslenskur fatnaður. Úr ferðabók G.S. Mackenzies. Mynd úr bókinni *Dagbók Íslandsferð 1810*. Henry Holland.

Af karlgerviskonum er bjuggu með börnum sínum

Tóftir híbýla Barbáru. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Í leit af tóftum híbýla Barbáru Magnúsdóttur. Svava Jóhannsdóttir að vaða yfir á og höfundur á bak við myndavélina. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Vífatjáning

Ingiríður Bjarnadóttir (f. 1863) móðir Helgu Halldórsdóttur. Mynd úr bókinni *Öll erum við menn* eftir Helgu Halldórsdóttur.

Í Karmelklausrinu í Hafnarfirði. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir (Begga). Mynd úr greininni „Í minningu Beggu (Sigurbjargar Rögnvaldsdóttur), *Norðurslóð* 24. september 1997. Sótt af timarit.is.

Bréf úr fórum Þjóðhildar Þorvarðardóttur, förukonu. Ljósmynd. Dalrún J.E. Bréf í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar.

Agnès abbadís Karmelklaustrinu í Hafnarfirði. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Skjóða úr fórum Þjóðhildar Þorvarðardóttur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Skjóðan er í eigu Ólafs Erlingssonar, frænda Þjóðhildar. Mynd úr safni höfundar.

Mynd úr greininni „Svava Jónsdóttir leikkona sem förukona í leikritinu „Óskastundin““, *Nýjar kvöldvökur*, 1. janúar 1950. Sótt af timarit.is.

Guðrún Ásmundsdóttir vinnukona á ferð sem var fyrir misgáning álitin förukona. Mynd úr greininni „Förumenn“, *Útvarpstíðindi* 10. desember 1945. Ljósmynd. Páll Jónsson. Sótt af timarit.is.

Blanca A. Ingimundardóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Sigríður Sörensdóttir og höfundur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Líkan af kvennaviðtali eftir Dalrúnu J. Eygerðardóttur. Marínó Guðmundsson teiknaði líkanið. Mynd úr safni höfundar.

Sigrún Sesselja Bárðardóttir og höfundur. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Tíbrá tíma og rýmis

Vistaverur einsetukonu á Grandanum. Mynd úr greininni „Grenið við Grandann“, *Tíminn* 9. október 1973. Sótt af timarit.is.

Anna Guðmundsdóttir á Hesteyri. Mynd úr greininni „Nei, ég man ekki eftir að þetta hafi verið erfitt“, *Helgarþósturinn* 24. október 1985. Sótt af timarit.is.

Jaðarkonur samtímans

Mynd eftir Pétur Halldórsson í bókinni *Misjöfn er mannsevin*.

Laufey Jakobsdóttir. Mynd úr greininni „Saga Laufeyjar Jakobsdóttur“, *Morgunblaðið* 7. desember 1989. Sótt af timarit.is.

Konukot. Sótt af timarit.is.

Þórey Einarsdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.

Svala Jóhannesdóttir. Ljósmynd. Dalrún J.E. Mynd úr safni höfundar.